



Æviskrár þúsund íslenskra kvenna

Erna S. Egilsdóttir tók sama

Æviskrár þúsund íslenskra kvenna

Erna S. Egilsdóttir tók saman
Í starfshópi um verkið ásamt Ernu voru Gerður G. Óskarsdóttir,
Katrín Kinga Jósefsdóttir og Helga Ólafsdóttir
© 2023 Höfundur

Mynd á forsíðu er af málverkinu

Formæðraherinn

höfundur Guðrún Arndís Tryggvadóttir, 2015
(olía á hörstriga, stærð 200 x 200 cm, í eigu Listasafns Árnesinga)
Birt með leyfi höfundar

Texti myndlistarmannsins með verkinu:

Formæðraherinn

Á undanförunum árum hef ég unnið að verkum sem fjalla um fjórðu víddina, tímann, birtingarmynd hans, tölfræðilegar staðreyndir í endurnýjun kynslóðanna og þau mynstur sem þær framkalla. Ég þurfti að leita leiða til að sjá tímann á nýjan hátt, tengja hann sjálfri mér og þar með öllu mannkyni. Um leið er ég að rannsaka innbyrðis tengsl kynslóðanna, þynningu erfðamengisins og minningar sem við berum í okkur frá einni kynslóð til annarrar og hugsanleg áhrif þeirra á okkar líf.

The Army of Ancestors

In recent years I have been working on pieces inspired by the fourth dimension, time as it appears to me, statistics and facts in the renewal of generations and the patterns it produces. I had the urge to look for ways to see time in a new way, connect time to my own life and so to the life of all humans. At the same time, I am investigating what connects one generation to the next, the genome thinning and memories and life experiences passed on to us and that we inherit from our ancestors and possible affect it has on us today.

Reykjavík 2023

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

Formáli	3
Æviskrár A – Ö	4 – 347
Nafnalisti	348 – 373
Heimildir	374

Um tilgang, tilurð og vinnu við Æviskrár þúsund íslenskra kvenna

Verulega hallar á konur í þeim æviskrám sem komið hafa út hér á landi, þar eru karlar í miklum meirihluta. Tilgangurinn með æviskrám þúsund íslenskra kvenna sem hér birtast er að draga enn betur fram en áður hve stóran hlut konur áttu, þrátt fyrir allt, í þróun íslensks atvinnulífs, þjónustu og menningar hér á landi á fyrri tíð, en einkum á síðustu tveimur öldum. Vænst er að safnið geti orðið lesendum til fróðleiks og skemmtunar en ekki síður hvati að frekari athugunum eða rannsóknum, meðal annars um einstakar konur, hóp kvenna eða þátt kvenna á ákveðnum sviðum.

Segja má að lítil frétt í dagblaðinu *Vísir* 15. nóvember 2006, ásamt almennum ættfræðiá huga, hafi orðið kveikjan að þessari samantekt. Í fréttinni segir að Sögufélagið hafi í undirbúningi útgáfu ritsins *Æviskrár íslenskra kvenna* með æviágripi „um 500 kvenna frá upphafi byggðar á Íslandi fram til ársins 2000 skráðar af ýmsum fræðimönnum.“ Síðar kom fram að verkið fór ekki af stað. Áhugi minn var vakinn. Tilviljanakennt grúsk í fyrstu varð að ástríðu til að vita meira og meira um framlag kvenna og loks að ásetningi um að taka saman efni um þúsund íslenskar konur.

Efnisins var aflað á árunum 2019 til 2022. Við val á konum til umfjöllunar var horft til kvenna sem gátu sér orð eða voru frumkvöðlar með einhverjum hætti og ruddu þar með braut kvenna til virkrar þátttöku á sviði atvinnulífs, bókmennta og lista, menntunar og vísinda eða áttu eftirtektarverða ævi. Margar kvennanna voru frumherjar í menntamálum, heilbrigðismálum, viðskiptum, verkalyðsbaráttu, listum og menningu. Flestar voru fæddar á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar þegar miklar samfélagsbreytingar voru í farvatninu, svo sem þéttbýlismyndun, iðnvæðing og menningarleg straumhvörf, auk þess sem menntunarmöguleikar voru að opnast og kvenfrelsisbaráttan hafin. Nokkrar fyrri tíma konur eru einnig með í safninu. Ákveðið var að miða við að konurnar sem fjallað er um væru fæddar fyrir árið 1950. Tilviljun getur hafa ráðið því hvaða konur voru teknar í safnið. Byggt er fyrst og fremst á fyrirbyggjandi heimildum sem unnt er að finna á netinu, sbr. heimildalista sem fylgir hér með. Ekki var farið í frumheimildir eða legið í efni á söfnum. Lítið var svo á að það væri verkefni þeirra sem áhuga hefðu á að kafa dýpra í líf kvennanna.

Við uppbyggingu textans er að hluta til fylgt hefðum æviskráa. Konunum er raðað í stafrófsröð eftir því nafni sem þær notuðu, svo vitað sé, og eftirnafni, en nöfn lítt notuð og gælunöfn eru í hornklofa. Leitast er við að hafa textann knappan. Fyrst er getið fæðingar- og dánarárs hverrar konu, fæðingar- og dánarstaðar og starfstíls, eins eða fleiri. Nefndir eru foreldra og systkini og síðan makar og börn, tiltekin eru fæðingar- og dánarár þeirra, eftir því sem upplýsingar lágu fyrir, og millinöfn höfð með skáletri ef fyrsta nafn virðist ekki hafa verið notað. Þá eru stiklur um nám og störf kvennanna svo og félags- og stjórn málastörf og viðurkenningar, ef við átti. Í lokin er skráður hvílustaður. Undir „nám“ er getið skóla eða stofnana þar sem hlutaðeigandi sótti sér menntun og reynslu, auk námsferða. Undir „störf“ eru nefndir vinnustaðir og verkefni. Reikna má með að nánast allar hafi gegnt húsmóðurstarfi þótt það sé ekki tekið fram. Meðal rithöfunda og listakvenna eru tiltekin útgefin rit, sýningar, verk leikstjóra og hlutverk leikara (miðað við hámark 5-7 dæmi í hverju tilfelli). Ákveðið var að hver skrá væri almennt ekki lengri en um 250 orð (með fáum frávikum). Til að forðast endurtekningar á nafni konunnar í hverri skrá eða segja ítreakað „hún“ var ákveðið að hefja flestar setningar á sagnorði, svo sem „Stundaði nám ...“, „Fékkst við ...“, „Var ...“, „Sat í ...“ og fleira. Listi yfir allar konurnar ásamt fæðingar- og dánarári fylgir hér með.

Í starfshópi um þetta verkefni, ásamt undirritaðri, voru dr. Gerður G. Óskarsdóttir, sem veitti ráðgjöf við skipulag, framsetningu og frágang textans og las efnið yfir, og Katrín Kinga Jósefsdóttir og Helga Ólafsdóttir sem lásu efnið einnig yfir og komu með ábendingar.

Þetta safn æviskráa er hér með afhent Kvennasögusafni Íslands til varðveislu og frjálstra afnota.

Í nóvember 2023, Erna S. Egilsdóttir

Æviskrár þúsund íslenskra kvenna

A

ADDA BÁRA SIGFÚSDÓTTIR (1926-2022) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VEÐURFRÆÐINGUR og BORGARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Sigríður Stefánsdóttir (1900-1974) og Sigfús Sigurhjartarson (1902-1952), ritstjóri og alþingismaður. **Systkin:** 1. Hulda Heiður (1929-2018), 2. Stefán Hilmar (1934-2002). **M:** Bjarni Sólmundur Benediktsson frá Hofteigi (1922-1968), blaðamaður. **Börn þeirra:** 1. Sigfús (1956), 2. Kolbeinn (1958). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Stundaði nám í veðurfræði við Óslóarháskóla 1947-1953 og lauk þaðan cand.real.-prófi. **Störf:** Var deildarstjóri veðurfarsdeildar Veðurstofu Íslands 1953-1988. Vann að rannsóknnum og úrvinnslu veðurfarsgagna við Veðurstofuna 1988-1998. Var lengi í ritnefnd tímaritsins *Veðursins*. **Stjórnmalastörf:** Sat í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Sósíalístaflokkinn 1962-1966 og Alþýðubandalagið 1970-1986. Var formaður í stjórn sjúkrastofnana og veitustofnana í Reykjavík á tímum vinstri meirihlutans 1978-1982. Starfaði sem aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra 1971-1974. **Félagsstörf:** Var formaður Æskulýðsfylkingarinnar 1955-1956. Tók þátt í stofnun Félags einstæðra foreldra 1969 og sat í fyrstu stjórn þess. Var formaður stjórnar KRON og sat í fyrstu stjórn Landssambands eldri borgara frá 1989. Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands árin 1952-1958 og 1988-1992. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Félagi íslenskra náttúrufræðinga og Samfylkingunni. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-2-82.

ADDA ÖRNÓLFS / ARNBJÖRG AUÐUR ÖRNÓLSDÓTTIR (1935-2020) fædd á Suðureyri við Súgandafjörð, látin í Reykjavík. DÆGURLAGASÖNGKONA. **Foreldrar:** Ragnhildur Kristbjörg Þorvarðsdóttir (1905-1986), kennari og organisti, og Örnólfur Valdimarsson (1895-1978), kaupmaður og útgerðarmaður. **Alsystkin:** 1. Þorvarður (1927-2013), 2. Anna (1928-1999), 3. Guðrún (1929-1933), 4. Valdimar (1932), 5. Ingólfur Óttar (1933), 6. Þórunn (1936), 7. Margrét (1941), 8. Guðrún Úlfhildur (1943), 9. Sigríður Ásta (1946). **Samfeðra systkin:** 10. Finnborg (1918-1993). **M:** 1957, Þórhallur Helgason (1934), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Helgi (1958), 2. Þóra Björg (1959), 3. Ragnhildur Dóra (1964). **Nám:** Lauk verslunarskólaprófi frá Verslunarskóla Íslands 1953. Stundaðir nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi 1955-1956. **Störf:** Vakti athygli í söngvarakeppni á vegum KK-sextettsins 1953. Kom víða fram í kjölfarið og söng lengst af með hljómsveit Aages Lorange, húshljómsveit í Tjarnarkaffi við Vonarstræti í Reykjavík. Söng opinberlega fram til 1959. **Hljómplötur:** Gaf út um 20 lög á hljómplötum, t.d. *Bella símamær*, *Nótt í Atlavík* og *Bjarni og nikkan*. Átti einnig lög á safnplötum. Hljómar enn reglulega í útvarpi. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-4-18.

ADALBJÖRG [Addý] **BJÖRNSDÓTTIR** (1926-2021) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Margrét Ásgeirsdóttir (1898-1991) og Björn Einar Árnason (1896-1967), löggiltur endurskoðandi. **Systkin:** 1. Árni (1927-1978). **M:** 1949, Skúli Guðmundsson (1924-2002), verkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Ragnheiður (1951-1981), 2. Margrét Birna (1955), 3. Erla Björg (1957). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1955, BA-prófi í dönsku frá Háskóla Íslands 1977 og meistaranámi í dönsku

frá Háskóla Íslands 1995. **Störf/Félagsstörf:** Var dönskukennari við Vogaskóla í Reykjavík 1966-1977, kennari við Fjölbrotaskólann í Breiðholti 1977-1991 og forfallakennari við Menntaskólann við Sund 1991-1998. Gekk í kvenfélagið Hringinn 2003 og sinnti þar sjálfboðaliðastörfum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Y-415.

AÐALBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR (1920-2020) fædd á Harðbak á Melrakkaslétu, Norður-Pingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Margrét Siggeirsdóttir (1890-1978) og Guðmundur Stefánsson (1885-1971), bóndi á Harðbak. **Systkin:** 1. Borghildur Guðrún (1915-2009), 2. Ása (1918-2012), 3. Kristín Guðbjörg (1923-2018), 4. Jakobína (1925), 5. Þorbjörg Rósa (1929-2021). **Uppeldissystkin:** 6. Kári Friðriksson (1934). **M:** 1948, Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson (1916-2016), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Sæmundur (1948), 2. Elín (1950), 3. Margrét (1959). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1940. Sótti hannyrðanámskeið í Nääs í Svíþjóð 1946 og stundaði nám við Kennaraháskólann í Árósum í námsleyfi 1973. Sérhæfði sig síðustu áratugina í kennslu yngri barna. **Störf:** Var kennari á Raufarhöfn 1940-1943, við St. Jósefsskóla í Hafnarfirði 1943-1945, Austurbæjarskólann í Reykjavík 1945-1949, Barnaskólann í Keflavík 1953-1977, þar af yfirkennari 1973-77, og við Ölduselsskóla í Reykjavík 1977-1988. **Félagsstörf:** Var formaður Ungmennafélagsins Austra og gæslumaður barnastúkunnar Norðurljóssins á Raufarhöfn. Sat í stjórn Pingeyingafélagsins í Reykjavík. Sat í fræðsluráði Keflavíkur 1966-1977. Var gæslumaður barnastúkunnar Nýársstjörnnunnar í Keflavík 1968-1972. Var formaður Soroptimistaklúbbsins í Keflavík frá stofnun hans 1975 og til 1977. Gekk í Soroptimistaklúbb Reykjavíkur 1979 og var ritari, gjaldkeri og fulltrúi á landssambandsþingum og sat í fjölmörgum nefndum á vegum samtakanna. Var varaforseti Landssambands Soroptimista og í útbreiðslunefnd sambandsins. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur (2006). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-1-96.

AÐALBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR (1918-2005) fædd á Öngulsstöðum í Eyjafirði, látin á Akureyri. **SÍMSTÖÐVARSTJÓRI, BRÉFAHIRÐIR, KIRKJUVÖRÐUR** og **SAFNSTJÓRI.** **Foreldrar:** Þorgerður Siggeirsdóttir (1890-1986) og Halldór Sigurgeirsson (1891-1967), bændur á Öngulsstöðum. **Systkin:** 1. Þórhallur (1915-2004), 2. Helga (1920-2005), 3. Sigurgeir (1921-2013), 4. Jóhanna (1923-2014). **M:** 1944, sr. Sigurður Guðmundsson (1920-2010), prófastur og vígslubiskup. **Börn þeirra:** 1. Steinunn Sigríður (1944), 2. Þorgerður (1945-2003), 3. Halldór (1947), 4. Guðmundur (1949), 5. Ragnheiður (1954). **Nám:** Sótti farskóla í Öngulsstaðahreppi. Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi 1937-1938. **Störf:** Rak bréfhafirðingu og símsstöð á Grenjaðarstað 1944-1953. Annaðist safnvörslu á Byggðasafni Suður-Pingeyinga í gamla bænum á Grenjaðarstað 1975-1986. Var kirkjuvörður á Grenjaðarstað. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit J-1-105.

AÐALBJÖRG JÓNSDÓTTIR (1916-2018) fædd á Heiðarbæ í Tungusveit í Steingrímsfirði, látin í Reykjavík. **PRJÓNLISTAKONA.** **Foreldrar:** Guðbjörg Aðalsteinsdóttir (1897-1981) og Jón Nielsson (1885-1932), bóndi. **Systkin:** 1. Ólöf (1919-2016), 2. Stefán (1921-1999), 3. Halldór (1928-2000), 4. Sigurborg Ágústa (1930). **Fóstursystkin:** 5. Sólrún Guðbjartsdóttir (1924-1988). **M:** Hermann Guðmundsson (1914-1980), verkstjóri. **Börn þeirra:** 1. Jón (1939), 2. Ragnhildur (1941), 3. Guðmundur (1943), 4. Aðalsteinn (1945), 5. Guðjón (1949-1949), 6. Guðbjörg (1950-2003), 7. Kolbrún (1952-2015). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann á Blönduósi 1937-1938. **Störf:**

Setti upp saumastofu á heimili sínu. Hóf að þrjóna viðhafnarkjóra úr íslensku ullinni á áttunda áratug 20. aldar. **Sýningar:** Sýndi verk sín, m.a. á Kjarvalstöðum (1982). **Bók:** *Þrjónað af fingrum fram: undurfínir handþrjónaðir viðhafnarkjolar úr íslenskri ull. Líf og list Aðalbjargar Jónsdóttur*, höfundur Kristín Schmidhauser Jónsdóttir (2016). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til íslenskrar þrjónahefðar og hönnunar (2018). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit X-106.

AÐALBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR (1887-1974) fædd í Miklagarði í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, látin á Akureyri. **KENNARI,** MJÓKURBÚSSTÝRA og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Sigríður Einarsdóttir (1854-1929) og Sigurður Ketilsson (1848-1899), bóndi. **M:** 1918, Haraldur Níelsson (1868-1928), guðfræðiprófessor og rektor Háskóla Íslands. **Börn þeirra:** 1. Jónas Halldór Haralz (1919-2012), 2. Bergljót Sigríður Haralz Rafnar (1922-2000). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Flensborg 1906 og prófi frá Mjólkurskólanum á Hvítárvöllum. Stundaði framhaldsnám á Norðurlöndunum og Englandi. **Störf:** Sinnti heimiliskennslu 1903-1907. Var rjómabússtýra á sumrin í Fljótshlíð og í Svarfaðardal. Kenndi við Barnaskólann á Akureyri 1908-1918. Annaðist kvikmyndaeftirlit ríkisins 1933-1968. Fékkst við ritstörf m.a. um barnavernd, kvenréttindi, uppeldismál og dulræn efni. **Stjórnmalastörf:** Var varabæjarfulltrúi í Reykjavík 1930-1938 utan flokka, en starfaði sem bæjarfulltrúi nánast allan tímann. Sat í fræðsluráði, var formaður skólaneftnda barnaskóla Reykjavíkur og Laugarnesskóla. **Félagsstörf:** Var formaður Bandalags kvenna 1945-1966, varaformaður Kvenfélagasambands Íslands 1943-1961 og Kvenréttindafélags Íslands um skeið. Var ein stofnenda og sat í fyrstu stjórn Sumargjafar. Var formaður nefndar sem undirbjó fyrstu löggjöf um barnavernd hér á landi. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi Kvenréttindafélags Íslands, Barnavinafélagsins Sumargjafar og Sambands íslenskra barnakennara (1971). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1957). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit B-3-6.

AÐALHEIÐUR BJARNFREÐSDÓTTIR (1921-1994) fædd á Efri-Steinsmýri, Vestur-Skaftafellssýslu, látin í Reykjavík. **VERKALÝÐSLEIÐTOGI** og ÞINGMAÐUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Sigurbergsdóttir (1893-1945) og Bjarnfreður Jóhann Ingimundarson (1889-1964), bóndi. **Systkin:** 1. Björn Gísli (1913-1980), 2. Vilborg (1915-1995), 3. Sigurbergur (1916-2002), 4. Haraldur (1917-1940), 5. Guðjón (1919-2009), 6. Lárus (1920-1975), 7. Jóhanna (1922-2010), 8. Ólöf (1924), 9. Ingibjörg (1925-1985), 10. Eygerður (1927-1991), 11. Ármann (1928-1988), 12. Aðalsteinn (1929-2005), 13. Steindór (1930-2014), 14. Valdimar (1931-2018), 15. Magnús (1934-2012), 16. Sveinn Andrés (1935-1941), 17. Ólafur (1936), 18. Vilmundur Siggeir (1939-1964), 19. Þórunna Halla (1942-1982). **M1:** Anton Júlíus Guðjónsson (1907-1991), sjómaður og smiður. **Börn þeirra:** 1. Ingigerður (1945), 2. Steinunn Birna Magnúsdóttir, ættleidd (1947-2013), 3. Hlynur Þór (1952), 4. Guðmundur Bergur (1956). **M2:** 1968, Runólfur *Guðsteinn* Þorsteinsson (1918-1999). **Störf:** Var verkakona í Vestmannaeyjum. Var húsmóðir í Köldukinn í Holtum, Rangárvallasýslu, 1963-1974. **Félags- og stjórnmalastörf:** Var formaður Verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum 1945-1949. Sat í stjórn Sósíalistafélags Vestmannaeyja. Var formaður Starfsmannafélagsins Sóknar í Reykjavík 1976-1987 og átti sæti í miðstjórn ASÍ frá 1980. Var alþingismaður Reykvíkinga 1987-1991 fyrir Borgaraflokkinn. Sat í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 1987-1992 og bankaráði Búnaðarbankans 1990-1993. Átti sæti í nefnd um málefni aldraðra og til að semja ný framfærslulög. Tók þátt í Rauðsokkahreyfingunni og gat sér orð fyrir skeleggar

hvatningarræður á kvennaárinu 1975, m.a. sem aðalræðumaður á útifundi á Lækjartorgi á kvennafrídaginn 24. október 1975. **Æviminningar:** *Lífssaga baráttukonu*, höfundur Inga Huld Hákonardóttir (1985). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín að verkalýðsmálum (1980). **Jarðsett:** Stórolfshvolskirkjugarði reit A-25.

AÐALHEIÐUR LILJA JÓNSDÓTTIR (1910-2001) fædd á Arnarfelli í Þingvallasveit, látin á Akranesi. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Agnes Gísladóttir (1865-1948) og Jón Ólafsson (1871-1918), bóndi. **Systkin:** 1. Guðjón Magnús (1900-1955). **M:** 1930, Eggert Guðmundsson (1897-1979), bóndi og verkamaður. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1931-2007), 2. Guðmundur (1933), 3. Jóna (1937), 4. Guðrún (1940), 5. Jón Agnar (1946-1993). **Störf:** Var bóndakona í Vatnshorni í Skorradal 1930-1933 og Bakkakoti sama dal til 1938 og síðan húsfreyja á Bjargi í Borgarnesi frá 1938. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenfélags Borgarness og var formaður þess í fimm ár. Var formaður dvalarheimilisnefndar Sambands borgfirskra kvenna (SBK) í 21 ár, sat í byggingarnefnd hússins og stjórn dvalarheimilisins í Borgarnesi til ársins 1995. **Viðurkenning:** Gerð að heiðursfélaga SBK (1986). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1988). **Jarðsett:** Borgarkirkjugarði á Mýrum, reitur óskráður.

AÐALHEIÐUR KNUDSEN (1910-1979) fædd í Látranesi í Aðalvík, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. BLÓMASKREYTINGAKONA og GARÐYRKJUFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ketilríður Árnadóttir (1879-1918) og Sigurður Jónatansson (1860). **Systkin:** 1. Sigríður Berglín (1905-2003). **Kjörforeldrar:** Hólmfríður Margrét Gísladóttir Knudsen (1870-1950) og Moritz *Vilhelm* Biering Knudsen (1866-1934). **Systkin:** 2. Jóhanna Andrea (1897-1950), 3. Ósvaldur (1899-1975), 4. Fríða (1910-1994). **M:** 1935, Ólafur Ingi Þórðarson (1909-1990), mjólkurfræðingur, þau skildu. **Barn þeirra:** Hólmfríður Sólveig (1936). **Nám:** Stundaði nám við garðyrkjuskóla í Danmörku. **Störf:** Vann um tíma hjá Ingimari Sigurðssyni í garðyrkjustöðinni Fagrahvammi í Hveragerði. Starfaði í mörg ár í Blómaversluninni Flóru í Reykjavík, en stofnað Blómabúðina Blómið í Lækjagötu 2 í Reykjavík árið 1957 ásamt Margrétu Hinriksdóttur og Rögnu Jónsdóttur. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-41-36.

AÐALHEIÐUR STEINA SCHEVING (1927-2018) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Kópavogi. HJÚKRUNARFORSTJÓRI. **Foreldrar:** Ólafía Jónsdóttir (1904-1983) og Guðjón S. Scheving (1898-1974), málarameistari og kaupmaður. **Systkin:** 1. Jón G. (1924-1992), 2. Sveinn G. (1933-2009). **Barnsfaðir:** Tryggvi Þorsteinsson (1923-2015), læknir. **Barn þeirra:** 1. Guðjón Óli Scheving (1951). **M:** 1954, Loftur Magnússon (1925-2011), kaupmaður. **Börn þeirra:** 2. Jón (1954), 3. Hreinn (1956), 4. Magnús (1957), 5. Ásdís (1958). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1951 og framhaldsnámi í geðhjúkrun frá Nýja hjúkrunarskólanum 1977. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarfræðingur við Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum, heilsugæsluna og við skólahjúkrun þar á árunum 1951-1969. Starfaði á Borgaspítalanum og Hvítabandinu 1970-1979. Var hjúkrunarforstjóri Kleppspítala, göngudeildar og geðdeildar Landspítalans 1979-1982. Starfaði sem hjúkrunarframkvæmdastjóri Borgarspítalans, geðdeildar 1983-1990. **Félagsstörf:** Sat í byggingarnefnd Sjúkrahússins í Vestmannaeyjum og fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins Líknar í Vestmannaeyjum. Var ein stofnenda Félags hjúkrunarfræðinga í Vestmannaeyjum og fyrsti formaður þess. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-6-83.

AÐALHEIÐUR PÁLÍNA SIGURGARÐSDÓTTIR HÓLM SPANS (1915-2005) fædd á Eysteinseyri við Tálknafjörð, látin í Utrecht í Hollandi. **VERKALÝÐSLEIÐTOGI.** **Foreldrar:** Viktoría Bjarnadóttir (1888-1963) og Sigurgarður Sturluson (1867-1932). **Systkin:** 1. Bjarni Eysteinn (1906-1907), 2. Kristinn Gunnar Hólm (1907-2001), 3. Bjarney Jóna Hólm (1908-1995), 4. Guðrún Fanney Hólm (1910-1986), 5. Laufey Hólm (1911-1988), 6. Bergþóra (1912-1984), 7. Ásdís Hólm (1914-1915), 8. Bjarni Hólm (1916-1995), 9. Aðalbjörg María Hólm (1918-1920), 10. Þorgeir Hólm (1919-1920), 11. Ásgeir Björgvin Hólm (1921-1974). **M:** 1944, Wugbold Spans [Holli] (f. 1915 í Hollandi), loftskemtamaður. **Börn þeirra:** 1. Viktoria, 2. Sturla, 3. Pieter. **Störf:** Starfaði sem gangastúlka á Landspítalanum í Reykjavík. **Félagsstörf:** Var í forystu hóps 26 stúkna frá Landspítala, Vífilstöðum, Laugarnesspítala og Kleppi sem stofnuðu Starfsstúlkafélagið Sókn árið 1934 og var kosin fyrsti formaður þess. Leiddi Sókn í kjarasamningum starfsstúlkna við ríkisspítalana, þeim fyrstu sinnar tegundar, undirritaðir 1935. Í þeim var m.a. afmörkuð lengd vinnudags stúlkanna, samið um greiðslur fyrir yfirvinnu og kveðið á um veikindaréttindi, sem var nýlunda á þessum tíma. Var einn af stofnfélögum Sósíalistaflokksins 1938. **Æviminningar:** *Veistu, ef þú vin átt: Minningar Aðalheiðar Hólm Spans*, skráðar af Þorvaldi Kristinssyni (1994). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín í þágu íslenskra verkakvæna og aðstoð við Íslendinga í Hollandi (1991). **Jarðsett:** Útför fór fram í Bolthoven, Hollandi.

AÐALSTEINA HELGA MAGNÚSDÓTTIR (1925-2013) fædd á Grund í Eyjafirði, látin á Akureyri. **BÓNDI** og **KIRKJUEIGANDI.** **Foreldrar:** Margrét Sigurðardóttir (1889-1982) og Magnús Sigurðsson (1847-1925), bóndi og kaupmaður á Grund. **Samfeðra systkin:** 1. Jónína Ragnheiður (1877-1945), 2. Aðalsteinn Júlíus (1879-1889), 3. Sigurlína Ragnheiður (1882-1883), 4. Guðrún Hólmfríður (1884-1897), 5. Sigurlína Ragnheiður (1889-1890), 6. Aðalsteinn Júlíus (1889-1919), 7. Valgerður (1891-1949), 8. Margrét (1893-1894). **Stjúpaðir:** Ragnar Davíðsson (1899-1992). **M:** 1945, Gísli Björnsson (1923-2016), bóndi. **Fósturbarn þeirra:** 1. Bjarni Aðalsteinsson (1952). **Nám:** Stundaði nám við Gagnfræðaskólann á Akureyri og síðan í Húsmæðraskólanum á Laugalandi. **Störf:** Starfaði um tíma í Laugavegsapóteki í Reykjavík. Þjóf árin 1950-1959 félagsbúi á hálfri jörðinni Grund í Eyjafirði ásamt manni sínum, móður og stjúpa. Þau hjón tóku við búskapnum 1959 og árin 1981-2002 bjó Bjarni fóstursonur þeirra ásamt fjölskyldu sinni með þeim í félagsbúi. **Grundarkirkja:** Var bændakirkja, Magnús faðir Aðalsteinu reisti kirkjuna fyrir eigið fé árið 1905. Aðalsteina sótti til Þjóðhátíðarsjóðs um framlög til viðhalds og endurbóta á kirkjunni og var verkið síðan unnið undir eftirliti þjóðminjavarðar. Árið 2012 afhenti hún sókninni kirkjuna til eignar og varðveislur og þjónar hún sem höfuðkirkja í Eyjafjarðarsveit. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2004). **Jarðsett:** Grundarkirkjugarði reit H-4.

AGATHA HELGADÓTTIR (1260-1343) fædd í Skál á Síðu, látin í Kirkjubæ. **ABBADÍS.** **Foreldrar:** Ásbjörg Þorláksdóttir (1215), húsfreyja í Skál á Síðu og síðar nunna í Kirkjubæ, og Helgi Loftsson (1215), bóndi í Skál á Síðu. **Alsystkin:** 1. Loftur (1240), 2. Guðný (1245-1330), húsfreyja á Möðruvöllum í Eyjafirði en síðar abbadís á Stað, 3. Halldóra (1245), 4. Þórdís (1245), 5. Bjarni (1246-1306), 6. Magnús (1247), 7. Árni (1260-1320), biskup í Skálholti. **Samfeðra systkin:** 8. Torfi (1240), 9. Þuríður (1250). **Störf:** Gerðist nunna. Var abbadís í Kirkjubæ frá 1293.

(Móðursystur hennar voru Guðrún Þorláksdóttir (1215), nunna í Kirkjubæ, og Þorgerður Þorláksdóttir (1220), húsfreyja á Lokinhömrum, síðar nunna í Kirkjubæ).

AGNES JÓHANNESDÓTTIR (1933-2010) fædd í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Kristbjörg Jóhannesdóttir (1915-2000) og Sigurður Páll Halldórsson (1913-1937), sjómaður. **Kjörforeldrar:** Sigrún *Helena* Jóhannesdóttir (1908-1987) og Jóhannes Jónsson (1902-1996), verkamaður og sjómaður. **Samfeðra systkin:** 1. Sigrid Kaland (1937). **M:** 1964, Hrafnkell Guðgeirsson (1928-1977), rakari. **Börn þeirra:** 1. Helena Kristbjörg (1963), 2. Jóhanna (1966), 3. Svava Snæberg (1972). **Nám:** Útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands 1958. Stundaði framhaldsnám við Sahlgrenska háskólasjúkrahúsið í Svíþjóð. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Barnspítala Hringins og deildarstjóri ungbarnadeildar í hátt á þriðja áratug. **Viðurkenning:** Var veitt heiðursviðurkenning frá Landspítalanum (1996). **Jarðsett:** Fossvogs-kirkjugarði reit J-489.

ALDA STEINPÓRSDÓTTIR BLÖNDAL (1940-2008) fædd á Djúpalæk í Skeggjastaðahreppi á Langanesströnd, Norður-Þingeyjarsýslu, látin í Kaupmannahöfn. TANNLÆKNIR. **Foreldrar:** Guðný Björnsdóttir (1906-1977) og Steinþór Einarsson (1904-1952), kennari. **Systkin:** 1. Stella Björk (1939), 2. Hjalti Karl (1943). **Barnsfaðir 1:** Hjálmar Ásgeir Sigurðsson (1936). **Barn þeirra:** 1. Guðný Þóra (1960). **Barnsfaðir 2:** Þorsteinn Gunnarsson (1940), leikari og arkitekt. **Barn þeirra:** 2. Þorsteinn Þorsteinsson (1966). **M:** 1981, Ole Blöndal (1943), lögfræðingur. **Börn þeirra:** 3. Bjarki Blöndal (1976), 4. Nína Blöndal (1978). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Lauk námi sem meinatæknir. Lauk prófi í tannlækningum frá Kaupmannahafnarháskóla 1974. **Störf:** Starfaði sem meinatæknir í Danmörku frá 1963. Starfaði sem skólatannlæknir, en rak síðan eigin tannlæknastofu í Lyngby í Danmörku. **Jarðsett:** Danmörku.

ALDA ALVILDA MÖLLER (1912-1948) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Þorbjörg Pálmadóttir Möller (1884-1944) og Jóhann Georg Möller (1883-1926), kaupmaður. **Systkin:** 1. Jóhann Georg (1907-1955), 2. Jóhanna María M. Bernhöft (1909-1983), 3. Stefanía Ólöf (1910-1976), 4. Jón Ólafur (1911-1965), 5. Lovísa (1914-1966), 6. Sigurður (1915-1970), 7. Þóranna (1917-1946), 8. Þorbjörg Möller Leifs (1919-2008), 9. Lucinda Sigríður (1921-1965), 10. Pálmi (1922-1988). **M:** 1934, Þórarinn Kristjánsson (1906-1988), símritari og sellóleikari. **Börn þeirra:** 1. Leifur (1934-1998), 2. Kristín Anna (1935-1988), 3. Sigríður Ásdís (1938-2012). **Störf:** Lék með Leikfélagi Reykjavíkur um 26 hlutverk á árunum 1932-1947, meðal hlutverka hennar voru Valgerður í *Pilti og stúlku* (1934), Kittí í *Liljur vallarins* (1937), Katrín í *Stundum og stundum ekki* (1939), Portia í *Kaupmanninum í Feneyjum* (1944) og Prinsessan í *Einu sinni var* (1947). Lék Nóru í *Brúðuheimilinu* eftir Ibsen undir leikstjórn Gerd Grieg hjá Leikfélagi Akureyrar (1944). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit D-6-47.

ALDÍS BJARNADÓTTIR (1929-1991) fædd á Selfossi, látin í Reykjavík. ÍPRÓTTA- og HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Anna Eiríksdóttir (1904-1980), kirkjuorganisti, og Björn Sigurbjarnarson (1891-1969), bankagjaldkeri og ættfræðingur. **Systkin:** 1. Björn (1927-1991), 2. Sturla (1930-2015), 3. Valtýr (1932-1949), 4. Anna Guðrún (1933-2019), 5. Baldur (1934-2004). **M:** 1955, Óskar Þór Sigurðsson (1930), skólustjóri. **Börn þeirra:** 1. Örn (1955), 2. Úlfur (1957), 3. Hrafn (1961), 4. Gerður (1963), 5. Prúður (1969), 6. Hreinn (1971). **Nám:** Lauk ípróttakennara-

prófi frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni 1947. Sótti íþróttanámskeið í Malmköbing í Svíþjóð 1949. Lauk Handavinnukennaraprófi 1953. **Störf:** Var stundakennari við Barna- og unglingskólann á Selfossi 1947-1951 og kenndi sund á ýmsum stöðum. Starfaði sem kennari við Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja 1953-1955 og handavinnu- og íþróttakennari við Barnaskólann á Selfossi 1955-1957, 1968-1969 og 1984-1987. **Jarðsett:** Selfosskirkjugarði reit F-2-1.

ALICE RIIS (1909-1975) fædd í Danmörku, líklega látin í Danmörku. LOFTSKEYTAMAÐUR. **Foreldrar:** Lovísa Nielsen (1880-1945) og Árni Aðalbjörnsson Riis (1882-1960), stýrimaður og skipstjóri. **Systkin:** 1. María Margrét (1907-1987), 2. Jörgen Michael (1913-1955), 3. Ib Árnason Riis (1915-2019). **M:** Börge Kjærulf-Pedersen (1910-1974). **Nám:** Lauk prófi í loftskyafræði til starfs sem loftskyaþamaður. **Störf:** Var skipsþerna á skipi Austur-Asíufélagsins, síðar á Pilsudski og Batory frá New-York. Fékk loks starf sem loftskyaþamaður á gufuskippinu Birthe frá útgerðarfélaginu Holm & Wonsild árið 1940 þegar hörgull var á loftskyaþamönnum í stríðinu. **Jarðsett:** Danmörku.

ALMA ELÍSBET HANSEN (1935-2000) fædd á Siglufirði, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Margrét Finnbjörnsdóttir Hansen (1898-1984) og Rúdólf Theil Hansen (1897-1982), klæðskerameistari. **Systkin:** 1. Anna Christiane (1927-2014), 2. Halldóra Ragna (1929-2008), 3. Steinunn Þuríður (1933), 4. Gunnlaugur Hreinn (1939-1988). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1956. Stundaði nám í fiðluleik við Staatliche Hochschule für Musik í Köln í Þýskalandi og tók þaðan kennarapróf 1968. Lauk Cand.phil.-prófi í tónvísindum frá Albertus Magnus Universität í Köln 1972. **Störf:** Starfaði sem kennari í Þýskalandi 1968-1975. Var skólastjóri Tónlistarskólans í Görðum, Garðabæ 1975-1984 og Tónlistarskóla Vesturbæjar frá 1984 til starfsloka. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit D-6-5.

ALMA ANNA ÞÓRARINSSON, f. THORARENSEN (1922-2011) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. LÆKNIR. **Foreldrar:** Gunnlaug Júlíusdóttir (1901-1987) og Oddur Carl Thorarensen (1894-1964), lyfsali og verslunarmaður á Akureyri. **Systkin:** 1. Hólmfríður *Lydía* Þorkelsson (1925-2014), 2. Oddur Carl (1929-1993). **M:** 1946, Hjalti Þórarinnsson (1920-2008), prófessor og forstöðumaður handlækningadeildar Landspítalans. **Börn þeirra:** 1. Þórarinn (1947), 2. Oddur Carl Gunnlaugur (1949), 3. Sigríður (1951), 4. Hrólfur (1953), 5. Gunnlaugur (1954). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1941. Lauk læknaprófi (cand.med.) frá Háskóla Íslands 1951. Stundaði sérfræðinám við University Hospital, Madison, Wisconsin í Bandaríkjunum. Sótti nám við Radiumhospitalet, Montebello í Ósló og Royal Infirmary í Glasgow á frumu- og meinafræðideildum. Lauk sérfræðinámi í geðlækningum 1979. **Störf:** Starfaði sem svæfingalæknir á Hvítabandinu og síðar deildarlæknir svæfinga við Landakotsspítala. Var einnig stundakennari við Hjúkrunarskóla Íslands. Var yfirlæknir á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands 1964-1973. Hóf árið 1973 störf sem sérfræðingur í geðlækningum á Kleppsspítala, Vífilsstaðaspítala og Landspítala. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Svæfingalæknafélagsins. **Viðurkenning:** Sæmdgullmerki Krabbameinsfélags Íslands (1989). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-6-208.

AMALÍA LÍNDAL WEBB, f. GOURDIN (1926-1989) fædd í Cambridge í Massachusetts, Bandaríkjunum, látin í Guelph, Ontario í Kanada. FÉKKST VIÐ RITSTÖRF OG ÚTGÁFU. **Foreldrar:**

Amalía Ponce Gourdin og Edward Orval Gourdin, hæstaréttardómari. **M1:** 1948, Tryggvi *Baldvin* Líndal (1918-1998), efnaverkfræðingur, skildu 1971. **Börn þeirra:** 1. Tryggvi Valtýr (1951), 2. Ríkharður Eðvarð (1952), 3. Eiríkur Jón (1955), 4. Jakob Emil (1957), 5. Anna Elísabet (1962). Flutti árið 1973 til Kanada ásamt þremur börnum sínum. **M2:** 1985, Fred Webb, rafvirki í Toronto. **Nám:** Stundaði nám í kvennaskóla í Boston 1939-1941, í J.E. Burke School 1942-1944 og við Boston University 1945-1949, þaðan sem hún lauk prófi í blaðamennsku. Sótti nám í Writers Workshop 1960 og félagsfræði 1965. **Störf:** Var fréttaritari stórblaðsins *Christian Science Monitor* á Íslandi 1949-1952. Vann á Hagstofunni og kenndi ensku í Námsflokkum Reykjavíkur 1971-1973, Sinnti ritstörfum og útgáfu. **Ritstörf:** *Ripples from Iceland (Gárur frá Íslandi)*, gefin út af W.W. Norton í New York (1962, 1989). Gaf út tímaritið *65°Degrees North* árin 1967-1985 sem fjallaði um íslensk málefni vítt og breytt með megináherslu á mennta- og menningarmál. Gaf út smásagnaritið *Reader's Choice* á árunum 1980-1983. **Félagsstörf:** Var félagi í Blaðamannafélagi Íslands 1967-1970. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-6-47.

ANNA LOUISE ÁSMUNSDÓTTIR (1880-1954) fædd í Auðshaugi á Barðaströnd, látin í Reykjavík. HATTAGERÐARMEISTARI. **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir Hall (1853-1946) og Ásmundur Sveinsson (1846-1896), sýslumaður. **Systkin:** 1. Helga (1879-1939), 2. Sveinn Á. Hall (1883-1973), 3. Kristján Pétur Á. Hall (1886-1918), 4. Óli Ferdinand Á. Hall (1888-1981), 5. Ásta Guðrún Madsen (1891). **M:** 1907, Ásgeir Torfason (1871-1916), efnafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Torfi (1908-2003), 2. Áslaug (1910-2002), 3. Ásgeir (1911-1979). **Nám:** Lærði hattasaum í Kaupmannahöfn. **Störf:** Stofnaði og rak hattasaumastofu og Hattabúð Reykjavíkur 1917-1932, fyrst í Kolasundi 1, Reykjavík til 1928, en flutti þá í Austurstræti 14. Tók nema í hattagerð. Stofnaði og rak ásamt Laufeyju Vilhjálmsdóttur fyrirtækið Íslensk ull til ársins 1950 í húsi sem þær bjuggu í ásamt fjölskyldum sínum við Suðugötu 22 í Reykjavík. **Félagsstörf:** Gekk í Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur 1932, einna fyrst kvenna. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit X-412.

ANNA KRISTÍN ÞÓRUNN TEITSDÓTTIR BENEDIKTSSON (1874-1963) fædd á Ísafirðir, látin í Reykjavík. MATSELJJA og KAUPKONA. **Foreldrar:** Guðrún Gísladóttir (1845-1900) og Teitur Jónsson (1841-1905), gullsmiður og veitingarmaður á Ísafirði. **Systkin:** 1. Ragnhildur (1877-1962), 2. Einar Gísli (1880), 3. Guðrún (1883), 4. María (1885). **M:** 1892, Sigfús Ágúst Benediktsson (1859-1901), verslunarmaður. **Börn þeirra:** 1. Áslaug (1893-1982), 2. Snorri (1895), 3. Guðrún (1897-1983). **Störf:** Rak matsölu á Ísafirði 1901-1911. Fékk borgarabréf 1905 og opnaði verslun á Ísafirði og rak til ársins 1911. Flutti til Reykjavíkur og rak þar áfram matsölu, fyrst í Þingholtsstræti 18 og síðan Lækjargötu 12b til ársins 1929. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-306.

[STEINUNN] **ANNA BJARNADÓTTIR** (1897-1991) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI og KENNSLUBÓKAHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Steinunn Anna Metta Sveinsdóttir (1872-1928) og Bjarni Sæmundsson (1867-1940), fiskifræðingur og yfirkennari. **Systkin:** 1. Kristín Karólína (1907-1975). **M:** Sr. Einar Ingimar Guðnason (1903-1976), prófastur og kennari í Reykholti. **Börn þeirra:** 1. Bjarni (1934-2004), 2. Kristín (1936-1937), 3. Kristín Guðný (1937-1938), 4. Steinunn Anna (1939), 5. Guðmundur (1943). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1916. Sótti nám í norrænu við heimspekideild Háskóla Íslands. Stundaði enskunám við Westfield College í London. Lauk Intermediate of Arts prófi í latínu, ensku, frönsku og dönsku 1920 og BA-

prófi 1922. Sótti fyrirlestra í dönsku, ensku og sænsku við Kaupmannahafnarháskóla 1923. **Störf:** Var stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík 1916-1917. Vann við orðabók Sigfúsar Blöndals 1917-1919 í Reykjavík og 1923 í Kaupmannahöfn. Var kennari við Menntaskólann í Reykjavík 1923-1931, Flensborgarskólann í Hafnarfirði 1931-1933 og Reykholtsskóla 1933-1964. Hélt fyrirlestra í Háskóla Íslands 1923-1924, fyrst kvenna, um leikskáldið William Shakespeare. Kenndi einnig ensku í útvarpi. **Bækur:** Samdi námsefni í ensku. **Félagsstörf:** Var formaður Stúdentasamtaka Westfield College 1921-1922. Var stofnfélagi Félags íslenskra háskólakvenna 1928 og ritari þess frá stofnun til 1933. Var ritari Bandalags kvenna og félagsins Anglíu um skeið. Var formaður Kvenfélags Reykdæla 1949-1959. Sat í fræðsluráði Borgarfjarðar 1949-1972. Var ein af stofnendum Prestkvennafélags Íslands 1956 og formaður þess frá stofnun til ársins 1970. Var fulltrúi félagsins á þingum prestkvenna í Danmörku 1956, Svíþjóð 1958 og Noregi 1962. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi Kvenstúdentafélags Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinna íslensku fálkaorðu (1978). **Jarðsett:** Reykholtskirkjugarði.

ANNA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR BJÖRNSDÓTTIR (1921-2016) fædd í Winnipeg, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI og MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Jóhanna Þuríður Oddsdóttir (1895-1972) og Einar Þorgrímsson (1896-1950), forstjóri Lithoprents. **Kjörforeldrar:** Marta Valgerður Jónsdóttir (1889-1969) og Björn Þorgrímsson (1886-1966), verslunarfulltrúi. **Alsystkin:** 1. Jóhanna (1919-1998), 2. Þorgrímur (1920-2007), 3. Einar Oddur Þór (1925-2010). **Sammæðra systkin:** 4. Rafnar Karl Karlsson (1937-2020). **Samfeðra systkin:** 5. Edda Clark (1940). **M:** 1945, Ólafur Pálsson (1921-2011), verkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Björn (1946), 2. Sigríður (1949), 3. Marta (1950), 4. Unnur (1952), 5. Páll (1957), 6. Kjartan (1958), 7. Sveinn (1962). **Nám:** Var í tónlistarnámi hjá Páli Ísólfsyni. Var nemandi Árna Kristjánssonar í píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík frá 1935 og lauk burtfararprófi þáðan 1940. Stundaði framhaldsnám í píanóleik hjá Walter Frey við Konservatoríið í Zürich í Sviss 1947-1948. Sótti síðar ýmis píanónámskeið héraendis og erlendis. Var við nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík 1959-1960 og 1964-1968 og við Myndlista- og handíðaskólann 1972. **Störf:** Sinnti undirleik og heimakennslu í píanóleik 1938-1953, var píanókennari við Tónlistarskólann í Reykjavík 1942-1946 og við Tónlistarskóla Kópavogs 1975-1992. Stundaði jafnframt myndlist. **Sýningar:** Sýndi grafík, teikningar og málverk heima og erlendis. Hélt einkasýningar m.a. í Norræna húsinu (1974) og Hafnarborg (1998). Tók þátt í samsýningum, m.a. í Listamannaskálanum (1966 og 1967), með Íslenskri grafík (1970), á *Bienal Internacional de Grabado*, Argentínu (1970-1971), Kjarvalsstöðum (1970), með Nordisk grafíkunion í Lundi Svíþjóð (1971), í Mulhouse, Frakklandi (1975), á listsýningu í Kristjaníu í Danmörku (1975) og Norræna húsinu í Reykjavík (1975). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-4-46.

ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR BJÖRNSSON (1915-2006) fædd á Patreksfirði, látin í Reykjavík. YFIRBÓKAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Þóra Leópoldína Júlíusdóttir (1879-1967) og Guðmundur Björnsson (1873-1952), sýslumaður Barðstrendinga og síðan Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. **Systkin:** 1. Ingibjörg Emma (1903-2001), 2. Pétur Emil Júlíus (1904-1991), 3. Björn (1905-1999), 4. Ingólfur Theódór (1905-1995), 5. Þuríður Jenný (1907-1998), 6. Karl Leo (1908-1941), 7. Jórunn (1913-1998), 8. Margrét (1917-1996). **M1:** 1934, Guðmundur Sigurðsson (1912-1972), bankamaður og revíuskáld, skildu 1941. **Barn þeirra:** 1. Guðmundur (1935). **M2:** 1941, Magnús Ásgeirsson (1901-1955), skáld, ljóðþýðandi og bókavörður. **Barn þeirra:** 2. Ingunn Þóra (1944).

Nám: Var í barnaskóla til 13 ára aldurs. Sótti námskeið í auglýsingateiknun í Danmörku. **Störf:** Vann við gerð auglýsingaspjalda og bókakápa fyrir bókaútgáfuna Helgafell. Var forstöðukona bókasafns Hafnarfjarðar 1955-1971, en hafði áður séð um safnið í mörg ár í veikindum Magnúsar. Við flutning safnsins í nýtt húsnæði í Mjósundi 12 voru nýjar innréttingar hannaðar af Sveini Kjarval í samvinnu við Önnu, en þær vöktu athygli fyrir hagkvæmt fyrirkomulag og smekkvísi. Anna átti frumkvæði að barnahorni, kvöldvökum og hlýlegu yfirbragði bókasafnsins. Í samvinnu við Önnu arfleiddu hjónin Friðrik Bjarnason tónskáld og Guðlaug Pétursdóttir Hafnarfjarðarbæ að nótta- og tónlistarbókasafni sínu og varð það fyrsta tónlistardeild bókasafns hér á landi. **Félagsstörf:** Anna átti hugmyndina og var aðalhvataamaður að stofnun Bókavarðafélags Íslands og boðaði til stofnfundar þess í Bæjar- og héraðsbókasafninu í Hafnarfirði í desember 1960 (stofnfélagar voru 38 talsins). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit-14-42.

ANNA GUÐMUNDÍNA GUÐRÚN BORG-REUMERT (1903-1963) fædd í Reykjavík, fórst í flugslysi við Ósló á leið til Íslands. LEIKKONA. **Foreldrar:** Stefanía Anna Guðmundsdóttir (1876-1926), leikkona, og Borgþór Jósefsson (1860-1934), bæjargjaldkeri. **Systkin:** 1. Óskar Jóhann (1896-1978), 2. Emilía Halldóra, leikkona (1901-1984), 3. Stefanía Þóra, leikkona (1907-1984), 4. Áslaug (1909-1977), 5. Geir (1912-2003). **M:** 1932, Paul Hagen Reumert (1883-1968). **Börn þeirra:** 1. Stefan Reumert, 2. Thorstein Reumert. **Nám:** Sótti Kvinnaskólann í Reykjavík 1918-1920. Nam við Leiklistarskóla Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn 1925-1927. **Störf:** Fór leikfór með móður sinni og systkinum til Vesturheims árið 1920. Dvaldi þar vestra til 1923 og lék víða. Starfaði sem leikkona í Reykjavík 1923-1925 og síðar. Meðal hlutverka hennar voru Louison í *Ímyndunarveikinni* (1914), álfamær í *Nýársnóttinni* (1916), Halla í *Fjalla-Eyvindi* (1929), Kóngsdóttirin í *Óla smaldreng* (1942) og Heilög Jóhanna í *Heilagri Jóhönnu* (við opnun Þjóðleikhússins, 1950). Réðst til Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn 1927 og lék þar í nokkur ár, síðan við Dagmarleikhúsið og svo aftur við Konunglega leikhúsið. Lékk m.a. Maríu í *Gálgamanninum* (1929) og Margréti í *Faust* (1932). Haslaði sér jafnframt völl sem óperuleikstjóri. **Viðurkenningar:** Sæmd sænsku gullmedalíunni Litteris et artibus. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1933) og Stórriddarakrossi (1938). **Jarðsett:** Mariebjerg kirkjugarði í Kaupmannahöfn.

ANNA GUÐNÝ BRANDSDÓTTIR (1944-2011) fædd í Reykjavík, látin í Svíþjóð. BALLETTDANSARI. **Foreldrar:** Sigurrós Einarsdóttir (1918-2002) og Brandur Jónsson (1911-1982), skólastjóri Heyrnleysingjaskólans. **Systkin:** 1. Margrét (1949), 2. Guðrún (1957-2019). **M:** Lennart Olsson (1928), leikstjóri. **Nám:** Gekk í Austurbæjarskóla og Gagnfræðaskóla Austurbæjar í Reykjavík, en stundaði jafnhliða ballettnám við Listdansskóla Þjóðleikhússins hjá Erik Bidsted, ballettmeistara Þjóðleikhússins, og seinna í Kaupmannahöfn. Sótti sumarnámskeið Bartholins í Kaupmannahöfn. Stundaði einn vetur nám við Royal Ballet School í London. **Störf:** Dansaði í sýningum Þjóðleikhússins, t.d. í *Dimmalimm* (10 ára gömul) og *Ferðinni til tunglsins* með dansfélaga sínum Helga Tómassyni. Dansaði á árunum 1959-1962 í Pantomime-leikhúsinu í Tívolí í Kaupmannahöfn. Réðst vorið 1962 að listdansflokki Borgarleikhússins í Málmey í Svíþjóð og átti þar fjölbreyttan dansferil. **Jarðsett:** Svíþjóð.

ANNA BERGLJÓT BÖÐVARSDÓTTIR (1917-1989) fædd á Laugarvatni, látin á Selfossi. PÓST- OG SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Ingunn Eyjólfsdóttir (1873-1969) og Böðvar Magnússon (1877-1966), bóndi og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Ragnheiður (1899-2000), 2. Magnús (1902-1971), 3. Arnheiður (1904-2000), 4. Laufey (1905-1974), 5. Hrefna (1906-1976), 6. Magnús (1908-1977), 7. Hlíf (1909-2015), 8. Sigríður (1912-1990), 9. Lára (1913-2019), 10. Auður Brynpóra (1915-2002), 11. Svanlaug (1918-2012). **Barnsfaðir:** Magni Guðmundsson (1916-2000), hagfræðingur. **Barn þeirra:** 1. Bergljót (1943). **M:** 1950, Benjamín Halldórsson (1923-2001), byggingameistari og húsvörður. **Börn þeirra:** 2. Halldór Steinar (1952), 3. Böðvar Ingi (1954). **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni og Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði. **Störf:** Var skipuð stöðvarstjóri Pósts og síma á Laugarvatni 1966 og gegndi starfinu til 1987. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Söngkór Miðdalskirkju 1952 og söng með kórnum til hinstu stundar. Var félagi í Kvenfélagi Laugdæla og fulltrúi þess á kvenfélagasambandsþingum og á aðalfundum Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) í mörg ár. Var virkur þátttakandi í félögum póstmanna og stöðvarstjóra. **Jarðsett:** Laugarvatnskirkjugarði reit 2.

ANNA ELLEN CHRISTENSEN-HEJNÆS FRIDRIKSSON (1889-1960) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Niels Christensen og Ane Hejnæs (eignuðust 12 börn). **M:** 1912, Ólafur Friðriksson (1886-1964), ritstjóri. **Barn þeirra:** 1. Atli (1913-1985). **Störf:** Stofnaði Hljóðfærahús Reykjavíkur 1916, fyrst í Templarasundi, síðar í húsi Hótel Íslands í Aðalstræti, en frá 1924 í Austurstræti 1 og frá 1932 í Bankastræti 7. Hljóðfærahúsið hafði aðalumboð fyrir Hermann Peterson & Sön og einkaumboð fyrir Broadwood & Son Ltd. London. Verslaði í fyrstu með orgel, píanó og nótur. Flutti síðar inn grammófóna, hljómplötur og harmonikur og fékk einkasöluleyfi fyrir vörur frá Decca og Deutsche Grammophone. lét semja texta við vinsælustu dægurlögin og prenta ásamt nótum og seldi. Stofnaði leðurvörudeild innan Hljóðfærahúss Reykjavíkur þegar höft voru sett á innflutning hljóðfæra og setti upp leðurvörusýningar í verslunargluggunum. Tók á sama tíma að selja íslenskar hljómplötur, gefnar út af danska útgáfufyrirtækinu Polyphone. Gaf út plötu með Bjarna Björnssyni gamanvísnaðsöngvara og var umboðsmaður Hallbjargar Bjarnadóttur sem söng inn á hljómplötu í Kaupmannahöfn 1938 á vegum Polyphone. Fékk einkaumboð fyrir Linguaphone Institute Ltd. London 1924 sem gaf út námskeið á hljómplötum og kennslubækur á fjölmörgum tungumálum. Kom á laggirnar, ásamt Olgu Christensen-Hejnæs systur sinni, listamannakabarettum að danskri fyrirmynd sem byggðust á hljóðfæraleik, söng, upplestri og fræðandi fyrirlestur. Þessar skemmtanir voru haldnar þrisvar í viku um tíma á veitingastaðnum Rosenberg í kjallara Nýja bíós í Reykjavík, síðar í Skjaldbreið og síðast í lðnó. Hóf starfsemi tónleikamiðlunar 1926 og fékk marga tónlistarmenn til landsins fram að seinni heimstyrjöld. Stofnaði Músikklúbbinn sem hélt regluleg tónlistarkvöld á Hótel Íslandi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-2-89.

ANNA GUÐRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR (1902-1985) fædd í Skálanesi í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. LJÓSMYNDARI og LEIKARI. **Foreldrar:** Stefanía Benjamínsdóttir (1865-1943) og Guðmundur Ólafsson (1866-1949), tómthúsmaður og veitingamaður. **Systkin:** 1. Elís Ólafur (1897-1958), 2. Valdimar Kristján (1898-1975). **M:** 1927, Páll Þorleifsson (1902-1961), bókari. **Nám:** Lærði ljósmyndun hjá Ólafi Magnússyni frá 1920. **Störf:** Starfaði á ljósmyndastofu Ólafs Magnússonar 1920-1935. Starfaði sem leikari með ýmsum áhugaleikhópum. Lék með Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1929-1950 og varð síðan fastráðinn

leikari við Þjóðleikhúsið 1950-1979. Lék alls í 105 sýningum, þar af í 73 hjá Þjóðleikhúsinu, m.a. Barónsfrú í *Góða dátanum Svæk* (1955), Menntagyðjuna Thaliu í *Á ystu nöf* (1958), Kötu í *Vér morðingjar* (1967), Kittý í *Túskildingsóperunni* (1972) og Sallý í *Oliver Twist* (1980). **Félagsstörf:** Stundaði fimleika hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur og var í sýningarflokki sem m.a. sýndi erlendis. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-54-47.

ANNA GUNNARSDÓTTIR (1906-1984) fædd í Gíslakoti í Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. BÚFRÆÐINGUR og BÓNDI. **Foreldrar:** Puríður Einarsdóttir (1865-1930) og Gunnar Gunnarsson (1858-1908), bóndi í Gíslakoti. **Systkin:** 1. Ingunn (1893-1939), 2. Gunnar (1895-1970), 3. Guðjón (1898-1915), 4. Guðleif Bender (1899-1974). **M:** 1939, Kristján Eiríksson (1906-1974), bóndi og búfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Unnur (1940), 2. Sólveig (1941), 3. Eiríkur (1945), 4. Þorbjörg (1946), 5. Gunnþór (1947), 6. Puríður (1950). **Nám:** Stundaði nám við Bændaskólann á Hvanneyri 1927-1929 og var fyrst kvenna til að ljúka þaðan prófi. Synti á þeim árum þveran Borgarfjörð. **Störf:** Var bóndi á Borgum í Pistilfirði, Norður-Pingeyjarsýslu, 1940-1974. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-241.

ANNA MARÍA HANSEN (1913-2001) fædd í Götu á Austurey í Færeyjum, látin í Hafnarfirði. HJÚKRUNARFORSTJÓRI. **Foreldrar:** Anna Sofía Poulsen (1892-1940) og Elías Hansen (1885-1976), sjómaður. **Systkin:** 1. Jakob (1915), 2. Nancy (1917-1999), 3. Alma (1921-1984), 4. Jóhannus (1925-1978). **Barn Önnu:** 1. Elías Hansen (1946). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi frá sjúkrahúsinu í Klakksvík 1944. **Störf:** Var vinnukona hjá fjölskyldu í Reykjavík 1938-1939. Var yfirhjúkrunarkona á Vífilsstaðaspítala í Garðahreppi á árunum 1944-1951 og 1953-1959. Starfaði við hjúkrun í Færeyjum 1951-1953. Sinnti starfi hjúkrunarforstjóra á Vífilsstöðum 1959-1980 og starfaði þar síðan í hlutastarfi til 1995. Starfaði sem hjúkrunarkona í hlutastarfi hjá hjúkrunarheimilinu Eir 1995-1999. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1980). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit D-196.

ANNA HELGADÓTTIR (1943-2012) fædd í Leirhöfn á Melrakkaslétu, látin á Akureyri. KENNARI. **Foreldrar:** Andrea Pálína Jónsdóttir (1902-1990) og Helgi Kristjánsson (1894-1982), bóndi, bókbindari og stofnandi Húfugerðarinnar í Leirhöfn 1935. **Systkin:** 1. Jóhann (1924-2007), 2. Birna (1927-1928), 3. Jón (1928-2007), 4. Helga (1930-2010), 5. Hildur (1930), 6. Birna (1932-2014). **M:** 1964, Barði Þórhallsson (1943-1980), skrifstofumaður og sjómaður. **Börn þeirra:** 1. Helga (1968), 2. Þórný (1970), 3. Þórhallur (1973). **Nám:** Var við nám í Núpsveitarskóla við Kópasker og á Laugum í Reykjadal. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1967 og námi til sérkennsluréttinda 1991. **Störf:** Kenndi í tæp 40 ár, lengst af á Kópaskeri og síðar við Hrafnagilsskóla í Eyjafirði. **Félagsstörf:** Var virk í Þjóðdansafélaginu Vefaranum. Starfaði með Félagi aldraðra á Akureyri. **Bók:** Var höfundur bókarinnar *Húfugerðin í Leirhöfn: saga fyrirtækis í sveit* (2010). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit N-5-10.

[JÓRUNN] **ANNA HLÖÐVERSDÓTTIR**, f. JÓRUNN ANNA LÚÐVÍKSDÓTTIR SCHOU (fornorræna mynd Ludvigs nafnsins er Hlöðver og tók Anna það upp) (1876-1953), fædd í Vallarneshjáleigu í Vallaneshreppi, Suður-Múlasýslu, látin á Siglufirði. KENNARI. **Foreldrar:** Elín Einarsdóttir (1842-1885) og Ludvig Johan Christian Schou (1835-1889), bóndi og verslunarmaður. **Systkin:** 1. Þóra Ingibjörg (1872-1956), 2. Einar Sigurður L. Schou (1878-1953). **Samfeðra systkin:** 3. Sigríður

Pórdís Björg (1858-1924), 4. Emil Hermann Ludvig (1860-1891). **Fósturforeldrar:** Margrét Sigurðardóttir (1843-1899) og sr. Jón Jónsson (1849-1920), prestur í Stafafelli. **M:** 1897, Sigurður Jónsson (1868-1917), bóndi á Reyðará. **Börn þeirra:** 1. Geir (1898-1974), 2. Stefán (1901-2004), 3. Ásmundur (1903-1992), 4. Hlöðver (1906-1982), 5. Þórhallur (1907-1939), 6. Hróðmar (1912-1957). **Nám:** Stundaði nám í Kvinnaskólanum á Ytri-Ey 1895-1897. **Störf:** Var kennari í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu 1928-1941, Borgarhafnarhreppi sömu sýslu 1941-1945 og síðan í Geithellnahreppi Suður-Múlasýslu 1945-1947. **Félagsstörf:** Var formaður Kvenfélagsins í Lóni frá stofnun þess 1926 og til ársins 1950. **Jarðsett:** Stafafellskirkjugarði reit 94.

ANNA ÞORBJÖRG JENSDÓTTIR (1901-1954) fædd í Heydal í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp, látin í Reykjavík. **KÖRFUHÚSGAGNASMIÐUR.** **Foreldrar:** Karólína Guðbrandsdóttir (1858-1947) og Jens Haraldur Þorkelsson (1865-1921), bóndi og bókbindari. **Systkin:** 1. Þorkell (1890-1916), 2. Sigrún (1892-1972), 3. Jens Marteinn (1896-1933). **M:** 1938, Karl Eiríksson (1901-1955). **Barn þeirra:** 1. Jenný (1939). **Nám:** Stundaði nám í körfuhúsgagnagerð hjá P. Flo Kurvmöbelfabrik í Bergen 1925-1927 og lauk fullgildu iðnnámi í gerð körfuhúsgagna, fyrsta og eina íslenska konan sem öðlast hefur réttindi sem körfuhúsgagnasmiður. **Störf:** Stundaði sumarstörf sem kaupakona á Kirkjubóli í Skutulsfirði, í síld á Siglufirði og í kaupavinnu í Kalmanstungu í Borgarfirði. Opnaði Körfuinaðarstofu á Njálsgötu 31b í Reykjavík 1927 og rak í tæp tvö ár, en seldi fyrirtækið Þórsteini Bjarnasyni, sem þá rak Körfugerðina á Skólavörðustíg 3, og starfaði síðan hjá honum um tíma. Flutti árið 1930 til Akureyrar í þeim tilgangi að halda námskeið. Leigði sér húsnæði í Aðalstræti 19 og setti upp körfuhúsgagnaverkstæði í kjallaranum þar sem hún vann við iðn sína. Fór, samtímis eigin rekstri, að vinna á húsgagnabólstrunarverkstæði Jóns Halls Sigurbjörnssonar í Hafnarstræti á Akureyri. Kenndi körfusmiði m.a. við Barnaskóla Akureyrar vorið 1932. **Gripir á safni:** Á Minjasafni Akureyrar eru tveir stóla, borð og hilla úr tágum og fléttuðu sefgrasreypi unnin af Önnu að beiðni frú Gunnhildar Ryel fyrir sólstofu í húsi hennar við Aðalstræti 58, Akureyri. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit H-9-27.

ANNA ELÍSBET ÓLAFSDÓTTIR JOHNSEN (1898-1988) fædd á Eysteinseyri við Tálknafjörð, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARKONA.** **Foreldrar:** Málfríður María Arngrímsdóttir (1862-1954) og Ólafur Björnsson (1867-1937), bóndi. **Systkin:** Málfríður (1896-1978), 2. Ingibjörg (1900-1988). **M:** 1947, Gísli Johnsen (1881-1965), stórkaupmaður og konsúll. **Nám:** Lauk hjúkrunarprófi í Nyköbing í Danmörku 1927, stundaði framhaldsnám við fæðingardeild í Árósum og sótti síðan geðhjúkrunarnám í Danmörku. Stundaði nám í spítalastjórnun á vegum Dansk Sygepleieråd 1936. **Störf:** Var deildarhjúkrunarkona á Vífilsstaðaspítala til ársins 1935 og síðan forstöðukona á Reykjahæli í Hveragerði. Starfaði sem yfirhjúkrunarkona á Vífilsstaðaspítala 1937-1947. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Hjúkrunarfélags Íslands (1964). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1965). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit H-12-2.

[SIGRÍÐUR] **ANNA JÓNSDÓTTIR / Anna frá Moldnúpi** (1901-1979) fædd í Gerðarkoti undir Vestur-Eyjafjöllum, alin upp á Moldnúpi, látin í Reykjavík. **VERKAKONA, RITHÖFUNDUR og VEFARI.** **Foreldrar:** Sigríður Þórðardóttir (1870-1910) og Jón Eyjólfsson (1870-1950), bóndi, Moldnúpi. **Systkin:** 1. Einar (1902-1969), 2. Þórey (1903-1992). **Uppeldissystkin:** 3. Sigurjón Vídalín Guðmundsson (1911-1999). **Nám:** Hlaut átta vikna farkennslu á vetri frá 10 til 14 ára

aldurs. Stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni 1929-1930. Hóf utanskólanám við Lærða skólann í Reykjavík haustið 1930, en var synjað um að sitja einn vetur í skólanum til undirbúnings stúdentsprófi. Sótti námskeið í vefnaði. **Störf:** Vann við vefnað og sinnti margs konar verkakvennavinnu. Fékkst við ritstörf, einkum um ferðalög sín víða um heim og gaf sjálf út bækur sínar. **Bækur:** *Fjósakona fer út í heim* (1950), *Ást og demantar: ferðasaga um meginlandið til Bretlands* (1951), *Förukona í París* (1952), *Ég kveiki á kerti mínu: ferðaþættir frá Ítalíu* (1961), *Tvennar tíðir* (1970) og *Í gengin spor. Æviminningar Jóns Eyjólfssonar bónda á Moldnúpi* (1972). **Jarðsett:** Ásólfsskálakirkjugarði reit 470.

ANNA LAXDAL (1896-1962) fædd í Tungu á Svalbarðsströnd, látin á Akureyri. KAUPKONA. **Foreldrar:** Guðný Grímsdóttir (1862-1952) og Helgi Jónsson Laxdal (1856-1918), bóndi. **Systkin:** 1. Grímur (1882-1977), 2. Hlaðgerður (1884-1970), 3. Jón (1888-1896), 4. Jóhannes (1891-1979), 5. Jón (1898-1992), 6. Þorsteinn (1902-1903), 7. Bernharð (1904-1974). **Störf:** Stofnaði ásamt Freyju Antonsdóttur Hannyrða- og vefnaðarvöruverslunina Freyja og Anna á Akureyri 1926 og rak hana til ársins 1962. **Félagsstörf:** Var félagi í U.M.F. Æskan, Kvenfélagi Svalbarðsstrandar, Félagi Sjálfstæðiskvenna, Verslunarmannafélaginu, Náttúrulækningafélaginu á Akureyri og var einn af stofnfélögum Zontaklúbbs Akureyrar. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit G-16-18.

ANNA MAGNÚSDÓTTIR (1913-1982) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Sigríður Oddgeirsdóttir (1878-1968) og Magnús Jónsson (1865-1947), bæjarfógeti og sýslumaður. **Alsystkin:** 1. Anna (1909-1909), 2. Oddgeir (1910-1962), 3. Baldur Jóhann (1912-1938), 4. Jóhanna (1917-1918). **Samfeðra systkin:** 5. Lauritz Edvard (1898-1959), 6. Guðrún Tulinius (1901-1998), 7. Oddgeir (1903-1907), 8. Jón (1906-1983). **M:** 1942, Njáll Guðmundsson (1914-1983), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Anna (1944), 2. Baldur Viðar (1945). **Nám:** Stundaði tónlistarnám í mörg ár. **Störf:** Starfaði sem píanó kennari. Var stofnandi og fyrsti skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi 1956-1960. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-2-19.

ANNA ÓLAFSDÓTTIR (1865-1962) fædd í Firði, Mjóafjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu, látin í Neskaupstað. LJÓSMYNDARI og KENNARI. **Foreldrar:** Anna *Katrín* Sveinsdóttir (1837-1917) og Ólafur Guðmundsson (1830-1896), bóndi. **Systkin:** 1. Sveinn (1863-1949), 2. Einar (1865-1962), 3. Guðmundur (1865-1907), 4. Guðrún (1869-1946), 5. Jón (1870-1945), 6. Óskar (1872-1919), 7. Tómas (1873-1960), 8. Óli (1876-1941), 9. Jóhanna (1878-1882). **Nám:** Stundaði nám í Kvennaskólanum á Eskifirði 1881-1882 og við Kvennaskólann í Reykjavík 1882-1884. Var við nám í Skolen for Kunstflid í Kaupmannahöfn 1892-1893, lærði samhliða ljósmyndun og kom heim með myndavél og annan útbúnað. **Störf:** Tók ljósmyndir á árunum 1893-1899 austur á Fjörðum og í Borgafirði syðri. Var heimiliskennari á bæjum í Borgarfirði, m.a. í Deildartungu, að Hurðarbaki, Gilsbakka og í Reykholti veturna 1894-1898 og kenndi aðallega tungumál og á hljóðfæri. Vann við saumaskap í Kanada 1899-1926 og í Reykjavík 1926-1932 og kenndi auk þess ensku. Bjó heima í Firði 1932-1956 og á elliheimili í Neskaupstað 1956-1962. **Félagsstörf:** Var félagi í Christian Science. **Jarðsett:** Fjarðakirkjugarði í Mjóafirði.

ANNA SIGRÍÐUR PÉTURSSON, f. THORARENSEN (1845-1921) fædd á Ketilsstöðum í Mýrdal, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Ragnheiður Melsted Thorarensen (1816-1914) og

Vigfús Thorarensen (1815-1854), klausturhaldari í Skaftafellssýslu og síðar sýslumaður í Strandasýslu. **Systkin:** 1. Guðrún (1842-1918), 2. Bjarni Páll Vigfús (1844-1933), 3. Ingibjörg (1847-1932), 4. Steinunn (1848-1911), 5. Stefanía (1849-1912), 6. Sigríður (1850-1942), 7. Oddgeir (1851-1894). **Fósturforeldrar:** frá 1849 Ástríður Melsteð og Sigurður Melsteð. **M:** Pétur Pétursson (1842-1909), bæjargjaldkeri. **Börn þeirra:** 1. Helgi Pjeturs (1872-1949), 2. Ástríður von Jaden (1876-1958), 3. Sigurður Pjeturs (1873-1952), 4. Kristín Sigríður (1880-1923). **Nám:** Lærði að leika á píanó hjá fóstur sinni og fékk síðan tilsögn í að leika og kenna á píanó hjá Olufu Finsen. Tók kennarapróf í tónlist í Kaupmannahöfn 1884. Fór til Hafnar árið 1892 til að kynna sér nýjungar í kennslu. **Störf:** Tók að sér fyrsta nemandann í píanóleik 15 ára gömul. Kenndi fyrst á heimili fósturforeldra sinna, en gerði kennsluna að aðalstarfi 1870. Lék á yngri árum oft á dansleikjum. Krúsaði um margra ára skeið prestakraga fyrir allfesta presta landsins (sat við þá iðju á sunnudögum). Kragarnir voru saumaðir í höndunum og fóru um níu metrar af fínasta lérefti í hvern þeirra. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit P-511.

ANNA SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR PJETURS (1906-1988) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KONSERTPÍANISTI og TÓNLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Kristín Brandsdóttir Arnet (1887-1959) og Helgi Pjeturs (1872-1949), jarðfræðingur og heimspekingur. **Systkin:** 1. Pétur Hamar (1904-1923), 2. Þórarinn Brandur (1908-1999), 3. Helga Kristín (1909-1944). **Nám:** Hóf nám í píanóleik sex ára gömul hjá ömmu sinni Önnu Sigríði Thorarensen Vigfúsdóttur. Lauk prófi frá Konunglega tónlistarskólanum í Kaupmannahöfn 1926, aðalkennari hennar þar var Haraldur Sigurðsson prófessor. Fór síðan til framhaldsnáms í Þýskalandi og Frakklandi. **Störf:** Hélt opinbera píanótónleika í Nýja bíói 1927, fyrst íslenskra kvenna. Lék á tónleikum í Reykjavík í mörg ár. Starfaði sem píanókennari á heimili sínu frá 1927 og til æviloka 1988. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-5-75.

ANNA SIGURÐARDÓTTIR (1908-1996) fædd á Hvítárbakka í Borgarfirði, látin í Reykjavík. FRÆÐIMAÐUR og FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Ásdís Margrét Þorgrímsdóttir (1883-1969) og Sigurður Þórólfsson (1869-1929), stofnandi Lýðháskóla að danskri fyrirmynd á Hvítárbakka í Andakílshreppi í Borgarfirði. **Systkin:** 1. Þorgrímur Vídalín (1905-1983), 2. Hrefna (1907-1908), 3. Guðmundur Axel (1911-1931), 4. Guðrún (1912-1995), 5. Margrét (1914-2002), 6. Aðalheiður (1915-1998), 7. Sigurmar Ásberg (1917-1990), 8. Áslaug (1919-2005). 9. Valborg (1922-2012). **Samfeðra systkin:** 10. Kristín Lovísa (1898-1971), 11. Margrét (1901-1901). **M:** 1938, Skúli Þorsteinsson (1906-1973), skólastjóri á Eskifirði og síðar námstjóri á Austurlandi 1939-1957. **Börn þeirra:** 1. Þorsteinn (1940), 2. Ásdís (1943), 3. Anna (1948-2019). **Nám:** Sótti Kvenna-skólann í Reykjavík og nám í einkatímum, bréfaskólum og námsflokkum. Lærði þýsku í Þýskalandi. **Störf:** Safnaði efni og skrifaði um sögu kvenna. Stofnaði Kvennasögusafn Íslands 1. jan. 1975 og rak það til æviloka 1996. Safnið hefur verið sérstök eining innan Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns í Þjóðarbókhöllu frá árinu 1996. **Bækur:** *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár* (1985), *Allt hafði annan róm áður í páfádóm: nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu* (1988). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1978). Gerð að heiðursdoktor, dr.phil.hon.c., frá heimspekideild Háskóla Íslands (1986). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit O-307.

ANNA PÁLSDÓTTIR STEPHENSEN (1905-1989) fædd á Ísafirði, látin í Kaupmannahöfn. SENDIRÁÐSRITARI. **Foreldrar:** Helga Þorvaldsdóttir (1871-1951) og Páll Stephensen (1862-1935), prestur í Holti, Önundarfirði. **Systkin:** 1. Þorvaldur (1895-1987), 2. Þórunn (1897-1919), 3. Stefán (1899-1981), 4. Guðrún (1901). **Nám:** Stundaði nám við verslunarskóla í Kaupmannahöfn 1923-1924. **Störf:** Starfaði hjá dönsku inn- og útflutningsfyrirtæki á árunum 1925-1929. Hóf störf sem ritari hjá Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn 1929, varð sendiráðsfulltrúi 1954 og starfaði síðan sem sendiráðsritari 1961-1972. Var fyrsta íslenska konan sem öðlaðist diplómatísk réttindi. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1954) og Stórriddarakrossi (1969). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-11-8.

ANNA HALLFRÍÐUR SVEINBJÖRNSDÓTTIR (1921-2017) fædd í Unadal, Skagafirði, látin í Reykjanesbæ. LJÓSMÓÐIR og SÍMAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Jóhanna Símonardóttir (1899-1988) og Sveinbjörn Sigurður Sveinbjörnsson (1893-1990), bóndi. **Systkin:** 1. Marín (1923-2018), 2. Alfreð Elías (1924-2022), 3. Sigurlaug (1927), 4. Sigurður Bjarni (1935-2002), 5. Guðrún (1937), 6. Ásdís Hulda (1940). **M1:** Haraldur Kjartansson (1906-1948), vélstjóri. **Barn þeirra:** 1. Snorri Norðfjörð (1945-2002). **M2:** Hannes Arnórsson (1899-1983), símstjóri. **Börn þeirra:** 2. Sigríður Hvanndal (1954), 3. Jóhann Sveinbjörn (1956-1986), 4. Matthías (1961-2002). **Nám:** Var í Laugarvatns-skóla 1942-1943. Lauk ljósmæðraprófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1952. **Störf:** Var ljósmóðir í Gerða- og Miðnesumdæmi 1952-1986 og símavörður hjá Pósti og síma 1953-1986. Starfaði á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík 1987-2004. **Jarðsett:** Hvalneskirkjugarði.

ANNA KRISTJANA TORFADÓTTIR (1949-2012) fædd í Reykjavík, látin á Reykjavík. BORGARBÓKAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Vera Pálsdóttir (1919-2014) og Torfi Ásgeirsson (1908-2003), hagfræðingur. **Systkin:** 1. Ólafur (1951), 2. Ragnheiður (1952). **M:** 1971, Júlíus Kr. Magnússon (1946-2019), sýslumannsfulltrúi, skildu 1985. **Barn þeirra:** 1. Vera (1973). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1969. Lauk BA-prófi í bókasafnsfræði og almennri bókmenntasögu frá Háskóla Íslands 1976 og meistargráðu í stjórnun frá University of Wales, Aberystwyth 1995. **Störf:** Starfaði við Amtsbókasafnið á Akureyri 1976-1978 og síðan Borgarbókasafnið í Reykjavík, fyrst sem bókasafnsfræðingur en síðar safnstjóri aðalsafns. Tók við stöðu borgarbókavarðar 1998 og gegndi henni til 2012. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit X-412.

ANNA VIGFÚSDÓTTIR / Anna á Stóru-Borg (um 1500-1572). HÚSFREYJA og BÓNDI. **Foreldrar:** Guðrún Pálsdóttir (1480-1511) og Vigfús Erlendsson (1466-1521), hirðstjóri og lögmaður á Hlíðarenda í Fljótshlíð. **Alsystkin:** 1. Guðríður (1495-1570), 2. Kristín (1510-1550), 3. Páll (1510-1570). **Samfeðra systkin:** 4. Ingveldur (1495), 5. Guðrún (1515). **M:** Hjalti Magnússon (um 1500-1570), bóndi á Stóru-Borg og í Teigi í Fljótshlíð. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1530-1603), 2. Magnús (1535), lögréttumaður, 3. Vigfús (1535), 4. Erlendur (1540). **Störf:** Var húsfreyja á Stóruborg og í Teigi. Jón Trausti ritaði sögulegu skáldsöguna *Anna frá Stóruborg*.

ANNA ÞORSTEINSDÓTTIR (1915-2009) fædd á Óseyri við Stöðvarfjörð, Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. KENNARI og HÚSFREYJA. **Foreldrar:** Guðríður Guttormsdóttir (1883-1975) og Þorsteinn Þorsteinsson Mýrmann (1874-1943), kaupmaður og útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Skúli (1906-1973), 2. Pálína (1908-1999), 3. Friðgeir (1910-1999), 4. Halldór (1912-1983), 5. Björn (1916-1939), 6. Pétur (1921-1993). **M:** 1944, sr. Kristinn Hóseasson (1916-2008), prófastur í

Heydölum í Breiðdal. **Kjörbörn þeirra:** 1. Hallbjörn (1953), 2. Guðríður (1955). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1932-1934. Sótti námskeið í tungumálum og fleiri greinum á árunum 1932-1944. **Störf:** Var aðstoðarkennari í vefnaði á Hallormsstað 1933-1935 og umferðarkennari í vefnaði hjá Sambandi austfirskra kvenna 1935-1936. Tók börn í einkatíma á Óseyri, Stöðvarfirði 1939-1940 og var kennari í Helgustaðaskólahverfi, Suður-Múlasýslu, 1940-1941. Starfaði sem forstöðukona mötuneytis stúdenta í Reykjavík 1943-1944. Var kennari í Auðkúluskólahverfi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1946-1947 og í Breiðdalsskólahverfi í Suður-Múlasýslu 1947-1948. Var húsfreyja í Heydölum í Breiðdal 1948-1987. Starfaði sem skólustjóri á Stöðvarfirði 1964-1965 og síðan sem kennari í Staðarborg í Breiðdal 1965-1967 og 1968-1977, en á milli við Oddeyrarskóla á Akureyri 1967-1968. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Austfirðingafélagsins í Reykjavík 1944-1945. Var varaformaður slysavarnadeildarinnar Einingar í Breiðdal 1951-1954 og formaður 1954-1962. Sat í stjórn Skógræktarfélag Breiðdals 1951-1961. Var hvatamaður að stofnun kvenfélagsins Hlífar í Breiðdal og fyrsti formaður þess 1961-1964. Var ritari Sambands austfirskra kvenna 1966-1979. Sat í sóknarnefnd í Breiðdal 1964-1977 og var safnaðarfulltrúi frá 1970. Sat í stjórn NAUST (Náttúruverndarsamtök Austurlands) 1978-1980. **Stjórnmalastörf:** Sat í hreppsnefnd Breiðdalshrepps 1958-1962, í jafnréttisnefnd 1978-1986 og í barnaverndarnefnd um árabil. **Bækur:** *Sögur úr sveitinni* (2002) og *Vísur Önnu* (2004). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-6-218.

ANNA ÞORSTEINSDÓTTIR (1919-2010) fædd í Laufási í Vestmannaeyjum, látin í Vestmannaeyjum. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Elínborg Gísladóttir (1883-1974) og Þorsteinn Jónsson (1880-1965), bátsformaður. **Systkin:** 1. Þórhildur (1903-2003), 2. Unnur (1904-1947), 3. Gísli (1906-1987), 4. Ásta (1908-1934), 5. Jón (1910-1923), 6. Fjóra (1912-2012), 7. Ebba (1916-1927), 8. Bera (1921-2019), 9. Jón (1923-2007), 10. Dagný (1926-2016), 11. Ebba (1927-1987). **Uppeldissystkin:** 12. Ástpór (1936-2020). **M:** 1939, Jón *Guðleifur* Ólafsson (1916-1985), bifreiðastjóri, fiskmatsmaður og útgerðarmaður. **Börn þeirra:** 1. Elínborg (1941), 2. Ólafur (1948), 3. Þorsteinn (1951), 4. Jóhann (1956). **Félagsstörf:** Sat í stjórn Eyverja, félags ungra sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum. Var í slysavarnadeildinni Eykyndli. Var formaður Kvenfélagsins Líknar í Vestmannaeyjum í 20 ár. Var meðal stofnfélaga Félags eldri borgara í Vestmannaeyjum. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Líknar og Kvenfélagasambands Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1976). Kjörin maður aldarinnar í Vestmannaeyjum árið 2000. **Jarðsett:** Vestmannaeyjakirkjugarði reit F-02-9.

ANNA GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR (1904-1998) fædd á Höfn í Hornafirði, látin í Reykjavík. STÖÐVARSTJÓRI og SÖNGKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Friðgeirsdóttir (1873-1934) og Þórhallur Daníelsson (1873-1961), kaupmaður og útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Geir (1902-1926), 2. Olga Ágústa Margrét (1903-1963), 3. Ásta Sigríður (1907-1983), 4. Bertha Þóra Bína (1911-1932), 5. Hulda Friðrikka (1912-1981), 6. Svava Þorgerður (1912-2003), 7. Gunnar Daníel (1913-1991). **Uppeldissystkin:** 8. Haukur Dan (1923-2011). **Fósturbarn Önnu:** 1. Jóhanna Gerður Kristjánsdóttir (1928-2004). **Nám:** Sótti Kvennaskólann í Reykjavík 1919-1922. Stundaði söngnám í Kaupmannahöfn hjá Kristine Hoffman 1923 og við Juillard tónlistarskólann í New York hjá Bell Julie Saudand 1945-1947. **Störf:** Var fyrsti stöðvarstjóri landsímastöðvarinnar á Höfn í Hornafirði 1924-1928. Starfaði sem gjaldkeri, bókarari og síðast fulltrúi hjá Bæjarsíma Reykjavíkur frá 1929 og til starfsloka. Söng á tónleikum og gaf út hljómplötur. Hélt m.a.

einsöngstónleika í Gamla bíói í Reykjavík 1945 við undirleik Ástu Einarson og kirkjutónleika í Laugarneskirkju við undirleik Páls Kr. Pálssonar organleikara. Safnaði íslenskum þjóðlögum, geymd í dönskum söfnum 1960-1961. Fékk Svend Jensen, fiðlusmið, til að smíða langspil eftir tilsögn sinni og dvaldi síðan í Kaupmannahöfn í fjóra mánuði við æfingar á langspilið. Tók sólmyrkvamyndir í Bankastræti 1954 sem vöktu athygli víða um heim og eru á söfnum m.a. í Ameríku. Fékkst við ritstörf. **Hljómplötur:** *Íslensk sjómannaölög á einni hljómplötu*, 12 lög eftir íslensk tónskáld (1959). Söng íslensk þjóðlög, rímnalög og vikivaka og lék sjálf undir á langspil, útg. His Masters Voice (1975). **Bók:** *Brautryðjendur á Höfn í Hornafirði: Þórhallur Daníelsson kaupmaður og útgerðarmaður og Ingibjörg Friðgeirsdóttir kona hans* (1972). **Félagsstörf:** Var félagi í Rebekku kvennastúku Oddfellow. **Jarðsett:** Hafnarkirkjugarði Hornafirði reit 20.

[LAUREL] **ANNE CLYDE** (1946-2006) fædd í Holbrook í Nýja Suður-Wales í Ástralíu, látin í Reykjavík. **PRÓFESSOR.** **Foreldrar:** Gladys May Clyde og Mervin Kersey Clyde. **Systkin:** 1. Colleen May Dibley. **Nám:** Lauk BA-prófi í sögu og uppeldisfræði frá Háskólanum í Sydney 1965 og diplómaprófi í kennslufræði skólasafna og sögu frá sama háskóla 1966. Lauk meistaraprófi 1973 og doktorsprófi í sagnfræði frá James Cook háskólanum í North Queensland 1981. **Störf:** Starfaði sem Bókasafnsfræðingur á skólasöfnum 1967-1976. Var lektor í skólasafnfræði við Townsville College of Advanced Education í North Queensland, 1977-1978, lektor í bókasafns- og upplýsingafræði við Charles Stuart University í Wagga Wagga í Nýju Suður-Wales 1982-1984 og dósent við Edith Cowan University í Perth 1984-1990. Var dósent við University of British Columbia í Vancouver í Kanada 1991-1993. Var gistikennari við Háskóla Íslands 1990-1991, dósent frá janúar 1993 og prófessor frá 1996. Kenndi einnig námskeið við Háskólann á Akureyri og Viðskiptaháskólann á Bifröst, sem og við Endurmenntun Háskóla Íslands. Kenndi sem gestakennari og hélt fyrirlestra við háskóla víðsvegar um heim. Rak einnig eigið ráðgjafar-fyrirtæki. **Félagsstörf:** Var formaður fastanefndar IFLA um skólasöfn og vefstjóri alþjóðlegu skólasafnasamtakanna, IASL. Sat í fjölda nefnda sem tengdust málefnum bókasafns- og upplýsingafræði, sat í ritstjórnnum tímarita og sá um skipulagningu ráðstefna. **Jarðsett:** Öskudreifing í hrauni í nágrenni Þingvalla.

ANNIE LEIFS, f. RIETHOF (1897-1970) fædd í Teplitz í Austurríki (þeim hluta þess sem síðar var í Tékkóslóvakíu, nú Tékklandi), látin í Reykjavík. **PÍANÓLEIKARI** og **PÍANÓKENNARI.** **Foreldrar:** Gabriele, f. Perlman (1871-1942) og Edwin Horace Riethof (1862-1942), forstjóri. **Systkin:** 1. Marie Möller, f. Riethof (1896). **M:** 1921, Jón Þorleifsson Leifs (1899-1968), tónskáld. **Börn þeirra:** 1. Snót (1923-2011), 2. Líf (1929-1947). **Nám:** Stundaði nám við Konunglega tónlistarskólann í Leipzig undir handleiðslu Roberts Teichmüller prófessors og útskrifaðist þaðan 1919. **Störf:** Var píanóleikari. Starfaði sem píanókennari á Nýlendugötu 22 í Reykjavík eftir flutning til Íslands. **Kvikmynd:** Kvikmyndin *Tár úr steini* fjallar um Líf Jóns og Annie og fjölskyldu þeirra (1995). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-12-20.

ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR (1895-1969) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LEIKARI** og **KAUPMAÐUR.** **Foreldrar:** Louise Henrietta Svendsen (1859-1919) og Björn Jensson (1852-1904), rektor. **Systkin:** 1. Ólöf (1887-1940), 2. Sigríður (1888-1939), 3. Viggó Haraldur (1889-1946), 4. Þórdís (1892-1952), 5. Ágústa Thors (1894-1977), 6. Soffía (1899-1973). **Nám:** Stundaði nám við Kvinnaskólann í Reykjavík. **Störf:** Vann á teiknistofu Verslunar Ágústu Svendsen (hannyrða-

verslun sem amma hennar hafði stofnað) 1920-1951 og rak verslunina á árunum 1939-1951. Var leikari hjá Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1921-1950. Fyrsta hlutverk hennar þar var María í *Frú X* eftir Alexander Bisson, en það síðasta Lafði Catherine í leikritinu *Hringurinn* eftir W. Somerset Maugham. Varð fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu 1951. Eitt af þekktustu hlutverkum hennar var kerlingin hans Jóns í *Gullna hliðinu*. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélaga í Naytteljalitto Somen, Leikarasambandi Finnlands, eftir vel heppnaða leikför þangað. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1950) og Stórriddarakrossi (1959). Útnefnd heiðursfélaga í Leikfélagi Reykjavíkur (1962). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit I-6-1.

ARNDÍS SALVARSDÓTTIR (1929-2018) fædd á Bjarnastöðum við Ísafjarðardjúp, látin á Kirkjubæjarklaustri. LJÓSMÓÐIR og BÓNDI. **Foreldrar:** Ragnheiður Hákonardóttir (1901-1977), handavinnukennari og matráðskona, og Salvar Ólafsson (1888-1979), bóndi í Reykjarfirði. **Systkin:** 1. Gróa Jóhanna (1922-2007), 2. Hákon (1923-2005), 3. Sigríður (1925-2013) 4. Arnheiður (1927-1927), 5. Ólafía (1931-2014). **M:** 1953, Júlíus Jónsson (1920-2009), bóndi í Norðurhjáleigu. **Börn þeirra:** 1. Salvar (1952), 2. Jón (1954), 3. Gísli Þórörn (1956), 4. Ragnheiður Guðrún (1957), 5. Ólafur Elfar (1958), 6. Jóhanna Sólveig (1961), 7. Þórunn (1962), 8. Símon Þórir (1966-1986). **Nám:** Lauk prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1952. **Störf:** Var héraðsljósmeðir Álftavers- og Skaftártunguumdæmis árin 1953-1993. Vann sem ljósmeðir við afleysingar í Reykjavík, á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri. Var bóndi í Norðurhjáleigu í Álftaveri og sá um veðurþjónustu þar í um 21 ár ásamt manni sínum. **Jarðsett:** Þykkvabæjarklausturskirkjugarði, reitur óskráður.

ARNDÍS STEINGRÍMSDÓTTIR (1933-2021) fædd í Reykjavík, látin í Garðabæ. TÓNLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Lára Árnadóttir (1892-1973) og Steingrímur Jónsson (1890-1975), rafmagnsveitustjóri. **Systkin:** 1. Guðrún Sigríður (1920-2006), 2. Sigríður Ólöf (1922-2004), 3. Þóra (1924-2014), 4. Jón (1928-2011). **Nám:** Lauk prófi frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1950. Stundaði nám við Tónlistarskóla Reykjavíkur 1950-1956, framhaldsnám í Vínarborg 1956-1958 og við Royal Academy of Music í London 1962-1963. Sótti tónlistarnámskeið í Sviss, Austurríki og á Ítalíu, auk námskeiða á Íslandi. **Störf:** Var stundakennari við Tónlistarskóla Reykjavíkur 1960-1970, kennari við sama skóla 1971-1990 og við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar 1990-2003. Tók auk þessa að sér einkakennslu í píanóleik alla starfsævina. **Félagsstörf:** Var formaður Félags tónlistarkennara 1975-1977. Var stofnfélagi í Gigtarfélagi Íslands. **Viðurkenning:** Hlaut heiðursverðlaun Evrópusambands píanó kennara (2019). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-8-28.

ARNDÍS ÞORKELSDÓTTIR (1903-1993) fædd á Þúfum í Reykjarfjarðarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. KAFFIKONA. **Foreldrar:** Petrína Júlíana Bjarnadóttir (1867-1955) og Þorkell Guðmundsson (1861-1953), bóndi á Þúfum í Vatnsfjarðarsveit, Norður-Ísafjarðarsýslu. **Systkin:** 1. Gunnar (1896-1992), 2. Halldóra Kristín (1897-1995), 3. Stefán Magnús (1904-1978), 4. Páll Stephensen (1906-1987), 5. Ingunn Kristjana (1908-1999), 6. Margrét (1910-1932), 7. Guðmundur (1912-1984). **Störf:** Var í vist í Hafnarfirði 1920. Starfaði frá árinu 1933 í Miðbæjarskólanum í Reykjavík sem kaffikona á kaffistofu kennara. Sá jafnframt um að hella lýsi í könnur og bera í kennslustofur tvisvar á dag fyrir og eftir hádegi þegar lýsi var hellt upp í nemendur í fyrstu kennslustund dagsins, gert að frumkvæði kvenna í Hvítabandinu. Þjó í átta

fermetra herbergi í kjallara Miðbæjarbarnaskólans árin 1933-1993. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-2-19.

ARNDÍS ÞORVALDSDÓTTIR (1899-1988) fædd í Sauðlauksdal í Rauðasandshreppi Vestur-Barðastrandarsýslu, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Magðalena Jónasdóttir (1859-1942) og sr. Þorvaldur Jakobsson (1860-1954), prestur. **Systkin:** 1. Finnbogi Rútur (1891-1973), 2. Guðný (1893-1956), 3. Þuríður (1896-1984), 4. Jórunn (1898-1933), 5. Búi (1901-1983). **Nám:** Lærði í heimaskóla foreldra sinna og hélt síðan áfram námi í verslunarfræðum hjá Lofti Guðmundssyni í Reykjavík. Lærði orgelleik hjá móður sinni og í orgelskóla á vegum Þjóðkirkjunnar. **Störf:** Starfaði við Vefnaðarvöruverslun Gunnþórunnar Halldórsdóttur í Hafnarfirði í 14 ár. Keypti Léreftabúðina af Guðbjörgu Bergþórsdóttur árið 1935 og raka hana í húsi Guðbjargar á Öldugötu 29, Reykjavík, til ársins 1938 en flutti hana síða á Vesturgötu 10. Var umboðsmaður Hapdrættis Háskóla Íslands og rak umboðið á Vesturgötu 10. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-10-3.

ARNFRÍÐUR KRISTÍN JÓNATANSDÓTTIR (1923-2006) fædd á Akureyri, látin á Stokkseyri. ATÓMSKÁLD og VERKAKONA. **Foreldrar:** Guðrún Einarsdóttir (1899-1980) og Jónatan Kristinn Jóhannesson (1897-1971), húsasmíðameistari. **Samfeðra systkin:** 1. Þórey (1936), 2. Konkordía (1937-1957), 3. Ólafía Sólveig (1940-2013). **Störf:** Vann verkakvennavinnu í Reykjavík. Birti ljóð og smásögu. Hefur verið nefnd fyrsti kvenkyns móðernistinn í ljóðlist. **Ljóðabók:** *Þröskuldur hússins er þjöl* (1958), 2. útg. er með inngangi eftir Soffíu Auði Birgisdóttur og viðtali Þórunnar Hrefnu Sigurjónsdóttur við skáldið (2019). Ljóð eftir Arnfríði birtust einnig í *Ljóðum ungra skálda*. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-878.

ARGUNNUR SIGRÍÐUR ÁRSÆLSDÓTTIR (1919-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Svava Þorsteinsdóttir (1893-1958) og Ársæll Árnason (1886-1961), bókbindari og útgefandi. **Systkin:** 1. Þórgunnur (1915-1972), 2. Árni (1922-1993), 3. Þorsteinn (1924-2002), 4. Svavar (1927-1944). **M:** 1948, Árni Árnason Hafstað (1915-1994), rafmagnsverkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Kolbeinn (1950), 2. Árni (1951), 3. Ársæll Þorvaldur (1953), 4. Jón (1954). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1943. Stundaði framhaldsnám í skurðstofuhjúkrun við Duke University Hospital, Durham í Bandaríkjunum 1944. **Störf:** Starfaði við barna- og handlækningadeild á John Hopkin's Hospital í Baltimore, Bandaríkjunum 1943-1944, á skurðstofum og almennum deildum á Landspítalanum í Reykjavík 1945-1947, við skurðstofur Holbæks Amts Sygehus í Danmörku 1947-1948 og í hálf ári við Fredriksbergs Hospital í Kaupmannahöfn. Starfaði lengi við barna- og fæðingardeild Landspítalans í Reykjavík, í fyrstu í sumarafleysingum frá 1960 en síðar í fullu starfi. Var deildarstjóri við sóttthreinsunardeild Landspítalans í nokkur ár og um tíma skólahjúkrunarfræðingur í Reykjavík. Var síðustu árin í starfi hjúkrunarkona við dvalarheimili aldraðra að Hrafnistu, Reykjavík. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-2-175.

ARNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR (1894-1987) fædd á Hæringsstöðum í Stokkseyrarhreppi, látin í Hveragerði. HANDAVINNUKENNARI og NÁMSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Magnúsdóttir (1864-1957) og Jón Sigurðsson (1866-1947), kennari og verslunarmaður á Stokkseyri. **Systkin:** 1. Ragnheiður (1895-1967), 2. Guðríður (1902-2001). **M:** 1916, Guðjón Helgi Sæmundsson (1883-

1960), húsasmíðameistari. **Börn þeirra:** 1. Guðrún (1917-1957), 2. Haraldur (1929-1973). **Nám:** Stundaði nám við Kunstflidskolen og Kunstindustriskolen í Kaupmannahöfn 1921-1922. Lauk handavinnukennaraprófi frá Staten Kursus for Haandarbeides lærerinder 1934. **Störf:** Var handavinnukennari við Kennaraskóla Íslands 1933-1956. Annaðist eftirlit með handavinnukennslu í barnaskólum Reykjavíkur 1933-1956. Starfaði sem námstjóri barna- og gagnfræðastigs í handavinnu 1956-1968. **Félagsstörf:** Var formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1948-1966. Starfaði lengi fyrir Barnavinafélagið Sumargjöf. Var í stjórn Lestrarfélags kvenna í Reykjavík. Sat um langa hríð í stjórn Norræna félagsins. Var í hópi stofnfélaga Náttúrulækningafélags Íslands 1934 og forseti þess árin 1959-1979. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1976). Útnefnd heiðursfélagi í Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Barnavinafélaginu Sumargjöf og Norræna félaginu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-5-11.

ARNHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR (1921-2001) fædd á Arnarvatni, Skútustaðahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Sólveig Hólmfríður Pétursdóttir (1889-1974) og Sigurður Jónsson (1878-1949), skáld og bóndi á Arnarvatni. **Alsystkin:** 1. Þóra (1920-2001), 2. Jón (1923-2014), 3. Málmfriður (1927-2015), 4. Eysteinn Arnar (1931-2004). **Samfeðra systkin:** 5. Freydís (1902-1990), 6. Ragna (1906-1999), 7. Heiður (1909-1987), 8. Arnliótur (1912-2001), 9. Huld (1913-2002), 10. Sverrir (1916-1996). **Nám:** Var við nám í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1944. Stundaði nám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn 1947-1948. Tók stúdentspróf utan skóla frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Lauk prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1962. Fór námsferðir til Norðurlandanna 1950 og 1961 og heimsótti Sovétríkin í boði Lestrarfélags kvenna 1956. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1944-1945 og kennari í Mývatnssveit 1945-1947. Var íslenskukennari við Reykjaskóla í Hrutafirði 1948-1952 og við Kvennaskólann í Reykjavík 1952-1953 og 1955-1958. Var stundakennari við Kennaraskólann 1963-1964. Starfaði við Hagstofuna um tíma og hjá Orðabók Háskóla Íslands 1974-1991. Fékkst við prófarkalestur, þýðingar og ritstörf. **Bækur:** *Híbýlahættir á miðöldum* (1966), *Mærin á menntabraut: skyggst um öxl. Endurminningar* (1997). **Þýðingar:** M.a. verk eftir Sigríð Undset, Selmu Lagerlöf, Pearl S. Buck og Karen Blixen. Síðasta þýðing hennar var ævisaga þeirra síðastnefndu eftir Parmeniu Migel. **Jarðsett:** Skútustaðakirkjugarði reit 485.

ARNÞRÚÐUR HELGA MAGNÚSDÓTTIR ASPELUND (1906-2000) fædd á Ísafirði, látin á Ísafirði. **LJÓSMYNDARI.** **Foreldrar:** Helga Tómasdóttir (1873-1951) og Magnús Ólafsson (1875-1967), prentsmiðjustjóri. **Systkin:** 1. Halldóra *Kristín* (1898-1991), 2. Lára (1900-1959), 3. Ólafur Ingólfur (1902-1999), 4. Sigrún Anna (1904-1981), 5. Elín Margrét (1909-1979), 6. Tómas Emil (1911-1996), 7. Halldór Magnús (1912-2003), 8. Jónas (1916-2011). **M:** 1930, Harald Aspelund (1898-1979), skrifstofumaður. **Börn þeirra:** 1. Karl (1930-2019), 2. Magnús (1931-2015), 3. Helga Sigrún (1942). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Ísafirði 1928 og kvöldskóla lðnaðarfélagsins á Ísafirði um 1922. Lærði ljósmyndun með störfum á ljósmyndastofu Martinusar Simson á Ísafirði 1925-1930. Fékk sveinsbréf 1941 og meistarábréf í ljósmyndun 1948. **Störf:** Starfaði sem ljósmyndari á Ísafirði á árunum 1940-1960. **Félagsstörf:** Var í hópi stofnenda Sunnukórsins á Ísafirði og söng með honum og í kirkjunni í marga áratugi. **Jarðsett:** Réttarholtskirkjugarði í Engidal, Ísafirði reit A-III-15.

AUÐUR AUÐUNS (1911-1999) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. LÖGFRÆÐINGUR, BORGARFULLTRÚI, ÞINGMAÐUR og RÁÐHERRA. **Foreldrar:** Margrét Guðrún Jónsdóttir (1872-1963) og Jón Auðunn Jónsson (1878-1953), þingmaður. **Systkin:** 1. Sigríður Auðuns (1904-1992), 2. Jón Jóhann Auðuns (1905-1981), 3. Árni Auðuns (1906-1952). **M:** 1936, Hermann Jónsson (1912-1969), hæstaréttarlögmaður. **Börn þeirra:** 1. Jón (1939), 2. Einar (1942), 3. Margrét Hermanns Auðardóttir (1949), 4. Árni (1954). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1929. Lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands 1935. **Störf:** Stundaði málf lutningsstörf á Ísafirði 1935-1936. Var lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar 1940-1960. **Stjórn málastörf:** Var borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 1946-1970 og forseti borgarstjórnar 1954-1959 og 1960-1970. Átti sæti í fræðsluráði, heilbrigðisnefnd og framfærslunefnd Reykjavíkur. Kjörin borgarstjóri með Geir Hallgrímssyni 1959-1960. Var varapingmaður Reykvíkinga 1947 og 1948 og þingmaður árin 1959-1974. Gegndi starfi dóms- og kirkjumálaráðherra 1970-1971. **Félagsstörf:** Átti sæti í Mæðrastyrksnefnd 1939-1981. Sat í útvarpsráði 1975-1978. Sat allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 1967 og var formaður sendinefndar Íslands á Kvenna-ráðstefnu SP í Mexíkó 1975. Var formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna 1973-1975 og formaður Hvatar 1976-1978. Starfaði lengi í Zontahreyfingunni. **Viðurkenningar:** Sæmd Stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1961). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-33-35.

AUÐUR ÁRNADÓTTIR (1936-2010) fædd í Reykjavík, látin í Hafnarfirði. KAUPMAÐUR. **Foreldrar:** Hlín Ingólfssdóttir (1909-1993) og Árni Yngvi Einarsson (1907-1978), forstjóri. **Systkin:** 1. Svala (1939-2017), 2. Ingólfur (1942), 3. Hlín (1945), 4. Einar (1948), 5. Páll (1951). **M:** 1956, Hermann Jóhann Einar Þórðarson (1931-2017), flugumferðarstjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1956), 2. Hlín (1957), 3. Árni Yngvi (1959). **Nám:** Sótti nám í Skógaskóla 1951-1952. **Störf:** Setti á stofn Kven- og barnafataverslunina Emblu í Hafnarfirði 1964 og rak hana óslitið til ársins 2004. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit N-2-18.

AUÐUR JÓNSDÓTTIR (1926-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LJÓSMYNDARI. **Foreldrar:** Jónína Margrét Jónsdóttir (1892-1988) og Jón Diðrik Hannesson (1901-1975), múrari. **Systkin:** 1. Jón Vilberg (1922-1984), 2. Þorbjörg (1925-1994), 3. Jóhanna (1926-2019). **M:** 1955, Sævar Halldórsson (1923-2015), ljósmyndari og síldarmatsmaður. **Börn þeirra:** 1. Jónína Margrét (1954), 2. Guðrún Sigríður (1956), 3. Hrönn (1958), 4. Jón Alvar (1969). **Nám:** Stundaði ljósmyndanámið við Iðnskólann í Reykjavík og hjá Ólafi Magnússyni, konunglegum hirðljósmyndara, og lauk námi 1950 og fékk meistaraáttindi nokkru síðar. **Störf:** Starfaði við ljósmyndun árin 1950-1986, síðustu 10 starfsárin sem ljósmyndari hjá Orkustofnun. **Félagsstörf:** Stundaði íþróttir á yngri árum og var mörg ár í úrvalsliði Ármanns í fimleikum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-7-245.

AUÐUR DJÚPÚÐGA KETILSDÓTTIR (830). LANDNÁMSKONA Í DÖLUM. **Foreldrar:** Ingveldur Ketilsdóttir (810) og Ketill „flatnefur“ Bjarnason (810), hersir í Noregi. **Systkin:** 1. Björn „austræni“ (842), 2. Jórunn „mannvitsbrekka“ (845), 3. Þórunn „hyrna“ (848), 4. Helgi „bjóla“ (855). **Barnsfaðir:** Ólafur „hvíti“ Ingjaldsson (830), herkonungur og þrælakaupmaður í Dyflinni. **Barn þeirra:** 1. Þorsteinn „rauði“ Ólafsson (850), Skotakonungur. **Landnám:** Sigldi skipi sínu til Íslands og nam Dalalönd öll kringum Hvammsfjörð, frá Skraumudalsá að sunnan til Dögurðarár að norðan. Bjó í Hvammi í Hvamssveit. Gaf skipverjum sínum, frjálsbornum og leysingjum,

lönd úr landnámi sínu. Með Auði til landsins komu barnabörn hennar þau Ólafur „feilan“, Gróa, Ólöf, Þórhildur, Vigdís og Þorgerður Þorsteinsbörn. **Bækur um Auði:** *Laxdæla*. Þrileikur um Auði djúpúðgu eftir Vilborgu Davíðsdóttur: *Auður* (2009), *Vígroði* (2012) og *Blóðug jörð* (2017). **Minnisvarði** um Auði djúpúðgu vígður á Krosshólaborg í Dölum 1965.

AUÐUR SVEINSDÓTTIR LAXNESS (1918-2012) fædd á Eyrarbakka, látin í Reykjavík. HANNYRÐAKONA. **Foreldrar:** Halldóra Kristín Jónsdóttir (1892-1971), kenndi ensku og orgelleik, og Sveinn Guðmundsson (1885-1956) járnsmiður. **Alsystkin:** 1. Ásdís Thoroddsen (1920-1992), 2. Friða (1922-2015). **Samfeðra systkin:** 3. Jóhann Baldur (1912-1988), 4. Guðrún Hrefna Pedersen (1915-2001). **M:** 1945, Halldór Kiljan Laxness [Guðjónsson] (1902-1998), rithöfundur. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1951), 2. Guðný (1954). **Nám:** Lauk námi frá Handíða- og myndlistaskólanum 1946. **Störf:** Starfaði við verslunarstörf og síðan á röntgendeild Landspítalans í 12 ár. Kenndi við Varmárskóla í tvö ár og starfaði við Þjóðminjasafnið í einn vetur. Var ritari skáldsins, eiginmanns síns, hreinritaði á ritvél bækur hans, sumar mörgum sinnum. Var húsmóðir á Gljúfrasteini og stóð þar fyrir móttöku innlendra og erlendra gesta. Vann auk þess að hannyrðum og hönnun, m.a. á flíkum úr íslenskri ull. Hafði umsjón með byggingu hússins að Gljúfrasteini 1945, meðan Halldór sat á Eyrarbakka og skrifaði bókina *Íslandsklukkuna*. Arkitekt hússins var Ágúst Pálsson og Birta Fróðadóttir hannaði innréttingarnar ásamt Auði. **Ritstörf og útgáfa:** Var meðal stofnenda kvennablaðsins *Melkorku* 1944. Sat lengi í ritnefnd tímaritsins *Hugur og hönd*. Skrifaði m.a. greinar um vefnað, þrjón og fornar íslenskar listir í þessi rit. **Æviminningar:** Á *Gljúfrasteini: Edda Andrésdóttir ræðir við Auði Sveinsdóttur Laxness* (1984, 1985). *Auður á Gljúfrasteini: fín frú, sendill og allt þar á milli*, ritstjóri Marta Guðrún Jóhannesdóttir (2014), gefin út í tilefni sýningarinnar *Auður á Gljúfrasteini* í Listasal Mosfellsbæjar. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1990) og Stórriddarakrossi (2002). Ríkið keypti Gljúfrastein árið 2002 og haustið 2004 var formlega opnað safn á Gljúfrasteini til minningar um Halldór og Auði. **Jarðsett:** Mosfellskirkjugarði eldri reit B-0-1.

AUÐUR PROPPÉ (1921-1993) fædd í Ólafsvík, látin í Reykjavík. LOFTSKEYTAMAÐUR. **Foreldrar:** Guðrún Sigríður Bjarnadóttir (1884-1952), kennari, og Jón Adolph Proppé (1879-1948), skrifstofumaður. **Systkin:** 1. Helga (1910-1989). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1938. Stundaði nám við Loftskétaskólann 1945-1946. **Störf:** Var loftskéytamaður hjá fjarskipta-stöðinni í Gufunesi 1946-1965. Var skipuð í embætti yfirmanns talsambandsins við útlönd 1965. Tók árið 1972 við stöðu fulltrúa í innflutningsdeild Pósts og síma og vann þar út starfsferilinn. **Félagsstörf:** Gekk í Zontaklúbb Reykjavíkur 1960 sem fulltrúi starfstéttar loftskéytamanna. Var formaður klúbbsins 1965-1966 og fulltrúi Zontaklúbbsanna á Íslandi í Norðurlandasamstarfi 1967-1969. Sat í ótal nefndum þeirra. Var í kvenfélaginu Hringnum. **Jarðsett:** Ólafsvíkurkirkjugarði reit B-16.

AUÐUR RÚTSDÓTTIR (1928-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. DEILDARSTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Guðjónsdóttir (1891-1976), saumakona, og Finnbogi Rútur Valdimarsson (1906-1989), ritstjóri, alþingismaður, bæjarstjóri og bankastjóri. **Samfeðra systkin:** 1. Elín (1937-2001), 2. Gunnar (1938-1993), 3. Guðrún (1940), 4. Sigrún (1943-2016), 5. Hulda (1948-2005). **M:** 1991, Haraldur Kröyer (1921-1995), sendiherra. **Störf:** Starfaði sem ritari og síðar deildarstjóri í

sendiráði Íslands í Ósló í yfir hálfra öld eða árin 1947-2003. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-3-26.

AURÓRA [Róra] **HALLDÓRSDÓTTIR** (1907-1982) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Ástríður Oddný Ebenesersdóttir (1872-1951) og Halldór Ólafsson (1873-1982), múrari. **Systkin:** 1. Halldóra Kristín (1898-1938), 2. Anna Petrína (1900-1983), 3. Margrét (1902-1985), 4. Hólmfríður Theodóra (1903-1925), 5. Bjarni (1906-1945), 6. Óskar (1915-1954). **M:** 1940, Indriði Borgfjörð Halldórsson (1915-1998), starfaði við Austurbæjarskólann frá 1977. **Nám:** Stundaði um skeið nám í leiklist hjá Soffíu Guðlaugsdóttur. **Störf:** Starfaði sem leikkona. Lék fyrst með Leikfélagi Reykjavíkur hlutverk frú Smeely í *Sherlock Holmes* (1939-1940) og Hormóna Sexibil í *Stundum og stundum ekki*, skopleik eftir Arnold og Bach (1939). Var um áratuga skeið einkum þekkt fyrir leik sinn í skopleikjum og revíum. Var ásamt Emilíu Jónasdóttur og Nínu Sveinsdóttur í leikkjarna sem Indriði Waage stýrði fyrir Fjalaköttinn á stríðsárunum og árunum á eftir, eins konar gamankvennatríói. Ferðaðist með þeim um allt land ásamt Sigfúsi Halldórssyni tónskáldi undir heitinu „Frúrnar þrjár og Fúsi“. Lék með Leikfélagi Reykjavíkur 1950-1977, um 30 hlutverk, m.a. Gamla skækju í *Túnskildingsóperunni* (1958), Griðkonu í *Húsi Bernörðu Alba* (1965) og Móður organistans í *Atómsstöðinni* (1971). Annaðist ásamt Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu verkefnaval og undirbúning margra leiksýninga sem sérstaklega var efnt til í Austurbæjarbíói til fjáröflunar fyrir Borgarleikhús í Reykjavík. Hafði um árabíl með höndum búningavörslu Leikfélagsins, framan af í samvinnu við Nínu Sveinsdóttur leikkonu, en ein eftir að hennar naut ekki lengur við, lengst af við erfiðar aðstæður. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi Leikfélags Reykjavíkur. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Z-537.

Á

ÁGÚSTA PÉTURSDÓTTIR **SNÆLAND** (1915-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. AUGLÝSINGATEIKNARI. **Foreldrar:** Ólöf Björnsdóttir (1887-1963) og Pétur Halldórsson (1887-1940) bóksali, bæjarstjóri í Reykjavík og alþingismaður. **Systkin:** 1. Björn (1913-1975), 2. Halldór (1916-1977), 3. Kristjana (1918-1992). **M1:** 1937, Henrik Pay Larsen (1912-1943), þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Pétur Halldórsson Snæland (1938), Pétur Snæland ættleiddi hann. **M2:** 1943, Pétur Valdimar Snæland (1918-2002), forstjóri. **Börn þeirra:** 2. Sveinn (1944), 3. Halldór Þórður (1946), 4. Gunnar (1950). **Nám:** Nam við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Stundaði nám í Kunsthåndværkerskolen í Kaupmannahöfn 1933-1936 og lauk þaðan prófi í auglýsingateiknun, fyrst Íslendinga. Fór sjötug að aldri á námskeið í skapandi skrifum. **Störf:** Starfaði á ýmsum sviðum auglýsinga- og útlitshönnunar í Reykjavík. Gerði kynningarbæklinga, merkimiða og jólakort fyrir Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar 1936-1943. Hannaði m.a. firmamerki fyrir Stálhúsgögn, merki fyrir Kvenfélagasamband Íslands og jólafrímerki fyrir Thorvaldsensfélagið. Gerði kápu fyrir skáldsögu Kristmanns Guðmundssonar, *Lampinn*. Teiknaði myndir af stúlkum í íslenskum peysufötum á póstkort og seldi hermönnum á stríðsárunum. Hannaði einkennisbúninga skipstjórnarmanna og annan búnað fyrir Eimskipafélagið. Sigaði samkeppni um merki fyrir Landsvirkjun 1968 og um merki Listahátíðar 1969. Teiknaði merki og sá um útlitshönnun fyrir Landvernd, Barnaspítala Hringins og Dómkirkjuna. Hannaði minjagripi, t.d. kríur, svani, fiðrildi í óróum og fleira úr þorskhausabeinum. Þrykkti á tau mannlífs- og náttúrumyndir skornar í dúk og við. Samdi ljóð sem birtust í tímaritum, m.a. *Tímariti Máls og menningar*, eða batt inn í

skreytta bókakápu og gaf í tækifærisgjafir. **Félagsstörf:** Var í hópi stofnfélaga Félags íslenskra teiknara, stofnað á heimili hennar í Reykjavík árið 1953. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit C-1A-10.

[ARNÓRÍNA] **ÁGÚSTA SNORRADÓTTIR SVENDSEN** (1835-1924) fædd í Keflavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Kristín Gunnarsdóttir (1801-1890) og sr. Snorri Sæmundsson (1800-1844), prestur. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1831-1903), 2. Guðrún (1834), 3. Eyvör (1836-1906), 4. Lárus Árni (1837), 5. Elín Kristín (1838-1887). **M:** Hendrik Henckel Svendsen (1820-1862), kaupmaður á Djúpavogi. **Börn þeirra:** 1. Harald Viggó, 2. Henrietta *Louise* (1859-1919), 3. Sophie Charlotte (1862) tekin í fóstur af dönskum hjónum Wilhjelmis að nafni. **Nám:** Lærði hannyrðir hjá Ólöfu Björnsdóttur. **Störf:** Vann um tíma í Bernhöftsbakaríi. Kenndi hannyrðir og stofnaði skóla fyrir stúlkur ásamt Sigríði konu Ásgeirs Ásgeirssonar, kaupmanns á Ísafirði. Var ráðskona hjá Lárusi Árna bróður sínum á Ísafirði 1863-1875 og flutti síðan ásamt Henriettu Louise dóttur sinni með Lárusi til Kaupmannahafnar árið 1875. Kom þar upp matsölu og rak árin 1875-1886, en flutti til Reykjavíkur 1886. Fékk borgarbréf árið 1887 og stofnaði þá hannyrðaver slun Ágústu Svendsen í Aðalstræti 12 í Reykjavík og rak til ársins 1915, fyrst kvenna á Íslandi til að hefja verslunarrekstur. Dótturdóttir hennar Sigríður Björnsdóttir tók við og rak VÁS til dauðadags 1939. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-512-E.

ÁLFHEIÐUR KJARTANSDÓTTIR (1925-1997) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. ÞÝÐANDI og BLAÐAMAÐUR. **Foreldrar:** Sigrún Guðmundsdóttir (1894-1980) og Kjartan Ólafsson (1894-1971), lögregluþjónn og bæjarfulltrúi. **Systkin:** 1. Magnús (1919-1981). **M1:** 1947, Guðni Guðjónsson (1913-1948), grasafraeðingur. **Barn þeirra:** 1. Sigrún (1918). **M2:** 1954, Jóhannes Jóhannesson (1921-1998), gullsmiður og listmálari. **Börn þeirra:** 2. Kjartan (1955), 3. Sigurður (1959), 4. Egill (1961), 5. Halla (1965). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1945. Lauk BS-gráðu í málvísindum frá Háskóla Íslands 1983. **Störf:** Starfaði um tíma við verslunarstörf og blaðamennsku, en síðan alfarið við þýðingar. Þýddi m.a. *Flug leðurblökunnar* eftir Donald Gordon (1969), *Adam var ekki í Paradís* eftir Grace Metalious (1976) og *Sumar ótta og ástar* eftir Mary Stewart (1981). **Félagsstörf:** Var félagi í Rithöfundasambandi Íslands. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-3-139.

ÁRNÍNA [Ína] **TORFHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR** (1914-2010) fædd í Neskaupstað, látin í Reykjavík. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foraldrar:** Valgerður Árnadóttir (1881-1948) og Guðmundur Stefánsson (1873-1959), bóndi Grænanesi. **Systkin:** 1. Stefán Jóhann (1899-1988), 2. Árni (1901-1926), 3. Guðrún (1902-1992), 4. Sveinn (1905-1981), 5. Kristín Guðríður (1907-1916), 6. Kristinn (1916-1992), 7. Kristín Guðríður (1919-2012), 8. Aðalbjörg Halldóra (1923-2011). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarvennaskóla Íslands 1943, stundaði framhaldsnám í skurðstofuhjúkrun við Landspítalann, geðhjúkrun við Kleppspítala og barnahjúkrun við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn. **Störf:** Starfaði að hjúkrun við Landspítalann, sjúkrahúsið á Ísafirði, á Kleppspítala og um skeið á barnadeild Amtsygehuset í Hilleröd í Danmörku. Var deildarhjúkrunarkona barnadeildar 1957-1965, hjúkrunarstjóri Barnaspítala Hringinsins 1965-1980 og í hlutastarfi þar til 1986. **Gjöf:** Gaf Barnaspítalanum íbúð sína við Eskihlíð. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1985). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-22-14.

ÁRNÝ INGIBJÖRG FILIPPUSDÓTTIR (1894-1977) fædd að Hellum, Landsveit, Rangárvallasýslu, látin í Hveragerði. **KENNARI** og **SKÓLASTJÓRI**. **Foreldrar:** Ingibjörg Jónsdóttir (1851-1924), ljósmóðir, og Filippus Guðlaugsson (1850-1920), bóndi á Hellum. **Systkin:** 1. Sigurjón Stefán (1884-1893), 2. Helga (1888-1893), 3. Vilhjálma *Ingibjörg* (1891-1976), 4. Björgvin (1896-1987). **Fóstursystkin:** 5. Stefán Jónasson (1885-1940), 6. Ingibjörg Vigfúsdóttir (1897-1931), 7. Helga Stefánsdóttir (1904-1931), 8. Sigrún Kjartansdóttir (1907-1975), 9. Unnur Pálsdóttir (1910-1930). **Fósturbörn Árnýjar:** 1. Hörður Eiríksson (1928), sonur Ingibjargar fóstursystur Árnýjar, 2. Tómas Stoddart (1943), 3. Árný Ingibjörg Filippusdóttir (1945). 3. **Nám:** Nam við Núpsskóla 1910-1912 og Unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík 1914-1915. Stundaði nám við Det Tekniske Selskabs Skole í Kaupmannahöfn 1918-1924 og Lýðháskólann í Vallekilde á Jótlandi sumurin 1922 og 1923. Stundaði þýskunám í Berlín 1925 og sótti Dansk Kunstflidforenings Skole í Kaupmannahöfn 1925-1926. **Störf:** Vann með námi í Kaupmannahöfn, m.a. við þvotta í heimahúsum, kennslu, saumaskap fyrir efnafólk og vöruhúsið Illum. Kenndi handavinnu í Kraká í Póllandi 1924-1925. Kenndi dönsku og handavinnu við Héraðsskólann á Laugum, Suður-Pingeyjarsýslu, 1926-1929. Var skólastjóri Húsmæðraskólans á Blönduósi 1929-1933. Kenndi á námskeiðum fyrir Samband sunnlenskra kvenna 1933-1936. Stofnaði Húsmæðraskólann á Hverabökkum, Hveragerði 1936, byggði hús yfir hann og rak til 1955 (námsgreinar m.a. matreiðsla, þvottar, ræstingar, fatasaumur, handavinna, hugsunarfræði, matefnafræði, heimilishagfræði, heilsufræði, vöruþekking og íþróttir). Ráðsmaður við skólann var Herbert Jónsson, kennari. Árný kenndi síðar við Hlíðardalsskóla og Gagnfræðaskólann í Hveragerði. Kom sér upp á heimili sínu, árið 1966, 12 vefstólum, spunavélum og öðru til vefnaðar. **Æviminningar:** *Lifir eik þótt laufið fjúki: ævisaga Árnýjar Filippusdóttur skólastjóra á Hverabökkum*, höfundar Anna Ingólfssdóttir, Katrín Jónsdóttir og Margrét Björgvinsdóttir (1994). **Viðurkenning:** Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar nefndi torgið í miðbænum „Kvennaskólatorg“ árið 2015 til heiðurs Kvennaskólans, Hverabökkum. **Jarðsett:** Kotstrandarkirkjugarði reit 74.

ÁSA GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR (1928-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LÆKNIR**. **Foreldrar:** Hólmfríður Vigdís Jónsdóttir (1891-1982) og Guðjón Finnbogason (1899-1983), skipstjóri. **Systkin:** 1. Anna Rannveig (1929-1934), 2. Sigríður María (1932-2007). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1948. Lauk prófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1957. Hélt árið 1961 til Svíþjóðar til frekara náms og starfa. Starfaði m.a. á skurðeildum Lindesberg-sjúkrahússins, Vanersborg-sjúkrahússins og á Háskólasjúkrahúsinu í Malmö þar sem hún kláraði þriggja ára nám í meinafræði samhliða starfi. Fékk lækningaleyfi í Svíþjóð 1963 og á Íslandi 1968. Lagði stund á skurðlækningar og lauk sérfræðinámi á því sviði 1972. Fékk í kjölfarið leyfi til að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum á Íslandi og í Svíþjóð. **Störf:** Sett til að gegna embætti staðgöngumanns héraðslæknisins í Stykkishólmi 1957 og starfaði þar í nokkur ár. Var í þrettán ár við nám og störf í Svíþjóð (1961-1973). Varð aðstoðarlæknir við skurðlækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík og starfaði við skurðlækningar á Akureyri um tíma. Tók árið 1976 við starfi yfirlæknis sjúkrahússins á Siglufirði og starfaði þar í 10 ár. Flutti þá til Reykjavíkur og starfaði í hlutastarfi hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins í nokkur ár. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-15-27.

ÁSA SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR (1945-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **RITHÖFUNDUR** og **PRÓFARKALESARI**. **Foreldrar:** Ellen Jóna Kristvinsdóttir (1926-1990) og

Guðmundur Árnason (1920-1987), bakari. **Fósturmóðir:** Ragnheiður Ingvarsdóttir (1919-2007). **Sammæðra systkin:** 1. Ellen (1950), 2. Linda Björk (1963), 3. Íris Ösp (1965), 4. Axel Jón Fjeldsted (1969) Birgisbörn. **M1:** Jón Eldon Logason (1941). **Börn þeirra:** 1. Þór Eldon (1962), 2. Sif Eldon (1963), 3. Ari Eldon (1969). **M2:** Hörður Sævar Gunnarsson (1941-1999), rafvirki. **Störf:** Stafaði sem prófarkalesari á *Morgunblaðinu* frá 1981. Fékkst við ritstörf og skrifað m.a. skáld-sögur og útvarps- og sjónvarpsleikrit. **Ritverk:** M.a. *Gunna* (útvarpsleikrit, 1973), *Einkamál Stefaníu* (skáldsaga, 1978), *Treg í taumi* (skáldsaga, 1979), *Nauðug viljug* (sjónvarpsleikrit, 1984) og *Systir sæl og bless* (útvarpsleikrit, 1995). **Viðurkenningar:** Hlaut menningarverðlaun *Dagblaðsins* fyrir *Einkamál Stefaníu* (1978). Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs (1978). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-3-102.

ÁSA JÓNSDÓTTIR (1936-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Anna Guðmundsdóttir (1902-1987) og Jón Sigurðsson (1886-1957), skrifstofustjóri Alþingis og þýðandi. **Systkin:** 1. Sigríður (1934), 2. Guðmundur Karl (1940-2009). **M:** Tómas Karlsson (1937-1997), sendifulltrúi. **Börn þeirra:** 1. Jón Frosti (1962), 2. Jökull (1965). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1956. Lauk prófi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1958 og kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1963. Stundaði nám í menntunarleikhúsfræði við New School of Social Research í New York og lauk þaðan BA-prófi 1975 og MA-prófi 1977. Stundaði frönskunám í skóla Sameinuðu þjóðanna og við Genfarháskóla 1979-1981. **Störf:** Var kennari við Hlíðaskóla í Reykjavík á árunum 1963-1974, Austurbæjarskóla í Reykjavík frá árinu 1982 og síðast við Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Lék nokkur hlutverk í Þjóðleikhúsinu. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

ÁSA GUÐMUNDSDÓTTIR WRIGHT (1892-1971) fædd að Laugardælum í Flóa, Árnessýslu, látin á Trinidad í Vestur-Indíum. **PLANTEKRUREKANDI** og **FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐUR.** **Foreldrar:** Arndís Jónsdóttir (1857-1936) og Guðmundur Guðmundsson (1853-1946), læknir í Stykkishólmi. **Systkin:** 1. Sturla (1883-1910), 2. Sigbrúður (1884-1905), 3. Ingi (1886-1887), 4. Þóra (1888-1918). **M:** 1917, Henry *Newcombe* Wright (1884-1955), lögfræðingur. **Nám:** Dvaldi hjá enskri fjölskyldu í London og sótti hluta náms í hjúkrun og ljósmóðurfræði við Middlesex-sjúkrahúsið í London 1911-1914. **Störf:** Þjóf á árunum 1919-1938 í St. Austell á Cornwall-skaga og vann þar með manni sínum sem var staðarhaldari landareignar á skaganum, m.a. að hótélrekstri við ströndina. Ása sinnti garðrækt við heimili þeirra, Cuddra House, sá um útleigu og rekstur sumarhúsa við hótelið og vann að félagsmálum í bænum. Vann á stríðsárunum, eftir flutning til London, við að ritskoða bréf til og frá Íslandi. Festi árið 1946, ásamt manni sínum, kaup á kaffi- og kakóbaunaplantekru, Spring Hill Estate, á Trinidad í Karíbahafi, byggðu staðinn upp og ræktuðu m.a. kaffi, kakó og ýmiss konar ávexti. Stóð árið 1967 fyrir opnun fyrsta náttúru-friðlands í Karabíska hafinu á Spring Hill, Asa Wright Nature Centre, sem skartar m.a. fjölskrúðugu fuglalífi. **Félagsstörf:** Stofnaði kvenfélag í St. Austel sem sinnti margs kyns fræðslu og byggði samkomuhús fyrir konur staðarins, Cuddra Womens Institute for Home and Country. Stofnaði fyrir andvirði eigna sinna á Spring Hill og til minningar um fjölskyldu sína og eiginmann tvo sjóði árið 1968, Verðlaunasjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright, sem veitir árlega viðurkenningu til íslensks vísindamanns og Minningarsjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright í vörslu Þjóðminjasafns til fyrirlestrahalds erlendra fræðimanna. **Ævisminningar:** *Kona þriggja eyja:*

ævisaga Ásu Guðmundsdóttur Wright, höfundur Inga Dóra Björnsdóttir (2009). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1968). **Jarðsett:** Port of Spain, Trinidad.

ÁSDÍS SVEINSDÓTTIR (1922-1991) fædd í Egilsstöðum á Völlum, látin á Egilsstöðum. KENNARI og HÓTELSTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Fanney Jónsdóttir (1894-1998) og Sveinn Jónsson (1893-1981), bóndi og oddviti á Egilsstöðum. **Systkin:** 1. Jón Egill (1923), 2. Ingimar (1928). **Barn Ásdísar:** 1. Sigríður *Ingunn* Ásdísardóttir (1952). **Nám:** Útskrifaðist frá Verslunarskóla Íslands 1941. Stundaði nám við Húsmæðraskóla Íslands 1944-1946 og Háskólann í Árósum 1946-1947. **Störf:** Var skólastjóri Húsmæðraskólans á Blönduósi 1948-1952 og skólastjóri Húsmæðraskólans á Hallormsstað í 10 ár. Starfaði sem framkvæmdastjóri hjá félagsheimilinu Valaskjálfi 1965-1969. Rak eftir það Gistihúsið á Egilsstöðum. **Félagsstörf:** Var formaður Sambands austfirskra kvenna í 10 ár. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu (1990). **Jarðsett:** Egilsstöðum.

ÁSDÍS SVEINSDÓTTIR THORODDSEN (1920-1992) fædd á Eyrarbakka, látin í Reykjavík. GULLSMÍÐUR. **Foreldrar:** Halldóra Kristín Jónsdóttir (1892-1971) og Sveinn Guðmundsson (1885-1956), járnsmíðameistari og eldsmiður. **Systkin:** 1. Auður (1918-2012), 2. Fríða (1922-2015). **Samfeðra systkin:** 3. Jóhann Baldur (1912-1988), 4. Guðrún Hrefna Pedersen (1915-2001). **M:** Sigurður Thoroddsen (1902-1983), verkfræðingur og þingmaður. **Börn þeirra:** 1. Jón Sigurður (1948), 2. Halldóra Kristín (1950), 3. Guðbjörg (1955), 4. Ásdís (1959). **Nám:** Lærði gullsmíði við Iðnskólann í Reykjavík 1946-1948. Tók sveinspróf í gullsmíði 1950, meistari hennar var Leifur Kaldal. Hlaut meistararéttindi í gullsmíði 1970. **Störf:** Starfaði við tækniteiknun í Reykjavík. Stundaði, jafnhliða húsmóðurstörfum, silfursmíði á heimili sínu til ársins 1984. **Sýningar:** Átti silfurmunni á Iðnsýningu í Reykjavík (1954) og sýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins ásamt Barböru Árnason (1955). Tók m.a. þátt í alþjóðlegum listiðnaðarsýningum í München (1956 og 1966-1967), sýningunni *Formes Scandinaves* í París (1959), sýningu Félags íslenskra gullsmíða í Bogasal Þjóðminjasafnsins (1969), sýningum Listiðnar (1976-1979), samsýningu í Hässelby Slott, Stokkhólmi (1981) og *Form Ísland*, samsýningu um Norðurlönd (1984). **Minningarsýning:** *Lifandi silfrið, skartgripir Ásdísar Sveinsdóttur Thoroddsen í Hönnunarsafni Íslands* (2007). **Bók:** *Lifandi silfrið: skartgripir Ásdísar Sveinsdóttur Thoroddsen*, tekin saman af Aðalsteini Ingólfssyni (2007). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-505.

ÁSGERÐUR ESTER BÚADÓTTIR (1920-2014) fædd í Borgarnesi, látin í Reykjavík. LISTVEFARI. **Foreldrar:** Ingibjörg Teitsdóttir (1886-1974) og Búi Ásgeirsson (1872-1949), verslunarmaður. **Systkin:** 1. Solveig (1910-2004), 2. Inga Hrefna (1928-2009), 3. Sören *Alfreð* (1909-1995). **M:** 1947, Björn Th. Björnsson (1922-1907), listfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Baldvin (1947), 2. Björn Þrándur (1952), 3. Þórunn (1968). **Nám:** Sótti nám við Handíða- og myndlistaskólann 1942. Stundaði nám við málaraeild Vilhelms Lundström í Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn 1946-1949. **Störf:** Stundaði listvefnað. **Sýningar:** Sýndi verk sín m.a. í Bogasal Þjóðminjasafnsins (1964), Unuhúsi (1967), Listasafn ASÍ (1981 og 1987), Kjarvalsstöðum (1984), Gallerí Borg (1989), Listasafni Borgarness (1990), Gallerí i8 (1995, 1999) og Hallgrímskirkju (2006). Tók auk þess þátt í 70 samsýningum hér á landi og erlendis. **Bækur:** *Ásgerður Búadóttir sem vefnum gegnir*, ritstjóri Bera Nordal (1994), *Vefir: Ásgerður Búadóttir*, höfundar texta Aðalsteinn Ingólfsson og Guðbergur Bergsson (2009). **Barnabók:** *Rauði hatturinn og krummi*

eftir Ásgerði (1961, 2019), texti er á íslensku, ensku, þýsku, dönsku og frönsku. **Viðurkenningar:** Hlaut Gullverðlaun á alþjóðlegu lista- og handverkssýningunni í München (1956). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1993). Naut heiðurslauna listamann frá Alþingi (frá 1995). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-7-241.

ÁSGERÐUR JÓNSDÓTTIR (1919-2013) fædd á Gautlöndum í Mývatnssveit, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Anna Jakobsdóttir (1891-1934) og Jón Gauti Pétursson (1889-1972), bóndi. **Systkin:** 1. Sigríður (1922-1993), 2. Böðvar (1925-2009), 3. Ragnhildur (1926-2011). **Nám:** Lauk prófi frá Kennaraskóla Íslands 1961. **Störf:** Starfaði sem kennari við Kvennaskólann, Hagaskóla í Reykjavík og víðar 1961-1967 og við Varmárskóla í Mosfellssveit 1967-1989. Var kennari við Námsflokka Reykjavíkur um árabil og löngu eftir að hún fór á eftirlaun. **Félagsstörf:** Sinnti trúnaðarstörfum, m.a. fyrir Ungmennafélag Mývetninga, Kennarasamtökin, Samtök herstöðvarandstæðinga og Menningar- og friðarsamtök kvenna. **Jarðsett:** Skútustaðakirkjugarði reit 553.

ÁSLAUG AXELSDÓTTIR (1926-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. AÐALFÉHIRÐIR og DANSKENNARI. **Foreldrar:** Þorsteinsína Gísladóttir (1897-1982) og Axel Kristinn Skúlason (1901-1980), klæðskeri. **Systkin:** 1. Ólafur Ásgeir (1930-1978), 2. Ólafía (1938). **Nám:** Lauk prófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. **Störf:** Starfaði hjá Innflutningsskrifstofunni í Reykjavík 1940-1957 og hjá Landsbanka Íslands 1957-1996, síðast sem aðalféhirðir bankans. Kenndi dans í Dansskóla Heiðars Ástvaldssonar meðfram störfum sínum hjá Landsbankanum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-23-32.

ÁSLAUG BRYNJÓLFSDÓTTIR (1932-2017) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. KENNARI og FRÆDSLUSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Rósenkransdóttir (1905-1983) og Brynjólfur Sigtryggsson (1895-1962), kennari og bóndi. **Systkin:** 1. Ragnheiður (1923-1947), 2. Þorgerður (1925-1996), 3. Ari (1926-2013), 4. Sigrún (1928-2021), 5. Sigurður Óli (1929-1984), 6. Helga (1935-2015). **M1:** 1953, Guðmundur E. Sigvaldason (1932-2004), jarðfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Ragnheiður (1954), 2. Birgir (1956), 3. Gunnar Bragi (1960), 4. Guðrún Bryndís (1963). **M2:** 1984, Jóhann Gíslason (1928-2004), lögfræðingur. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1952 og Cand.-phil.-prófi frá Háskóla Íslands 1953. Var við nám og húsmóðurstörf í Þýskalandi til 1959 og Bandaríkjunum til 1961. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1971, sérkennaraprófi 1986 og síðar meistaraprófi í uppeldis- og kennslufræðum. Sótti ýmis námskeið á sviði kennslumála m.a. í Bretlandi og Bandaríkjunum. **Störf:** Var stundakennari við Vogaskóla í Reykjavík 1962-1963 og framkvæmdastjóri Bóksölu stúdenta í Háskóla Íslands 1966-1968. Var kennari við Fossvogsskóla 1972 og yfirkennari 1973-1982, þar af settur skólastjóri um skeið. Skipuð fræðslustjóri Reykjavíkur 1982-1996. Var umboðsmaður foreldra og skóla á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 1996-2001. Sat í stjórn Áslandsskóla og var skólastjóri þar 2001-2002. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins, Ríkisútgáfu námsbóka, Stéttarfélags grunnskólakennara, Félags skólastjóra og yfirkennara, Kvenréttindafélags Íslands og Bandalags kvenna í Reykjavík. Sat í Menntamálaráði og stjórn Menningarsjóðs. Var virk í starfi Framsóknarflokksins, sat þar í miðstjórn og átti oft sæti á framboðslistum. Var félagi í Alfadeild alþjóðasamtakanna Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum, formaður Alfadeildar 1986-1988 og forseti Landssambands DKG 2001-2003. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar

íslensku fálkaorðu (1997). Hlaut heiðursviðurkenningu frá DKG (2017). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit L-13-7B.

ÁSLAUG MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR (1921-2004) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** María Jónsdóttir (1896-1961) og Friðrik Ásgrímur Klemenzson (1885-1932), kennari og póstafréttisráðgjafi. **Systkin:** 1. Ásgrímur Klemenz (1918-1961), 2. Friðrik Jens (1923-2011). **M:** 1943, Sophus Auðun Guðmundsson (1918-2006), skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Friðrik Klemenz (1943), 2. Guðmundur (1947), 3. María (1950), 4. Kristín Auður (1952). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1941. **Störf:** Kenndi við Eskihlíðarskóla og Hlíðaskóla, var skólastjóri Ölduselsskóla frá stofnun hans 1975 og til 1988. Kenndi í Kvennaathvarfinu í nokkur ár. **Félagsstörf:** Starfaði í skátahreyfingunni, var m.a. formaður Kvenskátafélags Reykjavíkur, í stjórn Bandalags íslenskra skáta, formaður Skátasambands Reykjavíkur og Landsgildismeistari St. Georgsskáta. Sat í stjórn Sambands íslenskra barnakennara, í Fræðsluráði Reykjavíkur og Barnaverndarnefnd. Sat í stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna og Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1989). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-16-17.

ÁSLAUG HAFLIÐADÓTTIR (1929-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Sesselja Eiríksdóttir (1896-1984) og Hafliði Jón Hafliðason (1891-1977), skipasmíðameistari. **Systkin:** 1. María (1927-1999). **Nám:** Varð stúdent frá máladeild Menntaskólans í Reykjavík 1950 og bætti við sig námi í stærðfræðigreinum 1951. Stundaði nám við Lyfjafræðingaskóla Íslands frá 1951 og tók verknám í Ingólfs Apóteki 1951-1954. Lauk exam.pharm. 1954 og kandidateitprófi í lyfjafræði frá Danmarks Farmaceutiske Højskole 1957. **Störf:** Var lyfjafræðingur í Reykjavíkur Apóteki 1957-1973 og Lyfjabúð Breiðholts 1973-1998. Var prófdómari við Lyfjatækniskóla Íslands 1975-1980. **Félagsstörf:** Var gjaldkeri Lyfjafræðingafélags Íslands 1959-1960 og 1969-1971 og sinnti ýmiss konar nefndastarfi fyrir félagið. Sat í stjórn Lyfjafræðisafnsins frá 1985 og í stjórn Esperantistafélagsins frá 1985. Var í ritnefndum Lyfjafræðingatala sem komu út 1982 og 2002. **Viðurkenningar:** Sæmd gullmerki Lyfjafræðingafélags Íslands (1992) og útnefnd heiðursfélagi félagsins (2007). **Gjöf:** Áslaug ánafnaði Háskóla Íslands höfðinglegri gjöf í minningu foreldra sinna og óskaði þess að hún gengi til eflingar íslenskri tungu (Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-111.

ÁSLAUG SÓLBJÖRT JENSDÓTTIR (1918-2015) fædd á Læk í Dýrafirði, látin í Reykjavík. HÚSFREYJA og SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Ásta Sóllilja Kristjánsdóttir (1892-1936) og Jens Guðmundur Jónsson (1890-1976), bóndi og kennari. **Systkin:** 1. Jón Óskar (1916-1980), 2. Jensína / Jenna (1918-2016), 3. Sigríður (1922-2014), 4. Gabríel Kristmann *Hilmar* (1924-1991), 5. Kristján Svavar (1931-2002), 6. Soffía Gróa (1935-2022). **Samfeðra systkin:** 7. Gunnbjörn (1945). **M:** 1941, Valdimar Kristinsson (1904-2003), skipstjóri og bóndi á Núpi. **Börn þeirra:** 1. Ásta (1942), 2. Gunnhildur (1943), 3. Rakel (1946), 4. Hólmfríður (1947), 5. Kristinn (1949), 6. Jensína (1952), 7. Ólöf Guðný (1954), 8. Sigríður Jónína (1956), 9. Viktoría (1957). **Nám:** Lauk prófi frá Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði 1941. **Störf:** Sinnti búsför ráðum með föður sínum að Litla-Garði í Dýrafirði um tíma eftir lát móður sinnar. Var húsmóðir á Núpi í Dýrafirði frá 1941 og sá jafnframt um landsímastöð fyrir Núpsskóla. Ræktaði og nýtti jurtir til matargerðar.

Félagsstörf: Var formaður Kvenfélags Mýrarhrepps í yfir 30 ár. Sat í stjórn vestfirskra kvenna og í sóknarnefnd Núpskirkju. **Bók:** *Hvíslandi þytur í blænum: ljóð, sögur og greinar* (2000). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-8-209.

ÁSLAUG ÓLAFSDÓTTIR (1941-2012) fædd á Porvaldseyri á Eyrarbakka, látin í Reykjavík. VERKAKONA og FANGAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Jenný Dagbjört Jensdóttir (1897-1964) og Ólafur Engilbert Bjarnason (1893-1983), verkstjóri. **Systkin:** 1. Sigrún (1917-2001), 2. Bjarni (1918-1981), 3. Sigurður (1920-2010), 4. Ólafur (1922-2001), 5. Eggert (1924-1980), 6. Sigurður (1925-1943), 7. Guðbjörg (1926-1994), 8. Margrét Elín (1929-2003), 9. Bryndís (1930-2021), 10. Guðrún Ó. Thorarensen (1934), 11. Sigríður Dagný (1939). **Uppeldissystkin:** 12. Margrét Ólafsdóttir (1943-1995). **M1:** 1959, Hallberg Kristinsson (1939-2003), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Margrét Dagbjört (1958-1977), 2. Jóhanna Björk (1962), 3. Ólöf Ingibjörg (1963), 4. Hafþór Kristinn (1968). **M2:** 1993, Kjartan Kjartansson (1932), trillukarl. **Nám:** Stundaði nám við Barnaskólann á Eyrarbakka og tvo vetur í miðskóla á Selfossi. **Störf:** Starfaði á Mjólkurbarnum við Laugaveg í Reykjavík. Vann síðar við almenn fiskvinnslustörf á Kirkjusandi og í Ísbirninum og við saumaskap hjá Heimilisprýði til ársins 1989. Var fangavörður í kvennafangelsinu í Kópavogi 1989-2006. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit C-10-433.

ÁSLAUG SIGURBJÖRNSDÓTTIR (1930-2001) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Unnur Haraldsdóttir (1904-1991) og Sigurbjörn Þorkelsson (1885-1982), kaupmaður og forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur. **Alsystkin:** 1. Friðrik (1923-1986), 2. Ástríður (1925-1935), 3. Björn (1931-2023). **Samfeðra systkin:** 4. Kristín (1909-1997), 5. Sólveig (1911-2005), 6. Þorkell Gunnar (1912-2006), 7. Birna (1913-1998), 8. Hanna (1915-2007), 9. Hjalti (1916-2006), 10. Helga (1917-2009). **M:** 1954, Magnús Guðmundsson (1925-2006), prestur. **Barn þeirra:** 1. Sigurbjörn (1959). **Nám:** Útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands 1954. Lauk framhaldsnámi í hjúkrunarstjórnun 1986. Stundaði nám í Tónlistarskóla Reykjavíkur 1942-1948. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarfræðingur í Grundarfirði 1954-1974. Var organisti við kirkjuna í Grundarfirði og stjórnaði kirkjukórnum. Var hjúkrunarfræðingur og síðar deildarstjóri á Barnaspítala Hringisins 1974-1998. **Félagsstörf:** Sat í stjórn kvenfélagsins Gleym mér ei, lengst af sem formaður. Sat í stjórn Breiðfirska kvenfélagasambandsins og Prestkvennafélagsins. Tók virkan þátt í störfum Parkinson-samtakanna frá stofnun þeirra og var formaður árin 1986-1996. **Viðurkenningar:** Hlaut á ársfundi Ríkisspítalanna 1992 viðurkenningu fyrir afburða hjúkrunarstörf á barnadeild Landspítalans. Útnefnd heiðursfélagi Parkinsonsamtakanna (2000). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2000). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-2-42.

ÁSLAUG SIGURGRÍMSDÓTTIR (1927-2015) fædd í Holti, Stokkseyrarhreppi, látin í Kópavogi. HÚSMÆÐRASKÓLAKENNARI. **Foreldrar:** Unnur Jónsdóttir (1895-1973), kennari, og Sigurgrímur Jónsson (1896-1981), bóndi. **Systkin:** 1. Jón (1922-2008), 2. Hörður (1924-2011), 3. Ingibjörg (1925-2010), 4. Jóhann *Vernharður* (1929-2000), 5. Grímur (1935-2019), 6. Ragnheiður (1933-2017), 7. Hákon Gamalíes (1937). **Barnsfaðir:** Jökull Jakobsson (1922-1978), leikskáld. **Barn þeirra:** 1. Unnur Þóra (1955). **M:** 1969, Guðjón Ólafsson (1936-2014), aðalbókari. **Nám:** Lauk húsmæðrakennaraprófi frá Hússtjórnarskólanum í Reykjavík. **Störf:** Var húsmæðraskólakennari við Hússtjórnarskólann í Reykjavík til ársins 1994. Starfaði sem hótélstjóri á sumrin á Varmalandi í Borgarfirði og í Varmahlíð í Skagafirði. **Jarðsett:** Stokkseyrarkirkjugarði reit D-D-14.

ÁSLAUG SKÚLADÓTTIR (1924-2003) fædd í Danmörku, látin í Reykjavík. SENDIRÁÐSFULLFRÚ. **Foreldrar:** Kristjana Jensína Kristjánsdóttir (1898-1949) og Skúli Kristinn Skúlason (1888-1957), úrsmiður. **Samfeðra systkin:** 1. Guðmundur (1921-2005), 2. Jón Gunnar Ásgeirsson (1928). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1941. **Störf:** Starfaði sem skrifstofumaður á skrifstofu Sænsk-íslenska frystihússins 1941-1943 og hjá Samninganefnd utanríkisviðskipta í Reykjavík 1943-1945. Var sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Stokkhólmi 1945-1964 og 1973-1994, en þar í milli sendiráðsritari í Bonn í Þýskalandi 1964-1973. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Íslendingafélagunum í Stokkhólmi og Gautaborg. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-31-18.

ÁSLAUG ESTER KRISTJÁNSDÓTTIR THORLACIUS (1911-2014) fædd á Fremstafelli í Köldukinn í Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. SKRIFARI. **Foreldrar:** Rósa Guðlaugsdóttir (1885-1962) og Kristján Jónsson (1881-1964), bóndi á Fremstafelli. **Systkin:** 1. Anna (1904-1983), 2. Rannveig (1908-1966), 3. Friðrikkja (1916-2003), 4. Helga (1919-2002), 5. Jón (1921-2010), 6. Jónas (1924-2014), 7. Ásdís (1929-1936). **M:** 1931, Sigurður Thorlacius (1900-1945), uppeldisfræðingur og skólustjóri Austurbæjarskólans í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Örnólfur (1931-2017), 2. Kristín Rannveig (1933-2018), 3. Hrafnkell (1937-2007), 4. Hallveig (1939), 5. Kristján (1941). **Nám:** Stundaði nám að Laugum og við Héraðsskólann á Laugarvatni. **Störf:** Vann við skrifstofustörf hjá KRON 1954. Var ritari á Þjóðskjalasafni 1958-1982, m.a. við að afrita frumheimildir eins og manntöl og kirkjubækur, var fær í að lesa ólíka rithönd skrifara fyrri alda og hafði lært gotneskt letur í æsku hjá ömmu sinni. **Félagsstörf:** Var trúnaðarmaður Starfsmannafélags Þjóðskjalasafn um árabíl. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit P-311.

ÁSLAUG ÞÓRÐARDÓTTIR (1892-1950) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Sveinsdóttir (1854-1939) og Þórður Breiðfjörð Þórðarson (1848-1932), sjómaður. **Systkin:** 1. Haraldur (1893-1951), 2. Sveinn (1898-1982). **M1:** 1910, Guðmundur Guðmundsson (1882-1919), skipstjóri. **Börn þeirra:** 1. Ingibjörg (1911-1994), 2. Björg (1913-1933), 3. Ingunn (1916-2000). **M2:** 1929, Pétur Bjarnason (1900-1952), stýrimaður. **Starf:** Var forstöðukona fyrir Baðhúsi Reykjavíkur í Kirkjustræti 10 árin 1924-1950, en þar gat almenningur farið í kerlaug, steypiböð og gufuböð. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-3-10.

ÁSTA [ÁSTRÍÐUR] PÉTURSDÓTTIR VON JADEN (1876-1958) fædd í Reykjavík, látin í Vínarborg. BARÓNSFRÚ Í VÍNARBORG. **Foreldrar:** Anna Sigríður Thorarensen Vigfúsdóttir (1845-1921), píanókenari, og Pétur Pétursson (1842-1909), lögregluþjónn og bæjargjaldkeri. **Systkin:** 1. Helgi Pjeturs (1872-1949), 2. Sigurður (1873-1952), 3. Kristín Sigríður (1880-1923). **M:** 1899, Barón Hans von Jaden, dómari við landsréttinn í Vínarborg. Þau bjuggu í Vínarborg. **Störf:** Meðfram heimilishaldi studdi Ásta dyggilega við íslenska námsmenn í Vínarborg um árabíl. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1937). **Jarðsett:** Grinzing Friedhof, Vínarborg.

ÁSTA MAGNÚSDÓTTIR (1888-1962) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RÍKISFÉHIRÐIR. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir Thorsteinsen (1862-1926) og Magnús Ólafsson (1862-1937), ljósmyndari. **Systkin:** 1. Ólafur (1889-1954), 2. Karl Georg (1892-1957), 3. Pétur Jón Hoffmann (1894-1963), 4. Tryggvi (1895-1943), 5. Karólína Þorbjörg (1898-1942). **Störf:** Hóf störf sem skrifari hjá ríkisféhirði 1910 og varð síðan fulltrúi þar. Skipuð ríkisféhirði 1933 og gegndi því

embætti til ársins 1958. **Félagsstörf:** Var félagi í Oddfellowreglunni í stúkunni Bergþóru og var þar um skeið yfirmeistari. Var einnig félagi í Zontahreyfingunni. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1946) og Stórriddarakrossi (1958). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit F-1-15.

ÁSTA WENDEL BENJAMÍNSSON MURRAY (1913-2001) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Barnevelde í New York-ríki í Bandaríkjunum. LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Marie Emilie Wendel (1887-1981) og Ólafur Indriði Benjamínsson (1878-1936), stórkaupmaður í Reykjavík. **Systkin:** 1. Sonja Wendel de Zorrilla (1916-2002), 2. Ragna Wendel Benjamínsson (1918-1922). **M:** 1944, Grosvenor Murray, verkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Thomas Olaf Murray, 2. Margaret Murray Roberts. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1925. Lauk prófi í lyfjafræði 1939. **Störf:** Starfaði í Ingólfsapóteki í Reykjavík meðfram námi í lyfjafræði og um tíma eftir lokaprófið. **Íþróttir:** Var fyrsta íslenska konan til að vinna meistaratitil í tennisleik. **Minningarathöfn:** Fór fram í Folts Home-kapellunni í Herkimer í New York-ríki í Bandaríkjunum.

ÁSTA KRISTÍN ÁRNADÓTTIR NORMAN / Ásta málari (1883-1955) fædd í Narfakoti, Njarðvík, látin í Point Roberts, Bandaríkjunum. MÁLARAMEISTARI. **Foreldrar:** Sigríður Magnúsdóttir (1855-1939) og Árni Pálsson (1854-1900), barnakennari og bóndi í Narfakoti. **Systkin:** 1. Steinunn Jóhanna (1881-1970), 2. Pálheiður (1884-1953), 3. Ársæll (1886-1961), 4. Guðrún (1889-1973), 5. Þórhallur (1891-1976), 6. Guðbjörg (1893-1968), 7. Mágnús Ársæll (1894-1980), 8. Ingibjörg Jónheiður (1896-1980). **Barnsfaðir:** Þórarinn Kristjánsson (1886-1943), verkfræðingur. **Barn þeirra:** 1. Njáll (1908-2004). **M1:** 1920, Jakob Albert Thoni (1862-1923), frá Sviss. **Barn þeirra:** 2. Sigríður Elísabet [Lisali] Weathersen, f. Thoni (1923-2010). **M2:** 1925, Jóhann „Joe“ Ólafur Jónsson Norman (1877-1956). **Börn þeirra:** 3. Brynhildur Norman (1926), 4. Helgi Bjarnar (1928). **Nám:** Stundaði nám í málaraíðn frá 1903 hjá Nikolaj Sófusi Berthelsen og Jóni Reykdal í Reykjavík. Lauk sveinsprófi í húsamálun í Kaupmannahöfn 1907, meðal fyrstu kvenna í Danmörku. Fékk einnig tilsögn hjá prófessor Overgaard sem hafði m.a. kennt Einari Jónssyni myndhöggvara og Ásgrími Jónssyni listmálara. Lauk meistaraprófi 1909 í Hamborg í Þýskalandi, fyrst íslenskra kvenna sem tók próf í iðngrein og fyrsta konan sem hlaut meistarabréf sem málarameistari á Norðurlöndum og líklega víðar. Kom til Íslands að námi loknu, var fagnað með 50-60 kvenna veislu í Iðnó þar sem flutt voru erindi og kvæði henni til heiðurs. **Störf:** Vann sem málarameistari í Danmörku, á Íslandi og síðast í Bandaríkjunum. Vann um tíma hjá Nielsen, Schröder & Nansen, sem voru konunglegir hirðmálarar og hjá Nicolaj Sophus Bertelsen, málara í Reykjavík. Stofnaði fyrirtæki í Reykjavík 1912 og tók til sín lærlinga. **Félagsstörf:** Gekk í Kvenréttindafélag Íslands 1913 og varð sama ár ritari félagsins. **Æviminningar:** *Ásta málari: Saga af óvenjulegu lífi og baráttu Ástu Árnadóttur*, endurminningar ritaðar eftir frumdrögum hennar sjálfar og öðrum heimildum af Gylfa Gröndal (1975). **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

ÁSTA JÓNA SIGURÐARDÓTTIR (1930-1971) fædd að Litla Hrauni í Kolbeinsstaðahreppi, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR og MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Þórána Guðmundsdóttir (1891-1984) og Sigurður Benjamín Konstantínus Jónsson (1880-1965), bóndi. **Systir:** 1. Ástríður Oddný (1932-2015). **Barnsfaðir:** Jóhannes Geir Jónsson (1927-2003), listmálari. **Barn þeirra:** 1. Geir Reginn (1949-2007). **M1:** 1957, Þorsteinn Jónsson frá Hamri (1938-2018), skáld, þau skildu.

Börn þeirra: 2. Dagný (1958), 3. Þórir Jökull (1959), 4. Böðvar Bjarki (1960), 5. Kolbeinn (1962), 6. Guðný Ása (1964). **M2:** 1967, Baldur Guðmundsson (1925-1999). **Nám:** Lauk landsprófi 1946 og kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1950. **Störf:** Stundaði ritstörf, samdi sögur og ljóð og sinni myndlist. **Bækur:** Birti smásöguna Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns í tímaritinu *Líf og list* (1951) sem vakti athygli og umtal. Safnaði sögum sínum saman í bók, prýddri dúkrustum sínum, og nefndi eftir fyrstu smásögunni *Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* (1961). Heildarsafn smásagna og ljóða Ástu birtist í *Sögur og ljóð* (1985). Gaf út borðspil með þjóðsagnapersónum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit P-429.

[STEFANÍA] **ÁSTA BOGADÓTTIR THORARENSEN** (1924-1993) fædd á Vestri-Kirkjubæ á Rangárvöllum, látin í Reykjavík. SJÓMAÐUR og VEITINGAMAÐUR. **Foreldrar:** Steinunn Sigfúsdóttir Thorarensen (1899-1986), húsfreyja og organisti, og Bogi Pjetur Grímsson Thorarensen (1900-1978), bóndi, hreppstjóri og organisti. **Systkin:** 1. Hulda (1922-2005), 2. Grímur (1924-1980), 3. Hörður (1926-2013), 4. Skúli (1930-1976), 5. Ragnheiður (1933-1989), 6. Jónína Guðrún (1935-2015). **Barnsfaðir:** Charles Franklin Carrie (1924). **Barn þeirra:** 1. Nína Charlesdóttir Carrie (1944-1945). **M1:** 1948, Hörður Ólason (1922-1963), iðnverkamaður. **Börn þeirra:** 2. Stefanía (1948), 3. Óli (1949), 4. Guðrún María (1950), 5. Solveig (1955). **M2:** 1967, Guðni Sigurðsson (1921-1971), skipstjóri og útgerðarmaður. **Nám:** Nam tvo vetur við Húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dölum. **Störf:** Kenndi einn vetur við Húsmæðraskólann á Löngumýri. Gerðist árið 1960 annar eignaraðili Kaffivagnsins á Grandanum í Reykjavík og starfaði við hann með hléum til ársins 1985. Dvaldi með Guðna, seinni manni sínum, á Indlandi 1967-1970 við störf á vegum Sameinuðu þjóðanna. Var kokkur á fraktskipinu Berglindi sem sigldi til Suðurhafseyja 1976-1979. Réðst eftir það til starfa hjá Nesskipum og var kokkur á skipum þeirra árin 1979-1989. Varð þaukunnug siglingaleiðum um Vötnin miklu í Norður-Ameríku, norska skerjagarðinn og ósa Amazon. Fór í hnattsiglingu árið 1985 með Akranesinu, sem hún taldi hápunkt farmennsku sinnar. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-42-26.

ÁSTA BJÖRT THORODDSEN (1942-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TANNLÆKNIR. **Foreldrar:** Hrafnhildur Gríma Guðmundsdóttir Thoroddsen (1923-2012) og Ingólfur Ólafsson (1921-1966), verslunarmaður. **Kjörforeldrar:** Afi hennar Guðmundur Thoroddsen og Siglín Guðmundsdóttir (1901-1966). **Systkin:** 1. Þrándur Thoroddsen (1931-2010). **Sammæðra systkin:** 2. Tryggvi (1945), 3. Guðmundur (1946), 4. Regína (1947), 5. Gunndóra (1950) Viggósbörn. **M1:** 1963, Auðunn Klemenz Sveinbjörnsson (1941-2005), svæfingalæknir, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Guðmundur (1946), 2. Regína (1947), 3. Gunndóra (1950). **M2:** 1974, Eyjólfur Sveinn Sigurgeir Gunnarsson (1948), verkamaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 4. Eyjólfur Bjartur (1975), 5. Guðrún Lína Thoroddsen (1982). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1962. Lauk prófi sem tannlæknir frá Háskóla Íslands 1968. **Störf:** Setti árið 1978 á fót eigin tannlæknastofu við Grensásveg í Reykjavík og starfrækti þar til ársins 1983, en festi þá kaup á húsnæði fyrir tannlæknastofu sína í Stigahlíð 44 og starfrækti stofuna þar allt til starfsloka 2011. **Félagsstörf:** Var í stjórn Kvenréttindafélags Íslands um tíma. Starfaði með Úunum, sem voru ungar konur í Kvenréttindafélaginu á áttunda ártugnum, og vann að útvarpsþáttum þeirra. Var ein stofnfélaga í Soroptimistaklúbbi í Breiðholti í Reykjavík og var þar í stjórn um árabil. Starfaði einnig í Landssambandi soroptimista og var verkefnisstjóri

heilbrigðismála sambandsins og annar varaforseti þess 1998-2000. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

ÁSTA THORSTENSEN (1939-1985) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SÖNGKENNARI. **Foreldrar:** Sigríður Guðjónsdóttir (1909-1966) og Jónas Thorstensen (1903-1973), bókari og skrifstofustjóri. **M:** 1964, Gunnar Reynir Sveinsson (1933-2008), tónskáld. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Helga (1968), 2. Ingunn Ásta (1970). **Nám:** Lauk prófi frá Kennaraskóla Íslands og söngkennaraprófi 1959. Sótti framhaldsnám í teikningu við Statens Tegnælærerkursus í Kaupmannahöfn sumarið 1960. Stundaði söngnám hjá Engel Lund í mörg ár og framhaldsnám í söng hjá Carlo Bino í Utrecht í Hollandi 1974-1975. **Störf:** Var kennari við Mýrarhúsaskóla 1959-1960. Kenndi söng og teikningu við Vogaskóla 1960-1982. Starfaði sem söngkennari við Tónlistarskólann í Kópavogi 1982-1985. Var raddþjálfari Pólýfónkórsins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-7.

ÁSTA BRYNDÍS ÞORSTEINSDÓTTIR (1945-1998) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR og ALPINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Ásdís Eyjólfsdóttir (1921-2011), fulltrúi og kaupmaður, og Þorsteinn Þorsteinsson (1918-1975), sjómaður og fiskali. **Systkin:** 1. Vigdís (1943), 2. Hafdís Björg (1955). **M:** 1966, Ástráður Benedikt Hreiðarsson (1942), yfirlæknir. **Börn þeirra:** 1. Arnar (1967), 2. Ásdís Jenna (1970-2021), 3. Þorsteinn Hreiðar (1975). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1962 og prófi frá Norfolk High School í Norfolk, Nebraska 1963. Útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Hjúkrunarskóla Íslands 1968 og stundaði framhaldsnám í hjúkrunarstjórnun við Nýja hjúkrunarskólann 1987-1988. Lærði skurðhjúkrun á Íslandi og í Danmörku. **Störf:** Var skurðhjúkrunarfræðingur á Borgarspítala 1968-1969. Starfaði við kvennadeild Århus Kommunehospital í Danmörku sem skurðhjúkrunarfræðingur 1971-1980. Starfaði sem hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum frá 1980, þar af við skurðeild kvennadeildar 1982-1988 og sem hjúkrunarframkvæmdastjóri 1988-1997. **Stjórnsmálástörf:** Var varaformaður Alþýðuflokksins frá 1996 og fyrsti varaþingmaður flokksins í Reykjavíkurlkjördæmi 1995-1996. Var varaþingmaður og síðar þingmaður jafnaðarmanna 1996-1998. Sat í nefnd um endurskoðun laga um málefni fatlaðra 1992-1996, nefnd um forgangsröðun í heilbrigðismálum 1997 og nefnd um skipulag framhaldsmenntunar fatlaðra. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar 1983-1995 og sem formaður 1987-1995. Sat í stjórnnum norrænna hagsmunasamtaka fatlaðra, þ.á.m. norrænna samtaka foreldra fatlaðra og var m.a. varaformaður NFPU (Norrænu samtökin um málefni þroskaheftra) frá 1991-1997. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-4-92.

ÁSTBJÖRG STEFANÍA GUNNARSDÓTTIR (1929-2021) fædd í Reykjavík, látin í Garðabæ. ÍPRÓTTAKENNARI. **Foreldrar:** Margrét Ketilsdóttir (1897-1981) og Gunnar Sigurðsson (1894-1960), múrari. **Systkin:** 1. Sigurður K. (1931-2016). **M:** 1954, Jóhann Tómas Ingjaldsson (1929-2013), aðalbókari. **Börn þeirra:** 1. Margrét (1954), 2. Ingi Gunnar (1958). **Nám:** Tók próf frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 1946 og lauk síðan prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1949. **Störf:** Starfaði við Íþróttaskóla Jóns Þorsteinssonar á Lindargötu 7 í Reykjavík 1949-1957. Stofnaði „Hressingarleikfimi Ástbjargar“ 1949 og rak til ársins 2015. Kenndi þar fullorðnum konum í 56 ár og einnig í karlaflokkum í 16 ár. Var prófdómari í skólum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði í 20 ár og við Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni í 32 ár. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Fimleikasambands Íslands 1970-1981, þar af formaður 1977-1981. Var fyrsta konan sem varð

formaður í sérsambandi innan ÍSí. Fór með sýningarhópa úr Hressingarleikfiminni til Danmerkur, Svíþjóðar og Kanaríeyja á Golden Age60+ fimleikasýningar. **Kvikmynd:** Heimildamyndin *Allar mættar* (2009) er um ævi Ástbjargar og starf með fimleikahópi sínum, leikstjóri María Guðmundsdóttir, handritshöfundur Vigdís Grímsdóttir og aðalframleiðandi Anna Dís Ólafsdóttir. Myndin var m.a. sýnd á RÚV. **Viðurkenning:** Sæmd heiðursmerki Norræna fimleikasambandsins (1973) og gullmerki ÍSí (2002). Var kosin heiðursfélagi ÍSí og Ólympíusambandsins (2002) og Fimleikasambands Íslands (2014). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2014). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-8-39.

ÁSTHILDUR ERNA ERLINGSDÓTTIR (1938-1993) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. HÁSKÓLAKENNARI. **Foreldrar:** Hulda Davíðsson (1913-1999) og Erlingur Þorsteinsson (1911-2007), læknir. **Samfeðra systkin:** 1. Þorsteinn (1962-2013), 2. Guðrún Kristín (1966). **M:** 1961, Jónas Janus Elíasson (1938-2023), prófessor. **Börn þeirra:** 1. Helga Guðrún (1963), 2. Erlingur Elías (1968). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1957, BA-prófi í dönsku 1965, prófi í uppeldis- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands 1968 og cand.pæd.-prófi í dönsku frá Danmarks Lærerhøjskole 1978. **Störf:** Var kennari við Kennaraskóla Íslands 1965-1973, lektor við Kennaraháskóla Íslands frá 1973, skorarstjóri í málaskor KHÍ 1976-1978 og prófdómari í dönsku við Háskóla Íslands frá 1973. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags háskólamenntaðra kennara 1974-1976, í stjórn Félags dönskukennara 1978-1980, í stjórn Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands og fulltrúi þess félags í launamálaráði ríkisstarfsmanna innan BHM 1978-1984. Sat í stjórn Orlofssjóðs BHMR og var fulltrúi BHMR í framkvæmdanefnd um launamál kvenna. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-170.

ÁSTHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR STEINSEN (1930-2021) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TALSÍMAKONA. **Foreldrar:** Vilborg Einarsdóttir (1904-1950) og Guðmundur Benjamínsson (1900-1966), klæðskeri. **Alsystkin:** 1. Jóhanna (1926), 2. Erla (1929-2000). **Sammæðra systkin:** 3. Hörður Alberts Guðmundsson (1936). **M:** 1952, Garðar Steinsen (1931-2021), vegavinnu- maður. **Börn þeirra:** 1. Már (1952), 2. Vilhelm (1960). **Nám:** Gekk í Gagnfræðaskóla Reykjavíkur og lauk námi við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1952. **Störf:** Var talsímavörður hjá Landsímanum, starfaði hjá Búnaðarbankanum og Alþingi. Var um tíma leiðsögumaður og fararstjóri. Rak kjólaverslun um nokkurra ára skeið í miðbæ Reykjavíkur. Fékkst við ættfræði og tók saman upplýsingar um starfsstéttir, m.a. talsímakonur, klæðskera, skósmiði, bakara og söðlasmiði. **BÓK:** *Stelpurnar á stöðinni: íslenskar talsímakonur 1906-1991* (1996). **Félagsstörf:** Starfaði með kvenfélaginu Hringnum um árabil. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-308.

ÁSTRÍÐUR JÓSEPSDÓTTIR (1902-1997) fædd á Signýjarstöðum í Hálsasveit, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ástríður Þorsteinsdóttir (1877-1961) og Jósep Gottfreð Elíesersson (1863-1949), bóndi. **Systkin:** 1. Þorsteinn (1907-1967). **M:** 1931, Ingvar Haukur Stefánsson (1901-1953), listmálari og húsamálari. **Börn þeirra:** 1. Anna Kristín (1933), 2. Gunnlaugur Stefán (1934-1994), 3. Ólafur *Snorri* Jóhannes (1936-2015), 4. Ástríður Guðrún (1940). **Nám:** Stundaði nám við Hvítárbakkaskóla 1916-1917 og í Kvennaskólanum í Reykjavík 1917-1918. Lauk hjúkrunarnámi við Southern General Hospital Gowan, Glasgow, 1924 og framhaldsnámi í Winnepeg 1925 og 1927. **Störf:** Stundaði hjúkrunarstörf í Winnepeg, Los Angeles og New York 1926-1932, á Akureyri 1954-1956, í Seattle, Bandaríkjunum 1956-1959,

Akureyri 1960-1963, Seattle 1963-1965 og síðan á Reykjalundi til starfsloka 1972. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða.

ÁSTRÍÐUR HELGADÓTTIR MELSTED (1825-1897) ólst upp í Odda á Rangárvöllum og í Landakoti í Reykjavík, látin í Reykjavík. **TÓNLISTARKENNARI.** **Foreldrar:** Ragnheiður Stefánsdóttir Stepensen (1795-1866) og Helgi Thordersen (1794-1867), biskup og alþingismaður. **Systkin:** 1. Ragnheiður (1821-1827), 2. Steinunn (1822-1823), 3. Ragnheiður (1827-1827), 4. Stefán (1829-1889), 5. Ragnheiður (1830-1830), 6. Guðmundur (1831-1831), 7. Magnús (1833-1833). **M:** Sigurður Pálsson Melsted (1819-1895), forstöðumaður Prestaskólans í Reykjavík og alþingismaður. **Barn þeirra:** 1. Helgi (1849-1872). **Fósturbörn:** 2. Anna Sigríður Pétursdóttir Thorarensen (1845-1921), 3. Ragnheiður Stefánsdóttir Hafstein (1871-1913). **Nám:** Lærði tónlist hjá Olufu Finsen í þrjú ár og einnig ensku, frönsku og þýsku. **Störf:** Starfaði sem píanókennari í Reykjavík og var m.a. fyrsti píanókennari Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, tónskálds. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-105.

ÁSTRÍÐUR TORFADÓTTIR (1867-1949) fædd á Flateyri, látin á Flateyri. **HJÚKRUNARKONA.** **Foreldrar:** María Júlíana Össurardóttir (1840-1915) og Torfi Halldórsson (1823-1906), kaupmaður og útgerðarmaður á Flateyri. **Systkin:** 1. Páll Júlíus (1858-1940), 2. Halldór (1862-1939), 3. Hjálfríður (1868-1875), 4. Kristján (1871-1932), 5. Guðrún (1872-1956), 6. Ásgeir (1877-1955), 7. Sigríður Elín (1879-1965), 8. Ólafur (1883-1928). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi í Kaupmannahöfn 1902. Lærði tungumál, teiknun o.fl. í Danmörku. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarkona við sjúkrahúsið á Akureyri 1899, var yfirhjúkrunarkona við sjúkrahúsið á Ísafirði 1900-1902 og hjúkrunarkona við Franska spítalann á Fáskrúðsfirði 1903-1907. **Jarðsett:** Flateyrarkirkjugarði reit I-8.

B

BARBARA MORAY WILLIAMS ÁRNASON (1911-1975) fædd í Petersfield í grennd við Portsmouth í Suður-England, látin í Reykjavík. **MYNDLISTARMAÐUR.** **Foreldrar:** A. Moray William, vísindamaður og fornfræðingur. **Systkin (tvíbursystir):** 1. Úrsúla (1911-2006), rithöfundur. **M:** 1937, Magnús Ársæll Árnason (1894-1980), listmálari. **Barn þeirra:** 1. Vífill Moray (1938). **Nám:** Stundaði nám við listaskólann í Winchester í þrjú ár og framhaldsnám við Royal College of Art í London í önnur þrjú ár á sviði málmristu og tréstu. Útskrifaðist þaðan 1935. **Störf:** Vann að myndlist og eftir hana liggja m.a. teikningar, vatnslitamyndir, bókaskreytingar, veggmyndir og vefnaður. **Listaverk:** Teiknaði fjölda bókakápa og myndskreytti bækur. Vann að myndbálki við Passíusálma Hallgríms Péturssonar (1944-1951), frummyndirnar í eigu Listasafns Íslands. Myndskreytti vegg í anddyri Melaskólans í Reykjavík, þurrmálverk (al secco), sem sýnir ýmislegt úr skólagöngu, leikjum og sumarlífi barna (1952). Gerði m.a. veggskreytingar í Apóteki Vesturbæjar og Sundlaug Vesturbæjar og altaristöflu í Kópavogskirkju. Málaði barnamyndir á stríðsárunum og hélt í styrjaldarlok sýningu á úrvali slíkra mynda í vinnustofu sinni að Lækjarbakka í Kópavogi og fór ágóðinn af sýningunni til norskra og franskra barna. **Sýningar:** Sýndi verk sín m.a. í Listamannaskálanum (1961) og Jacques Anqueti Frakklandi (1964). Sýningar haldnar á verkum hennar á Kjarvalsstöðum (1976) og í Hallgrímskirkja (1983). Sýndar lýsingar

við Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Listasafn Íslands (1994). Yfirlitssýning haldin í Listasafni Kópavogs-Gerðarsafni (1996). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-107.

BÁRA SIGURJÓNSDÓTTIR (1922-2006) fædd í Hafnarfiðri, látin í Hafnarfirði. KAUPKONA.

Foreldrar: Rannveig Vigfúsdóttir (1898-1991) og Sigurjón Einarsson (1897-1969), skipstjóri.

Systkin: 1. Hulda (1919-2002), 2. Vigfús (1920-1983), 3. Sjöfn (1923-2000), 4. Einar (1930-1996).

M1: 1944, Kjartan Sigurjónsson (1919-1945), söngvari. **M2:** 1949, Pétur Guðjónsson (1927-1983), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigurjón (1950), 2. Guðjón Þór (1955). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Lauk danskennaranámi frá Dansskóla Fjeldgaard og Flatau í Kaupmannahöfn 1939 og leikfimi- og sundkennaraprófi frá Olleru sama ár. Lauk einleikaraprófi á píanó frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1943. Hlaut diplóma sem snyrtifræðingur frá EDMÉE snyrtiskólanum í Kaupmannahöfn 1946. Lauk sveinsprófi í hattagerð frá Iðnskólanum í Reykjavík 1954. **Störf:** Rak dansskóla í Hafnarfirði og Reykjavík 1939-1943. Starfaði við undirleik, söng, dans, snyrtingu og verslunarstörf 1939-1950. Rak eigin verslun í Reykjavík undir nafninu Hjá Báru í um hálfra öld eða frá 1950 til 2000. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-3-53.

BERGLJÓT ÓLAFSDÓTTIR (1916-2004) fædd á Vindheimum í Tálknafirði, látin í Reykjavík.

KJÓLAMEISTARI og KENNARI. **Foreldrar:** Jóna Sigurbjörg Gísladóttir (1880-1952) og Ólafur

Kolbeinsson (1863-1955), bóndi. **Systkin:** 1. Guðrún (1902-1977), 2. Jón Bjarni (1903-1987), 3.

Gísli (1905-1911), 4. Krístrún (1906-1993), 5. Sigurfljóð (1908-1996), 6. Anna (1909-1999), 7.

Unnur (1911-1998), 8. Gísli (1913-1993), 9. Snæbjörg (1914-2006), 10. Valdís (1916-1934), 11.

Ragnhildur Pálína (1918-1996), 12. Kristján (1919-1997), 13. María Heiðrún (1921-1979), 14.

Magnús (1922-2007), 15. Aðalheiður (1926-2017). **Barnsfaðir:** Guðmundur Valgrímsson (1911-

2002), vélstjóri og vélvirkjameistari. **Barn þeirra:** 1. Guðrún Sigríður (1938-2021). **M:** Óli

Diðriksson (1912-1990), afgreiðslumaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 2. Jóna Sigurbjörg (1944), 3.

Sævar Karl (1947), 4. Bergljót Valdís (1950), 5. Sigurður Hilmar (1953-1953), 6. Sigurður Hilmar

(1955). **Nám:** Lauk sveinsprófi í kjólasaumi 1946 og síðan meistaraprófi. Tók próf frá

Kennaraskóla Íslands 1954. Sótti oft námskeið í Þýskalandi og Noregi. **Störf:** Saumaði

samkvæmiskjóra, dagkjóra, brúðarkjóra, skátabúninga o.fl. Hélt sauma- og sníðanámskeið á

vinnustofu sinni í viðbyggingu við íbúðarhúsið. Var kennari við Iðnskólann í Reykjavík 1965-

1986. **Sýningar:** Hélt tiskusýningu á kjólum í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll í Reykjavík (1963).

Tók þátt í sýningum Kjólameistarafélagsins. **Félagsstörf:** Var formaður Kjólameistarafélagsins

um tíma. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-36-26.

BERGÞÓRA ÁRNADÓTTIR (1948-2007) fædd í Reykjavík, látin í Álaborg, Danmörku.

SÖNGVASKÁLD. **Foreldrar:** Aðalbjörg Margrét Jóhannsdóttir (1922-2012) og Árni Jónsson (1923-

1993), trésmiður. **Alsystkin:** 1. Jón Sverrir (1947-1954). **Sammæðra systkin:** 2. Bergur Jóhann

(1942), 3. Margrét (1942). **M1:** 1964, Karl Lárus Valdimarsson (1941-2001), skildu 1969. **Barn**

þeirra: 1. Birgitta (1967). **M2:** 1971, Jón Ólafsson (1940-1987), þau skildu. **Barn þeirra:** 2. Jón

Tryggvi (1972). Jón ættleiddi Birgittu þegar hún var 6 ára. **M3:** 1983, Þorvaldur Ingi Jónsson

(1958), skildu 1988. **Sambýlismaður:** Í 17 ár Peter Sørensen frá Torslev, Danmörku (1941). **Störf:**

Samdi ljóð og lög, hélt tónleika og lék í hljómsveit. Var einn af upphafsmönnum Vísnavina. Átti

frumkvæði að því að spila fyrir fanga á Litla-Hrauni og tók gjarnan með sér aðra tónlistarmenn.

Útgefin tónlist: M.a. *Eintak* (1977), *Jólasteinn* (1981), *Bergmál* (1982), *Á felgunni: 19 ferðalög*

(snælda, 1984), *Það vorar*, ásamt Graham Smith (1985), *Skólaljóð* (snælda, 1986), *Sýnir* (2008) og *Heildarútgáfa* (fimm hljóðdiskar, 2008). **Jarðsett:** Kotstrandarkirkjugarði reit 337.

BIRNA SESSELJA FRÍMANNSDÓTTIR (1931-2021) fædd á Akranesi, látin í Hafnarfirði. KENNARI. **Foreldrar:** Málfríður Björnsdóttir (1893-1977), kennari, og Frímánn Jónsson (1901-1988), skólastjóri. **Systkin:** 1. Ragnheiður Þórey (1928-2017), 2. Jónas (1934). **M:** 1950, Trumann Kristiansen (1928-2014), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Matthías Már (1950), 2. Ragnheiður (1952), 3. Málfríður Klara (1956), 4. Kolbrún (1967). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1950. **Störf:** Var kennari við Hvolsskóla (barnaskóla Hvolshrepps) í Rangárvallasýslu árin 1950-1972 og við barnaskólann í Hveragerði 1972-1991. **Félagsstörf:** Var virk í starfi Sjálfsbjargar og Zontahreyfingarinnar þar sem hún gegndi um tíma stöðu svæðisstjóra innan alþjóða-samtakanna. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-9-51.

BIRNA EGGERTSDÓTTIR NORÐDAHL (1919-2004) fædd í Hólmi, Kjósarsýslu, látin á Akranesi. SKÁKKONA og LISTAKONA. **Foreldrar:** Ingileif Magnúsdóttir (1882-1976) og Eggert Guðmundsson Norðdahl (1866-1963). **Systkin:** 1. Magnús Bruno (1909-1997). **Samfeðra systkin:** 2. Hrefna (1893-1972), 3. Rannveig (1895-1980), 4. Karl Viggó (1898-1983), 5. Guðrún (1902-2004). **Barnsfaðir:** Bjarni Blomsterberg (1917-2014), kaupmaður. **Barn þeirra:** 1. Eggert Norðdahl (1937). **M:** Ólafur Baldvin Þórarinnsson (1904-1987), bakari. **Börn þeirra:** 2. Inga Vala (1944), 3. Þórarinn (1948), 4. Indiana Svala (1950), 5. Anna María (1951), 6. Vaka Helga (1958). **Nám:** Var í Laugarvatnsskóla 1934. Sjálfmenntuð í olíumálningu og litablöndun, en naut leiðsagnar frænda síns, Bjarna Jónssonar, listmálara. Nam tréskurð hjá Hannesi Flosasyni. **Störf:** Vann að listgreinum sínum til dauðadags og liggja eftir hana ótal málverk og smíðisgripir. Byggði bæinn Bakkakot gegnt Hólmi við Hólmsá um 1954. Bjó þar með ær og hesta fram yfir 1980, en sinnti skóg- og garðrækt þar fram undir árið 2000. **Félagsstörf – skák:** Lærði að tefla skák á bernskuheimilinu. Tók þátt í Reykjavíkurskáknoti í Bárinni við Tjörnina 1940. Varð, eftir að kvennaskáknot hófust á Íslandi, tvívegis Íslandsmeistari kvenna eða árin 1976 og 1980. Varð Reykjavíkurmeistari 1976. Tók þátt í sexlandamóti í Svíþjóð 1975. Tefldi á sjö Íslandsmótum kvenna. Var frumkvöðull að þátttöku íslensks kvennalandsliðs á ólympíuskáknotinu í Buenos Aires 1978, fyrsta kvennaliðs Íslands á erlendu skáknoti. Ætlun Skáksambandsins var ekki að senda kvennalið, en Birna, sem þá var ein sterkasta skákkona landsins, sagði „við förum samt“ og safnaði sjálf fullum farareyri. Fór með sama liði á ólympíuskáknotið á Möltu 1980. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-10-98.

BIRTA FRÓÐADÓTTIR, f. BIRTHE BROW SÖRENSEN (1919-1975) ólst upp í Lyngby í Danmörku, látin í Mosfellssveit. HÚSGAGNASMIÐUR og INNHÚSSARKITEKT. **Foreldrar:** Gerda Sörensen og Frode Sörensen, hagfræðingur og landbúnaðarkandidat, rak umfangsmikla gróðrarstöð að Endruphöj í Lyngby. **M:** 1944, Jóhann Kristinn Jónsson (1917-2000), garðyrkjufraeðingur í Dalsgarði í Mosfellsdal. **Börn þeirra:** 1. Fróði (1945-2012), 2. Gerður (1948), 3. Guðrún (1949), 4. Signý (1951), 5. Sigríður (1953), 6. Jón (1955), 7. Arndís (1956), 8. Gísli (1958). **Nám:** Nam húsgagnasmíði hjá Jens Peter Jensen húsgagnasmíðameistara í Overgade í Christianshavn. Lauk sveinsprófi 1943. Hlaut bronsverðlaun 1943 fyrir sveinsstykki sitt, skrifborð úr mahóni. Stundaði nám við Skolen for Indendørsarkitektur í Kaupmannahöfn og lauk námi í innanhússarkitektúr á tveimur árum. **Störf:** Starfaði sem húsgagnasmíður, hönnuður og innanhússarkitekt. Hannaði

m.a. og valdi allar innréttingar í Gljúfrastein ásamt Auði Laxness, teiknaði og valdi sérsmiðuð húsgögn og sérofin áklæði og gluggatjöld í húsið. **Jarðsett:** Mosfellskirkjugarði eldri.

BJARNEY SIGRÍÐUR SAMÚELSDÓTTIR (1893-1991) fædd á Naustum í Skutulsfirði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Sigríður Steinunn Pálsdóttir (1855-1906) og Samúel Halldórsson (1853-1905), bóndi og sjómaður. **Systkin:** 1. Rannveig (1878-1945), 2. Halldór (1881-1924), 3. Guðmundur (1879-1880), 4. Páll (1884-1907), 5. Kristján Guðmundur (1887-1937). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi frá Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn 1919 og framhaldsnámi í heilsuvernd við Royal Infirmary í Edinborg 1928. **Störf:** Starfaði við bæjarhjúkrun á vegum Hjúkrunarfélags Reykjavíkur 1919-1923. Starfaði hjá Hjúkrunarfélaginu Líkn 1923-1953. Vann við berklavarnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1953-1944. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélagsins sem gjaldkeri 1920-1943. **Viðurkenningar:** Gerð að heiðursfélaga í Norsk Sykepleierskeforbund (1969) og Hjúkrunarfélagi Íslands (1969). Sæmd Florence Nightingale-orðunni (1977). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1977). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-212.

BJARNFRÍÐUR LEÓSDÓTTIR (1924-2015) fædd á Mástöðum í Innri-Akraneshreppi, látin á Akranesi. SKRIFSTOFUMAÐUR og VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Málfríður Bjarnadóttir (1896-1986) og Leó Eyjólfsson (1895-1958), bifreiðastjóri. **Systkin:** 1. Ragnar (1920-2014), 2. Hallbera Guðný (1928-2017), 2. Jón Leós (1935-2013). **M:** 1947, Jóhannes Finnsson (1917-1974), skrifstofumaður. **Börn þeirra:** 1. Steinunn (1948), 2. Eyjólfur (1950-1950), 3. Leó (1951), 4. Hallbera (1956). **Nám:** Tók Samvinnuskólapróf 1943. Sótti Húsmæðraskólann í Reykjavík einn vetur. Lauk námi til kennsluréttinda frá Kennaraháskóla Íslands 1982. Öðlaðist réttindi sem svæðisleiðsögumaður á Vesturlandi. **Störf:** Var í síldarsöltun, sinnti verkamannsstörfum og vann við verslunar- og skrifstofustörf um árabil. Var kennari og skólaritari við Fjölbrautaskóla Vesturlands frá 1974 til starfsloka. **Félags- og stjórnmalastörf:** Lék með leikfélagi Akraness og sat í stjórn þess. Var umboðsmaður Máls og menningar á Akranesi. Sat í stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness og var varaformaður þess um árabil. Átti sæti í miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Var varafulltrúi Alþýðubandalagsins í bæjarstjórn Akraness og sat 12 ár í félagsmálaráði bæjarins. Var varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Vesturlandskjördæmi og tók nokkrum sinnum sæti á Alþingi. Átti sæti í miðstjórn og framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins. Starfaði með Samtökum kvenna á vinnumarkaði. Var í stjórn félags eldri borgara á Akranesi í 13 ár, þar af formaður í níu ár. **Æviminningar:** *Í sannleika sagt: lífssaga Bjarnfríðar Leósdóttur*, Elísabet Þorgeirsdóttir skráði (1986). **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Verkalýðsfélagi Akraness (1994). Hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs (2000). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2002). **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði reit VB-7.

BJARNVEIG BJARNADÓTTIR (1905-1993) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SAFNSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðlaug Hannesdóttir (1882-1970) og Bjarni Bjarnason (1867-1956), málarameisteri. **Fóstursystkin:** 1. Axel Arnór Einar (1911-1981). **M1:** 1928, Jóhannes Loftsson (1903-1961), kaupmaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Loftur (1930-2019), 2. Bjarni Markús (1939). **M2:** 1952, Snorri Sigfússon (1884-1978), skólastjóri og námstjóri. **Nám:** Lauk námi frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 1923. **Störf:** Starfaði hjá Bæjarsímanum í Reykjavík 1923-1928. Vann við vélritun og prófarkalestur hjá Ragnari í Smára um árabil. Var forstöðumaður Ásgrímssafns í Reykjavík 1960-

1980. **Félagsstörf:** Lagði grunninn að Listasafni Árnesinga þegar hún árið 1963 gaf Árnesingum málverkasafn sitt, en það hafði að geyma 41 listaverk eftir marga af þekktustu myndlistarmönnum þjóðarinnar. Gaf síðar 28 verk til viðbótar. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1964). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit H-7-34.

BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR (1913-1993) fædd á Lóni í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, látin í Skálholti. ORGANISTI og TÓNLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Sigríður *Bjarnína* Ásmundsdóttir (1874-1927), ljósmóðir, og Björn Guðmundsson (1874-1954), hreppstjóri og bóndi. **Systkin:** 1. Guðmundur (1898-1982), 2. Árni (1905-1995), 3. Sigurveig (1908-1946). **Samfeðra systkin:** 4. Björn (1929-2009), 5. Jón (1934-2017), 6. Guðrún Sigríður (1938-1997). **Nám:** Stundaði nám í unglingaskóla að Lundi í Öxarfirði 1930. Sótti 1955 og 1962 þriggja mánaða námskeið í Söngskóla þjóðkirkjunnar. Var á organistanámskeiði í Skálholt þegar hún lést. **Störf:** Var söngkennari, söngstjóri og organisti í Garðskirkju í Kelduhverfi 1942-1992 og jafnframt Skinnastaðarkirkju í Öxarfirði 1952-1992. Spilaði um tíma í Víðihólskirkju á Hólsfjöllum. Hafði umsjón með kirkjukórum í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 1946-1961. Var söngkennari í Reykjakóla í Hrutafirði 1957-1965 og við Kvennaskólann á Blönduósi í nokkur ár frá 1961. **Viðurkenning:** Fékk verðlaun í sönglagakeppni Ríkisútvarpsins (1946). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1978). **Jarðsett:** Garðskirkjugarði Kelduhverfi reit B-143.

BJÖRG EINARSDÓTTIR / Látra-Björg (1716-1784) fædd í Stærra-Árskógi, Árskógsströnd. Flutti með foreldrum sínum að Látrum á Látraströnd 1722, þau fluttu þaðan aftur þremur árum síðar en Björg varð eftir, þá níu ára gömul. Lést á vergangi í Svarfaðardal í Móðuharðindunum 1784. SKÁLD, SJÓKONA og FÖRUKONA. **Foreldrar:** Margrét Björnsdóttir og sr. Einar Sæmundsson (1684-eftir 1749). **Systkin:** 1. Björn (1715), 2. Þorlákur (1715). **Nám og störf:** Lærði sjósókn af Einari Hallgrímssyni formanni á Látrum og hafði sjósókn að aðalstarfi alla tíð. Var sjómaður af lífi og sál og sagt að hún hafi ekkert gefið karlmönnum eftir við róðurinn og líkað illa linir ræðarar. Hefur að öllum líkindum haft meira sjálfræði en vanalegt var um konur á þessum tíma. Stundaði janframt skáldskap. **Vísur og ljóð:** Orti lausavísur, oftast undir rímnaháttum, stundum vikivaka og orti stöku sinnum undir dróttkvæðum hætti. Kvað kröftugar veðurfars- og náttúrulýsingar og lýsti hárrí siglingu og ölduróti. **Bækur um Björgu:** Skáldsagan *Bjargræði* eftir Hermann Stefánsson fjallar um Látra-Björgu (2016). Í ljóðabókinni *Tungusól og nokkrir dagar í maí* eftir Sigurlaugu Bjarneyju Gísladóttur kemur Látra-Björg mikið við sögu (2016). *Látra-Björg* eftir Helga Jónsson (1949, 2020). **Viðurkenning:** Minnisvarði um Látra-Björgu var afhjúpaður á fæðingastað hennar í Stærra-Árskógi 2016, gerður af Sigurði Guðmundssyni. **Jarðsett:** Upsum í Svarfaðardal í Eyjarfirði.

BJÖRG JÓRUNN FRIÐRIKSDÓTTIR HANSEN (1928-2017) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Jósefína Erlendsdóttir Hansen (1894-1937), saumakona, og Jóhannes *Friðrik* Hansen (1891-1952), kennari, oddviti, vegaverkstjóri og skáld. **Alsystkin:** 1. Emma Ásta Sigurlaug (1918-2010), 2. Ástríður Björg (1920-1993), 3. Matthías *Kristján* (1921-2009), 4. Ragnar (1923-2011), 5. Erlendur (1924-2012), 6. Jóhannes Friðrik (1925-2023), 7. Guðmundur (1930-2012). **Samfeðra systkin:** 8. Þorbjörg Bjarnar (1929), 9. Sigurður (1939), 10. Jósefína (1942), 11. Eiríkur (1945), 12. Friðrik (1947-2004). **Sammæðra systkin:** 13. Ásgerður Guðmundsdóttir (1914-1991). **M:** 1950, Ólafur Haukur Árnason (1929), skólustjóri og

áfengisvarnaráðunautur. **Börn þeirra:** 1. Jósefína (1951), 2. Árni (1955). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Lauk þremur stigum til BA-prófs í dönsku og bókasafnsfræði við Háskóla Íslands 1969-1972. **Störf:** Var stundakennari í Stykkishólmi 1954, kennari við Gagnfræðaskólann á Akranesi 1960-1969 og við Vogaskóla í Reykjavík árin 1973-1993. Sinnti áfengis- og vímuvarnarmálum. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kennarafélags Vogaskóla í eitt ár og stjórn skólasafnvarða í nokkur ár. Sat lengi í stjórn Samtaka skólamanna um bindindisfræðslu, sótti norræn bindindisþing (1978-1996), var fulltrúi Íslendinga á þingi ICAA (alþjóðasamtaka um áfengis- og vímuefnamál) í Kanada 1985 og á þingi IBES (evrópskra samtaka kennara í bindindisfræðum) í Finnlandi 1987. Söng í kór og kvartett í M.A., Kirkjukór Akraneskirkju, Esperantókórnum og EKKÓ-kórnum (kór kennara á eftirlaunum). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-3-45.

BJÖRG PÉTURSDÓTTIR (1875-1953) fædd á Birningsstöðum í Laxárdal, látin á Húsavík. LIÓÐSKÁLD. **Foreldrar:** Friðbjörg Þorsteinsdóttir (1851-1919) og Pétur Kristjánsson (1849-1937), bóndi. **Systkin:** 1. Þorgerður (1873-1921), 2. Vagn (1879-1944), 3. Jónas (1884-1956), 4. Guðrún Albína (1889-1914), 5. Jóhann (1892), 6. Sveinbjörg (1895-1963). **Barnsfaðir:** Sigtryggur Ágústsson (1872-1946), hermaður í kanadíska hernum. **Barn þeirra:** 1. Karl (1896-1966). **M:** 1900, Þórður Markússon, sjómaður (1880-1967). **Börn þeirra:** 2. Olga Margrét Ragúels (1901-1931), 3. Steinþór Hermann (1902-1931), 4. Sigríður Elinóra (1905-1980), 5. Petrína Friðbjörg (1907-1923), 6. Þorvaldur H. (1909-1939), 7. Þorgerður Guðrún (1914-1995), 8. Ívar (1915-1916), 9. Páll (1919-1919). **Störf:** Fékkst við ljóðagerð jafnhliða heimilsstörfum. **Félagsstörf:** Var aðalhvatamaður að stofnun verkakvennafélagsins Vonar á Húsavík árið 1918. **Ljóðabók:** *Tvennir tímar*, með ljóðum eftir Björgu, gefin út af Framsýn, stéttafélagi Þingeyinga í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá stofnun Verkakvennafélagsins Vonar (2018). **Jarðsett:** Húsavíkurkirkjugarði reit 659.

BJÖRG SIGURJÓNSDÓTTIR (1912-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MATRÁÐSKONA. **Foreldrar:** Sigríður Þorbjörg Björnsdóttir (1889-1967) og Sigurjón Markússon (1879-1959), sýslumaður. **Alsystkin:** 1. Markús Finnbogi (1910-1968), 2. Jóhanna (1914-2010), 3. Kristján Páll (1916-1917), 4. Rögnvaldur (1918-2004), 5. Bjarni (1920-1920), 6. Hörður (1921-2003). **Samfeðra systkin:** 7. Hlíf (1920-2011). **Barnsfaðir:** Sverrir Kristjánsson (1908-1976), sagnfræðingur. **Barn þeirra:** 1. Sigurjón (1939). **Nám:** Lærði matreiðslu við Le Gordon Bleu skólann í París og lauk prófi 1952. Var einnig lærð smurbrauðsdama frá Danmörku. **Störf:** Starfaði sem yfirmatráðskona á Bessastöðum hjá Ásgeiri Ásgeirssyni, forseta. Rak eigin veisluþjónustu í nokkur ár. Starfaði hjá Storklúbbnum og á Hótel Sögu og síðan hjá Landsíma Íslands til starfsloka. **Jarðsett:** Hólavallagarði, reitur óskráður.

BJÖRG CARITAS [BLÖNDAL] ÞORLÁKSSON (1874-1934) fædd í Vesturhópshólum í Húnaþingi, látin í Kaupmannahöfn. FRÆÐIMAÐUR og ORÐABÓKARHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Margrét Jónsdóttir (1835-1927) og Þorlákur Símon Þorláksson (1849-1908), bóndi og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Sigurbjörg Jósefína (1870-1932), 2. Margrét María (1872-1881), 3. Jón (1877-1935). **M:** 1903, Sigfús Blöndal (1874-1950), bókavörður, skildu 1925. **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskóla Húnavetninga í Ytri-Ey 1891-1893 og sótti kennslukonunám við skóla frk. Natalie Zahle í Kaupmannahöfn 1897-1898. Sótti nám við Statens Lærerkursus í Kaupmannahöfn 1898-

1900 og lauk þaðan kennaraprófi. Stundaði nám í latínu og grísku við Undervisningsanstalten Athene í Kaupmannahöfn 1899-1900. Tók stúdentspróf frá Nørrebro Latin- og Realskole í Kaupmannahöfn 1901 (eftir að hafa verið neitað um skólavist við Lærða skólann í Reykjavík). Lagði síðan stund á málfræði og heimspeki við Kaupmannahafnarháskóla. Lauk cand.phil.-prófi 1902. Stundaði háskólanám í lífeðlisfræði og stærðfræði. Lauk doktorsprófi í sálfræði frá Sorbonneháskóla í París 1926 og fjallaði doktorsritgerð hennar um lífeðlisfræðilegan grundvöll eðlishvatanna. Var fyrsti íslenski kvendoktorinn og fyrsti Íslendingur sem hlaut doktorstitil frá Sorbonne. **Störf:** Var kennari við Kvennaskóla Húnavetninga á Ytri-Ey 1894-1897. Árið 1903 hófu Björg og Sigfús störf við íslensk-danska orðabók sem kom út í tveimur bindum á árunum 1920-1924. Birti í tímaritum fjölda greina um ýmis málefni og þýddar greinar, m.a. í *Skírni*. **Bækur:** *Björg: ævisaga Bjargar C. Þorláksson*, höfundur Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (2001), *Björg: verk Bjargar C. Þorláksson*, ritstjóri Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (2002). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1926). Árið 2017 samþykkti borgarráð Reykjavíkur að gata á svæði Vísindagarða í Vatnsmýrinni í Reykjavík yrði kennd við Björgu Caritas Þorláksson og nefnd Bjargagata. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit B-89.

BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR (1940-2019) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Guðrún Árnadóttir (1917-1992) og Þorsteinn Davíðsson (1918-2003), kaupmaður. **Systkin:** 1. Davíð (1948), 2. Halldóra (1949). **M:** 1962, Ragnar Árnason (1926-2016), mælingaverkfræðingur, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Guðný (1963). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960. Stundaði myndlistarnám við Handíða- og myndlistaskólann, Akademie der Bildenden Künste í Stuttgart, Myndlistaskólann í Reykjavík, Atelier 17 hjá S.W. Hayter og École Nationale Supérieure des Beaux-Arts í París. **Störf:** Starfaði sem listmálari og grafíklistamaður og sýndi verk sína bæði innan lands og utan. Var stundakennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík. Var forstöðumaður Safns Ásgríms Jónssonar 1980-1984. **Félagstörf:** Sat í stjórn félagsins Íslensk grafík og Félags íslenskra myndlistarmanna. Var í ráði Norrænu myndlistarmiðstöðvarinnar NKC í Sveaborg, Finnlandi og í fulltrúaráði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. **Sýningar:** Hélt yfir 30 einkasýningar á Íslandi, í Noregi og Frakklandi og tók þátt í samsýningum á Íslandi og víða um heim. **Myndir í eigu safna:** Í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Árnesinga, Bibliothèque Nationale, París, Museet for Internasjonal Samtidsgrafikk í Fredrikstad í Noregi, Museo Nacional de Grabado Contemporaneo í Madrid á Spáni og víðar. **Viðurkenningar:** Var styrkþegi frönsku ríkisstjórnarinnar 1971-1973 og hlaut starfslaun listamanna 1977-1978, 1990 og 1992-1995. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-5-97.

BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR (1856-1940) fædd á Haukagili í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. RITSTJÓRI og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Kolfinna Snæbjarnardóttir (1827-1882) og Bjarnhéðinn Sæmundsson (1831-1877), bóndi. **Systkin:** 1. Bjarni (1858-1937), 2. Guðrún (1859-1900), 3. Sæmundur (1863-1936). **M:** 1888, Jóhann *Valdimar* Ásmundsson (1852-1902), ritstjóri *Fjallkonunnar*. **Börn þeirra:** 1. Laufey (1890-1945), 2. Héðinn (1892-1948). **Nám:** Nam við Kvennaskólann á Laugalandi í Eyjafirði 1880-1881. **Störf:** Fékkst við ritstörf, blaðamennsku og margvísleg félagstörf. Kenndi í heimahúsum eftir flutning til Reykjavíkur 1887. Hélt sama ár fyrst kvenna opinberan fyrirlestur um hagsmuni og réttindi kvenna í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík. Skrifaði blaðgreinar um réttindi kvenna, m.a. í *Fjallkonuna*. Stofnaði

Kvennablaðið 1895 og var ritstjóri þess til 1926. Gaf út *Barnablaðið* 1898-1903. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Hins íslenska kvenfélags 1894. Átti hugmyndina að stofnun Bláðamannafélagsins og var Valdimar maður hennar meðal stofnfélaga árið 1897. Var upphafsmaður að stofnun Kvenréttindafélags Íslands og formaður þess 1907-1911 og 1912-1927. Var ein af stofnendum Verkavennafélagsins Framsóknar 1914. **Stjórnmalastörf:** Sat í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908, 1912 og 1914-1920. **Æviminningar:** *Strá í hreiðrið, bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar*, höfundur Bríet Héðinsdóttir (1988, 2006). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1928). Gufuvaltari sem nefndur var Bríet kom til landsins 1912 og var forsenda þessa að unnt væri að malbika götur í Reykjavík, en Bríet hafði mælt með kaupunum. Var fyrsta nafngreinda konan á frímerki á Íslandi (1978). Bríetartorg á horni Amtmannsstíg og Þingholtsstrætis í Reykjavík ber nafn hennar. Nafni Skúlagötu á milli Snorrabrautar og Höfðatúns í Reykjavík var breytt í Bríetartún í minningu hennar (2010). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-241.

BRÍET HÉÐINSDÓTTIR (1935-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKARI og LEIKSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Pálsdóttir (1909-2000) og Héðinn Valdimarsson (1892-1948), forstjóri, alþingismaður og verkalyðsleiðtogi. **Samfeðra systkin:** 1. Katrín (1927-2004). **M1:** Sr. Sigurður Örn Steingrímsson (1932-2012), guðfræðiprófessor og fiðluleikari. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Laufey (1955), 2. Guðrún Theodóra (1959). **M2:** Þorsteinn Þorsteinsson (1938-2023), kennari og þýðandi. **Barn þeirra:** 3. Steinunn Ólína (1969). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1954. Stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Var við nám í bókmenntum og leiklist í Vínarborg 1955-1960. Útskrifaðist úr Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1962. **Störf:** Varð fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu 1966, hlutverka hennar þar m.a. Selstúlka í *Pétri Gaut* (1962), Sonja í *Vanja frændi* (1964), Læna í *Púntila bónda og Matta vinnumanni* (1968), Poncia í *Heimili Vernhörðu Alba* (1989) og Helga í *M. Butterfly* (1991). Lék auk þess hjá frjálsum leikhópum. Lék í fjölda útvarpsleikrita og sjónvarpsmyndum og kvikmyndum. Samdi leikgerðir eftir íslenskum skáldverkum og leikstýrði, s.s. *Atómstöðinni* eftir Halldór Laxness (1982), *Jómfrú Ragnheiði* eftir Guðmund Kamban (1982) og *Svartfugli* eftir Gunnar Gunnarsson (1985). **Bók:** *Strá í hreiðrið, bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar* (1988, 2006). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1994). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-241.

BRYNDÍS PÉTURSDÓTTIR (1928-2020) fædd á Vattarnesi í Fáskrúðsfirði, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Guðlaug Sigmundsdóttir (1895-1988), framkvæmdastjóri, og Pétur Sigurðsson (1888-1955), bóndi og vitavörður. **Systkin:** 1. Sigríður (1918-1968), 2. Sigrún (1920-1971), 3. Inga Margrét (1921-2014), 4. Ragnhildur (1922-2012), 5. Einar (1923-2012), 6. Rós (1925-2017), 7. Bergur Eysteinn (1926-1970). **M:** Örn Eiríksson (1926-1996), loftsiglingafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Eiríkur Örn (1949), 2. Pétur (1956), 3. Sigurður (1967). **Nám:** Sótti Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 1944-1946. **Störf:** Var leikkona hjá Þjóðleikhúsinu á árunum 1946-1998, lék m.a. Guðrúnu í *Nýársnóttinni* (1949), Rósalind í *Sem yður þóknast* (1951), Helgu í *Gullna hliðinu* (1951) og Sigríði í *Pilti og stúlku* (1953). Lék aðalhlutverk í kvikmyndunum *Milli fjalls og fjöru* (1949) og *Niðursetningnum* (1951) og aukahlutverk í *Sigur* (1976), *Vandarhögg* (1980) og *Mávahlátri* (2001). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-3-125.

BRYNDÍS STEINÞÓRSDÓTTIR (1928-2019) fædd í Reykjavík, látin í Garðabæ.

HÚSSTJÓRNARKENNARI. **Foreldrar:** Sigrún Ingimarsdóttir (1907-1992) og Steinþór Jóhannsson (1890-1964), kennari. **Alsystkin:** 1. Valborg (1929-1930), 2. Örn (1931-1980). **Sammæðra systkin:** 3. Jörgen Ingimar Hansson (1942), 4. Snorri Hansson (1944). **Sambýlismaður:** Hjörtur Þórarinsson (1927), skólastjóri. **Nám:** Tók gagnfræðapróf á Akranesi 1946. Lauk húsmæðra-kennaranámi í Reykjavík 1948 og handavinnukennaraprófi frá Haandarbejdets Fremme í Kaupmannahöfn 1953. Stundaði framhaldsnám í hússtjórnarfræðum í Árósum í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. **Störf:** Var kennari og síðar skólastjóri við Húsmæðraskólann á Laugarvatni 1948-1952. Kenndi við Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík, nokkra grunnskóla í Reykjavík, Námsflokka Reykjavíkur, Húsmæðrakennarskóla Íslands og Fóstruskólann. Var námstjóri í heimilisfræðum fyrir grunnskóla í menntamálaráðuneytinu 1978-1986. Var deildarstjóri matvælasviðs við Fjölbrautaskólann í Breiðholti í Reykjavík 1975-1997 og Menntaskólann í Kópavogi 1997-1998. Samdi og endurskoðaði, samhliða kennslunni, námsefni í kennslugreinum sínum. **Bók:** *Við matreiðum*, ásamt Önnu Gísladóttur (1976, 1981, 1992, 1995, 2005, 2018). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Gammadeildar Delta Kappa Gamma International, Félags kvenna í fræðslustörfum, við stofnun samtakanna á Íslandi 1977. Var stofnaðili í sóknarnefnd Áskirkju, sinnti ýmsum störfum fyrir kirkjuna og söng í kirkjukórnum fyrstu 35 árin. Sat í stjórn Landssambands eldri borgara og í velferðar- og þjónustunefndum þess árum saman. Starfaði í ritnefnd blaðsins *Listin að lifa* í mörg ár og sá um Fræðsluhornið í blaðinu í 18 ár. Tók þátt í starfi Ekkókórsins, kórs kennara á eftirlaunum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-7-11.

BRYNDÍS TÓMASDÓTTIR (1929-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VERSLUNARSTJÓRI og RITARI. **Foreldrar:** Ása Sigríður Stefánsdóttir (1905-1990) og Tómas Albertsson (1896-1955), prentari. **Systkin:** 1. Ólína Þórey (1926-2017), 2. Albert Eyþór (1928-2010), 3. Arndís Lára (1932-2012), 4. Ómar (1934-1970), 5. Þorbjörg (1935-2014), 6. Stefán (1937), 7. Tómas (1938), 8. Messíana (1940). **M:** 1959, Eyjólfur Hermannsson (1927-2002), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Hermann (1960), 2. Tómas (1962), 3. Ása Sigríður (1967), 4. Eydís (1968), 5. Anna Katrína (1974). **Nám:** Stundaði dansnám og tónlistarnám á yngri árum og píanónám í Stokkhólmi í Svíþjóð. **Störf:** Var verslunarstjóri í bókabúð Ísafoldar um tíma. Vann á Sankt Görans sjúkrahúsinu í Stokkhólmi. Var ritari hjá Stöð 2, skrifstofumaður hjá Fjölbrautaskólanum við Ármúla og lauk starfsferlinum hjá Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Sinawik Reykjavík (kvenfélag Kiwanis) 1969. Var meðal stofnfélaga Parkinsonsamtakanna og vann í þágu þeirra héraðs og erlendis. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2012). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-6-233.

BRYNDÍS GEIRSDÓTTIR ZOËGA (1917-2000) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA DRAFNARBOGAR. **Foreldrar:** Hólmfríður Zoëga (1894-1982) og Geir Zoëga Geirsson (1885-1959), vegamálastjóri. **Systkin:** 1. Helga (1917-1932), 2. Geir Agnar (1919-2013), 3. Gunnar (1923-2017), 4. Áslaug (1926-2018), 5. Ingileif [Inga] (1927-2001). **Nám:** Lauk prófi frá Fröbel Höjskole í Kaupmannahöfn 1939 og var ein af frumkvöðlunum sem menntuðu sig erlendis til starfa á barnaheimilum (nú nefnd leikskólar) áður en Uppeldisskóli Sumargjafar var stofnaður. **Störf:** Var forstöðukona við dagheimilið Vesturborg sumarið 1939. Rak leikskóla í Reykjavík 1941-1942. Veitti forstöðu sumardvalarheimili Rauða krossins í Stykkishólmi tvö sumur á stríðsárunum. Starfaði á leikskólum Barnavinafélagsins Sumargjafar í Reykjavík 1942-1950. Var

forstöðukona Drafnarborgar 1950-1992 og beitti sér fyrir margvíslegum nýjungum í leikskólastarfi. **Félagsstörf:** Var virkur þátttakandi í starfi KFUK. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1994). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-42-24.

BRYNHILDUR JÓNSDÓTTIR (1930-2011) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. SKJALASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigfríður Fanney Jóhannesdóttir (1890-1977) og Jón Sveinsson (1889-1957), bæjarstjóri á Akureyri. **Alsystkin:** 1. Sigríður Soffía (1921-2014), 2. Svavar (1923-1960). **Samfeðra systkin:** 3. Hrafn (1918-1988), 4. Valdís Ingibjörg (1943). **M:** Úlfliótur Guðbjartur Jónsson (1930-1992), stýrimaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Svavar (1954), 2. Sigfríður Fanney (1955). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1950. Stundaði nám í skrifstofutækni í Edinborg í Skotlandi. **Störf:** Starfaði í skjalasafni utanríkisráðuneytisins í 40 ár og átti stóran þátt í að hanna kerfi skjalasafnsins. **Viðurkenningar:** Hlaut finnska og spænska orðu sem viðurkenningu fyrir störf í þágu utanríkisþjónustunnar. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-300.

BRYNHILDUR SÖRENSEN (1915-2000) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SENDIFULLTRÚI. **Foreldrar:** Guðrún Júlía Norðfjörð Sörensen (1884-1955) og Carl Gunnar Wilkens Sörensen (1885-1958), vélameistari. **Systkin:** 1. Börge Gunnar (1910-1985). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1933. Stundaði nám við ritara- og verslunarskólann Nelson's College í Edinborg í Skotlandi og lauk þaðan prófi 1935. **Störf:** Starfaði hjá Joseph Rank Ltd. í Hull og við danskt-amerískt bókaforlag í Fleet Street í London. Var ritari íslenskrar viðskiptasendinefndar í London 1939. Var ritari, fulltrúi og fjármálastjóri við sendiráð Íslands í London frá stofnun þess, eða árin 1940-1983. Hafði auk þess umsjón með skjalasafni sendiráðsins. Öll stríðsárin ferðaðist hún sjóleiðis með allan stjórnarpóst á milli Íslands og Bretlands. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit S-520.

BRYNJA KRISTJANA BENEDIKTSDÓTTIR (1938-2008) fædd í Reyni, Mýrdal, látin í Reykjavík. LEIKSTJÓRI og LEIKARI. **Foreldrar:** Róshildur Sveinsdóttir (1911-2003), jógakennari, og Benedikt Guðjónsson (1909-1982), kennari. **Systkin:** 1. Sveinbjörn (1933-1997), 2. Jóhanna Gréta (1941), 3. Ingunn Ósk (1944). **M:** Erlingur Gísli Gíslason (1933-2016), leikari. **Barn þeirra:** 1. Benedikt (1969). **Stjúpbörn:** 2. Guðjón Erlingsson (1955), 3. Friðrik Erlingsson (1962). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1958. Útskrifaðist úr Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1960. Stundaði nám í látbragðsleik hjá Jacques Lecoq í París. Sótti leikstjórnarnámskeið hjá British Drama League í London, við Berliner Ensemble og Burgtheater í Berlín, hjá Strehler og Darío Fó á Ítalíu, í Ósló og víðar. **Störf:** Stundaði teiknistörf hjá Húsameistara ríkisins og var flugfreyja sumrin 1958-1963. Var fastráðinn leikari og leikstjóri við Þjóðleikhúsið 1962-1992. Kenndi við Leiklistarskóla Þjóðleikhússins, Leiklistarskóla ríkisins og ýmsa framhaldsskóla. Var leikstjóri Leikfélags Akureyrar 1977-1978. Sett upp m.a.: *Lýsiströtu* (1970) (fyrst fyrir Herranótt MR, síðar við Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar og í Bad Hersfeld, Þýskalandi), *Söngleikurinn Hárið* (1971), *Óvitana* (1979) og *Endurbygginguna* eftir V. Havel (1989). Samdi leikrit og setti upp, m.a. *INÚK* (ásamt öðrum) sem fór víða um heim (frumsýnt 1973). Var formaður og framkvæmdastjóri leikfélagsins Grímu (sem starfaði árin 1961-1970). Meðal sýninga hópsins: *Biedermann og brennuvargarnir* eftir Max Frisch (1962), *Ótti og eynd þriðja ríkisins* eftir Bertold Brecht, þrjú þættir af 24, þ.e. *Gyðingakonan*, *Spæjarinn* og *Kritarkrossinn* (1966) og *Hvað er í blýhólknunum*

eftir Svövu Jakobsdóttur (1970). Brynja og Erlingur ráku Vinnustofu leikara, Skemmtihúsið að Laufásvegi 22, Reykjavík. Samdi og frumsýndi þar Ferðir Guðríðar (2000), sýnt í þremur heimsálfum og á fimm tungumálum. Félagstörf: Var forseti Bandalags íslenskra listamanna. **Bók:** *Brynja og Erlingur fyrir opnum tjöldum*, Ingunn Þóra Magnúsdóttir skráði (1994). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2007). Hlaut starfslaun listamanna. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-6-172.

BRYNJA HLÍÐAR (1910-1947) fædd á Akureyri, lést í flugslysi í Héðinsfirði. LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Guðrún Lovísa Guðbrandsdóttir (1887-1963) og Sigurður Einarsson Hlíðar (1885-1962), dýralæknir og alþingismaður. **Systkin:** 1. Skjöldur (1912-1983), 2. Gunnar (1914-1957), 3. Guðbrandur (1915-2000), 4. Jóhann (1918-1997). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1933. Varð kandídat í lyfjafræði frá Universitæt Hamburg í Þýskalandi 1937. **Störf:** Sinnti starfi forstjóra Stjörnu-Apóteks KEA á Akureyri frá 1938 til æviloka. **Félagstörf:** Var virk í skátahreyfingunni og m.a. skátaleiðtogi hjá Valkyrjunni á Akureyri. Upp úr 1950 keypti Skátafélagið Valkyrjan íbúðarhús að Helgamagrastræti 17 á Akureyri sem Brynja hafði byggt árið 1945, innréttaði þar félagsheimili sitt, Völuból. Var þar heimili Valkyrjunnar í fjóra áratugi. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit L-13-23.

C

CAMILLA TORFASON, f. THORA PETRINE CAMILLA BJARNARSON (1864-1927) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Karen Emilie, f. Jörgensen (1828-1897) og Stefán Bjarnarson (1826-1891), sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði. **Systkin:** 1. Björn (1853-1918), 2. Hans *Sigfús* (1857-1923), 3. Benedikt St. (1859-1918), 4. Alheid *Dagmar* (1862-1940), 5. Pétur Magnús (1866-1950), 6. Þorbjörg St. (1866-1902), 7. Þórarinn St. (1869-1923). Nefndu sig öll Bjarnarson. **M:** Hans *Magnús* Torfason (1868-1948), sýslumaður. **Börn þeirra:** 1. Jóhanna Dagmar (1896-1981), 2. Brynjúlfur (1897-1980). **Nám:** Lauk stúdentsprófi, fyrst íslenskra kvenna, frá Trier menntaskólanum í Kaupmannahöfn 1889. Lauk cand.phil.-prófi 1890 og var síðan við stærðfræðinám í tvo vetur. **Störf:** Kenndi við framhaldsskóla fröken Lang í Silkiborg í eitt ár. Var heimiliskennari fimm barna Ahlefelds greifa í Steenstrup. Lærði osta- og smjörgerð á stórbúi sem greifinn rak. **Félagstörf:** Átti þátt í að stofna Kvenfélagið Ósk á Ísafirði og var fyrsti formaður stjórnar þess. Tók jafnframt þátt í að koma á fót Húsmæðraskólanum Ósk, sem félagið hafði frumkvæði að, og var fyrsti formaður stjórnar skólans 1912-1914, en flutti þá frá Ísafirði. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit G-4-43.

CHARLOTTA MARÍA HJALTADÓTTIR (1932-2002) fædd í Reykjavík, látin á Seltjarnarnesi. SENDIRÁÐSRITARI og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Jóhanna G. Baldvinsdóttir (1911-2004) og Hjalti Jónsson (1903-1971), verksmiðjustjóri. **Systkin:** 1. Hafsteinn (1935), 2. Haukur (1940-2017), 3. Jón (1941). **M:** Björn Scheving Arnfinnsson (1918-1990), þau skildu. **Nám:** Lauk BA-prófi í stjórn málafræði og enskum bókmenntum frá Fordhamháskóla í New York 1985. **Störf:** Var á yngri árum í mörg sumur ráðskona hjá jarðfræðingum í rannsóknarleiðöngnum á hálendi Íslands og um árabíl leiðsögumaður hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Starfaði hjá utanríkisráðuneytinu 1972-2000, m.a. sem sendifulltrúi í Kaupmannahöfn, New York, París og Bonn, og 1996-2002 sem deildarstjóri í ráðuneytinu í Reykjavík. Var einkaritari biskups kaþólskra á Íslandi 2000-2002.

Þýddi m.a. margar matreiðslubækur fyrir útgáfuna Krydd í tilveruna. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit O-326A.

CHRISTOPHINE MIKKELINE BJARNHÉÐINSSON, f. JÜRGENSEN (1868-1943).

YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Marie Christiane, f. Jensen og Johannes Ludvig Jürgensen, ráðsmaður brennivínsbrugghússins í Ebeltoft. **M:** 1902, Sæmundur Bjarnhéðinsson (1863-1936), yfirlæknir. **Börn þeirra:** 1. Kolfinna (1903-1905), 2. Gerður (1906-1966). **Nám:** Lauk þriggja ára hjúkrunarnámi frá Fredriksberg Hospital og Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn. Talin fyrsta hjúkrunarkonan á Íslandi sem lauk formlegu prófi frá hjúkrunarskóla. **Störf:** Var yfirhjúkrunarkona við Holdsvéikraspítalann í Laugarnesi 1898-1902. Kenndi heimahjúkrun og beitti sér fyrir að skipuleggja og byggja upp heimahjúkrun í Reykjavík. **Félagsstörf:** Vann að stofnun Hjúkrunarfélagsins Líknar 1915 og var formaður félagsins til ársins 1931. Var einn af sex stofnfélögum Félags íslenskra hjúkrunarkvenna 1919 og var formaður þess 1922-1924. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1923). **Jarðsett:** Danmörku.

COLETTA MARIA BÜRLING (1948-2021) fædd í Düsseldorf í Þýskaland, látin á Selfossi.

FORSTÖÐUMAÐUR, LEIÐSÖGUMAÐUR og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Therese, f. Wrede og Emil Bürling, framkvæmdastjóri. **M:** 1979, Kjartan Rúnar Gíslason (1935-2012), háskólakennari. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Marienschule í Münster 1967 og hafði þá lesið latínu í níu ár og grísku í sex ár. Stundaði háskólanám við Westfälische Wilhelms-Universität Münster. Lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Münster í Þýskalandi 1982. **Störf:** Var lektor í þýsku við Háskóla Íslands frá 1977 og forstöðumaður Þýska bókasafnsins, Goethe-Institut, frá opnun þess 1983 til 1997. Vann við þýðingar. Þýddi verk íslenskra höfunda á þýsku, m.a. eftir Þórarin Eldjárn, Steinunni Sigurðardóttur og Kristínu Marju Baldursdóttur. **Jarðsett:** Laugardælakirkjugarði.

D

DAGBJÖRT GUÐRÍÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR (1921-2013) fædd á Granda í Ketildalshreppi, Arnarfirði, látin í Kópavogi. HJÚKRUNARFORSTJÓRI. **Foreldrar:** Þorbjörg Sigurðardóttir (1899-1987) og Þórður Valgeir Benjamínsson (1896-1985), verkamaður. **Systkin:** 1. Valborg Elísabet (1918-2008), 2. Sigurður (1920-1975), 3. Björg Jóhanna (1923-2017), 4. Auður (1925-2016), 5. Benjamín (1927-2013), 6. Guðmundur Sigurður (1928-2004), 7. Ari Guðmundur (1929-2023), 8. Sigríður Hrefna (1931-1945), 9. Jóhannes (1932-2010), 10. Guðbrandur (1933-2019), 11. Ásta Sigrún (1937), 12. Ingunn (1939), 13. Gunnar (1940-1940), 14. Gunnar Þórbergur (1942-1969), 15. Sigurbjörg (1945). **Sambýlismaður:** Vigfús Egilsson (1917-1986), skrifstofumaður. **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands 1951. Fór í náms- og kynnisferð til Johannesberg, Mariestad í Svíþjóð 1955. **Störf:** Var hjúkrunarkona á handlækningadeild Landspítalans 1951-1953. Starfaði um tíma í Noregi og Danmörku, við Sentralsykehuset Akershus í Ósló 1953-1954, barnadeild Rikshospitalet Ósló 1954 og Centralsygehuset í Hillerød í Danmörku 1955. Fékkst við hjúkrun á Kleppsspítala í Reykjavík 1955-1956, Heilsuvernd Vestmannaeyja 1956-1959 og St. Jósefsspítala í Reykjavík 1959-1960. Var yfirhjúkrunarkona/forstöðukona/hjúkrunarforstjóri á Reykjalundi 1961-1982. Starfaði á Hrafnistu í Reykjavík frá 1983 til starfsloka. **Félagsstörf:** Var formaður Hlífar, deildar ellilífeyrisþega Hjúkrunarfélags Íslands 1984-1986. **Viðurkenning:** Sæmd gullmerki SÍBS (1982). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit B-8.

DAGNÝ GUÐRÚN ALBERTSSON (1925-2018) fædd á Hesteyri í Sléttuhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Borghild Bentsdóttir Albertsson, f. Árseth (1900-1989) og Guðmundur H. Albertsson (1896-1952), kaupmaður, útgerðarmaður og oddviti Sléttuhrepps. **Systkin:** 1. Reidar G. (1928-1982), 2. Birgir G. (1925-2009). **Nám:** Lauk kennara-prófi frá Kennaraskóla Íslands 1951. Stundaði nám í Bandaríkjunum 1965-1966, m.a. við Georgetown University í Washington DC. **Störf:** Var kennari við Glerárskóla á Akureyri 1951-1952 og Melaskólann í Reykjavík árin 1952-1995. Rak ásamt fjölskyldu sinni verslunina Guðmundur H. Albertsson á Langholtsvegi 42, Reykjavík. **Félagsstörf:** Starfaði með KFUM og KFUK og var félagskona í Kristniboðsfélagi kvenna. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1995). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-26-19.

DENNA STEINGERÐUR ELLINGSTON, f. **JAKOBSON** (1928-1979) fædd á Íslandi, látin í San Francisco. **BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** og **HÁSKÓLAKENNARI.** **Foreldrar:** Ólöf Jónsdóttir Jakobson (1895-1970), skáld, og Vilhelm Jakobson (1889-1941), kennari. **Samfeðra systkin:** 1. Gunnar Benóný Jakobsson (1918-1988). **M:** John R. Ellingston (1897-1977), rithöfundur og prófessor. **Nám:** Gekk í Bernard College og síðan í Columbiáháskólann í Bandaríkjunum. Varði doktors-ritgerð í bókmenntum við Minnesotaháskóla 1964. **Störf:** Kenndi við ýmsa háskóla. Var lengi kennari í íslensku og dönsku við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Var háskólakennari á Formósu (nú Taívan) seinustu árin fyrir lát manns síns. **Jarðsett:** Líklega í Bandaríkjunum.

DÓMHILDUR JÓNSDÓTTIR (1926-2012) fædd á Akureyri, látin á Blönduósi. **HÚSMÆÐRAKENNARI.** **Foreldrar:** Kristín Mýrdal Karlsdóttir (1902-1985) og Jón Hallur Sigurbjörnsson (1897-1973), húsgagnabólstrari. **Systkin:** 1. Karl Ómar (1927-2014). **M:** 1956, Pétur P. Ingjaldsson (1911-1996), sóknarprestur og prófastur. **Börn þeirra:** 1. Jón Hallur (1959), 2. Pétur Ingjaldur (1962). **Nám:** Lauk húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1948 og tók framhaldsnám við Specialkursus í husholding við Háskólann í Árósum 1952-1953. Stundaði djáknanám við Háskóla Íslands 1995-1998. **Störf:** Var kennari við Húsmæðra-skóla Akureyrar 1948-1949, Kvennaskólann á Blönduósi 1950-1952 og Húsmæðraskólann á Laugalandi 1953-1956. Var heimilisfræðikennari í hlutastarfi við Höfðaskóla á Skagaströnd 1976-1981 og bókavörður við bókasafn Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu 1970-1979. Sinnti starfi safnaðarsystur í Hallgrímskirkju og stjórnaði starfi aldraðra 1982-1992. **Félagsstörf:** Starfaði í Kvenfélagi Höskuldsstaðasóknar og Kvenfélaginu Einingu á Skagaströnd. Var formaður Sambands húnvetnskra kvenna um tíma og einnig formaður Sambands norðlenskra kvenna. Var formaður barnaverndarnefndar um árabíl og átti sæti í sóknarnefnd Höfðasóknar. **Jarðsett:** Spákonufellskirkjugarði reit A-33.

DÓRA SIGRÍÐUR BJARNASON (1947-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **PRÓFESSOR.** **Foreldrar:** Steinunn Ágústa Bjarnason (1923-2017), gjaldkeri, og Ingi Hákon Bjarnason (1914-1958), efnaverkfræðingur. **Systkin:** 1. Inga (1951), 2. Ingi Þorleifur (1959). **Barn Dóru:** 1. Benedikt Hákon Bjarnason (1980). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967, BA-prófi í félagsfræði frá Manchesterháskóla í Englandi 1971 og MA-prófi í félagsfræði frá Keeleháskóla í Englandi 1974. Lauk doktorsprófi (dr.philos.) frá Óslóarháskóla 2003 í fötlunarfræði og sérkennslu. **Störf:** Hóf störf sem stundakennari við Kennaraháskóla Íslands 1971 og var fastráðin þar 1981. Varð prófessor í félags- og fötlunarfræði við Kennaraháskóla Íslands 2004

(síðar Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá 2008) og sinnti því til 2017. Var gistiprófessor við háskóla víða erlendis. Stundaði fræðistörf og birti fræðigreinar í tímaritum og bókum. **Bækur:** *Brot: konur sem þorðu* (2019), auk fræðibóka. **Viðurkenning:** Hlaut Múrbrjótinn, viðurkenningu Landssamtakanna Þroskahjálpar fyrir einarðra baráttu og rannsóknir í þágu fólks með fatlanir (2002). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-5-93.

DÓRA JAKOBSDÓTTIR GUÐJOHNSEN (1938-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LÍFFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ellý Hedwig Guðjohnsen, f. Novottnick (1903-1962) og Jakob Guðjohnsen (1899-1968), rafmagnsstjóri Reykjavíkur. **Systkin:** 1. Kristín (1928), 2. Stefán (1932-2008), 3. Þórður (1936-1998). **M:** 1957, Borgþór Jóhannesson (1933-2006), grasfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Kolbrún (1957), 2. Brynhildur (1958), 3. Ásdís (1967), 4. Anna (1977). **Nám:** Gekk í Gagnfræðaskólann við Hringbraut og Menntaskólann í Reykjavík. Var í hópi fyrstu nemenda öldungadeildar Menntaskólans við Hamrahlíð og útskrifaðist þaðan með stúdentspróf 1975. Lauk námi í líffræði frá Háskóla Íslands 1980. **Störf:** Starfaði um árabil við ritarastörf, m.a. á Atvinnudeild Háskólans, Handritastofnun Íslands (Stofnun Árna Magnússonar frá 1972) og hjá Rauða krossinum. Vann á Rannsóknastofu í lífeðlisfræði og Líffræðistofnun Háskóla Íslands, auk þess sem hún var aðstoðarkennari við líffræðideild Háskólans. Starfaði sem líffræðingur í Grasagarði Reykjavíkur 1986-2008 og vann að því að greina, skrásetja og merkja plöntusafnið. Sá einnig um íslenska safnhluta garðsins, safnaði íslenskum plöntum og villtu fræi. Vann merkt starf í þágu íslenskrar tungu með því að taka saman íðorðasöfn á fræðasviði sínu, samdi mörg ný nöfn yfir mosa, í samvinnu við eiginmann sinn, plöntur og plöntuættir. Var stofnaðili að Orðabanka Íslenskrar málstöðvar árið 1997 með *Ættaskrá háplantna*, vann við orðasafnið *Nytjaviðir* og með öðrum við orðasafnið *Plöntuheiti*. Sat í Íslenskri málnefnd 2011-2015. **Bók:** *Nöfn háplöntuætta, orðasafn með skýringum* (2018, hafði unnið að því síðustu 20 ár). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit J-1-12.

DÓRA HLÍN INGÓLFSDÓTTIR (1949-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR. **Foreldrar:** Jóhanna Bjarnfreðsdóttir (1922-2010), bókavörður, og Ingólfur Finnbjörnsson (1925-2010), loftskemtamaður. **Alsystkin:** 1. Sigrún (1947), 2. Svanhvít Eygló (1954). **Samfeðra systkin:** 3. Sigurður (1944), 4. Lísa Björk Valgerður Saga (1966). **M1:** 1970, Guðmundur Guðbjörnsson (1949-2018), skildu 1974. **Barn þeirra:** 1. Jóhanna (1970). **M2:** 1982, Benedikt Lund (1952), lögreglumaður, skildu 1991. **Barn þeirra:** 2. Sigrún Hulda (1982). **Sambýlismaður:** Erlingur Kristjánsson (1945), smiður. **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi og síðar námi frá Lögregluskólanum 1974. **Störf:** Starfaði sem lögreglukona 1974-1976 og síðan rannsóknarlögreglukona árin 1976-2014. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Stígamóta. Var í hópi stofnenda Kríanna, hagsmunafélags lögreglukvanna, 1994 og fyrsti formaður þess. Tók þátt í að stofna Samfylkinguna í Mosfellsbæ árið 2000. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-6-95.

DÓRA ÓLAFSDÓTTIR (1912-2022) fædd í Sigtúnum á Kljáströnd í Grýtubakkahreppi í Suður-Pingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. TALSÍMAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Anna María Vigfúsdóttir (1888-1973) og Ólafur Gunnarsson (1878-1964), útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Anna Gunnur (1911-1945), 2. Guðríður (1916-2005), 3. Gunnar (1917-1991), 4. Baldvin (1919-2015), 5. Vigfús (1922-2012), 6. Árni (1925-2003), 7. Þóra Soffía (1931). **Barnsfaðir:** Haukur Oddsson (1912-1941).

Barn þeirra: 1. Ása Hauksdóttir Drexler (1933). **M:** 1943, Þórir Guðmundur Áskelsson (1911-2000), sjómaður og seglasaumari. **Barn þeirra:** 2. Áskell (1953). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri. **Störf:** Starfaði sem talsímakona á Akureyri í yfir 40 ár eða árin 1936-1978. **Jarðsett:** Grenivíkirkirkjugarði.

DÓRA PÁLSDÓTTIR (1947-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SÉRKENNARI. **Foreldrar:** Björg Ásgeirsdóttir (1924-1996) og Páll Ásgeir Tryggvason (1922-2011), sendiherra. **Systkin:** 1. Tryggvi (1949), 2. Herdís (1950), 3. Ásgeir (1951), 4. Sólveig (1959). **M1:** David Janis (1946), þjónustufulltrúi. **Börn þeirra:** 1. Páll Ásgeir (1970), 2. Tryggvi Björn (1973), 3. Davíð Tómas (1979). **M2:** Jens Tollefsen (1952), tölvunarfræðingur. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1967. Útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands 1968. Stundaði nám í heyrnleysingjakennslu við University of Arizona í Bandaríkjunum og viðbótarnám í tölvukennslu fyrir fólk með fötlun við Sérkennaraháskólann í Ósló. **Störf:** Starfaði hjá Starfsþjálfun fatlaðra, Hringsjá, 1988-2005. Kenndi íslensku fyrir útlandinga hjá Mími í hlutastarfi og vann tölvuvinnu fyrir bókaútgáfuna Mál og menningu. Var tölvu- og sérkennari við Austurbæjarskólann 2004-2009. Kenndi íslensku hjá sendiráði Bandaríkjanna 2009-2015. Sá um veislur fyrir Félag íslenskra tónlistarmanna. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-1-9.

DÓRA THORODDSEN (1914-2001) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. GULLSMÍÐUR. **Foreldrar:** Regína Magdalena Benediksdóttir Thoroddsen (1887-1929) og Guðmundur Skúlason Thoroddsen (1887-1968), prófessor og yfirlæknir Landspítalans, forstöðumaður Ljósmeðraskólans, rektor Háskóla Íslands og formaður Rauða kross Íslands. **Alsystkin:** 1. Ásta G. Th. Malmquist (1916-1998), 2. Skúli (1918-1973), 3. Unnur G. (1922-1990), 4. Hrafnhildur Gríma (1923-2012), 5. Regína Benedikta (1924-2000), 6. Katrín (1925-1925). **Samfeðra systkin:** 7. Þrándur (1931-2010). **Kjörsystkin:** 8. Ásta Björt (1942-2019). **M:** 1936, Hákon *Bragi* Brynjólfsson (1909-1961), stofnandi og forstjóri Bókabúðar Braga í Hafnarstræti í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Birgir (1937-2007), 2. Regína Magdalena (1942), 3. Katrín Brynja (1944-2016), 4. Guðmundur Skúli (1946), 5. Ragnhildur Benedikta (1952). **Uppeldisbarn:** 6. Ástríður Dóra Kjartansdóttir (1974). **Nám:** Nam við Kvennaskólann í Reykjavík. Stundaði nám í gullsmíði í Iðnskólanum í Reykjavík og var lærlingur í Hringnum, gullsmíðaverkstæði Kjartans Ásmundssonar. Lærði að spila á píanó hjá Matthildi Kvaran. **Störf:** Starfaði á yngri árum sem meinatæknir á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands, undir handleiðslu prófessors Níelsar Dungal. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-5-11.

DÓRA ÞÓRHALLSDÓTTIR (1893-1964) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FORSETAFRÚ ÍSLANDS 1952-1964. **Foreldrar:** Valgerður Jónsdóttir (1863-1913) og Þórhallur Bjarnason (1855-1916), biskup. **Systkin:** 1. Tryggvi (1889-1935), 2. Svava (1890-1979), 3. Björn (1891-1916). **M:** 1917, Ásgeir Ásgeirsson (1894-1972), forseti Íslands (1952-1968). **Börn þeirra:** 1. Þórhallur (1919-2005), 2. Vala (1921-2005), 3. Björg (1925-1996). **Störf:** Var húsfréyjia í forsetabústaðnum á Bessastöðum. **Viðurkenning:** Sæmd Stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í opinbera þágu (1953). **Jarðsett:** Bessastöðum.

DRÍFA VIÐAR THORODDSEN (1920-1971) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Katrín Viðar (1895-1989) og Einar Indriðason Viðar (1887-1923). **Systkin:** Jórunn

Viðar (1918-2017). **M:** 1947, Skúli Thoroddsen (1918-1973), augnlæknir. **Börn þeirra:** 1. Einar (1948), 2. Theodóra (1950), 3. Guðmundur (1952-1996), 4. Jón (1957). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1938 og lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1939. Stundaði myndlistarnám hjá Jóni Þorleifssyni í tvö ár. Fór utan til náms 1943, fyrst til Bandaríkjanna og síðan Parísar og var þar í Art Student League samtímis þeim Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur. **Störf:** Stundaði ritstörf og myndlist. **Ritstörf:** Skrifaði myndlistar- og bókmenntagagnrýni í blöð og tímarit, orti ljóð og sendi frá sér skáldsöguna *Fjaldalslilju* (1967) og smásagnasafnið *Daga við vatnið* (1971). Skrifaði einnig leikrit og sögur fyrir börn sem hún myndskreytti sjálf en hafa ekki komið út á bók. **Myndlistarsýning:** Bogasal Þjóðminjasafnsins (1971). **Félagsstörf:** Var meðal stofnenda Félags hernámsandstæðinga. Var félagi í Sameiningarflokki alþýðu, Sósíalístafloknum. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-28-7.

[SÍGRÍÐUR] **DRÖFN FRÍÐFINNSDÓTTIR** (1946-2000) fædd í Reykjavík, látin á Akureyri. MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Sigríður Kristín Elíasardóttir (1926-1981) og Friðfinnur S. Árnason (1915-1999), vélstjóri. **Systkin:** 1. Jónína Gunnhildur (1940-2008), 2. Jóhanna Kristjana (1947). **M:** Guðmundur Óskar Guðmundsson (1946), húsasmiður. **Börn þeirra:** 1. Kristín Petra (1967), 2. Íris (1968), 3. Sigríður (1972). **Nám:** Stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík 1963, Myndlistaskólann á Akureyri 1982-1986 og Lahti Polytechnic, Institute of Design, Finnlandi 1987-1988. **Störf:** Fékkst við myndlist og sýndi verk sín víða. **Sýningar:** Hélt einkasýningar m.a. í Lahti Hannen galleri, Finnlandi (1988), Gamla Lundi (1989 og 1991), Deiglunni (1994), Listasafn ASÍ (1994) og Listasafni á Akureyri (1996). Tók þátt í samsýningum, m.a. *Samsýningu norðlenskra kvenna* (1985), *Joensuun Taidemuseo*, Finnlandi (1991), *Grafiktriennalen '92*, Svíþjóð (1992), State Gallery, Slóveníu (1992) og *Intergrafia '97 World Award Winners*, Póllandi (1997). **Félagsstörf:** Var félagi í Félagi íslenskra myndlistarmanna og Félagi grafíklistamanna. **Viðurkenning:** Valin Listamaður Akureyrar (1998). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit J-6-53.

DRÖFN GUÐMUNDSDÓTTIR (1947-2013) fædd í Reykjavík, látin í bílslysi í Skötufirði Ísafjarðardjúpi. GLERLISTAMAÐUR. **Foreldrar:** Guðný Bjarnadóttir (1917-1996) og Guðmundur Jóhannsson (1914-2006), húsasmíðameistari. **Systkin:** 1. Margrét (1939), 2. Jóhann Bogi (1941-2015), 3. Gerður (1945). **M1:** 1967, Karl Haraldsson (1946-2018), svæfingalæknir, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Bryndís (1967), 2. Kolbrún (1968), 3. Gunnlaugur (1975). **M2:** Sigurður Skúlason (1946), leikari. **Barn þeirra:** 4. Sindri (1990). **Nám:** Stundaði nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, listabraut 1983-1987, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, myndhöggvaraskor 1989-1993 og hjá Kris Ellis, Glerbræðslu 1994-1995. Lærði útskurð hjá Erni Sigurðssyni 1995 og ljósmyndun og vinnslu hjá Ljósmyndaranum 2005. Sótti námskeið í glerbræðslu hjá Detlev Tanz 2006-2007 og námskeið í photoshop og vefsíðugerð. **Störf:** Fékkst við glerlist. Var einn af stofnendum Gallerís Listakots 1995-2000. Var þáttakandi í Galleríi Hjá þeim við Skólavörðustíg í Reykjavík 1993-1995. Var aðili að Sjálfseignarstofnun Handverks og hönnunar 2006 og meðeigandi í Kraum galleríi við Aðalstræti í Reykjavík frá 2007. **Sýningar:** Hélt 16 einkasýningar, m.a. *Bernskuminningar* í Stöðlakoti (1994), *Fiskar og fjöll* í Humarhúsinu (1998), *Andlit og landslag* á Kaffi Krús Selfossi (2000) og *Gler-í-mynd* á Árbæjarsafni (2007). Tók þátt í 29 samsýningum á árunum 1993-2009. Gerði glermyndir á vegg í opinberu rými. **Félagsstörf:** Var félagi í SÍM frá 2003. **Jarðsett:** Öskudreifing.

DÝRFINNA HELGA KLINGENBERG SIGURJÓNSDÓTTIR (1931-2019) fædd í Reykjavík, látin á Seltjarnarnesi. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Elínborg Tómasdóttir (1906-1995), húsmóðir og bóndi á Seljalandi í Reykjavík, og Sigurjón Jónsson (1907-1992), hafnarstarfsmaður. **Systkin:** 1. Sigríður (1929-2019), 2. Ingibjörg (1933-1999), 3. Jörgen Jón Hafsteinn (1935-2013), 4. Magnús Tómas (1937-1993), 5. Jón Oddur Rafn (1942). **M:** 1954, Sigurður Ingvar Jónsson (1927-2017), verkamaður. **Börn þeirra:** 1. Elínborg (1953), 2. Elinóra Inga (1954), 3. Magnús Jóhannes (1957), 4. Þórey Stefanía (1961), 5. Sigríður Helga (1963), 6. Jón Helgi (1969), 7. Sigrún Jóna (1969). **Nám:** Stundaði nám við Kvöldskóla KFUM og KFUK. Lauk Ljósmaðraprófi frá Ljósmaðraskóla Íslands 1952. **Störf:** Var gangastúlka hjá nunnunum í Landakoti í fjögur sumur. Var einkabílstjóri hjá Guðmundi blinda í Trésmiðjunni Víði um tíma. Starfaði sem ljósmaðranemi á fæðingardeild Landspítalans á námsárunum 1951-1952 og sem ljósmóðir 1952-1954. Starfaði við mæðradeild Heilsuverndarstöðvarinnar 1955-1976, Fæðingarheimili Reykjavíkur 1976-1992 og fæðingar-deild Landspítalans 1993-2001. Vann auk þess við mæðraskoðun og sem afleysingaljósmóðir víðs vegar um landið í sumarfríum sínum. Starfaði einnig sem ljósmóðir í Reykjavík og nágrenni þar sem hún tók á móti fjölda barna í heimahúsum. **Viðurkenningar:** Kjörin heiðursfélagi í Ljósmaðrafélagi Íslands (2004). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2015). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-3-188.

DÝRLEIF ÁRMANN (1915-2001) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. KJÓLAMEISTARI. **Foreldrar:** Guðrún Jóhannsdóttir (1877-1969), kennari, og Boris Schumacher, bandarískur blaðamaður, ættaður frá Póllandi. **Systkin:** 1. Jóhannes Sæmundur Newton (1920-2011). **M:** 1941, Sigurður Magnússon (1911-1989), blaðafulltrúi Loftleiða og forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins. **Börn þeirra:** 1. Anna Kristín (1942), 2. Steinunn Þóra (1945-2019). **Börn Sigurðar:** 3. Ásdís Sigríður (1936), 4. Þorgerður Guðrún (1938-2019) (móðir þeirra látin 1939). **Nám:** Dvaldi í Kaupmannahöfn 1932-1937 við nám og störf. Lærði saumaskap hjá Mede-Palæet í Kaupmannahöfn í þrjú ár og að sníða í kvöldskóla í sex mánuði. Vann síðan við sauma hjá Harps og Olsen kjólahúsinu á Strikinu. **Störf:** Opnaði saumastofu við Sóleyjargötu í Reykjavík 1937 þar sem hún leigði kjallaraíbúð. Flutti hana í Austurstræti 12 ári síðar. Rak saumastofuna um tíma á heimili sínu í Tjarnargötu, en síðan í Miðstræti 7 árin 1952-1960. Var á þessum árum með fimm til 10 konur í vinnu við saumaskap, auk nema. Saumaði samkvæmis-, síðdegis- og kvöldkjóla og auk þess kápur og draktir. Hannaði og saumaði skikkjur sem hæstaréttarlögmenn bera við málflutning. Saumaði einnig skautbúninga á fegurðardrottningar og fjallkonur. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags kjólameistara 1943. Var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur, sat m.a. í stjórn og nefndum klúbbsins og vann á sviði fjáröflunar. **Viðurkenningar:** Gerð að heiðursfélaga Félags kjólameistara á fjörutíu ára afmæli þess 1983. Í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands eru varðveitt viðtöl við Dýrleifu Ármann og Henny Ottósson þar sem þær lýsa vinnuaðferðum og aðstöðu við kjólasaum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit T-249.

DÝRLEIF ÞORBJÖRG ÁRNADÓTTIR (1897-1988) fædd á Skútustöðum, Mývatnssveit, látin í Reykjavík. KENNARI og PÝÐANDI. **Foreldrar:** Auður Gísladóttir (1869-1962) og sr. Árni Jónsson (1849-1916), prestur á Skútustöðum og síðar á Hólum við Reyðarfjörð. **Alsystkin:** 1 Þorbjörg Dýrleif (1898-1987), 2. Gíslí (1899-1962), 3. Þóra (1900-1986), 4. Gunnar (1901-1985), 5. Ingileif [Inga] Oddný (1903-1995), 6. Ólöf Dagmar (1909-1993). **Samfeðra systkin:** 7. Þuríður (1885-1962), 8. Jón Skuta (1888-1969). **M1:** 1924, Skúli Guðjónsson (1895-1955), læknir og prófessor,

skildu 1931. **M2:** 1948, Ásgeir Pétursson (1906-1992), verkamaður. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1918. Stundaði nám við heimspekideild Háskóla Íslands 1919-1920. Sat í flokksskóla í Moskvu 1931-1932 undir dulnefninu Doris Lind. **Störf:** Var blaðamaður á *Alþýðublaðinu* 1919, skrifari í efri deild Alþingis 1920 og ritari hjá Búnaðarfélaginu 1921-1923. Fékkst við þýðingar og þýddi *Heilsufræði ungra kvenna* (1923), *Heilsufræði hjóna* (1927) og *Heilsufræði telpna fjórtán til sextán ára* (1928). Var kennari við málaskóla Hendriks Ottóssonar 1929. Auglýsti sjálf þýsku- og enskukennslu í blöðum 1933. **Félagsstörf:** Sat í bráðabirgðastjórn Íslandsdeildar Alþjóðasamhjálpur verkalýðsins (AVS) 1930. Var stofnfélagi í Kommúnistaflokki Íslands (KFÍ) sem fulltrúi Spörtu kommúnistafélagsins í Reykjavík 1930. Var stofnfélagi Sósíalista-flokksins 1938 og meðstjórnandi í fyrstu stjórn Sósíalistafélags Reykjavíkur. Gekk í Kvenréttinda-félag Íslands (KFRÍ) 1936. **Jarðsett:** Eyrarbakka kirkjugarði reit B-480.

E

EDDA SIGRÚN BJÖRNSDÓTTIR (1936-1987) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. AUGNLÆKNIR. **Foreldrar:** Una Jóhannesdóttir (1913-2000) og Björn Sigurðsson (1913-1959), læknir. **Systkin:** 1. Sigurður (1942), 2. Jóhannes Örn (1947). **M:** 1958, Leifur Björnsson (1931-2022), læknir, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Árni (1958), 2. Björn (1960), 3. Helga (1962). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Lauk kandidatsprófi í lækisfræði frá Háskóla Íslands 1970. Stundaði framhaldsnám í augnlækisfræði við Moorfields Eye Hospital í Lundúnum. **Störf:** Starfaði sem sérfræðingur á Landakotsspítala 1979-1987. Rak jafnframt eigin læknastofu til dauðadags. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-5-46.

EDDA EIRÍKSDÓTTIR (1936-2005) fædd á Akureyri, látin á Akureyri. KENNARI. **Foreldrar:** Kamilla Þorsteinsdóttir (1911-1996) og Eiríkur Gísli Brynjólfsson (1905-1986), forstöðumaður Kristnesspítala. **Systkin:** 1. Auður (1938), 2. Þorsteinn (1941), 3. Guðríður (1943-2006). **M:** Rafn Biering Helgason (1933), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Eiríkur (1958), 2. Helgi (1960), 3. Emillía (1965). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1955. Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði 1955-1956 og við heimspekideild Háskóla Íslands 1956-1957. Tók kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1957 og stundaði nám í íslensku við Háskóla Íslands 1981-1982. **Störf:** Var kennari við Langholtsskóla í Reykjavík 1957-1958. Var skólastjóri Barnaskóla Hrafnagilshrepps 1958-1971 og Grunnskóla Öngulsstaðahrepps 1971-1982 (í leyfi 1981-1982). Var kennari við Stórutjarnaskóla í Suður-Þingeyjarsýslu 1982-1983, við Varmárskóla í Mosfellssveit 1983-1984 og á ný við Stórutjarnaskóla 1984-1987. Var kennari við Barnaskóla Bárðdæla í Suður-Þingeyjarsýslu 1988-1990, á Selfossi og Þingborg í Villingaholts-hreppi og við Grunnskólann á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit 1991-2002. Starfaði í starfshópum á vegum Námsgagnastofnunar við gerð námsefnis í líffræði. Ritaði texta bókarinnar *Listakonan í Fjörinni*, *Elísabet Geirmundsdóttir* (1989) og hafði umsjón með útgáfu bókarinnar. **Félagsstörf:** Var formaður Kennarafélags Eyjafjarðar og formaður Bandalags kennara á Norðurlandi um skeið. Var landsforseti Zonta 1977-1979. **Jarðsett:** Munkaþverárkirkjugarði reit E-646.

[PÓRDÍS] **EDDA KVARAN** (1920-1981) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITSÍMARITARI og LEIKARI. **Foreldrar:** Soffía Fransíska Guðmundsdóttir (1898-1948), leikkona, og Ágúst Jósefsson Kvaran (1894-1983), útibússtjóri og leikari. **Sammæðra systkin:** 1. Guðlaugur Hjörleifsson

(1931-2018). **Samfeðra systkin:** 2. Hjördís Á. Kvaran Briem (1929), 3. Axel (1932-2020), 4. Anna Lilja (1935). **M:** 1944, Jón Þórarinnsson (1917-2012), tónskáld, skildu 1959. **Börn þeirra:** 1. Þórarinn (1944), 2. Ágúst (1948), 3. Rafn (1952). **Nám:** Stundaði nám við Verslunarskóla Íslands. Lærði leiklist, fyrst hjá móður sinni, síðan hjá Lárusi Pálssyni og við Yale University Drama Department í Bandaríkjunum 1945-1947. **Störf:** Starfaði hjá ritsímanum í áratug. Starfaði sem leikari og lék alls 20 hlutverk á árunum 1929-1968, þar af 15 hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Þau voru m.a. Nonny Lawrence í *Æska og ástir* (1935), Alice Faulkner í *Sherlock Holmes* (1939), Fríður í *Dansinum í Hruna* (1942), Ethel Harper í *Marmara* (1950), Systir Similicia í *Vesalingunum* (1952), Frú Kapúlett í *Rómeó og Júlíu* (1963) og Þura í *Manni og Konu* (1968). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit X-750.

EDDA SVAVA MAGNUSSON, f. STEFÁNSDÓTTIR (1933-2010) fædd í Reykjavík, látin í Garðabæ. AÐSTOÐARKENNARI og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Kristín María Kristinsdóttir (1905-1990), bankafulltrúi, og Stefán Ólafur Björnsson (1904-1966), stýrimaður og tollvörður. **Systkin:** 1. Hafsteinn Þór (1936-2000), 2. Jón Baldvin (1942). **M:** 1956, John S. Magnusson (1929-2006), vélaverkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. John (1956), 2. Stefán Gunnar (1960). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1954 og cand.phil.-prófi frá Háskóla Íslands 1955. **Störf:** Var aðstoðarkennari í barnaskóla í Upper Montclair í New Jersey í Bandaríkjunum 1960-1994. **Félagsstörf:** Sat í stjórnnum, m.a. Icelandic American Society, American Scandinavian Society og American Scandinavian Foundation. Var formaður Íslendingafélagsins í New York. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1997). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-6-77.

EDDA SCHEVING (1936-2002) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. BALLETT- og DANSKENNARI. **Foreldrar:** Margrét Skaftadóttir Scheving (1912-2009) og Sigurður Scheving (1910-1977), skrifstofustjóri. **Systkin:** 1. Birgir Kristinn (1937-2003), 2. Baldur Sveinn (1938), 3. Gylfi Guðmundur (1940), 4. Knútur Örn (1945). **M:** 1961, Heimir Guðjónsson (1937), vélvirki, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Harpa (1965), 2. Brynja (1968). **Nám:** Lauk landsprófi frá gagnfræðadeild Austurbæjarskóla. Stundaði ballettnám hjá Sif Þórz og Ástu Norðmann 1947, við Dansskóla Félags íslenskra listdansara 1948-1951 og við Listdansskóla Þjóðleikhússins frá 1952. Sótti nám í Kaupmannahöfn 1959 og tók ballett- og danskennarapróf frá Institut Carlsen 1959 og Terpsichore (dans ásamt kórsöng) 1960 og sótti þar síðar mörg námskeið. **Störf:** Dansaði í *Nýársnótt* fyrstu uppfærslu Þjóðleikhússins og fleiri sýningum leikhússins. Stofnaði og rak Ballettskóla Eddu Scheving frá árinu 1959. Tók þátt í listdanskyrningu í skólum víða um landið á vegum menntamálaráðuneytisins 1969-1971. Aðstoðaði við uppfærslur í Þjóðleikhúsinu 1970-1980. Varð fyrsti framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins 1973. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Danskennarasambandi Íslands (DSÍ) og sat í stjórn þess frá stofnun 1963 og gjaldkeri til 1969. Sat í stjórn Bandalags íslenskra listamanna 1970-1978, þar af gjaldkeri 1970-1974. Var ritari Félags íslenskra listdansara 1966-1970 og formaður 1970-1976. Sat í fulltrúaráði Listahátíðar um tíma frá 1970 og settist í stjórn Listdanssonsjóðs Þjóðleikhússins við stofnun 1980. **Viðurkenning:** Hlaut listamannalaun (1972). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit J-747.

EINFRÍÐUR MARÍA GUÐJÓNSDÓTTIR (1888-1971) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BÓKBINDARI. **Foreldrar:** Helga Sigríður Auðunsdóttir (1853-1934) og Guðjón Einarsson (1844-

1888), útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Sigurður Kristófer (1884-1959), 2. Helga *Guðrún* (1878-1954). **Sammæðra systkin:** 3. Karl Adolph Jónasson (1900-1961). **Fósturbörn Einfríðar** (systurdætur): 1. Sigríður Antonsen (1907-1949), 2. Fríða Antonsen (1915-1933). **Nám og störf:** Vann hjá Ísafoldaprentsmiðjunni í 57 ár frá árinu 1904 og öðlaðist m.a. starfsréttindi þaðan. Útskrifaðist sem jómfrú í bókbandi árið 1906. Fékk seinna sveinsréttindi í iðninni og var lengi eini kvensveinninn í Bókbindarafélagi Íslands. **Félagsstörf:** Var gjaldkeri Bókbandsveinafélags Reykjavíkur 1918-1919. **Viðurkenning:** Kosin heiðursfélagi í Bókbindarafélagi Íslands (1958). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-7-7.

EIRÍKA ANNA FRIDRIKSDÓTTIR, f. ERIKA ANITA MARIA KUISE SPITZER (1911-1995) fædd í Þýskalandi, ólst upp í Tékkóslóvakíu, látin í Reykjavík. Flutti til Íslands 1953 og öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt 1955. HAGFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Else Spitzer (1885-1943), enskukennari, og dr. Fritz Spitzer (1877-1943), rafmagns- og efnafræðingur. Var einbirni. **M:** 1947, sr. Kári Valsson (1911-1992) (f. Karel Václav Alexei Vorovka, fæddur í Prag, flutti til Íslands 1939), skildu 1960. **Nám:** Lauk stúdentsprófi í Berlín 1930. Tók hagfræðipróf í Prag 1936. Stundaði nám í tölfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1936-1938 og framhaldsnám í hagfræði í Birmingham 1941-1944. Lauk BA-prófi í ensku og dönsku frá Háskóla Íslands 1981. Lagði stund á rússnesku og spænsku og lauk MA-námi í ensku. **Störf:** Starfaði eftir seinni heimstyrjöldina hjá Sameinuðu þjóðunum, fyrst í London 1946-1947 og síðan New York 1947-1953. Var eftir flutning til Íslands staðgengill sjúkrapjálfa á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í þrjá mánuði. Starfaði sem hagfræðingur hjá hagdeild Sambands íslenskra samvinnufélaga. Kenndi dönsku og bókhald í Núpsskóla, Dýrafirði, í tvö ár. Kenndi tölfræði við Australian National University 1961-1962 og 1963-1965. Starfaði í hagdeild Framkvæmdastofnunar sem síðar varð Þjóðhagsstofnun frá 1965 til starfsloka 1981. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Neytendasamtakanna 1971-1977. Tók virkan þátt í norrænum samvinnuverkefnum á sviði neytendamála (NÆK) á áunum 1976-1985. Arfleiddi Barnaspítala Hringsins að íbúð sinni að Ljósheimum 22, Reykjavík, til afnota fyrir aðstandendur veikra barna. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1991). **Andlát:** Engin formleg jarðsetning fór fram þar sem hún gaf líkama sinn læknadeild Háskóla Íslands til afnota í vísindalegum tilgangi.

ELEONORE HERTHA BRIEM, f. KREIE / **Ellen Kid** (1907-1941) fædd í Dresden, látin í Reykjavík. DANSKINNARI. **Faðir hennar:** Alexander Kreie, verksmiðjueigandi. **M:** 1937, Jóhann Kristján Ólafsson Briem (1907-1991), listmálari og kennari. **Nám:** Stundaði listdansnám, m.a. hjá Mary Wigmann, sem stofnaði skóla í Dresden 1920 og þróaði dansstíl sem hún kallaði dansleikfimi (var þekktur listamaður þýska expressionistadansins og naut hylli sem dansari, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum). **Störf:** Tók sér listamanns nafnið Ellen Kid og dansaði við leikhús í Þýskalandi, á Ítalíu, Spáni og í Sviss og einnig í nokkrum kvikmyndum hjá Ufa-kvikmyndafélaginu. Rak Dansskóla Ellen Kid í Reykjavík 1937-1940. Bauð upp á kennslu í ballett og dansgymnastik, en dansleikfimin náði ekki til nemenda, áhuginn var á balletti og steppi. Hélt danssýningu í Iðnó 1939 við undirleik Carl Billich. Í októberlok 1939 auglýsti „The Artist Club“ Cabaret-kvöld á Hótel Borg og þar kom fram að Ellen Kid mundi sýna dans. **Jarðsett:** Stóra-Núpskirkjugarði, var lögð í kistuna í hvíta danskjólnum sínum með rauða beltinu. **Jarðsett:** Stóra-Núpskirkjugarði reit A-205.

ELFA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR (1943-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BORGARBÓKAVÖRÐUR og FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Halldórsdóttir (1915-1995) og Gunnar Þórir Þorláksson (1919-1987), húsasmíðameistari. **Sambýlismaður:** Ármann Örn Ármannsson, framkvæmdastjóri (1944). **M:** 1995, Jón Jónasson (1947-2006), tannlæknir. **Nám:** Sótti leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur 1963-1965. Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965. Lærði bókmenntasögu, ensku og enskar bókmenntir við Stockholms Universitet 1966-1971. Lauk prófi í bókasafnsfræði frá Stockholms Stadsbiblioteks Biblioteksskóla 1973. **Störf:** Starfaði með námi í Stockholms Stadsbibliotek 1967-1974. Starfaði á Borgarborgasafni Reykjavíkur frá 1974 og stýrði undirbúningi að stofnun Hljóðbókasafns Borgarborgasafns og Blindrafélagsins. Var borgarborgavörður 1975-1985, framkvæmdastjóri Ríkisútlitarsins – hljóðvarps 1985-1995 og síðan safnstjóri Sólheimasafns í nokkur ár. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Blindrabókasafns Íslands, Styrktarsjóðs Blindrabókasafnsins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Krabbameinsfélags Íslands. Var formaður undirbúningsnefndar norræns bókavardæpis í Reykjavík 1984. Sat í CINDI (Children in Distress Network) fulltrúaráði samvinnuáætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og nokkurra Evrópuþjóða um forvarnir gegn langvinnum sjúkdómum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-9-133.

ELÍN ARADÓTTIR (1918-2000) fædd að Grýtubakka í Höfðahverfi, Suður-Þingeyjarsýslu, látin á ferðalagi innanlands. HÚSFREYJA og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Sigríður Árnadóttir (1896-1941) og Ari Bjarnason (1893-1965), bóndi. **Systkin:** 1. Bjarni (1921-2011), 2. Árni (1923-1999), 3. Arnbjörg (1925-2002), 4. Steingrímur (1927-2004), 5. Snjólaug (1929-2015), 6. Guðmundur (1935). **M:** 1940, Teitur Björnsson (1915-1998), bóndi og oddviti. **Börn þeirra:** 1. Björn (1941), 2. Ari (1943), 3. Sigríður (1946), 4. Erlingur (1946), 5. Helga (1947), 6. Ingvar (1951). **Nám:** Stundaði nám í Húsmæðraskólanum á Laugum í Þingeyjarsýslu 1938-1939. **Störf:** Var húsfreyja á Brún í Reykjadal 1940-1943, í Saltvík í Reykjahreppi 1943-1951 og aftur á Brún 1951-1998. **Félagsstörf:** Var formaður Kvenfélags Reykdæla 1956-1974 og formaður orlofsnefndar húsmæðra í Suður-Þingeyjarsýslu 1962-1972. Var um tíma formaður skólanefndar Húsmæðraskólans á Laugum og formaður Styrktarfélag aldrea í Þingeyjarsýslu. Sat í stjórn Kvenfélagasambands Suður-Þingeyjarsýslu í 20-30 ár. Var formaður Sambands norðlenskra kvenna 1976-1990. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1986). **Jarðsett:** Einarstaðakirkjugarði reit 531.

ELÍN RANNVEIG BRIEM (1856-1937) fædd að Espihóli í Eyjafirði, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Ingibjörg Eiríksdóttir (1827-1890) og Eggert Ólafur Gunnlaugsson Briem (1811-1894), sýslumaður. **Systkin:** 1. sr. Eiríkur (1846-1929), 2. Valgerður (1848-1884), 3. Gunnlaugur (1847-1897), 4. Kristín (1849-1881), 5. Ólafur (1851-1925), 6. Halldór (1852-1929), 7. Páll Jakob (1856-1904) tvíburabróðir Elínar, 8. Sigurður (1860-1952), 9. Sigríður (1862-1913), 10. Eggert (1866-1866), 11. Kristján Vilhjálmur (1869-1959), 12. Jóhanna Katrín (1872-1962). **M1:** 1896, Sæmundur Eyjólfsson (1861-1896), rithöfundur, guðfræðingur og búfræðingur. **M2:** 1903, Stefán Jónsson (1856-1910), verslunarstjóri á Sauðárkróki. **Fósturbarn:** 1. Sæmundur Helgason (1896-1976), sonur Sigríðar, systur Elínar. **Nám:** Stundaði nám í Zahles skólanum fyrir kennaraefni í Kaupmannahöfn 1881-1883. **Störf:** Var skólastjóri Kvennaskóla Skagfirðinga á Hjaltastöðum 1878-1880, skólastjóri Kvennaskóla Húnvetninga að Lækjamóti 1880-1881 og skólastjóri Kvennaskólans í Ytri-Ey 1883-1895. Stofnaði og rak Hússtjórnarskóla í Iðró við

Vonarstræti í Reykjavík 1897-1901. Var skólastjóri Kvennaskólans á Blönduósi 1901-1903 (skólahúsið á Ytri-Ey brann árið 1900 og var skólinn þá fluttur á Blönduós) og aftur 1912-1915. **Ritstörf:** *Kvennafræðarinn* (1888/1889, 1891, 1904 og 1911). Skrifaði greinar í blöð og tímarit. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu, fyrst kvenna (ásamt Þórunni Jónassen), fyrir störf í þágu menntunar íslenskra kvenna (1921). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-503.

ELÍN EGILSDÓTTIR (1886-1961) fædd í Miðey, Austur-Landeyjum, Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. ATHAFNAKONA. **Foreldrar:** Sesselja Hreinsdóttir (1844-1891) og Egill Sveinsson (1848-1886). **Alsystkin:** 1. Símon (1883-1924), 2. Kristján (1884-1949). **Sammæðra systkin:** 3. Sæmundur Steinsson (1868-1896), 4. Sigurður Símonarson (1877-1947), 5. Einar Símonarson (1878-1936), 6. Kristín Símonardóttir (1878-1944), 7. Þórunn Einarsdóttir (1889-1968). **Nám:** Lærði hússtjón hjá Hólmsfríði Gísladóttur í lönó í Reykjavík 1902, var í Hvítárbakkaskóla 1904-1906 og við matreiðslu og hótélrekstur í Kaupmannahöfn 1918. **Störf:** Var í vist í Laufási 1902-1904. Vann á Hótel Skjaldbreiði á veturna hjá Sigríði Bruun 1868-1913 og var ráðskona í Valhöll á Þingvöllum á sumrin hjá Sigmundi Sveinssyni mági sínum. Rak matsölu í Kirkjustræti 8b, Reykjavík, og síðar í Ingólfshvoli 1914-1919. Tók stúlkur í nám í matreiðslu. Keypti Hótel Skjaldbreið 1920 og lét gera gagngerðar umbætur á húsinu, innréttaði m.a. stórt og vel útbúið eldhús og bjó allt húsið vönduðum húsgögnum. Fékk viðurkennda erlenda hljóðfæraleikara til að leika klassíska tónlist í veitingasalnum. Rak einnig bakarí og sölubúð fyrir kökur í húsinu. Seldi Hótelið 1930. Keypti jörðina Suðurkot í Grímsnesi 1927 og byggði þar nýtt íbúðarhús og útihús. Gaf býlinu nafnið Skróðvang og bjó þar 1932-1940. Lét leita eftir heitu vatni 1932 sem nægði til upphitunar íbúðarhússins. Ræktaði landið við erfiðar aðstæður, rak lítið kúabú og fuglarækt og útbjóg skróðgarð við húsið. Lét reisa hótélbyggingu 1928 við Sog í Grímsnesi. Rak þar sumarhótel og nefndi Þrastarlund, en seldi 1939. Hótelið brann árið 1943. Vann frá 1940 í Reykjavík við ýmis störf. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-5-18.

ELÍN RÓSA FINNBOGADÓTTIR (1928-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FRUMKVÖÐULL Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Lovísa Sigríður Elífasdóttir (1910-1981) og Finnbogí Kristjánsson (1901-1941), skipstjóri. **Alsystkin:** 1. Finnbogí (1940-2001). **Sammæðra systkin:** 2. Ólafur Jón Einarsson (1943). **M:** Kristján Sigurgeir Guðmundsson (1934), skipstjóri. **Börn þeirra:** 1. Finnbogí Guðmundur (1946-2020), 2. Guðrún Þorbjörg (1959). **Störf/Félagsstörf:** Var árið 1979 ein af stofnendum Samhjalpar kvenna, samtaka kvenna sem vinna að stuðningi við konur er greinst hafa með brjóstakrabbamein. Starfaði í sjálfboðavinnu sem forsvarsmaður samtakanna, veitti konum stuðning, ráðgjöf og hvatningu, sinnti kynningum, kom fram í viðtölum í fjölmiðlum og á fundum ýmissa samtaka. Flutti inn hjálparvörur vegna brjóstnáms, s.s. gervibrjóst og undirfatnað. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2003). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit J-2-27.

ELÍN GUÐMUNSDÓTTIR (1912-2003) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐUR. **Foreldrar:** Guðlaug Jónsdóttir (1887-1975) og Guðmundur Guðmundsson (1885-1921), sjómaður. **Alsystkin:** 1. Steinunn (1915-1936), 2. Guðrún (1916-2008), 3. Þórunn (1918-2005), 4. Óskar Þórir (1920-2008), 5. Guðmundur (1922-2006). **Sammæðra systkin:** 6. Sigrún Lárusdóttir (1910-1977), 7. Þórdís Jóna Sigurðardóttir (1926-

2016). **M:** 1934, Stefán Ögmundsson (1909-1989), prentari. **Börn þeirra:** 1. Ingibjörg (1934), 2. Steinunn (1938), 3. Bergljót (1940), 4. Sigríður (1951). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags ungra jafnaðarmann 1928 og var í fyrstu sendinefnd verkamanna og bænda til Sovétríkjanna 1931. Var rekin úr félaginu 1932 fyrir að vilja sameina félög jafnaðarmanna og kommúnista. Var virkur félagi í Kommúnistaflokki Íslands frá 1932. Átti sæti í stjórn Sósíalistafélags Reykjavíkur og í miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu Sósíalistaflokksins. Sat í stjórn KRON (Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis) 1947-1952. Var formaður Kvenfélags sósíalista um margra ára skeið og fulltrúi félagsins á heimsþingum kvenna í Kaupmannahöfn 1953 og Helsinki 1968. Var virk í Mæðrafélaginu 1950-1964. Var stofnfélagi kvenfélagsins Eddu (prentarakonur) 1948 og formaður þess til 1968. Var félagi og sat í stjórn MÍR (Menningarfélags Íslands og Ráðstjórnarríkjanna) 1970-1979. Átti sæti í Félagsheimilanevnd Hins íslenska prentarafélags. Var virkur félagi í Kvennaframboðinu og Samtökum um kvennalista. Var stofnfélagi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-180.

ELÍN JÓNSDÓTTIR (1902-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Guðrún Jakobsdóttir (1873-1964) og Jón Guðmundsson (1865-1950), bóndi og hreppstjóri á Narfeyri. **Systkin:** 1. Helga (1901-1981), 2. Soffía (1905-2006), 3. Jakob (1906-1985), 4. Guðrún Horrox (1909), 5. Guðmundur (1912-1942), 6. Sigríður (1915-2000). **M:** Jón Bjarnason (1900-1948), sjómaður. **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1925. **Störf:** Rak um árabil smábarnaskóla á Ránargötu 12 í Reykjavík og seinna á Langholti 112. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-25-13.

ELÍN GUÐRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR (1933-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **BORGARFULLTRÚI, KENNARI og SKÓLASTJÓRNANDI.** **Foreldrar:** Gréta Sigurborg Guðjónsdóttir (1910-1993), verslunarmaður, og Ólafur Hafsteinn Einarsson (1908-1988), kennari og þýðandi. **Systkin:** 1. Edda Sigrún (1936-2017), 2. Katrín Margrét (1942), 3. Guðjón Eiríkur (1945). **M:** Matthías Haraldsson (1929-1990), aðstoðarskólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Valgerður (1953), 2. Ólafur Már (1954-2003), 3. Sigurborg (1955), 4. Haraldur (1956), 5. Brynja Dagmar (1960), 6. Ása Björk (1962). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1954. **Störf:** Starfaði lengst af við kennslu og skólastjórnun við Langholtsskóla í Reykjavík. Tók um tíma nemendur í heimakennslu. Sinnti ráðgjafarstörfum á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur frá 1996 til starfsloka. **Bók:** *Nemandinn í nærmynd: Skapandi nám í fjölbreyttu umhverfi* (2004). **Stjórnmalastörf:** Var stofnfélagi Kvennaframboðsins í Reykjavík 1982 og Kvennalistans 1983. Var varaborgarfulltrúi Kvennalistans 1986-1988 og borgarfulltrúi 1988-1992. **Félagsstörf:** Var formaður Kennarafélags Reykjavíkur 1974-1976 og sat í stjórn Kennarasambands Íslands 1976-1989. Sat í samninganefnd BSRB og viðræðunefnd og kjararáði KÍ 1976-1989. Var formaður jafnréttisnefndar BSRB árið 1979. **Viðurkenning:** Hlaut Íslensku menntaverðlaunin fyrir merkt ævistarf 2007. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit G-8-15.

ELÍN PÁLMAÐÓTTIR (1927-2022) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **RITHÖFUNDUR, BLAÐAMAÐUR og BORGARFULLTRÚI.** **Foreldrar:** Tómasína Kristín Árnadóttir (1899-1952) og Pálmi Hannes Jónsson (1902-1992), skrifstofustjóri. **Alsystkin:** 1. Sólveig (1929), 2. Helga (1936), 3. Árni Jón (1931-1993). **Samfeðra systkin:** 4. Pétur (1922-1998). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1947. Nam ensku og frönsku við Háskóla Íslands og erlendis. **Störf:**

Starfaði á vegum utanríkisráðuneytisins, fyrst hjá Sameinuðu þjóðunum í New York 1948-1950 og síðan í sendiráðinu í París 1950-1952. Var blaðamaður hjá *Vikunni* 1952-1958 og á *Morgunblaðinu* í um 40 ár eða árin 1958-1997. Skrifaði greinar í blöð og tímarit og gaf út bækur. **Bækur:** *Gerður: ævisaga myndhöggvara* (1985), *Með fortíðina í farteskinu* (1996), *Eins og ég man það* (2003), *Fransí Biskví: franskir fiskimenn við Íslandsstrendur: þriggja alda baráttusaga* (1989, 2009; kom einnig út á frönsku). **Stjórnmalastörf:** Var borgarfulltrúi og varaborgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1970-1982 og m.a. fyrsti formaður umhverfissráðs Reykjavíkur. **Félagsstörf:** Var stjórnarformaður Bláfjallafólkvangs 1973-1982, stjórnarformaður Reykjanesfólkvangs 1975-1986 og átti sæti í Náttúruverndarráði í mörg ár. Var stjórnarformaður Borgarbókasafnsins um skeið og stjórnarformaður Kjarvalsstofu í París. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1997). Sæmd frönsku orðunum l'Ordre national du Mérite (1999) og l'Ordre national de la Légion d'honneur (2015). Hlaut heiðursviðurkenningu Blaðamannafélags Íslands (1992), heiðursviðurkenningu frá Hinu Íslenska Náttúrufræðifélagi (1993) og gullmerki Ferðafélags Íslands (2002). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-5-63.

ELÍN EIRÍKSDÓTTIR KÚLD SÖEBECH (1900-1987) fædd á Ökrum á Mýrum, látin í Reykjavík. LJÓÐSKÁLD. **Foreldrar:** Sigríður Jóhannsdóttir (1875-1921) og Eiríkur Kúld Jónsson (1854-1916), óðalsbóndi á Ökrum. **Systkin:** 1. Jóhann Jón (1902-1986), 2. Inga (1904-1996), 3. Helgi Eyjólfur (1906-1942), 4. Óskar Jens (1907-1924). **M:** Pétur Ágúst Söebech (1898-1956), trésmiður. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Ágústa (1922-2003), 2. Kristjana Quinn (1924-2016), 3. Hulda Fjóra (1928-1980). **Störf:** Fékkst við skáldskap og önnur ritstörf. **Ljóðabækur:** *Söngur í sefi* (1955), *Rautt lauf í mosa* (1958) og *Skeljar á sandi* (1968). **Jarðsett:** Akrakirkjugarði á Mýrum.

ELÍN VIGFÚSDÓTTIR á Laxamýri (1891-1986) fædd á Vatnsenda í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu. FARKENNARI og SKÁLD. **Foreldrar:** Sigríður Narfadóttir (1860-1938), ljósmóðir, og Vigfús Pétursson (1861-1941), bóndi. **Systkin:** 1. Kristín (1893-1966), 2. Ásthildur Björg (1896-1939), 3. Friðbjörg (1897-1932), 4. Björn (1899-1989), 5. Pétur Sigfús (1902-1987). **M:** 1921, Jón H. Þorbergsson (1882-1979), óðalsbóndi á Laxamýri. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1922-2014), 2. Þóra (1925), 3. Hallgrímur (1927-2022), 4. Vigfús Bjarni (1929-2020), 5. Björn Gunnar (1933-1997), 6. Þorbergur Helgi (1932-1954). **Störf:** Starfaði sem farkennari í Borgarfirði 1913-1919. Var húsfreyja á Bessastöðum á Álftanesi 1921-1928 og síðan á Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu frá 1928. Sinnti skáldskap jafnhliða húsmóðurstörfum á stóru heimili. Birti ljóð sín víða. **Ljóðabók:** *Fagnafundur* (1977). **Jarðsett:** Húsavíkurkirkjugarði reit 626.

ELÍN RÓS BENEDIKTSDÓTTIR (1890-1974) alin upp á Breiðabóli, Svalbarðssókn, Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Keflavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Sesselja Jónatansdóttir (1867-1950) og Benedikt Jónsson (1864-1945), bóndi. **Systkin:** 1. Jóhannes (1888-1962), 2. Sigrún (1891-1988), 3. Jón (1894-1981), 4. Jónatan (1895-1989), 5. Guðfinna Sesselja (1897-1982), 6. Kristján (1899-1908), 7. Guðmundur (1900-1900), 8. Sigurbjörg (1901-2002), 9. Anna (1905-1908), 10. Sigmar Bergvin (1903-2001), 11. Guðmundur (1907-2001), 12. Anna (1909-1926), 13. Kristján (1912-1912), 14. Axel (1914-1966). **M:** 1914, Þórarinn Eyjólfsson (1890-1971), útgerðarmaður og trésmiður. **Börn þeirra:** 1. Jón (1915-1983), 2. Eyjólfur (1916-1917), 3. Eyjólfur Helgi (1918-1987), 4. Benedikt (1921-1983), 5. Anna Kristjana Romig (1923), 6. Eiríkur Eyfjörð (1929-2016). **Kjörbarn:** 7. Magnes Steinunn Þórarinsdóttir Laber (1934). **Nám:** Lauk ljósmæðraprófi frá

Ljósmeðraskóla Íslanda 1914. **Störf:** Var skipuð ljósmóðir í Keflavík og Njarðvíkum 1930, en hafði starfað sem ljósmóðir á Suðurnesjum frá árinu 1914. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1974). **Jarðsett:** Keflavíkirkirkjugarði reit D-4-19.

ELÍSA STEINUNN JÓNSDÓTTIR (1935-2017) fædd að Vaðstakksheiði á Snæfellsnesi, látin í Reykjavík. LEIRKERASMIÐUR. **Foreldrar:** Helga Káradóttir (1904-1981) og Jón Sigurjónsson (1899-1990), bóndi. **Systkin:** 1. Sveinlaug Lilja (1925-1983), 2. Esther Óskheiður (1925-2011), 3. Þórdís Raket (1929), 4. Sólveig Benedikta (1930), 5. Svavar Gylfi (1932), 6. Kári Hólmkell (1939), 7. Sigurjón Sveinar J. Bláfeld (1939-2016). **M:** 1957, Gunnar G. Schram (1931-2004), prófessor og alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Jón Gunnar (1957), 2. Kári Guðmundur (1960), 3. Þóra Björk (1963), 4. Kristján (1967). **Störf:** Stundaði leirkerasmiði og var einn af stofnendum listmuna-verslunarinnar Gallerís Listar árið 1987 og rak galleríið í 20 ár. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-5-8.

ELÍSABET JÓNÍNA EIRÍKSDÓTTIR (1890-1971) fædd á Efri-Þverá í Vesturhópi, látin á Akureyri. KENNARI, VERKALÝÐSLEIÐTOGI og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Ingunn Gunnlaugsdóttir (1851-1925) og Eiríkur Ólafur Jónsson (1848-1912), bóndi. **Systkin:** 1. Margrét Helga (1877-1967), 2. Gunnlaugur (1879-1947), 3. Ingunn Guðlaug (1883-1974), 4. Jón (1885-1975), 5. Eggert Ólafur (1887-1965), 6. Björn (1894-1983), 7. Ingibjörg Guðrún (1901-1972). **Nám:** Sat í Kvenna-skólanum í Reykjavík 1907. Varð gagnfræðingur á Akureyri 1912. Stundaði nám við Kunstforeningsskole og Statens Lærerhøgskole í Kaupmannahöfn 1920-1921. Sótti jafnframt hjúkrunarnámskeið. Dvaldi í Kaupmannahöfn 1927 og kynnti sér Montesorikennslutækni. **Störf:** Starfaði sem kennari í Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppi, Húnavatssýslu 1913-1916. Fékkst við hjúkrun á Sjúkrahúsi Akureyrar í eitt ár. Stofnaði eigin smábarnaskóla á Akureyri árið 1923 og starfrækti í 35 ár. **Félags- og stjórnmalastörf:** Gekk í verkakvennafélagið Einingu 1923 og var kosin formaður félagsins 1926. Var kosin í bæjarstjórn Akureyrar 1927, sem fulltrúi verkafólks, og sat sem bæjarfulltrúi í 30 ár. Var flest árin jafnframt fulltrúi í framfærslunefnd og fræðsluráði. Átti sæti í skólanefnd Húsmæðraskólans á Akureyri. Sat í stjórn Barnaverndarfélagins og Fegrunarfélags Akureyrar. Var félagi í Kommúnistaflokknum og síðar Sósíalista-flokknum og forystumaður í báðum. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar reit G-4-12.

ELÍSABET ERLENDSDÓTTIR (1898-1979) fædd á Gerðubergi, Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, látin á Siglufirði. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Anna Helgadóttir (1869-1937) og Erlendur Gíslason (1867-1903), bóndi. **Systkin:** 1. Helgi (1894-1945), 2. Helga (1896-1975), 3. Guðlaug (1901-1948). **Nám:** Sótti nám í Hvítárbakkaskóla 1917-1919. Lauk hjúkrunarnámi við Aalborg Amtsygehus 1924 og stundaði framhaldsnám og hjúkrunarstörf í Hróarskeldu og Kaupmannahöfn 1924-1926. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarkona hjá Hjúkrunarfélaginu Líkn í Reykjavík 1926-1928. Var við nám og hjúkrunarstörf í New York 1929-1930. Starfaði við hjúkrunarheimilið Sólheima í Reykjavík 1930-1931. Var yfirhjúkrunarkona við sjúkrahús Siglufjarðar árin 1931-1957. Starfaði síðan í nokkur ár við sjúkrahús St. Jósefssýstra í Hafnarfirði. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-15-28.

ELÍSABET ERLENDSDÓTTIR (1899-1993) fædd í Arnarbæli í Grímsnesi, Árnessýslu, látin í Hafnarfirði. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Vilborg Jónsdóttir (1859-1952) og Erlendur

Sigurðsson (1874-1900), sjómaður. **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi frá Frederiksberg Hospital 1928, stundaði framhaldsnám í geðhjúkrun og við fæðingardeild sama spítala 1928-1929. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Vífilsstöðum 1929-1930, á sjúkrahúsi Siglufjarðar 1930-1932, við sjúkrahúsið Sólheima í Reykjavík 1932-1934, á Kópavogshæli 1934-1937 og á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 1937-1940. Starfaði sem bæjar- og skólahjúkrunarkona í Hafnarfirði árin 1940-1970. **Félagsstörf:** Var félagi í Hjúkrunarfélagi Íslands. Starfaði með Hafnarfjarðardeild Rauða krossins frá stofnun 1941, lengst af sem meðstjórnandi. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi í Hjúkrunarfélagi Íslands. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-191.

ELÍSABET ERLINGSDÓTTIR (1940-2014) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. SÓPRANSÖNGKONA og TÓNLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Einarsdóttir (1909-2005), kaupmaður, og Erlingur Jónsson (1901-1969), húsgagnabólstrameistari. **Systkin:** 1. Hörður (1947), 2. Oddi (1950). **M:** Davíð Atli Ásbergsson (1938), efnafraeðingur. **Börn þeirra:** 1. Anna Rún (1969), 2. Hrafnhildur (1975). **Nám:** Stundaði söngnám hjá Sigurði Demetz. Var í sex ár við nám í Staatliche Hochschule für Musik í München og lauk þaðan prófum í einsöng og söngkenndu 1968. **Störf:** Var meðal söngvara í fyrstu sýningu Íslensku óperunnar, *Sígaunabaróninum* (1982). Söng mörg hlutverk bæði hjá Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu, m.a. titilhlutverk í *Orfeus og Evridís*, jólaóperu Þjóðleikhússins (1979). Frumflutti fjölda sönglaga, lagaflokka og útsetninga á þjóðlögum og kammerverkum íslenskra tónskálda. Var tónslitarkennari við Tónlistarskóla Kópavogs. Varð síðar deildarstjóri söng- og söngkennaradeildar Tónlistarskólans í Reykjavík. Hafði frá stofnun tónlistardeildar Listaháskóla Íslands árið 2001 yfirumsjón með söngmenntun skólans. Kenndi á meistaranámskeiðum við tónlistarháskóla á Norðurlöndum, í fjölmörgum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum. Var brautryðjandi í raddþjálfun kóra um árabil, m.a. við Pólýfónkórinn, Söngsveitina Fílharmóníu og Kór Langholtskirkju. **Hljómdiskar:** *Söngvaglóð*, fjórir hljómdiskar með íslenskum sönglögum og erlendum lögum og lagaflokkum, bæklingur fylgdi (2019). **Félagsstörf:** Var formaður Félags íslenskra einsöngvara og formaður óperudeildar Félags íslenskra leikara. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-7-63.

ELÍSABET LÁRA KRISTJÁNSDÓTTIR FOSS (1890-1960) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA og IÐNREKANDI. **Foreldrar:** Anna Þórarinsdóttir (1852-1921) og Kristján Jónsson (1852-1926), dómstjóri og ráðherra Íslands 1911-1912. **Systkin:** 1. Þórunn Solveig (1881-1941), 2. Böðvar Þórarinn (1883-1923), 3. Jón (1885-1918), 4. Þórarinn (1886-1943), 5. Solveig Eggerts (1887-1975), 6. Halldór (1888-1958), 7. Ása (1892-1977). **M:** 1913, Jón Ólafsson Foss (1888-1922), læknir. **Barn þeirra:** 1. Áslaug Foss (1913-1980). **Barnsfaðir:** Magnús Sch. Thorsteinson (1893-1974). **Barn þeirra:** 2. Hilmar Foss (1920-2012). **Nám:** Stundaði nám við Verslunarskóla Íslands. Lærði lífstykkjasaum í Kaupmannahöfn. **Störf:** Stofnaði Lífstykkjabúðina 1916. Þar voru saumuð lífstykki, brjóstahöld, mjaðmabelti, sjúkrabelti o.fl. Framleiddi einnig stuðningsbelti fyrir sjómenn sem stunduðu mikla erfiðisvinnu á þessum tíma. Rak fyrirtæki sín, saumastofu og verslun, í þriggja hæða húsi í jugendstíl sem hún lét reisa við Hafnarstræti 11 í Reykjavík árið 1929. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-13-29.

ELÍSABET SIGRÍÐUR GEIRMUNSDÓTTIR (1915-1959) fædd á Akureyri, látin á Akureyri. LISTAKONA. **Foreldrar:** Albína Helgadóttir (1880-1942) og Geirmundur Kristjánsson (1878-1923). **Systkin:** 1. Geir (1905-1993), 2. Kristján (1906-1975), 3. Helga Arnþóra (1917-2004). **M:** Ágúst

Ásgrímsson (1911-1991). **Börn þeirra:** 1. Iðunn (1939-2018), 2. Ásgrímur (1944), 3. Geir (1952-1990). **Nám:** Sótti námskeið í myndlist á Akureyri og fékk auk þess tilsögn í gegnum norskan bréfaskóla. **Störf:** Fékkst við listsköpun samhliða húsmóðurstörfum. Eftir hana liggja m.a. stytur úr fjölbreyttu efni, málverk og teikningar. Samdi lög og ljóð. Þau hjónin byggðu sér hús við Aðalstræti 70 á Akureyri eftir teikningu Elísabetar og er garðurinn umhverfis húsið prýddur ýmsum myndverkum hennar. Árið 2015 þegar 100 ár voru liðin frá fæðingu Elísabetar færðu börn hennar, Ásgrímur og Iðunn, Minjasafninu á Akureyri listaverkasafn móður sinnar til eignar og varðveislur. **Æviminningar:** *Listakonan í fjörunni: Elísabet Geirmundsóttir*, í útgáfunefnd Edda Eiríksdóttir og fleiri (1989). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar reit G-4-17.

ELÍSBET SIGRÍÐUR GUTTORMSDÓTTIR (1943-2017) fædd á Hallormsstað í Skógum, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. **FÉLAGSRÁÐGJAFI.** **Foreldrar:** Guðrún M. Pálsdóttir (1904-1968) og Guttormur Pálsson (1884-1964), skógarvörður í Hallormsstað. **Alsystkin:** 1. Margrét (1932-2001), 2. Hjörleifur (1935), 3. Gunnar (1935), 4. Loftur (1938-2016). **Samfeðra systkin:** 5. Bergljót (1912-2003), 6. Páll (1913-2002), 7. Sigurður (1917-1968), 8. Þórhallur (1925-2009). **M1:** 1974, Meville Peville, kennari, skildu 1978. **M2:** 1982, Páll Skúlason (1940-2020), héraðsdómslögmaður. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963, BA-prófi í íslensku og ensku 1967 og prófi í uppeldis- og kennslufræðum 1968 frá Háskóla Íslands. Hóf nám í félagsráðgjöf við Lundúnaháskóla 1970 og lauk þaðan prófi 1973. Stundaði nám í stjórnun við Háskólann í York á Englandi 1979-1980. **Störf:** Var kennari við Vogaskóla 1968-1970. Starfaði við félagsráðgjöf í Morwell í Viktoríufylki í Ástralíu 1975-1977. Starfaði hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Var deildarstjóri við vinnumiðlun fatlaðra hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar á árunum 1985-1997 og síðan hjá Vinnumálastofnun til starfsloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-55-36.

ELÍSBET GUÐNÝ HERMANNSDÓTTIR (1928-2020) fædd á Hrauni við Hánefsstaði á Seyðisfirði, látin í Reykjavík. **SKRIFSTOFUMAÐUR** og **VIKIR** Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Guðný Vigfúsdóttir (1893-1984) og Hermann Vilhjálmsson (1884-1967), útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Sigrún (1919-2020), 2. Ragnar Sigurður (1921-1929), 3. Björg (1923-2018), 4. Elísabet (1926-1927), 5. Erna (1933). **M:** 1955, Indriði Pálsson (1927-2015), lögfræðingur og forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1956), 2. Einar Páll (1963). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Menntaskólanum á Akureyri 1948. **Störf:** Stundaði skrifstofustörf á Seyðisfirði 1943-1947 og í Reykjavík 1949-1956. **Félagsstörf:** Var félagi í Inner Wheel (kvenfélag tengt Rótarýhreyfingunni) og gjaldkeri þar um skeið. Gekk í kvenfélagið Hringinn 1974 og var formaður hans 1991-1999. Sat í stjórn Byggingarsjóðs nýs barnaspítala og átti sæti í ríkisskipaðri byggingarnefnd Barnaspítala Hringinsins 1994-1999. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1994). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-2-5.

[ÞÓRUNN] **ELÍSBET INGÓLFSDÓTTIR** (1928-2018) fædd á Grímsstöðum á Fjöllum, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARFRAMKVÆMDASTJÓRI.** **Foreldrar:** Katrín María Magnúsdóttir (1895-1978), iðnverkakona, og Ingólfur Kristjánsson (1889-1954), bóndi. **Systkin:** 1. Kristjana *Hrefna* (1914-1994), 2. Hörður (1916-1932), 3. Sigurður (1917-1954), 4. Baldur (1920-2012), 5. Ragna *Ásdís* (1922-1983), 6. Magnús (1923-1940), 7. Stefán Arnbjörn (1925-1995), 8. Hanna (Jóhanna Kristveig) (1929-2009), 9. Kristján Hörður (1931-2016), 10. Karólína Guðný (1932-1997), 11.

Hanna *Sæfríður* (1932-2006), 12. Birna Svava Vestmann (1938-2020), 13. Magnús (1940-2019). **Barn Elísabetar:** 1. Magnús Þorsteinsson (1948-1949). **M:** 1955, Arnar Jónsson (1918-2014), matreiðslumaður. **Barn þeirra:** 2. Ingólfur Örn (1956). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1947. Stundaði hjúkrunarnám við Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands 1951-1954. Lærði stóma-hjúkrun við Cleveland Clinic. Útskrifaðist sem geðhjúkrunarfræðingur frá Nýja hjúkrunar-skólanum 1981 og stundaði síðan nám í hjóna- og fjölskyldumeðferð. **Störf:** Starfaði sem klínikdama á nuddstofu Karls Jónssonar 1947-1951. Var hjúkrunarkona við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn 1955-1956 og yfirhjúkrunarkona við elliheimilið Salem Lutheran Home í Oakland í Kaliforníu 1960-1966. Var hjúkrunarkona á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum, Kleppsspítala, Berklahælinu Vífilsstöðum, hersjúkrahúsinu í Keflavík, lyflækningadeild Landspítalans og Hvítabandinu. Sinnti starfi hjúkrunarframkvæmdastjóra Borgarspítalans 1975-1982 og deildarstjóra dag- og geðdeildar Landspítalans 1982-1988. Var kennari við Hjúkrunar-skóla Íslands. Tók þátt í að koma á fót líknarmeðferðarteymi á Landakotsspítala. **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga Samtaka um sorg og sorgarviðbrögð. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-7-76.

[MARÍA] **ELÍSABET JÓNSDÓTTIR** (1869-1945) fædd í Hítarnesi, Hnappadalssýslu, látin í Reykjavík. TÓNSKÁLD, ORGANISTI og KÓRSTJÓRI. **Foreldrar:** Ingibjörg Hinriksdóttir (1825-1910) og sr. Jón Björnsson (1829-1892), prestur. **Systkin:** 1. Vilborg (1855-1952), 2. Ragnhildur Margrét (1854-1857), 3. Vigdís (1859-1869). **Fóstursystkin:** 4. Karen Ísaksdóttir (1882-1956). **M:** Sr. Pétur *Helgi* Hjálmarsson (1867-1941), prestur. **Fósturbarn þeirra:** 1. Arinbjörn Hjálmarsson (1896-1916). **Kjörbörn þeirra:** 2. Soffía Maren Björg Helgadóttir (1897-1940), 3. Elísabet Helga (1911-1985). **Nám:** Eignaðist lítið harmoníum sjö ára gömul og lærði að spila á það hjá Bjarna Pálssyni á Syðra-Seli. Fékk heima fyrir tilsögn við bóknað, söng og hannyrðir og dvaldi í Reykjavík við framhaldsnám í þessum greinum. **Störf:** Kenndi ungu fólki á Eyrarbakka að leika á hljóðfæri frá því hún var innan við tvítugt og hélt því áfram meðan hún átti þar heima. Var húsfreyja á Helgustöðum í Reykjadal 1895-1907 og á Grenjaðarstað í Aðaldal, Suður-Pingeyjarsýslu 1911-1930, en flutti síðan til Reykjavíkur. Var organist í Grenjaðarstaðarkirkju og stjórnaði jafnframt smáum og stórum kórum. Fékkst við tónsmíðar. **Sönghefti:** *Þrá, einsöngs- og tvísöngslög, Nótur* (1949). Árið 2019 voru útsetningar laganna í *Þrá* endurskoðaðar og lögin hljóðrituð og gerð aðgengileg á streymiveitunni Spotify. **Félagsstörf:** Var meðal stofnenda Kvenfélags Stokkseyrarprestakalls 1888. Tók einnig þátt í að stofna Kvenfélag Húsavíkur og Kvenfélag Aðaldæla og var fyrsti formaður þess félags 1908-1924. Kvenfélagið stóð fyrir útgáfu blaðsins *Framtíðin*, sem var handskrifað og gekk á milli bæja. **Viðurkenning:** Samhliða útgáfu söngheftisins *Þrá* var stofnaður minningarsjóður frú Elísabetar til styrktar kventónskáldum. Ævisögu hennar voru gerð skil í kvikmyndinni *Frú Elísabet*, eftir Fanneyju Kristjáns Snjólaugardóttur o.fl. (frumsýnd 2019). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-34-9.

ELÍSABET WAAGE, f. EGILSON (1910-2000) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HVÍSLARI og VERSLUNARMAÐUR. **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir Thorsteinsson (1890-1962) og Gunnar Egilson (1885-1927), erindreki. **Systkin:** 1. Ásthildur Gyða (1911-2005), 2. Þorsteinn (1913-1983), 3. Katrín Hrefna (1916-1917), 4. Helga (1918-2001), 5. Katrín (1920-2014), 6. Þórunn (1926-2014), 7. Gunnar Ólafur Þór (1927-2011). **M:** 1933, Indriði Jensson Waage (1902-1963), leikari, leikstjóri og bankaritari. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1944), 2. Hákon Jens (1946). **Störf:** Starfaði í Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar. Var hvíslari í Þjóðleikhúsinu á árunum 1956-1976. Var

afgreiðslustjóri hjá Minjagripaversluninni Baðstofunni og hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-21-15.

ELÍSABETH ÁRNADÓTTIR FINSEN (1920-2004) fædd í Kaupmannahöfn, alin upp í Kaupmannahöfn, Reykjavík, Stykkishólmi og Ribe, látin í Reykjavík. MÚRARAMEISTARI og BYGGINGAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Hedvig Chievitz (1894-1985) og Arne Finsen (1890-1945), arkitekt. **Systkin:** 1. Vibeke Madsen (1926). **M:** 1948, Friðrik Gísli Daníelsson (1916-1995), verkstjóri hjá Sápugerðinni Frigg. **Börn þeirra:** 1. Árni (1950), 2. Jóhanna Valgerður (1951-1951), 3. Daníel Gísli (1952), 4. Ísleifur (1956), 5. Hannes (1958), 6. Oddur (1958). **Nám:** Lauk sveinsprófi sem múrari 1942 og prófi sem byggingafræðingur sama ár frá Kolding Byggmestarskole í Danmörku. Stundaði nám í dönsku við Háskóla Íslands 1971-1973. **Störf:** Starfaði sem byggingafræðingur á teiknistofum í Horsens og Fredriksberg við hönnun og byggingareftirlit til ársins 1945. Starfaði á teiknistofu Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar í Reykjavík 1945-1948. Kenndi dönsku við Fjölbautaskólann í Breiðholti 1973-1989. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-2-67.

ELKA BJÖRNSDÓTTIR (1881-1924) fædd á Reykjum í Lundarreykjadal, látin í Reykjavík. VERKAKONA. **Foreldrar:** Jakobína Þorsteina Þorsteinsdóttir (1860-1929) og Björn Ólafsson (1848-1925), bóndi í Skálabrekku. **Systkin:** 1. Þorlákur (1883-1950), 2. Sigríður (1885-1929), 3. Þorsteinn (1887-1979), flutti til Bandaríkjanna og nefndi sig Thurston Bjornsson, 4. Ólafur (1894-1917), 5. Hjörtur (1896-1942). **Störf:** Var vinnukona í vist á heimili í Reykjavík 1906-1911. Vann við saltfiskverkun 1912-1915. Var á Hjalteyri sumarið 1915 við síldarsöltun og síðan við þvotta og heimilishjálpu til 1917. Vann við að ræsta skrifstofur Reykjavíkur að Tjarnagötu 12, þar á meðal skrifstofu bæjarstjóra, sem og húsnæði slökkviliðsins sem var á sama stað. Vann þar og bjó 1917-1922. **Félagsstörf:** Var félagi í verkakvennafélaginu Framsókn og fyrsti ritari þess. Tók þátt í öllum helstu fundum að stofnun ASÍ og aðstoðaði jafnframt forystumenn þess við að skrifa bréf út á land til að koma stefnumiðum ASÍ á framfæri. Gekk í Hið íslenska bókmennta-félag. Var virkur félagi í Aðventistakirkjunni. **Ritstörf:** Hélt dagbækur sem skrifaðar voru á árunum 1915-1923 og hafa m.a. verið nýttar við sagnfræðirannsóknir. **Bók:** *Dagbók Elku: Alþýðumening í þéttbýli á árunum 1915-1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu*, Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012). **Viðurkenning:** Reykjavíkurborg lét reisa minningarmark á leiði Elku í Hólavallagarði (2017). (Nafnið Elka hefur sennilega borist hingað í tengslum við verslun við Frísi og Hollendinga, Elke er upprunalega frísnesk og hollensk gælumynd af nafninu Adelheid – Aðalheiður. Sjá *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson, 1991). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit C-6-22.

ELLY VILHJÁLMS, f. HENNY ELDEY VILHJÁLMSDÓTTIR (1935-1995) fædd í Merkinesi við Hafnir, Gullbringusýslu, látin í Reykjavík. DÆGURLAGASÖNGKONA. **Foreldrar:** Hólmfríður Oddsdóttir (1906-1994) og Vilhjálmur Hinrik Ívarsson (1899-1994), húsnæðingur, útgerðarmaður og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Sigurjón (1925), 2. Þóroddur (1937), 3. Maron Guðmann (1941-2006), 4. Vilhjálmur (1945-1978). **M1:** Eyþór Þorláksson (1930-2018), gítarleikari, útsetjari og tónlistarkennari, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Atli Rafn (1956). **M2:** 1961, Jón Páll Bjarnason (1938-2015), gítarleikari, þau skildu. **Barn þeirra:** 2. Hólmfríður Ásta (1962-2004). **M3:** 1966, Svavar Lárus Gest (1926-1996), hljómlistar- og útvarpsmaður. **Börn þeirra:** 3. Máni (1967), 4. Nökkvi (1971).

Nám: Lauk landsprófi frá Laugarvatnsskóla. Sótti leiklistarnámskeið hjá Ævari Kvaran. Tók stúdentspróf frá öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð 1985. Lærði spænsku við Háskóla Íslands. **Störf:** Starfaði á skrifstofu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í nokkur ár. Var söngkona með hljómsveitum. Söng með KK-sextett 1953. Söng með Orion kvintett, hljómsveit sem Eyþór stofnaði, 1956-1958. Fór aftur að syngja með KK-sextett 1958, flest kvöld vikunnar. Söng ásamt Ragga Bjarna með hljómsveit Svavar Gests á Hótel Sögu frá 1964 og meðan hún starfaði til 1965. Vann þrjú ár á skrifstofu Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Var ritari hjá Sjónvarpinu frá 1990 og meðan heilsan leyfði. Lagði stund á ritstörf um tíma og birtust viðtöl eftir hana í blöðum, m.a. í *Lesbók Morgunblaðsins*. **Hljómplötur:** Söng um 100 lög inn á plötur allt frá 1960, m.a. hjá SG hljómplötum, t.d. sólóplötuna *Lög úr söngleikjum og kvikmyndum* (1966), plötur með Vilhjálmi bróður sínum, s.s. *Systkinin syngja saman* (1969) og *Jólalög* (1971), og safnplötuna *Heyr mína bæn* (1981). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit R-338.

ELSA E. GUÐJÓNSSON, f. ELSA ÍDA SCHEPLER EIRÍKSSON (1924-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LISTFRÆÐINGUR og DEILDARSTJÓRI. **Foreldrar:** Elly Margrethe Eiríksson, f. Schepler (1896-1941) og Halldór Guðmundur Marías Eiríksson (1889-1948), stórkaupmaður og framkvæmdastjóri. **Systkin:** 1. Inge Elly Schepler Eiríksson (1920-2008), 2. Carl Johan Schepler Eiríksson (1929). **M:** Þór Guðjónsson (1917-2014), fiskifræðingur og veiðimálastjóri. **Börn þeirra:** 1. Stefán Þór (1946), 2. Elsa Margrét (1949), 3. Kári Halldór (1950). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1942. Lauk BA-prófi í textíl- og búningafræðum og listasögu frá University of Washington, Seattle 1945. Lauk meistaraprófi í sömu greinum, auk miðaldasögu, frá sama skóla 1961. Nam Íslandssögu við Háskóla Íslands 1953-1956. **Störf:** Starfaði sem sérfræðingur og safnvörður í Þjóðminjasafni Íslands frá 1963, fastráðin frá 1968 og deildarstjóri textíl- og búningadeildar safnsins frá 1985 til starfsloka 1994. **Ritstörf:** Höfundur bóka og fjölmargra greina, ritgerða og bókarkafla, einkum um textíl- og búningasögu í íslenskum sem og erlendum tímaritum, fræði- og alfræðiritum, allt frá 1945. Höfundur útvarps- og sjónvarpsþátta. Fyrirlesari á ráðstefnum og þingum um textíl- og búningafræði, myndfræði og heimilis- og listiðnað innanlands og utan. Gaf út bókina *Íslenskur útsaumur* (1985). **Félagsstörf:** Átti sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum varðandi málefni tengd textílnum og búningasögu og sinnti kynningarstarfi á því sviði, jafnt hérlandis sem erlendis. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1981). Kjörin félagi í Vísindafélagi Íslendinga (1985). Hlaut verðlaun frá Kungliga Gustav Adolfs Akademien í Uppsöllum í Svíþjóð (1987) og heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands (2000). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-5-2015.

ELSA GUÐRÚN KRISTÍN SIGFÚSS (1908-1979) fædd í Reykjavík, látin í Kaupmannahöfn. KONTRALTSÖNGKONA og TÓNLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Valborg Inger Elisabeth Einarsson, f. Hellemann (1883-1969) söngkona og píanóleikari, og Sigfús Einarsson (1877-1939), tónskáld, organisti, söngstjóri og tónlistarkennari. **Systkin:** 1. Einar „Fusser“ Sigfússon (1909-1987), tónlistarkennari og fiðluleikari í Árósum. **Kjörbarn Elsu:** 1. Edda Sigfúss (1941). **Nám:** Stundaði nám í sellóleik við Konunglega tónlistarskólann í Kaupmannahöfn 1928-1932. Lærði jafnframt söng hjá frú Dóru Sigurðsson, f. Köcher. **Störf:** Starfaði sem söngkona og tónlistarmaður, lengst af í Danmörku. Hélt sína fyrstu tónleika árið 1933 í Oddfellowhöllinni í Kaupmannahöfn og hlaut fyrir þá verðlaun frá *Berlingske Tidende*. Söng víða, t.d. alt-hlutverkið í *Messias* eftir Händel í Erlangern í Bayern 1936 og hlutverk Prince Orlofskys í *Leðurblökunni* eftir Strauss í Þjóðleik-

húsinu í Reykjavík 1952. **Hljómplötur:** Lék á selló með Hljómsveit Reykjavíkur í upptökum gerðum í tilefni af Alþingishátíðinni 1930 og gefnar út. Söng inn á um 120 útgefnar söngplötur (fyrst árið 1937). Varð fyrst íslenskra kvenna til að syngja jólalag á plötu, *Heims um ból* (1945). Úrval laga hennar var gefið út af Smekkleysu á tvöfaldri safnplötu *Elsa Sigfúss: Vals moderato* og *Elsa Sigfúss: Ykkar einlæg* (1999 og 2000), yfirumsjón Vala Kristjánsdóttir og Trausti Jónsson. Bæklingur um feril hennar fylgdi, höfundar Pétur Pétursson og Bjarki Sveinbjörnsson. **Viðurkenningar:** Fékk danskan styrk til framhaldsnáms í Dresden (1933). Hlaut íslenskan styrk til framhaldsnáms í London (1946). Hlaut Tage Brandt-styrkinn sem veittur er til utanfarar listakonum sem skara fram úr, sérstaklega í meðferð danskrar tungu (1956). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1961). **Jarðsett:** Danmörku.

ELSA JÓNA THEÓDÓRSDÓTTIR (1929-2019) fædd í Byggðarhorni, Sandvíkurhreppi, Árnessýslu, látin í Reykjavík. **FÓSTRA. Foreldrar:** Margrét Gissurardóttir (1904-1985), ljósmóðir, og Theódór Jónsson (1898-1975), skipstjóri í Boston í Bandaríkjunum. **M1:** 1951, Lúðvík Hjaltason (1924-1953), skrifstofumaður og leikari. **Börn þeirra:** 1. Hjalti Garðar (1951), 2. Theódór (1952). **M2:** 1960, Einar Laxnes (1931-2016), cand.mag., sagnfræðingur. **Börn þeirra:** 3. Sigríður (1958), 4. Halldór (1959), 5. Margrét (1961), 6. Einar (1965). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Ingimarsskóla í Reykjavík. Útskrifaðist frá Fóstruskóla Íslands 1958. **Störf:** Var við fóstrustörf á ýmsum leikskólum og dagheimilum 1960-1969. Starfaði sem fóstara í Reykjavík í Efri-Hlíð 1969-1974, var forstöðukona Barónsborgar 1978-1979, eftirlitsfóstra með gæsluvöllum Reykjavíkur 1979-1981 og 1983-1985 og forstöðukona Álftaborgar 1981-1983. Hafði umsjón með dagmæðrum á Dagvist barna í Reykjavík 1985-1999. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-5-182.

ELSA GUÐBJÖRG VILMUNDARDÓTTIR (1932-2008) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. **JARÐFRÆÐINGUR. Foreldrar:** Guðrún Björnsdóttir (1903-1975), saumakona, og Vilmundur Guðmundsson (1907-1934), vélstjóri. **Systkin:** 1. Kristbjörn (1931-1931). **M:** 1960, Pálmi Lárusson (1937-2022), byggingaverkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Vilmundur (1965), 2. Guðrún Lára (1967). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953. Stundaði nám í jarðfræði við Stokkhólmsháskóla 1958-1963 og lauk þaðan fil.kand.-prófi í jarðfræði. **Störf:** Hóf árið 1963 störf hjá Raforkumálaskrifstofunni, síðar Orkustofnun þegar hún var stofnuð 1967. Vann þar til 2002 við jarðfræðirannsóknir og gerð jarðfræðikorta. Vann eftir það einkum að kortlagningu móbergs á eystra gosbeltinu í samvinnu við Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir. **Félagsstörf:** Var formaður Soroptimistaklúbbs Kópavogs 1977-1979 og vann auk þess ýmis trúnaðarstörf fyrir klúbbinn. Sat í stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands. Var stofnfélagi Heilsuhringsins og sat í stjórn hans frá 1977, m.a. sem varaformaður í 16 ár. Var formaður starfsmannafélags Orkustofnunar 1983-1985. Var í hópi 13 stofnfélaga Jarðfræðafélags Íslands og formaður þess 1986-1990. Gekk til liðs við Oddafélagið 1991 og sat í stjórn þess 1991-2002. Sat í stjórn Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands 2000-2003 og í stjórn Víkurdeildar Rauða kross Íslands frá 2004 til dauðadags. **Ritstörf:** Ritaði fjölmargar greinar í bækur og tímarit um jarðfræði og önnur áhugamál sín. Var meðhöfundur bókar um jarðfræðinginn og heimspekinginn Helga Pjeturss og meðhöfundur bókarinnar *100 Geosites in South Iceland*. **Jarðsett:** Skeiðflatarkirkjugarði reit 232.

EMILÍA HALLDÓRA BORG (1901-1984) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI og LEIKKONA. **Foreldrar:** Stefánía Anna Guðmundsdóttir (1876-1926), leikkona, og Bergþór Jósefsson (1860-1934), bæjargjaldkeri í Reykjavík. **Systkin:** 1. Óskar (1896-1978), 2. Anna (1903-1963), 3. Póra (1907-1984), 4. Áslaug (1910-1977), 5. Geir (1912-2004). **Nám:** Tók kennarapróf í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1936. **Störf:** Starfaði sem píanókenndari í Reykjavík frá 1936. Var leikkona með Leikfélagi Reykjavíkur í um 35 sýningum yfir um hálföld eða á árunum 1915-1967. Lék m.a. Karin í *Tengdapabba* (1915), Lillian Dale í *Vér morðingjar* (1926), Belínu í *Ímyndunarveikinni* (1931), Önnu í *Liljum vallarins* (1937), Móður Sólveigar í *Péttri Gaut* (1943), Margréti í *Nýársnóttinni* (1949) og Frú Littlefield í *Marmara* (1950). Lék með móður sinni á vegum Leikfélags Íslendinga í Winnipeg í Kanada 1920-1922. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit E-6-7.

EMILÍA KRISTJANA INDRIDADÓTTIR (1884-1939) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Martha María Pétursdóttir Guðjónsen (1851-1931) og Indriði Einarsson (1851-1939), hagfræðingur og rithöfundur. **Systkin:** 1. Eufemía Waage (1881-1960), 2. Guðrún Sigríður (1882-1968), 3. Ingibjörg I. Thors (1894-1988), 4. Lára (1885-1976), 5. Einar Viðar (1887-1923), 6. Martha María Kalman (1889-1940), 7. Jens Gunnar Viðar (1897-1972). **Störf:** Starfaði sem leikkona með Leikfélagi Reykjavíkur og lék þar 82 hlutverk á árunum 1900-1935, m.a. Lottu Heideck í *Hinni týndu paradís* (1901), Billy í *Sherlock Holmes* (1905), Olympe í *Kamelíufrúnni* (1906), Krístrúnu í *Höddu Pöddu* (1915), Frú Helenu í *Ævintýri á gönguför* (1922), Snjólaugu í *Lénharði fógeta* (1929) og Mad. Mohr í *Síðasta víkingnum* (1935). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-28-8.

EMILÍA JÓNASDÓTTIR (1901-1984) fædd á Þingeyri við Dýrafjörð, látin í Hafnarfirði. LEIKKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Bergsdóttir (1877-1932) og Jónas Jónasson (1871-1952), trésmíðameistari. **Systkin:** 1. Gústav Elís Berg (1911-1990). **M1:** Þorsteinn Sigurðsson (1901-1979), vélstjóri, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Svava Pálína Berg (1928-2022), 2. Ágústína Berg (1929-2017). **M2:** 1945, Jón Hoffmann Hansson (1901-1997), þau skildu. **Störf:** Starfaði sem leikkona í leikhúsum og fór í fjölda leikferða um allt land. Var í hópi vinsælustu gamanleikara landsins. Fyrsta skráða hlutverk hennar var greifafrúin í *Ambrosíus* eftir Christian Molbeck hjá Leikfélagi Akureyrar (1926). Lék fjölmörg hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1940-1970, m.a. Anfísu í *Þremur systur* (1956), Emmu Hornett í *Tannhvassri tengdamömmu* (1956) og Veislukonu í *Dúfnaveislunni* (1965). Réðst að Þjóðleikhúsinu við opnun þess 1950. Lék í tveimur af þremur opunar-sýningunum og síðan ótal hlutverk í hálfan þriðja áratug, m.a. Menntagyðjuna Euterpe í *Á ystu nöf* (1958), Soffíu frænku í *Kardimommubænum* (1959 og 1964), Saungprófessorynjuna í *Strompleiknum* (1961) og Mínu í *Ferðinni til tunglsins* (1972). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit I-5-18.

EMILÍA INGIBJÖRG SAMÚELSDÓTTIR (1916-1994) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Ingibjörg Danivalsdóttir (1879-1954) og Samúel Guðmundsson (1862-1939), múrari. **Alsystkin:** 1. Haraldur (1910-1912), 2. Jóhanna (1914-1937), 3. María Sigríður (1915-1975). **Samfeðra systkin:** 4. Grímur Benedikt (1883-1883), 5. Elín Gróa (1885-1971), 6. Jón Eðvald (1886-1935), 7. Guðrún Júlía (1887-1972), 8. Guðmundur Tryggvi (1889-1969), 9. Eggert (1892-1956), 10. Grímur Benedikt (1895-1912), 11. Skeggi (1897-

1979), 12. Þuríður (1903-2008), 13. María (1906-2001), 14. Grímur (1916-2005), 15. Steingrímur (1886-1974). **M1:** Sigurður Möller (1915-1970), vélstjóri og vélfræðingur, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Jóhann Georg Möller (1934-2018). **M2:** Baldvin Jónsson (1911-1996), hæstaréttarlögmaður. **Nám:** Lauk námi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. **Störf:** Var afgreiðslustjóri og síðan auglýsingastjóri hjá *Alþýðublaðinu* í yfir 20 ár. Starfaði síðast sem framkvæmdastjóri Alþýðuprentsmiðjunnar. **Félagsstörf:** Var formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur um árabil. Sat í flokksstjórn Alþýðuflokksins og gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-2-65.

ERLA ELÍASDÓTTIR (1925-2010) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. AÐSTOÐARHÁSKÓLARITARI. **Foreldrar:** Eva Pálmadóttir (1904-1993) og Elías Halldórsson (1901-1991), forstjóri. **Systkin:** 1. Halldóra (1937-2005), 2. Ágúst Halldór (1931-2018). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. Tók BA-prófi í ensku og frönsku frá Háskóla Íslands 1946 og stundaði nám við Háskólann í Edinborg 1947-1949. **Störf:** Starfaði á skrifstofu Háskóla Íslands í yfir fjóra áratugi eða árin 1949-1992, lengst af sem aðstoðarháskólaritari. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1986). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-428.

[ÞURÍÐUR] **ERLA ERLINGSDÓTTIR** (1930-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÍPRÓTTAKENNARI og SUNDKONA. **Foreldrar:** Sigríður Sigurðardóttir (1896-1974) og Erlingur Pálsson (1895-1966), yfirlögregluþjónn. **Systkin:** 1. Jóhanna (1923-2022), 2. Ásdís (1926-2016), 3. Ólöf Auður (1928-2005), 4. Sigríður Pálína (1932-2011), 5. Ásta (1935-1973), 6. Hulda (1941). **M:** 1954, Helgi Hallvarðsson (1931-2008), skipherra. **Börn þeirra:** 1. Guðfinna (1954), 2. Sigríður (1957), 3. Helgi (1964). **Nám:** Lauk prófi frá Íþróttaskólanum á Laugarvatni 1948. **Störf:** Starfaði sem sundkennari í gömlu sundlaugunum við Sundlaugaveg í Reykjavík, Sundlaug Vesturbæjar og Sundhöll Reykjavíkur til ársins 2000 og í sundlauginni á Kjalarnesi 2000-2002. **Viðurkenning:** Vígði Sundhöllina í Reykjavík árið 1937 með því að synda fyrsta sprettinn langs eftir lauginni, þá sjö ára gömul. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-5-136.

ERLA GUÐRÚN ÍSLEIFSDÓTTIR (1922-2011) fædd í Baldurshaga í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. ÍPRÓTTAKENNARI og MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Helga Rafnsdóttir (1900-1997), safnvörður, og Ísleifur Högnason (1895-1967), kaupfélagsstjóri og alþingismaður. **Systkin:** 1. Högni Tómas (1923-2017), 2. Gísli Rafn (1927-2007). **M:** 1953, Ólafur Jensson (1924-1996), læknir, prófessor og forstöðumaður Blóðbankans. **Börn þeirra:** 1. Arnfríður (1952), 2. Ísleifur (1956), 3. Sigríður (1958). **Nám:** Tók íþróttakennarapróf frá Íþróttakennarskóla Björns Jakobssonar á Laugarvatni 1940. Stundaði listnám við Bromley School of Art í Kent á Englandi 1946, nám í höggmyndalist við The Slade School of Fine Art, University College í London 1948-1950 og við Académie de la Grande Chaumière í París 1951. **Störf:** Æfði og keppti í sundi á uppvaxtarárum í Vestmannaeyjum, setti Íslandsmet í skriðsundi 15 ára gömul og sýndi með leikfímiflokki um landið. Starfaði sem íþróttakennari við Gagnfræðaskólann, Kvöldskóla lðnaðarmanna og íþróttafélagið Þór í Vestmannaeyjum 1940-1941. Var íþrótt- og sundkennari við Sundhöll Reykjavíkur 1942-1945 og 1947-1948, og við Gagnfræðaskóla Austurbæjar 1952-1955. Mótaði höggmyndir á námsárum sínum. Í húsakynnum Íþróttakennarskóla Íslands á Laugarvatni var sett upp höggmynd hennar af Birni Jakobssyni, fyrrverandi skólustjóra og stofnanda Íþróttakennarskólans. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-5-1952.

ERLA JÓNSDÓTTIR (1944-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LÖGFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Sigurveig Þóra Kristmannsdóttir (1921-1997) og Jón Þórðarson (1915-1973), endurskoðandi. **Systkin:** 1. Agnar (1939-2022), 2. Þórný (1948), 3. Jónína (1952-2017), 4. Magnús Þór (1962). **M1:** Allan Vagn Magnússon (1945), lögfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Agnes Eir (1963), 2. Jónas Gunnar (1970). **M2:** Jón Bergþór Hafsteinsson (1933), skipaverkfræðingur. **Börn þeirra:** 3. Ásdís Erla (1978), 4. Þórdís Magnea (1981). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965 og lögfræðinámi frá Háskóla Íslands 1972. **Störf:** Var fulltrúi hjá yfirsakadómáranum í Reykjavík 1973-1977, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 1977-1986 og hæstaréttarritari 1986-1998. Starfaði síðan hjá Sýslumanninum í Reykjavík. **Félagsstörf:** Sat í sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju í 22 ár. Sat um tíma í stjórn Íslandsdeildar norræna lögfræðingabingsins. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-1-50.

ERLA SIGÞÓRSDÓTTIR (1931-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BÓKASAFNSFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Jóna Finnbogadóttir (1901-1981) og Sigþór Júlíus Jóhannesson (1900-1933). **Alsystkin:** 1. Jóna Lóa (1933), 2. Sigþór Júlíus (1933). **Samfeðra systkin:** 3. Lissý (1929-2023). **M:** 1951, Bessi Bjarnarson (1930-2005), leikari, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Sigþór (1952-1970), 2. Kolbrún (1954), 3. Bjarni (1957). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð 1975 og BA-prófi í bókasafnsfræði og spænsku við Háskóla Íslands 1983. Varð löggiltur bókasafnsfræðingur 1985. **Störf:** Var ritari og aðstoðarmaður á bókasafni Orkustofnunar. Starfaði í hlutastarfi á bókasafni Tækniskóla Íslands og Orkustofnunar 1985-1988 og í fullu starfi hjá Orkustofnun frá 1988, þar af sem yfirmaður safnsins 1990-2001. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-7-9.

[GUÐRÚN] **ERLA SKÚLADÓTTIR** (1935-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SAUMAKONA og KAUPKONA. **Foreldrar:** Hulda Pálína Vigfúsdóttir (1918-2000) og Skúli Árnason (1919-1994), verslunarmaður. **Sammæðra systkin:** 1. Jensína Nanna Eiríksdóttir (1940-2014), 2. Kristín Vigdís Valdimarsdóttir (1952), 3. Björn Valdimarsson, (1955). **M:** 1954, Jóhannes Gíslason (1929), húsgagnasmiður. **Börn þeirra:** 1. Hulda (1954), 2. Guðrún (1957), 3. Sigrún (1959). **Nám:** Sótti Kvöldskóla KFUM. Lauk Gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Austurbæjar 1954. Lærði fatasaum og fataviðgerðir. **Störf:** Stofnaði Hannyrðaverslunina Erlu 1970 og rak hana fyrst á Njálsgötu 23 í Reykjavík og síðan á Snorrabraut 44 til ársins 2005. Rak einnig Verslunina Vöggur á Laugavegi 64 í Reykjavík þar sem selt var franskt postulín og gjafavara. Rak þar jafnframt saumastofu og framleiddi útsaumuð sængurver og handklæði. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-18-41.

ERLA TRYGGVADÓTTIR (1929-2011) fædd í Reykjavík, látin á Spáni. ATHAFNAKONA. **Foreldrar:** Guðrún Magnúsdóttir (1904-2001) og Tryggvi Ólafsson (1899-1999), forstjóri Lýsis hf. **Systkin:** 1. Ólafur (1928-1976), 2. Svana (1931-2011). **M:** 1952, Pétur Pétursson (1931-2017), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Svana (1952), 2. Arndís Erla (1955), 3. Tryggvi (1956), 4. Katrín (1962). **Nám:** Útskrifaðist frá Kent Place School New Jersey 1947. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950. Brautskráðist frá University of Wisconsin með BA-gráðu í bókmenntum og ensku 1954. Lagði stund á nám í listasögu við Háskóla Íslands. **Störf:** Starfaði við og sat í stjórnnum Lýsis hf., Fóðurlöndunnar hf. og Fiskafurða hf. Átti og rak Einarson og Pálsson hf., Eldborg hf. og Hnotskurn ehf., sem hún seinna sameinaði Lýsi hf. Þar starfaði hún og

sat í stjórn til æviloka. **Félagsstörf:** Sat um árabíl í stjórn Sálarrannsóknarfélagss Íslands og í stjórn alþjóðasamtaka spíritista. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit J-2-286.

ERLA WIGELUND (1928-2021) fædd í Ásgarði í Grindavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Vilborg Júlía Kristín Dagbjartsdóttir (1911-1988) og Peter Wigelund (1899-1974), skipasmíðameistari og kafari. **Systkin:** 1. Svala (1930). **M:** 1949, Kristján Kristjánsson (KK) (1925-2008), tónlistarmaður og hljómsveitarstjóri. **Börn þeirra:** 1. Þorbjörg (1949-2019), 2. Pétur Wigelund (1942-2004), 3. Sigrún Júlía (1959). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Ingimarsskóla í Reykjavík. Sótti nám við Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran. **Störf:** Starfaði um skeið á lögfræðistofu í Reykjavík og sinnti verslunarstörfum í snyrtivöruverslun í Austurstræti, Reykjavík. Rak kvenfataverslunina Verðlistann við Laugalæk í Reykjavík í yfir 50 ár eða árin 1965-2017. **Félagsstörf:** Var fyrsti formaður Lionsklúbbsins Engeyjar og var gerð að Melvin Jones-félaga 1992. Var talsmaður Kaupmannasamtaka Íslands. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi Lionsklúbbsins Engeyjar (frá 2016). Fékk viðurkenningu Kaupmannasamtakanna. Hlaut þakkarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) fyrir ævistarf sitt og fyrir að vera konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd (2012). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði, duftgarði reit C-6-248.

ERNA SIGRÍÐUR HARALDSDÓTTIR (1940-1978) fædd í Vestmannaeyjum, lést í flugslysi á Sri Lanka 1978 (sem flugfreyja um borð). FLUGFREYJA. **Foreldrar:** Magnea Lilja Þórarinsdóttir (1918-2003) og Haraldur Gíslason (1916-1996), rafvirki. Erna var einbirni. **M:** Jón Páll Bjarnason (1938-2015), gítarleikari. **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi, var við nám í Danmörku og síðar Englandi. **Störf:** Vann verslunarstörf um skeið. Var flugfreyja hjá Loftleiðum frá 1960 til æviloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-221.

ERNA HJALTALÍN (1932-2021) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. FLUGKONA, LOFTSIGLINGAFRÆÐINUR og YFIRFLUGFREYJA. **Foreldrar:** Svava Kristinsdóttir Hjaltalín, f. Havsteen (1904-1978) og Steindór Jónas Bjarnason Hjaltalín (1902-1960), útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Þóra (1935), 2. María (1940-1961), 3. Örn (1945). **M:** 1966, Knútur Hallsson Jónasson (1923-2010), ráðuneytisstjóri. **Barn þeirra:** 1. Jónas (1967). **Nám:** Hóf formlegt flugnám árið 1948, tók einkaflugmannspróf 1950 og atvinnuflugmannspróf 1952. Stundaði nám í loftsiglingafræðum frá 1952 fyrst á Íslandi, en síðar í Bandaríkjunum þar sem hún fékk réttindi loftsiglingafræðings 1956. Endurnýjaði réttindi sín á árunum 1963-1964 á Douglas Dc-6B vélum Loftleiða. **Störf:** Var flugfreyja hjá Flugfélagi Íslands 1951-1952 og hjá Loftleiðum 1952-1960 með hléum og síðan yfirflugfreyja 1960-1981. Flugvél TF-EHA („Erna Hjaltalín’s Aircraft”), flugvél Ernu, ein fjögurra Ercoupe flugvéla sem keyptar voru til landsins árið 1954, er nú á Flugsafni Íslands á Akureyri. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-36-27.

ERNA [MARIE AGNETE] RYEL (1914-1974) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. VEFARI og VEFNAÐARKENNARI. **Foreldrar:** Gunnhildur Andersdóttir Olsen Ryel (1894-1987) og Baldvin Ryel (1881-1963), kaupmaður. **Systkin:** 1. Herulf Rudolph Alexander (1913-1993), 2. Richard Johan (1915-1993), 3. Valborg Sofie (1917-1957), 4. Ottó (1921-2002), 5. Hjördís Helga (1928-2020). **M:** Stefán Jónsson (1913-1989), arkitekt. **Barn þeirra:** 1. Stefán Örn (1947). **Nám:** Lærði vefnað í tvö ár á vefstofu Mette Westergaard í Dronningens Tværgade í Kaupmannahöfn. Sótti

sér framhaldsnám í Svíþjóð og kynnti sér vefnað fyrir blinda 1936-1937. **Störf:** Stofnsetti vefstofu á Akureyri 1934 og óf húsgagnaáklæði, gluggatjöld, ábreiður á legubekki, borðdúka o.fl. Kenndi vefnað á vegum Heimilisiðnaðarfélags Norðurlands 1934-1935, við Húsmæðraskólann á Laugalandi 1938-1939 og Húsmæðraskólann í Reykjavík 1941-1942. Stofnsetti vefstofu í Reykjavík 1937 ásamt Tonny Müller og ráku þær hana saman til 1941, en Erna rak stofuna áfram til 1950. **Sýningar:** Átti verk á Iðnsýningu á Akureyri (1935), Landbúnaðarsýningu í Reykjavík (1947) og handiðnaðar- og listmunasýningu Hallveigarstaða í Listamannaskálanum í Reykjavík (1948). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit M-303.

ERNA SIGURLEIFSDÓTTIR (1922-2002) fædd á Bíldudal, látin í Reykjavík. LEIKARI. **Foreldrar:** Viktoría Kristjánsdóttir (1899-1972) og Sigurleifur Vagnsson (1897-1950), aðstoðarmaður á fiskideild Atvinnudeildar Háskóla Íslands. **Systkin:** 1. Ríkharður (1924-1936), 2. Stella (1928-2003), 3. Rakel (1933-2013). **M:** 1949, Árni Ársælsson (1922-1993), læknir. **Börn þeirra:** Bergljót (1949), 2. Leifur Árni (1958). **Nám:** Stundaði nám við Leiklistarskóla Haraldar Björnssonar. **Störf:** Lék mörg hlutverk hér á landi hjá Bláu stjórnunni, Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu, m.a. Ástríði í *Manni og konu* (1945), Tjá-Ú-Njang í *Pi-pa-ki eða Söngi lútunnar* (1951), Fantine í *Vesalingunum* (1952), Lúkretíu í *Hviklyndu konunni* (1953), Konu Curleys í *Mýs og menn* (1953) og Steinunni í *Galdra-Lofti* (1955). Leikstýrði hjá Sjónleikarfélaginu í Þórshöfn í Færeyjum 1953-1955. Starfaði hjá verslun með antikmuni og aflaði sér þekkingar á því sviði hjá fyrirtæki í Strömstad í Svíþjóð frá 1955 til um 1969. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-38-5.

EUFEMÍA WAAGE, f. INDRÍÐADÓTTIR (1881-1960) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA, ÞÝÐANDI og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Martha María Pétursdóttir Guðjónsen (1851-1931) og Indriði Einarsson (1851-1939), hagræðingur og rithöfundur. **Systkin:** 1. Guðrún Sigríður (1882-1968), 2. Emilía Kristjana (1884-1939), 3. Lára (1885-1976), 4. Einar Viðar (1887-1923), 5. Martha María Kalman (1889-1940), 6. Ingibjörg I. Thors (1894-1988), 7. Jens Gunnar Viðar (1897-1972). **M:** Jens Benedikt Eggertsson Waage (1873-1938), bankastjóri og leikari. **Börn þeirra:** 1. Indriði (1902-1963), 2. Eggert (1904-1904), 3. Eggert (1905-1921), 4. Hákon (1907-1943), 5. Hersteinn (1912-1914), 6. Kristín (1916-1936), 7. Marta (1919-1920). **Störf:** Starfaði sem leikkona og lék um 40 hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1905-1919, m.a. Frú Helenu í *Ævintýri á gönguför* (1905), Þjóðborgu í *Hrafnabjargamærinni* (1908), Markgreifafrúna í *Fögru malarakonunni* (1910), Ingiríði í *Lénharði fógeta* (1914), Grasakonuna í *Höddu Pöddu* (1915) og Önnu í *Nýársnóttinni* (1919). Fékkst við þýðingar, nefna má m.a. *Flónið* (1929), *Liljur vallarins* (1937) og *Á leið til Dover* (1950). **Bók:** *Lifað og leikið: minningar* (1949). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-25-8.

EVA MJALLHVÍT SNÆBJARNARDÓTTIR (1930-2010), fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. TÓNLISTARKENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Ólína Ingibjörg Björnsdóttir (1903-1980) og Snæbjörn Sigurgeirsson (1886-1932), bakameistari. **Stjúpfæðir:** Guðjón Sigurðsson (1908-1986), bakameistari. **Alsystkin:** 1. Ólöf (1922-1947), 2. Guðrún (1925-2015), 3. Steinunn Geirlaug (1927-1927), 4. Sigurgeir (1928-2005), 5. Snæbjörg (1932-2017). **Sammæðra systkin:** 6. Elma Björk (1935-1984), 7. Birna (1943-2021), 8. Gunnar Þórir (1945-2020). **M:** 1960, Kári Jónsson (1933-1991), stöðvarstjóri Póst og síma. **Börn þeirra:** 1. Óli Björn (1960), 2. Guðjón Andri (1963). **Nám:** Lagði stund á píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu

Hermínu Sigurgeirsdóttur Kristjánsson og síðar Rögnvaldar Sigurjónssonar. Lauk þaðan burtfararprófi 1953. Var við framhaldsnám í píanóleik í New York í Bandaríkjunum 1953-1956. **Störf:** Stundaði einkakennslu á píanó á Sauðárkróki 1957-1965. Var kennari við Tónlistaskólann á Sauðárkróki 1965-1974 og skólastjóri skólans 1974-1999. Stundaði síðan um tíma píanókennslu í hlutastarfi. **Félagsstörf:** Lék með Leikfélagi Sauðárkróks, m.a. Höllu í *Fjalla-Eyvindi* (1963) og fór með eitt aðalhlutverka í *Skálholti* eftir Kamban. Síðasta hlutverk hennar var Kate, eiginkonan í *Allir synir mínir* eftir Arthur Miller (1972). **Jarðsett:** Sauðárkróskirkjugarði reit E1-21.15.

EVA ÖRNÓLFSDÓTTIR (1948-2018) fædd á Húsavík, látin í Kópavogi.

FRAMHALDSSKÓLAKENNARI. **Foreldrar:** Stefanía Ósk Guðmundsdóttir (1915-2010) og Örnólfur Magnús Örnólfsson (1917-1987), rafvirkjameistari. **Systkin:** 1. Ingileif (1940-1999), 2. Örnólfur (1945), 3. Sóley (1946), 4. Ólöf (1950), 5. Aðalsteinn (1953). **M:** 1968, Ragnar Jónsson (1947), kennari. **Börn þeirra:** 1. Jónas Ingi (1972), 2. Sigrún (1975), 3. Stefanía (1979). **Nám:** Tók próf frá Samvinnuskólanum 1968 og síðar stúdentspróf frá öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð 2003. Útskrifaðist með B.Ed.-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands 2005, lauk diplómanámi úr íslenskudeild 2007 og M.Ed.-prófi í fjölmenningu 2009. **Störf:** Starfaði hjá Samvinnubankanum 1968-1988. Kenndi samhliða meistaranáminu íslensku sem annað mál við Austurbæjarskólann í Reykjavík og var síðan kennari í íslensku sem öðru máli við lðnskólann í Reykjavík, síðar Tækniskólann til 2015. Samdi, myndskreytti og gaf sjálf út nokkur kennsluhefti og verkefnabækur í íslensku sem öðru máli á árunum 2006-2016. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-34-12.

EYBORG GUÐMUNDSDÓTTIR (1924-1977) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI.

Foreldrar: Hólmfríður Guðmundsdóttir (1895-1927) og Guðmundur Jón Eggert Rögnvaldsson (1892-1934), skipasmiður. Var alin upp hjá móðurömmu sinni Guðrúnu Jónsdóttur á Eyri í Ingólfsfirði. Veiktist af berklum á unglingsaldri og dvaldi í fimm ár á Vífilsstöðum. **M:** 1969, Reynir Þórðarson (1931-2022), bankastarfsmaður. **Barn þeirra:** 1. Gunnhildur Eyborg Reynisdóttir (1968). **Nám:** Fór í listnám til Parísar fyrir hvatningu frá Dieter Roth. Stundaði nám við Académie Julien í Frakklandi 1959-1963. Naut m.a. leiðsagnar Georges Folmer og var í hópi 30 alþjóðlegra listamanna sem gekk undir nafninu Groupe Measure, stofnaður af honum árið 1960. Naut á Parísarárunum einnig leiðsagnar Victors Vasarely. **Störf:** Starfaði sem myndlistarmaður heima og erlendis og sýndi verk sín víða, bæði innan lands og utan. **Sýningar:** Sýndi víða um Evrópu með Groupe Measure 1961-1965. Kom aftur til Íslands 1965. Hélt einkasýningar, m.a. í Bogasal Þjóðminjasafnsins (1965), á Mokka (1966) og í Norræna húsinu (1975). **Verk á söfnum:** Í Frakklandi, Austurríki, Þýskalandi og Svíþjóð, á Englandi, Spáni, Ítalíu og í Bandaríkjunum. Hér á landi í Listasafni Íslands, Listasafni Borgarness, Listasafni Alþýðu, Listasafni Kópavogs og Listasafni Austur-Húnavatnssýslu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit J-487.

EYGLÓ EYJÓLFSDÓTTIR (1943-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MENNTASKÓLAKENNARI og SKÓLAMEISTARI. **Foreldrar:** Svanfríður Þorkeldsdóttir (1919-2019) og Eyjólfur Guðmundsson (1919-2013), verslunarmaður. **Systkin:** 1. Sólveig Bergþóra (1941), 2. Helga Kristjana (1947), 3. Guðrún Svanfríður (1952), 4. Guðmundur Þorkell (1958). **M:** 1965, Steinarr Höskuldsson (1941), viðskiptafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Höskuldur (1968), 2. Gunnhildur (1975). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963, BA-prófi í þýsku frá Háskóla Íslands 1969

og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands 1971. Hlaut MA-gráðu í skólastjórnun frá Minnesotaháskóla 1991. **Störf:** Var kennari við Gagnfræðaskóla Garðahrepps 1969-1970. Starfaði við Menntaskólann við Hamrahlíð 1970-1995 sem þýskukennari og um tíma áfangastjóri skólans og síðar konrektor, fyrst kvenna til þess að gegna þessum stjórnunarstörfum. Var fyrsti skólameistari Borgarholtsskóla 1995-2001. Starfaði sem sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild frá 2001. Var stundakennari við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1993-1995 og prófdómari í viðskiptaþýsku við HÍ 1995-1997. Kenndi við framhaldsdeild Fóstruskóla Íslands 1991-1994. Hafði umsjón með stjórnunarnámi fyrir skólastjórnendur framhaldsskóla hjá Endurmenntun Háskóla Íslands 1990-1993 og 2000-2001. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi og í fyrstu stjórn Brúar, félags áhugafólks um þróunarlöndin, um 1980. Var formaður Kennarafélags MH 1978-1980 og formaður Félags þýskukennara 1982-1984. Sat í stjórn Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum, og var formaður Gammadeildar 2000-2002. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-2-26.

EYGLÓ HELGA HARALDSDÓTTIR (1942-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Þórunn Guðmundsdóttir (1918-2005) og Haraldur Gíslason (1917-1999), skrifstofumaður. **M:** 1963, Eiður Svanberg Guðnason (1939-2017), blaðamaður, fréttamaður og sendiherra. **Börn þeirra:** 1. Helga Þóra (1963), 2. Þórunn Svanhildur (1969), 3. Haraldur Guðni (1972). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1962. Stundaði píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík 1953-1962 og lauk píanókennaranámi við sama skóla 1965. **Störf:** Var kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík 1965-1993. Starfað síðan með Eiði í utanríkisþjónustunni þegar hann var sendiherra í sendiráði Íslands í Noregi 1993-1998, aðalræðismaður Íslands í Winnipeg í Kanada 2001-2002, sendiherra í Kína 2002-2006 og aðalræðismaður Íslands í Færeyjum 2007-2009. **Jarðsett:** Sólland, duftgarði reit A-1-79.

F

FILIPPÍA SIGURLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR / HUGRÚN SKÁLDKONA (1905-1996) fædd á Skriðu í Svarfaðardal, látin í Reykjavík. SKÁLDKONA. **Foreldrar:** Kristín Sigfúsína Kristjánsdóttir (1880-1973) og Kristján Tryggvi Sigurjónsson (1870-1944), bóndi. **Systkin:** 1. Gísli Björgvin (1904-1985), 2. Sigurjón Kristján (1907-1982), 3. Svanfríður Guðný (1910-2004), 4. Sigurður Marinó (1914-2009), 5. Lilja Sólveig (1923-2015). **M1:** Valdimar Jónsson (1900-1959), sjómaður. **Börn þeirra:** 1. Ingveldur *Guðrún* (1933), 2. Kristján Eyfjörð (1935-1963), 3. Helgi Þröstur (1936-2018). **M2:** 1971, Einar Eiríksson (1905-2003), smiður. **Störf:** Fékkst við ritstörf og eftir hana liggja einkum ljóða- og barnabækur, en einnig skáldsögur og minningarbrot úr bernsku. **Bækur:** M.a. ljóðabókin *Mánaskin* (1941), barnabókin *Anna Dóra og Dengsi* (1970) og skáldsagan *Leyndarmálið í Engidal* (1987). Las margar af sögum sínum, frásögnum og ljóðum í Ríkisútvarpið. **Viðurkenning:** Kvæði hennar, *Svarfaðardalur*, hafa Svarfdælingar gert að héraðssöng sínum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-52-43.

FREYGERÐUR MAGNÚSDÓTTIR (1933-2007) fædd á Helgustöðum í Eyjafirði, látin á Akureyri. BÚNINGAHÖNNUÐUR og MÓTTÖKURITARI. **Foreldrar:** Helga Árnadóttir (1890-1975) og Magnús Jón Árnason (1891-1959), bóndi og járnsmiður. **Systkin:** 1. Hildigunnur (1915-1994), 2. Ragnheiður (1916-1941), 3. Aðalsteinn (1920-1990), 4. Hrefna (1920-2008), 5. Þorgerður (1922-

2011), 6. Guðný (1923-2013), 7. Guðrún (1924-2014), 8. Aðalmundur Jón (1925-2009). **M:** 1953, Jóhann Bjarni Símonarson (1933-1996), skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Þorleifur (1951), 2. Símon Jón (1957). **Nám:** Tók landspróf frá Gagnfræðaskóla Akureyrar 1950 og lauk prófi frá Húsmæðraskóla Akureyrar 1951. Sótti námskeið í fatasaumi og búninga- og hattagerð. **Störf:** Vann hjá Ullarverksmiðjunni Gefjunni um tíma, en var síðan móttökuritari hjá Heilsugæslustöð Akureyrar um árabíl. Var forstöðukona saumastofu Leikfélags Akureyrar og hannaði og saumaði búninga í fjölda sýninga í 30 ár. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Leikfélags Akureyrar 1981-1990. Vann einnig að félagsmálum fyrir Soroptimistasamband Íslands og SÍBS. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit F-2-5.

FREYJA ANTONSDÓTTIR (1894-1979) fædd á Hamri í Svarfaðardal, látin á Akureyri. HANDAVINNUKENNARI, KAUPKONA og LEIKKONA. **Foreldrar:** Freyja Þorsteinsdóttir (1860-1951) og Vilhelm Anton Árnason (1851-1934), bóndi og smáskammtalæknir. **Systkin:** 1. Árni (1880-1882), 2. Jórunn (1882-1882), 3. Petra Salome (1883-1967), 4. Þorsteinn (1886-1957), 5. Árni (1889-1982), 6. Jórunn (1890-1960), 7. Óli Friðrik (1892-1968), 8. Jón Magnús (1895-1895), 9. Vilhelm Anton (1897-1985), 10. Baldvin Gunnlaugur (1899-1899), 11. Þóra (1899-1979). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann á Blönduósi 1915-1917 og nám í hannyrðum og fatasaumi í Kaupmannahöfn 1922-1926. **Störf:** Var kennari við unglingaskólann á Bakka í Svarfaðardal 1918-1921. Stofnaði ásamt Önnu Laxdal hannyrða- og vefnaðarvöruverslunina Freyju og Önnu á Akureyri 1926 og starfaði við hana til ársins 1934. Starfaði sem hannyrðakennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1944-1959 og 1960-1961. Lék með Leikfélagi Akureyrar um 14 hlutverk á árunum 1941-1958, m.a. Kerlinguna í *Gullna hliðinu* (1943), Önnu Maríu í *Brúðuheimilinu* (1944), Margréti Halldórsdóttur í *Skálholti* (1946), Ingveldi í Tungu í *Pilti og stúlku* (1949) og Elísabetu í *Gasljósi* (1958). **Jarðsett:** Dalvíkurkirkjugarði reit B-5-50.

FREYJA ANTONSDÓTTIR (1924-2012) fædd á Dalvík, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Sólveig Soffía Hallgrímsdóttir (1899-1934) og Vilhelm Anton Antonsson (1897-1985), útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Hallgrímur (1922-1996), 2. Pálrún (1925-2014), 3. Petra (1926), 4. Ingvi Björn (1928-1993). **M:** 1957, Hafsteinn Sigurjónsson (1925-2019), múrarameisteri. **Börn þeirra:** 1. Ólöf Guðrún (1957), 2. Sólveig Soffía (1959), 3. Jórunn Ingibjörg (1960), 4. Marteinn Már (1967). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Menntaskóla Akureyrar 1941. Lauk prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1953. **Störf:** Var gjaldkeri hjá Kaupfélagi Eyfirðinga á Dalvík 1941-1950. Starfaði sem ljósmóðir í Svarfaðardal og á Dalvík 1954-1956 og á fæðingardeild Landspítalans árin 1956-1990. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Ungmennafélags Svarfdæla og Slysavarnadeild kvenna á Dalvík. Var ritari í launamálanefnd Ljósmeðrafélagsins og sat í nefndum hjá BSRB og Samtökum heilbrigðisstétta. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-4-112.

FREYJA BJARNADÓTTIR (1911-2006) fædd í Borgarnesi, látin í Borgarnesi. TALSÍMAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Erlendsdóttir (1885-1934) og Bjarni Guðjónsson (1881-1965), kaupmaður. **Systkin:** 1. Ása (1913-1937), 2. Baldur (1915-2007). **Uppeldissystkin:** 3. Steinunn Magnúsdóttir (1925-2006). **Barnsfaðir:** Douglas C. Hargrave. **Barn þeirra:** 1. Ingibjörg (1943). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði 1930. Stundaði nám við Héraðsskólann í Reykholti. **Störf:** Var talsímavörður í Borgarnesi í rúm 40 ár eða árin 1941-1982. **Félagsstörf:** Tók þátt í leiklistarstarfi í Borgarnesi sem leikkona og leikstjóri. **Viðurkenningar:** Útnefnd

heiðursfélagi í Ungmennafélagi Skallagríms og Kvenfélagi Borgarness. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2004). **Jarðsett:** Borgarkirkjugarði á Mýrum.

FRÍÐMEY EYJÓLFSDÓTTIR (1930-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. Foreldrar: Guðrún Guðmundsdóttir (1895-1973) og Eyjólfur Björnsson (1883-1941), vélstjóri. **Systkin:** 1. Sigurrós (1918-1986), 2. Kristófer (1920-2007).

Uppeldissystkin: 3. Björn Illugi Gunnlaugsson (1917-1994). **M:** Ástgeir Ólafsson / Ási í Bæ (1914-1985), skáld og skipstjóri. **Börn þeirra:** 1. Gunnlaugur (1949), 2. Kristín (1951), 3. Eyjólfur (1957-1984), 4. Ólafur (1960). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1946 og síðan framhaldsnámi í skurðhjúkrun. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarfræðingur við Sjúkrahús Vestmannaeyja 1948 og 1964-1968, en síðan við geðdeild Borgarspítalans 1968-1994. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-136.

FRIEDE INGIBJÖRG PÁLSDÓTTIR BRIEM (1900-1997) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. KENNARI

og FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Álfheiður Helga Helgadóttir Briem (1868-1962) og Páll Briem (1856-1904), amtmáður og alþingismaður. **Alsystkin:** 1. Þórhildur (1896-1991), 2. Eggert Ólafur (1898-1985), 3. Helgi (1902-1981), 4. Kristín Þórdís (1904-1998). **Samfeðra systkin:** 5.

Kristinn (1887-1970). **Fóstursystkin:** 6. Jóna Ingveldur Einarsdóttir (1916-2012). **M:** Ásgeir Guðmundsson (1899-1935), lögfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Eggert Ólafur (1929), 2. Páll Þórir (1931). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Lærði píanóleik hjá Katrínu Viðar og síðan hjá Haraldi Sigurðssyni, prófessor í Kaupmannahöfn 1922-1923. **Störf:** Starfaði hjá Eimskipafélagi Íslands 1917-1926 og á lögfræðiskrifstofu 1926-1927. Stofnaði Fjölrítunarstofu 1935 og rak hana í 45 ár eða til ársins 1980. Kenndi árum saman vélritun og píanóleik.

Félagsstörf: Var félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur. Skrifaði ritið *Á brattann* um starf Zontaklúbbs Reykjavíkur, í þágu barna með skerta heyrn (1985). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1984). Varð heiðursfélagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur (1987). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit M-521.

FRÍÐA STEFÁNSDÓTTIR EYFJÖRÐ (1915-1998) fædd í Ólafsvík, látin í Reykjavík.

ÍPRÓTTAKENNARI. **Foreldrar:** Svanborg María Jónsdóttir (1891-1978), klæðskeri, og Stefán Sumarliði Kristjánsson (1884-1968), vegaverkstjóri. **Systkin:** 1. Sigríður Hulda (1912-1986), 2.

Þorgils Valdimar (1918-2011), 3. Alexander (1922-2008), 4. Gestheiður Guðrún (1926-2014), 5. Erla (1930-2010). **M:** 1941, Friðrik J. Eyfjörð (1912-2003), verslunarstjóri. **Barn þeirra:** 1. Jórunn Erla (1946). **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni 1931-1933. Lauk íþróttakennaraprófi frá Íþróttaskóla Björns Jakobssonar á Laugarvatni 1934, fyrst íslenskra kvenna.

Störf: Var íþróttakennari við Menntaskólann í Reykjavík í nær 40 ár eða árin 1938-1977 og starfaði síðan við bókasafn skólans til ársins 1983. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-9-10.

FRÍÐA ÁSLAUG SIGURÐARDÓTTIR (1940-2010) fædd á Hesteyri í Sléttuhreppi, látin í Reykjavík.

RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Stefanía Halldóra Guðnadóttir (1897-1973) og Sigurður Sigurðsson (1892-1968), bóndi. **Systkin:** 1. Jakobína (1918-1994), 2. Sigurborg (1919-2005), 3. Ásdís (1920-1998), 4. Sigríður (1922-2001), 5. Sigurður (1923-1934), 6. Kristján (1924-1997), 7. Ingólfur (1926-1971), 8. Baldvin (1928-1990), 9. Guðmundur (1929-1979), 10. Guðrún Rósa (1930-2007), 11. Guðni (1931-1936), 12. Guðný (1945). **M:** 1959, Gunnar Ásgeirsson (1937), kennari. **Börn**

þeirra: 1. Ásgeir (1959), 2. Björn Sigurður (1970). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1961. Lauk BA-prófi í íslensku og bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands 1971 og cand.mag.-prófi í íslenskum fræðum 1979. **Störf:** Var bókavörður á Háskólabókasafni og bókasafni Menningarstofnunar Bandaríkjanna 1964-1970, deildafulltrúi við heimspekideild Háskóla Íslands 1971-1973 og stundakennari við Háskóla Íslands og Kennaraskóla Íslands 1973-1975. Fékkst við ritstörf og þýðingar. **Bækur:** M.a. skáldsögurnar *Þetta er ekkert alvarlegt* (1980), *Við gluggann* (1984), *Hugleiðingar um stöðnun* (1984), *Meðan nóttin líður* (1990) og *Í húsi Júlíu* (2006). **Þýðingar:** M.a. *Lestarferðin* eftir T. Degen (1985), *Ferðin til Kalojoki* eftir Carl-Anders Norrlid (1986), *Þjóð bjarnarins mikla: Skáldsaga um börn jarðar* eftir Jean M. Auel (1986) og *Í góðu hjónabandi* eftir Doris Lessing (1991). Auk þess skrifaði Fríða fræðibækur og greinar. **Viðurkenningar:** Hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna *Meðan nóttin líður* (1990). Hlaut Menningarverðlaun DV (1991) og Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs (1992). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1994). Var heiðursfélagi í Rithöfundasambandi Íslands. Naut heiðurslauna listamanna (frá 2001). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-5-26.

FRÍÐUR [Día] **GUÐMUNDSDÓTTIR** (1908-2004) fædd á Núpi í Fljótshlíð, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir (1886-1962) og Guðmundur Erlendsson (1883-1969), bóndi á Núpi í Fljótshlíð. **Systkin:** 1. Leifur Ingi (1910-1985), 2. Pétur (1912-1997). **Nám:** Lauk prófi frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri. **Störf:** Hóf árið 1928 störf í Hattabúðinni Höddu, sem móðursystir hennar Halldóra Pétursdóttir, hattameistari, stofnaði það ár og rak til æviloka 1989. Fríður tók þá við rekstrinum og rak til 1999. Hattabúðin var á árunum 1939-1999 fyrst á Skólavörðustíg 2 í Reykjavík, síðan Laugavegi 4 og loks á Hverfisgötu 35. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Íþróttafélagi Kvenna (Í.K.), sat í stjórn þess frá 1940 og var formaður í 35 ár eða árin 1950-1985. Undir merkjum þess var lengi starfrækt leikfimi fyrir konur í Miðbæjar- og Austurbæjarskólunum í Reykjavík. Sinnti allt fram á áttræðisaldur rekstri skíðaskála sem Í.K. byggði í Skálafelli um miðja 20. öldina. Sat í ýmsum ráðum og nefndum á vegum íþróttahreyfingarinnar. **Viðurkenningar:** Var sæmd gullstjörnu Í.B.R. (1976), útnefnd heiðursfélagi Í.K. (1987) og hlaut síðar gullmerki Í.S.Í. **Jarðsett:** Breiðabólstaðarkirkjugarði, Rangárvalla-prófastsdæmi.

G

GAGGA [ENGEL CATHRINE] **LUND** (1900-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÞJÓÐLAGASÖNGKONA og KENNARI. **Foreldrar:** Emilie Marie Magdalene, f. Hansen (1876-1969) og Michael Lars Lund (1873-1949) fæddur í Frederikshavn, lyfsali í Reykjavíkुरapóteki, Thorvaldsensstræti 6. **Systkin:** 1. Michael Henrik Kielder [Dengsi] (1902), 2. Elisa (1906). **Nám:** Gekk í Landakotsskóla. Tók stúdentspróf í Kaupmannahöfn 1919. Lagði síðan stund á söngnám í Kaupmannahöfn, París og Þýskalandi. **Störf:** Var frá árinu 1933 á nær stanslausum tónleikaferðalögum ásamt undirleikara sínum Austurríkismanninum og tónskáldinu Ferdinand Rauter (1902-1987), en héldu til í London meðan á síðari heimsstyrjöldinni stóð. Lauk tónleikum yfirleitt á íslensku þjóðlagi, gjarnan laginu *Litlu börnin leika sér*. Flutti til Íslands 1960 og kenndi við Tónlistaskólann í Reykjavík næstu árin. Tók söngvara og leikara í einkatíma á heimili sínu fram að níræðu. **Hljómplötur:** Söng inn á plötur, m.a. 35 íslensk þjóðlög við undirleik Ferdinand

Rauter píanóleikara, sem einnig útsetti lögina (1960). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-3-36.

GEIRÞRÚÐUR HILDUR SÍVERTSEN BERNHÖFT (1921-1987) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. GUÐFRÆÐINGUR og ELLIMÁLAFULLTRÚI. **Foreldrar:** Hildur Helgadóttir Sívertsen, f. Zoëga (1898-1971), fatahönnuður og kaupkona, og Jón Sívertsen Þorvaldsson (1889-1947), kaupmaður og skólástjóri. **Systkin:** 1. Guðmundur (1919-1992), 2. Katrín (1927-2007). **M:** Sverrir Bernhöft (1909-1991), stórkaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Hildur (1944), 2. Sverrir Vilhelm (1945), 3. Kristín Edda (1957-1962). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940. Varð cand.theol. frá Háskóla Íslands 1945. **Störf:** Var ellimálafulltrúi hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar frá 1965. **Stjórnmalastörf:** Var virk í störfum Sjálfstæðisflokksins og var varaþingmaður Reykvíkinga fyrir flokkinn og sat á þingi tímabundið árlega á árunum 1973-1978. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi kvennadeildar Rauða kross Íslands. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1983). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-19-72.

GEIRÞRÚÐUR JÓHANNA ÁSGEIRSDÓTTIR KÚLD (1904-1991) fædd á Arngerðareyri í Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Aðalbjörg Jónsdóttir (1860-1922) og Ásgeir Guðmundsson (1849-1914), bóndi og hreppstjóri. **Alsystkin:** 1. Margrét (1898-1991), 2. Jochum (1900-1973), 3. Jón Guðmundur (1901-1926). **Samfeðra systkin:** 4. Bjarni (1873-1940), 5. Ásgeir (1878-1956). **M:** 1941, Jóhann Jón Eiríksson Kúld (1902-1986), fiskmatsmaður og rithöfundur. **Barn þeirra:** 1. Halldóra (1946-1946). **Nám:** Lauk hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1935. Stundaði framhaldsnám í geðhjúkrun við Sindsygehospital Nyköbing, Danmörku. Sótti námskeið við fæðingardeild á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. **Störf:** Var hjúkrunarkona hjá Hjúkrunarfélaginu Líkn 1938-1954 og forstöðukona á barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1954-1965. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1978). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-2-88.

GEORGÍA HOFF-HANSEN BJÖRNSSON (1884-1958) fædd í Danmörku, látin á Íslandi. FORSETAFRÚ ÍSLANDS 1944-1952. **Foreldrar:** Anna Catherine Hansen og Hans Henrik Emil Hoff-Hansen, lyfsali í Hobro á Jótlandi. **M:** 1908, Sveinn Björnsson (1881-1952), forseti Íslands 1944-1952. **Börn þeirra:** 1. Björn S. (1909-1998), 2. Anna Catherine Aagot (1911-1952), 3. Henrik (1914-1985), 4. Sveinn S. (1916-1977), 5. Ólafur S. (1919-1968), 6. Elísabet (1922-1996). **Störf:** Var húsfreyja í sendherrabústað Íslands í Kaupmannahöfn 1920-1944 og síðan forsetabústaðnum á Bessastöðum. Var sjálfboðaliði í spænsku veikinni 1918 við að afgreiða lyf í Reykjavíkrapóteki, en hafði reynslu af slíku starfi frá lyfjaverslun föður síns. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1946). **Jarðsett:** Bessastaðakirkjugarði reit 83.

GERÐUR HELGADÓTTIR (1928-1975) fædd að Tröllanesi í Neskaupstað, látin í Reykjavík. MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Sigríður Erlendsdóttir (1899-1956) og Helgi Pálsson (1899-1964), kaupfélagsstjóri í Neskaupstað og tónskáld. **Alsystkin:** 1. Erlendur (1925-1980), 2. Snorri (1929-2006), 3. Unnur (1931-1980). **Samfeðra systkin:** 4. Hjördís (1925-2010). **M:** 1959, Jean Leduc, myndlistarmaður, þau skildu. **Nám:** Sótti Gagnfræðaskóla Austurbæjar 1942-1945. Stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann 1945-1947, m.a. hjá Kurt Zier og Kjartani Guðjónssyni. Sótti nám við Accademia di Belle Arti í Flórens, Ítalíu 1947-1949 og Académie de la Grande

Chaumiére í París 1949-1950, aðalkennari rússneski myndhöggvarinn Ossip Zadkine. Stundaði síðan nám við einkaskóla Ossip Zadkine 1950-1951. **Störf:** Starfaði sem myndlistarmaður, vann þrívíð verk, steinda glugga og veggmyndir. **Sýningar:** Hélt einkasýningar, m.a. í Listamanna-skálanum í Reykjavík (1951) og Egilsbúð Neskaupstað (1979). Tók þátt í samsýningum í Bogasal Þjóðminjasafnsins með André Énard (1956) og ásamt eiginmanni sínum Jean Leduc (1962) og í Galerie La Rouge í París ásamt Valgerði Hafstað (1957). **Myndverk í almannarými:** Steindir kirkjugluggar m.a. í Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, Kópavogskirkju, Skálholtskirkju, Ólafsvíkurkirkju og Neskirkju í Reykjavík. Mósaíkmynd á Tollstöðvarhúsinu við Tryggvagötu (afhjúpuð 1973). Skúlptúrar m.a. á torgum við Náttúrufræðistofu Kópavogs, Egilsbúð í Neskaupstað og í Menntaskólanum við Hamrahlíð. **Æviminningar:** *Gerður: ævisaga myndhöggvara*, höfundur Elín Pálmadóttir (1985). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1974). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit M-556.

GERÐUR HELGA HJÖRLEIFSDÓTTIR (1927-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FRAMKVÆMDASTJÓRI og LEIKARI. **Foreldrar:** Kristín Ingveldur Þorleifsdóttir (1895-1974) og Hjörleifur Kristmannsson (1896-1963), skósmiður. **Systkin:** 1. Kristmann (1920-1977), 2. Helgi (1922-1994), 3. Hjördís Kristín (1929-2009), 4. Ásgeir (1930-1933), 5. Ásgeir Hörður (1937). **Nám:** Sótti Húsmæðraskólann á Hallormsstað í tvo vetur. Lærði framsögn hjá Ævari Kvaran og lauk prófi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1951. Lauk vefnaðarkennaraprófi frá Myndlista- og handiðaskólanum 1965. **Störf:** Var skrifstofumaður hjá Veiðarfæraversluninni Verðandi á árunum 1947-1965. Starfaði sem leikari og lék í Þjóðleikhúsinu, m.a. Hallgerði í *Dansinum í Hruna* (1950), Ungfrú Nielsen í *Þess vegna skiljum við* (1951), Maríu mey í *Gullna hliðinu* (1951) og Snjólaugu í *Lénharði fógeta* (1951). Lék í Iðnó, m.a. Alísu í *Góðir eiginmenn sofa heima* (1952), Donnu Luciu d'Alvadarez í *Frænku Charleys* (1953) og Elizabeth Almond í *Erfingjanum* (1954). Lék í tveimur fyrstu íslensku kvikmyndunum í fullri lengd, en þær voru *Síðasti bærinn í dalnum* (1950) og *Nýtt hlutverk* (1954). Var vefnaðarkennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1966. Kom fram sem Fjallkonan á 10 ára afmæli lýðveldisins 1954 og aftur á 20 ára afmæli þess 1964. Var framkvæmdastjóri Heimilisiðnaðarfélags Íslands og verslunarstjóri í Íslenskum heimilisiðnaði í 30 ár eða á árunum 1967-1997. **Félagsstörf:** Sat í ritnefnd ársrits Heimilisiðnaðarfélags Íslands, *Hugur og Hönd*, 1966-1984 og sat um árabíl í stjórn Íslensks markaðar. Gekk í Soroptimistaklúbb Reykjavíkur 1964 og sat þar í stjórn og var formaður frá 1973. Var forseti Soroptimistasambands Íslands 1980-1982. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi Reykjavíkurklúbbs Soroptimista (2009). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-15-17.

GERÐUR HULDA JÓHANNSDÓTTIR (1926-2012) fædd á Selalæk í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. HÚSMÆÐRAKENNARI. **Foreldrar:** Lilja Hannesdóttir (1899-1964) og Jóhann Vilhjálmsson (1893-1967), útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Kristín Hanna (1922-2006). **M1:** Sigurður Guðmundsson (1920-1981), húsasmiður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Lilja (1942), 2. Guðrún (1951). **M2:** 1979, Egill Sigurðsson (1935), menntaskólakennari. **Nám:** Lauk prófi frá Husassistenternes Fagskole í Kaupmannahöfn 1947 og húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennarskóla Íslands 1950. Tók námskeið við Glasgow and West of Scotland College of Domestic Science í Glasgow sumarið 1952 og fór í námsför til Hollands og Frakklands sama ár. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskólann á Laugarvatni árin 1952-1979. Vann frá 1979 við

bandaríska sendiráðið, Gagnfræðaskóla Reykjavíkur og Mjólkursamsöluna og var síðan kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholt til starfsloka 1996. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-4-1966.

GRÉTA BJÖRNSSON, f. GRETA AGNES MARGARETA ERDMANN (1908-1985) fædd í Stokkhólmi, Svíþjóð, látin í Reykjavík. LISTAKONA. **Foreldrar:** Bettý Jansson Erdmann og Axel Erdmann (1873-1954), listmálari. **M:** Jón Björnsson (1903-1980), málarameistari. **Börn þeirra:** 1. Margrét Bettý (1930-1997), 2. Karin (1933-2022), 3. Guðlaug Sigurbjörg (1937), 4. Guttormur (1942-2014). **Nám:** Var við nám í Techniska skolan (nú Konstfackskolan) í Stokkhólmi. Fór að námi loknu ásamt föður sínum í ferð um Norður- og Mið-Svíþjóð og kynnti sér alþýðlega skreytilist í gömlum kirkjum og fornum bóndabæjum. **Störf:** Flutti til Íslands 1930 og fékkst við málalalist og skreytingar í íslenskum kirkjum ásamt manni sínum, alls í 61 kirkju. Máluðu einnig og skreyttu predikunarstóla og teiknuðu ljósastæði fyrir kirkjur. **Sýningar:** Átti verk á málverkasýningu á Vesturgötu 10 (1931), sýningu myndlistardeildar Bandalags íslenskra listamanna (1941), samsýningu myndlistarmanna (1943) og samsýning ásamt Gunnfríði Jónsdóttur í Sýningarskála myndlistarmanna Kirkjustræti 12, Reykjavík (1944). Hélt einkasýningar í Listamannaskálanum (1953 og 1956). Tók þátt í listsýningu kvenna í Bogasal Þjóðminjasafnsins ásamt myndhöggvurunum Nínu Sæmundsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Ólöfu Pálsdóttur og Gerði Helgadóttur, listmálurunum Júlíönu Sveinsdóttur, Karen Agnete Þórarinsson, Barböru Árnason, Nínu Tryggvadóttur og Guðmundu Andrédóttur og listvefaranum Vigdísí Kristjánsdóttur (1957). **Skreytingar í almannarými:** Kirkjuskreytingar m.a. í Hafnarfjarðarkirkju (1933), Oddakirkju á Rangárvöllum (1954), Norðfjarðarkirkju (1956), Keldnakirkju (1957), Akraneskirkju (1966) og Innri-Njarðvíkurkirkju (1976). Þau hjón skreyttu einnig veitingahúsið Silfurtunglið, Snorrabraut 37, Reykjavík (1955) og verslunina Karnabæ á Laugavegi 66, Reykjavík (1970). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit X-260.

GRÉTA [LÁRA MARGRÉT] SIGFÚSDÓTTIR (1910-1991) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1886-1970) og Sigfús Guðmundur Sveinbjarnarson (1866-1931), fasteignasali. **Systkin:** 1. Þráinn (1912-1977), 2. Hrefna (1917-2004), 3. Hannes (1922-1997), skáld. Gréta var þrígift. **M:** 1973, Jón Björnsson (1907-1994), rithöfundur og bókavörður. **Börn:** Eignaðist þrjú börn, öll búsett í Noregi. **Nám:** Lærði teikningu hjá Ríkharði Jónssyni myndhöggvara í þrjá vetur. Hóf nám við Kunstindustriskólan í Kaupmannahöfn 1934, en varð frá að hverfa vegna fjáskorts. **Störf:** Stundaði ritstörf, samdi bæði skáldsögur og ljóð, fékkst við þýðingar og ritaði greinar í blöð. Var búsett í Stafangri í Noregi frá 1935 og fram á sjöunda áratuginn, flutt þá til Íslands og bjó þar til æviloka. **Bækur:** Skáldsögurnar *Bak við byrgða glugga* (1966), *Í skugga jarðar* (1969), *Fyrir opnum tjöldum* (1972) og *Sól rís í vestri* (1977) og smásögur *Örvaflug* (1978). **Viðurkenning:** Skáldsaga hennar *Bak við byrgða glugga* var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs (1967). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-1-3.

GRÍMA [ÓLÖF GRÍMEA ÞORLÁKSDÓTTIR] (1895-1988) fædd á Lambanesreykjum í Austur-Fljótum, Skagafirði, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Margrét Halldóra Grímsdóttir (1864-1945), ljósmóðir, og Þorlákur Þorláksson (1861-1944), bóndi og skipstjóri. **Systkin:** 1. Magnea Ágústa (1888-1974), 2. Guðrún Valný (1892-1980), 3. Helga Lovísa (1900-1995). **M1:** Páll Jónsson (1876-1938), bóndi og sundkennari. **Börn þeirra:** 1. Kristinn (1917-2006), 2. Eggert

Reynarð (1919-2007), 3. Rögnvaldur Guðmundur (1925-2007). **M2:** Sigursveinn Davíð Kristinsson (1911-1990), tónskáld og skólastjóri. **Nám:** Sótti kvöldnámskeið í fimm vetur við Myndlistaskólann í Reykjavík. **Störf:** Fékkst við málalalist. **Sýningar:** Hélt einkasýningar í Klausturhólum í Lækjargötu (1974) og Þrastarlundi (1975). Sýndi 18 olíumálverk í húsakynnum Alþýðusambandsins (1985) þegar listahátíð kvenna bauð Grímu og Sigurlaugu Jónasdóttur að sýna verk sín í Listasafni ASÍ. Tók þátt í samsýningu í Listmunahúsinu, Lækjargötu 2 í Reykjavík (1979). Átti verk á samsýningu 15 alþýðulistamanna *Einfarar í íslenskri myndlist* í Hafnarborg, Hafnarfirði (1990), en bók með sama nafni eftir Aðalstein Ingólfsson var gefin út hjá Almenna bókafélaginu (1990). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-1158.

GRÓA JÓHANNA SALVARSDÓTTIR (1922-2007) fædd á Bjarnastöðum í Reykjarfjarðarhreppi, látin í Reykjavík. VITAVÖRÐUR og RITARI. **Foreldrar:** Ragnheiður Hákonardóttir (1901-1977) og Salvar Ólafsson (1888-1979), bóndi í Reykjarfirði. **Systkin:** 1. Hákon (1923-2005), 2. Sigríður (1925-2013), 3. Arnheiður (1927-1927), 4. Arndís (1929-2018), 5. Ólavía (1931-2014). **Barnsfaðir:** Auðunn Jóhannesson (1908-2003), húsmiðameistari. **Barn þeirra:** 1. Aðalheiður (1941). **M:** 1943, Halldór Víglundsson (1911-1977), smiður. **Börn þeirra:** 2. Salvar (1944-1974), 3. Hákon Örn (1945-2013), 4. Ragnar Jóhann (1954), 5. Björn (1955). **Nám:** Lauk unglínganámi frá Héraðsskólanum í Reykjanesi 1938 og forskóla sjúkraliða í Námsflokkum Reykjavíkur 1978. **Störf:** Var ráðskona í Sláturhúsinu Vatnsfirði haustin 1936-1940, starfaði á Fjórðungssjúkra- húsinu á Akureyri 1940-1942 og var ráðskona í Reykjanesskóla á árunum 1942-1947 með hléum. Var húsfreyja í Botni í Reykjarfirði og Múla 1949-1954, síðan vitavörður og veður- athugunarmaður ásamt manni sínum á Hornbjargsvita 1955-1958 og á Dalatanga 1958-1967. Var ráðskona Alþýðuskólans á Eiðum 1967-1976 og loks ritari og símavörðu hjá Veðurstofu Íslands 1977-1992. Rak greiðasölu í Djúpmannabúð í Mjóafirði vestur sumurin 1981 og 1982. **Félagsstörf:** Var trúnaðarmaður SFR (Starfsmannafélags ríkisstofnana, síðar nefnt Stéttarfélag í almannajónustu) allan starfstímann á Veðurstofunni og sat í stjórn lífeyrisþegadeildar SFR á árunum 1989-2005, þar af formaður um tíma. Sat í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit M-385.

GUÐBJÖRG BERGPÓRSDÓTTIR (1888-1968) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Helga Hafliðadóttir (1860-1934) og Bergþór Þorsteinsson (1856-1901), skipstjóri. **Systkin:** 1. Sigríður Theodórs (1882-1959), 2. Hafliðína (1885-1903), 3. Hafsteinn (1892-1981), 4. Þórunn (1895-1949). **Störf:** Starfaði við Verslunina Edinborg 1905-1920. Stofnaði og rak Verslun Guðbjargar Bergþórsdóttur Laugavegi 11 í Reykjavík á árunum 1922-1939. Stofnaði Lérefta- búðina. Verslun Guðbjargar Bergþórsdóttur og Léreftabúðin opnuðu á Öldugötu 29 árið 1928 í húsi sem Guðbjörg lét byggja. Guðbjörg seldi Arndísi Þorvaldsdóttur Léreftabúðina 1935. Kristbjörg Jóhannesdóttir (1915-2000) sá um heimilisrekstur fyrir Guðbjörgu í 30 ár. **Jarðsett:** Hólavallagarði T-233.

GUÐBJÖRG ÞORBJARNARDÓTTIR (1913-2003) fædd í Bolungarvík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Rósa Aradóttir (1875-1939) og Þorbjörn Eggertsson (1911-1989). **Alsystkin:** 1. Eggert (1911-1989). **Sammæðra systkin:** 2. Bjarni (1894-1905), 3. Þorgerður (1896-1990), 4. Sigríður (1899-1989), 5. Ari (1901-1957), 6. Jóhann (1904-1962), 7. Bjarni (1907-1997), 8. Benedikt (1907-1907), 9. Bogey 1908-1908), öll Bogabörn. **Nám:** Lauk skyldunámi á Ísafirði. Lærði

bókhald á Siglufirði 1931. Stundaði nám í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar í Reykjavík og var í leiklistarnámi á Norðurlöndum. **Störf:** Var bókarari og gjaldkeri við bæjarfógetaembættið á Siglufirði 1931-1935 og einkaritari og bókarari hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði 1935-1945. Starfaði sem læknaritari á Landspítalanum 1945-1959. Hóf að leika hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1946. Lék í Þjóðleikhúsinu frá opnun 1950 og var fastráðin þar 1959-1989. Hlutverk hennar voru m.a. Giovanna í *Rigoletto* (1950), Frú Ólfer í *Strompleiknum* (1961), Kona Karopkins í *Eftirlitsmanninum* (1970) og Valgerður Helgadóttir í *Jómfrú Ragnheiði* (1982). Lék í fjölmörgum útvarpsleikritum og enn fremur í kvikmyndum fyrir sjónvarp. **Félagsstörf:** Tók þátt í leikstarfsemi með áhugafólki á Siglufirði. Starfaði í fjáröflunarnefnd Menningarsjóðs Þjóðleikhússins, stóð að stofnun Slysasjóðs Félags íslenskra leikara og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands og var formaður sjóðsins um skeið. Var í stjórn Leiklistarsjóðs Brynjólfs Jóhannessonar og í stjórn Starfsmannafélags Þjóðleikhússins. **Viðurkenningar:** Hlaut Silfurlampann (leiklistarverðlaun félags leikdómara) (1961). Var veittur styrkur úr Menningarsjóði Þjóðleikhússins (1962). Naut heiðurslauna listamanna (frá 1990). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-4-87.

GUÐBJÖRG AÐALHEIÐUR ÞORLEIFSDÓTTIR (1870-1958) fædd í Múlakoti í Fljótshlíð, látin í Múlakoti. GESTGJAFI og GARÐYRKJUKONA í Múlakoti í Fljótshlíð. **Foreldrar:** Þuríður Jónsdóttir (1832-1908) og Þorleifur Eyjólfsson (1831-1887), bóndi í Múlakoti. **Systkin:** 1. Ólafur (1861-1887), 2. Eyjólfur (1863-1919). **M:** Túbal Karl Magnús Magnússon (1868-1946), bóndi í Múlakoti í Fljótshlíð. **Börn þeirra:** 1. Guðbjörg *Lilja* (1894-1975), 2. Ólafur Karl Óskar Túbals (1897-1964), 3. Þuríður *Soffía* (1902-1997), 4. Ragnheiður *Ágústa* (1907-2001). **Fósturbörn:** 5. Vigdís Eyleif Eyjólfsdóttir (1893-1977), 6. Soffía Gísladóttir (1915-2003). **Störf:** Sinnti greiðasölu í Múlakoti, bæði veitingum og gistingu ferðafólks. Hóf árið 1896 blóma- og trjárækt sunnan við bæinn í Múlakoti. **Viðurkenningar:** Fékk styrki úr Styrktarsjóði Friðriks konungs VIII til eflingar skógræktar á Íslandi árin 1912, 1914 og 1917. Íbúðar- og gistihúsið og trjagarðurinn í Múlakoti eru nú friðlýst (best varðveitta hótél hér á landi frá gamalli tíð). **Jarðsett:** Heimagrafreiti Múlakoti II, Hlíðarendasókn.

GUÐFINNA JÓNSDÓTTIR frá Hömrum (1899-1946) fædd á Arnarvatni í Mývatnssveit, flutti að Hömrum í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Eyjafjarðarsveit. SKÁLDKONA. **Foreldrar:** Guðrún *Jakobína* Sigurðardóttir (1869-1956) og Jón Kristinn Eyjólfsson (1870-1941), bóndi á Hömrum. **Systkin:** 1. Hulda (1902-1929), 2. Ragnheiður (1908-1916). **Nám:** Stundaði tónlistarnám á Akureyri og í Reykjavík m.a. hjá Otto Busch og Páli Ingólfssyni. **Störf:** Kenndi söng og stjórnaði kórum í Reykjardal og við Alþýðuskólann á Laugum. Samdi ljóð. **Ljóðabækur:** *Ljóð* (1941), *Ný ljóð* (1945), *Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum*, *Ljóðabók: safn* (úrval ljóða hennar, bæði útgefin og áður óbirt), umsjón Kristján Karlsson (1972). **Jarðsett:** Einarstaðakirkjugarði reit 484.

GUÐFINNA ÞORSTEINSDÓTTIR / Erla (1891-1972) fædd á Skjögrastöðum í Skógum á Völlum, Suður-Múlasýslu, látin á Selfossi. SKÁLDKONA. **Foreldrar:** Rannveig Sigfúsdóttir (1869-1952) og Þorsteinn Eiríksson (1860-1929). **M:** 1917, Pétur *Valdimar* Jóhannesson (1893-1953), bóndi á Teigi í Vopnafirði. **Börn þeirra:** 1. Þorsteinn (1918-1977), 2. Guðrún (1920-2022), 3. Margrét (1921-1982), 4. Ásrún Erla (1923-2008), 5. Rannveig (1926-1953), 6. Þorbjörg (1928-2010), 7.

Hildigunnur (1930-2017), 8. Hrafnkell (1935-2001). **Störf:** Fékkst við ritstörf ásamt bústörfum, tók upp skáldanafnið „Erla“. **Bækur:** *Héluþlóm* (1937), *Fífulogar* (1945), *Slagur vindhörpunnar* (þýðing, 1956), *Völuskjóða* (1957), *Ævintýri dagsins* (1958) og *Vogrek* (frásagnapættir, 1959). **Jarðsett:** Selfosskirkjugarði reit H-1-46.

GUÐLAUG ARASON (1855-1936) fædd á Flugumýri í Skagafirði, látin í Kaupmannahöfn. KENNARI. **Foreldrar:** Helga Þorvaldsdóttir (1816-1894) og Ari Arason (1813-1881), læknir og bóndi á Flugumýri í Skagafirði. **Systkin:** 1. Guðlaug (1845-1847), 2. Ari Þorvaldur (1847-1854), 3. Þorvaldur Ari (1849-1926), 4. Sesselja Kristín (1851-1851), 5. Lárus (1852-1852), 6. Anna Sigríður (1853-1915), 7. Kristín (1855-1914), 8. Sesselja Kristín (1857-1858), 9. Sigríður (1859-1859), 10. Sesselja Kristín (1860-1864). **Nám:** Stundaði nám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn og í Bonn í Þýskalandi um tíma. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann á Laugalandi 1880-1881, Barnaskóla Keflavíkur 1889-1890 og Barnaskóla Reykjavíkur 1890-1927. Var skriftarkennari við Verslunarskóla Íslands 1905-1906. Fékkst við gítarleik og söng. **Jarðsett:** Hólavallagarði.

GUÐLAUG HEIÐVEIG BERGSDÓTTIR (1903-1976) fædd á Flateyri við Önundarfjörð, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Vilhelmina Magnúsdóttir (1867-1924) og Bergur Rósinkransson (1870-1951), kaupmaður og útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Adolf Rósinkranz (1900-1948), 2. Jón (1905-1974). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1921-1924 og húsmæðraskóla í Gentoftu við Eyrarsund í Kaupmannahöfn 1928-1929. Sótti síðan nám í tungumálum og bókfærslu í Reykjavík. **Störf:** Var forstöðukona og gjaldkeri Sjúkrahúss Hvítabandsins 1939-1949. Starfaði hjá Reykjavíkurborg 1949-1974, fyrstu árin í endurskoðunardeild, en frá 1954 sem gjaldkeri hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur í 20 ár. **Félagsstörf:** Sat í stjórn kvenfélags Hvítabandsins 1932-1933 og síðan sem formaður 1933-1944. Átti sæti í stjórn Bandalags kvenna í Reykjavík 1933-1973, þar af sem gjaldkeri 1943-1973. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1974). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit D-3-14.

GUÐLAUG INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR (1891-1977) fædd á Stóru-Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd, látin í Keflavík. BARNAKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Torfadóttir (1861-1942) og Guðjón Jónsson (1857-1922), skipasmiður. **Alsystkin:** 1. Jónína (1895-1982). **Samfeðra systkin:** 2. Ágústa (1883-1959). **Nám:** Öðlaðist kennararéttindi 1917. **Störf:** Var forfallakennari við Barnaskólann í Keflavík frá 1907 og fastráðinn kennari þar árin 1919-1960. Bjó félagsbúi á Framnesi með Jónínu systur sinni sem einnig var kennari. **Félagsstörf:** Sinnti trúnaðar- og leiðtogastörfum innan samtaka bindindismanna um árabil. Var gæslumaður barnastúkunnar Nýársstjörnunnar í Keflavík 1919-1968. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1972). **Jarðsett:** Keflavíkurkirkjugarði reit D-4-5.

GUÐLAUG NARFADÓTTIR (1897-1984) fædd í Hafnarfirðir, látin í Reykjavík. BRAUTRIÐJANDI Í FÉLAGSMÁLASTARFI og HAGYRÐINGUR. **Foreldrar:** Sigríður Þórðardóttir (1871-1948) og Narfi Jóhannesson (1867-1943), stýrimaður. **Systkin:** 1. Jóhannes (1889-1960), 2. Jakob (1891-1980), 3. Magnea Flórentína (1893-1969), 4. Sveinsína (1900-1988), 5. Sigurþór (1903-1905), 6. Sigurþór (1906-1982), 7. Bjarney Elísabet (1909-1986). **M1:** Halldór Bachmann Jónsson (1893-1921), járnsmiður. **Börn þeirra:** 1. Ólafur (1920-2002), 2. Halldór (1921-2000). **M2:** Hjörtur Níelsson (1899-1970), bóndi og verkamaður. **Börn þeirra:** 3. Guðjón Örnólfur (1927-1992), 4.

Magnús Breiðfjörð (1929-2018), 5. Narfi (1932), 6. Ingveldur Ásta (1934-2019), 7. Sigurbór (1937-2019). **Störf/Félagsstörf:** Var stofnfélagi Verkavennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði 1924 og sat í fyrstu stjórn þess. Sat í Áfengisvarnarráði frá stofnun þess 1954 og til 1971. Orti ljóð og vísur. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1975). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-33-36.

GUÐLAUG ZAKARÍASDÓTTIR (1845-1937) fædd á Heydalsá í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu, látin í Ólafsdal í Dalasýslu. FRAMKVÆMDASTJÓRI, SKÓLASTJÓRI og KENNARI. **Foreldrar:** Ragnheiður Einarsdóttir (1817-1892) og Zakarías Jóhannsson (1801-1881), bóndi á Heydalsá. **Alsystkin:** 1. Guðrún (1839-1926), 2. Einar (1841), 3. Brandur (1842), 4. Zakarías (1844-1883), 5. Ragnheiður (1850-1924). **Samfeðra systkin:** 6. Magnús (1825-1884), 7. Sigurður (1828-1894), 8. Guðrún (1831-1874), 9. Þórdís (1833-1911). **Fósturforeldrar:** Guðlaug Jónsdóttir (1814-1887) og Ásgeir Einarsson (1809-1885), alþingismaður og bóndi á Þingeyrum. **Fóstursystkin:** 10. Ragnheiður Björnsdóttir (1855-1928). **Uppeldissystkin:** 11. Jón Ásgeirsson (1839-1898). **M:** 1867, Torfi Bjarnason (1838-1915), búnaðarskólastjóri í Ólafsdal, Gilsfirði, Dalasýslu. **Börn þeirra:** 1. Ingibjörg (1866-1904), 2. Áslaug (1869-1950), 3. Ásgeir (1871-1916), 4. Ragnheiður (1873-1953), 5. Ástríður (1875-1903), 6. Karl (1877-1900), 7. Kristín (1879-1880), 8. Þórdís (1881-1905), 9. Sigríður (1883-1902), 10. Ingunn (1885-1887), 11. Markús (1887-1956), 12. Pétur (1891-1891). **Fósturbörn:** 13. Guðbjörn Guðbrandsson (1875-1927), 14. Kristína Sigurlaug Kristjánsdóttir (1883-1960), 15. Karl Hinrik Ásgeirsson Torfason (1891-1978), 16. Magnús Kristjánsson (1887-1921). **Störf:** Var framkvæmdastjóri Búnaðarskólans í Ólafsdal, hafði umsjón með matargerð, m.a. matjurtaræktun (kartöflur, næpur, gulrófur, hafrar og bygg) og sá um osta-, smjör- og skyrgerð úr sauðamjólk og einnig roquefort- og gorgonzola-ostagerð úr kúamjólk. Var skólastjóri og kennari Kvennaskólans í Ólafsdal í 20 ár. **Viðurkenning:** Minnimerki um Guðlaugu og Torfa var reist í Ólafsdal (1955). **Jarðsett:** Ólafsdal.

GUÐMUNDA ANDRÉSDÓTTIR (1922-2002) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Salvör Ingimundardóttir (1888-1980), hjúkrunarkona, og Andrés P. Böðvarsson (1896-1931), skrifstofumaður. **Nám:** Tók lokapróf frá Verslunarskóla Íslands 1941 og kennarapróf frá Konstfackskolan í Stokkhólmi 1946. Stundaði nám við Listaháskólann í Stokkhólmi 1946-1948, Académie de la Grande Chaumière í París 1951 og við Académie Ranson í París 1951-1953. **Störf:** Vann á skrifstofu Laugavegsapóteks 1941-1945. Var teiknikennari við Lindargötuskóla og Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1953-1956. Var skrifstofumaður hjá Rafmagnsveitu ríkisins og Orkustofnun 1956-1990. Vann jafnframt að myndlist sinni og er einn helsti fulltrúi íslenskrar abstraktlistar. **Sýningar:** Hélt nokkrar einkasýningar og tók þátt í fjölmörgum samsýningum hér á landi og erlendis. Sýndi m.a. með Septemhópnum (1952), í Ásmundarsal (1956), Bogasal Þjóðminjasafnsins (1956, 1961, 1966 og 1972) og Nýhöfn, listasal (1994). Yfirlitssýning var haldin á verkum hennar á Kjarvalsstöðum (1990). **Verk í söfnum:** Í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafni ASÍ, Listasafni Kópavogs og Colby Art Museum í Maine í Bandaríkjunum. **Viðurkenningar:** Hlaut franskan myndlistarstyrk (1952) og tólf mánaða starfslaun ríkisins (1971). Var valin borgarlistamaður Reykjavíkurborgar (1995). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit K-214.

GUÐMUNDA JAKOBÍNA ELÍASDÓTTIR (1920-2015) fædd í Bolungarvík, látin í Reykjavík. ÓPERUSÖNGKONA. **Foreldrar:** Sigríður Jensdóttir (1881-1968) og Elías Þórarinn Magnússon (1878-1923). **Alsystkin:** 1. Þorgerður Nanna (1923-2000). **Samfeðra systkin:** 2. Jón Árni (1901-1925), 3. Sveinbjörn (1905-1935), 4. Olga (1906-1997), 5. Ágústína (1912-1999), 6. Jónína (1918-2002). **Sammæðra systkin:** 7. Elísabet (1906-1947). **M1:** Henrik Knudsen (1918-1993), gullsmíðameistari, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Bergþóra Lee (1944-1946), 2. Hans Albert (1947-2009), 3. Eileen *Sif* (1950). **M2:** 1973, Sverrir Kristjánsson (1908-1976), sagnfræðingur og rithöfundur. **Nám:** Stundaði söngnám við Konservatoríð í Kaupmannahöfn frá 1939, m.a. hjá prófessor Dóru Sigurðsson og prófessor Kristian Riis. Nam síðar hjá Madame Fourethier í París og hjá Florence Bower í New York. **Störf:** Starfaði sem óperusöngkona í Danmörku, New York í Bandaríkjunum og á Íslandi. Tók þátt í fjölda leiksýninga og ópera. Söng m.a. hlutverk Goldu í *Fiðlaranum á þakinu* (1968) og blökkukonunnar í *Sporvagninum Girnd* (1975) í Þjóðleikhúsinu. Kenndi söng í Tónlistarskólanum á Akranesi, Söngskólanum í Reykjavík og í einkatímum. Söng inn á margar hljómplötur. **Hljómplötur:** M.a. *Icelandic songs* (1954), *Lífsjátning* (1982) og *Endurómur* (1997). **Æviminningar:** *Lífsjátning: endurminningar Guðmundu Elíasdóttur söngkonu*, Ingólfur Margeirsson skráði (1981, 2011). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1995). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-7-43.

GUÐNÝ JÓNÍNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR FANNDAL (1913-2004) fædd á Seyðisfirði, látin á Siglufirði. TÓNLISTARKENNARI og HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir (1884-1966) og Sigurbjörn Stefánsson (1880-1948), fiskkaupmaður. **Systkin:** 1. Alfreð Dan (1911-1947), 2. Snæbjörn Friðmundur (1917-1926). **Barnsfaðir:** Þórður Vilberg Oddsson (1910-1996), læknir. **Barn þeirra:** 1. Erla Jóhanna (1938). **M:** 1941, Gestur Helgi Fanndal (1911-1995), kaupmaður. **Börn þeirra:** 2. Sigurður (1942), 3. Sigurbjörn (1948). **Nám:** Lærði söng og píanóleik í Lübeck í Þýskalandi 1931-1932. Lauk prófi í hjúkrunarfræði frá Hjúkrunarskóla Íslands 1939. Kynnti sér sérstaklega geðhjúkrun og heilsuverndarstörf hjá Hjúkrunarfélaginu Líkn í Reykjavík. **Störf:** Starfaði frá árinu 1940 við skólahjúkrun, heilsugæsluhjúkrun og á Sjúkrahúsi Siglufjarðar. Hafði umsjón með krabbameinsleit á vegum Krabbameinsfélagsins. Kenndi píanóleik við Tónskóla Siglufjarðar og í einkatímum um árabil. Var píanóleikari Karlakórsins Vísis á Siglufirði um tíma og raddæfði og var undirleikari Kvennakórs Siglufjarðar. **Félagsstörf:** Var virkur félagi í Kvenfélaginu Von á Siglufirði og formaður þess í 18 ár. Skráði ágríp af sögu þess fyrir árin 1957-1977. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi kvenfélagsins Vonar (1987). **Jarðsett:** Siglufjarðarkirkjugarði reit A-90.

GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR (1859-1948) fædd á Seltjarnarnesi, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Margrét Eilífsdóttir (1813-1897) og Guðmundur Þorsteinsson (1824-1890), bóndi í Gesthúsi Seltjarnarnesi. **Alsystkin:** 1. Ásdís (1846-1882), 2. Guðrún (1849-1931), 3. Eyleifur (1852-1922), 4. Guðbjörg (1853-1948), 5. Kristín (1854). **Sammæðra systkin:** 6. Magnús Stefánsson (1841-1934). **Nám:** Útskrifaðist sem hjúkrunarkona frá Den Danske Diakonissestiftelse í Kaupmannahöfn 1898 eftir 10 mánaða nám. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarkona á Laugarnesspítala í Reykjavík frá 1898. **Jarðsett:** Hólavallagarði K-312.

GUÐNÝ HELGADÓTTIR (1924-2017) fædd á Hömrum í Reykholtssdal, Borgarfjarðarsýslu, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Ástríður Guðrún Halldórsdóttir (1901-1981) og

Helgi Sigurðsson (1893-1983), bóndi á Heggstöðum í Andakíl. **Systkin:** 1. Guðrún (1922-1983), 2. Kristófer (1926-1959), 3. Sigurður (1920-2008). **M:** 1953, Gunnar Gíslason (1917-2008), prentari. **Börn þeirra:** 1. Rannveig (1953), 2. Ásta (1957), 3. Kristín (1960). **Nám:** Lauk handavinnukennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1947 og frá Handíða- og myndlistaskólanum 1949. Stundaði nám í sérkennslufræðum við Kennaraskóla Íslands 1979-1980. Fór í námsferðir til Danmerkur 1979 og Svíþjóðar 1980. **Störf:** Starfaði við fatasaum sjálfstætt og á saumastofum og hélt námskeið í fatasaumi. Var handavinnukennari við Laugarnesskóla í Reykjavík 1950-1960, Vogaskóla 1966-1982 og Þjálfunarskóla ríkisins 1982-1994. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Handavinnukennarafélags Íslands um tíma. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-7-62.

GUÐNÝ GUÐFINNA HRÖNN MARINÓSDÓTTIR (1944-2020) fædd á Seyðisfirði, látin á Akureyri. KENNARI og TEXTÍLLISTAMAÐUR. **Foreldrar:** Oddný Guðbjörg Guðmundsdóttir (1902-1960) og Marinó Guðfinnsson (1905-1985), iðnverkamaður. **Systkin:** 1. Herbert (1942-2022), 2. Höskuldur (1946). **M:** 1976, Rúnar Sigbórsson (1953), kennari, skólustjóri og prófessor við Háskólann á Akureyri. **Börn þeirra:** 1. Oddur Már (1976), 2. Heiðar Þór (1978). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Haandarbejdets Fremmes Seminarium í Kaupmannahöfn 1970 og BA-prófi í textíllist frá Middlesex University í London 2012. **Störf:** Kenndi við Hrafnagilsskóla í Eyjafirði frá 1978. Starfaði við kennslu allt til ársins 2010. Fékkst jafnframt við listsköpun, s.s. myndvefnað og málun. Hélt einkasýningar og tók þátt í samsýningum. Samdi ljóð og fékkst við ritstörf. **Bækur:** *Amma* (ævipættir, 2017) og *Eins og tíminn líður* (ljóðabók, 2019). **Félagsstörf:** Var meðal stofnenda Myndlistarfélag Fljótsdalshéraðs og sat um tíma í stjórn þess. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit M-2-60.

GUÐNÝ ELLA [Stella] SIGURÐARDÓTTIR (1931-1983) fædd að Klébergi á Kjalarnesi, látin í Reykjavík. SÉRKENNARI og YFIRKENNARI. **Foreldrar:** Lára Vilhelmína Margrét Guðmundsdóttir (1898-1979), kennari, og Sigurður Helgason (1905-1973), kennari og rithöfundur. **M:** 1952, Örnólfur Thorlacius (1931-2017) rektor. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1953), 2. Arngrímur (1956), 3. Birgir (1958), 4. Lárus (1964). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1951 og kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1952. Stundaði framhaldsnám í Edinborg í Skotlandi og lauk þaðan heyrnleysingjakennaraprófi 1975. **Störf:** Var kennari við Langholtsskóla og Álftamýrarskóla í Reykjavík og Þroskaþjálfaskóla Íslands árin 1952-1980. **Félagsstörf:** Var formaður Félags íslenskra sérkennara 1979-1980. Starfaði í samnorrænni kennslugagnanefnd í samfélagsfræði. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-2-113.

GUÐRÍÐUR ÁRNADÓTTIR BRAMM (1870-1937) fædd í Syðra-Langholti, Hrepphólasókn í Árnassýslu, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Guðrún Ásmundsdóttir (1839-1915) og Árni Eyjólfsson (1835-1898), bóndi í Syðra-Langholti. **Systkin:** 1. Ámundi (1868-1928), 2. Guðrún (1872-1963), 3. Tryggvi (1875-1952). **M:** 1909, Carl Theódór Sonniehsen Bramm (1874-1928). **Barn þeirra:** 1. Klara Bramm Helgason (1905-2008). **Störf:** Fékk borgarabréf 1913 og stofnaði Fatabúðina í Hafnarstræti 16, Reykjavík, og rak þar einnig saumaverkstæði þar sem karlmanna-föt voru saumuð. Verslunin óx og var komin með útibú á Skólavörðustíg 21 árið 1928. Guðríður reisti þar stórhýsi 1936 og þar var Fatabúðin lengi til húsa. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit G-8-30.

GUÐRÍÐUR OKTAVÍA [Gudda] **EGILSDÓTTIR** (1920-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LIÓSMÓÐIR og KENNARI. **Foreldrar:** Jóhanna Halldóra Lárusdóttir (1886-1962) og Egill Þórðarson (1886-1921), skipstjóri frá Ráðagerði á Seltjarnarnesi. **M:** 1943, Adolf Guðmundsson (1917-1965), yfirkennari. **Börn þeirra:** 1. Friðrik (1944-2007), 2. Þórður (1952). **Nám:** Lauk ljósmæðraprófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1941 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1963. **Störf:** Starfaði í Versluninni Pennanum og síðar í kvenfataversluninni Rímu við Laugaveg í Reykjavík. Var kennari við Hagaskóla í Reykjavík árin 1963-1987. Kenndi heilsufræði, náttúrufræði og skrift. Var mikil hannyrðakona. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-9-56.

GUÐRÍÐUR EIRÍKSDÓTTIR (1943-2006) fædd að Kristnesi í Eyjafirði, látin á Akureyri. HÚSMÆÐRAKENNARI. **Foreldrar:** Kamilla Þorsteinsdóttir (1911-1996) og Eiríkur Gísli Brynjólfsson (1905-1986), forstöðumaður Kristnesspítala. **Systkin:** 1. Edda (1936-2005), 2. Auður (1938), 3. Þorsteinn (1941). **M:** 1976, Gunnar Ragnars (1938), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Ragnar Friðrik (1975), 2. Eiríkur Geir (1979), 3. Gunnar Sverrir (1979). **Nám:** Lauk húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1964. Stundaði nám í næringarefnafræði við Háskólann í Árósum í Danmörku 1967-1968 og við Lýðháskólann í Askov í Danmörku 1968. Lærði svæðanudd. **Störf:** Var kennari við Hússtjórnarskólann á Laugalandi í Eyjafirði 1964-1970 og skólastjóri þess skóla 1970-1976. Var kennari við hússtjórnarskóla Akureyrar 1977-1978 og kenndi síðan við Lundaskóla, Gagnfræðaskóla Akureyrar og Verkmenntaskólann á Akureyri á árunum 1978-2005. Rak nuddstofu ásamt fleirum. **Félagsstörf:** Var félagi í Zontaklúbbi Akureyrar og formaður klúbbsins um skeið. Var formaður sóknarnefndar Akureyrarkirkju og sat í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit I-6-61.

GUÐRÍÐUR ÓSK ELÍASDÓTTIR (1922-2016) fædd á Akranesi, látin í Reykjavík. VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Klara S. Sigurðardóttir (1899-1969) og Elías Níelsson (1896-1977), verkamaður. **Systkin:** 1. Elín (1920-2003), 2. Vilhelmína Sigríður (1923-2019), 3. Sigurður Níels (1924-2014), 4. Rannveig Jóna (1925-1997), 5. Hreggviður Karl (1927-2013), 6. Svavar (1929-2007), 7. Ársæll (1931-1995), 8. Örlaugur (1934), 9. Kristín (1935-1935), 10. Georg (1937), 11. Hafsteinn Þór (1939-2022), 12. Haraldur (1942-1942). **M:** Jónas Oddgeir Sigurðsson (1917-1995), sjómaður. **Börn þeirra:** 1. Sjöfn (1942), 2. Elías Ægir (1950). **Nám:** Lauk lokaprófi frá Unglingaskólanum á Akranesi 1937. Tók ýmis starfstengd námskeið. **Störf:** Vann m.a. við Barnaskóla Hafnarfjarðar og Þvottahús Hafnarfjarðar. Vann á skrifstofu hjá Verkakvennafélaginu Framtíðinni 1949-1967 og var starfandi formaður félagsins frá 1967. **Félags- og stjórnmalastörf:** Var varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði frá 1974 og bæjarfulltrúi 1977-1978 fyrir Alþýðuflokkinn. Sat í framkvæmdastjórn og sambandsstjórn VMSÍ og í miðstjórn og sambandsstjórn ASÍ 1984-1988. Var annar varaforseti ASÍ 1984-1988. Sat í stjórn Verkamannabústaða í Hafnarfirði 1980-1991. Sat einnig í stjórn Hjúkrunarheimilisins Skjól's, Sambands almennra lífeyrissjóða, Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín að verkalýðsmálum (1997). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit J-1-19.

GUÐRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR (1921-2002) fædd í Kolsholtshelli í Villingaholtshreppi í Árnassýslu, látin á Akureyri. KENNARI, SKÓLASTJÓRI, ODDVITI og BÓNDI. **Foreldrar:** Marta Brynjólfsdóttir (1889-1969) og Guðmundur Kristinn Sigurjónsson (1896-1966), bóndi í

Kolsholtshelli. **Systkin:** 1. Jóhann (1920-1999), 2. Kristín (1922-1987), 3. Sigurjón (1924-2019), 4. Brynjólfur (1926-2015), 5. Sigríður (1929-1989). **M:** 1943, Sigmar Ingi Torfason (1918-1997), prófastur á Skeggjastöðum við Bakkafjörð, Norður-Múlasýslu. **Börn þeirra:** 1. Jóhanna Ingibjörg (1944), 2. Stefanía (1945), 3. Valgerður (1947), 4. Marta Kristín (1949), 5. Aðalbjörg (1952), 6. Guðmundur (1957). **Uppeldisbarn:** 7. Hrefna Þórey Eiríksdóttir (1960). **Nám:** Stundaði nám við Kennaraskóla Íslands 1941-1943. **Störf:** Var kennari og skólastjóri við Grunnskóla Skeggjastaðahrepps árin 1950-1985. Skólinn var rekinn á heimili hennar í fyrstu og voru nemendur til skiptis í skóla og heima, tvær vikur í senn, og því um heimavistarskóla að ræða. Síðar var nemendum ekið til skóla daglega, en kennslan fluttist til þorpsins, Bakkafjarðar, 1985 í nýtt skólahúsnæði. Var oddviti Skeggjastaðahrepps 1978-1990. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1987). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit F-1-52.

GUÐRÍÐUR JÓNSDÓTTIR (1903-1997) fædd á Seglbúðum í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, látin í Reykjavík. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Ólöf Jónsdóttir (1860-1953) og Jón Þorkelsson (1857-1906), bóndi. **Systkin:** 1. Helgi (1894-1949), 2. Sveinn (1895-1977), 3. Þórunna (1898-1944), 4. Jón (1902-1948), 5. Jóný Ólöf (1906-1975). **Nám:** Lauk námi í einkaskóla Blöndalshjónanna í Mjóanesi, Suður-Múlasýslu 1925. Lauk hjúkrunarnámi frá Ullevål sjúkrahúsinu í Ósló 1929 og stundaði framhaldsnám í geðhjúkrun á geðsjúkrahúsinu í Vordingborg á Sjálandi 1930-1933. Fór í námsferðir til Englands, Bandaríkjanna og Kanada og kynnti sér aðbúnað geðsjúkra víða um Evrópu. **Störf:** Varð yfirhjúkrunarkona Nýja spítalans á Kleppi 1933 og síðan forstöðukona spítalans árin 1940-1963. Kom upp vefstofu þar sem sjúklingar gátu unnið, auk þess sem þeim var sköpuð ýmis önnur aðstaða til starfsþjálfunar. Stýrði þessari vinnu sjálf þar sem enginn iðjubjálfi var þá starfandi á spítalanum. Var stundakennari við Hjúkrunarskóla Íslands frá 1961. **Stofnun sambýlis:** Keypti hús við Reynimel 55 í Reykjavík árið 1967 og opnaði þar heimili með endurhæfingu og framhaldsþjónustu við sjúklinga Kleppsspítalans eða heimili þar sem þeir gætu búið og haft öruggt skjól ef þeir hefðu vinnu. Þar bjuggu allt að 10 fyrrum sjúklingar í senn. Rak það á eigin kostnað fyrstu árin. Gaf síðan Kleppsspítalanum húsið, en hélt áfram að standa fyrir heimilinu til ársins 1974. Sambýlið á Reynimel starfaði til 2009. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands 1950-1960 og sem varaformaður 1956-1960. **Viðurkenningar:** Hlaut heiðursmerki Rauða krossins úr silfri (1974). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1963). **Jarðsett:** Prestbakkakirkjugarði reit 1050.

GUÐRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR (1918-1990) fædd í Miklaholti í Miklaholtshreppi í Hnappadals-sýslu, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Ásdís Magnea Sigurðardóttir (1884-1965), ljósmóðir, og Magnús Sigurðsson (1883-1979), bóndi, oddviti og organisti. **Systkin:** 1. Sigurður (1911-1989), 2. Kristín (1913-1949), 3. Þórður Áskell (1922-1991), 4. Ingibjörg (1929-2014). **M:** 1942, Róbert Abraham Ottósson (1912-1974), hljómsveitarstjóri. **Barn þeirra:** 1. Grétar Ottó Róbertsson (1953). **Nám:** Stundaði nám við Lýðháskólann í Askov í Danmörku. Lauk kennara-prófi frá Kennaraskóla Íslands 1940. **Störf:** Var kennari við Austurbæjarskólann í Reykjavík í yfir 40 ár eða árin 1940-1981. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Stéttarfélags barnakennara. Var virk í starfi Amnesty International. Söng með Söngsveitinni Fílharmóníu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-36-22.

GUÐRÍÐUR STEFANÍA SIGURÐARDÓTTIR (1910-1991) fædd á Brimilsvöllum í Fróðárhreppi, Snæfellsnesi, látin í Reykjavík. PÓST- OG SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Ingibjörg Pétursdóttir (1887-1959) og Sigurður Eggertsson (1876-1922), skipstjóri. **Alsystkin:** 1. Porkell Jóhann (1908-2005), 2. Pétur Kristþór (1910-2005), 3. Halldór Eggert (1915-2003), 4. Margrét (1917-2002), 5. Þórarinn Stefán (1922-1994). **Samfeðra systkin:** 6. Guðmundur (1899-1957). **M:** Hallgrímur Sveinn Sveinsson (1901-1986), bóndi, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1932), 2. Selma Ruga (1934-2010), 3. Sveinn (1936), 4. Ingibjörg (1937), 5. Halldóra Ó'Neill (1942), 6. Guðni Eggert (1944), 7. Hallgrímur (1947). **Störf:** Var póst- og símstöðvarstjóri í Grundarfirði í yfir þrjú áratugi eða árin 1943-1976. **Félagsstörf:** Tók m.a. þátt í störfum Kvenfélagsins Gleym mér ei á Grundarfirði. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

GUÐRÍÐUR SÍMONARDÓTTIR / [Tyrkja-Gudda] (1598-1682) fædd á Heimaey í Vestmannaeyjum, látin á Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd. HÚSMÓÐIR í Vestmannaeyjum, PRÆLL í Alsír og PRESTSFRÚ, m.a. á Hvalfjarðarströnd. **M1:** Eyjólfur Sölmundarson (Sölmundarson) (d. 1636). **Barn þeirra:** 1. Sölmundur. **M2:** 1638, Hallgrímur Pétursson (1614-1674), sálmaskáld og prestur á Hvalsnesi og í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. **Börn þeirra:** 2. Eyjólfur (1637-1679), 3. Guðmundur (1640), 4. Steinunn (1645-1649). **Störf:** Var húsmóðir í Vestmannaeyjum. Var meðal þeirra sem hertekin voru í Tyrkjaráninu þar árið 1627, ásamt syni sínum Sölmundi, og flutt til Alsír. Sat ánauðug þar í um áratug, en var í hópi Íslendinga sem konungur Danmerkur keypti lausa 1636, en Sölmundur sonur hennar varð eftir og hafði tekið Múhameðstrú. Í Kaupmannahöfn fékk hópurinn fræðslu og upprifjun á móðurmáli sínu og var kennari þeirra Hallgrímur Pétursson. Varð húsfreyja og prestsfrú, m.a. á Hvalsnesi og í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. **Leikrit, skáldsaga og tón- og dansverk byggt á ævi Guðríðar:** *Tyrkja-Gudda: sögulegur sjónleikur* eftir Jakob Jónsson. *Tyrkja-Gudda: sjónleikur á sögulegum grunni*, ný gerð eftir Jakob Jónsson (1983). *Heimur Guðríðar: Síðasta heimsókn Guðríðar Símonardóttur í kirkju Hallgríms*, leikverk eftir Steinunni Jóhannesdóttur (1995-2000). *Reisubók Guðríðar Símonardóttur: skáldsaga byggð á heimildum* eftir Steinunni Jóhannesdóttur (2001). Tón- og dansverk eftir Vladimir Ivanoff og Sigurð Bragason frumsýnt á Bayreuth-hátíðinni í Þýskalandi (2011) um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum 1627 og örlög Guðríðar Símonardóttur. Steinunn Jóhannesdóttir aðstoðaði við gerð verksins. **Viðurkenning:** Höggmynd til minningar um Guðríði Símonardóttur eftir Ragnhildi Stefánsdóttur myndlistarmann var afhjúpaður á Stakkagerðistúni í Vestmannaeyjum 1985.

GUÐRÍÐUR ÞORBJARNARDÓTTIR (980-1050) fædd á Laugarbrekku í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellssýslu. Flutti árið 1000 til Grænlands með foreldrum sínum. LANDKÖNNUÐUR. **Foreldrar:** Hallveig Einarsdóttir (960) og Þorbjörn Vífilsson (955), goðorðsmaður og bóndi á Laugarbrekku á Hellisvöllum. **M1:** Þorsteinn Eiríksson (935), bjó í Lýsufirði í Vesturbyggð á Grænlandi. Foreldrar hans Eiríkur „rauði“ Þorvaldsson (920-um 1006) og Þjóðhildur Jörundsdóttir (900). **M2:** Þorfinnur „karlsefni“ Þórðarson (975) frá Glaumbæ í Skagafirði. **Börn þeirra:** 1. Snorri (fæddur á Vínlandi um 1004), 2. Þorbjörn (1025). **Líf og starf:** Freistaði þess ásamt Þorsteini að sigla til Vínlands. Sú för heppnaðist ekki og dó Þorsteinn í ferðinni. Sigldi síðar ásamt Þorfinni til Vínlands með um 160 manna leiðangur. Könnuðu landið og komu á stað sem þau nefndu Hóp (líklega Manhattaneyja þar sem New York stendur nú). Voru í þrjú ár í Ameríku. Fóru aftur til Grænlands, þaðan fljótlega til Noregs og dvöldu þar veturlangt, en héldu

síðan til Íslands og settust að í Glaumbæ, föðurleifð Þorfinns. Orðin ekkja fór hún í suðurgöngu, hugsanlega til Rómar. **Tónverk, skáldsaga og einleikur um ævi Guðríðar:** Tónverkið *Voyages: Kvinnan fráma* um Guðríði og ferðalög hennar eftir Mist Þorkeldsdóttur (1999), byggt á þjóðlaginu “Kvinnan fráma, klædd með sóma”. *Veröld víð: skáldsaga um ævi og örlög Guðríðar Þorbjarnardóttur, víðförlustu konu miðalda*, höfundur Jónas Kristjánsson (1998). *Ferðir Guðríðar*, einleikur eftir Brynju Benediksdóttur (1998), ný uppfærsla eftir Maríu Ellingsen (2010). **Viðurkenningar:** Afsteypur af verkinu *Fyrsta hvíta móðirin í Ameríku* eftir Ásmund Sveinsson (frá 1938) eru í kirkjugarðinum í Glæsibæ í Skagafirði (1994) og við Laugarbrekku í Breiðavíkurhreppi, fæðingarstað Guðríðar (2000). Guðríðarkirkja í Grafarholti í Reykjavík er byggð í minningu Guðríðar Þorbjarnardóttur (vígð 2008).

GUÐRÚN FILIPPÍA ARNGRÍMSDÓTTIR (1901-1995) fædd á Hellissandi, látin í Reykjavík. KJÓLAMEISTARI og IÐNREKANDI. **Foreldrar:** Jóhanna Magnúsdóttir (1866-1953) og Arngrímur Bergmann Arngrímsson (1871-1962), bóndi. **Systkin:** 1. Guðjón Arngrímur (1894-1972), 2. Magnúsína *Sólborg* (1897-1985), 3. Sæmundur Elías (1899-1982), 4. Bryndís (1904-1985), 5. Ragnhildur *Dagbjört* (1908-1991), 6. Jóhannes Jensson Hildiberg (1906-1972). **Kjörbarn Guðrúnar:** 1. Randí Arngríms (1924-1990; foreldrar hennar voru Solveig Roald og Marteinn G. Guðmundsson). **Nám:** Lærði kjólasaum í Kaupmannahöfn. **Störf:** Átti og rak Saumastofu Guðrúnar, Bankastræti 11, Reykjavík, Verslunina Tískuna á Laugavegi 17 og verslunina Best á Vesturgötu. Hannaði og framleiddi Best-úlpuna. Árið 1951 hélt Verslunin Tískan ásamt Hattabúð Reykjavíkur tískusýningu í hléi á kvöldsýningum í Austurbæjarbíói. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-2-10.

GUÐRÚN BALDVINA ÁRNADÓTTIR / Guðrún frá Lundi (1887-1975) fædd á Lundi í Stíflu í Fljótum, Skagafirði. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Baldvina Ásgrímsdóttir (1858-1941) og Árni Magnússon (1854-1924), bóndi. **Systkin:** 1. Magnea Aðalbjörg (1883-1968), 2. Ásmundur (1884-1962), 3. Ingibjörg Kristín (1885-1966), 4. Anna (1889-1891), 5. Magnús Antoníus (1891-1975), 6. Jónína (1893-1980), 7. Ásgrímur (1896-1933), 8. Helga (1898-1985), 9. Lilja Kristín (1901-1981). **M:** 1910, Jón *Jóhann* Þorfinnsson (1884-1960), bóndi og smiður. **Börn þeirra:** 1. Hilmar *Angantýr* (1910-1983), 2. Freysteinn Ástvaldur (1914-1990), 3. Marín Baldvina (1920-2001). **Störf:** Fékkst við ritstörf og sendi frá sér fjölda bóka, einkum á síðari hluta ævinnar þegar heimilisstörfum létti. **Bækur:** M.a. *Dalalíf*, fimm binda skáldsaga (1946-1951), *Tengdadóttirin*, þrjú bindi (1952-1954), *Þar sem brimaldan brotnar* (1955), *Stíðar fjaðrir*, þrjú bindi (1961-1963), *Náttmálaskin* (1967), *Gulnuð blöð* (1968) og *Utan frá sjó*, fjögur bindi (1970-1973). **Jarðsett:** Sauðárkróskirkjugarði reit 86.

GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR (1916-2012) fædd á Stórahrauni í Eyrarbakkaheppi, Árnessýslu, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Magnea Bjarnveig Einarsdóttir (1890-1975), kennari, og Árni Tómasson (1887-1971), bóndi, sjómaður og hreppstjóri í Bræðratungu, Stokkseyrarsókn, Árnessýslu. **Alsystkin:** 1. Stefanía *Sigríður* (1923-2013), 2. Jakob (1926-2020). **Samfeðra systkin:** 3. Halldór (1909-1986). **M:** 1958, Ásmundur Sigurðsson (1903-1992), búfræðingur, leikfimikennari, bankafulltrúi og alþingismaður. **Nám:** Stundaði nám við Unglingaskólann á Eyrarbakka 1930-1932 og Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1933-1935. Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1940. Stundaði framhaldsnám í skurðstofuhjúkrun við

Landspítala 1941, geðverndarhjúkrun við Kleppsspítala, farsóttarhjúkrun við Epidemi Sjúkhuset í Stokkhólmi 1945 og heilsuvernd við Distriksjúksköterskeskolan, Folkhelsan Stokkhólmi. Stundaði einnig framhaldsnám við Eirasjúkhuset í Stokkhólmi, Tuberculosisstationen Stokkhólmi 1946-1947 og á Krankenhaus Kempfenhausen í Þýskalandi 1955. **Störf:** Var forstöðukona Vöggustofu Sumargjafar, Tjarnarborg, 1942-1943 og bæjarhjúkrunarkona 1944. Starfaði á Líkn, berklavarnarstofu 1947-1954. Starfaði á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, barnadeild 1955-1958. Var skólahjúkrunarkona í Austurbæjarskóla og fleiri skólum frá 1959 til starfsloka á áttunda áratugnum. **Félagsstörf:** Var félagi í Hjúkrunarfélagi Íslands og í stjórn þess 1942-1945 og 1957-1961, gjaldkeri 1943-1945 og 1958-1961, fulltrúi H.F.Í. í BSRB 1951-1954 og 1961-1967. Sat í ritstjórn fyrsta hjúkrunarkvennatalsins (1969). **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi í Hjúkrunarfélagi Íslands (1988). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-155.

GUÐRÚN BJÖRNSDÓTTIR (1853-1936) fædd á Eyjólfsstöðum á Völlum í Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. VERSLUNARKONA og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Bergljót Sigurðardóttir (1819-1886) og Björn Skúlason (1810-1865), bóndi og umboðsmaður á Eyjólfsstöðum á Völlum. **Systkin:** 1. Ingunn (1841), 2. Ragnhildur (1843-1918), 3. Halldóra (1846-1930), 4. Margrét (1850-1901), 5. Halldór (1855-1945), 6. Þórunn (1858), 7. Páll (1860), 8. Þórdís (1860). **M:** Sr. Lárus Jóhannesson (1858-1888), prestur í Sauðanesi á Langanesi. **Börn þeirra:** 1. Maren Ragnheiður Friðrika (1885-1955), 2. Bergljót (1886-1918), 3. Guðrún Ingibjörg (1887-1888), 4. Lára Ingibjörg (1888-1954). **Störf:** Stofnaði og rak mjólkursölu í Reykjavík. Skrifaði í blöð, m.a. um mjólkursölumál. **Stjórnmalastörf:** Var kosin í bæjarstjórn Reykjavíkur af lista Kvenréttindafélags Íslands 1908, ein af fyrstu konunum í bæjarstjórninni, og sat þar til 1914. Vann einkum að heilbrigðismálum og fræðslumálum. **Félagsstörf:** Stóð framarlega í kvenréttindabaráttu fyrstu áratugi 20. aldarinnar og var í hópi stofnfélaga Kvenréttindafélags Íslands. Hafði m.a. forgöngu um stofnun Námsstyrkjasjóðs kvenstúdentanna. **Viðurkenning:** Nafni Sætúns í Reykjavík var breytt í Guðrúnartún til heiðurs Guðrúnu árið 2010. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR BORGFIÖRÐ (1856-1930) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. HANNYRÐAKONA, SAUMAKONA og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Anna Guðrún Eiríksdóttir (1828-1881) og Jón Borgfirðingur Jónsson (1826-1912), fræðimaður, lögregluþjónn og bókbindari. **Systkin:** 1. Finnur (1858-1934), 2. Klemens (1862-1930), 3. Guðný (1865-1930), 4. Vilhjálmur (1870-1902), 5. Ingólfur (1874-1956). **Störf:** Saumaði klæðnað jafnt á karla sem konur, skautbúninga, prestaskrúða og altarisklæði. Baldýraði fyrir Margréti Zoäga útsaumsgrípi til að selja erlendum gestum á hóteli hennar að Vesturgötu 17, Reykjavík. Kenndi stúlkum handavinnu í handavinnuskóla sem Thorvaldsensfélagið rak síðdegis á vorin. **Minningar:** *Minningar Guðrúnar Borgfjörð*, Agnar Kl. Jónsson gaf út (1947, 2022). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-214.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR BRIEM (1869-1943) fædd á Auðkúlu í Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA og ORGANISTI. **Foreldrar:** Sigríður „yngri“ Eiríksdóttir (1830-1916) og Jón Þórðarson (1826-1885), prófastur. **Systkin:** 1. Kristín (1874-1945). **M:** 1898, Eggert Ólafur Eggertsson Briem (1867-1936), hæstaréttardómari. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1901-1998), 2. Gunnlaugur (1903-1999). **Nám:** Nam við Kvennaskólann á Ytri- Ey 1885-1887 og kvennaskólann í Vinaminni í Reykjavík 1891-1892. Stundaði nám í organleik og tungumálum. **Störf:** Starfaði sem organisti við Breiðabólstaðarkirkju á Skógarströnd og Staðastaðarkirkju á Snæfellsnesi árin

1890-1895. Var forstöðukona Kvennaskólans á Ytri-Ey 1895-1898. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélagsins Líknar 1926-1943 og var lengi gjaldkeri félagsins. Átti sæti í stjórn Kvennaskólans í Reykjavík 1907-1942, síðustu fimm árin sem formaður. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-503 -D.

GUÐRÚN BRIEM (1932-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Þóra Garðarsdóttir Briem (1905-1999) og Gunnlaugur E. Briem (1903-1999), ráðuneytisstjóri. **Systkin:** 1. Eggert (1937-1983), 2. Garðar (1945). **M:** 1957, Þráinn Þórhallsson (1931), prentsmiðjustjóri. **Börn þeirra:** 1. Gunnlaugur (1960), 2. Þóra (1970). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1955 og hjúkrunarkennaranámi frá Kennaraháskóla Íslands 1979. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarfræðingur í Reykjavík og eitt ár á Massachusetts Memorial Hospital í Boston. Var prófdómari og kennari í heilsufræðum við Kvennaskólann og Þroskajálfaskóla Íslands. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-517.

GUÐRÚN EINARSDÓTTIR (1914-2008) fædd í Hringsdal í Arnarfirði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Sigrún Anna Elín Bogadóttir (1881-1965) og Einar Bogason (1881-1966), útvegsbóndi, kennari og fræðimaður. **Systkin:** 1. Lilja (1909-2001), 2. Arndís (1911-1990), 3. Bogi (1915-2001), 4. Svava Storr (1917-2009), 5. Hulda (1919-2002), 6. Ásdís (1923-1996), 7. Lára (1925-1975). **Barnsfaðir:** Stefán Guðmundsson Íslandi (1907-1994), óperu-söngvari. **Barn þeirra:** 1. Sigrún Anna Elín (1960). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1937 og hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1943. Stundaði framhaldsnám í geðhjúkrun við St. Hans Hospital í Hróarskeldu 1946 og framhaldsnám í blóðmeinafræðum við Centrallaboratoriet við Finsens Institut í Kaupmannahöfn 1947-1948. **Störf:** Starfaði sem yfirhjúkrunarkona við rannsóknardeild St. Jósefsspítala, Landakoti árin 1948-1984. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-29-1.

GUÐRÚN EINARSDÓTTIR (1937-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI, FARARSTJÓRI og LEIÐSÖGUMAÐUR. **Foreldrar:** Kristjana *Margrét* Jensdóttir (1912-1995) og Einar Bjarnason (1907-1982), ríkisendurskoðandi, prófessor og ættfræðingur. **Systkin:** 1. Kristján (1939). **M:** 1960, Steingrímur Gautur Kristjánsson (1937-2016), héraðsdómari, borgardómari og skógarbóndi í Grímsnesi. **Börn þeirra:** 1. Einar Gautur (1960), 2. Ragnar Gautur (1966). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1957. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1963, prófi í uppeldis- og kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1982 og BA-prófi í dönsku og uppeldisfræði frá Háskóla Íslands 1983. Öðlaðist leiðsögumannaréttindi Ferðamálaráðs Íslands 1986. **Störf:** Starfaði á skrifstofu tollstjóra 1960-1962. Var kennari í Vogaskóla í Reykjavík 1963-1969, Lækjarskóla í Hafnarfirði 1970-1972 og Flensborgarskóla í Hafnarfirði árin 1973-2007. Starfaði í allmörg ár sem fararstjóri og leiðsögumaður einkum á sumrin með danska ferðamenn. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-2-90.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR LAXDAL FIGVED (1914-2006) fædd í Reykjavík en flutti með Inger stjúp móður sinni til Danmerkur eftir andlát föður síns, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Elín Laxdal (1883-1918), söngkona og tónskáld, og Jón Laxdal (1865-1928), kaupmaður og tónskáld. **Fóstursystkin:** 1. Björn Laxdal (1911-1979), 2. Birgitte Laxdal Pálsson (1926-2008), kjördóttir Jóns og seinni konu hans Inger Laxdal (1890-1970). **M1:** 1934, Sigurður Arnalds (1909-

1998), stórkaupmaður og útgefandi, skildu 1943. **Börn þeirra:** 1. Jón Laxdal (1935-2011), 2. Ragnar Arnalds (1938-2022). **M2:** 1944, Jens Figved (1907-1945), verslunarstjóri í KRON. **Barnsfaðir:** Stefán Jónsson (1923-1990), fréttamaður, rithöfundur og alþingismaður. **Barn þeirra:** 3. Elín Hanna Laxdal (1953). **Sambýlismaður:** Christian Zimsen (1910-1991). **Nám:** Stundaði nám við unglingaskóla í Frakklandi og á Englandi. Stundaði framhaldsnám við Margretheskolen í Kaupmannahöfn þar til hún flutti aftur til Íslands 1934. Lærði að auki hraðritun, vélritun og annað sem laut að verslunarstörfum við Translator-skólann. **Störf:** Stofnaði heildverslun Sigurðar Arnalds ásamt Sigurði og Heildverslunina Innkaup ásamt Jens Figved. Setti á stofn antikverslun í Reykjavík 1946 og rak hana fyrst á Freyjugötu 1, síðan á Laugavegi. Starfaði í þrjú ár á skrifstofu, fyrst hjá Vélum og verkfærum og síðan hjá Globus. Sinnti störfum hjá Þjóðleikhúsinu 1950-1953. Átti og rak minjagripaverslunina Stofuna í Hafnarstræti, Reykjavík, til ársins 1977. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-12-8.

GUÐRÚN FINNSDÓTTIR (1892-1978) fædd að Hlíð í Fellssókn í Strandasýslu, látin í Reykjavík. AFGREIÐSLUSTÚLKA og VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Sigríður Guðmundsdóttir (1862-1942) og Finnur Jónsson (1860-1921), bóndi. **Systkin:** 1. Sigurjón (1893-1935), 2. Björg Elín (1896-1978), 3. Ari (1899-1974). **Störf:** Starfaði hjá Mjólkursamsölunni frá því það fyrirtæki hóf starfsemi sína 1935, fyrst mörg ár í mjólkurbúð á Njálsgötu 65, Reykjavík, og síðan í mjólkurbúð á Bergþórugötu 23 og fleiri búðum þar til hún lét af störfum sökum aldurs. **Félagsstörf:** Var varaformaður í stjórn Félags afgreiðslustúlka í brauð og mjólkurbúðum 1938-1943 og formaður stjórnar 1943-1957. Var stofnfélagi Sósíalístaflokksins 1930. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði C-21-3.

GUÐRÚN FRIDGEIRSDÓTTIR (1930-2022) fædd á Húsavík, látin í Reykjavík. KENNARI og NÁMSRÁÐGJAFI. **Foreldrar:** Iðunn Jónsdóttir (1903-1957), verkakona, og Friðgeir Laxdal Friðriksson (1899-1934), rafvirki og sjómaður. **Systkin:** 1. Eyvindur Garðar (1929-2013). **M1:** 1950, Jóhann Axelsson (1930-2022), prófessor. **Barn þeirra:** 1. Axel (1951). **M2:** 1956, Bent Egede Fich (1927-2018), lögfræðingur og framkvæmdastjóri Háskólans í Óðinsvéum, þau skildu. **Barn þeirra:** 2. Bodil Egede Fich (1957). **M3:** 1965, Stefán Briem (1938-2022), eðlisfræðingur, kennari og frumkvöðull tungumálaláþýðinga með tölvutækni. **Börn þeirra:** 3. Snorri, (1968), 4. Kjartan (1970). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1950. Lauk prófi frá fóstruskóla í Danmörku og stundaði nám í Norðurlandamálum. Lauk meistaraþrófi í ráðgjafar-sálfræði frá The University of British Columbia í Kanada 1984. **Störf:** Var kennari við dagskóla og öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð 1984-1986. Hélt fjölmörg námskeið í viðtalstækni, samskiptum og samvinnu á vinnustað 1984-1988. Starfaði við námsgagnagerð hjá Iðntækni-stofnun Íslands 1986-1988. Var skólastjóri Bréfaskólans 1988-1994. **Æviminningar:** *Norðanstúlkan: bernskusaga* (2002). **Félagsstörf:** Starfaði með Rauðsokkahreyfingunni. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-43-23.

GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR (1868-1954) fædd í Stóra-Botni, Hvalfjarðarsveit, látin á Akranesi. LIÓSMÓÐIR og HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Jórunn Magnúsdóttir (1838-1912) og Gísli Gíslason (1827-1912), bóndi í Stóra-Botni. **Alsystkin:** 1. Jón (1870-1961), 2. Þórkátla (1878-1958), 3. Gísli (1879-1946), 4. Ingibjörg (1880-1965). **Sammæðra systkin:** 5. Sveinbjörn (1861-1921), 6. Elísa (1863-1938), 7. Bjarni (1866-1928). **Uppeldisbarn Guðrúnar:** 1. Margrét Solveig

Sigurðardóttir (1897-1989). **Nám:** Lærði til ljósmóður og tók ljósmóðurpróf hjá Schierbeck landlækni í Reykjavík 1892. **Störf:** Var ljósmóðir í Andakílsumdæmi 1892-1894, Leirár- og Melasóknarumdæmi 1894-1902 og Akranesumdæmi 1902-1938. Starfaði sem hjúkrunarkona í spænsku veikinni á Akranesi 1918. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1945). Var útnefnd heiðursborgari Akraness. **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði.

GUÐRÚN AÐALBJÖRG GÍSLADÓTTIR (1876-1966) fædd í Hólshúsum í Húsavík eystri, látin á Seyðisfirði. KLÆÐSKERI. **Foreldrar:** Anna Kristín Jónsdóttir (1844-1924) og Gísli Jónsson (1835-1920), gullsmiður. **Systkin:** 1. Jónína Rósa (1870-1956), 2. Friðrik (1873-1907), 3. Brynjólfur (1878-1898), 4. Kristín Ragnhildur (1883-1898), 5. Þorsteinn Gunnlaugur (1887-1969). **Nám:** Lærði karlmannafatasaum á Saumastofu Seyðisfjarðar 1893. **Störf:** Starfaði hjá Saumastofu Seyðisfjarðar frá 1894, tók við stjórn stofunnar árið 1904 sem meðeigandi, eignaðist síðar stofuna og rak til ársins 1948. Kenndi á milli 300 og 400 konum að sauma. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi kvenfélagsins Kvík á Seyðisfirði árið 1900 og formaður þess í nokkra áratugi frá 1910. Félagskonur saumuðu föt á fátæk börn í bænum og héldu ókeypis saumanámskeið fyrir stúlkur á aldrinum 8-14 ára í mörg ár. Þær stofnuðu elliheimili á Seyðisfirði 1929 og starfræktu til ársins 1949 þegar þær afhentu bænum eignina skuldlausu. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1942). **Jarðsett:** Seyðisfjarðarkirkjugarði reit GG-BA-10.

GUÐRÚN UNA SIGURVEIG GÍSLADÓTTIR / Systir María Stanislaus (1912-1956) fædd á Gauksstöðum í Garði á Suðurnesjum, látin í Reykjavík. NUNNA. **Foreldrar:** Steinunn Jónsdóttir (1885-1960) og Gísli Sveinbjörnsson (1887-1933), bóndi Gauksstöðum í Garði. **Systkin:** 1. Sigurjón Óskar (1910-1986), 2. Magnús Ingibjörn (1911-1967), 3. Rannveig Margrét (1914-2000), 4. Jón Sveinn (1915-1997), 5. Guðný Fjóra (1917-1967), 6. Oddný Margrét (1920-1995). **Nám og störf:** Gekk í reglu St. Jósefssystra árið 1938 og gerðist nunna. Fór til Kaupmannahafnar og lærði þar hjá St. Jósefssysturum. Kom heim eftir stríðið og starfaði sem nunna á St. Jósefsspítala til æviloka. **Jarðsett:** Landkotskirkjugarði.

GUÐRÚN HÓLMFRÍÐUR GÍSLADÓTTIR (1920-2013) fædd á Eyrarbakka, látin í Reykjavík. BÓKASAFNSFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Aðalbjörg Jakobsdóttir (1879-1962) og Gísli Ólafur Pétursson (1867-1939), héraðslæknir á Eyrarbakka. **Systkin:** 1. Pétur Ólafur (1900-1992), 2. Jakob (1902-1987), 3. Guðmundur (1907-1969), 4. Ketill (1911-1994), 5. Ólafur (1913-1994), 6. Sigurður (1916-1997). **Fóstursystkin:** 7. Ingibjörg Sigvaldadóttir (1929-1990). **M:** 1939, Pétur Sumarliðason (1916-1981), kennari. **Börn þeirra:** 1. Gísli Ólafur (1940), 2. Bjarni Birgir (1942), 3. Vikar (1944), 4. Pétur Örn (1949), 5. Björg (1961). **Nám:** Tók stúdentspróf frá stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík 1941. Lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands 1972 með bókasafnsfræði sem aðalgrein en jarðfræði og bókmenntasögu sem aukagreinar. **Störf:** Var forstöðumaður bókasafns Orkustofnunar. **Félagsstörf:** Gekk í Bókavarðafélag Íslands, stofnað 1960, sat í stjórn þess 1964-1970. Var í stjórn Félags Bókavarda í Rannsóknarbókasöfnum 1975-1977. Var stofnfélagi í Félagi bókasafnsfræðinga árið 1973 og í fyrstu stjórn þess. Var í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna og stjórn Kvenréttindafélags Íslands. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Kvenréttindafélagi Íslands, Bókavardafélagi Íslands og Félagi um skjalastjórn. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Y-330.

GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR (1921-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TANNLÆKNIR og HÁSKÓLAKENNARI. **Foreldrar:** Hlín Þorsteinsdóttir (1899-1964) og Gísli Jónsson (1889-1970), járnsmiður og alþingismaður. **Systkin:** 1. Þorsteinn (1924-2017), 2. Haraldur (1928-1983). **M:** Baldvin Jónsson (1911-1996), hæstaréttardómari, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Jón (1942), 2. Hlín (1944), 3. Gísli (1948). **Nám:** Lauk cand.odont.-prófi frá Háskóla Íslands og fékk tannlækningaleyfi 1958. Stundaði framhaldsnám í tannvegslækningum við Tufts University í Boston í Bandaríkjunum 1958-1959 og við University of Alabama í Birmingham 1964-1965. **Störf:** Var stundakennari við tannlæknadeild Háskóla Íslands 1974-1978 og skipuð lektor við deildina, fyrst kvenna, árið 1978 og starfaði þar samfleytt til ársins 1990. Rak eigin tannlæknastofu þar sem hún stundaði eingöngu tannvegslækningar á árunum 1959-1989. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-46-20.

GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR (1922-2013) fædd á Barðsnesi á Viðfjarðarströnd við Norðfjarðarfloá, látin í Garðabæ. LJÓSMYNDARI. **Foreldrar:** Sesselja Sveinsdóttir (1891-1926) og Guðmundur Grímsson, bóndi (1886-1941). **Alsystkin:** 1. Helga (1916-2011), 2. María (1917-2000), 3. Óskar (1918-1991), 4. Einar Guðmann (1919-1998), 5. Sveinn (1921-1983), 6. Magnús (1923-1999), 7. Hallgerður (1924), 8. Sesselja (1925-2010), 9. Sveinbjörn (1926-2020). **Fósturforeldrar:** Stefanía Erlendsdóttir (1883-1970) og Valdimar Valvelsson Snævarr (1883-1961), skólustjóri og sálmaskáld. **Uppeldissystkin:** 10. Árni Snævarr (1909-1979), 11. Laufey Snævarr (1911-2002), 12. Stefán Snævarr (1914-1992), 13. Gísli Sigurður Snævarr (1917-1931), 14. Ármann Snævarr (1919-2010). **M:** 1954, Jón Jónsson (1910-2005), jarðfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Vala (1955), 2. Jón Kári (1958), 3. Dagur (1961), 4. Sigurlaug (1962). **Nám:** Lærði og vann hjá Vigfúsi Sigurgeirssyni ljósmyndara í Reykjavík 1941-1944. Lauk námi í ljósmyndun frá lðnskólanum í Reykjavík 1944. **Störf:** Starfaði sem ljósmyndari hjá Ingu Larsson í Uppsala í Svíþjóð 1945-1952. Stofnaði og rak Barnaljósmyndastofuna 1950-1967 sem lengst af var til húsa í Borgartúni 7 í Reykjavík. **Jarðsett:** Prestbakkakirkjugarði reit B-2017.

GUÐRÚN HAFSTEINSDÓTTIR (1928-2021) fædd í Brekkukoti í Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Mosfellsbæ. KENNARI. **Foreldrar:** Soffía Aðalheiður Sigurðardóttir (1908-2002) og Hafsteinn Jónasson (1901-1975), bóndi. **Systkin:** 1. Jósefína Jóhanna (1930), 2. Sigurbjörg (1931-2020), 3. Jónas Benedikt (1933-1995). **M:** Páll Ingimundur Aðalsteinsson (1930-2012), kennari. **Börn þeirra:** 1. Hafsteinn (1952), 2. Bjarnveig (1954), 3. Björk (1955), 4. Hrönn (1956), 5. Aðalsteinn (1958), 6. Steinþór (1960), 7. Gunnar Páll (1961), 8. Snæbjörn (1963). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann á Blönduósi. Lauk kennaraprófi frá Handíða- og myndlistaskólanum 1951, stundaði framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Lauk BA-prófi í íslensku og cand.mag.-prófi í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands 1993. **Störf:** Var kennari við Héraðsskólann í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp 1952-1966 og Varmárskóla í Mosfellsbæ árin 1966-1998. Starfaði á Orðabók Háskólans um skeið. **Félagsstörf:** Var formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar 1983-2003. Var virk í Kvenfélagi Lágafellssóknar. Tók saman Jóelsætt um föðurætt sína og Nípukotsætt um móðurættina. **Viðurkenningar:** Gerð að heiðursfélaga Skógræktarfélags Mosfellsbæjar (2005). Var einnig heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands. Fékk umhverfisviðurkenningu Mosfellsbæjar fyrir störf í þágu skógræktar (2006). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit B-5.

GUÐRÚN JÓNÍNA [Dúna] HALLDÓRSDÓTTIR (1935-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUMAÐUR NÁMSFLOKKA REYKJAVÍKUR og ALÞINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Þorbjörg Jónsdóttir (1900-1952) og Halldór Jónsson (1894-1968), trésmiður. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Las íslensk fræði við Háskóla Íslands 1955-1957. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1962 og BA-prófi í dönsku og sagnfræði frá Háskóla Íslands 1967. **Störf:** Starfaði í eldhúsi Vífilsstaðahælis sumrin 1950-1953. Var starfsmaður Landsbanka Íslands 1954-1961, kennari við Lindargötuskóla 1962-1972, stundakennari við Tollskóla Íslands 1972-1990 og forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur frá 1972 til starfsloka. **Stjórnmalastörf:** Var alþingismaður Reykvíkinga 1990-1991 og 1994-1995 fyrir Samtök um kvennalista. Var varþingmaður Reykvíkinga nokkrum sinnum á árunum 1986-1994. **Félagsstörf:** Var hvatamaður að stofnun Félags dönskukennara og formaður þess 1973-1982. Sat í stjórn Skálholtsskólafélagsins frá stofnun þess og í stjórn skólanefndar Skálholtsskóla meðan Lýðháskólinn starfaði. Var stofnfélagi Dyslexíufélagsins og í stjórn þess frá upphafi. Sat í atvinnumálanefnd Reykjavíkur í nokkur ár. Starfaði sem ritstjóri *Soroptimistafregna* um tíma. **Viðurkenningar:** Var sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1985) og Dannebrogss-orðunni. Hlaut viðurkenningu frá Samfundet for nordisk voksenundervisning og frá Íslensku menntasamtökunum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-2-23.

GUÐRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR (1922-2006) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI, SKÓLASTJÓRI og FRÆÐIMAÐUR. **Foreldrar:** Guðrún Lárusdóttir (1895-1981) og Helgi Ingvarsson (1896-1980), yfirlæknir á Vífilsstöðum. **Systkin:** 1. Ingvar Júlíus (1928-1999), 2. Lárus Jakob (1930-2018), 3. Sigurður (1931-1998), 4. Júlíus (1936-1937), 5. Júlía (1940-1950). **M1:** 1943, Oddur Ólafsson (1914-1977), barnalæknir, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Ólafur (1943-2011). **M2:** 1949, Jón Jóhannsson (1909-1957), prófessor. **Börn þeirra:** 2. Helgi (1952), 3. Jón Jóhannes (1957). **M3:** 1975, Jóhann Gunnar Stefánsson (1908-2001), framkvæmdastjóri. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1941, kennaraprófi 1945, BA-prófi í íslensku og ensku frá Háskóla Íslands 1949 og doktorsprófi frá Oxfordháskóla 1968. **Störf:** Var íslenskukennari við Gagnfræðaskóla Austurbæjar, Menntaskólann í Reykjavík og Kvinnaskólann í Reykjavík frá 1955. Var skólastjóri Kvinnaskólans 1959-1982. Skrifaði rit og greinar um bókmenntir, sögu og fleira. **Bækur:** M.a. *Skáldkonur fyrri alda I-II* (1961-1963), *Sýnisbók íslenzkra bókmennta* (með Sigurði Nordal og Jóni Jóhannessyni, 1953), *Helgi læknir Ingvarsson* (1989) og *Brautryðjandinn, Júlíana Jónsdóttir skáldkona* (1997). **Félagsstörf:** Var um skeið formaður Bandalags kvenna í Reykjavík. Var ritstjóri *19. júní* 1958-1962. Sat í stjórnnum Hjartaverndar og Minningargjafasjóðs Landspítalans og formaður sjóðsins um hríð. Sat um skeið í stjórn Þjóðvinafélagsins. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1964), Stórriddarakrossi (1971) og Stórriddarakrossi með stjörnu (1989). Var heiðursfélagi í Bandalagi kvenna í Reykjavík og Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-11-52.

GUÐRÚN HELGADÓTTIR (1935-2022) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR, BORGARFULLTRÚI og ALÞINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Ingigerður Eyjólfsdóttir (1913-1996) og Helgi Guðlaugsson (1908-1991), sjómaður. **Systkin:** 1. Ingólfur (1937-2019), 2. Jóhanna Margrét (1939-2015), 3. Gísli (1942), 4. Unnur (1944), 5. Arnar (1946), 6. Bjarni Kristinn (1948-1997), 7. Viðar (1950), 8. Gerður Helga (1952), 9. Leifur (1954). **M1:** 1957, Haukur Jóhannesson (1935),

verkfræðingur, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Hörður Hauksson (1957). **M2:** 1964, Sverrir Hólmarsson (1942-2001), bókmenntafræðingur og kennari, þau skildu. **Börn þeirra:** 2. Þorvaldur (1966), 3. Helga (1968), 4. Halla (1970). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. **Störf:** Starfaði sem ritari rektors við Menntaskólann í Reykjavík 1957-1967 og deildarstjóri félagsmála- og upplýsingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins 1973-1980. Fékkst við ritstörf. **Stjórnmalastörf:** Var borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Alþýðubandalagið 1978-1982. Var alþingismaður fyrir Alþýðubandalagið 1979-1995 og mars-maí 1999. Gegndi starfi forseta sameinaðs þings 1988-1991, fyrst kvenna, fyrsta varaforseta sameinaðs þings 1987-1988 og þriðja varaforseta Alþingis 1992-1995. Var fulltrúi í Norðurlandaráði 1983-1988. Sat í þingmannanefnd EFTA/EES 1991-1995, í útvarpsráði 1995 og tryggingaráði 1995. **Félagsstörf:** Sat í stjórn BSRB 1972-1978. Átti sæti í rithöfundaráði 1978-1980. Var ritari Alþýðubandalagsins 1977-1983. **Bækur:** Útgefnar bækur eru á þriðja tug, m.a. *Jón Oddur og Jón Bjarni* (1974), *Óvitar* (1979), *Sitji guðs englar* (1983), *Englajól* (1997), *Öðruvísi saga* (2006) og *Bara gaman* (2008). **Leikrit:** Leikritið *Óvitar* var frumflutt í Þjóðleikhúsinu 1979 og hefur einnig verið sett á sviði í Færeyjum og Noregi. **Viðurkenningar:** Hlaut m.a. Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur (1975), Norrænu barnabókaverðlaunin (1992), viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins (1992), Barnabókaverðlaun skólamálaráðs Reykjavíkur (1994), Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar (2005) og Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana (2006). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1991). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit 2-44.

GUÐRÚN LÁRA BRIEM HILT (1918-1996) fædd á Hrafnagili í Eyjafirði, látin í Ósló. UPPELDISFRÆÐINGUR og FÓSTRA. **Foreldrar:** Valgerður Lárusdóttir Briem (1885-1924), söngkennari, og sr. Þorsteinn Ólafsson Briem (1885-1949), prestur á Akranesi (1921-1946). **Systkin:** 1. Kristín Valgerður (1911-1994), 2. Halldóra Valgerður [Dódó] (1913-1993), 3. Valgerður (1914-2002), 4. Ólöf Ingibjörg (1923-1923). **M:** 1944, Odd Hilt (1915-1987), myndhöggvari. **Börn þeirra:** 1. Ragnhild Hilt (1945), 2. Björn Hilt (1949), 3. Thorstein Hilt (1955). **Nám:** Stundaði nám í uppeldisfræðum í Stokkhólmi frá 1939. **Störf:** Var forstöðukona við dagheimili og leikskóla í Stokkhólmi, síðan í Þrándheimi og í Ósló frá 1953. Var framkvæmdastjóri Riktige Leker 1961-1965, fyrirtækis sem vann að hönnun leiktækja barna. Kenndi uppeldisfræði við Statens formingslærerhøjskole frá 1965, við Barneværnsakademiet 1966-1986 og um tíma við Háskólann í Ósló. Hélt þriggja mánaða verklegt og bóklegt námskeið fyrir fóstrur, barnagæslukonur á leikvöllum og annað starfsfólk á leikskólum og dagheimilum í Reykjavík árið 1964 á vegum Fræðsluskrifstofunnar og Sumargjafar. **Jarðsett:** Ósló.

GUÐRÚN SIGRÍÐUR INDRÍÐADÓTTIR (1882-1968) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Marta María Pétursdóttir Guðjohnsen (1851-1931) og Indriði Einarsson (1851-1939), rithöfundur, hagfræðingur, skrifstofustjóri og alþingismaður. **Systkin:** 1. Eufemía Waage (1881-1960), 2. Emilía Kristjana (1884-1939), 3. Lára (1885-1976), 4. Einar Viðar (1887-1923), 5. Marta María (1889-1940), 6. Ingibjörg Thors (1894-1988), 7. Jens Gunnar Viðar (1897-1972). **M:** Páll Jónatan Steingrímsson (1879-1947), ritstjóri *Vísis*. **Börn þeirra:** 1. Katla (1914-2000), 2. Hersteinn Jens (1916-2005). **Nám:** Dvaldi í Kaupmannahöfn 1905-1906 og naut kennslu danska leikarans Jerndorfs. **Störf:** Tók að sér nokkur hlutverk á sviði í Winnipeg meðan hún dvaldi þar 1899-1902. Lék 83 hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur og stjórnaði fimm leikritum á vegum félagsins. Meðal hlutverka hennar voru: Berseba í *Hrafnabjargamærinni* (1908), Käthie í *Allt-*

Heidelberg (1923) og *Halla í Fjalla-Eyvindi* (1911), hlutverk sem hún lék 70-80 sinnum, þar af 50 sinnum í Reykjavík. Lék aukahlutverk í *Sögu Borgarættarinnar* (1921) og aðalhlutverk í kvikmyndinni *Hadda Padda* (1924). Starfaði sem danskennari ásamt Stefaníu Guðmundsdóttur leikkonu og héldu þær danssýningar til að kynna listgreinina. Var meðal leikenda í fyrsta útvarpsleikriti sem flutt var á Íslandi 1931 í beinni útsendingu. **Viðurkenningar:** Kjörin heiðursfélagi Leikfélags Reykjavíkur og Félags íslenskra leikara (1944). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1944). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-13-25.

GUÐRÚN INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR (1880-1953) fædd í Miðengi á Akranesi, látin í Reykjavík. MATREIÐSLUKONA. **Foreldrar:** Bergþóra Einarisdóttir (1852-1934) og Jóhann Pétur Ásmundsson (1852-1911), verkamaður. **Systkin:** 1. Ingveldur (1883-1955), 2. Kristín (1886-1969), 3. Ásmundur (1890-1940). **Nám:** Stundaði matreiðslunám í Kaupmannahöfn 1907. **Störf:** Vann á þekktum matsölu- og gistihúsum í Kaupmannahöfn til ársins 1915. Starfaði í Reykjavík við að útbúa veislumat fyrir einstaklinga og félög. Hóf að reka matsölu í húsi foreldra sinna á Klapparstíg 13 í Reykjavík árið 1920 og rak hana, ásamt Kristínu systur sinni, til dauðadags 1953. Var fengin til að matreiða í aðalveislu Kristjáns konungs X árið 1921. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit H-21-52.

GUÐRÚN SIGURBJÖRG JÓNASDÓTTIR (1916-1997) fædd á Stuðlum í Reyðarfirði, látin í Reykjavík. VEFARI og VEFNAÐARKENNARI. **Foreldrar:** Valgerður Bjarnadóttir (1885-1974) og Jónas Pétur Bóasson (1891-1960), bóndi. **Systkin:** 1. Jóhann *Hallgrímur* (1918-2001), 2. Kristín (1919-1998), 3. Bóas (1921-1992), 4. Bjarni (1922-1995), 5. Lára Guðlaug (1924-1977), 6. Auður (1926-2015). **M:** 1957, Fritz Árnason (1909-1970), rafmagnsverkfræðingur. **Barn þeirra:** 1. Friða Björg (1959). **Nám:** Sótti Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1934-1936. Lærði vefnað og vefnaðarkennslu í Ósló 1937-1938 og húsgagnahönnun og textílgerð í Stokkhólmi eftir stríð. **Störf:** Kenni vefnað hjá Sambandi íslenskra heimilisiðnaðarfélaga í Húsinu á Eyrarbakka. Var kennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur, Myndlistaskólann í Reykjavík og Myndlista- og handíðaskólann. Rak vefstofu í Austurstræti 17 í Reykjavík og síðar á heimili sínu í Snekkjuvogi 5. Hélt vefnaðarnámskeið víða um land. **Sýningar:** Tók m.a. þátt í Alþjóðasýningu textíls í München (1956) og *Form Island* farandsýningu á Norðurlöndum (1984-1985). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Textílfélagsins 1974 og virkur félagsmaður. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-35-51.

GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR JÓNASSON (1877-1958) fædd á Felli, Biskupstungum, látin í Reykjavík. KAUPMAÐUR og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Halla Magnúsdóttir (1833-1903) og Pétur Einarsson (1832-1926), bóndi á Felli Torfastaðasókn, Árnessýslu. **Systkin:** 1. Guðrún (1864-1933), 2. Magnea (1869-1898), 3. Vilhjálmur (1872-1948), 4. Magnús (1873-1957). Flutti með foreldrum sínum til Kanada 1888, þá 11 ára. **M:** 1898, Jónas Jónasson (1867-1941), kaupmaður í Winnipeg. **Fósturbarn þeirra:** 1. Guðrún Ívarsdóttir Jónasson (1893-1921), dóttir Magneu. Fylgdi föður sínum til Íslands 1904 eftir lát móður sinnar og sneri ekki aftur til manns og barns heldur settist að í Reykjavík. **Sambýliskona:** Gunnþórunn Halldórsdóttir (1872-1959), leikkona og kaupmaður. **Fósturbörn þeirra:** 2. Sigmar Kristinsson (1909-1978), 3. Jón Brynjólfur Jónsson (1910-1976), 4. Ásta Guðrún Pjetursdóttir (1919-2006). **Störf:** Fékk borgarabréf 1905 og setti upp vefnaðarvörverslun ásamt Gunnþórunni á Amtmannsstíg 5, Reykjavík, síðar að Laugavegi 12 og loks í Eimskipafélagshúsinu til 1964 þegar verslunin hætti. Ráku einnig um árabil

vefnaðarvöruverslun í Hafnarfirði og byggðu þar verslunarhús um 1930. Fengu borgarabréf til að reka sælgætisverslun 1907 sem var árum saman í Fjalarkettinum við Aðalstræti 8, Reykjavík. Ráku útibú frá henni í Felli, Ísafirði, 1916-1928. Þær Gunnþórunn keyptu jörðina Nesjar í Grafningi 1917. Ýmsir aðilar sátu jörðina fram til 1933, en ráku sjálfar búskap þar með Jóhannesi Sigmarssyni sem ráðsmanni 1933-1945. **Stjórnmálastörf:** Var bæjarfulltrúi í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1928-1946 og varabæjarfulltrúi 1946-1954. Átti sæti í veganefnd, brunamálanefnd, veitingaleyfanefnd, fátækra- og framfærslunefnd og barnaverndarnefnd frá stofnun hennar eða 1932-1958. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1909-1912, sem formaður 1911-1912. Var í framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands 1911-1915, stofnaði stúkuna Ársól fyrir konur og var gæslumaður barnastúkunnar Díönnu. Var formaður stjórnar kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands frá stofnun 1930 og til dauðadags 1958. Var stofnfélagi í Hvöt félagi sjálfstæðiskvenna 1937 og fyrsti formaður til 1955. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1944) og Stórriddarakrossi (1955). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-33-2.

GUÐRÚN LAUFEY JÓNSDÓTTIR / Blaka (1910-2004) fædd í Borgarnesi, látin í Reykjavík. RITARI og LISTAMAÐUR. **Foreldrar:** Helga María Björnsdóttir (1880-1972) og Jón Björnsson frá Bæ (1878-1949), kaupmaður. **Systkin:** 1. Björn Franklín (1908-1976), 2. Halldór Haukur (1912-1992), 3. Sigbrúður *Selma* (1917-1988). **Nám:** Nam við Kvennaskólann í Reykjavík. Stundaði verslunar- og málanám í Cambridge í Englandi 1932 og málanám í Þýskalandi. **Störf:** Var ritari á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, ritari og þýðandi á skrifstofu bandaríska sendiráðsins í Reykjavík og ritari á skrifstofu forseta Íslands í Alþingishúsinu alla forsetatíð Ásgeirs Ásgeirssonar. Starfaði hjá utanríkisþjónustunni, m.a. í sendiráðunum í Moskvu, París í fjögur ár og síðast í Bonn. Máladei vatnslitamyndir í frístundum, einkum meðan hún bjó í París. **Sýningar:** Tók þátt í haustsýningum Grand Palais í París. **Bækur:** *Iceland the land of freedom* (1962) og *Emeralda* (ævintýri, 1973, 1996). Gerði vatnslitamyndir í ljóðabókina *Öruglega ég* eftir Önnu S. Björnsson (1988). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit V-291.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR (1926-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. GEÐLÆKNIR. **Foreldrar:** Jónína Jónsdóttir (1900-1983) og Jón Júníusson (1885-1967), stýrimaður. **Systkin:** 1. Jón Atli (1924-1975). **M:** 1949, Páll Sigurðsson (1925-2020), bæklunarlæknir og ráðuneytisstjóri. **Börn þeirra:** 1. Jónína (1949), 2. Ingibjörg (1949), 3. Dögg (1956), 4. Sigurður Páll (1960), 5. Jón Rúnar (1960). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946. Lauk læknanámi 1955 og fékk lækningaleyfi 1958. Hóf sérnám í geðlækningum í Bristol á Englandi 1969-1970 og fékk íslenskt sérfræðileyfi í geðlækningum 1976, fyrst kvenna. **Störf:** Kenndi líffæra- og lífeðlisfræði við Hjúkrunarskóla Íslands 1958-1959 og 1965-1969. Var sérfræðingur í geðlækningum á Borgarspítala á árunum 1976-1996. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Geðlæknafélags Íslands og í Barnaverndarráði. Hélt fjölmarga fyrirlestra, einkum um sjálfsvíg bæði hér á landi og erlendis. Ritaði og ræddi í fjölmiðlum um geðheilsu og kristna trú. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-6-113.

GUÐRÚN ÓLAFÍA JÓNSDÓTTIR (1935-2016) fædd á Blönduósi, látin í Reykjavík. ARKITEKT. **Foreldrar:** Hulda Á. Stefánsdóttir (1897-1989), skólustjóri, og Jón S. Pálmason (1886-1976), bóndi á Þingeyrum. **Samfeðra systkin:** 1. Valgerður (1911-2008). **Fóstursystkin:** 2. Þórir Jónsson

(1922-2012). **M1:** Ómar Árnason (1936-2012), tryggingastærðfræðingur. **M2:** Knútur Jeppesen (1930-2011), arkitekt. **Börn þeirra:** 1. Hulda Sigríður Jeppesen (1958), 2. Anna Salka Knútsdóttir (1961), 3. Stefán Jón K. Jeppesen (1967). **M3:** Páll Líndal (1924-1992), borgarlögmaður og ráðuneytisstjóri. **Barn þeirra:** 4. Páll Jakob Líndal (1973). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Lauk prófi í arkitektúr frá Konunglegu akademíunni í Kaupmannahöfn 1963. **Störf:** Vann að hönnun fjölda bygginga. Starfaði á Teiknistofu prófessors Viggo Möller Jensen og Tyge Arnfred til 1966. Rak teiknistofuna Höfða ásamt Stefáni Jónssyni og Knúti Jeppesen til 1979. Rak TGJ (Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur) frá 1984 til dauðadags 2016. **Verk:** Teiknaði m.a. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, Vörðuna ráðhús Sandgerðisbæjar og Klausturstofuna við Þingeyrarkirkju. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Arkitektafélags Íslands 1969-1973 og sem formaður 1970-1972. Var formaður Torfusamtakanna 1972-1979. Sat í ráðgjafanefnd um menningarmál á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar 1972-1984, framkvæmdastjórn Listahátíðar 1974-1976, Skipulagsstjórn ríkisins 1985-1990, Náttúruverndarráði 1993-1996 og faghópi vegna Rammaáætlunar 1999-2003. Sinnti formennsku í stjórn Búmannahsf. 1998-2015. Var virkur félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur frá 1971. **Stjórnmalastörf:** Var varaborgarfulltrúi Nýs vettvangs 1990-1994 og Reykjavíkurlistans 1994-2002. Sat í Skipulagsnefnd Reykjavíkur 1990-1998, var formaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur 1994-2002 og formaður byggingarnefndar Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi. **Viðurkenningar:** Kjörin heiðursfélagi Arkitektafélags Íslands (2015). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit J-1-12.

GUÐRÚN ANNA KRISTINSDÓTTIR (1930-2015) fædd á Akureyri, látin á Akureyri. PÍANÓLEIKARI. **Foreldrar:** Lovísa Pálsdóttir (1907-2002) og Kristinn Þorsteinsson (1903-1987), deildarstjóri. **Systkin:** 1. Gunnlaugur Páll (1929-2006), 2. Margrét Halldóra (1942). **Nám:** Stundaði píanónám hjá Jórinni Norðmann frá 1940 og við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Árna Kristjánssyni í tvo vetur. Stundaði nám í fimm vetur við Det Kongelige Musikkonservatorium í Kaupmannahöfn og brautskráðist þaðan með diplómagráðu. Sótti einkatíma hjá Haraldi Sigurðssyni prófessor jafnhliða náminu. Var í einkatímum hjá prófessor Bruno Seidlhofer í Vínborg 1955-1957 og í undirleikaranámi í London 1962. **Störf:** Hélt tónleika víða um land og einnig víða í Danmörku. Lék tvisvar einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst 1958. Lék með Tívolíhljómsveitinni í Kaupmannahöfn 1960 og sama ár með Sinfóníuhljómsveit í Álaborg. Kenndi við tónlistarskóla í Reykjavík og Kópavogi og við Söngskólann í Reykjavík. Var píanóleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands um árabil og einnig hjá RÚV. Starfaði sem undirleikari með mörgum einsöngvurum, hljóðfæraleikurum, kammersveitum og kórum, bæði blönduðum og karlakórum, lengst af með Karlakór Reykjavíkur undir stjórn Páls P. Pálssonar. Var undirleikari Sigurðar Björnssonar óperusöngvara til fjölda ára og einnig Guðrúnar Á. Símonar óperusöngkonu. Flutti til Akureyrar 1987 og réðst til söngdeildar Tónlistarskólans á Akureyri. Var einnig undirleikari karlakóra þar um tíma. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit D-2-57.

GUÐRÚN LÁRUSDÓTTIR (1880-1938) fædd á Valþjófsstað í Fljótsdal, Norður-Múlasýslu, druknaði í Tungufljóti ásamt dætrum sínum Guðrúnu Valgerði og Sigrúnu Kristínu. BÆJARFULLTRÚJI, ÞINGMAÐUR og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Kristín Katrín Pétursdóttir Guðjónsen (1850-1940) og Sr. Lárus Halldórsson (1851-1908), frikirkjuprestur á Reyðarfirði og í Reykjavík. **Systkin:** 1. Sigríður (1877-1879), 2. Halldór (1878-1878), 3. Halldór (1881-1903), 4. Pétur (1882-1952), 5. Valgerður (1885-1924), 6. Gunnþórunn (1890-1891). **M:** 1902, sr.

Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason (1876-1969), stofnandi og forstjóri Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar. **Börn þeirra:** 1. Lárus (1903-1974), 2. Halldór Ástvaldur (1905-1983), 3. Kristín Guðrún (1906-1908), 4. Gísli Sigurbjörn (1907-1994), 5. Kristín Sigurbjörg (1909-1919), 6. Friðrik Baldur (1911-1988), 7. Guðrún Valgerður (1915-1938), 8. Sigrún Kristín (1920-1938), 9. Gústaf (1923-1925). **Nám:** Naut fræðslu að mestu í heimahúsum hjá foreldrum sínum. **Störf:** Var stjórnmaður, rithöfundur og þýðandi. Samdi skáldsögur og smásögur. Sinnti starfi fátækrafulltrúa í Reykjavík 1912-1923 og 1930-1938. **Stjórnmalastörf:** Var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1912-1918 fyrir kvennalista og sat í skólanefnd. Var landskjörinn alþingismaður 1930-1934 og alþingismaður Reykvíkinga fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1934-1938. Var önnur konan til að setjast á Alþingi Íslendinga. **Félagsstörf:** Sat í stjórn KFUK frá 1922, þar af formaður 1928-1938. Sat í stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar. Var formaður Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík frá 1926. Kom að stofnun Húsmæðrafélags Reykjavíkur og var fyrsti formaður þess 1935-1938. **Bækur:** M.a. *Ljós og skuggar I-III* (1903-1905), *Á heimleið: skáldsaga úr sveitinni* (1913), *Sigur: smásaga* (1917), *Brúðargjöfin* (1922) og *Þess bera menn sár* (1949). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit V-108.

GUÐRÚN SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR (1934-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÍSLENSKUFRAÐINGUR. **Foreldrar:** Kristjana Jónsdóttir (1900-1992), kennari, og Magnús Auðunsson (1893-1966), bóndi. **Systkin:** 1. Helgi (1946). **M:** Björn Jónsson (1932-2010), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Heiður Agnes (1962), 2. Magnús Jón (1966). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Nam íslensk fræði við Háskóla Íslands og lauk cand.mag.-prófi 1960. **Störf:** Starfaði á Örnefnastofnun Þjóðminjasafns á árunum 1972-2001. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-10-1.

[ELLA] **GUÐRÚN MÖLLER MAGNÚSSON** (1908-1999) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Garði, Gullbringusýslu. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Etna Möller Petersen (1887-1964), kennari, og Arne P. Möller (1875-1914), skrifstofustjóri. **Sammæðra systkin:** 1. Anne Kristine Petrea Hedvig Hansen (1918), 2. Hagvarth Sigurd Pedersen (1921). **M:** 1949, Kristján Magnússon (1904-1985), sjómaður frá Garðhúsum í Höfnum. **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi við Roskilde Amts Sygehus 1936 og framhaldsnámi í geðhjúkrun við St. Hans Hospital í desember sama ár. **Störf:** Starfaði við Frants Howits Födehem til 1927, St. Josephs Hospital í Kaupmannahöfn í eitt ár og St. Josephs Hospital í Óðinsvéum í hálf ár. Starfaði sem hjúkrunarfræðingur við St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði 1939-1949 og við handlækningadeild Landspítalans, Landakoti, til ársins 1977. **Jarðsett:** Keflavíkurkirkjugarði reit D-12-8-11.

GUÐRÚN NIELSEN (1923-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÍPRÓTTAKENNARI og FIMLEIKAPJÁLFAFARI. **Foreldrar:** Guðrún Ólafía Ólafsdóttir Nielsen (1895-1976) og Jörgen Carl Christian Nielsen (1890-1975), bakameistari. **Systkin:** 1. Soffía (1922-2003), 2. Valdemar (1925-2004), 3. Ólafur Werner (1928), 4. Helga Sigríður Erla (1937). **M:** Gunnar Guðröðarson (1920-2013), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Karl (1952), 2. Bergrún Helga (1959). **Nám:** Lauk íþróttakennaraprófi frá Íþróttakennarskóla Íslands á Laugarvatni 1945. Sótti námskeið í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. **Störf:** Var íþróttakennari við Laugarnesskóla í Reykjavík frá 1945 og einnig við Íþróttaskóla Jóns Þorsteinssonar og Samvinnuskólann. Kenndi leikfimi og dans hjá Glímufélaginu Ármanni. Kenndi við Laugalækjarskóla í Reykjavík 1961 og síðan

Fjölbrautaskólann við Ármúla. Kenndi öllum aldurstigum íþróttir, sund, dans og fimleika. Var fimleikaþjálfari hjá Glímufélaginu Ármanni og þjálfaði fyrst og fremst stúlknaflökka. Stýrði sýningarflokkum kvenna í fimleikum sem sýndu m.a. á Hálogalandi og Melavelli, í Þjóðleikhúsinu og við Arnarhól á 17. júní. Fór auk þess með fimleikaflokka í sýningarferðir til Noregs, Hollands, Finnlands og Danmerkur. Kynnti sér nýjar stefnur í íþróttum fyrir aldraða í Danmörku þegar starfslok sem kennari nálguðust og vann svo að stofnun Félags áhugamanna um íþróttir aldraða 1985, og var í fararbroddi í þeim málaflokki í aldarfjórðung. Söng með Senjorítukórnum síðustu 20 æviárin. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2002). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit J-18-12.

GUÐRÚN MARTEINSSON O'LEARY (1924-2011) fædd í Boston í Bandaríkjunum, flutti til Íslands 1935, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Ólafía Sigurfinna Hákonardóttir Marteinson (1894-1974) og Guðmundur Marteinson (1894-1979), rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. **Barn Guðrúnar:** Ólafía *Katrín* Guðmundsdóttir (1951). **M:** 1955, Joseph W. O'Leary (lést 1966). **Nám:** Útskrifaðist úr Hjúkrunarskóla Íslands 1952. Stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum 1952-1955, í Bretlandi 1967-1968 og 1974-1975 og við Nýja-hjúkrunarskólann 1977-1978. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarframkvæmdastjóri á Borgarspítalanum og hjúkrunarfræðingur á Landakoti. Var kennari við Hjúkrunarskóla Íslands, Nýja hjúkrunarskólann og námsbraut í hjúkrun við Háskóla Íslands. Sinnti starfi hjúkrunarforstjóra Landakotsspítala árin 1978-1990. Var frumkvöðull í uppbyggingu hjúkrunar og hjúkrunarkennslu á Íslandi. **Viðurkenning:** Var útnefnd heiðursfélagi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (2004). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-757.

GUÐRÚN MARGOT ÓLAFSDÓTTIR (1930-2020) fædd í Dengzhou í Henansýslu í Kína, látin í Reykjavík. **HÁSKÓLAKENNARI.** **Foreldrar:** Herborg Eldevik Ólafsson (1898-1992), kennari og kristniboði, og Ólafur Ólafsson (1895-1976), kristniboði. **Systkin:** 1. Jóhannes (1928-2021), 2. Hjördís (1931), 3. Rannveig (1933-2022), 4. Haraldur (1935-2019). **M:** Helgi Guðmundsson, prófessor við Háskóla Íslands (1933), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Egill Óskar (1959), 2. Halla (1963). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950. Lauk cand.mag.-prófi frá Háskólanum í Ósló í landafræði, sögu og ensku 1956. **Störf:** Var kennari við Kennaraskóla Íslands frá 1957 og við Kennaraháskólann og Háskóla Íslands 1974-2000. **Félagsstörf:** Tók þátt í starfi Kvennaframboðs í Reykjavík og Kvinnalista. Sat í ritstjórn tímaritsins *Veru* 1985-1987 og 1990-1994. Sat í stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit R-126.

GUÐRÚN PÁLÍNA PÁLSDÓTTIR (1909-2000) fædd á Ólafsfirði, látin í Reykjavík. **SÖNGKENNARI.** **Foreldrar:** Svanhildur Jörundsdóttir (1877-1964) og Páll Bergsson (1871-1949), kennari, útgerðarmaður, hreppstjóri og kaupmaður. **Systkin:** 1. Svavar (1898-1920), 2. Eva (1899-1941), 3. Hreinn (1901-1976), 4. Pálína (1902-1905), 5. Gestur (1904-1969), 6. Bjarni (1906-1967), 7. Gunnar (1911-1976), 8. Jörundur (1913-1993), 9. Margrét (1915-1960), 10. Bergur (1917-1991), 11. Svavar (1919-1978). **M:** 1934, Héðinn Valdimarsson (1892-1948), alþingismaður, framkvæmdastjóri OLÍS og formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. **Barn þeirra:** Bríet (1935-1996). **Nám:** Lauk kennaraprófi 1930. Stundaði söngnám hjá Sigurði Birkis í fjögur ár, kynnti sér söngkennslu í Kaupmannahöfn 1933 og í New York 1950. Sótti söngkennaranámskeið í Finnlandi og Svíþjóð 1951. **Störf:** Var kennari við Miðbæjarskólann í Reykjavík 1930-1936,

Melaskólann 1950-1966 og stundakennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1954-1957. Kenndi lítills háttar við Fóstruskólann og lðnskólann. Þau Héðinn keyptu býlið Höfða í Mývatnssveit 1930, reistu þar sumarhús og gróðursettu fjölda trjáplantna á hverju ári. Árið 1970 gaf Guðrún Skútustaðahreppi landið að undanskildum tveimur hekturum og er þar nú fjölsóttur ferðamannastaður. **Félagsstörf:** Sat í stjórn OLÍS 1948-1980. Var stofnandi og fyrsti formaður Söngkennarafélagsins og stofnaði einsöngvarfélagið Elísu. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

GUÐRÚN SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR (1878-1963) fædd í Engey, látin í Reykjavík. HÚSMÓÐIR og FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐUR. **Foreldrar:** Ragnhildur Ólafsdóttir (1854-1928) og Pétur Kristinsson (1852-1887), bóndi í Engey. **Alsystkin:** 1. Ragnhildur (1880-1961), 2. Ólafía (1881-1977), 3. Maren Ragnheiður Friðrika (1884-1974). **Sammæðra systkin:** 4. Kristín Bjarnadóttir (1894-1949). **M:** 1904, Benedikt Sveinsson (1877-1954), alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Sveinn (1905-1979), 2. Pétur (1906-1969), 3. Bjarni (1908-1970), 4. Kristjana (1910-1955), 5. Ragnhildur (1913-1933), 6. Guðrún (1919-1996), 7. Ólöf (1919-2008). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Hinu íslenska kvenfélagi 1894 og Kvenréttindafélagi Íslands 1907 og í fyrstu stjórn þess. Var formaður stjórnar Heimilisiðnaðarfélags Íslands árin 1927-1949 og formaður stjórnar Mæðrastyrksnefndar 1945-1959. Sat í stjórn Kvenfélagasambands Íslands frá stofnun 1930 og sem formaður 1947-1959. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1932) og Stórriddarakrossi (1955). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-3-33.

GUÐRÚN JARÞRÚÐUR BENEDIKTA RICHTER (1871-1955) fædd í Stykkishólmi, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA SAUMASTOFU og LISTAMAÐUR. **Foreldrar:** Soffía Emilía Thorsteinsson Richter (1851-1909) og Samúel Richter, verslunarmaður (1835-1910). **Systkin:** 1. Þorsteinn (1870-1895), 2. Kristín (1876-1960), 3. Hildur (1876-1876), 4. Samúel (1881-1900), 5. Reinhold (1886-1966). **M:** Guðjón Þorsteinsson (1870), þau skildu, hann fór til Vesturheims. **Fósturbörn:** 1. Kristinn Gunnar Benediktsson Bachmann (1901-1957), 2. Ingibjörg Sigríður Helgadóttir (1923). **Samstarfs-og sambýliskona:** í yfir 40 ár, Sigurbjörg Sigurðardóttir (1888-1973). Ingibjörg Sigríður var systurdóttir hennar. **Nám:** Lærði að leika á orgel og gítar. **Starf:** Rak eigin saumastofu um árabil ásamt Sigurbjörgu. Var meðal fyrstu listmálara á Íslandi og málaði t.d. umhverfismyndir frá Stykkishólmi. Var hagamælt og orti ljóð og stökur. Myndir og ljóð hennar hafa varðveist hjá fjölskyldunni. **Jarðsett:** Bjarnarhafnarkirkjugarði reit 34.

GUÐRÚN ÞRÚÐUR RÖGNVALDSDÓTTIR (1911-1984) fædd á Minni-Ökrum í Akrahreppi í Skagafirði, látin í Hafnarfirði. KAUPKONA. **Foreldrar:** Árný Sigríður Árnadóttir (1891-1964) og Rögnvaldur Jónsson (1884-1967), bóndi og vegaverkstjóri. **Systkin:** 1. Ingveldur Hólmsteina (1922-2009), 2. Árni Sigurjón (1915-1998). **M:** 1935, Ragnar Ólafur Jóhannesson (1911-1980), skattstjóri. **Börn þeirra:** 1. Hekla (1937), 2. Jóhanna Sigríður (1948). **Nám:** Lærði hattasum í Reykjavík. **Störf:** Stofnaði árið 1935 Verslun Guðrúnar Rögnvalds á Siglufirði og rak hana í tæp 49 ár. Verslaði fyrst með kvenhatta sem hún framleiddi sjálf en var síðar með alhliða kvenfataverslun. **Félagsstörf:** Var varaformaður kvennadeildar Slysavarnafélagsins Varnar á Siglufirði í 12 ár og formaður í 18 ár. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi kvennadeildar Varnar (1981). **Jarðsett:** Siglufjarðarkirkjugarði eldri reit 7-4-8.

GUÐRÚN ÁGÚSTA SÍMONAR (1924-1988) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÓPERUSÖNGKONA. **Foreldrar:** Steinþóra Ágústa Pálsdóttir (1895-1978) og Símon Johnsen Þórðarson (1888-1924), lögfræðingur. **Systkin:** 1. Sigríður (1920-1995), 2. Sverrir Jarl (1921-1941). **Barnsfaðir:** Garðar Forberg (1933). **Barn þeirra:** Ludvig Kári Forberg (1961). **Nám:** Nam söng og leiklist við Guildhall School of Music and Drama 1946-1949, var í The Opera School í Englandi 1949-1951 og sótti tíma hjá ítalska söngkennaranum Lorenzo Medea í Wigmore Hall. Lærði hjá Carmen Melis í Milánó 1953-1954. Gafst á Ítalíuárunum tækifæri til að syngja nokkur óperuhlutverk, m.a. hlutverk Mimi í *La Bohème*. **Störf:** Hélt fjölmarga tónleika sem óperusöngkona í mörgum löndum, svo sem í Danmörku, Noregi, Bretlandi, Sovétríkjunum, Bandaríkjunum, Kanada og á Íslandi. Söng í útvarp og sjónvarp og sígild lög og létt lög á hljómplötur. Söng aðalhlutverk í fjölda ópera, svo sem hlutverk Mimi í *La Bohème* á tólf sýningum í Þjóðleikhúsinu (1955), Tosca í samnefndri óperu, Santuzza í *Cavalleria rusticana*, Rósalindu í *Leðurblökunni*, Sertínu í *Ráðskonuríkinu* og Amor í *Orfeus og Evridís*. Kom fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveit ríkisútvarpsins. Fór í söngferðalög, m.a. í þriggja vikna söngferðalag um Sovétríkin í boði sovéska menntamálaráðuneytisins (1947) og í þriggja mánaða söngferðalag um Bandaríki Norður-Ameríku og Íslendingabyggðir í Kanada (1958). **Hljómplötur:** Íslenskir Tónar, Fálkinn og SG hljómplötur gáfu út fjölda platna með söng Guðrúnar, m.a. *Guðrún Á Símonar syngur* (1957), *Mánaskin* (1959), *Fjórtán sönglög eftir fjórtán íslensk tónskáld* (1972) og *Af rauðum vörum* (2003). **Æviminningar:** *Eins og ég er klædd*, skráð af Gunnari M. Magnúss (1973). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1981). Var heiðursborgari Winnipegborgar og sæmd skjaldarmerki borgarinnar. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-524.

GUÐRÚN HALLA MARGRÉT SNÆBJÖRNSDÓTTIR (1911-1994) fædd í Ólafsvík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFORSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðmunda Jónatansdóttir (1875-1942) og Snæbjörn Eyjólfsson (1880-1958), sjómaður. **Alsystkin:** 1. Eyjólfur (1906-1983), 2. Elín (1913-1993). **Sammæðra systkin:** 3. Hjálmfríður Eyjólfsdóttir (1898-1986). **Nám:** Stundaði nám við Lýðháskólann í Ollerup í Danmörku og útskrifaðist þaðan sem íþróttakennari 1936. Stundaði nám í hjúkrunarfræði við Frederiksberg Hospital frá 1937 og lauk þaðan prófi 1940. Stundaði framhaldsnám í geðveikra- og farsóttahjúkrun og við fæðingardeild Frederiksberg Hospital 1940-1941. Lærði blóðflokkun við Hartford sjúkrahúsið í Connecticut 1950-1951. **Störf:** Starfaði við einkahjúkrun hjá danska Rauða krossinum 1942-1945, aðallega við hjúkrun berklaveikra. Vann sem hjúkrunarkona á Vífilsstöðum 1945-1946. Starfað á Geylord Farm Sanatorium í Connecticut í Bandaríkjunum 1946-1949 og í New York 1949-1950. Starfaði á Hartford sjúkrahúsinu samhliða starfi sem hjúkrunarkona við blóðsöfnun hjá Rauða krossinum 1951-1953. Var hjúkrunarforstjóri Blóðbankans árin 1953-1981. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1976). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit J-2-114.

GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR STEPHENSEN (1914-2011) fædd í Hólabrekku í Reykjavík, látin í Reykjavík. UPPELDISFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Þorsteinsdóttir (1875-1943) og Ögmundur H. Stephensen (1874-1969), bóndi. **Systkin:** 1. Hans (1903-1959), 2. Þorsteinn (1904-1991), 3. Kristján (1906-1906), 4. Sigríður (1908-2007), 5. Stefán (1909-1989), 6. Einar (1916-2006). **M:** Jónas B. [Bergmann] Jónsson (1908-2005), fræðslustjóri. **Börn þeirra:** 1. Jón Torfi (1947), 2. Ögmundur (1948), 3. Ingibjörg (1950), 4. Björn (1954). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Lagði stund á félags- og uppeldisfræði í Stokkhólmi og sótti síðan

nám við Columbiaskóla í New York. **Störf:** Starfaði um tíma í prentsmiðjunni Dögun og síðar í Félagsprentsmiðjunni. Sinnti uppeldisstörfum, m.a. við New York Foundling Hospital, og á uppeldisstofnunum Sumargjafar í Reykjavík milli námsdvala erlendis. Starfaði hjá Gjaldeyrisnefnd og síðar hjá Viðskiptaráði til ársins 1947. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði, duftgarði reit C-6-389.

GUÐRÚN GUÐBJÖRG STEPHENSEN (1919-2003) fædd í Selkirk í Manitoba í Kanada, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Friðný Sigurborg Gunnlaugsdóttir (1884-1951) og Stefán Hansson Stephensen (1872-1941), trésmiður. **Alsystkin:** 1. Gunnlaugur Hans (1925-1980). **Sammæðra systkin:** 2. Pétur Jónsson (1904-1983). **Samfeðra systkin:** 3. Ásta Eygló (1910-2005). **M:** 1945, Páll S. Pálsson (1916-1983), lögmaður. **Börn þeirra:** 1. Stefán (1945), 2. Sesselja (1946), 3. Páll Arnór (1948), 4. Signý (1950), 5. Þórunn (1951), 6. Sigprúður (1954), 7. Anna Heiða (1956), 8. Ívar (1958). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1937 og stúdentsprófi utanskóla frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940. Stundaði nám í forskólakennslu við Teachers College, Columbia University í Bandaríkjunum 1940-1942. Tók síðar leiðsögu-mannapróf. **Störf:** Var kennari og fóstara á barnaheimilum Sumargjafar í Reykjavík 1938-1947. Var frá 1970 við stundakennslu í gagnfræðaskólum og síðan við enskukennslu í félagsstarfi aldraðra. Var fararstjóri í utanlandsferðum. Vann við gæslu á Þjóðminjasafni Íslands frá 1982 fram að starfslokum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit 1-6-82.

GUÐRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR STEPHENSEN (1931-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LEIKARI** og **KENNARI.** **Foreldrar:** Dóróthea G. Breiðfjörð Stephensen (1905-2001) og Þorsteinn Ö. Stephensen (1904-1991), leikari og leikstjóri. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1936-2001), 2. Stefán (1939), 3. Kristján Þorvaldur (1940), 4. Helga (1944). **M:** Hafsteinn Austmann Kristjánsson (1934), myndlistarmaður. **Börn þeirra:** 1. Dóra (1954-2019), 2. Kristín (1956). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950 og lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands. Lauk prófi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1954. Stundaði framhaldsnám í sérkennslufræðum við Árósa-háskóla 1967-1968. **Störf:** Kenndi við Laugarnesskóla í Reykjavík 1952-1955 og Miðbæjar-skólann 1956-1962. Starfaði við barnakennslu í Kársnesskóla í Kópavogi 1962-1974. Hélt fjölda námskeiða í leikrænni tjáningu fyrir kennara. Var leikari hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1955-1974. Meðal hlutverka hennar voru Marin í *Vanja frændi* (1964), Magdalena í *Húsi Vernörðu Alba* (1965), Mariska í *Það er kominn gestur* (1969) og Bessi Burgess í *Plógi og Stjörnum* (1971). Var fastráðin hjá Þjóðleikhúsinu frá 1974 og lék þar m.a. kerlinguna í *Gullna hliðinu* (1976), Soffíu frænku í *Kardimommubænum* (1974) og frú Arneus í *Íslandsklukkunni* (1984). Lék m.a. í kvikmyndunum *Morðsögu* (1977), *Kristnihaldi undir jökli* (1989), *Benjamín dúfu* (1995), *Dansinum* (1998) og *Regínu* (2001) og hlutverk í útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum. Leikstýrði hjá áhugaleikhópum víðsvegar um landið. **Félagsstörf:** Sat um árabíl í Þjóðleikhúsráði. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit E-10-371.

GUÐRÚN ODDSDÓTTIR SVEINBJÖRNSSON (1779-1838) fædd á Reynivöllum í Kjós, látin í Nesi við Seltjörn. **VÖKUKONA HÓLAVALLAGARÐS** (fyrsta gröf). **Foreldrar:** Kristín Hálfánardóttir (1748-1815) og sr. Oddur Þorvarðarson (1744-1804), prestur á Reynivöllum. **Systkin:** 1. Þorvarður (1770-1808), 2. Hálfán (1774-1808), 3. Gróa (1775-1834), 4. Karitas (1777-1851), 5. Kristín (1785-1834). **M1:** 1809, Stefán Ólafsson Stephensen (1767-1820), amtmaður á Hvanneyri, Andakílhreppi, Borgafjarðarsýslu og síðan á Hvítárvöllum. **Börn þeirra:** 1. Hans

(1809-1819), 2. Þorvarður (1812-1828), 3. Jónas (1814-1820). **M2:** 1822, Þórður Sveinbjörnsson (1786-1856), vefari, sýslumaður og háyfirdómari. **Börn þeirra:** 4. Stefán (1824-1827), 5. Jóhanna María (1825-1827). **Nám:** Var vinnukona í starfsnámi hjá Mörtu Maríu Hölter Stephensen á Hvanneyri frá 1793. **Störf:** Var húsfreyja á Hvanneyri og síðar framkvæmdastjóri stórbúsins á Hvítárvöllum frá 1809, húsfreyja í Hjálmholti, Hraungerðishreppi, Árnessýslu frá 1823 og í Nesi við Seltjörn á Seltjarnarnesi frá 1835. **Ljóðabók um Guðrúnu:** *Vökukonan í Hólavallagarði* eftir Guðrúnu Rannveigu Stefánsdóttur, höfundur viðprents Sólveig Ólafsdóttir (2019). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-405, þann 23. nóvember 1838, fyrst allra sem þar voru grafnir. Garðurinn var vígður sama dag.

GUÐRÚN SVEINSDÓTTIR (1928-2015) fædd á Reyni í Mýrdal, látin í Reykjavík.

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Þórný Jónsdóttir (1893-1976) og Sveinn Einarsson (1895-1974), bóndi og kennari. **Systkin:** 1. Jón (1927-2017), 2. Guðbjörg (1931), 3. Sigríður Einars (1932-2016). **M:** 1960, Hrólfur Ástvaldsson (1926-1982), viðskiptafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Æsa (1961), 2. Hildur Björg (1963). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugarvatni 1944-1945. Lauk hjúkrunarnámi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1954 og framhaldsnámi í heilsuvernd frá Statens Helsesøsterskolen í Ósló 1958. Lærði einnig svæðanudd. **Störf:** Var hjúkrunarfræðingur við Landspítalann 1954-1955, Stureby Vårdhem, Stokkhólmi 1955-1956, Lasarettet Vånersborg 1956-1957, Heilsuverndarstöð Reykjavík frá 1958 og síðar heilsuverndarhjúkrunarfræðingur við Breiðagerðis- og Réttarholtsskóla til starfsloka. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-6-113.

GUÐRÚN THORARENSEN (1923-2013) fædd á Breiðabólstað í Fljótshlíð Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. GJALDKERI. **Foreldrar:** Ingunn Eggertsdóttir (1896-1982) og Óskar Þorsteinsson Thorarensen (1884-1953), bóndi og hreppstjóri á Breiðabólstað en síðar forstjóri BSR (Bifreiðastöðvar Reykjavíkur). **Systkin:** 1. Eggert (1921-2008), 2. Þorsteinn (1927-2006), 3. Oddur (1932-2004), 4. Skúli (1932-1969), 5. Sólveig (1933-2020), 6. Ásta Guðrún (1937-2018). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1943. **Störf:** Starfaði hjá embætti borgarfégeta, síðar embætti sýslumanns í Reykjavík í um 50 ár eða á árunum 1943-1993. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-2-261.

GUÐRÚN TÓMASDÓTTIR (1925-2022) fædd á Hólum í Hjaltadal, látin í Reykjavík.

SÓPRANSÖNGKONA og SÖNGKENNARI. **Foreldrar:** Ástríður Guðmunda Magnúsdóttir (1904-1990) og Tómas Jóhannsson (1894-1929), kennari. **Systkin:** 1. Valdís Salvör Caltagerone (1928-2001). **M:** 1956, Frank Ponzi (1929-2008), listfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Tómas Atli (1959), 2. Margrét Jósefína (1961-2018). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1948. Sótti söngtíma hjá Guðmundi Jónssyni og Sigurði Birkis. Stundaði söngnám við Söngskóla dr. Mirkos Pugels í New York til ársins 1958. **Störf:** Hélt einsöngstónleika og kom fram á fjölmörgum tónleikum. Var söngkennari og raddþjálfari margra kóra og tengdist m.a. söngkennslu hjá Tónskóla þjóðkirkjunnar. **Hljómplötur:** Söng inn á hljómplötur, m.a. *Sönglög eftir Sigvalda og Selmu Kaldalóns* (1978, á geisladisk 2009), *Íslensk þjóðlög*, *Folk-songs of Iceland* (1978) og *Vor mitt, það er blæosp* (lög, ljóð og ljóðabýðingar eftir Þorstein Valdimarsson, o.fl. 2015). Söng einnig inn á safnplötur, s.s. *Í laufskjólí greina* (1997), *Íslenskar söngperlur* (1991) og *Óskastundin* (2005). **Æviminningar:** *Söngurinn og sveitin: Guðrún Tómasdóttir segir frá lífshlaupi sínu*, höfundur Bjarki Bjarnason (2017). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku

fálkaorðu (1996). Var útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar (2004). Kjörin heiðursfélagi í Félagi íslenskra tónlistarmanna (2001) og Félags íslenskra söngkennara (2006). **Jarðsett:** Mosfellskirkjugarði eldri reit B-6.

GUÐRÚN RAGNHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR URUP (1925-2012) fædd á Sauðárkróki, látin í Holte, Danmörku. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Guðríður *Stefanía* Arnórsdóttir (1889-1948) og Sigurður Sigurðsson (1887-1963), sýslumaður. **Systkin:** 1. Margrét Þórunn (1915-1994), 2. Sigurður (1916-1996), 3. Stefánía Guðríður (1918-1993), 4. Arnór (1919-1998), 5. Stefán (1920-1966), 6. Hrólfur (1922-2002), 7. Árni (1927-2020), 8. Snorri (1929-2009). **M:** 1947, Jens Christian Urup (1920-2010), listmálari og mósaíklustamaður. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1951), 2. Edda (1953), 3. Arne (1956), 4. Tora Stefania (1960). **Nám:** Stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann 1941-1943 og Kunstakademiet í Kaupmannahöfn 1945-1950. **Störf:** Kenndi teikningu í Reykjavík 1943-1945. Fékkst við listmálun. Vann ásamt Jens manni sínum m.a. að gerð glermósaíkgugga í Sauðárkróskirkju 1974 og 1985. **Sýningar:** Hélt einkasýningu í Galleríi Gangskör í Reykjavík (1987) og margar sýningar í gegnum tíðina í Kaupmannahöfn, m.a. í Jónshúsi. Hélt síðustu stóru sýninguna með um 30 af seinni verkum sínum í Birkerød Kunstforening á minningarsýningu um Jens Urup í tengslum við fráfall hans (2011). **Jarðsett:** Danmörku.

GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR (1897-1990) fædd á Strandseljum í Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Garðabæ. LJÓSMÓÐIR og SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Elín Hannibalsdóttir (1866-1953) og Valdimar Guðmundur Jónsson (1866-1922), bóndi og sjómaður. **Systkin:** 1. Jón Valdimar Guðmundur (1900-1988), 2. Hannibal Gísli (1903-1991), 3. Sigríður (1904-2001), 4. Finnbogi Rútur (1906-1989), 5. Arnór (1908-1927). **M:** 1922, Kjartan Helgason (1897-1924), sjómaður. **Barn þeirra:** 1. Valdimar Guðmundur (1923-1975). **Nám:** Lærði ljósmóðurfræði 1919-1920 í Reykjavík hjá Þórunni Björnsdóttur og Guðmundi Björnssyni, landlækni. **Störf:** Starfaði sem ljósmóðir í Auðkúluhreppsumdæmi í Arnarfirði 1920-1925 og í Bolungarvík 1925-1933. Var stöðvarstjóri Landsímans í Hveragerði 1933-1944. Setti á stofn fæðingarheimili fyrst í Barmahlíð og síðar að Skipholti 39 í Reykjavík og rak það árin 1946-1961. Starfaði við hjúkrun í Noregi 1961-1964 og við hjúkrun á Elliheimilinu Grund og Hrafnistu 1964-1974. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-831.

GUÐRÚN JÓHANNA VIGFÚSDÓTTIR (1921-2015) fædd á Grund í Þorvaldsdal, Árskógshreppi í Eyjafirði, látin í Kópavogi. VEFNAÐARKENNARI. **Foreldrar:** Elísabet Jóhannsdóttir (1891-1975) og Vigfús Kristjánsson (1889-1961). **Systkin:** 1. Hulda (1914-2007), 2. Georg (1915-2016), 3. Kristján Eldjárn (1917-2001), 4. Hannes (1919-2013), 5. Jón (1920-2016), 6. Jóhanna Gíslína (1925-2015), 7. Reynir (1926-1929), 8. Reynir (1929-1931). **M:** 1950, Gísli Sveinn Kristjánsson (1906-1978), íþróttakennari og forstjóri Sundhallarinnar á Ísafirði. **Barn þeirra:** 1. Eyrún Ísfold, talmeinafræðingur (1950). **Nám:** Nam við Unglingaskóla Svarfdæla á Dalvík, sótti námskeið í orgelleik og vélprjóni á Akureyri. Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði 1940-1941 og við nýstofnaða vefnaðarkennaradeild Húsmæðraskólans á Hallormsstað 1943-1945. **Störf:** Sinnti farkennslu í vefnaði í Eyjafjarðarsveit á vegum Kvenfélagasambandsins. Var vefnaðarkennari við Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirðir 1945-1988. Óf ásamt þremur öðrum konum áklæði á alla stóla og bekkir í nýbyggðu húsnæði skólans árið 1948, ófu sömuleiðis gluggatjöld fyrir alla glugga skólans, einnig púða myndir o.fl. Stofnaði Vefstofu Guðrúnar Vigfúsdóttur á

Ísafirði 1961 og rak hana samhliða kennslunni til ársins 1987. Flutti í Kópavog 1988 og setti þar upp vefstofu við heimili sitt og einbeitti sér að vefnaði messuhökla og tilheyrandi muna. Leiðbeindi samhliða því eldri borgurum í Kópavogi í vefnaði og myndvefnaði. **Viðurkenning:** Var útnefnd bæjarlistamaður í Kópavogi (1996). **Bók:** *Við vefstólinn: starfsvettvangur Guðrúnar J. Vigfúsdóttur í hálfra öld: lifandi vefnaðarlist í máli og myndum; Alþýðulist Litla-Árskógs bræðra, skírnarfontar og fleira*, ritstjóri Elísabet Þorgeirsdóttir (1998). **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-9-66.

GUÐRÚN KATRÍN ÞORBERGSDÓTTIR (1934-1998) fædd í Reykjavík, látin í Seattle í Bandaríkjunum. BÆJARFULLTRÚI, FRAMKVÆMDASTJÓRI og FORSETAFRÚ ÍSLANDS 1996-1998. **Foreldrar:** Guðrún Símonardóttir Bech (1904-1991) og Þorbergur Friðriksson (1899-1941), skipstjóri. **Systkin:** 1. Auður (1933-2023), 2. Þór (1936-2022), 3. Þorbergur (1939-2014). **M1:** Þórarinn Böðvar Ólafsson (1935-1998), læknir, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Erla (1955), 2. Þóra (1960). **M2:** Ólafur Ragnar Grímsson (1943), prófessor, alþingismaður og forseti Íslands 1996-2016. **Börn þeirra:** 3. Guðrún Tinna (1975), 4. Svanhildur Dalla (1975). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Las fornleifafræði við Gautaborgarháskóla 1971-1972 og þjóðfélagsfræði við Háskóla Íslands 1973-1975. **Störf:** Starfaði sem fulltrúi á Náttúrufræðistofnun Íslands 1946-1963. Var framkvæmdastjóri Póstmannafélags Íslands 1979-1988 og 1991-1996. Stofnaði og rak verslunina Garn gallerí við Skólavörðustíg í Reykjavík 1988-1991. Var um tíma dagskrárfulltrúi hjá Sjónvarpinu. Var framkvæmdastjóri verkefnisins Þjóðþrif. Var húsfreyja í forsetabústaðnum á Bessastöðum. **Stjórn mála- og félagsstörf:** Sat í bæjarstjórn Seltjarnarness fyrir Alþýðubandalagið 1978-1994, starfaði þar m.a. í fjárhagsnefnd, skipulagsnefnd og menningarnefnd. Sat í stjórn Minja og sögu, vinafélags Þjóðminjasafns Íslands. **Jarðsett:** Bessastaðakirkjugarði reit 79.

GUÐRÚN SIGRÍÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR (1911-1990) fædd á Seyðisfirði, látin í Reykjavík. MESSÓSÓPRAN-SÖNGKONA, KÓRSTJÓRI og SÖNGKENNARI. **Foreldrar:** Þóra Matthíasdóttir (1879-1970), kaupkona, og Þorsteinn Jósef Gunnar Skaptason (1873-1915), prentsmiðu- og ritstjóri. **Systkin:** 1. Hildur Ingibjörg (1913-1998), 2. Valgerður (1914-2002). **Nám:** Stundaði söng- og tónlistarnám í Berlín 1929-1932 og í Svíþjóð 1934-1936. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1940. **Störf:** Hélt fyrstu tónleika sína á Seyðisfirði 1932. Kenndi tónlist og söng á Akureyri 1940-1943 og síðan í Reykjavík við Austurbæjarskóla, Laugarnesskóla og síðast Hlíðaskóla og æfði þar barnakór sem söng opinberlega og einnig á hljómplötu. Stundaði einnig söngkennslu í einkatímum. Söng í óperum, m.a. *Cavaleria Rusticana* (1954), *Rigoletto* (1959) og *Sígaunabaráninum* (1960). Lék með Leikfélagi Reykjavíkur, m.a. hlutverk Ástu í *Skugga-Sveini* (1935). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-2-35.

GUÐRÚN JÓNA [Junna] ÞORSTEINSDÓTTIR (1922-2003) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI og SKÁLD. **Foreldrar:** Aðalbjörg Albertsdóttir (1884-1972), rak gistihús og matsölu á heimili sínu í Reykjavík í mörg ár eftir lát eiginmanns, og Þorsteinn Jón Sigurgeirsson (1880-1935), féhirðir. **Systkin:** 1. Garðar (1906-1979), 2. Stefán (1913-1997), 3. Guðlaug Oddný (1917-1950), 4. Sigrún (1926-2003). **M1:** Einar Guðjón B. Waage (1924-1976), hljóðfæraleikari, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Aðalbjörg *Elísabet* (1945), 2. Benedikta Guðrún (1947). **M2:** 1950, Gunnar Björgvin Guðmundsson (1925-2002), hafnarstjóri í Reykjavík. **Börn þeirra:** 3. Jón

Þorsteinn (1954), 4. María Sigríður (1956), 5. Guðmundur Óli (1961). **Kjörbarn þeirra:** 6. Hörður Gunnarsson (1967). **Nám:** Lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1943. Stundaði framhaldsnám í píanóleik við Juilliard School of Music og hjá Sascha Gorodnitzki í New York 1944-1945 og við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium og hjá Haraldi Sigurðssyni í Kaupmannahöfn 1949-1952. **Störf:** Starfaði við píanókennslu með hléum, m.a. við Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónlistarskólann í Keflavík og Tónlistarskóla Kópavogs. Samdi bæði lög og ljóð. **Ljóðabók:** *Þankar á flugi* (1988). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-320.

GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR (1950-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BORGARFULLTRÚI og ALPINGISMAÐUR. **Kjörforeldrar:** Jóhanna J. Guðjónsdóttir (1918-1986) og Ögmundur Jónsson (1918-1971), yfirverkstjóri hjá Vita- og hafnamálastofnun. **Fóstursystkin:** 1. Kristinn E. Guðmundsson (1934), 2. Sigríður Presker (1936-1993), 3. Jörgen Már Berndsen (1937). **Móðir Guðrúnar:** Hulda Valdimarsdóttir (1922-1981). **Sammæðra systkin:** 4. Ágúst Olsen (1943), 5. Valdimar Olsen (1948), 6. Hulda Margrét Waddell (1955-2011). **M1:** 1971, Valur Júlíusson (1945), þau skildu. **Barnsfaðir:** Rúnar Sveinbjörnsson (1950). **Barn þeirra:** 1. Ögmundur Viðar (1977). **M2:** 1991, í sambúð frá 1979, Gísli Arnór Víkingsson (1956-2022), hvalasérfræðingur. **Barn þeirra:** 2. Ingibjörg Helga (1992). **Nám:** Lauk BS-námi í félagsfræði og félagsráðgjöf frá Roskilde Universitetscenter 1983 og cand.comm.-prófi í hagnýtri fjölmiðlafræði frá sama skóla 1985. **Störf:** Starfaði m.a. á dagskrárdeild Ríkisútvarpsins, sem sviðsmaður í Þjóðleikhúsinu, uppeldisfulltrúi við sérdeild Hlíðaskóla og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Kjarvalshúsi. Var um tíma starfsmaður Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), verkefnisstjóri hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og félagsmálafulltrúi hjá Sjálfsbjörgu. Var yfirfélagsráðgjafi á kvennadeild Landspítalans 1988-1994 og stundakennari við læknadeild og félagsvísindadeild Háskóla Íslands um tíma. Starfaði sem sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu 2007-2010. Var þá ráðin á vegum dómsmálaráðuneytisins sem tengiliður ríkisins og einstaklinga sem sætt höfðu harðræði sem börn og unglingar á vistheimilum á vegum hins opinbera. **Stjórnmalastörf:** Var varaborgarfulltrúi Kvinnalistasins í borgarstjórn Reykjavíkur 1988-1992 og borgarfulltrúi 1992-1994. Var borgarfulltrúi Reykjavíkurlistasins 1994-1998. Var varaforseti borgarstjórnar og formaður félagsmálanefndar 1994-1998. Var þingmaður Samfylkingarinnar í Reykjavík 1999-2007 og átti m.a. sæti í allsherjarnefnd, félagsmálanefnd og heilbrigðis- og trygginganefnd. Beitti sér m.a. fyrir lagabreytingum á Alþingi vegna réttarbóta fyrir samkynhneigða. **Félagsstörf:** Var virk í Rauðsokkahreyfingunni og Kvinnalistanum. Vann með Sjálfsbjörgu. Sat í stjórn UNICEF á Íslandi 2011-2018, þar af sem stjórnarformaður 2016-2018. **Æviminningar:** *Guðrún Ögmundsdóttir: hjartað ræður för* eftir Höllu Gunnarsdóttur (2010). **Viðurkenningar:** Hlaut Heiðursmerki Samtakanna 78. Sæmd Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag í þágu mannúðar og jafnréttisbaráttu hinsegin fólks (2019). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-3-97.

GUNNFRÍÐUR JÓNSDÓTTIR (1889-1968) fædd að Sæunnarstöðum í Hallárdal í Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Halldóra Margrét Einarsdóttir (1865-1957) og Jón Jónsson (1859-1935), bóndi Kirkjubæ, Húnavatnssýslu. **Systkin:** 1. Jónína Ingibjörg (1891-1981), 2. Þóra Aðalbjörg (1895-1966), 3. Einara Andrea (1902-1986). **M:** 1924, Ásmundur Sveinsson (1893-1982), myndhöggvari, þau skildu. **Nám:** Sótti Kvinnaskólann á Blönduósi og lærði síðan fatasaum á Akureyri og í Reykjavík. Var við nám í höggmyndadeild Listaskólans í Kaupmannahöfn 1934. **Störf:** Vann fyrir sér með saumaskap fyrst í Reykjavík en

síðan í Kaupmannahöfn frá 1919. Var búsett í Stokkhólmi 1921-1926 og í París 1926-1929 þar sem Ásmundur var við nám, og vann þar fyrir þeim með saumaskap. Tók til við listsköpun sína nokkru eftir heimkomu til Íslands 1929 og mótaði lágmyndir, brjótmyndir og stærri skúlptúra. **Sýningar:** Hélt einkasýningar í Vinnustofu sinni að Freyjugötu 41 í Reykjavík (nú Ásmundarsalur). Tók þátt í samsýningum á Íslandi og erlendis, m.a. samsýningu með Grétu Björnsson í Listamannaskálanum (1944) og nokkrum samnorraenum sýningum. **Höggmyndir í almannarými:** M.a. *Dreymandi drengur* í Listasafni Íslands (1931), *Landsýn*, höggin í granít, stendur við Strandakirkju í Selvogi en ljóð á stalli styttunnar er eftir Gunnfríði, *Á heimleið* í Hljómskálagarðinum (1947) og *Síldastúlkurnar* í eigu Stokkhólmsborgar (1947). **Bók:** Gaf út bók með verkum sínum *Listaverk Gunnfríðar Jónsdóttur*, forspjall eftir Steingrím Davíðsson (1966). **Jarðsett:** Kirkjugarði Strandakirkju.

GUNNHILDUR SNORRADÓTTIR LORENSEN (1922-2011) fædd á Flateyri við Önundarfjörð, látin í Davis í Kaliforníu. **BÓKAVÖRÐUR** og **KENNARI**. **Foreldrar:** Guðrún Jóhannesdóttir (1885-1947) og Snorri Sigfússon (1884-1978), skólastjóri og námstjóri. **Systkin:** 1. Örn (1912-1985), 2. Haukur (1916-1958), 3. Jóhannes (1917-2006), 4. Anna Sigrún (1920-2009), 5. Snorri (1930-2012). **M:** 1950, dr. Lyman Lorensen (1923). **Börn þeirra:** 1. Anna Gudrun (1952), 2. Ingrid Marie (1953), 3. Gilda Jane (1956). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1942. Innritaðist í American University í Washington 1942 og lauk þaðan BA-prófi í uppeldisfræði 1946 og síðar MS-gráðu frá Cornell University í sömu grein. Lauk prófi í bókasafnsfræði frá University of California, Berkeley, 1969. **Störf:** Starfaði við gáfnapróf á vegum dr. Matthíasar Jónassonar sálfræðings og prófessors 1946-1947. Var bókavörður við Martinez Junior High School 1969-1979. Skipuð ræðismaður Íslands í San Francisco og Berkeley 1989 og gegndi því starfi til 1997. **Jarðsett:** Weeping Water í Nebraska.

GUNNHILDUR ÁGÚSTA THORSTEINSSON (1878-1948) fædd á Ísafirðir, látin í Kaupmannahöfn. **LJÓSMYNDARI**. **Foreldrar:** Amalia Florentine Villadsen Thorsteinsson, f. Löve (1832-1914) og Þorsteinn Thorsteinsson (1835-1888), bakari, kaupmaður og alþingismaður. **Systkin:** 1. Berta Ingibjörg (1865-1954), 2. Einar Hjálmar Friðrik (1867-1895), 3. Anna Emilie (1873-1958). **Nám:** Lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn. **Störf:** Fékk borgarabréf 1905 og stofnaði sama ár fyrirtækið Gunnhildur Thorsteinsson & Co., ásamt Helgu Thorsteinsson (þær voru ekki systur), að Hverfisgötu 4 (nú 34) í Reykjavík og var húsið byggt sérstaklega fyrir starfsemina. Auk ljósmyndastofu var þar verslun með ljósmyndavörur. Helga gekk út úr fyrirtækinu eftir tvö ár, en Gunnhildur rak þar áfram portrettljósmyndastofu. Ferðaðist samhliða um landið og tók myndir af þéttbýlisstöðum, gjarnan frá sjó úr strandferðaskipum. Leitaði auk þess uppi vinsæla ferðamannastaði um landið og gaf út póstkort með myndum af þeim sem virðast öll framleidd í Þýskalandi, m.a. prentuð í Greifswald. Rak fyrirtækið til ársins 1911. Vann eftir það m.a. við heildsölu á erlendum legsteinum. **Varðveittar ljósmyndir:** Þjóðminjasafnið geymir hluta af ljósmyndasafni hennar. Tók m.a. eftirtektarverðar ljósmyndir í miðbæ Reykjavíkur þegar haldið var upp á aldarafmæli Jóns Sigurðsson um allt land 17. Júní 1911. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit X-337.

GUNNLAUG FRÍÐRIKA BRIEM (1902-1970) fædd á Staðastað (Stað á Ölduhrygg), Snæfellssýslu, látin í Reykjavík. **FRAMKVÆMDASTJÓRI**. **Foreldrar:** Steinunn Pétursdóttir (1870-1962) og sr.

Kristján *Vilhjálmur* Briem (1869-1959), prestur og síðar framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs Íslands 1920-1956. **Systkin:** 1. Eggert Vilhjálmur (1895-1996), 2. Unnur (1905-1969). **M:** 1935, Bjarni Guðmundsson (1908-1975), blaðamaður og blaðafulltrúi. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1936-2018), 2. Hildur (1938), 3. Steinunn Vasulka, fiðluleikari og videólistamaður (1940). **Nám:** Lauk verslunar-skólaprófi 1919 og var við frönskunám í París 1931-1932. **Störf:** Starfaði um tíma hjá útgerðarfélaginu Defenson og síðar á Póstmálaskrifstofunni. Keypti árið 1933 Hattabúðina í Austurstræti 14, Reykjavík, af Önnu Ásmundsdóttur, og rak hana til ársins 1940. Var bókari Söfnunarsjóðs Íslands að aukastarfi frá ungaaldri, en kjörin framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðsins af Alþingi þegar faðir hennar baðst undan endurkjöri vegna aldurs 1956 og gegndi því starfi til æviloka 1970 (var þriðji framkvæmdastjórinn frá stofnun Söfnunarsjóðsins 1886). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-29-23.

GUNNVÖR BRAGA SIGURÐARDÓTTIR (1927-1992) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. DEILDARSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðný Jónsdóttir (1897-1973), hjúkrunarkona og sr. Sigurður Einarsson (1898-1967), prestur, alþingismaður og skáld í Holti undir Eyjafjöllum. **Alsystkin:** 1. Hjördís Braga (1926-1995), 2. Sigurður Örn (1930-1995). **Samfeðra systkin:** 3. Áslaug Kristín (1924-2009), 4. Steinn Hermann (1946-2008). **M1:** 1944, Sigbjörn Hilmar Jónsson (1923-1947), bifreiðstjóri. **Börn þeirra:** 1. Hildur Guðný (1944), 2. Arndís (1945), 3. Birna Sigríður (1947-1997). **M2:** 1952, Björn Óskar Einarsson (1924-1994), tæknifræðingur. **Börn þeirra:** 4. Gunnvör Braga (1951), 5. Einar Valgarð (1952), 6. Guðbjörg Halla (1953), 7. Kolbrún Þóra (1954), 8. Hjalti Þór (1956), 9. Halldóra Kristín (1957-1958), 10. Sigurður Benedikt (1959). **Nám:** Stundaði nám í Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran og lærði síðan erlendis að kenna börnum leikræna tjáningu. **Störf:** Var ráðin til Ríkisútvarpsins 1974 til að hafa umsjón með barna- og unglingaefni. Var deildarstjóri barna- og unglingadeildar Ríkisútvarpsins til starfsloka. **Félagsstörf:** Var fyrsti formaður stjórnar Lista- og menningarsjóðs Kópavogs og gegndi því starfi til fjölda ára. Sat í stjórn Leikfélags Kópavogs um árabil, lengst af sem formaður. Setti árið 1961 á svið leikritið *Línu langsokk* eftir Astrid Lindgren í eigin þýðingu og var það fyrsta sviðsetning verksins hérlendis. Sviðsetti einnig fleiri leikrit t.d. *Rauðhettu*. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-2-91.

GUNNÞÓRUNN INGIBJÖRG RAGNHEIÐUR HALLDÓRSDÓTTIR (1872-1959) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA og KAUPMAÐUR. **Foreldrar:** Helga Jónsdóttir (1841-1922) og Halldór Jónatansson (1842), söðlasmiður. **Sambýliskona:** Frá 1905, Guðrún P. Jónasson (1877-1958), kaupmaður og bæjarfulltrúi. **Fósturbörn þeirra:** 1. Sigmar Kristinsson (1909-1978), 2. Jón Brynjólfur Jónsson (1910-1976), 3. Ásta Guðrún Pjetursdóttir (1919-2006). **Störf:** Fékkst við leiklist, verslunarstörf og búskap. **Leiklist:** Kom fyrst fram sem leikkona 1885 í *Systkinin í Fremstadal* eftir Indriða Einarsson og *Við höfnina* eftir Einar Benediksson í Breiðfjörðsleikhúsi, Fjalarkettinum. Lék vel yfir 30 hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavík 1897-1905. Lék aftur með L.R. 1924-1947. Á árunum 1905-1924 lék Gunnþórunn einnig hjá Góðtemplarareglunni, ýmsum félögum og með *HF Reykjavíkur Annál* hvert skophlutverkið af öðru. **Verslunarstörf:** Fékk borgarabréf 1905 og setti upp vefnaðarvöruverslun ásamt Guðrúnu á Amtmannsstíg 5, Reykjavík, síðar að Laugavegi 12 og loks í Eimskipafélagshúsinu frá um 1921 (var þar allt til 1964 þegar verslunin hætti). Ráku einnig vefnaðarvöruverslun um árabil í Hafnarfirði og byggðu þar verslunarhús um 1930. Fengu árið 1907 borgarabréf til að reka sælgætisverslun sem var árum saman í Fjalarkettinum við Aðalstræti 8. Ráku útibú frá henni í Felli á Ísafirði 1916-1928.

Landbúnaður og stangveiði: Þær Guðrún keyptu jörðina Nesjar í Grafningi 1917. Ýmsir aðilar sátu jörðina framan af, en ráku þar búskap með Jóhannesi Sigmarssyni sem ráðsmanni 1933-1945. Þær byggðu sér sumarbústað við Nesjavík og Gunnþórunn hóf að veiða urriða í Þingvallavatni, líklega fyrsti Íslendingurinn sem veiddi á stöng í vatninu og fyrsta konan sem veiddi á stöng í landinu. Fluttu að Nesjum á vorin með börnum, ráðskonu og vinum og aftur í bæinn að hausti. **Félagsstörf:** Var ein af 19 stofnfélögum Leikfélags Reykjavíkur 1897. Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi Leikfélags Reykjavíkur (1938). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-20-2.

GÚSTA INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR (1934-1999) fædd í Reykjavík, látin í Montpellier í Frakklandi. **PRÓFESSOR** í tungumálum. **Foreldrar:** Hallfríður Þorkelsdóttir (1908-1993), kennari, og Sigurður Runólfsson (1908-1997), kennari. **Systkin:** 1. Þórólfur Sverrir (1939), 2. Kristján Hrafn (1945). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953 og BA-prófi í ensku og frönsku frá Háskóla Íslands 1955. Fór þá til Frakklands. Varði fyrri doktorsritgerð sína við frönskudeild Háskólans í Montpellier 1964 (fjallaði um franskt læknamál 1478-1555). Varði seinni doktorsritgerð sína (fjallaði um kristilegan orðaforða í fornorrænu máli) við germönsku-deild Háskólans í París 1975. **Störf:** Kenndi erlendum stúdentum frönsku við frönskudeild fyrir útlendinga í Háskólanum í Montpellier 1960-1973. Var lektor í þýsku við Háskólann í Montpellier frá 1963, forstöðumaður þýskudeildarinnar þar 1971-1985 og aftur frá 1988 til æviloka. Skipuð prófessor árið 1977 og kjörin varaforseti skólaárið 1981-1982. Tók þátt í störfum fjölmargra nefnda á sviði málvísinda og háskólanáms í Montpellier og víðar í Frakklandi, hélt fyrirlestra víða um lönd og skrifaði greinar í frönsk og erlend fræðirit um vísindastörf sín, m.a. stöðu kvenna í germönskum og norrænum bókmenntum á miðöldum. **Viðurkenning:** Hlaut frönsku menningarverðlaunin Midi Libre (1964). **Jarðsett:** Montpellier.

GYÐA JÓHANNSDÓTTIR (1944-2022) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **SKÓLASTJÓRI** og **DÓSENT**. **Foreldrar:** Sigríður Sæmundsson (1908-1998) og Jóhann Sæmundsson (1905-1955), læknir, prófessor og félagsmálaráðherra. **Systkin:** 1. Helga (1935-2006). **M1:** 1964, Helgi Hörður Jónsson (1943-2015), fréttamaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Jóhann Árni (1971), 2. Jón Ari (1973). **M2:** 1984, Haukur Arnar Viktorsson (1935), arkitekt. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1964. Lauk cand.phil.-prófi í uppeldisfræði frá Háskólanum í Uppsala í Svíþjóð 1973, BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1976 og meistaraþrófi í kennslufræðum frá Harvardháskóla í Bandaríkjunum 1982. Varði doktorsritgerð í uppeldis- og menntunarfræðum frá Danmarks Pædagogiske Universitet í Kaupmannahöfn 2002. **Störf:** Var aðstoðarmaður við rannsóknir á þroska barna á vegum aðila í Háskóla Íslands og Max Planck-vísindastofnunarinnar í menntarannsóknum í Berlín. Var skólastjóri Fósturskóla Íslands 1980-1981 og 1982-1997. Var lektor við Kennaraháskóla Íslands og síðar dósent við Háskóla Íslands til 2014. Ritaði fjölda fræðigreina. **Félagsstörf:** Var félagi í Alfadeild Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-1-15.

[GYÐRÍÐUR] **GYÐA SIGVALDADÓTTIR** (1918-2007) fædd á Brekkulæk í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. **FÓSTRA** og **FORSTÖÐUKONA**. **Foreldrar:** Hólfríður Þorvaldsdóttir (1877-1959) og Sigvaldi Björnsson (1873-1945), bóndi. **Systkin:** 1. Björn (1902-1993), 2. Þorvaldur (1903-1927), 3. Jóhann Frímánn (1905-1992), 4. Arinbjörn (1907-1907), 5.

Svanborg (1908-2007), 6. Sigríður (1912-1966), 7. Böðvar (1921-2007). **Barnsfaðir:** Ellert Guðmundsson (1930-2014), skipstjóri. **Barn þeirra:** 1. Björn (1949-1994). **M:** 1960, Kristján Guðmundsson (1918-2009), bílstjóri og ökukennari. **Barn þeirra:** 2. Hólmfríður (1963). **Fósturbarn þeirra:** 3. Þorbjörg Oddsdóttir (1951). **Nám:** Stundaði nám í Uppeldisskóla Sumargjafar 1948-1950. **Störf:** Starfaði á upptökuheimilinu Vesturborg við Kaplaskjólsvog í Reykjavík. Var leikskólakennari og leikskólastjóri hjá Barnavinafélaginu Sumargjöf 1950-1978 og síðan hjá Leikskólum Reykjavíkur til ársins 1988. **Félagsstörf:** Var fulltrúi í barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1962-1966. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1988). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit J-2-146.

GYÐA STEFÁNSDÓTTIR (1932-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SÉRKENNARI. **Foreldrar:** Margrét María Helgadóttir (1912-1996), iðnverkakona, og Stefán Runólfsson (1906-1986), iðnverkamaður. **Systkin:** 1. Jakobína Birna (1924-2016). **M1:** Sigurður Helgason (1931-1998), hæstaréttarlögmaður og bæjarfógeti á Seyðisfirði og sýslumaður í Norður-Múlasýslu. **Börn þeirra:** 1. Helgi (1952), 2. Júlía (1953), 3. Stefán (1956-2016), 4. Grétar Már (1959-2009), 5. Guðrún (1961), 6. Margrét María (1964). **M2:** Magnús R. Gíslason (1930-2016), tannlæknir og deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1951. Lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1981 og BA-prófi í sérkennslu-fræðum frá sama skóla 1990. **Störf:** Starfaði við almenn skrifstofustörf og fasteignasöla 1965-1975. Var kennari við Grunnskólann á Seyðisfirðir 1981-1990 og síðar sékennari við Iðnskólann í Reykjavík. **Kennsludiskur:** Gaf út ásamt Jóni Axel Egilssyni kennsludiskinn ESÓP sem auðveldar lesblindum að læra stærðfræði (2003). **Félagsstörf:** Var formaður Mæðrastyrksnefndar Kópavogs 1974-1976 og formaður Sunddeildar Breiðabliks 1974-1978. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2001). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-39-49.

GYÐRÍÐUR PÁLSDÓTTIR (1897-1994) fædd í Þykkvabæ syðra í Landbroti, Vestur-Skaftafells-sýslu, látin í Reykjavík. SAUMAKONA og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Margrét Elíasdóttir (1871-1922) og Páll Sigurðsson (1870-1939), bóndi í Þykkvabæ. **Systkin:** 1. Elías Gissur (1898-1977), 2. Sigríður (1899-1936), 3. Páll (1901-1991), 4. Guðrún Margrét (1904-1968), 5. Gissur (1909-1994), 6. Aðalheiður (1912-1984). **M:** 1918, Helgi Jónsson (1894-1949), bóndi í Seglbúðum í Landbroti. **Börn þeirra:** 1. Margrét (1922-2010), 2. Ólöf (1924-1990), 3. Ásdís (1929-2015), 4. Jón (1931-2019). **Nám:** Lærði fatasaum í Reykjavík 1913. **Störf:** Stjórnaði heimilishaldi í Seglbúðum. Saumaði föt fyrir fólk eftir beiðni. **Félagsstörf:** Gekk ung í UMF Ármann, Kirkjubæjarklaustri. Var stofnfélagi Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps og formaður í mörg ár. Var í hópi stofnfélaga Kirkjukórs Prestbakkakirkju og söng með kórnum. Var í forystusveit þeirra sem komu upp minningarkapellu um Jón Steingrímsson eldklerk á Kirkjubæjarklaustri. Tók virkan þátt í ritstjórn handskrifaðs blaðs, *Leiðólfs*. **Viðurkenning:** Kosið heiðursfélagi Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1983). **Jarðsett:** Prestbakkakirkjugarði reit 1035-132.

H

HALLA BERGS (1922-1994) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SENDIRÁÐUNAUTUR. **Foreldrar:** Elín Jónsdóttir Bergs, f. Thorstensen (1895-1982) og Helgi Helgason Bergs (1888-1957), forstjóri.

Systkin: 1. Guðbjörg (1919-2002), 2. Helgi (1920-2005), 3. Jón (1927-2020). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1942. Lauk BA-prófi í ensku, frönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands 1945. Stundaði nám í Oxford og við Háskólann í Caen í Frakklandi 1962. **Störf:** Starfaði í utanríkisþjónustunni nær allan sinn starfsferil. Var ritari í utanríkisráðuneytinu 1944, sendiráði Íslands í Stokkhólmi 1945-1948, við samninganefnd um viðskipti í Moskvu vorið 1947, í sendiráði Íslands í París 1948-1950, utanríkisráðuneytinu 1950, hjá sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna í París 1951-1952 og á allsherjarþingum Sameinuðu Þjóðanna í New-York 1952 og 1954. Var ritari Halldórs Laxness við afhendingu Nóbelsverðlaunanna 1955. Starfaði í forföllum í sendiráði Íslands í Ósló 1956. Var ritari í hnattferð Halldórs Laxness og Auðar konu hans í boði American Scandinavian Foundation, Kínverska menningarfélagsins við útlönd og ríkisstjórnar Indlands frá október 1957 til febrúar 1958. Var kennari í Reykjavík 1962-1963. Var í starfi sem ritari í utanríkisráðuneytinu frá 1963, starfaði í forföllum í sendiráðunum í París, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi 1964 og var ritari í sendiráði Íslands hjá Sameinuðu Þjóðunum í New-York 1965-1966. Var skipuð fulltrúi í utanríkisráðuneytinu 1966 og var sendiráðunautur í sendiráðinu í Stokkhólmi 1974, í London 1979-1983 og í utanríkisráðuneytinu 1983-1986. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1981). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-3-40.

HALLA [HALLFRÍÐUR] GUÐRÚN EYJÓLFSDÓTTIR (1866-1937) fædd í Múla við Gilsfjörð, Austur-Barðastrandarsýslu, látin í Reykjavík. **SKÁLD.** **Foreldrar:** Jóhanna Halldórsdóttir (1842-1883) og Eyjólfur Bjarnason (1837-1916), bóndi í Múla Gilsfirði, Geiradalshreppi. **Alsystkin:** 1. Bjarnasigrún (1864-1948), 2. Leó (1867-1940), 3. Stefán (1869-1944), 4. Trausti Sæmann (1870-1915), 5. Hallfreður (1872-1936), 6. Steinólfur (1875-1950), 7. Hreiðar (1880-1970), 8. Baldur (1882-1949). **Samfeðra systkin:** 9. Jórunn (1857-1931), 10. Guðmundur Geirdal (1884-1952). **M1:** Þórður Jónsson (1858-1914), útvegsbóndi á Kirkjubóli í Langadal og síðan á Laugabóli í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1891-1977), 2. Guðrún (1892-1946), 3. Jóhanna Fríða (1893-1971), 4. Gunnar (1894-1940), 5. Jakobína Þuríður (1895-1950), 6. Ólafur (1897-1975), 7. Guðborg (1900-1967), 8. Eggert Bjarni Eyjólfur (1901-1961), 9. Ingibjörg (1903-1977), 10. Gústaf Adólf (1905-1981), 11. Jón Leópold (1907-1977). **Fósturbarn:** 12. Jón Leópold Jóhannesson (1917-2011). **M2:** 1921, Gunnar Steinn Gunnarsson (1876-1959), kennari og útvegsbóndi. **Störf:** Fékkst við skáldskap samhliða bústörfum innan og utan dýra. **Bækur:** *Ljóðmæli*, tvö bindi (1919). *Kvæði*, tvö bindi (1940). Sigvaldi Kaldalóns tónskáld var heimilisvinur fjölskyldunnar á Laugabóli og samdi hann lög við tvö ljóða Höllu: *Svanurinn minn syngur* og *Ég lít í anda liðna tíð*. **Æviminningar:** *Svanurinn minn syngur: Ljóð og líf skáldkonunnar Höllu Eyjólfsdóttur*, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir tók saman og bjó til prentunar (2008). **Jarðsett:** Heimagrafreit á Laugabóli.

HALLA SIGURJÓNS (1937-2002) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. **TANNLÆKNIR** og **HÁSKÓLAKENNARI.** **Foreldrar:** Elín Þorláksdóttir (1904-1997), ljósmóðir, og Sigurður Jónsson (1894-1938), rafvirkjameistari. **Stjúpaðir:** Sigurður Grímsson (1888-1980), verkstjóri. **Uppeldissystkin:** 1. Olgeir Skúli Sverrisson (1950). **Samfeðra systkin:** 2. Sigurveig (1920-2008), 3. Gísli Þórir (1922-2009), 4. Jóhanna (1926-2007), 5. Jón (1930-2010), 6. Sigurður (1932-2011). **M:** 1959, Sigurgeir Kjartansson (1938), læknir. **Börn þeirra:** 1. Aðalsteinn (1962), 2. Elín (1967). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1958 og tannlæknaprófi frá

Háskóla Íslands 1964. Stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum við Memorial Hospital 1967-1968 og Indiana University School of Dentistry 1982-1984. Hlaut sérfræðileyfi í tannfyllingum og tannsjúkdómafræðum 1987. **Störf:** Starfaði sem aðstoðartannlæknir hjá Jónasi Thorarensen í Reykjavík 1964-1966 og 1972-1978. Gegndi kandidatestsstöðu í tannlækningum við Memorial Hospital í Worcester 1967-1968. Starfaði sem tannlæknir á eigin stofu í Reykjavík 1978-1982 og frá 1984 til dauðadags 2002. Var stundakennari við tannlæknadeild Háskóla Íslands 1976-1979, aðjúnkt 1979-1982, lektor 1984-1997 og dósent frá 1997 til æviloka. Stundaði rannsóknir í samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir og ritaði fjölda greina í vísinda- og fræðirit innlend sem erlend í sérgreinum sínum, sem voru tannfylling, efnisfræði og tannsjúkdómafræði. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Nordisk Odontologisk Forening (NOF) 1990-1996 og International Association of Dental Researchers (IADR) 1990-1996. Sat í stjórn vísindasjóðs TFÍ 1993-2001. Var kjörin félagi í Academy of Operative Dentistry og American Goldfoil Operators. Var í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-4-194.

HALLA ÞORBJÖRNSDÓTTIR (1929-2016) fædd í Reykjavík, látin í Garðabæ. BARNAGEÐLÆKNIR. **Foreldrar:** Charlotta Steinþórsdóttir (1908-1990) og Þorbjörn Þórðarson (1907-1976), málara-meistari. **Systkin:** 1. Steina Þóra (1931-1996), 2. Hilmar (1934-1999). **M:** 1961, Einar Oddsson (1931-2005), sýslumaður í Vík í Mýrdal. **Börn þeirra:** 1. Karl (1963), 2. Páll (1967). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1949 og cand.med.-prófi frá Háskóla Íslands 1961. Stundaði sérnám í barnalækningum á Frederiksborg Amts Centralsygehus í Hilleröd, Danmörku 1968-1970. **Störf:** Starfaði sem kandidateit á Landspítalanum og Slysavarðstofu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1961-1963. Var aðstoðarlæknir á barnadeild Landspítala 1966-1967, á lyflækningadeild Borgarspítala 1967-1968, barnadeild Landspítala 1970-1972, á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, barnadeild, 1973, á barnageðdeild Landspítala 1973-1975 og á Kleppsspítala 1975-1976. Sinnti starfi heilsugæslulæknis á Kirkjubæjarklaustri 1979. Var aðstoðarlæknir á barnageðdeild Landspítala 1980-1990 og sérfræðingur þar 1983-1990. Var staðgengill yfirlæknis á Barn- og ungdomspsykiatriska kliniken, Länssjukhuset í Borås í Svíþjóð 1990-1991. Starfaði sem sérfræðingur á barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans frá 1991 til starfsloka 1999. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-7-42.

HALLBERA ÞORSTEINSDÓTTIR / Systir Katrín (1244-1329). ABBADÍS Í REYNISTAÐARKLAUSTRI. **Foreldrar:** Ingigerður Filippusdóttir (1225) og Þorsteinn Halldórsson (1220-1273). **Alsystkin:** 1. Guðrún (1255). **Störf:** Gerðist nunna og var á Munkaþverá. Var árið 1297 kjörin abbadís í Reynistaðarklaustri sem tilheyrði Benediktsreglu og tók sér nafnið Katrín. Gissur Þorvaldsson hafði gefið Reynistað til stofnunar nunnuklausturs fyrir dauða sinn 1268 en það dróst að klaustrinu væri komið upp þar til 1297 að auðug kona, Hallbera Þorsteinsdóttir, gekk í málið með Jörundi Hólabiskupi. Klaustrin á Íslandi urðu sjálfseignarstofnanir og voru miðstöðvar menntunar og menningarlífs ásamt skólunum á biskupssetrunum í Skálholti og á Hólum.

HALLBJÖRG BJARNADÓTTIR (1915-1997) fædd á Brimnesvöllum við Ólafsvík, látin í Reykjavík. DJASSSÖNGKONA. **Foreldrar:** Geirprúður Kristjánsdóttir (1893-1942) og Bjarni Hallsteinsson (1891-1925). **Systkin:** 1. Kristbjörg (1915-1948), 2. Steinunn Lilja (1923-1994). **M:** 1940, Jens Fischer Nielsen (1917-2004), lyfjafræðingur. **Nám:** Fór til Kaupmannahafnar 1931 til að nema óperusöng en sneri sér fljótlega að djassi. **Störf:** Kom fram sem söngkona á skemmtunum, í

söngleikjum og á tónleikum og auk þess í útvarpi og sjónvarpi á Íslandi, öðrum Norðurlöndum, Englandi, í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Dvaldi á Íslandi 1939-1945, en flutti þá til Danmerkur. Árið 1959 fluttu þau hjónin til Bandaríkjanna og bjuggu þar til 1983 og kom Hallbjörg víða fram á tónleikum. Fluttu á ný til Íslands 1992. **Æviminningar:** *Hallbjörg: eftir sínu hjartans lagi*, höfundur Stefán Jökulsson (1989). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-3-134.

HALLDÓRA BJARNADÓTTIR (1873-1981) fædd á Ási í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu, látin á Blönduósi. **KENNARI** og **SKÓLASTJÓRI**. **Foreldrar:** Björg Jónsdóttir (1844-1924) og Bjarni Jónasson (1848-1930), bóndi (flutti til Vesturheims). **Nám:** Stundaði kennaranám í Noregi 1896-1899. **Störf:** Fékkst við farkennslu og heimiliskennslu 1890-1896. Var stundakennari við Barnaskólann í Reykjavík 1899-1900 og kenndi kristinfræði og landafræði við Kvennaskólann. Kenndi við skóla í Moss við Óslófjörð í Noregi 1900-1908. Var skólastjóri Barnaskóla Akureyrar 1908-1918. Kenndi handavinnu við Kennaraskóla Íslands 1922-1930. Stofnaði Tógvinnuskóla á Svalbarði, Svalbarðsströnd í Eyjafirði, 1946 og rak hann til ársins 1955. Stofnaði og rak ársritið *Hlín* 1917-1961 og 1967 eða alls 44 árganga. Gaf út bækur um vefnað o.fl. **Félags- og stjórnsmálástörf:** Var árið 1913 ein af stofnendum Heimilisiðnaðarfélagss Íslands. Stóð fyrir stofnun Sambands norðlenskra kvenna 1914. Sat í bæjarstjórn og skólanefnd á Akureyri 1921-1922. **Bækur:** *Kvæði og leikir* (1917, 1949), *Vefnaðarbók Sigrúnar Blöndal 1932-1935* (2.útg. 1948), *Barnabók Hlínar* (1951), *Vefnaðar- og útsaumsgerðir* (1945, 1954) og *Vefnaður á íslenskum heimilum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar* (1966). **Æviminningar:** *Halldóra Bjarnadóttir: Ævisaga*, Vilhjálmur S. Vilhjálmsson skrásetti (1960). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1931) og Stórriddarakrossi (1971). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit D-6-54.

HALLDÓRA BEINTEINSDÓTTIR BJÖRNSSON (1907-1968) fædd á Litla-Botni í Hvalfjarðarsveit, látin í Reykjavík. **SKÁLD** og **ÞÝÐANDI**. **Foreldrar:** Helga Pétursdóttir (1885-1971) og Beinteinn Einarsson (1873-1956). **Systkin:** 1. Pétur (1906-1942), 2. Einar (1910-1978), 3. Sigríður (1912-2008), 4. Björg (1914-2004), 5. Guðný (1915-1968), 6. Ingibjörg (1920-1988), 7. Sveinbjörn (1924-1993). **M:** 1937, Karl Leó Guðmundsson Björnsson (1908-1941). **Barn þeirra:** 1. Póra Elfa Karlsdóttir Björnsson (1939). **Nám:** Nam við Unglingaskólann á Hvítárbakka 1927-1929. **Störf:** Starfaði við pósthúsið í Borgarnesi 1930-1934, en síðan lengi við skjalavörslu í lestrarsal Alþingis. Orti ljóð og fékkst við þýðingar. **Bækur:** *Ljóð* (1949), *Eitt er það land* (1954), *Við Sanda* (1968), *Jörð í álögum* (1969), *Þættir úr byggðum Borgarfjarðar*, Jón Helgason, ritstjóri, bjó til prentunar, *Jarðljóð* (1969) og *Þyrill vakir* (1986). Var ritstjóri *Pennaslóða*, smásagnasafns eftir ellefu íslenskar konur. **Þýðingar:** *Trumban og lútan* (ljóð frá heimskaualöndum, Afríku og Kína, 1958) og *Bjólfskviða* (1983). **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, um tíma formaður. Var félagi í Rithöfundafélagi Íslands, sat í stjórn og var formaður um tíma. Starfaði með samtökum hernámsandstæðinga. Sat mörg ár í ritstjórn *19. júní* blaðs Kvenréttindafélags Íslands. **Jarðsett:** Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

HALLDÓRA EGGERTSDÓTTIR (1916-2000) fædd á Skúfi, Norðurárdal, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. **HÚSSTJÓRNARKENNARI** og **NÁMSTJÓRI**. **Foreldrar:** Ingibjörg Jóninna Jónsdóttir (1891-1981) og Eggert Ragnar Sölvason (1876-1963), bóndi. **Systkin:** 1. Hildigunnur Sigríður (1918-2015), 2. Gissur Þór (1921-2002). **Fóstursystkin:** 3. Rósa Pálsdóttir (1911-2002). **Nám:**

Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1939, kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1940 og hússtjórnarkennaraprófi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands 1944. **Störf:** Var kennari við Barnaskóla Siglufjarðar 1940-1942, skólustjóri Húsmæðraskóla Suðurlands á Laugarvatni 1944-1946 og 1947-1948 og stundakennari við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands 1968-1969 og 1974-1975. Starfaði sem námstjóri húsmæðrafræðslunnar 1948-1969 og sem fulltrúi í heimilisfræði á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur 1969-1986. **Félagsstörf:** Var formaður Húsmæðra-kennarafélags Íslands 1947-1953 og formaður kennarafélagsins Hússtjórnar 1953-1977. Sat í stjórn Landssambands framhaldsskólakennara 1955-1964 og í stjórn Neytendasamtakanna 1953-1968. Var ritari og varaformaður Bandalags kvenna í Reykjavík 1972-1980. Var í hópi stofnfélaga Alfadeildar Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum, 1975. Var meðal stofnfélaga í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur 1959, erlendur bréfaritari klúbbsins 1959-1966 og formaður 1966-1968. Var formaður útbreiðslunefndar klúbbsins 1970-1974 og síðan Soroptimistasambands Íslands 1976-1982 og vann að stofnun 12 klúbba Soroptimista á árunum 1973-1983. Var formaður bráðabirgðastjórnar Soroptimistasambands Íslands 1973-1974 og síðan forseti sambandsins 1974-1976. Var sendifulltrúi samtakanna á fjölmörgum sendifulltrúaþingum Evrópusambands Soroptimista. Gegndi stöðu annars varaforseta Evrópusambands Soroptimista 1977-1979. Annaðist útgáfu ýmiss konar fræðsluefnis fyrir samtökin. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1977). Útnefnd heiðursfélagi Soroptimistasambands Íslands (1983) og Hússtjórnarkennarafélags Íslands (1986). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-5-32.

HALLDÓRA VALGERÐUR [Dódó] EK, f. BRIEM (1913-1993) fædd á Hrafnagili í Eyjafirði, látin í Stokkhólmi. **ARKITEKT.** **Foreldrar:** Valgerður Lárusdóttir Briem (1885-1924), tónskáld og tónlistarkennari, og sr. Þorsteinn Briem Ólafsson (1885-1949), prestur á Akranesi. **Systkin:** 1. Kristín Valgerður (1911-1994), 2. Valgerður (1914-2002), 3. Guðrún Lára (1918-1996), 4. Ólöf Ingibjörg (1923-1923). **M:** 1941, Jan Ek (1917-1963), læknir í Svíþjóð. **Börn þeirra:** 1. Anders Gunnar, 2. Karin Valgerður, 3. Kristín Thorunn, 4. Thorunn Anna Birgitta, 5. Jan Thorstein. **Nám:** Varð stúdent frá stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík 1935. Stundaði nám í arkitektúr við Konunglega tækniskólann í Stokkhólmi og nam þar m.a. undir leiðsögn prófessors Gunnars Asplund, eins þekktasta arkitekts Svía. **Störf:** Starfaði í Svíþjóð, fyrst á Teiknistofu samvinnu-fyrirtækisins HSB (Hyresgästernas Sparkasse och Byggnadsförening) og síðar í rúman áratug við Svenska Riksbyggen. Vann samkeppni um fjölbýlishúshverfi sem reis í bænum Vesterås í kringum 1950. Hverfið var síðan verðlaunað að nýju 1985 þegar það var friðlýst sem frábært dæmi um húsagerðarlist síns tíma. Sérhæfði sig í litavali og varð sérfræðingur fyrirtækisins á því sviði. Varð deildarstjóri hjá CSB (Centrala Sjukvårdsberedningen) 1962 og hafði þar umsjón með ákveðnum hönnunarpáttum húsbygginga á þeirra vegum. **Félagsstörf:** Sinnti ættfræði og var fróð um menn og málefni á ýmsum tímum. Hafði áhuga á laga- og ljóðagerð og lék lög móður sinnar á flygil í eigin útsetningum. **Jarðsett:** Skógarkirkjugarðinum í Stokkhólmi sem lærifaðir hennar Gunnar Asplund hannaði.

HALLDÓRA KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR ELDJÁRN (1923-2008) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. **FORSETAFRÚ ÍSLANDS** 1968-1980. **Foreldrar:** Ólöf Sigríður Jónasdóttir (1890-1980), matráðskona, og Ingólfur Árnason (1892-1980), framkvæmdastjóri Norðurtangans á Ísafirði. **Systkin:** 1. Inga Sigríður (1925-2005), 2. Helga (1928-2015), 3. Árni (1929-2016). **M:** 1947,

Kristján Eldjárn (1916-1982), forseti Íslands 1968-1980, áður þjóðminjavörður. **Börn þeirra:** 1. Ólöf (1947-2016), 2. Þórarinn (1949), 3. Sigrún (1954), 4. Ingólfur Árni (1960). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi á Ísafirði 1939 og verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands 1942. Sótti tölvunám eftir að hún varð ekkja. **Störf:** Stundaði skrifstofustörf hjá Heildverslun Magnúsar Kjaran í Reykjavík um nokkurra ára skeið. Var húsfreyja í forsetabústaðnum á Bessastöðum. Starfaði við textainnslátt hjá Orðabók Háskóla Íslands 1983-1993. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit S-603.

HALLDÓRA GUÐBRANDSDÓTTIR (1573-1658). BÚSTÝRA Á HÓLUM Í HJALTADAL. **Foreldrar:** Halldóra Árnadóttir (1547-1585) og Guðbrandur Þorláksson (1542-1627), biskup á Hólum. **Alsystkin:** 1. Páll (1573-1621), 2. Kristín (1574-1652), 3. Björg (1585-1587), 4. Sigríður (1585-1585). **Samfeðra systkin:** 5. Steinunn (1571-1649). Halldóra var ógift og barnlaus. **Uppeldisbörn hennar:** 1. Þorlákur Skúlason (1587-1656), sonur Steinunnar hálsystur hennar, 2. Halldóra Aradóttir (1600-1652), dóttir Kristínar í Ögri systur hennar. **Störf:** Hafði staðarforráð á Hólum. Skrifaði danska kónginum bréf 29. ág. 1625 og biður þar um að fá öll staðarforráð á Hólum í veikindum föður síns. Var svarað ári síðar og fékk uppfylltar óskir sínar, sem er merkilegt á þessum tíma. **Halldórukirkja:** Lét í stjórnartíð sinni endurreisa kirkju á Hólum eftir að sú gamla fauk í aftakaveðri. Sendi fósturson sinn Þorlák Skúlason til Danmerkur til að ná í kirkjuviði í bygginguna og tók það tvö harðindaár. Halldórukirkja stóð í rúm 130 ár eða frá 1627 til 1763 og var útbrotakirkja, það er kirkja með hliðarskipum. Flutti á eignarjörð sína Ósland í Óslandshlíð, Hofshreppi Skagafirði, árið 1630 og lést þar.

HALLDÓRA ÓLÖF GUÐMUNDSDÓTTIR (1906-1998) fædd á Mosvöllum í Önundarfirði, látin í Reykjavík. NETAGERÐARMAÐUR. **Foreldrar:** Guðrún Jóna Guðmundsdóttir (1873-1959) og Guðmundur Bjarnason (1877-1964), bóndi á Mosvöllum. **Systkin:** 1. Ragnheiður (1902-1991), 2. Ingileif Þuríður (1905-1906), 3. Ingileif Steinunn (1907-2001), 4. Ólafur Eggert (1908-1993), 5. Guðný Margrét (1913-2010). **Barnsfaðir:** Jónmundur Gíslason (1907-1978), togaraskipstjóri. **Barn þeirra:** 1. Guðrún Jóna (1934). **Nám:** Var tvo vetur í Alþýðuskólanum á Núpi í Dýrafirði. Lærði netaviðgerðir í Reykjavík. **Störf:** Var í fiskvinnu á Ísafirði og í Reykjavík. Vann mörg sumur á síldarvertíð á Siglufirði. Flutti til Reykjavíkur og hóf störf við netagerð 1937. Var ráðskona hjá Torfa Hermannssyni (1884-1975), húsgagnasmið í Reykjavík. **Félagsstörf:** Var kosin varaformaður Ungmennafélagsins Bifrastar í Önundarfirði 1918, aðeins 12 ára gömul. Var kosin formaður nemendafélagsins á Núpi seinni vetur sinn þar. Gekk árið 1937 í hið nýstofnaða stéttarfélag netagerðamanna Nót og var á sama fundi kosin formaður félagsins. Hóf baráttu fyrir því að konur sem unnu við netagerð fengju sömu laun og karlar og náði því takmarki árið 1946. Konurnar í Nót voru fyrstu konur á landinu sem náðu launajafnrétti á við karla með kjarabaráttu. Gekk í Sameiningarflokk alþýðu, Sósíalistaflokkinn. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-12-141.

HALLDÓRA MARTEINSDÓTTIR / Systir María Jóhanna (1889-1944) fædd á Barðaströnd, látin í Reykjavík. NUNNA. **Foreldrar:** Ólavía Ástríður Þórðardóttir (1855-1899) og Marteinn Erlendsson (1856-1900), bóndi á Siglunesi, Barðaströnd. **Systkin:** 1. Þórður Valdimar (1879-1929), 2. Valgerður (1880-1881), 3. Guðmundur Erlendur (1881-1882), 4. Jóna (1883-1883), 5. Gísli (1884-1884), 6. Guðný (1886-1928), 7. Gísli (1887-1969), 8. Haraldur (1888-1968), 9. Friðgerður (1891-1969), 10. Erlendur Valgeir (1894-1980), 11. Ólafur Ástráður (1899-1934). **Nám og störf:**

Gekk ung í reglu St. Jósefssystra og gerðist nunna. Lærði hjúkrun í Kaupmannahöfn og starfaði síðan við hjúkrun á St. Jósefsspítala í Landakoti til æviloka. **Jarðsett:** Landakotskirkjugarði.

HALLDÓRA [ÓLAFSDÓTTIR] ÓLAFS (1861-1948) fædd á Seltjarnarnesi, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Karitas Runólfsdóttir (1841-1870) og Ólafur Guðmundsson (1832-1887), hreppstjóri í Mýrarhúsum Seltjarnarnesi. **Alsystkin:** 1. Þórunn (1863-1917), 2. Runólfur (1864-1936), 3. Guðmundur (1865-1938), 4. Guðríður (1867-1959), 5. Guðrún Diljá (1868-1924). **Samfeðra systkin:** 6. Karitas (1874-1950), 7. Helga (1875), 8. Rannveig (1876-1965), 9. Ingibjörg (1878-1958), 10. Björn Ólafs (1879-1953), 11. Ingunn (1881-1960). **Nám:** Dvaldi í Kaupmannahöfn í 10 ár, m.a. við nám í kjóla- og kápusaumi. **Störf:** Rak saumastofu í Kaupmannahöfn um tíma. Rak saumastofu og álnavöruverslun í Reykjavík eftir að hún kom heim. Fékk borgarabréf 1902. Stofnaði þá álnavöruverslun sem staðsett var á Laugavegi 11 í Reykjavík til ársins 1914. Keypti þá húsið að Bankastræti 12, nefndi Búðardal, og rak þar verslun sína til 1921 er hún missti heilsuna og varð að hætta verslun. Leigði þá verslunarhúsnæðið í Bankastræti Ragnheiði Bjarnadóttur sem rekið hafði verslun sína, Silkibúðina, í Bankastræti 14 frá 1914. **Félagsstörf:** Var ævifélagi í Skógræktarfélagi Íslands og Blindravinafélaginu. Var meðal stofnenda Landspítalaskóla og Hjúkrunarfélagssins Líknar. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir stuðning við mannúðarmál (1938). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit M-326.

HALLDÓRA SIGURJÓNSDÓTTIR (1905-1994) fædd á Sandi í Aðaldal, látin í Reykjavík. KENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1867-1928) og Sigurjón Friðjónsson (1867-1950), bóndi og alþingismaður. **Systkin:** 1. Arnór (1893-1980), 2. Unnur (1896-1993), 3. Áskell (1898-1997), 4. Dagur (1900-1978), 5. Fríður (1902-2003), 6. Sigurbjörg (1904-1998), 7. Ingunn (1906-1931), 8. Ásrún (1908-1984), 9. Bragi (1910-1995). **M:** 1933, Halldór Víglundsson (1911-1977), skildu 1942. **Börn þeirra:** 1. Halldór (1934-2019), 2. Svanhildur (1938), 3. Kristín (1939-2016). **Nám:** Var í Alþýðuskólanum á Laugum 1926-1927. Nam við Húsmæðraskólann Helsingegården í Svíþjóð 1927-1928 og tók húsmæðrakennarapróf í Rimforsa 1930. Fór í námsferð til Norðurlanda 1950. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskólann á Laugum frá 1930 og skólastjóri skólans á árunum 1946-1966. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-3-176.

HALLFRÍÐUR BRANDSDÓTTIR (1865-1950) fædd í Einholti á Mýrum, Austur-Skaftafellssýslu, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1835-1872) og Sr. Brandur Tómasson (1837-1891), prestur. **Systkin:** 1. Valdís Guðrún (1861-1950), 2. Guðný Jónína (1863-1863), 3. Víglundur Jón (1869-1907). **Samfeðra systkin:** 4. Guðrún (1874-1962), 5. Jón (1875-1959), 6. Jófríður Gróa (1878-1915), 7. Sigríður Guðný Benedikta (1881-1949), 8. Tómas Jón (1883-1966) (móðir þeirra var Valgerður Jónsdóttir systir Guðrúnar). **M:** Magnús Sigurðsson (1853-1926), bóndi á Fossi á Vestdalseyri. **Börn þeirra:** 1. Guðbrandur Sigurður (1887-1974), 2. Bjarni Þorgeir (1891-1933), 3. Guðbjörg Gróa (1897-1991), 4. Skúli Jón (1904-1963), 5. Valgeir (1912-1959). **Fósturbarn:** 6. Vilhelmína Sólgerður Jónsdóttir (1906-2003). **Nám:** Lærði ljósmóðurfræði hjá Fritz Zeuthen fjórðungslækni á Eskifirði. **Störf:** Skipuð ljósmóðir á Seyðisfirði 1889 og tók þar á mótum börnum allt til ársins 1939 eða í um 50 ár. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-5-7.

HALLVEIG FRÓÐADÓTTIR (850). LANDNÁMSKONA Í REYKJAVÍK 874. **M:** Ingólfur Arnarson (844), landnámsmaður í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Þórný (870), 2. Þorsteinn (890). Hallveig og Ingólfur námu land frá botni Hvalfjarðar að Ölfusá í Ölfusi. **Viðurkenningar:** Hennar er m.a. minnst í nafni Hallveigarstígs í Reykjavík og Kvennaheimilisins Hallveigarstaða við Túngöt 14 í Reykjavík sem byggt var árið 1967. Fyrsti díselvogari Bæjarútgerðar Reykjavíkur var nefndur Hallveig Fróðadóttir.

HANNA BJARNADÓTTIR (1928-1999) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. ÓPERUSÖNGKONA. **Foreldrar:** Sigríður Ósland Sigurjónsdóttir (1902-1973) og Bjarni Marteinn Jónsson (1905-2002), fangavörður. **Systkin:** 1. Frosti (1930-2015). **M:** 1949, Þórarinn Jónsson (1923-2008), múrara-meistari. **Barn þeirra:** 1. Sigríður (1950). **Nám:** Hóf sem barn nám í orgelleik og píanóleik við Tónlistarskóla Akureyrar. Lærði söng í nokkur ár hjá Guðrúnu Þorsteinsdóttur söngkonu og síðar hjá Sigurði Birkis í Reykjavík. Stundaði söngnám hjá Florence Lee Holtsman í Los Angeles í Bandaríkjunum og síðar hjá Ragnari Hultén tónlistarprófessor í Stokkhólmi. **Störf:** Starfaði sem söngkona og söngkennari. Söng einsöngshlutverk í óperum, óperettum og óratoríum. Söng lög íslenskra tónskálda í Ríkisútvarpinu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit V-342.

HEBA HELENA JÚLIUSDÓTTIR (1937-2019) fædd í Hrísey, Eyjafirði, látin í Reykjavík. LÖGGILTUR DÓMTÚLKUR OG SKJALAPÝÐANDI. **Foreldrar:** Sigríður Jörundsdóttir (1911-1989), kaup- og saumakona, og Júlíus Oddsson (1899-1946), kaup- og útgerðarmaður, hreppstjóri og póst- og símtöðvarstjóri í Hrísey. **Systkin:** 1. Jörgína Ragna (1933-1976), 2. Sigrún (1944). **M:** 1961, Þorkell Valdimarsson (1932-2014), verðbréfamiðlari, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Elín (1963), 2. Valdimar (1966). **Sambýlismaður:** Gísli Theódórsson (1930-2001), framkvæmdastjóri. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1957. Fékk Fulbright-styrk til námsdvalar við Miami University í Ohio, Bandaríkjunum. Lauk BA-prófi í bókmenntum og félagsvísindum í fjarnámi frá Syracuse University, NY í Bandaríkjunum 1985. **Störf:** Starfaði sem ritari við sendiráð Íslands í Washington til 1961. Sinnti kennslu í vélritun og ensku við Verslunarskóla Íslands. Varð löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi 1967 og starfaði við þýðingar og bréfaskriftir ýmist í fullu starfi eða samhliða öðrum störfum næstu áratugina. Var skrifstofustjóri Oddfellowreglunnar frá árinu 1999 til starfsloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-78.

HEIÐRÚN SOFFÍA STEINGRÍMSDÓTTIR (1924-2008) fædd í Myrkárdal í Hörgárdal, Eyjafjarðarsveit, látin á Akureyri. VERSLUNARMAÐUR og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Jóhanna Vilhjálmisdóttir (1891-1979) og Steingrímur Eggertsson (1901-1993), birgðavörður. **Systkin:** 1. Karl Hróðmar (1927-2010), 2. Cecilia (1929-2020). **Barnsfaðir:** Edvin Potter Sterling. **Barn þeirra:** 1. Edda Hanney (1944-2016). **M:** 1948, Þorsteinn Jónatansson (1925-2020), ritstjóri. Kjörfaðir Eddu. **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar 1940. **Störf:** Stundaði afgreiðslustörf í verslun, starfaði í Sláturhúsi KEA á haustin og við fiskflökun og síldarsöltun. Vann við rekstur Alpýðuhússins á Akureyri 1953-1963. Starfaði hjá Félagsmálastofnun Akureyrabæjar 1981-1982 og sem leiðbeinandi við handavinnu á Dvalarheimilinu Hlíð 1983-1984. **Félagsstörf:** Vann að stofnun Sjálfsbjargar félags fatlaðra á Akureyri 1958. Sat í stjórn Sjálfsbjargar 1958-1981, var formaður 1966-1981. Sat í sambandsstjórn Landssambands Sjálfsbjargar og var fulltrúi þess á Norðurlandapingum. Í formannstíð hennar stofnaði Sjálfsbjörg á Akureyri m.a. Plastiðjuna Bjarg, vinnustað fyrir fatlaða. Átti sæti í Endurhæfingarráði ríkisins

sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands 1970-1983. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1985). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit I-4-21.

HEIÐRÚN SVERRISDÓTTIR (1949-2010) fædd í Skógum í Hörgárdal, látin í Reykjavík. LEIKSKÓLAKENNARI og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Álfheiður Ármannsdóttir (1922-2012) og Sverrir Baldvinsson (1912-2004), bóndi. **Systkin:** 1. Anna Soffía (1943), 2. Sverrir Brynjar (1945), 3. Þóra (1946), 4. Sólrún (1955). **M:** 1969, Þorsteinn Berg (1949), vélfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Sverrir Ágúst (1969), 2. Þröstur (1980). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Blönduósi 1967-1968. Lauk prófi frá Fósturskóla Íslands 1977. Stundaði framhaldsnám í uppeldis- og fræðslustjórnun við Kennaraháskóla Íslands 1997-1998 og hlaut diplómagraðu árið 2000 sem veitti grunnskólakennararéttindi. **Störf:** Starfaði sem leikskólakennari og leikskólastjóri á Kópasteini í Kópavogi 1973-1986. Var forstöðumaður skóladagheimilisins Dalbrekku 1987-1989 og forstöðumaður sambýlis fatlaðra í Hrauntungu, Kópavogi, 1990-1994. Starfaði sem leikskólaráðgjafi í sérkennslu á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar frá 1994. **Stjórnmalastörf:** Var bæjarfulltrúi í Kópavogi 1982-1990 fyrir Alþýðubandalagið, forseti bæjarstjórnar 1987-1988 og formaður skólanefndar 1986-1990. Sat í stjórnnum Verkamannabústaða 1982-1986 og Sparisjóðs Kópavogs 1985 og 1999. **Félagsstörf:** Sat í kjaranefnd fóstura/leikskólakennara 1979-1982. Sat í stjórn Þróunarsjóðs Dagvistar barna 1996-2000. Var formaður faghóps Félags leikskólakennara 2005-2008. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-2-188.

HELENA BOJKOW CLAUSEN (1922-1999) fædd í Vindinge Sogn í Svendborg-amt í Danmörku, alin upp á klausturbarnaheimili í Hederslev á Jótlandi til 16 ára aldurs, látin í Kópavogi. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Leontina Torba (1898-1948) og Dimitri Bojkow (1893-1970), verkamaður. **M:** 1953, Hans Arreboe Clausen (1918-2009), málarameistari og leiðsögumaður. **Börn þeirra:** 1. Andri Örn (1954-2002), 2. Michael Valur (1958). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi við By- og Amt-Sygehuset, Fredericia 1948 og framhaldsnámi í hjúkrun á fæðingar- og kvensjúkdómadeild við Sankt Josephs Hospital í Kaupmannahöfn sama ár og geðhjúkrun 1949. **Störf:** Var hjúkrunarfræðingur við Blegdamshospitalet í Kaupmannahöfn 1949-1951. Starfaði á Landspítalanum sumarið 1951, Sólvangi í Hafnarfirði 1960-1967 og Borgarspítalanum frá 1968 og þar til hún lét af störfum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit M-110.

HELENA MARTHA OTTÓSDÓTTIR, f. HENCKEL (1923-2007) fædd í Pirna í Saxlandi, Austur-Þýskalandi, látin á Blönduósi. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Martha Anna Henckel (1898-1953) og Karl Otto Henckel (1887-1945), járnbrautarstarfsmaður. **Systkin:** 1. Hildegard Langwost, f. Henckel (1929). **M1:** 1947, Horst Werner Wilhelm Ludvig Hülsdunk, bifreiðastjóri, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Sólveig (1950). **M2:** 1956, Georg Rafn Hjartarson (1923-2001), múrari. **Börn þeirra:** 2. Ásta Hjördís (1957), 3. Georg Ottó (1962), 4. Sigurður Arinbjörn (1964). **Nám:** Lauk prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1959. Útskrifaðist frá Nýja hjúkrunarskólanum 1974. **Störf:** Var héraðsljós móðir á Skagaströnd og síðar á Blönduósi 1958-1972. Leysti af í rúmt ár við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Starfaði sem hjúkrunarfræðingur á Héraðshælinu á Blönduósi 1975-1985, heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði 1985-1986 og Hrafnistu í Reykjavík 1986-1990. **Jarðsett:** Spákonufellskirkjugarði reit A-0-HO.

HELGA KRISTÍN ÁGÚSTSDÓTTIR (1926-2020) fædd í Æðey í Ísafjarðardjúpi, látin á Akranesi. LOFTSKEYTAMAÐUR og SÍMRITARI. **Foreldrar:** Valgerður Kristjánsdóttir (1900-1963) og Sigurður Ágúst Elíasson (1895-1969), yfirfiskmatsmaður og kaupmaður. **Systkin:** 1. Rannveig Guðríður (1925-1996), 2. Guðrún (1929-2008), 3. Elías (1932-2013), 4. Steinunn *Olga* (1935), 5. Guðmundur (1939-2004), 6. Ásgerður (1941), 7. Auður (1944). **Barnsfaðir:** Alfreð. **Barn þeirra:** 1. Ágúst (1946-2020). **M:** Ágúst Stefánsson (1923-2012), loftskyeztamaður. **Barn þeirra:** 2. Sigríður (1957). **Nám:** Lærði til símrítara og loftskyeztamanns. **Störf:** Vann við sérgreinar sínar í nokkur ár. Starfaði á Ritsímanum og á Símaskránni þegar öll nöfn og heiti fyrirtækja voru skráð á strimla sem var því næst raðað saman handvirkt í stafrófsröð. Hafði ritarastörf hjá Jóni Leifs tónskáldi sem aukavinnu. Varð síðan skrifstofustjóri hjá STEFI, Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, og vann þar til starfsloka. **Jarðsett:** Öskudreifing.

HELGA JÓNA [Lilla Hegga] **ÁSBJARNARDÓTTIR** (1943-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SJÚKRALIÐI. **Foreldrar:** Jórunn Jónsdóttir (1920-2006), matráðskona, og Ásbjörn Ó. Jónsson (1901-1967), málarameistari. **Samfeðra systkin:** 1. Alma (1926-2016), 2. Bragi (1929), 3. Þorbjörg Helga Ask (1932-2002), 4. Gyða (1935), 5. Pétur (1940-1941). **M1:** 1964, Egill Gunnlaugsson (1936-2008), dýralæknir, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Þórbergur (1963), 2. Jórunn Anna (1965), 3. Gunnlaugur (1971). **M2:** Grétar Leví Jónsson (1936-2013), smiður. **Börn þeirra:** 4. Ragnheiður Jóna Leví (1975), 5. Ásbjörn Leví (1976). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1960. Útskrifaðist frá Sjúkráliðaskóla Íslands 1981. Stundaði sérnám í almennri geðheilsufræði 1988 og sótti fjölda námskeiða á sínu sviði. **Störf:** Starfaði sem sjúkráliði á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, Vífilstöðum, Hrafnistu í Hafnarfirði, endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítala, Kópavogi, geðdeild á Vífilstöðum og geðdeild 13 á Kleppi. Helga Jóna „Lilla Hegga“ var þekkt sögupersóna í bókinni *Sálmurinn um blómið* eftir Þórberg Þórðarson, sem kom út í tveimur bindum (1954-1955). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-4-88.

HELGA ÞRÚÐUR BACHMANN (1931-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKARI og LEIKSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Þórdís Jónsdóttir Bachmann (1890-1983), kjólameistari, og Hallgrímur Bachmann (1887-1969), ljósameistari. **Systkin:** 1. Jón G. (1924-2002), 2. Halla (1925-1994), 3. Helgi (1930-2014), 4. Hanna (1935-2011). **M:** 1954, Helgi Oddur Skúlason (1933-1996), leikari. **Börn þeirra:** 1. Þórdís (1949), 2. Hallgrímur Helgi (1957), 3. Skúli Þór (1965), 4. Helga Vala (1972). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Hallormsstaðarskóla 1948. Stundaði nám við Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar og Leiklistarskóla Gunnars R. Hansens. **Störf:** Hóf að leika hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1952 og var þar fastráðinn leikari 1962-1976. Var fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið 1976-2000. Lék fjölda hlutverka, m.a. Finnu í *Gauksklukkunni* (1957), Úu í *Kristinhaldi undir jökli* (1969), Siri von Esser-Strindberg í *Nótt ástmeyjanna* (1976) og Gertrude Stein í *Gertrude Stein Gertrude Stein* (1984). Starfaði sem leikstjóri og setti m.a. á svið leikgerð sína af *Reykjavíkur-sögum Ástu* í Kjallaraleikhúsinu, setti upp leikgerð þeirra Helga á *Njálssögu* í Rauðhólum og samdi nýtt stytthandrit að leikritinu *Marmara* eftir móðurbróður sinn Guðmund Kamban. **Kvikmyndir:** Lék í kvikmyndum, m.a. *Í skugga hrafnisins* og *Atómstöðunni*. **Félagsstörf:** Var fyrsti formaður Hlaðvarpans 1984-1987 (húsnæði að Vesturgötu 3 í Reykjavík fyrir konur og í eigu kvenna til menningar- og félagsstarfsemi og fyrir kvennafyrirtæki). Sat í stjórn Friðarsamtaka listamanna. **Viðurkenningar:** Hlaut íslensku leiklistarverðlaunin Silfurlampann (1968). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1986). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-38-8.

HELGA [Dimmalimm] **EGILSON** (1918-2001) fædd í New York, alin upp í Reykjavík, Genúa og Barcelona, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir Thorsteinsson (1890-1962) og Gunnar Egilson (1885-1927), erindreki. **Systkin:** 1. Elísabet Waage (1910-2000), 2. Ásthildur Gyða (1911-2005), 3. Þorsteinn (1913-1983), 4. Katrín Hrefna (1916-1917), 5. Katrín (1920-2014), 6. Þórunn (1926-2014), 7. Gunnar Ólafur Þór (1927-2011). **M:** 1940, Rögnvaldur Sigurjónsson (1918-2004), píanóleikari. **Börn þeirra:** 1. Þór (1944), 2. Geir (1949). **Nám:** Stundaði um hríð nám við Menntaskólann í Reykjavík. Sótti námskeið í teikningu. **Störf:** Starfaði hjá KRON (Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis), SÍS (Sambandi íslenskra samvinnufélaga) í New York, Versluninni Markaðnum í Reykjavík, Búnaðarbankanum, Íslenskri tónverkamiðstöð og víðar. Stofnaði árið 1962 ásamt systur sinni Þórunni og Sigrúnu Gunnlaugsdóttur Verslunina Dimmalimm með handverk og hönnunarvörur í Aðalstræti 9, Reykjavík, staðsett á Skólavörðustíg 4 árin 1963-1969. **Saga, ballett og leikrit um Dimmalimm:** Árið 1921 heimsótti listmálarinn Muggur Helgu og fjölskyldu hennar í Genúa á Ítalíu og færði Helgu ævintýrið um Dimmalimm, sem var gælunafn Helgu. Bókina skrifaði hann og myndskreytti á ferðalagi með flutningaskipum frá Íslandi til Ítalíu. Fyrsta útgáfa: *Sagan af Dimmalimm: ævintýri með myndum eftir Guðmund Thorsteinsson* (1942). Erik Bidsted, bellettmeistari Þjóðleikhússins samdi *Ballettinn Dimmalimm* sem frumsýndur var í Þjóðleikhúsinu (1954), en Karl O. Runólfsson gerði tónlistina. Leikritið *Sagan af Dimmalimm kóngsdóttur* eftir Helgu Egilson var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu (1970), tónlist eftir Atla Heimi. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-16-164.

HELGA WEISSHAPPEL FOSTER, f. WAAGE (1914-1996) fædd í Reykjavík, látin í Arnarholti. LISTAKONA. **Foreldrar:** Elísabet Guðrún Einarisdóttir (1897-1985) og Benedikt G. Waage (1889-1966), kaupmaður. **Alsystkin:** 1. Kristín Elísabet (1920-2004), 2. Einar B. Waage (1924-1976). **Samfeðra systkin:** 3. Sr. Ragnar Benediktsson (1914-1992). **M1:** 1935, Fritz Weisshappel (1908-1964), píanóleikari. **Börn þeirra:** 1. Elísabet Eugenie (1940), 2. Gunnar Benedikt (1942-2010), 3. Friðrik Örn (1945). **M2:** 1967, Carrol Baldwin Foster (1908-1989), forstjóri Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna. **Nám:** Var nemandi í myndlist hjá Oskar Kokoschka í Salzburg í þrjá mánuði 1961. **Störf:** Fékkst við myndlist. **Sýningar:** Hélt myndlistarsýningu á Mokka við Skólavörðustíg í Reykjavík (1961). Sýndi málverk og vatnslitamyndir í Bogasal Þjóðminjasafnsins (1962, 1965 og 1972), Galleríi Háhol á Akureyri (1977) og Hamragörðum í Reykjavík (1979 og 1981). Sýndi einnig í Palais Palfy í Vínarborg (1961), Listasal Halvorsens í Ósló (1962), Gallery frú Stuttmann í Washington (1964) og Gallery Pinx í Helsinki (1966). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-23-53.

HELGA HELGADÓTTIR (1926-2018) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Lára Tómasdóttir (1888-1980) og Helgi Ketilsson (1885-1968), íshússtjóri. **Systkin:** 1. Magnea (1907-1963), 2. María (1908-2004), 3. Helgi Einar *Haukur* (1911-1998), 4. Högni (1916-1990), 5. Lára (1924-1979). **M:** 1948, Rafn Gestsson (1923-1916), bankastarfsmaður. **Börn þeirra:** 1. Lára Sigríður (1946), 2. Theodóra Guðrún (1948), 3. Hlökkver Örn (1954), 4. Högni (1956). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi á Ísafirði 1943 og tannsmíðanámi hjá Alfred Baarregaard tannlækni 1945. Stundaði píanónám við Tónlistarskóla Ísafjarðar og sótti mörg tónlistarnámskeið í Reykjavík frá árinu 1965. **Störf:** Stundaði tannsmíðastörf á Ísafirði 1945-1948. Sinnti píanókennslu við Tónlistarskóla Ísafjarðar 1958-1965, við Tónlistarskóla Kópavogs 1965-1971 og við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árin 1970-1996. Var einnig með einkakennslu heima hjá sér fram á

tíræðisaldur. Spilaði á píanó í nokkrum danshljómsveitum á Ísafirði. **Félagsstörf:** Sat í skólaráði Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 1973-1996. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit J-830.

HELGA INGÓLFSDÓTTIR (1942-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SEMBALLEIKARI. **Foreldrar:** Agnes Marie Ingeborg Davíðsson, f. Christensen (1902-2000), kennari, og Ingólfur Davíðsson (1903-1998), grasafraeðingur. **Systkin:** 1. Agnar (1937-2013), 2. Edda (1939-2011). **M:** Þorkell Helgason (1942), stærðfræðingur. **Nám:** Lauk einleikarprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1963 og brottfararprófi í semballeik í Þýskalandi 1968. **Störf:** Var brautryðjandi á Íslandi í semballeik og túlkun barokktónlistar með upprunalegum hætti. Lék á fjölda tónleika. Starfaði sem kennari í hlutastarfi við Tónlistarskólann í Reykjavík í nær þrjú áratugi. Var einn af stofnfélögum Kammersveitar Reykjavíkur. Stóð ásamt Manuelu Wiesler fyrir fyrstu Skálholtstónleikum 1975 og leiddi hátíðina í 30 sumur þar til hún varð að hætta sakir veikinda 2004, en hélt þó áfram sem formaður stjórnar *Sumartónleikanna* í fjögur ár. Flijótlega var tekin sú ákvörðun að aðgangur að þessum tónlistarviðburðum skyldu ætíð vera ókeypis. Í tíð Helgu voru frumflutt nær 150 tónverk á hátíðinni eftir meira en 40 tónskáld, flest fyrir tilstilli hennar og mörg samin fyrir hana sérstaklega. **Bók:** *Helguleikur: saga Helgu Ingólfsdóttur og sumartónleika í Skálholtskirkju* eftir Kolbein Bjarnason (2018), fylgigögn voru sex diskar með semballeik Helgu. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2001). Hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna (2004). Síðasti geisladiskur hennar *Frá Strönd til fjarlæggra stranda* var kjörinn klassíska plata ársins 2005. Var útnefnd „heiðurssveitungi“ á Álftanesi þar sem hún bjó lengst af ævinnar (2007). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit C-3-149.

HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR (1893-1984) fædd á Bakkaseli í Fnjóskadal, látin í Kópavogi. KENNARI. **Foreldrar:** Kristjana Steinunn Árnadóttir (1858-1898) og Kristján Ingjaldsson (1837-1908), bóndi. **Alsystkin:** 1. Leifur (1888-1956), 2. Karl (1891-1929), 3. Indíana *Guðrún* (1895-1924), 4. Herdís (1896-1971). **Samfeðra systkin:** 5. Ingólfur (1865-1963), 6. Kristján (1869-1953), 7. Stefán (1871-1928). **Fóstursystkin:** 8. Margrét Magnúsdóttir (1884-1962). **M:** 1920, Arnór Sigurjónsson (1893-1980), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Steinunn Berglund (1923-2007), 2. Erlingur (1924-2006), 3. Sighvatur (1926-2016), 4. Solveig (1928), 5. Ingunn (1930-1961), 6. Arnþrúður (1932). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1917. Var við nám í vefnaði og matreiðslu í Danmörku 1919-1920. Fór einnig í námsferðir til Svíþjóðar og Englands. **Störf:** Var kennari á Akureyri, í Fnjóskadal og við unglingskólann á Breiðumýri í Reykjadal. Starfaði sem kennari við Alþýðuskólann á Laugum 1924-1933. **Félagsstörf:** Sat í rekstrarstjórn Íslensks heimilisíðnaðar 1951-1972. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1978). **Jarðsett:** Haukadalskirkjugarði í Biskupstungum reit 13.

HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR LARSEN / Helga á Engi (1901-1989) fædd í Vola í Flóa, látin í Reykjavík. BÓNDI að Engi við Vesturlandsveg. **Foreldrar:** Ólafía Ólafsdóttir (1863-1943) og Þórður Magnússon (1861-1920), bóndi í Auðsholti í Biskupstungum. **Systkin:** 1. Ingvar Ólafur (1890-1890), 2. Magnús (1891-Noregi), 3. Sigurður Kristinn (1893-1977), 4. Valgerður (1895-Noregi), 5. María Amalía (1898-1992), 6. Þóra (1899-1991). **M:** 1928, Axel Larsen (1879-1937). **Börn þeirra:** 1. Zoe Fanney Sólveig (1929-1943), 2. Ketill Ágúst Kierulff (1924-2018), 3. Ingibjörg Guðrún Sólveig (1937). **Störf:** Vann verkamannavinnu og stundaði búskap. Fór árið 1920 til Reykjavíkur fótgangandi á heimagerðum kúskinnsskóm og með tvær krónur í vasanum. Vann um tíma í

fiskvinnu. Fór þaðan upp í Borgarfjörð og vann allt sem að höndum bar, fór m.a. í pósthverðir fyrir prestinn á Hesti sem hafði tekið að sér pósthverðir um Lundaarreykjadal og Skorradal. Bjó um tíma að Hjalla í Sogamári. Flutti að Engi 1952 og bjó þar alla tíð síðan. **Æviminningar:** *Út úr myrkrinu: ævisaga Helgu á Engi*, Gísli Sigurðsson skrásetti (1963). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit A-239.

HELGA MAGNÚSDÓTTIR (1623-1677) fædd á Munkaþverá, látin í Bræðratungu. HÚSFREYJA Í BRÆDRATUNGU og SÖGUPERSÓNA. **Foreldrar:** Guðrún Gísladóttir (1588-1671) og Magnús Björnsson (1595-1662), lögmaður á Munkaþverá og sýslumaður í Vaðlaþingi frá 1639. **Systkin:** 1. Gísli (1621-1696), 2. Jórunn (1622-1704), 3. Björn (1623-1697), 4. Sólveig (1627-1710). **M:** 1639, Hákon Gíslason (1614-1652), sýslumaður í Rangárþingi og bóndi. **Börn þeirra:** 1. Elín (1644-1717), 2. Hákon (1645-1670), 3. Sigríður (1648-1733), 4. Vigfús (1650-1670), 5. Jarprúður (1650-1686). **Störf:** Var húsfreyja í Bræðratungu. Er persóna í skáldsögunni *Skálholti* eftir Guðmund Kamban. Engir afkomendur eru frá Helgu eftir að barnabörn hennar létust í stórubólu árið 1707.

HELGA JÓNÍNA MAGNÚSDÓTTIR (1906-1999) fædd að Vesturhópshólum í Þverárhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, látin í Mosfellssveit. ODDVITI og SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Marsibil Sigurrós Jónsdóttir (1871-1907) og Þorlákur Magnús Þorláksson (1875-1942), bóndi á Blikastöðum, Mosfellssveit. **Systkin:** 1. Sigurbjörg Magnea (1905-1979). **Stjúpmóðir:** Kristín Ingunn Jósafatsdóttir (1875-1960). **Fóstursystkin:** 2. Þorlákur Magnús Grétar Jóhannesson (1921-1987). **M:** 1939, Sigursteinn Pálsson (1905-2010), kúabóndi á Blikastöðum. **Börn þeirra:** 1. Magnús (1944), 2. Kristín (1945). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1924. Stundaði verslunarnám við Köbmandsskolen í Kaupmannahöfn 1930-1931. **Störf:** Var skrifstofumaður hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, Mjólkursamlagi Kjalarnesþings og Mjólkurstöðinni í Reykjavík 1931-1941. Var húsfreyja á Blikastöðum í Mosfellssveit frá árinu 1942. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Ungmennafélagsins Aftureldingar í Mosfellssveit um tíma. Var formaður Kvenfélagsambands Gullbringu- og Kjósarsýslu 1948-1966 og formaður Kvenfélags Lágafellssóknar 1951-1964. Sat í varastjórn Kvenfélagasambands Íslands 1953, síðan í aðalstjórn þess og formaður 1963-1971. Sat í stjórn Húsmæðrakennarskóla Íslands í nokkur ár. **Stjórnmalastörf:** Kosin í hreppsnefnd Mosfellshrepps 1954 og endurkosin 1958. Var oddviti 1958-1962, síðasti oddviti hreppsins. Kosin í Landsdóm af Alþingi 1969 til sex ára og endurkosin næsta tímabil. **Viðurkenningar:** Sæmd gullmerki Húsmæðrafélagasambands Svíþjóðar. Var heiðursfélagi Kvenfélags Lágafellssóknar og Kvenfélagasambands Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1970) og Stórriddarakrossi (1976). Árið 2008 samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar að afmælisdagur Helgu 18. september yrði árlegur jafnréttisdagur í bæjarfélaginu. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit C-96.

HELGA RÓSA MARTEINSDÓTTIR (1893-1979) fædd á Burstarbrekku, Ólafsfirði, látin í Reykjavík. VEITINGAKONA. **Foreldrar:** Elín Sesselja Jóhannesdóttir (1853-1919) og Marteinn Sigurðsson (1847-1931), bóndi á Burstarbrekku. **Systkin:** 1. Sigurbjörg Kristín (1876-1965), 2. Gunnlaugur Anton (1879-1917), 3. Sigríður Ingibjörg (1881-1969), 4. Tryggvi (1889-1969), 5. Dýrleif (1897-1929). **M:** Guðmundur Sigurðsson (1885-1946), bóndi. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1914-1995), 2. Gunnlaugur (1917-1942), 3. Elín Sesselja (1920-1982), 4. Njáll (1922-1973). **Fósturbarn:** 5. María Anna Magnúsdóttir (1909-1999). **Störf:** Starfaði sem ráðskona á Kleppjárnsreykjum um tíma.

Vann árin 1932-1933 við mótuneyti safnaðanna (Dómkirkju- og Fríkirkjusafnaða) sem rekið var í Franska spítalanum í Reykjavík. Rak skemmtistað fyrir sjálfstæðismenn á Eiði í Reykjavík. Fékk veitingaleyfi 1934 og setti upp matsölu á Laugavegi 45, Reykjavík, og seldi þar mat og kaffi. Keypti Hótel Norðurland 1944 og rak til 1946. Rak veitingastofuna Bjarg á Laugavegi 166 í Reykjavík 1948-1949. Tók á leigu Vetrargarðinn í Tívolí 1952 og rak þar veitingastarfsemi og dansstað um tíma. Keypti dansstaðinn Röðul 1959 og rak hann til ársloka 1976. Frá árinu 1962 var þar boðið upp á „Kalt borð fyrir ball“ klukkan 17.00-19.00 hvert kvöld og var vinsælasti rétturinn „Röðuls special“ sem var stór brauðsneið með humri, rækjum, skinku og salati. Helga stýrði Röðli á peysufötum, mætti á hverjum degi til vinnu um klukkan 15.00 og fór alltaf síðust og var þá búin að gera upp við starfsfólk og listamenn sem tróðu upp, ásamt því að panta það sem þurfti. **Félagsstörf:** Gekkst fyrir stofnun Hvatar félags sjálfstæðiskvonna, starfaði í Mæðrastyrksnefnd, var í nokkur ár formaður Húsmæðrafélags Reykjavíkur og starfaði í Kvenréttindafélaginu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði C-33-17.

HELGA MARÍN NÍELSDÓTTIR (1903-1986) fædd á Halldórsstöðum í Saurbæjarhreppi, Eyjafirði, látin í Reykjavík. **LJÓSMÓÐIR.** **Foreldrar:** Sigurlína Rósa Sigtryggsdóttir (1876-1956) og Níels Sigurðsson (1874-1950), bóndi á Æsustöðum. **Systkin:** 1. Jónína Hólmfríður (1897-1931), 2. Valdimar (1899-1900), 3. Valdimar (1902-1902), 4. Steingrímur (1912-2001), 5. Jónheiður (1916-2002). **Barnsfaðir 1:** Kristinn Jóhann Helgason (1896-1935). **Barn þeirra:** 1. Hulda Auður (1932-2000). **Barnsfaðir 2:** Edleston „Eddy“ Rothwells (1894-1945), höfuðsmaður. **Barn þeirra:** 2. Edda Rósa Marin Níels (1942-2014). **M:** Pálmi Jósefsson (1898-1989), skólastjóri, þau skildu. **Nám:** Lærði fatasaum á Akureyri 1918, flutti til Reykjavíkur og gekk í skóla Ásgríms Magnússonar við Bergstaðastræti. Tók ljósmóðurpróf frá Ljósmóðurskóla Íslands 1924. Stundaði framhaldsnám á fæðingastofu Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og lauk prófi þaðan 1927. Átti að auki námsdöl í Stokkhólmi, Ósló og Bergen. **Störf:** Var ljósmóðir í Reykjavík 1924-1926 og 1928-1932. Stofnaði Fæðingarheimilið við Eiríksgötu 1933 og rak það til 1940. Henni var einnig heimilt að taka á móti sjúklingum til augnaðgerða. lét reisa viðbótarbyggingu við húsið á Eiríksgötu sem hýsti nýttísku skurðar- og fæðingarstofu. Var forstöðukona heimilishjálpar Reykjavíkur 1950-1976 og embættisljósmóðir í Reykjavík 1949-1973. Tók á móti hátt í 3.500 börnum á árunum 1924-1977. **Félagsstörf:** Átti þátt í stofnun Ljósmæðrafélags Reykjavíkur 1942 og var gjaldkeri þess í rúm 10 ár. Sat alþjóðþing ljósmæðra í Róm 1960 og í Washington 1973. Sótti þing norrænna ljósmæðra í Reykjavík 1965 og í Stokkhólmi 1968. **Viðurkenning:** Heiðruð af Rauða krossi Íslands fyrir mannúðar- og ljósmóðurstörf (1977). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-4-63.

HELGA RAFNSDÓTTIR (1900-1997) fædd á Vindheimum á Norðfirði, látin í Reykjavík. **SAFNVÖRÐUR.** **Foreldrar:** Guðrún Gísladóttir (1872-1912), saumakona, og Rafn Júlíus Símonarson (1866-1933), sjómaður og formaður. **Alsystkin:** 1. Sigríður Ingibjörg (1894-1936), 2. Gísli (1896-1926), 3. Arnfríður Ágústa (1897-1940), 4. Jón (1899-1980), 5. Símon Norðfjörð (1902-1903), 6. Guðrún (1904-1909), 7. Jóhann (1906-2000), 8. Erlendur (1907-1922), 9. Guðrún (1910-2004). **Samfeðra systkin:** 10. Jón (1885-1972). **M:** 1921, Ísleifur Högnason (1895-1967), alþingismaður, kaupfélagsstjóri og forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Erla Guðrún (1922-2011), 2. Högni Tómas (1923-2017), 3. Gísli Rafn (1927-2008). **Störf:** Gegndi starfi safnvarðar á Þjóðminjasafni Íslands 1963-1980. **Félagsstörf:** Starfaði m.a. með Kvenfélagi sósíalista, var ritari í stjórn

Mæðrastyrksnefndar 1972-1985 og sat í stjórn Húsmæðraskóla Reykjavíkur. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-39-10.

HELGA SIGURÐARDÓTTIR (1904-1962) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. KENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Þóra Sigurðardóttir (1873-1937) og Sigurður Sigurðarson (1871-1940), búnaðarmálastjóri. **Systkin:** 1. Páll (1905-1982), 2. Ragna (1907-1980), 3. Ingimar (1910-1990). **Uppeldissystkin:** 4. Ragna Helga Rögnvaldsdóttir (1920-2004). **Nám:** Stundaði nám við húsmæðraskóla í Vældegaard í Danmörku 1922-1923 og í sumarskóla í Ollerup-lýðháskóla á Fjóni 1923. Lauk húsmæðrakennaraprófi frá skóla Birgitte Berg-Nielsen í Kaupmannahöfn 1926. Stundaði nám við Statens Vitamin-Laboratorium í Kaupmannahöfn og í sjúkrahúsum á sama stað (sjúkrafæði) 1934-1935. Var við nám í Bandaríkjunum 1953-1954. Fór námsferðir til Norðurlanda flest sumur 1933-1939. **Störf:** Kenndi á námskeiðum í Reykjavík og víðar til 1930. Var matreiðslukennari við Austurbæjarskólann í Reykjavík 1930-1942 og skólastjóri Húsmæðrakennaraskólans frá stofnun hans 1942 og til 1961. **Félagsstörf:** Var formaður kennarafélagsins Hússtjórnar frá stofnun. Var fulltrúi íslenskra húsmæðrakennara á fundum á vegum Nordisk Studieforbund. **Bækur:** Samdi og gaf út fjölda bóka um matreiðslu, m.a. *Bökun í heimahúsum* (1930), *150 Jurtaréttir* (1932), *Lærið að matbúa* (1934), *Grænmetisréttir* (1937), *160 fiskréttir* (1939), *Grænmeti og ber* (1940), *Matur og drykkur* (1947), *Níutíu og þrjár ostaréttir* (1961). **Viðurkenningar:** Sæmd finnsku Mannerheim-orðunni. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1956). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-17-16.

HELGA SIGURJÓNSDÓTTIR (1936-2011) fædd í Vatnsholti, Villingaholtshreppi, Árnessýslu, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Herdís Jónsdóttir (1900-1989) og Sigurjón Gestsson (1912-1961), bifreiðastjóri. **Systkin:** 1. Guðrún Berglind (1932-2001), 2. Guðrún Jóna (1938-1997), 3. Hermann Pálmi (1941-2007). **M:** Þórir Gíslason (1937), tannlæknir. **Börn þeirra:** 1. Brynjólfur (1958-2022), 2. Herdís (1963), 3. Gísli Friðrik (1969-2004). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1956 og BA-prófi í íslensku, sálfræði og sögu við Háskóla Íslands 1977. Var við nám í Háskólanum í Gautaborg 1980-1981. Stundaði meistaranám í málfræði við Háskóla Íslands 1992-1993. **Störf:** Var kennari við Kópavogsskóla, Víghólaskóla og Menntaskólann í Kópavogi á árunum 1957-1999. Var námsráðgjafi við Menntaskólann í Kópavogi 2000-2010 og átti frumkvæði að stofnun deildar fyrir unglunga sem höfðu staðið sig illa á lokaprófum úr grunnskóla. Stofnaði árið 2000 skóla sem bar nafn hennar og þar sem lögð var áhersla á lestrarkennslu. **Stjórnmalastörf:** Var bæjarfulltrúi í Kópavogi fyrir Alþýðubandalagið 1974-1979. Átti frumkvæði að stofnun jafnréttisnefndar á vegum bæjarins í tilefni kvennaárs Sameinuðu þjóðanna 1975 og átti sæti í nefndinni til 1978. Var bæjarfulltrúi Kvennalistas í Kópavogi 1994-1995 en frá 1996-1998 sat hún sem óháður bæjarfulltrúi. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar árið 1970. Var formaður stjórnar Kvenfélags Kópavogs 1994-1996. **Bækur:** Var aðalhöfundur, ritstjóri og skrásetjari bókarinnar *Sveitin mín – Kópavogur: frásagnir bekkjarsystkina* (2002). Skrifaði bækur og greinar í blöð um skólamál. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-5-65.

HELGA SVANLAUGSDÓTTIR (1922-2013) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Kristjana Rósa Þorsteinsdóttir (1882-1957) og Svanlaugur Jónasson (1882-1946), bóndi. **Systkin:** 1. Sigurlaug (1904-1991), 2. Jónasína Eva (1906-1999), 3.

Ragnheiður Friðrika (1907-2010), 4. Hjalti (1910-1997), 5. Garðar (1911-1976), 6. Hrefna (1912-2003), 7. Hulda Klara Thorstensen (1914-2011), 8. Sigríður Jónína (1916-1994), 9. Anna Thorstensen (1918-1996), 10. Þorsteinn Jónas Öxndal (1920-1998), 11. Baldur Öxndal (1926-1931). **M:** 1948, Finnboogi Stefáns Jónasson (1923-1979), skrifstofustjóri og forstöðumaður. **Börn þeirra:** 1. Jónas (1953), 2. Aðalbjörg Jónasína (1955), 3. Svanlaug Rósa (1958). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands 1947. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Winnipeg General Hospital í Kanada 1947-1948. Starfaði sem hjúkrunarfræðingur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og sem skólahjúkrunarfræðingur við barnaskóla Akureyrar 1949-1978. Var jafnframt forstöðukona ljósastofu Rauða kross Íslands 1950-1953. Var deildarstjóri á Kristnesspítala 1978-1980. Sinnti störfum aðstoðardeildarstjóra og síðan deildarstjóra á Kleppsspítala 1980-1986. Starfaði á Droplaugarstöðum í Reykjavík 1987-1992 og á Hrafnistu í Reykjavík 1989-2001. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Akureyrardeildar Hjúkrunarfélags Íslands frá stofnun þess 1963 og til 1965. Starfaði í Akureyrardeild Rauða kross Íslands og sat í stjórn deildarinnar 1973-1979. Sat í barnaverndar-nefnd Akureyrar 1965-1979. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit D7-51.

HELGA SVEINSDÓTTIR (1916-2005) fædd í Vík í Mýrdal, látin í Vík í Mýrdal. SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Eyrún Guðmundsdóttir (1876-1964) og Sveinn Þorláksson (1872-1963), skósmiður og símsstöðvarstjóri í Vík. **Systkin:** 1. Þorlákur (1899-1983), 2. Ólafur Jón (1904-1991), 3. Anna (1905-1991), 4. Guðmundur (1907-2001), 5. Páll (1908-2005), 6. Sigurður (1909-1995), 7. Ingibergur (1910-1935), 8. Kjartan (1912-2009), 9. Sigríður (1914-1995), 10. Guðný (1920-2012), 11. Þorbjörg (1923-2005). **M:** 1941, Guðni Loftsson (1913-1941), smiður. **Barn þeirra:** 1. Guðný (1941). **Störf:** Var talsímavörður í Vík í Mýrdal 1941-1956 og skipað símsstöðvarstjóri í Vík 1956 og gegndi því í um aldarfjórðung eða til ársins 1980. **Jarðsett:** Víkurkirkjugarði í Mýrdal reit A-132.

HELGA VALTÝSDÓTTIR (1923-1968) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1888-1959), listmálari, og Valtýr Stefánsson (1893-1963), ritstjóri *Morgunblaðsins*. **Systkin:** 1. Hulda Steinunn (1925-2018). **M:** 1944, Björn Thors (1923-1997), blaðamaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Kjartan (1945), 2. Kristín (1948), 3. Stefán (1949), 4. Björn (1950). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1943. Stundaði leiklistarnám hjá Soffíu Guðlaugsdóttur og listnám við Kaliforníuháskóla 1943-1944. **Störf:** Starfaði sem leikkona frá 1952, fyrst hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Var fastráðin hjá Þjóðleikhúsinu frá 1963 til æviloka. Lék m.a. Mutter Courage í samnefndu leikriti Bertholds Brechts, Mörtu í *Hver er hræddur við Virginíu Woolf*, Amöndu í *Glerdýrunum* og Amalíu í *Nótt í Napólí*. Stjórnaði barnatímanum hjá Ríkisútvarpinu ásamt Huldu systur sinni í mörg ár frá 1950. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Leikfélags Reykjavíkur 1960-1963. Var varaforseti Bandalags íslenskra listamanna 1963-1965. **Viðurkenning:** Hlaut Skálholtssveininn (veittur í nokkur skipti úr Minningarsjóði Soffíu Guðlaugadóttur, leikkonu) (1958). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-54-31.

HELGA GUÐRÍÐUR VETURLIÐADÓTTIR (1917-1993) fædd á Suðureyri við Súgandafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Andrea Guðmundsdóttir (1890-1955) og Veturliði Híram Guðnason (1886-1956), formaður og bóndi. **Systkin:** 1. Guðmundur Andrés (1914-1959), 2. Guðni Egill (1916-1916), 3. Guðrún (1921-2010), 4. Þórdís Sigríður (1926-1927), 5. Ólafur Ágúst (1928-2010). **M1:** 1941, Elí Ágúst Ingibjartsson (1913-1973), verkamaður,

pau skildu. **M2:** 1955, Þórður Andrésón (1903-1977), bóndi og oddviti. **M3:** 1992, Sigurgeir Pétursson (1926-2008), afgreiðslumaður. **Störf:** Rak fjölskylduheimili fyrir þroskaheft börn, fyrst á heimili sínu á Þórustöðum í Gufudalssveit 1959-1965 að beiðni Barnaverndarráðs Íslands og síðan í Reykjavík frá 1966 í eigin húsnæði í fyrstu, en síðan keypti Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hús fyrir starfsemina við Akurgerði 20 árið 1969. Þar rak hún fyrsta ungmennaheimili sinnar tegundar í Reykjavík til ársins 1988. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1991). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Æ-990.

HELGA SOFFÍA ÞORGILSDÓTTIR (1896-1996) fædd í Knarrarhöfn í Hvammssveit, Dalasýslu, látin í Reykjavík. YFIRKENNARI. **Foreldrar:** Halldóra Ingibjörg Sigmundsdóttir (1866-1909) og Þorgils Friðriksson (1860-1953), bóndi og kennari. **Systkin:** 1. Friðjón Ágúst (1890-1897), 2. Steinunn (1892-1984), 3. Sigmundur (1893-1968), 4. Egill (1895-1980), 5. Friðjón Hjörleifur (1898-1921), 6. Arinbjörn (1900-1971), 7. Friðrik Helgi (1901-1902), 8. Þórhallur (1902-1958), 9. Sigríður (1904-1991), 10. Kjartan (1905-1988), 11. Jóhannes (1905-1929), 12. Kristján (1907-1927), 13. Friðmey (1908-1999). **M:** 1946, Þorsteinn Arnór Arnórsson (1893-1962), skipstjóri. **Nám:** Lauk kennaraprófi 1919, sótti handavinnu- og teiknínámskeið í Kaupmannahöfn 1927 og kennara-námskeið í Vadstena í Svíþjóð 1935. **Störf:** Starfaði sem kennari í Fljótshlíð 1919-1921 og var heimiliskennari í Bjarnanesi í Hornafirði 1921-1922. Starfaði við baðvörslu í Miðbæjarskólanum í Reykjavík 1922-1923. Kenndi við barnaskólann á Stokkseyri 1923-1924. Var skólastjóri barna-skólans á Húsatóftum á Skeiðum 1924-1930. Var kennari við Miðbæjarskólann 1939-1946 og Melaskólann í Reykjavík 1946 og yfirkennari þar frá 1947 til starfsloka. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenfélags Hvítabandsins og í sjúkráhráði þess í fjögur ár. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1975). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-14-22.

HELGA ÁSLAUG ÞÓRARINSDÓTTIR (1927-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI og DANSKENNARI. **Foreldrar:** Ingibjörg Guðmundsdóttir (1900-1989) og Þórarinn Magnússon (1885-1982), skósmiður. **Systkin:** 1. Guðmundur (1924-1996), 2. Magnús (1926-1996), 3. Guðbjörg Ólína (1929-2016), 4. Þuríður (1932-2017). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1945 og handavinnukennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1963. **Störf:** Starfaði hjá Ríkisútvarpinu og Sjúkratryggingum Íslands 1945-1963. Var handavinnu-kennari við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði 1963-1988. Kenndi erlenda dansa hjá Þjóðdansafélaginu í áratugi. **Félagsstörf:** Starfaði m.a. með Farfuglum og Heimilisiðnaðarfélaginu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Z-408.

[JÓHANNA] **HENNY OTTÓSSON-GOLDSTEIN**, f. LIPPMANN (1905-1986) fædd í Berlín, látin í Reykjavík. KJÓLAMEISTARI. **Foreldrar:** Minna Lippmann, f. Glass og Leo Lippmann (lést 1919), kaupmaður. **Sammæðra systkin:** 1. Höskuldur Markússon (1895-1968) áður Harry Rosenthal, 2. Sigbert Meinhardt Rosenthal (lést í fangabúðum 1943). **M1:** 1926, Róbert Goldstein (1892-1942), skildu 1930. **Barn þeirra:** 1. Pétur Lothar (1927-1993). **M2:** 1938, Hendrik Ottósson (1897-1966), tungumálakennari og fréttamaður. **Nám:** Lærði kjólasaum í Berlín. **Störf:** Starfaði um tíma sem forstöðukona við tískuhús í Berlín. Kom til Íslands 1934 og starfaði á sauma-stofunni Gullfossi í eigu Helgu Sigurðsson samkvæmt samningi til ársins 1938. Stofnaði eigin saumastofu í Kirkjuholli í Reykjavík og rak hana til ársins 1952. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-11-26.

HERBORG ÓLAFSSON, f. ELDEVÍK (1898-1992) fædd í Noregi, látin í Reykjavík. KRISTNIBOÐI. **Foreldrar:** Johanne Eldevik, f. Buset og Josef Eldevik, mjólkurfræðingur og bóndi í Orkdal í Þrændalögum. **M:** 1926, Ólafur Ólafsson (1895-1976), kristniboði í Kína. **Börn þeirra:** 1. Jóhannes (1928-2021), 2. Guðrún Margot (1930-2020), 3. Hjördís (1931), 4. Rannveig (1933-2022), 5. Haraldur (1935-2019). **Nám:** Lauk kennaraprófi 1919 og stúdentsprófi 1921. **Störf:** Réðst árið 1923 til norska Kínatrúboðsfélagsins sem kennari kristniboðsbarna í skóla félagsins í Laohokow í Hubei í Kína. Herborg og Ólafur störfuðu við kennslu og kristniboð í Kína allt til 1937, en settust að í Reykjavík árið 1938. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit R-125.

HERDÍS ANDRÉSDÓTTIR (1858-1939) fædd í Flatey á Breiðafirði, látin í Reykjavík. LJÓÐSKÁLD og VERKAKONA. **Foreldrar:** Sesselja Jónsdóttir (1823-1873) og Andrés Andrésón (1828-1861), bóndi og formaður. **Alsystkin:** 1. Jóhanna Friðrika (1853-1882), 2. Guðrún (1857-1944), 3. Ólína (1858-1935), 4. María Magdalena (1859-1965), 5. Steinunn (1861-1898), 6. Andrésa (1862-1950). **Sammæðra systkin:** 7. Sveinn Pétursson (1848-1939), 8. Guðmundur Sveinbjörnsson (1864-1912), 9. María Katrín Sveinbjörnsdóttir (1867-1967). **Fósturforeldrar:** Brynjólfur Bogason Benediktsen (1807-1870) og Herdís Guðmundsdóttir Scheving (1820-1897). **M:** 1880, Jón Einar Jónsson (1844-1889). **Börn þeirra:** 1. Elín Elísabet Thorarensen (1881-1956), 2. Jón Ólafur (1884-1945), 3. Einar (1890-1947). **Störf:** Var ljóðskáld. Var ásamt manni sínum í húsmennsku á ýmsum stöðum og eftir lát hans vinnukona á Bæ í Króksfirði hjá mágkonu sinni og manni hennar 1889-1896. Fluttist til Reykjavíkur 1902. Herdís lýsir störfum sínum í kvæðabálkinum „Kveðið við spuna“ sem telur 30 erindi. **Ljóðabækur:** Herdís og tvíburasystir hennar Ólína tóku saman ljóð sín og gáfu fyrst út undir heitinu *Ljóðmæli* (1924, aukin útgáfa 1930); *Ljóðmæli eftir Ólínu og Herdísí Andrésdætur* stóraukin útgáfa, tekin saman af sr. Jóni Thorarensen, dóttursyni Herdísar (1976, 1980 og 1982); *Lundurinn græni*, ljóð eftir Ólínu og Herdísí, Halldór Pétursson teiknaði myndir og ramma (1951), er gamanvísnaðabálkur með nokkrum kvæðum eftir hvora þeirra og segir af heimsóknum þeirra til frænku sinnar Ásthildar Thorsteinsson í Gerðinu í Hafnarfirði. Þessi ljóðabálkur kemur einnig inn í þriðju útgáfu *Ljóðmæla* (1976). **Viðurkenning:** Hlaut skáldastyrk Alþingis (1927). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit E-3-16.

HERDÍS [Hedda] JÓNSDÓTTIR **BIERING** (1919-1996) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Rannveig Samúelsdóttir (1878-1945) og Jón Hróbjartsson (1877-1946), myndlistarmaður og kennari. **Systkin:** 1. Páll (1908-1987), 2. Sigríður (1911-1981), 3. Guðrún (1915-1998). **M:** 1958, Gunnar Hannes Biering (1926-2007), barnalæknir. **Börn þeirra:** 1. Hulda (1956), 2. Rannveig (1960). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1952. Stundaði nám í barnahjúkrun, barnasálfræði og deildarstjórnun við University of Minnesota Hospital 1954-1956. **Störf:** Starfaði við hjúkrun við Midway Hospital, St. Paul í Minnesota í Bandaríkjunum 1953-1954 og 1957-1958. Kenndi barnahjúkrun við Hjúkrunarskóla Íslands 1959-1960. Vann almenn hjúkrunarstörf við Borgarspítalann í Reykjavík og Landakotsspítala. Var ein af fyrstu kennurum við námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands og kenndi þar verklega hjúkrun. **Félagsstörf:** Sat í sjúkrahúsnefnd Reykjavíkur 1960-1963. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-212.

[UNA] **HERDÍS GRÖNDAL** (1926-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FIÐLULEIKARI. **Foreldrar:** Guðrún Þorlákisdóttir (1892-1973) og Guðmundur Laxdal Friðriksson (1887-1957),

bifreiðastjóri. **M:** 1956, Baldur Gröndal (1920-1986), tónlistarmaður og skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Guðmunda (1958), 2. Sveinbjörn Össur (1959). **Nám:** Fékk inngöngu í Handíðaskólann 1940, aðeins 14 ára, lang yngst allra nemenda. Stundaði fiðlunám í Tónlistarskólanum í Reykjavík 1945-1955 og lauk þaðan fullnaðarprófi. **Störf:** Var fiðluleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 1950-1993. Vann hlutastarf á skrifstofu hljómsveitarinnar til ársins 2000. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-4-84.

HERDÍS HELGADÓTTIR (1928-2017) fædd á Sauðárkróki, látin í Kópavogi. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Valý Þorbjörg Ágústsdóttir (1904-1999) og Helgi Ólafsson (1899-1976), kennari. **Systkin:** 1. Ágúst Hörður (1927-2010), 2. Ólafur Haukur (1930-2006), 3. Halldóra (1932-2005), 4. Guðlaugur (1934), 5. Anna (1936), 6. Hálfán (1937), 7. Gizur Ísleifur (1942). **M:** 1951, sr. Ragnar Fjalar Lárusson (1927-2005), prófastur. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Briem (1950), 2. Þórsteinn (1951), 3. Valý Helga (1953), 4. Lárus (1954), 5. Ragnheiður Jensína (1956), 6. Halldóra Anna (1964). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1951. **Störf:** Var skólahljúkrunarfræðingur á Siglufirði 1955-1968. Starfaði á lungnadeild Landspítalans frá 1968 og var deildarstjóri taugadeildar á árunum 1970-1984. Var deildarstjóri á Droplaugarstöðum 1986-1991. **Félagsstörf:** Var varaformaður Kvenfélags Hallgrímskirkju 1968-1985 og varaformaður Prestakvennafélags Íslands 1972-1975. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-6-105.

HERDÍS HELGADÓTTIR (1929-2007) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BÓKAVÖRÐUR og MANNFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Elísabet Magnúsdóttir (1903-1996) og Helgi Jónsson (1896-1985), húsgagnasmiður. **Systkin:** 1. Skúli (1925-2010), 2. Jón Magnús (1928-1951). **M:** 1949, Styrkár Sveinbjarnarson (1927-1989), prentari, skildu 1977. **Börn þeirra:** 1. Hrafn Helgi (1949), 2. Sveinbjörn (1950), 3. Auður (1951), 4. Snorri (1958), 5. Unnur (1961), 6. Herdís (1970). **Nám:** Tók próf frá Verslunarskóla Íslands 1948. Hóf nám við Háskóla Íslands 1991 þá 62 ára gömul og útskrifaðist með BA-próf í mannfræði 1994 og MA-próf í mannfræði árið 2000. **Störf:** Vann skrifstofustörf hjá Trésmíðafélagi Reykjavíkur og Verkamannafélaginu Dagsbrún. Starfaði við Borgarbókasafn Reykjavíkur, Hljóðbókasafnið og síðast við Sólheimasafnið (útibú Borgarbókasafns) til starfsloka. **Félagsstörf:** Tók þátt í starfi Æskulýðsfylkingarinnar og Rauðsokka-hreyfingarinnar. Sat í stjórn eldri borgara. Starfaði með félaginu Geðhjálp. **Bækur:** *Vaknaðu kona: barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli* (1996). *Úr fjötrum: íslenskar konur og erlendur her* (2001). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit 137.

HERDÍS ÓLAFSDÓTTIR (1911-2007) fædd á Vindási í Kjós, látin á Akranesi. VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Helga Bjarnadóttir (1872-1936) og Ólafur Einarsson (1869-1959), bóndi. **Systkin:** 1. Kristín (1895-1987), 2. Úlfhildur (1897-1987), 3. Jóna (1899-1972), 4. Elín (1900-1927), 5. Jón (1903-1949), 6. Bjarni (1906-1995), 7. Þórdís (1908-1998), 8. Sigríður (1909-2007). **M:** 1929, Hannes Júlíus Guðmundsson (1903-1975), sjómaður. **Börn þeirra:** 1. Jónas (1953), 2. Aðalbjörg Jónasína (1955), 3. Svanlaug Rósa (1958). **Störf/Félagsstörf:** Sinnti verkalýðsmálum. Gekkt í Verkalýðsfélag Akraness 1931 og var kjörin varaformaður kvennadeildarinnar sama ár. Sat í stjórn Verkalýðsfélagsins í 50 ár lengst af sem formaður. Var starfsmaður Verkalýðsfélags Akraness í 30 ár eða frá 1960 til 1990. Sat um skeið í miðstjórn ASÍ, í stjórn Verkamannasambands Íslands og í stjórn Alþýðubankans. Var í Félagi borgfyrskra kvenna, Kvenréttindafélagi Íslands og var stofnfélagi í Félagi eldri borgara á Akranes. Ritaði margar greinar í blöð og tímarit.

Viðurkenning: Útnefnd heiðursfélagi Verkalýðsfélags Akraness. **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði reit V-C-13.

HERDÍS VIGFÚSDÓTTIR (1925-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Guðrún Sveinsdóttir (1901-1986), söngkennari, og Vigfús Einarsson (1882-1949), skrifstofustjóri. **Systkin:** 1. Einar (1927-1973). **M:** 1953, Valtýr Pétursson, listmálari. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. Tók próf í frönsku frá Sorbonneháskóla, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1961 og BA-próf í frönsku, ensku og dönsku frá Háskóla Íslands 1969. **Störf:** Var kennari við Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, Málaskóla Halldórs Þorsteinssonar og fastráðinn kennari við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1969. Herdís og Valtýr voru um áraraðir leiðsögumenn í ferðum um Ísland fyrir Ferðaskrifstofu Íslands og í Grænlandsferðum fyrir Flugleiði. **Félagsstörf:** Var í hópi stofnfélaga Félags frönskukennara á Íslandi og lengi formaður þess. **Viðurkenning:** Hlaut orðu frá franska sendiráðinu á Íslandi. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit K-308.

HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR (1923-2013) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. **LEIKKONA.** **Foreldrar:** María Víðis Jónsdóttir (1895-1982) og Þorvaldur Tómas Bjarnason (1895-1932), kaupmaður. **Systkin:** 1. Dóra (1922-2014), 2. Sigríður (1926-1931), 3. María (1928-1999), 4. Þorvaldur Sigurður (1933). **M:** Gunnlaugur Einar Þórðarson (1919-1998), hæstaréttarlögmaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Hrafn (1948), 2. Þorvaldur (1950), 3. Snædís (1952-2018), 4. Tinna Þórdís (1954). **Nám:** Lærði leiklist hjá Lárusi Pálssyni og var einn vetur við RASA leikhúsið í Bretlandi. **Störf:** Lék sitt fyrsta hlutverk með Leikfélagi Reykjavíkur árið 1941 og í síðasta skiptið á sviði Þjóðleikhússins viku áður en hún lést 2013. Var fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu frá 1950. Lék við opnun Þjóðleikhússins Snæfríði Íslandssól í *Íslandsklukkunni*. Lék m.a. Lóu í *Silfurtunglinu*, Geirþrúði drottning í *Hamlet*, Frú Smith í *Sköllóttu söngkonunni*, Prófastsfrúna í *Púntilla bóndi og Matti vinnumaður* og Fröken Margrét í samnefndu leikriti. Lék í kvikmyndum, m.a. *79 af stöðinni* (1962), *Jóni Oddi og Jóni Bjarna* (1981) og *Atómstöðinni* (1984). Starfaði mikið fyrir útvarp og sjónvarp. **Félagsstörf:** Stofnaði og var formaður náttúruverndar-samtakanna Líf og land. Fjármagnaði og framleiddi með aðstoð barna sinna og barnabarna heimildarmyndina *Fjallkonan hrópar á vægð* (sýnd í sjónvarpinu 2012). **Viðurkenningar:** Hlaut Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu (1969), heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands (2007) og heiðursverðlaun Menningarverðlauna DV (2010). Fékk Edduverðlaunin fyrir leik sinn sem hin illskeytta Kata gamla í kvikmyndinni *Hafið*. Minnisvarði til minningar um framlag hennar til náttúruverndar var afhjúpaður í reit Skógræktarfélags Reykjavíkur í Heiðmörk (2016). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-11-42.

HERMÍNA SIGURGEIRSDÓTTIR KRISTJÁNSSON (1904-1999) fædd á Stóruvöllum í Bárðardal, látin í Reykjavík. **PIÁNÓKENNARI.** **Foreldrar:** Júlíana Friðrika Tómasdóttir (1871-1953) og Sigurgeir Jónsson (1866-1954), organisti og söngstjóri. **Systkin:** 1. Páll (1896-1982), 2. Vigfús (1900-1984), 3. Gunnar (1901-1970), 4. Eðvarð (1907-1999), 5. Jón Aðalgeir (1909-1999), 6. Agnes (1912-1928), 7. Hörður (1914-1978), 8. Haraldur (1915-2000). **M:** 1929, Björn Kristjánsson (1897-1980), stórkaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Leifur (1931-2022), 2. Björn (1933-2008). **Nám:** Lærði hljóðfæraleik hjá föður sínum og stundaði nám í píanóleik í Reykjavík frá 1923 og síðar við Det kongelige danske musikkonservatorium. Stundaði nám í píanóleik í

Hamborg og hélt nokkra tónleika á árunum 1929-1939. **Störf:** Kenndi píanóleik í Hamborg og síðan í Kaupmannahöfn 1939-1945. Var kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík eftir heimkomu til ársins 1974. Var seinni árin yfirkennari í píanókennaradeild Tónlistarskólans. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). Útnefnd heiðursfélagi í Félagi tónlistarkennara (1980) og í Félagi íslenskra tónlistarmanna (1988). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-818.

HERSILÍA SVEINSDÓTTIR (1900-1983) fædd á Mælifellsá, Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, látin í Reykjavík. **SKÓLASTJÓRI** og **BÓNDI**. **Foreldrar:** Margrét Þórunn Árnadóttir (1855-1928) og Sveinn Gunnarsson (1858-1937), ráðsmaður og kaupmaður. **Systkin:** 1. Margrét (1880-1908), 2. Steinunn Ingunn (1882-1943), 3. Pálmi Sigurður (1883-1967), 4. Gunnþórunn (1885-1970), 5. Sveinbjörn (1886-1933), 6. Sigurlaug Ingibjörg (1888-1983), 7. Jón Sigurberg (1889-1904), 8. Gunnar (1890-1921), 9. Indíana (1891-1968), 10. Árni (1893-1960), 11. Lovísa (1894-1979), 12. Ólafur (1896-1983). **Nám:** Útskrifaðist frá Kvennaskólanum á Blönduósi 1921. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1936. **Störf:** Eignaðist jörðina Ytri-Mælifellsá, Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði 1930 og rak þar búskap í nokkur ár. Stundaði forfallakennslu í Reykjavík 1936-1941 og var settur kennari í Ásahreppi í Holtum, Rangárvallasýslu 1941-1942. Var skólastjóri í Steinsstaðaskóla í Lýtingstaðahreppi 1942-1965. Stundaði ritstörf. **Bækur:** *Dagný og Doddi* (1962), *Haukur og Dóra hjá ömmu og afa* (1967), *Varasöm er veröldin* (1972). **Viðurkenning:** Skammt ofan við gamla skólahúsið á Steinsstöðum reistu nemendur minnisvarða um Hersilíu. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-2-20.

HILDUR KALMAN (1916-1974) fædd í Reykjavík, látin í Mosfellsbæ. **LEIKKONA** og **PÝÐANDI**. **Foreldrar:** Martha María Indriðadóttir (1889-1940), leikkona, og Björn Pálsson Kalman (1883-1956), málflutningsmaður. **Systkin:** 1. Helga Kalman (1914-1973), 2. Björn Kalman (1922-1981), 3. Páll Einar Kalman (1924-1996). **Nám:** Stundaði nám við Konunglega leiklistarskólann í London 1941-1943 (fyrst Íslendinga sem nam við skólann) og tók þaðan burtfararpróf. **Störf:** Lék með enskum leikflokki á Englandi og í öðrum löndum. Kom til Íslands 1948 og hóf að leika hjá Leikfélagi Reykjavíkur, lék þar m.a. Colómbu í *Valpne* og Ofelíu í *Hamlet* (1949). Varð fastráðin hjá Þjóðleikhúsinu 1949 og starfaði þar til 1958, lék þar m.a. frú Pogson í *Hve gott og fagurt* (1951), Mjöll í *Nýársnóttinni* (1952) og Ernestinu Muche í *Topaze* (1952). Var einnig kennari við leiklistarskóla Þjóðleikhússins. Sinnti jafnframt leikstjórn bæði hjá Þjóðleikhúsinu og leikfélögum úti á landi. Leikstýrði m.a. *Leynimeil 13* hjá Leikfélagi Keflavíkur (1949) og *Nýársnótt* Indriða Einarssonar hjá Leikfélagi Akraness (1960). Leikstýrði hjá Þjóðleikhúsinu m.a. *Snædrottningunni* (1951), *Litla Kláusi og Stóra Kláusi* (1952) og *Fríðu og Dýrinu* (1958). Stofnaði ásamt öðrum Ferðaleikhúsið „6 í bíl“ árið 1949 sem fór með leiksýningar um landið í þrjú sumur. Var fastráðin hjá dagskrárdeild Ríkisútvarpsins árið 1962 og starfaði þar til starfsloka. Fékkst við þýðingar. **Þýðingar:** M.a. leikritin *Keisaradóttirin* og *svínahirðirinn*, eftir Nicholas Stuart Gray, *Fríða og dýrið* eftir Nicholas Stuart Gray, *Tobias og Engillinn* eftir James Bridie og *Ævintýri Trítills* eftir Dick Lean (1958). **Félagsstörf:** Var gjaldkeri Félags íslenskra leikara 1956 og formaður félagsins í eitt ár. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-223.

HILDUR INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR (1913-1998) fædd á Seyðisfirði, látin í Garðabæ. **KAUPMAÐUR**. **Foreldrar:** Þóra Matthíasdóttir (1879-1970), hannyrða- og kaupkona, og

Þorsteinn Jósef Gunnar Skaptason (1873-1915), prentsmiðju- og ritstjóri. **Systkin:** 1. Guðrún (1911-1990), 2. Valgerður (1914-2002). **Nám:** Lærði klæðasaum í Berlín 1937-1938. **Störf:** Rak hannyrðaverslun ásamt móður sinni á Akureyri 1939-1947. Var síðan verslunarstjóri í versluninni Markaðnum í Reykjavík 1947-1952. Stofnaði kvenfataverslunina Gluggann við Laugaveg í Reykjavík 1952 og rak hana í nær hálfa öld eða til ársins 1990. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-2-36.

HJALTLÍNA MARGRÉT GUÐJÓNSDÓTTIR (1890-1981) fædd í Brekku á Ingjaldssandi, Mýrahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI, GARÐYRKJUKONA og HÚSFREYJA Á NÚPI Í DÝRAFIRÐI.** **Foreldrar:** Rake! Sigurðardóttir (1853-1956) og Guðjón Arnórsson (1857-1893), bóndi í Brekku á Ingjaldssandi. **Alsystkin:** 1. Gratíana Sigríður (1884-1903), 2. Hansína Guðrún (1887-1966). **Samfeðra systkin:** 3. Halldóra (1886-1953). **M:** 1918, sr. Sigtryggur Guðlaugsson (1862-1959), prestur og skólastjóri á Núpi í Dýrafirði. **Börn þeirra:** 1. Hlynur (1921-2005), 2. Þröstur (1929-2017). **Nám:** Stundaði nám við ungmennaskóla sr. Sigtryggs á Núpi 1908-1910. Var við saumanám á Ísafirði 1911-1912. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1915 og stundaði sama ár nám hjá Einari Helgasyni garðyrkjumanni í Gróðrarstöð Reykjavíkur. Var við hannyrðanám í Landakoti í Reykjavík 1917-1918. **Störf:** Var barnakennari á Ingjaldssandi 1910-1911 og barnakennari í Mýrahreppi og farkennari á Ingjaldssandi 1915-1917. Var handavinnukennari á Núpi í Dýrafirði 1919-1933. Sigtryggur og Hjaltlína byggðu skruðgarðinn „Skrúð“ í Dýrafirði, elsta skruðgarð á Íslandi. Þau afhentu „Skrúð“ Héraðsskólanum á Núpi til eignar 1959. **Jarðsett:** Sæbólaskirkjugarði á Ingjaldssandi reit 6.

HJÖRDÍS GUÐBJARTSDÓTTIR (1933-2020) fædd í Bolungarvík, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Guðrún Salvör Sumarliðadóttir (1894-1978), verkakona, og Guðbjartur Þórarinsson (1905-1989), sjómaður. **Sammæðra systkin:** 1. Jón Karl Þórhallsson (1920-1997). **Sambýlismaður:** 1976-2001, Gunnar Eypórsson (1940-2001), fréttamaður. **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarkvennaskóla Íslands 1957. **Störf:** Starfaði við hjúkrun í Reykjavík 1957-1958. Var við hjúkrunarstörf í Kaupmannahöfn 1958-1969 og í Aleppó í Sírylandi 1963 og í Reykjavík 1969-2003, m.a. á Borgarspítala, Landspítala, Arnarholti og Kleppi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-5-35.

HJÖRDÍS HJÖRLEIFSDÓTTIR (1926-2012) fædd á Mosvöllum í Önundarfirði, látin á Ísafirði. **HÚSMÆÐRASKÓLAKENNARI og SKÓLASTJÓRI.** **Foreldrar:** Gunnjóna Sigrún Jónsdóttir (1899-1974) og Hjörleifur Guðmundsson (1896-1984), pípu!agningamaður. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1928-2010), 2. Ásdís (1930), 3. Kristjana H. Steinsland (1932-2019), 4. Hringur (1933-2007), 5. Finnur Torfi (1936), 6. Örn (1939). **Fósturbarn:** 1. Már Kristinsson (1954), var systursonur hennar. **Nám:** Útskrifaðist frá Húsmæðrakennaraskólanum 1954. **Störf:** Var vinnukona á íslensku heimili á Englandi í eitt ár og tvö ár í Danmörku. Var kennari við Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði 1958-1984, Gagnfræðaskólann á Ísafirði einn vetur og kennari og skólastjóri Barnaskólans í Holti í Önundarfirði 1984-1996. **Stjórnmalastörf:** Var varaþingmaður fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri!anna eitt kjörtímabil. Var fulltrúi á þingi Sameinuðu þjóðanna. **Jarðsett:** Holtaskirkjugarði reit 55-A.

HJÖRDÍS SÆVAR (1932-1985) fædd í Stapadal í Arnarfirði, látin í Reykjavík. LOFTSKEYTAMAÐUR. **Foreldrar:** Hrefna Bjarnadóttir (1905-1989) og Garðar. **Stjúpfaðir:** Þórhallur Karlsson (1908-1979), skipstjóri. **Sammæðra systkin:** 1. Óskar Karl (1940), 2. Hörður (1942). **M1:** 1951, Helgi Árnason (1926-1990), vélstjóri, skildu 1954. **M2:** 1963, Lars Wennersberg, vélstjóri, Emleim í Noregi, þau skildu. **Nám:** Lauk prófi frá Loftsklyttaskólanum í Reykjavík 1954. **Störf:** Var skipsþerna á skipum Eimskipafélagsins og Ríkisskipa og um tíma á síldveiðiskipi sem kokkur. Fór árið 1954 í sína fyrstu ferð sem loftsklyttamaður með togaranum Þorsteini Ingólfssyni RE-206 í 40 daga túr á Grænlandsmiðum. Var á íslenskum togurum í sex ár. Fór til Noregs 1960 og starfaði þar sem loftsklyttamaður, m.a. á M.t. Storanger, 33 þúsund tonna olíuflutningaskipi. Starfaði á flutningaskipum í Noregi til ársins 1985 eða í 25 ár. Stýrði þættinum Lög unga fólksins í útvarpinu ásamt Hauki Helgasyni í hálf t. 1958. Hjördís flutti aðalræðu sjómannaþingsins á Húsavík árið 1961 sem ekki var algengt að konur gerðu á þessum tíma. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-56.

HLÍN JÓNSDÓTTIR JOHNSON (1876-1965) fædd að Sandhaugum í Bárðardal, látin í Reykjavík. BÚSTJÓRI Í HERDÍSARVÍK. **Foreldrar:** Arnfríður Guðrún Sigurðardóttir (1854-1933) og Jón Eldon Erlendsson (1851-1906), skáld og ritstjóri Heimskringlu (flutti til Vesturheims árið 1888). **Samfeðra systkin:** 1. Dóra Tripping, 2. Brynjólfur, 3. Victor Hugo (1896-1959), 4. Hildur Kristin Winifred. **Fósturforeldrar:** Anna Kristín Sigurðardóttir (1849-1939), ljósmóðir, og Jóhannes Jónsson (1842-1905), bóndi á Sandhaugum í Bárðardal. **M:** 1897, Ingólfur Jónsson (1857-1933) frá Jarlsstöðum í Bárðardal, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Ingólfur (1898-1912), 2. Páll (1903-1975), 3. Sigríður (1905-1976), 4. Hlín (1909-1993), 5. Ida (1912-2004), 6. Guðrún (1914-2006), 7. Ethel Arnórsson (1916-2004). **Barnsfaðir:** Magnús Júlíus Dalhoffsson (1877-1939), gullsmiður. **Barn þeirra:** 8. Jón Eldon (1919-1968). **Sambýlismaður:** Einar Benediktsson (1864-1940), skáld. **Störf:** Sinnti bústörfum. Fékkst við fatasaum og saumaði bæði kven- og karlmansföt. Þau Einar bjuggu í Herdísarvík frá 1932, Einar til æviloka 1940, en Hlín til 1960. Einar ánafnaði Háskóla Íslands jörðina Herdísarvík með gjafarbréfi 1935. **Viðurkenning:** Afhjúpað var minningarskilti í Herdísarvík um búsetu þjóðskáldsins Einars Benediktssonar og Hlínar Johnson, síðustu ábúendur í Herdísarvík í Selvogi, árið 2013. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-518.

HÓLMFRÍÐUR ÁRNADÓTTIR (1930-2022) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PRÓFESSOR og MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Þorbjörg Agnarsdóttir (1905-1998) og Árni Jónsson (1897-1983), húsasmíðameistari. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1934-2018). **M:** Bjarni Jónsson (1927-2014), verslunarskólakennari. **Börn þeirra:** 1. Brjánn Árni (1954), 2. Bolli (1957). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Handíða- og myndlistaskóla Íslands 1951. Sótti sér símenntun bæði hér á landi og erlendis, m.a. í Danmörku. **Störf:** Starfaði sem handmenntakennari í skólum Reykjavíkur 1952-1967. Var kennari við Kennaraháskóla Íslands frá 1967, lektor við Kennaraháskóla Íslands 1976, dósent 1987 og prófessor í textílmennt við Kennaraháskólann, síðar Háskóla Íslands 1997 til starfsloka árið 2000. Fékkst við myndlist, textíl, pappírslit og hönnun. **Einkasýningar:** M.a. sýning á pappírsverkum í boði menningarmálanefndar Linköpingborgar í Svíþjóð (1989) og *Hughrif* í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni (2014-2015). **Samsýningar:** M.a. *NordForm 90*, Samnorræn listsýning í Svíþjóð (1990), *7. International Triennial of Tapestry* í Lódz Póllandi (1992), *Nútíma textíilverk* á vegum Menningarmálanefndar Sameinuðu þjóðanna í UNESCO-byggingunni í París (1998) og *Art in Paper* á *Biennale International D' Art Miniature*, Quebec,

Kanada (1998). **Hönnunarverk:** Hannaði m.a. þrjá kirkjuhökla/stólur og allan altarisbúnað fyrir Fríkirkjuna í Reykjavík. **Félagsstörf:** Var félagi í Félagi íslenskra myndlistarmanna (FÍM), Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM), Félagi fata- og textílkennara í framhaldsskólum (FATEX), Félagi textílkennara og Félagi prófessora. Var félagi í The International Association of Hand Papermakers and Paper Artists (IAPMA), Contemporary Applied Arts í London Bretlandi (CAA) og United States Society for Education through Art (USSEA) í Bandaríkjunum. **Viðurkenningar:** Var brautryðjandi á sviði textílgreina og var útnefnd heiðursfélagi Textílfélags Íslands (2001). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2009). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-8-47.

HÓLMFRÍÐUR GÍSLADÓTTIR (1854-1945) fædd á Reynivöllum í Kjós, látin í Reykjavík. KENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðlaug Eiríksdóttir (1824-1899) og sr. Gísli Jóhannesson (1817-1866), prestur á Reynivöllum. **Systkin:** 1. Elín (1855-1940), 2. Eiríkur (1857-1920), 3. Jóhannes (1859-1882), 4. Kristján (1860-1927), 5. Brynjólfur (1861-1923), 6. Baldvin (1863-1871), 7. Gísli (1866-1887). Ólst upp í Viðey hjá Áslaugu Stephensen móðursystur sinni. **Samstarfs- og sambýliskona:** Ingunn Elín Bergmann (1872-1957) starfaði og bjó með Hólfríði frá árinu 1902. **Nám:** Lauk kennaraprófi frá húsmæðraskóla frk. Zahle í Kaupmannahöfn. **Störf:** Var kennari við Hússtjórnskóla Reykjavíkur frá 1897 hjá Elínu Briem en þær vor systradætur. Varð síðan skólastjóri Hússtjórnskóla Reykjavíkur frá 1901, fyrstu árin fyrir Búnaðarfélag Íslands en síðar á eigin reikning. Skólinn var í lðnó 1897-1918, en þá keypti Hólfríður hús við Þingholtsstræti 28 í Reykjavík fyrir skólann, sem var síðan rekinn þar til 1933 með matsölusniði öll árin. Rak matsölu til dauðadags ásamt Ingunni. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit O-526.

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR (1931-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. GEÐLÆKNIR. **Foreldrar:** Sólveig Guðmundsdóttir (1901-1982) og Magnús Vigfússon (1906-1976), húsasmíðameistari. **Systkin:** 1. Vigfús (1933-2015), 2. Guðmundur Kristján (1941-2013). **M:** 1958, Grétar Ólafsson (1930-2004), skurðlæknir. **Barn þeirra:** 1. Sólveig (1959). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1951 og cand.med.-prófi frá Háskóla Íslands 1958. Stundaði sérfræðinám í geðlækningum í Svíþjóð frá 1960 og dvaldi þar í tæp 10 ár. Fékk sérfræðingsleyfi í geðlækningum 1981. **Störf:** Starfað lengst af á Kleppsspítala í Reykjavík eða árin 1970-2000. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-129.

HÓLMFRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR (1926-2004) fædd í Presthvammi í Laxárdal, látin á Húsavík. HÓTELSTARFSMAÐUR og FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐUR. **Foreldrar:** Kristín Puríður Gísladóttir (1895-1984) og Pétur Jónsson (1898-1972), bóndi og vegavinnuverkstjóri. **Systkin:** 1. Gísli (1922-1950), 2. Jón Ármann (1924-2012), 3. Snæbjörn (1928), 4. Helga Valborg (1936-2012). **M:** 1949, Sverrir Tryggvason (1920-1999), bóndi. **Börn þeirra:** 1. Héðinn (1949), 2. Sigrún (1953), 3. Kristín Puríður (1959), 4. Gísli (1961). **Störf:** Starfaði lengi á hótelinu í Reykjahlíð, Mývatnssveit, fyrst sem starfsstúlka og síðar sem bakari. **Félagsstörf:** Var félagi í Kvenfélagi Mývatnssveitar í 50 ár, formaður 1952-1974 með hléum eða samtals í 15 ár. Var formaður Kvenfélagasambands Suður-Þingeyinga í 11 ár og formaður Menningarsjóðs Þingeyskra kvenna um árabíl. Var upphafsmaður og aðalhvatamaður að útgáfu bókarinnar *Djúpar rætur* með hugverkum 180 þingeyskra kvenna í tilefni af 50 ára afmæli sjóðsins, ritstjóri Sólveig Anna Bóasdóttir (2000). Sinnti formennsku í Skógræktarfélagi Suður-Þingeyjarsýslu árin 1977-1996. Stóð fyrir stofnun ITC

deildarinnar Fluga 1985, sem starfar innan alþjóðasamtakanna International Training in Communication. Var tvisvar forseti deildarinnar, var forseti II. ráðs ITC og sinnti störfum fyrir landsvið samtakanna. Var hvatamaður að stofnun Handverksfélagsins Dyngjunnar í Mývatnsveit og sat í stjórn þess. Hafði forgöngu um stofnun Félags eldri Mývetninga. Var einn af aðalhvátamönnum að stofnun Mývatnssafns til varðveislu muna um lífið í Mývatnssveit fyrrum. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2003). **Jarðsett:** Reykjahlíðarkirkjugarði.

HÓLMFRÍÐUR RÓSENKRANZ (1875-1955) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VEITINGAKONA og MATSELJA. **Foreldrar:** Hólmfríður Björnsdóttir (1843-1922) og Ólafur Ólafsson Rósenkranz (1852-1929), leikfímikennari. **Systkin:** 1. Björn (1874-1935), 2. Jón (1879-1924). **Samstarfs- og sambýliskona:** Þórunn Finnsdóttir (1874-1937), veitingakona. **Uppeldisbarn þeirra:** 1. Katrín Ólafsdóttir (1904-1988). **Nám:** Stundaði nám í Kvennaskólanum í Reykjavík 1890-1891. Hólmfríður og Þórunn stunduðu nám í matreiðslu í Edinborg í Skotlandi. **Störf:** Þær áttu og ráku kaffi- og matsöluhúsið Café Uppsali frá 1902 til 1930, lengst af í húsi sínu að Aðalstræti 18 í Reykjavík. Seldu reksturinn 1930 Guðnýju Rósants Júlíusdóttur, en leigðu út veitingasalinn. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-23-29.

HÓLMFRÍÐUR [Fía] **ÞÓRHALLSDÓTTIR** (1930-1999) fædd í Laufási í Bakkadal, Ketildalahreppi við Arnarfjörð, látin í Reykjavík. BÓKAVÖRÐUR og LEIÐSÖGUMAÐUR. **Foreldrar:** Marta Guðmundsdóttir (1901-1987) og Þórhallur Guðmundsson (1900-1987), verkamaður. **Systkin:** 1. Guðmundur (1922-1941), 2. Ragnar Niels (1924-1924), 3. Margrét (1925-2014), 4. Guðrún (1927-2013), 5. Sigurður Stefán (1931-2020), 6. Ragnar (1933-2007), 7. Kristbjörg (1938-2018), 8. Guðmunda Erla (1942). **M:** 1949, Ólafur H. Jónsson (1927-1984), skipafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Steinþór (1950), 2. Þórhallur (1952), 3. Einar Jón (1954), 4. Þorgeir (1956), 5. Sigrún (1963), 6. Arnar Már (1966). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Laugarvatni 1947 og stundaði leiklistarnám í Reykjavík. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1983 og stundaði nám í sagnfræði og spænsku við Háskóla Íslands um tíma. **Störf:** Starfaði sem leiðsögumaður, var kennari á Vopnafirði í einn vetur, starfaði fyrir tímaritið *Veru* og Félag leiðsögumanna. Starfaði sem bókavörður við Bókasafn Kópavogs frá 1983. Lék í nokkrum sjónvarpsmyndum og kvikmyndum, m.a. aðalhlutverk í *Óðal feðranna* (1980) og í *Allt gott* (1992) í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar. **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga Leikfélags Kópavogs og lék og starfaði með félaginu í áratugi. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-296.

HREFNA / HARRIET FINNBOGADÓTTIR (1875-1950) fædd á Tindum í Geiradal, Austur-Barðastrandarsýslu, látin í Kaliforníu. LÆKNIR. **Foreldrar:** Mildríður Margrét Benediksdóttir (1848-1935) og Finnbogi Guðmundsson (1841-1884), smiður og skottulæknir. **Systkin:** 1. Guðrún (1866), 2. Þrúður Arndís (1867), 3. Sólrún (1870), 4. Rannveig Elísabet (1871), 5. Petra Margrét (1872). Fjölskyldan flutt til Vesturheims 1883. **M1:** 1900, John Kurtz, læknanemi (lést 1900). **M2:** 1909, Joseph A. McGraw, lögfræðingur (lést 1948). **Nám:** Nam við trúboðsskóla í Minneapolis í Bandaríkjunum. Lauk hjúkrunarnámi í Lincoln í Nebraska árið 1900. Stundaði framhaldsnám í hjúkrun við Battle Creek Sanatorium í Battle í Michigan og hafði þar konu sem yfirmann og yfirlækni sem var henni nýnæmi og vakti áhuga hennar á læknisfræði. Lauk læknanámi frá Bennett Medical College í Chicago 1907 og framhaldsnámi frá Loyola University

sama ár. Fékk læknaleyfi í Illinois. **Störf:** Setti upp læknastofu í Chicago 1907 en fékk enga sjúklinga. Flutti til Lincoln í Nebraska og opnaði læknastofu. Flutti til Kaliforníu vegna heilsuleysis næstu árin. Hóf störf að nýju um 1917. Var héraðslæknir í McPherson-héraði frá 1920 með aðsetur í Tryon. Setti upp læknastofu í North Platte í Nebraska 1937 og rak til ársins 1947. Flutti þá ásamt manni sínum til San Bernardino í Kaliforníu og setti þar upp læknastofu og rak til dauðadags 1950. Fékkst við ritstörf. Skrifaði margar greinar um fag sitt í blöð og tímarit. Orti ljóð á ensku og birti í tímaritum. **Félagsstörf:** Var í stjórn ýmissa stofnana, félaga og félagasamtaka. Var forseti læknafélagsins í Nebraska um árabíl og félagi í kvenrithöfundafélagi í Kaliforníu. **Jarðsett:** Líklega í Kaliforníu, Bandaríkjunum.

[KRISTJANA] **HREFNA INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR** (1920-2015) fædd í Laufási á Þingeyri við Dýrafjörð, látin í Reykjavík. ALPÝÐULISTAKONA og SKÁLD. **Foreldrar:** Þórdís Jónsdóttir (1883-1952) og Sigurður Friðrik Einarsson (1875-1962), kennari. **Systkin:** 1. Sigríður Ingveldur (1903-1903), 2. Lilja (1904-1995), 3. Jón (1905-1963), 4. Þórunn (1907-1997), 5. Einar (1910-1977), 6. Ásta Marsibil (1914-2002), 7. Sigurður (1916-1977), 8. Hrefna (1918-1919), 9. Gunnhildur Guðrún (1923-1988), 10. Fjóla (1925-2014). **M:** 1944, Kjartan Th. Ingimundarson (1923-2008), skipstjóri. **Börn þeirra:** 1. Helga Þóra (1945-2014), 2. Hreinn Hrafnkell (1946), 3. Jens (1951), 4. Þórunn (1956). **Störf:** Fékkst við myndlist. Samdi einnig ljóð og lög. Lék á píanó, gítar, munnhörpu og harmonikku. **Sýningar:** Hélt einkasýningar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Reykjavík (1993, 2000). Átti verk á samsýningum í Safnasafninu á Svalbarðsströnd og á sýningunni *Yfir Bjartsýnisbrúna* í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi (2003). Safnasafnið á 78 verk eftir Hrefnu. **Ljóðabækur:** *Hinumegin götunnar* (1985), *Grytta gatan* (1987) og *Gatnamót* (1991). **Kvikmynd:** Söng og spilaði á gítar í einu af upphafsatriðum kvikmyndarinnar *Stella í orlofi* (1986). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-4-24.

[PURÍÐUR] **HREFNA SAMÚELSDÓTTIR TYNES** (1912-1994) fædd á Tröð í Súðavíkurbreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. SKÁTAHÖFÐINGI. **Foreldrar:** Amalía Henrietta Rögnvaldsdóttir (1880-1963) og Samúel Jón Samúelsson (1885-1945), bóndi og vélstjóri. **Systkin:** 1. Elísabet (1913-1974), 2. Kristín (1913-1988), 3. Samúel Jón (1914-1996), 4. Hulda (1916-1996), 5. Guðný Kristjana (1918-2011), 6. Guðmundur Lúðvík (1921-1999). **M:** 1931, Sverre Alexander Tynes (1906-1962), trésmíðameistari. **Börn þeirra:** 1. Ásta Sólveig (1932), 2. Ottó (1937-2018), 3. Jón Arvid (1945). **Nám:** Lauk prófi frá Unglingaskóla Ísafjarðar 1928 og stundaði enskúnað í einkatímum. **Störf:** Var skrifstofumaður á skrifstofu bæjarfógetans á Siglufirði 1928-1931. Starfaði sem forstöðukona Kvenskátaskólans á Úlfjótuvatni 1947-1956. Var ráðunautur fyrir Reykjavík í Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar frá 1961. Starfaði á biskupsstofu í nokkur ár. **Félagsstörf:** Var skátaforingi á Siglufirði 1929-1939, í Noregi 1945, í Reykjavík til 1956 og varaskátahöfðingi 1948-1968. Var ritari Kirkjukórasambands Reykjavíkurprófastsdæmis, formaður kirkjukórs Nessóknar og formaður Kvenfélags Neskirkju í rúm 20 ár. **Bók:** Samdi og gaf út söngbók fyrir ljósálfa. Í bókinni *Tendraðu ljós* eru birt ljóð og greinar eftir Hrefnu (1992). **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Kvenskátafélaginu Valkyrjum á Siglufirði, Kvenskátafélagi Reykjavíkur og Skátafélaginu Ægisbúum í Reykjavík. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1980). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-60-58.

[GUÐLAUG] **HULDA HELGADÓTTIR** (1912-1995) fædd á Borgarfirði eystra, látin í Reykjavík. KOKKUR og YFIRPERNA. **Foreldrar:** Hólmfríður Björnsdóttir (1887-1964) og Helgi Björnsson (1877-1936), sjómaður. **Systkin:** 1. Elín Anna (1907-1960), 2. Björn (1909-1909), 3. Kristín Puríður (1910-1935), 4. Björn (1913-1949), 5. Vigfús Guðmundur (1915-1999), 6. Þórunn (1916-1920), 7. Regína Magdalena (1921-1996), 8. Jón (1930-1992). **M:** Þór Skaftason (1920-1982), yfirvélstjóri. **Störf:** Starfaði sem kokkur á síldarbatnum Degi um tíma. Var þerna og síðan yfirperna á farþegaskipinu Gullfossi í yfir tvo áratugi eða árin 1950-1973. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Y-535.

HULDA DÓRA JAKOBSDÓTTIR (1911-1998) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. BÆJARSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Sesselja Ármansdóttir (1884-1959) og Jakob Guðjón Bjarnason (1888-1933), vélstjóri. **Systkin:** 1. Gunnar (1913-1933), 2. Ármann (1914-1999), 3. Halldór Bjarni (1917-2008), 4. Guðrún (1920-2001). **M:** 1938, Finnboði Rútur Valdimarsson (1906-1989), bæjarstjóri og alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Elín (1937-2001), 2. Gunnar (1938-1993), 3. Guðrún (1940) 4. Sigrún (1943-2016) , 5. Hulda (1948-2005). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1931. Lauk cand.phil.-prófi frá Háskóla Íslands 1932 og stundaði síðar frönskunám við sama skóla. **Störf:** Starfaði sem gjaldkeri og erlendur bréfitari hjá Efnagerð Reykjavíkur 1932-1940. Var bæjarstjóri í Kópavogi 1957-1962, fyrsta konan sem bæjarstjóri hér á landi, og sinnti einkum uppbyggingu skóla í bænum og byggingu Kópavogskirkju, félagsheimilis og sundlaugar. Var umboðsmaður Brunabótafélags Íslands í Kópavogi. **Félags- og stjórnmalastörf:** Var m.a. formaður skólanefndar Seltjarnarhrepps hins forna 1946-1955 og formaður fræðsluráðs Kópavogskaupstaðar 1955-1962. Var formaður skólanefndar Kópavogsskóla, fyrsta skóla bæjarins, um langt árabíl. Sinnti formennsku í byggingarnefnd Kópavogskirkju og sat í sóknarnefnd í 10 ár. Sat í bæjarstjórn Kópavogs sem fulltrúi Frjálslyndra og vinstri manna 1970-1974. Gegndi starfi formanns Kvenfélags Kópavogs 1952-1954. **Æviminningar:** *Við byggðum nýjan bæ: minningar Huldu Jakobsdóttur* skráðar eftir frásögn hennar og heimildum, höfundur Gylfi Gröndal (1988). **Viðurkenningar:** Kjörin heiðursborgari Kópavogs (1976). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1994). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-1210.

HULDA AUÐUR KRISTINSDÓTTIR (1932-2000) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Helga Marín Níelsdóttir (1903-1986), ljósmóðir, og Kristinn Jóhann Helgason (1896-1935), vélstjóri. **Sammæðra systkin:** 1. Edda Rósa Marín Níels (1942-2014). **Samfeðra systkin:** 2. Jón Gunnar (1932-1985). **M:** 1951, Guðmundur Jónsson (1929-2010), píanókenari og píanóleikari, skildu 1973. **Börn þeirra:** 1. Auður Eir (1951), 2. Guðmundur Kristinn (1955), 3. Helga Kristín (1955), 4. Þórdís (1968). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950 og cand.oecon.-prófi frá Háskóla Íslands 1973. Sat námskeið á sviði sölu og áætlanagerðar hjá Stjórnunarfélagi Íslands og Félagi íslenskra iðnrekenda á árunum 1973-1988. Sótti námskeið í útflutningsfræðum hjá International Trade Center í Genf 1974, útflutnings- og markaðsmálum við Norges Eksportskole í Ósló 1979-1981 og markaðsfræðum og áætlanagerð við International Marketing Institute, Boston College í Boston 1988. Sat námskeið um fjárlagagerð og gerð rekstraráætlana hjá Stjórnsýslufræðslunni 1989-1991 og í gæðastjórnun og innra eftirliti í fiskvinnslu 1993 og 1994. **Störf:** Var framkvæmdastjóri Járnvöruverslunar Jes Zimsen 1970-1973, markaðsfulltrúi hjá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins 1973-1976, verkefnastjóri hjá iðnaðardeild Sambands íslenskra samvinnufélaga 1976-1979 og

hjá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins 1979-1982. Starfaði sem verktaki hjá Iðntæknistofnun Íslands 1983-1984. Veitti fyrirtækjaráðgjöf á eigin vegum 1984-1989 fyrir húsgagnaframleiðendur, Samband íslenskra samvinnufélaga, Útflutningsráð Íslands og Ríkismat sjávarafurða. Var fjármálastjóri hjá Ríkismati sjávarafurða 1989-1992, lausráðin hjá Fiskistofu vegna verkefna fyrir gæðastjórnunarsvið 1993-1994 og verkefnastjóri hjá Fiskistofu, gæðastjórnunarsviði frá 1994.

Jarðsett: Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-6-37.

HULDA ESTER MICHELSEN (1912-1985) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. LJÓSMYNDARI.

Foreldrar: Guðrún Pálsdóttir (1886-1967) og Jörgen Frank Michelsen (1882-1954), úrsmiður og kaupmaður. **Systkin:** 1. Karen Edit (1910-1965), 2. Pálína Elínborg (1911-2005), 3. Franch Berholt (1913-2009), 4. Kristín Rós (1915-1917), 5. Georg Bernhard (1916-2001), 6. Paul Valdimar (1917-1995), 7. Aðalsteinn Gottfreð (1918-1994), 8. Ottó Alfreð (1920-2000), 9. Elsa María (1922-1976), 10. Kristinn Pálmi (1926-2008), 11. Aage Valtýr (1928-2018).

Uppeldissystkin: 12. Anna Lísá Michelsen (1943). **Nám:** Lærði ljósmyndun hjá Jóni og Vigfúsi á Akureyri 1935-1939. **Störf:** Starfaði sem ljósmyndari í Kaupmannahöfn 1939-1945 og í Bandaríkjunum 1946-1947. Var ljósmyndari á rannsóknarstofu í Háskóla Íslands í yfir 30 ár eða árin 1949-1980. **Jarðsett:** Sauðárkrókskirkjugarði reit D-14-226.

HULDA RUNÓLFSDÓTTIR (1915-2013) fædd á Skarði í Gnúpverjahreppi, látin í Reykjavík.

KENNARI og ORGANISTI. **Foreldrar:** Kristín Bjarnadóttir (1883-1962) og Runólfur Björnsson (1887-1963), bóndi á Kornsá í Vatnsdal. **Samfeðra systkin:** 1. Álfhildur (1915-1981), 2. Birgir (1917-1970), 3. Jóhann Georg (1920-1947), 4. Ingunn (1921-1990), 5. Ásgerður (1924-1993), 6. Ísleifur (1927-1998), 7. Þormóður (1931-1977), 8. Árdís (1947-1950), 9. Guðrún Árdís (1950).

Fósturforeldrar: Ragnhildur Einarsdóttir (1879-1954) og Páll Lýðsson (1869-1943), bóndi og hreppstjóri. **Fóstursystkin:** 10. Einar (1903-1980), 11. Aldís (1905-2002), 12. Lýður (1906-1997), 13. Steinar (1910-1997), 14. Bjarni (1912-1987), 15. Ragnheiður (1921-2016). **M:** 1962, Sveinn Viggó Stefánsson (1913-1987), skrifstofumaður. **Börn þeirra:** 1. Erlingur (1947-2005), 2. Hjálmar (1958), 3. Ólafur (1960). **Nám:** Lauk kennaraprófi og söngkennaraprófi frá Kennaraskólanum í Reykjavík. Fór í námsferð til Þýskalands og Svíþjóðar 1965-1966. Tók námskeið í sérkennslu.

Störf: Var kennari og kirkjuorganisti í Bolungarvík 1938-1941, kennari við Kaþólska skólann í Hafnarfirði 1941-1943 og við Barnaskóla Hafnarfjarðar, síðar Lækjarskóla, árin 1943-1979.

Félagsstörf: Var formaður stjórnar Félags kennara á eftirlaunum 1989-1996. Starfaði sem leikkona og leikstjóri hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar og fleiri leikfélögum. **Jarðsett:**

Hafnarfjarðarkirkjugarði reit B-32-29.

HULDA ÁRDÍS STEFÁNSDÓTTIR (1897-1989) fædd á Möðruvöllum í Hörgárdal, látin á

Þingeyrum. KENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Steinunn Frímansdóttir (1863-1947) og Stefán Jóhann Stefánsson (1863-1921), skólastjóri. **Systkin:** 1. Valtýr (1893-1963). **M:** 1923, Jón Sigurður Pálmason (1886-1976), bóndi á Þingeyrum. **Barn þeirra:** 1. Guðrún Ólafía (1935-2016). **Nám:** Sótti nám við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1909-1912. Lauk prófi frá húsmæðraskólanum í Vordingborg í Danmörku 1916. Nam píanóleik og tónfræði í Tónlistarskóla Matthisson Hansen í Kaupmannahöfn 1916-1917 og var þar við framhaldsnám 1919-1921. **Störf:** Starfaði sem stundakennari í dönsku við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1921-1923 og kenndi einnig píanóleik þessi ár. Var skólastjóri Kvennaskólans á Blönduósi 1932-1937 og aftur 1953-1967. Var

skólastjóri Húsmæðraskóla Reykjavíkur frá stofnun hans árið 1941 og til 1953. **Félagsstörf:** Sinnti starfi organleikara í Þingeyrarkirkju í 15 ár. Var stofnfélagi í Kvenfélagi Sveinsstaðahrepps 1928 og í stjórn þess í 15 ár. Sat í stjórn Sambands norðlenskra kvenna og sem formaður 1960-1964. **Bók:** *Tóvinna: skýringar með litskygnum*, teikningar Elínbjört Jónsdóttir (1984).

Æviminningar: *Minningar*, handrit búið til prentunar af Hirti Pálssyni, fjögur bindi; 1. bindi: *Bernska*, 2. bindi: *Æska*, 3. bindi: *Húsfreyja í Húnaþingi*, 4. bindi: *Skólustarf og efri ár* (1985-1988). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1954) og Stórriddarakrossi (1969). **Jarðsett:** Þingeyrarkirkjugarði reit K-4-167.

HULDA SVEINSSON (1920-2012) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. BARNALÆKNIR. **Foreldrar:** Aðalbjörg Sigurðardóttir (1894-1969), saumakona, og Axel Sveinsson (1896-1957), verkfræðingur. **Samfeðra systkin:** 1. Sólveig (1933-2003), 2. Hlíf Borghildur (1945), 3. Bjarni Magnús (1947), 4. Hallgrímur (1948). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940. Lauk kandidatspróf í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1948 og sérfræðinámi í barnalækningum í Bretlandi 1951. **Störf:** Starfaði sem læknir í Reykjavík frá 1952, en var jafnframt aðstoðarlæknir við ungbarnavernd Líknar 1952-1955 og barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá 1955. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-63-10.

HULDA STEINUNN VALTÝSDÓTTIR (1925-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BLAÐAMAÐUR á *Morgunblaðinu*, BORGARFULLTRÚI og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1888-1959), listmálari, og Valtýr Stefánsson (1893-1963), ritstjóri. **Systkin:** 1. Helga (1923-1968). **M:** 1946, Gunnar Hansson (1925-1989), arkitekt. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1947), 2. Helga Guðrún (1953), 3. Hildigunnur Hansína (1957). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1945. **Störf:** Starfaði hjá *Morgunblaðinu*, var ritari föður síns um árabíl, en síðar blaðamaður. Fékkst við þýðingar. Þjó í Þrándheimi í Noregi á námsárum manns síns 1950-1953 og hóf þá að þýða verk eftir rithöfundinn Thorbjörn Egner. Þýddi eftir hann m.a. *Dýrin í Hálsaskógi*, *Karíus og Baktus* og *Kardemommubæinn*. Þýddi einnig sögurnar um *Bangsímon* eftir enska rithöfundinn A. A. Milne. **Stjórnsmálastörf:** Sat í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1982-1986 og var varaborgarfulltrúi 1986-1990. Var formaður umhverfisnefndar og fyrsti formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Árvakurs, útgáfufélags *Morgunblaðsins* 1989-2005 og var varaformaður stjórnar 1989-1995. Var formaður Skógræktarfélag Íslanda 1981-1999 og formaður nefndar um landgræðsluskógaátakið Ár trésin. Sat í stjórnnum Landgræðslusjóðs, Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Var skipuð formaður orðunefndar 2002. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1990), Stórriddarakrossi (1996) og Stórriddarakrossi með stjörnu (2003). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Æ-128.

HÖGNA SIGURÐARDÓTTIR (1929-2017) fædd í Birtingaholti í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. ARKITEKT. **Foreldrar:** Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir (1905-2004) og Sigurður Friðriksson (1898-1980), útgerðarmaður. **Alsystkin:** 1. Móeiður (1944). **Samfeðra systkin:** 2. Sigurður (1926-2003). **M:** 1953, Gerald Anspach (1922), listaverkasala, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Sólveig Anspach (1960-2015), 2. Þórunn Edda Anspach (1964). **Nám:** Lauk stúdentsprófi úr máladeild frá Menntaskólanum í Reykjavík 1948 og úr stærðfræðideild 1949. Stundaði nám við École Nationale Supérieure des Beaux Arts í París 1949-1960 og lauk lokaprófi þaðan í arkitektúr

1960. Fékk sérstaka viðurkenningu, svonefnd Guadet-verðlaun, fyrir bestu prófsteikninguna, ásamt heiðursverðlaunum Félags franskra arkitekta sem veittu henni starfsréttindi í Frakklandi. **Störf:** Rak eigin teiknistofu í París 1961-1972 og eftir það ásamt arkitektunum Andre Crespel og Jean Pierre Humbaire, en árið 1988 bættist Bernard Ropa arkitekt í hópinn. Var þekkt fyrir framsækna hönnun og óvenjulega efnisnotkun, en hönnun einbýlishúss að Bakkaföt 1 í Garðabæ hefur verið talið eitt af eftirtektarverðustu verkum íslenskrar byggingalistar á 20. öld og ein af eitt hundrað merkustu byggingum í Norður- og Mið-Evrópu á 20. öld. Fyrsta verkefni hennar var íbúðarhús í Vestmannaeyjum sem var fyrsta verk eftir kvenkyns arkitekt á Íslandi. **Félagsstörf:** Tók sæti í akademíu franskra arkitekta 1992. **Viðurkenningar:** Hlaut heiðursorðu Sjónlistar fyrir einstakt framlag til íslenskrar nútímabyggingarlistar (2007) og útnefnd heiðursfélagi Arkitektafélags Íslands (2008). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2010). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit R-C-126.

I

IDA INGÓLFSDÓTTIR (1912-2004) fædd á Innra-Hólmi í Innri-Akraneshreppi, látin í Reykjavík. FÓSTRA og FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Hlín Jónsdóttir Johnson (1876-1965) og Ingólfur Jónsson (1857-1933). **Alsystkin:** 1 Ingólfur (1898-1912), 2. Páll (1903-1975), 3. Sigríður (1905-1976), 4. Hlín (1909-1993), 5. Guðrún (1914-2006), 6. Ethel Arnórsson (1916-2004). **Sammæðra systkin:** 7. Jón Eldon Magnússon (1919-1968). **Nám:** Lærði uppeldisfræði í Svíþjóð frá 1938 og út stríðsárin, m.a. í sósíalpedagógískum skóla sem Alva Myrdal stjórnaði og einnig umönnun taugaveiklaðra barna. **Störf:** Var forstöðukona við barnaheimilið á Hörðuvöllum í Hafnarfirði 1947 og starfaði við Barnaheimilið Tjarnarborg um tíma. Var forstöðukona barnaheimilisins/leikskólans í Steinahlíð í Reykjavík árin 1949-1982 og átti þar heima þessi ár. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit B-1-1.

ÍÐUNN GÍSLADÓTTIR (1926-2013) fædd á Stóru-Reykjum í Hraungerðishreppi í Flóa, látin á Selfossi. FÓSTRA og KENNARI. **Foreldrar:** María Þ. Jónsdóttir (1885-1960), handavinnukennari, og Gísli Jónsson (1877-1960), bóndi og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Jón (1917-1995), 2. Kristín María (1918-2011), 3. Helga (1919-1987), 4. Jón Haukur (1920-2002), 5. Siggí (1922-2015), 6. Oddný (1923-1992), 7. Sólveig (1924-2016), 8. Ingibjörg (1928-2013). **M:** 1954, Snorri Sigfinnsson (1929-2004), bifvélavirki. **Börn þeirra:** 1. Sigfinnur (1954), 2. Bryndís (1957), 3. Hannes (1959), 4. Björn (1963). **Nám:** Lauk fósturprófi frá Uppeldisskóla Sumargjafa 1950, framhaldsnámi í föndri og rekstri skóladaðheimila í Danmörku 1952 og prófi frá Kennaraskóla Íslands 1982. **Störf:** Starfaði sem fóstura um árabíl á dagheimilum og leikskólum. Var kennari við Barnaskólann á Selfossi og sinnti síðar sérkennslu við Sólvallaskóla á Selfossi til starfsloka 1997. **Félagsstörf:** Var formaður barnaverndarnefndar Selfoss um árabíl. Sat í stjórn Fóstrufélags Íslands. Tók virkan þátt í stjórnmalastarfi fyrir Alþýðubandalagið. **Jarðsett:** Selfoskirkjugarði reit J-2-28.

INDÍANA GUÐLAUGSDÓTTIR (1922-1994) fædd á Laugalandi í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Guðríður Björg Sigurðardóttir (1890-1972) og Guðlaugur Þorsteinsson (1889-1970), trésmiður. **Alsystkin:** 1. Þorsteinn Guðni (1917-2001), 2. Sigurður Ingibergur (1919-1957), 3. Guðbjörn Árni (1920-2006), 4. Sveinbjörn (1925-2017), 5. Emelía (1929-2007). **Samfeðra systkin:** 6. Laufey (1918-2006). **Nám:** Lauk handavinnukennara-

prófi frá Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík 1949. Sótti námskeið í Engelsholm Höjskole í Danmörku 1951, handavinnunámskeið í Danmörku 1952 og síðar við Askov Höjskole og Snog Höjskole í Danmörku og loks Fashion Academy í New York 1955-1956. Lauk BA-prófi í almennum listgreinum og listasögu frá Florida State University 1978. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskóla Suðurlands 1949-1955, 1957, 1959-1960 og 1978-1979. Kenndi við Lindargötu-skólann í Reykjavík 1960-1970, Gagnfræðaskólann á Selfossi 1970-1973, Fóstruskóla Íslands 1970-1980, geðdeild Borgarspítalans 1980-1981, Héraðsskólann á Reykjum 1981-1984 og Langholtsskóla í Reykjavík 1984-1992. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-16-73.

INGA BJÖRNSDÓTTIR (1922-2008) fædd á Eiríksstöðum á Jökuldal, látin á Akureyri. **LÆKNIR.** **Foreldrar:** Árný Sigríður Stígsdóttir (1902-2002) og Björn Jónsson (1891-1950), bóndi, kennari og síðar landpóstur á Seyðisfirði. **Alsystkin:** 1. Guðrún (1929-1971). **Samfeðra systkin:** 2. Guðmundur (1913-1992), 3. Guðjón (1915-1948). **M:** 1951, Sverrir Sigurðsson (1916-1996), húsasmíðameistari á Akureyri. **Börn þeirra:** 1. Björn (1952), 2. Ármann (1956), 3. Sólveig Hólmfríður (1962). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1941. Lauk cand med.-prófi frá Háskóla Íslands 1949 og fékk almennt lækningaleyfi 1951. **Störf:** Starfaði á árinu 1949 sem aðstoðarlæknir hjá héraðslækninum í Breiðumýrarhéraði, síðar á Kristneshæli og loks hjá héraðslækninum í Neshéraði á Norðfirði. Var kandídat á Landspítalanum 1949-1951. Var héraðslæknir í Bakkagerðishéraði, starfaði á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og var aðstoðarlæknir hjá héraðslækninum í Akureyrarhéraði á árunum 1951-1961. Var sjálfstætt starfandi læknir á Akureyri 1963-1985 og heilsugæslulæknir á Heilsugæslustöðinni á Akureyri frá 1985 til starfsloka 1992. **Félagsstörf:** Starfaði í Læknafélagi Akureyrar. Var félagi í Zontaklúbbi Akureyrar, sat í stjórn hans og var formaður um skeið. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi Læknafélags Akureyrar, fyrst kvenna (2005). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit F-1-34.

INGA HULD HÁKONARDÓTTIR (1936-2014) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **SAGNFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Ólöf Dagmar Árnadóttir (1909-1993), íþróttakennari og rithöfundur, og Hákon Guðmundsson (1904-1980), hæstaréttarritari og síðar yfirborgardómari í Reykjavík. **Systkin:** 1. Auður Hildur (1938), 2. Hjördís Björk (1944). **M1:** Leifur Þórarinsson (1934-1998), tónskáld. **Börn þeirra:** 1. Hákon (1958), 2. Alda Lóa (1962), 3. Þórarinn Böðvar (1966). **M2:** Kristján Árnason (1934-2018), bókmenntafræðingur, rithöfundur, þýðandi og háskóla-kennari. **Nám:** Lauk BA-prófi í sagnfræði og ensku frá Háskóla Íslands 1969. Stundaði framhaldsnám í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla til 1984. **Störf:** Var blaðamaður á *Tímanum*, *DV* og *Heimsmynd* 1965-1988. Stundaði rannsóknir og ritstörf og skrifaði fjölda fræðigreina í sagnfræði og kvennasögu sem birtust í tímaritum og bókum. Fékkst við þýðingar. **Bækur:** M.a. viðtalsbækurnar *Lífssaga baráttukonu*, *Inga Huld Hákonardóttir rekur feril Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur* (1985) og *Ég og lífið: Inga Huld Hákonardóttir ræðir við Guðrúnu Ásmundsdóttur* (1989). Ritaði á sviði sagnfræði *Fjarri hlýju hjónasængur – öðruvísi Íslandssaga* (1992, 1995) og ritstýrði bókinni *Konur og kristsmenn*. Var ráðgjafi um kvensjónarhorn við *Kristnisögu I-IV* og ritstjóri afmælisritsins *Kvennaslóðir*, til heiðurs Sigríði Erlendsdóttur. Þýddi nokkrar bækur, m.a. bókina *Eimyrja* eftir Samuel Beckett (1972) og *Óvænt endalok* eftir Mary Stewart (1983). **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags um 18. aldar fræði og í stjórn samtaka um Maríusetur. **Jarðsett:** Selfosskirkjugarði reit L-1-39.

INGA LÁRA LÁRUSDÓTTIR (1880-1949) fædd í Selárdal í Vestur-Barðastrandarsýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI**, RITSTJÓRI og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Ólafía Sigríður Ólafsdóttir (1849-1904) og sr. Lárus Benediktsson (1841-1920), prestur í Selárdal. **Systkin:** 1. Ólafía Guðrún (1879-1954), 2. Ólafur (1885-1961), 3. Ingveldur Benedikta (1888-1957), 4. Áslaug (1890-1956). **Nám:** Sótti nám í Kvennaskólanum í Reykjavík 1902-1903. Stundaði nám í Danmörku og Svíþjóð 1904-1907, m.a. við Berlitz School of Language í Kaupmannahöfn. Fór einnig til Svíþjóðar til að læra handiðnir 1910-1911. **Störf:** Kenndi við Barnaskóla Reykjavíkur 1907-1917 og Kvennaskólann í Reykjavík frá árinu 1921. Gaf út tímaritið *19. júní* 1917-1929. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Lestrafélagi kvenna 1911 og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands 1913. Var fyrsti formaður Bandalags kvenna, stofnað 1917. Var í Kvenréttindafélagi Íslands og sat í stjórn þess 1912-1913. Tók virkan þátt í alþjóðastarfi kvenfélaga. Sótti m.a. fund Alþjóðasambands kosningaréttarféлага í Stokkhólmi 1911 fyrir Kvenréttindafélagið, fundi International Congress of Women í Ósló 1920 og í Washington 1925 fyrir Bandalag kvenna og var fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands á kvennastórþinginu í Stokkhólmi 1911. Sat í stjórn Mæðrastyrksnefndar og í stjórn Kvennaheimilisins sem byggði Hallveigarstaði. Var ritari Landspítalanefndar og síðar formaður nefndarinnar 1941-1949. **Stjórnmalastörf:** Var fulltrúi í bæjarstjórn Reykjavíkur 1918-1922, en í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík 1918 bauð félagið Sjálfstjórn (félag borgara sem sameinuðust gegn Alþýðuflokksmönnum) Bandalagi kvenna annað sætið á lista sínum og tók Inga Lára sætið. Sat í fátækranefnd, leikvallanefnd og dýrtíðarnefnd. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-35-23.

INGA [INGVELDUR ANNA] ÞÓRÐARDÓTTIR (1911-1973) fædd í Klöpp í Flóahreppi, Árnessýslu, látin í Reykjavík. **LEIKKONA**. **Foreldrar:** Sæfinna Jónsdóttir (1868-1961) og Þórður Sigurðarson (1858-1941), sjómaður og verkamaður. **Alsystkin:** 1. Ásta (1901-1966), 2. Páll (1903-1992), 3. Filippía (1904-1920), 4. Þorfinnur (1907-1908), 5. Hinrik Andrés (1909-1998), 6. Ágúst (1910-1911). **Sammæðra systkin:** 7. Eiríkur Valdimar (1893-1977), 8. Jónína Þóra (1896-1967). **Samfeðra systkin:** 9. Sigurður (1895-1951). **M:** 1938, Alfred Ferdinand Nielsen Andrésón (1908-1956), verslunarmaður og leikari. **Barn þeirra:** 1. Laila Andrésón (1938-2013). **Störf:** Starfaði sem leikkona hjá Leikfélagi Reykjavíkur og lék þar 13 hlutverk, m.a. Ingunni í *Péttri Gaut* (1943) og Staðar-Gunnu í *Manni og konu* (1945). Lék 32 hlutverk hjá Þjóðleikhúsinu, m.a. snædrottninguna í *Snædrottningunni* (1950), sveitakonu í *Góða dátanum Svæk* (1955), frk. Higa Jiga í *Tehúsi ágústmánans* (1956), frú Daan í *Dagbók Önnu Frank* (1957), Ponciu í *Húsi Bernörðu Alba* (1965) og Hnallþóru í *Kristnihaldi undir jökli* (1969). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-9-22.

INGIBJÖRG BENEDIKTSDÓTTIR (1885-1953) fædd á Bergsstöðum í Hallárdal, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI** og SKÁLD. **Foreldrar:** Ásta Þorleifsdóttir (1851-1953) og Benedikt Sigmundsson (1842-1915), bóndi. **M:** 1917, Steinþór Guðmundsson (1890-1973), kennari. **Börn þeirra:** 1. Svanhildur (1919-1981), 2. Ásdís (1920-2000), 3. Böðvar (1922-1975), 4. Haraldur (1925-2005). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1909 og sótti kennaranámskeið í Reykjavík 1910 og 1912. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann á Blönduósi 1910-1913 og kennari við barnaskóla á Akureyri og í Reykjavík 1913-1922. Skrifaði smásögur, ljóð og ritgerðir sem birtust í blöðum og tímaritum. **Ljóðabækur:** *Frá afdal – til Austurstrætis*

(1938) og *Horft yfir sjónarsviðið* (1946). **Félagsstörf:** Var félagi í Kvenréttindafélagi Íslands og sat um skeið í stjórn þess. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-1-73.

INGIBJÖRG BJARNADÓTTIR (1895-1999) fædd í Steinskoti á Eyrarbakka, látin í Reykjavík. FORSTJÓRI. **Foreldrar:** Katrín Jónsdóttir (1862-1917) og Bjarni Bjarnason (1852-1904), bóndi í Steinskoti og Einarshöfn á Eyrarbakka. **Alsystkin:** 1. Jóhann Guðlaugur (1887-1887), 2. Jóhann Elí (1890-1951). **Samfeðra systkin:** 3. Bjarni (1880-1898). **Nám:** Stundaði nám við Lýðháskóla í Köng á Fjöni 1923-1925 og verslunarskóla í Kaupmannahöfn 1925-1927. Fór í nám í fatasaumi á Tilskaerakademien í Kaupmannahöfn og síðan nærfata- og lífstykkjagerð hjá K. Hansen í Kaupmannahöfn 1931-1932. **Störf:** Stundaði verslunarstörf á Eyrarbakka og kennslu við Barnaskólann þar. Starfaði sem heimiliskennari að Vindheimum í Ölfusi einn vetur og að Óslandi í Skagafirði 1922. Sinnti skrifstofustörfum hjá Kaupfélagi Borgfirðinga í nokkur ár. Stofnaði árið 1937 Nærfatagerðina A.I.K. s/f ásamt vinkonum sínum Ástu Þorsteinsdóttur og Kristjönu Blöndal og rak hana í um 30 ár. **Félagsstörf:** Var félagi í Kvenfélagi Eyrarbakka og formaður þess um skeið. Starfaði frá 1953 í Zontaklúbbi Reykjavíkur, kjörin í stjórn árið 1954 og var formaður 1957-1958. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi Kvenfélags Eyrarbakka. **Jarðsett:** Eyrarbyggjakirkjugarði reit 104.

INGIBJÖRG H. BJARNASON (1867-1941) fædd á Þingeyri við Dýrafjörð, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI og ALÞINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Jóhanna Kristín Þorleifsdóttir (1834-1896) og Hákon Bjarnason (1828-1877), kaupmaður. **Alsystkin:** 1. Þorleifur Jón (1863-1935), 2. Lárus Kristján Ingvaldur (1866-1934), 3. Ágúst H. (1875-1952). **Samfeðra systkin:** 4. Valgerður Sumarlína (1855-1944). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1882. Var við nám hjá Þóru Pétursdóttur 1882-1884 í kvenlegum listum ásamt dönsku, ensku og teikningu. Stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn 1884-1885 og aftur 1886 í ýmsum greinum. Lauk leikfimi-kennaraprófi við Institut Paul Petersen. Dvaldi í Kaupmannahöfn við nám og störf til ársins 1893. Kynnti sér skólalald í Þýskalandi og Sviss 1901-1903. **Störf:** Kenndi við Kvennaskólann 1893-1901, m.a. leikfimi, bróderí, útsaum, léreftasaum, hvítbróderí, teiknun, dans, heilsufræði og dönsku. Kenndi m.a. leikfimi við Barnaskólann í Reykjavík 1901. Varð aftur kennari við Kvennaskólann 1902-1906 og síðan skólastjóri Kvennaskólans frá 1906 til æviloka 1941. **Stjórnmalastörf:** Var landskjörin alþingismaður 1922-1930 fyrir Kvennalistann eldri, Íhaldsflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn, fyrst kvenna kosin til setu á Alþingi. **Félagsstörf:** Var formaður Landspítalásjóðsnefndar frá stofnun sjóðsins 1915 til æviloka. Sat í Landsbankanefnd 1928-1932 og í menntamálaráði 1928-1943. **Viðurkenning:** Styttta af Ingibjörgu var afhjúpuð við Alþingishúsið í Reykjavík árið 2015. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-412.

INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR (1917-2009) fædd í Hrísey, látin á Akureyri. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Rósa Benediktsdóttir (1885-1969) og Björn Helgason (1881-1923), bátsformaður. **Alsystkin:** 1. Pálína (1921-2007). **Sammæðra systkin:** 2. Guðlaugur (1907-1935), 3. Septína (1909-1909), 4. Stefán (1912-1984). **Fósturforeldrar:** Signý Margrét Sæmundsdóttir (1864-1949) og Björn Bjartmarsson (1861-1923), bóndi og sjómaður. **Fóstursystkin:** 5. Axel (1895-1967), 6. Karl Emil (1896-1994), 7. Unnur (1901-1954), 8. Bjartmar (1904-1960), 9. Þórlaug Guðný (1907-1999). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði 1938-1939. Varð handavinnukennari frá hannyrðaskóla í Svíþjóð. Lauk ljósmæðraprófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1951 og

sótti framhaldsnám í Svíþjóð og Skotalandi í sex mánuði 1957. **Störf:** Starfaði við Hannyrða-
verslun Ragnheiðar O. Björnsson á Akureyri í fjögur ár og á Kristneshæli 1936-1938. Var
ljósmóðir í Hrísey og á Dalvík 1952-1954 og yfirljósmóðir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri
1955-1983. Starfaði við mæðravernd á Heilsugæslustöðinni á Akureyri 1985-1990. **Félagsstörf:**
Starfaði með Zontakonum á Akureyri og sat í stjórn klúbbsins í mörg ár, sem formaður 1971-
1972. Var félagi í Kvenfélaginu Hlíf og Ferðafélagi Akureyrar. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi
Ljósmeðrafélags Íslands og Ferðafélags Akureyrar. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit I-6-45.

INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR (1918-2014) fædd í Fagranesi á Reykjaströnd í Skagafirði, látin í
Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Dýrolína Jónsdóttir (1877-1939), kennari og skáld, og Björn Helgi
Guðmundsson (1882-1966), bóndi. **Systkin:** 1. Áslaug Kemp (1922-1995). **M:** Jónas Guðjónsson
(1916-2004), kennari. **Börn þeirra:** 1. Ingvar Bergur (1944-1952), 2. Ragnar (1947), 3. Björn Helgi
(1950), 4. Sigrún (1953-1964). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Staðarfelli 1940-
1941. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1954. **Störf:** Rak Smábarnaskóla Laugarness á
heimili sínu ásamt Jónasi manni sínum og Teiti Þorleifssyni kennara árin 1949-1968. Var kennari
við Laugarnesskóla í Reykjavík 1957-1961, Laugalækjarskóla í Reykjavík 1962-1968 og aftur við
Laugarnesskóla 1969-1986. Tók að sér að sjá um mat fyrir starfsfólk Laugarnesskóla 1969-1971.
Jarðsett: Fossvogskirkjugarði reit F-34-12.

INGIBJÖRG BRANDS [GUÐBRANDSDÓTTIR] (1878-1929) fædd í Stöðlakoti í Reykjavík, látin í
Sorø í Danmörku. LEIKFIMI- og SUNDKENNARI. **Foreldrar:** Bergþóra Jónsdóttir (1850-1907) og
Guðbrandur Eiríksson (1852-1936), sjómaður og múrari. **Systkin:** 1. Guðrún Anna (1880-1953),
2. Jón Eiríkur (1885-1962). **Nám:** Sótti Kvennaskólann í Reykjavík 1893-1895. Lauk kennaranámi
í leikfimi frá Statens Lærerhøjskole í Kaupmannahöfn 1902-1903 og var í sundnámi við Statens
Kursus. **Störf:** Var leikfimikennari við Barnaskólann í Reykjavík 1903-1928. Kenndi einnig
kvennemendum Kennaraskólans leikfimi. Kenndi stelpum og konum sund í Sundlaugunum í
Laugarnesi frá árinu 1907. **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga Kvenréttindafélagsins. Var
formaður Skautafélags Reykjavíkur um árabíl, sat í stjórn Sundfélags Reykjavíkur. Var ævifélagi
Í.S.Í. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-115.

INGIBJÖRG [Stella] **BÖÐVARSDÓTTIR** (1915-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.
LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Guðrún Skúladóttir (1883-1965) og Böðvar Jónssonar (1879-
1954), efnisvörður. **Systkin:** 1. Jón (1912-1986), 2. Gunnar (1914-1966), 3. Ragnheiður (1921-
2013), 4. Sigurbjörg (1923-2008). **M:** Reynir Guðmundsson (1906-1988), vélstjóri. **Nám:** Tók
stúdentspróf úr stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík 1935. Var við nám í lyfjafræði í
Reykjavíkur Apóteki 1935-1938 og lauk fyrrihlutaprófi í lyfjafræði. Stundaði nám við
Lyfjafræðiháskólann í Kaupmannahöfn 1939-1941 og lauk þaðan lyfjafræðiprófi. **Störf:** Starfaði
eitt ár sem aðstoðarlyfjafræðingur í Reykjavíkur Apóteki og vann að lyfjafræðiprófi loknu á
rannsóknastofu lyfjafyrirtækisins Ferrosan í Kaupmannahöfn 1941-1945. Var við störf í
Reykjavíkur Apóteki 1945-1954 og Garðsapóteki 1959-1970. Stofnaði Lyfjabúð Breiðholts 1970
og rak til ársins 1985. Ritaði greinar í *Tímarit um lyfjafræði* og var í ritnefnd *Lyfjafræðingatals*
(1982). **Félagsstörf:** Sat í stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands 1947-1950 og 1965-1969 og stjórn
Menningarsjóðs lyfjafræðinga 1966-1970. Sat í Minjanefnd lyfjafræðinga frá stofnun 1978 og í
stjórn Lyfjafræðisafnsins til dauðadags. **Viðurkenningar:** Var kjörin heiðursfélagi í Lyfjafræðinga-

félagi Íslands (1987). Sérútgáfa af *Tímariti um Lyfjafræði* kom út í tilefni af áttæðisafmæli hennar (1995). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1995). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit B-29-34.

INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR / Inga Laxness (1908-1994) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Sigríður Þorláksdóttir Johnson (1877-1960) og Einar Arnórsson (1880-1955), prófessor og ráðherra. **Systkin:** 1. Guðrún (1909-1928), 2. Áslaug (1911-1948), 3. Ásgerður (1913-1997), 4. Hrafnhildur (1915-1964), 5. Logi (1917-2000). **M1:** Halldór Kiljan Laxness (1908-1998), rithöfundur, skildu 1940. **Barn þeirra:** 1. Einar Kiljan Laxness (1931-2016). **M2:** 1960, Óskar Gíslason (1901-1990), ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður. **Nám:** Stundaði verslunarnám við Verslunarskóla Íslands 1922-1924 og síðan í London. Sótti nám í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 1940-1941 og síðan einkánám í leiklist hjá kennurum við The Royal Academy of Dramatic Art í London 1944 og nám í leiklist og leikstjórn hjá Tamara Daykaranova School of Dramatic Art í New York 1946. **Störf:** Stundaði skrifstofustörf, lengst á Skattstofu Reykjavíkur, allt til ársins 1978. Var starfandi leikkona á árunum 1941-1955. Lék hjá Leikfélagi Reykjavíkur m.a. Lottie Frady í *Gift eða ógift* (1944) og Liðsforingjaekku í *Eftirlitsmanninum* (1947), hjá Þjóðleikhúsinu m.a. Ljósbjörtu í *Nýársnóttinni* (1949) og víðar. Annaðist auk þess leikstjórn bæði úti um land og í útvarpi. Þýddi leikrit og annað efni úr ýmsum tungumálum, m.a. *Gasljós* eftir Patrick Hamilton (1958) og *Góðir eiginmenn sofa heima* eftir Walter Ellis (1963). **Æviminningar:** *Í aðalhlutverki Inga Laxness: endurminningar Ingibjargar Einarsdóttur*, höfundur Silja Aðalsteinsdóttir (1987). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-2-16.

[PÁLA] **INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR EYFELLS** (1895-1977) fædd á Hálsi í Fnjóskadal, Þingeyjar-sýslu, látin í Reykjavík. HANNYRÐAKONA og KAUPKONA. **Foreldrar:** Jóhanna Katrín Eggertsdóttir Briem (1872-1962) og sr. Einar Pálsson (1868-1951), prestur. **Systkin:** 1. Eggert Ólafur Briem (1894-1974), 2. Gunnlaugur (1897-1929), 3. Hróðný *Svanbjörg* (1899-1986), 4. Kristín *Valgerður* (1901-1988), 5. Páll Björn (1905-1980), 6. Vilhjálmur Einar (1907-2000). **M:** Eyjólfur Eyfells (1886-1979), listmálari. **Börn þeirra:** 1. Einar (1922-1994), 2. Jóhann Kristján (1923-2019), 3. Kristín Ingibjörg (1925-1984), 4. Elín Rannveig (1926). **Nám:** Útskrifaðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1913. Sótti kennaranámskeið í Reykjavík. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann á Blönduósi 1913-1918. Stundað kennslu bæði einka- og stundakennslu. Kenndi um árabil í handavinnudeild Kennaraskólans og á vegum Heimilisiðnaðarfélags Reykjavíkur. Stofnaði árið 1920 ásamt Kristínu Jónsdóttur Hannyrðaverslunina Baldursbrá sem þær ráku saman í meira en 50 ár á neðri hæðinni á Skólavörðustíg 4a, Reykjavík, en húsið keyptu Ingibjörg og Eyjólfur árið 1920. Sérgreinar þeirra voru gerð íslenska kvenbúningsins og tóvinna. **Félagsstörf:** Var lengi í stjórn Heimilisiðnaðarfélags Reykjavíkur. Stóð fyrir skógrækt í landi Reykholts. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit J-297.

INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR (1908-2004) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Geirlaug Stefánsdóttir (1881-1967) og Guðmundur Bjarni Kristjánsson (1879-1947), skipstjóri og kennari. **Systkin:** 1. Herdís (1910-1997), 2. Skúli (1912-1914), 3. Ragnheiður (1915-2012). **M:** 1938, Þorvaldur Guðmundsson (1911-1998), forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Geirlaug (1939), 2. Skúli (1941), 3. Katrín (1949). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1929. Stundaði nám í Reykjavíkrapóteki 1929-1934. Lauk

exam.pharm.-prófi 1934. Sótti framhaldsnám hjá Den Farmaceutiske Læreanstalt í Kaupmanna-
höfn frá 1935 og hlaut cand.pharm.-gráðu 1937. **Störf:** Var aðstoðarlyfjafraeðingur í
Reykjavíkurapóteki 1934-1935. Starfaði um tíma hjá Rannsóknarstofu Háskólans og var
lyfjafraeðingur í Reykjavíkurapóteki 1937-1941. **Félagsstörf:** Var formaður Félags íslenskra
háskólakvenna og Kvenstúdentafélags Íslands í 17 ár. Tók á þeim tíma virkan þátt í félags-
störfum Alþjóðasambands háskólakvenna en árið 1966 var haldinn fulltrúaráðsfundur
sambandsins hér á landi. Félagið vann í þágu UNICEF-Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna nánast
frá upphafi með því að sjá um sölu á kortum samtakanna. Ingibjörg átti frumkvæði að því að
mynd af gömlu altarisklæði í eigu Þjóðminjasafns Íslands prýddi eitt korta UNICEF. Átti
frumkvæði að stofnun Inner Wheel á Íslandi, félagsskapar kvenna sem tengist Rótarý-
hreyfingunni. Var félagi í Zontaklúbbsi Reykjavíkur. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-6-166.

INGIBJÖRG RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR (1949-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.
SKRIFSTOFUMAÐUR og VARAFORSETI ASÍ. **Foreldrar:** Helga Sigríður Eiríksdóttir (1915-2003) og
Guðmundur Jónsson (1908-1973), fulltrúi. **Systkin:** 1. María (1943-1980). **Kjörbörn Ingibjargar:**
1. Bjarni Jónsson (1982), 2. Andrés Jón Esrason (1986). **Sambýlismaður:** Jón Austmar
Sigurgeirsson (1949), þau slitu samvistum. **Nám:** Lauk verslunarprófi 1969 og stúdentsprófi
1971 frá Verslunarskóla Íslands. **Störf:** Starfað hjá Eimskip, Flugleiðum og síðan fyrir
verkalýðshreyfinguna í rúmlega 30 ár. Starfaði hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur frá árinu
2002. **Félagsstörf:** Sat í skólanefnd V.Í. frá 1979, lengst af sem varaformaður. Sat í stjórn
Verslunarmannafélags Reykjavíkur (VR) frá árinu 1975 og kosin formaður Landssambands
íslenskra verslunarmanna (LÍV) árið 1989. Sat lengi í sambandsstjórn ASÍ og var kjörin þar í
miðstjórn. Var varaforseti ASÍ 1992-2010. Sat í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna 1995-2009.
Viðurkenningar: Sæmd gullmerki LÍV og gullmerki VR. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit X-434.

INGIBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR (1906-1999) fædd á Akureyri, látin á Akureyri. KAUPKONA og
VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Rósfríður Guðmundsdóttir (1876-1969) og Halldór
Halldórsson (1878-1964), söðlasmiður. **Systkin:** 1. Guðrún (1903-1992), 2. Stefán (1913-1978),
3. María *Lára* (1917-2005). **M:** 1931, Magnús Bjarnason (1900-1992), skipasmíðameistari. **Börn
þeirra:** 1. Guðrún (1932), 2. Hallfríður Bryndís (1939-2017), 3. Áslaug Ingibjörg (1944), 4. Bjarni
Halldór (1947-2016). **Störf:** Rak um árabíl verslunina Björk á Akureyri. **Félags- og stjórn mála-
störf:** Sat í áratugi í stjórn Sjálfstæðiskvennafélagsins Varnar. Var lengi fulltrúi Sjálfstæðis-
flokksins í framfærslunefnd Akureyrarbæjar. Skipulagði orlofsdvöl húsmæðra. Var stofnfélagi í
Kvenskátafélagi Akureyrar. Sat lengi í stjórn kvenfélagsins Framtíðarinnar og beitti sér þar fyrir
byggingu Hjúkrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri og sat lengi í stjórn þess. Var ein af stofnendum
og átti lengi sæti í stjórn Zontaklúbbs Akureyrar og átti virkan þátt í að Nonnahúsið á Akureyri
var gert að safni. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorður (1982).
Jarðsett: Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit F-9-61.

INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR (1942-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKÁLD, ÞYÐANDI
og LEIKSTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Elísabet Guðmundsdóttir (1917-1991), skrifstofumaður, og
Haraldur Björnsson (1917-1988), sjómaður og afgreiðslumaður. **Systkin:** 1. Rannveig (1945), 2.
Þröstur (1950). **Samfeðra systkin:** 3. Jón Gunnar (1938-1989). **M1:** Idelfonso Ramos Valdés
(1936-2010), kvikmyndagerðarmaður, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Ramos Hilmar (1975), hét áður

Ernesto Hilmar Ramos. **M2:** Eiríkur Guðjónsson (1954), þau skildu. **Barn þeirra:** 2. Kristín Eiríksdóttir (1981). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1962. Lauk mag.art.-prófi í kvikmyndaleikstjórn frá Kvikmyndaskóla ríkisins í Moskvu 1969. **Störf:** Var aðstoðarleikstjóri við leikhúsið Teatro Estudio í Havana á Kúbu 1970-1975. Flutti til Íslands og sinnti frá 1981 fyrst og fremst þýðingum og skáldskap. **Þýðingar:** Þýddi alls 13 skáldverk og jafnmörg leikrit eftir helstu stórmenni rússneskra bókmennta, m.a. *Meistarann og Margarítu* eftir Mikhaíl Búlgakov (1981). Þýddi einnig skáldsögur, ljóð og leikrit úr spænsku og fleiri málum. **Bækur:** *Ljóðabækurnar Þangað vil ég fljúga* (1974), *Orðspor daganna* (1983), *Nú eru aðrir tímar* (1989), *Ljóð* (1991), *Höfuð Konunnar* (1995) og *Hvar sem ég verð* (2002). Gaf út endurminningar sínar *Veruleiki draumanna* (2007). **Félagsstörf:** Var kjörin í stjórn Rithöfundasambands Íslands 1992 og varð formaður tveimur árum síðar til fjögurra ára. **Viðurkenningar:** Hlaut Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar (2000), verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu (2001) og Íslensku bókmenntaverðlaunin (2002). Hlaut Menningarverðlaun DV og Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingar sínar á verkum Dostojevskís, auk þess sem sendiráð Rússlands veitti henni viðurkenningu (2016). Var kjörin heiðursfélagi Rithöfundasambandsins. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2002). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði K-8-15.

INGIBJÖRG JOHANNESSEN (1930-2010) fædd á Skála í Færeyjum, látin í Reykjavík. KENNARI, DÓMTÚLKUR og PÝÐANDI. **Foreldrar:** Ingeborg Johannesen, f. Djurhuus (1901-1988) og Johan Johannesen (1898-1978), skólastjóri. **Systkin:** 1. Marjun (1929-2006), 2. Leivur (1933). **M:** 1954, Ásgeir Hjálmar Karlsson (1927-1980), verkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Jón Ásgrímur (1955), 2. Halldóra (1956), 3. Ingibjörg (1957-2014). **Nám:** Tók stúdentsprófi í Tórshavn í Færeyjum 1950. Lauk kennaraprófi í Kaupmannahöfn 1954 og BA-prófi í dönsku frá Háskóla Íslands 1976. Öðlaðist réttindi sem löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur 1977. **Störf:** Var grunnskólakennari í Færeyjum í tvö ár, í Danmörku í fjögur ár og á Íslandi í tvö ár. Starfaði sem stundakennari við Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Námsflokka Reykjavíkur 1969-1977 og Háskóla Íslands 1972-1977. Var ritari Manneldisráðs í tvö ár. Sinnti kennslu við Fjölbrotaskóla Suðurnesja í eitt ár og Menntaskólann við Hamrahlíð í níu ár. Var orðabókaritstjóri hjá forlaginu Ísafold í átta ár. Var prófdómari við Verslunarskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands um árabíl. Sinnti einnig starfi prófdómara og sat í prófanefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins vegna prófa löggiltra skjalapýðenda og dómtúlka í nokkur ár. Starfaði sem löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur með öðrum störfum í 30 ár. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-976.

INGIBJÖRG BJARNADÓTTIR JOHNSON (1850-1920) fædd á Esjubergi á Kjalarnesi, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Kristín Bjarnadóttir (1812-1891), ljósmóðir, og Bjarni Bjarnason (1816-1882), bóndi. **M:** 1876, Þorlákur Ó. Johnson (1838-1917), kaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1877-1960), 2. Bjarni (1878-1935), 3. Kristín (1879-1957), 4. Ólafur (1881-1958), 5. Áslaug (1885-1925). **Störf:** Stofnaði Hannyrða- og vefnaðarvöruverslun Ingibjargar Johnson árið 1891 og rak hana til æviloka 1920 í húsi sínu að Lækjargötu 4 í Reykjavík. Verslunin var rekin af afkomendum hennar til ársins 1964. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-405.

INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR (1905-1995) fædd á Löngumýri í Skagafirði, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigurlaug Ólafsdóttir (1882-1947) og Jóhann Sigurðsson (1876-1954), bóndi á Löngumýri í Skagafirði. **Systkin:** 1. Ólöf Ragnheiður (1908-1991), 2. Steinunn (1917-

2003). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Lauk kennaraprófi 1936. Fór námsferðir til barna- og húsmæðraskóla í Noregi og Svíþjóð 1938. Tók námskeið í garð- og skógrækt. **Störf:** Var skólastjóri Húsmæðraskólans á Staðarfelli 1937-1944. Stofnaði árið 1944 Húsmæðraskólann á Löngumýri og rak til ársins 1967. Gaf nokkrum árum áður eða árið 1962 Þjóðkirkjunni Löngumýri með öllum byggingum og 10 hektara lands, án skulda. Skrifaði töluvert í blöð og tímarit, aðallega um uppeldis- og skólamál. **Félagsstörf:** Var formaður Skógræktarfélags Skagfirðinga. Stóð að stofnun Kvenfélags Seyluhrepps 1932. Var gjaldkeri Kvenfélagsambands Skagafjarðar um tíma. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-8-55.

INGIBJÖRG SÆUNN JÓHANNSDÓTTIR (1918-2007) fædd í Háakoti í Fljótum, Skagafirði, látin á Blesastöðum III, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. LJÓSMÓÐIR og FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Sigríður Jónsdóttir (1890-1939) og Jóhann Benediktsson (1889-1964), bóndi. **Alsystkin:** 1. Sóley Stefanía (1910-1980), 2. Jónína Guðrún (1912-1960), 3. Margrét Petra (1913-1978), 4. Benedikt Stefán (1916-1997), 5. Guðmundur Jón (1919-2014), 6. Árný Sigurlaug (1921-1996), 7. Björg Sigurrós (1923-2007), 8. Andrés Stefán (1924-2019), 9. Sæmundur (1926-1927), 10. Ólafur Guðmundur (1927-2013), 11. Einar Ingiberg (1929-1983), 12. Jón (1930-1931). **Samfeðra systkin:** 13. Sigurður Þorsteinn (1945). **M:** 1941, Hermann Guðmundsson (1913-1980), bóndi. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1940), 2. Kristín (1943), 3. Guðrún (1947), 4. Sigríður Margrét (1950), 5. Hildur (1951). **Nám:** Lauk prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1945. **Störf:** Var vinnukona við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal 1939-1940. Stofnaði árið 1941 ásamt manni sínum nýbýlið Blesastaði II þar sem þau ráku stórbú. Starfaði sem ljósmóðir í Skeiðahreppi og í nágrenna-sveitum í forföllum. Seldi jörðina ásamt bústofni árið 1984 og byggði dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir 15 aldraða einstaklinga á landspildu sem hún hélt eftir. Rak dvalarheimilið á Blesastöðum meðan heilsan leyfði, en þá tók Hildur dóttir hennar við rekstrinum til ársins 2016. **Jarðsett:** Ólafsvallakirkjugarði reit G-174.

INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR (1922-2010) fædd á Nesi í Norðfirði, látin í Reykjavík. GJALDKERI og FULLTRÚI. **Foreldrar:** Guðrún A. Karlsdóttir (1899-1982), matselja og verslunarkona, og Jón Sveinsson (1892-1931), bókari. **Systkin:** 1. Sveinbjörg (1920-2009), 2. Ragnar (1924-2001), 3. Rögnvaldur (1928-1990). **M:** Þór P. Þormar (1922-1991), þau skildu. **Nám:** Lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands 1940, þingskrifaraprófi 1941 og prófi frá Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1945. Tók próf frá Snyrtiskóla Margrétar Hjálmtýsdóttur 1974. Tók stúdentspróf frá öldunga-deild Menntaskólans við Hamrahlíð 1980. Lauk námi frá Bankamannaskólanum. Stundaði tungumálanám í Danmörku í eitt ár og sótti ýmis endurmenntunarnámskeið, m.a. á Englandi og í Þýskalandi. Stundaði nám við Tónskóla Sigursveins og Orgelskóla Yamaha. **Störf:** Starfaði sem gjaldkeri hjá J. Þorláksson og Normann hf. og Reyplasti hf. árin 1940-1974. Var um tíma þingskrifari. Var fulltrúi í endurskoðunardeild Seðlabanka Íslands 1974-1992. Vann hlutastarf á skrifstofu Samtaka aldraðra 1993-1998 og var ritari í stjórn samtakanna. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-447.

INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR (1933-1986) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Magnea Jóhanna Magnúsdóttir (1899-1993) og Jón Guðmundur Sveinsson (1898-1957), útgerðarmaður. **Alsystkin:** 1. Ari Sigurður (1929-2001), 2. Sveinn (1937), 3. Magnús (1941). **Samfeðra systkin:** 4. Ingi (1927-1962). **M:** 1953, Ingvi *Matthías* Árnason (1933-1996),

fulltrúi. **Börn þeirra:** 1. Magnea (1953), 2. Steingrímur (1953-1980), 3. Jón (1955-1980), 4. Árni (1957), 5. Hólmfríður (1962), 6. Ari (1964). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953. **Störf:** Fékkst við ritstörf og þýðingar og starfaði sem blaðamaður. **Bækur:** M.a. *Máttur ástarinnar* (1961), *Ást í myrkri* (1962), *Ást til sölu* (1963), *Strákar eru og verða strákar* (1966), *Einkaritari forstjórans* (1971), *Á ókunnum slóðum* (1973) og *Endurfundir* (1983). **Leikrit:** *Þrír pörupiltar* (1965) og *Ferðin til Limbó* (1964), sem var fyrsta leikritið sem Þjóðleikhúsið setti upp eftir íslenska konu. **Þýðingar:** Þýddi m.a. fyrstu bækurnar um *Ísfólkið* eftir Margit Sandemo. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-10-10.

INGIBJÖRG RAGNHEIÐUR MAGNÚSDÓTTIR (1923-2022) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. ÍPRÓTTAKENNARI, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Guðrún Bjarnadóttir (1888-1952) og Magnús Pétursson (1890-1976), kennari. **Systkin:** 1. Sverrir Hermann (1921-2010), 2. Haraldur Bragi (1922-2021), 3. Bjarni Viðar (1924-2000), 4. Ragnar Magni (1925-2008), 5. Gunnar Víðir (1929). **Nám:** Lauk Gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum á Akureyri, íþróttakennaranámi frá Íþróttaskóla Björns Jakobssonar á Laugarvatni 1943 og húsmæðra-skólanámi í Uppsöllum í Svíþjóð 1948. Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1961 og stundaði framhaldsnám í hjúkrunarkennslu og spítalastjórn við Sygeplejeskolen í Árósum 1964-1965. Lauk síðar stúdentsprófi frá öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð. **Störf:** Kenndi fimleika á Siglufirði og í Reykjavík og sund á Suðureyri, í Miðfirði og víðar. Starfaði sem hjúkrunarfræðingur og hjúkrunarforstjóri við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 1961-1971. Kom á fót sjúkraliðanámi á Akureyri, því fyrsta hér á landi, og útskrifaði fyrstu sjúkraliðana vorið 1966. Sinnti störfum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1971, sem skrifstofustjóri þar 1989-1993. Var einn af brautryðjendum námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands 1973 og gegndi stöðu námsbrautarstjóra þar árin 1975-1990. Stofnaði Rannsóknarsjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur 2007 og heyrir sjóðurinn undir styrkjasjóði Háskóla Íslands. **Stjórnmalastörf:** Sat í bæjarstjórn Akureyrar fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1966-1971. **Félagsstörf:** Gegndi ýmsum trúnaðarstörfum, m.a. fyrir Zontaklúbbana á Íslandi. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga og Hjúkrunarfélagi Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1988). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-9-12.

INGIBJÖRG ÓSK JÓNSDÓTTIR ÓLAFSSON (1886-1962) fædd á Mástöðum í Vatnsdal, Húnavatnssýslu, látin í Brighton, Englandi. FRAMKVÆMDASTJÓRI og ERINDREKI. **Foreldrar:** Guðrún Ólafsdóttir (1854-1942) og Jón Ólafsson (1865-1941), bóndi á Mástöðum og síðar á Mýrarlóni. **Systkin:** 1. Halldór (1894-1968). **Sambýliskona:** frá 1925, *Despinu* Marie Roxane Alexandra Theodora *Karadja*, sænsk-grísk prinsessa (1892-1983). Bjuggu í South Kensington, en eftir 1939 í smábænum Rottingdean rétt hjá Brighton. **Nám:** Nam við Gagnfræðaskólann á Akureyri og Kvennaskólann í Reykjavík. Sótti lýðháskólana í Askov og Valekilde í Danmörku og Statens lærerhögskole í Kaupmannahöfn. Stundaði nám við Kingsmead College í Selly Oak, Birmingham, Englandi 1926. **Störf:** Var framkvæmdastjóri KFUK í Reykjavík 1910-1912. Var framkvæmdastjóri KFUK í Danmörku frá 1912, fyrst í Vejle á Jótlandi en síðar í Kaupmannahöfn og stóð þar fyrir miklum byggingarframkvæmdum félagsins í Store Kannikestræde. Var aðalframkvæmdastjóri KFUK á Norðurlöndum 1922-1930. Skrifaði fjölda greina í blöð og tímarit og smásagnasafnið *Thorkil paa Bakki* (1934; íslensk þýðing 1963). **Félagsstörf:** Starfaði í Dansk-Íslandsk Samfund og Dansk-Íslandsk Kirkesag. Var félagi í Dansk Forfatterforening, bókmennta-

félaginu Forum Club og Royal Geographic Society í Lundúnum. Sat í stjórn The Viking Society for Northern Research frá 1934 til æviloka 1962. Var í klúbbi menntakvænna, The Lyceum Club á Piccadilly. **Minningarrit:** Að Ingibjörgu látinni gaf Karadja út minningarrit um hana, *Ingibjörg Ólafsson. En minnesbok* (1962). Þar segir m.a. frá ferð þeirra til Palestínu, 1935, þar sem Ingibjörg gróf eintak af Passíusálmunum, sveipað íslenskum fána, niður í Getsemanegarðinum. Karadja stofnaði sjóð í minningu Ingibjargar, nú í vörslu íslensku þjóðkirkjunnar. Sjá *Fröken Ingibjörg Ólafsson erindreki* eftir Svanhildi Óskarsdóttur á vefsíðu Árnastofnunar. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1935). Útnefnd heiðursfélagi Viking Society for Northern Research skömmu fyrir andlátið. **Jarðsett:** Brighton, Englandi.

INGIBJÖRG ÞÓRUNN RAFNAR (1950-2011) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík.

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR og **BORGARFULLTRÚI**. **Foreldrar:** Aðalheiður Bjarnadóttir Rafnar (1923-1999), hjúkrunarkona, og Jónas Gunnar J. Rafnar (1920-1995), alþingismaður. **Systkin:** 1. Halldóra (1947), 2. Ingibjörg (1948-1949), 3. Ásdís (1953). **M:** Þorsteinn Pálsson (1947), alþingismaður og ráðherra. **Börn þeirra:** 1. Aðalheiður Inga (1974), 2. Páll Rafnar (1977), 3. Þórunn (1979). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1970. Lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1975. Varð héraðsdómslögmaður 1979 og hæstaréttarlögmaður 1993. **Störf:** Starfaði sem lögfræðingur í Búnaðarbanka Íslands 1975-1978 og lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar 1978-1982. Rak eigin lögmannsstofu í Reykjavík með fleirum 1986-2000. Gegndi embætti Umboðsmanns barna 2005-2007. Var prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands. **Félags- og stjórnarmálastörf:** Var stjórnarmaður í Vöku félagi lýðræðissinnaðra stúdenta 1970-1972 og í stjórn Orators, félags laganema, 1972-1973. Sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1978-1981 og var framkvæmdastjóri *Tímarits lögfræðinga*. Var varaformaður Landsmálafélagsins Varðar 1978-1979, sat í stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík 1980-1982 og var varaformaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1981-1983. Var borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík 1982-1986, var varaforseti borgarstjórnar 1982-1983 og sat í borgarráði 1983-1986. Var formaður hafnarstjórnar Reykjavíkur (fyrst kvenna) 1982-1986, félagsmálaráðs Reykjavíkur 1985-1986 og stjórnar Dagvistar barna í Reykjavík 1982-1985. Var varaformaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur 1986-1994. Sat um skeið í stjórn Íslensku óperunnar. Var í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 1982-1986. Var formaður nefndar til að endurskoða lög um fæðingarorlof 1986-1987 og sat í nefnd til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna 1987-1990. Sat í Samkeppnisráði 1993. Átti sæti í Kærunefnd jafnréttismála. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-7-65.

INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR (1907-1992) fædd að Bergi við Suðurlandsbraut í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LJÓSMYNDARI**. **Foreldrar:** Þuríður Pétursdóttir (1886-1949) og Sigurður Árnason, vélstjóri (1877-1952). **Systkin:** 1. Ingveldur (1905-1994), 2. Helga (1909-1985), 3. Bryndís (1911-1998), 4. Elísabet (1912-1999), 5. Árni (1915-2001), 6. Emilía (1917-1987), 7. Þuríður (1917-1994), 8. Pétur (1918-1990), 9. Erlendur (1919-2009), 10. Sigurður (1921-2000), 11. Haraldur Örn (1924-2014), 12. Valur (1925-2001), 13. María (1928-2007), 14. Bergljót (1931). **Nám:** Lærði ljósmyndun hjá Lofti Guðmundssyni 1927-1930. Tók sveinspróf 1930 og var þá ásamt Hönnu Brynjólfsdóttur fyrst kvenna til að taka sveinspróf í ljósmyndun hér á landi. Sótti námskeið í ljósmyndun í Reykjavík hjá Jörgen Justesen 1950 og 1952. **Störf:** Vann á ljósmyndastofu Lofts

1930-1947. Stofnaði ljósmyndastofuna Asis í Reykjavík ásamt Jóhönnu Sigurjónsdóttir 1947, en síðar gekk Hanna Brynjólfsdóttir til liðs við þær og ráku þær stofuna til 1979. Stofan var til húsa í Bankastræti 2, Austurstræti 5 og á Laugavegi 13 í Reykjavík. Tók nema í ljósmyndun. **Filmusafn:** Á Ljósmyndasafni Reykjavíkur eru 62.434 tókunúmer frá starfsárum Ingibjargar og samstarfskvenna hennar (tölvuskráð). **Ljósmyndasýningar:** Myndir frá ljósmyndastofunni voru sýndar í gluggum Haraldarbrúðar og síðar í Herradeild PÓ í Reykjavík. Var meðal íslenskra sýnenda á norrænni ljósmyndasýningu, farandsýningu um öll Norðurlönd (1949). **Félagsstörf:** Var virkur meðlimur í Jökklarannsóknafélagi Íslands. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi Jökklarannsóknafélagsins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit S-611.

INGIBJÖRG KRISTÍN [Minna] SIGURÐARDÓTTIR (1909-1998) fædd í Bjálmholti í Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu, látin á Selfossi. TÓNSKÁLD. **Foreldrar:** Borghildur Þórðardóttir (1869-1940) og Sigurður Sigurðsson (1857-1922), bóndi. **Alsystkin:** 1. Sigurjón G. Sigurðsson (1895-1988), 2. Kristín Ólafía (1896-1974), 3. Þórhildur Júlía (1901-1972), 4. Guðrún Sigurveig (1903-1973). **Samfeðra systkin:** 5. Júníus Sigurðsson (1902-1977). **Uppeldissystkin:** 6. Kristinn Óskar Ögmundsson (1898-1980). **Nám:** Hlaut leiðsögn í tónlist hjá Ísólfi Pálssyni og Margréti Ísólfsdóttur dóttur hans og lærði að lesa og rita nótur. **Störf:** Sinnti bústörfum í Bjálmholti og fékkst við tónsmíðar. **Útgáfur:** Geisladiskurinn *Heyrði ég í hamrinum*, með úrvali laga hennar í flutningi ýmissa einsöngvara og kóra gefinn út árið 1997. Samhliða kom út 100 laga hefti með lögum eftir Ingibjörgu. **Jarðsett:** Marteinstungukirkjugarði reit 75.

[ANNA] **INGIBJÖRG SKAFTADÓTTIR** (1867-1945) fædd í Kaupmannahöfn, látin á Seyðisfirði. RITSTJÓRI og KENNARI. **Foreldrar:** Sigríður Þorsteinsdóttir (1841-1924), ritstjóri, og Björn *Skafti* Jósefsson (1839-1905), ritstjóri *Austra*. **Systkin:** 1. Tryggvi Halldór (1880-1960), 2. Þorsteinn Jósef Gunnar (1883-1915). **Nám:** Var í nokkur ár frá 1882 við nám í tungumálum, hljóðfæraleik og listdansi í Kaupmannahöfn. **Störf:** Starfaði sem ritstjóri og kennari á Seyðisfirði. Stofnaði og rak ásamt móður sinni kvennablaðið *Framsókn* á Seyðisfirði, fyrsta tímarit kvenna á Íslandi, kom út árin 1895-1899. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Kvenfélagsins KVIK á Seyðisfirði árið 1900 og fyrsti formaður þess. **Jarðsett:** Seyðisfirði.

INGIBJÖRG STEINSDÓTTIR (1903-1965) fædd að Hvammi í Höfðahverfi, Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Þorbjörg Þorbjörnsdóttir (1876-1961) og Steinn Jónsson (1869-1952), skipstjóri. **Systkin:** 1. Jónas (1901-1923), 2. Steinþór (1905-1977). **M1:** 1922, Ingólfur Jónsson (1892-1982), bæjarstjóri á Ísafirði, síðar lögræðingur í Reykjavík, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Inga Sigrún (1925-1986), 2. Ása Kristín (1927-2006), 3. Þór (1933-2010), 4. Magni (1935-2007). **M2:** Einar Magnússon (1915-1975), járnsmiður. **Barn þeirra:** 5. Ragnhildur Magnea (1941). **Nám:** Nam við Kvennaskólann í Reykjavík. Stundaði nám við Leiklistarskóla Max Reinhardt í Berlín 1929-1930 og átti þar kost á að starfa í kvikmyndaveri UFA og sjá að verki ýmsa af mestu leikurum þess tíma. Heimsótti síðan Ráðstjórnarríkin og kynnti sér þar leiklist. **Störf:** Lék talsvert með Leikfélagi Reykjavíkur eftir nám, m.a. Ulrikku í *Kinnarhvolssystrum* og Steinunni í *Galdra-Lofti*. Starfaði sem leikstjóri og leiðbeinandi fjölmargra leikfélaga og leikflokka víðsvegar um landið. Tók þátt í leiklistarlífi á Ísafirði á árunum 1926-1934. Flutti til Akureyrar árið 1937 og starfað þar með Leikfélagi Akureyrar, lék m.a. Dísu í *Galdra-Lofti* og Agnesi í *Dauða Natans Ketilssonar*. Rak leiklistarskóla á Akureyri 1952-1954. **Félagsstörf:** Var félagi í

Kommúnistaflokki Íslands. Sat í Miðstjórn A.S.V. (Alþjóða samhjálpa verkalýðsins), Íslandsdeild. **Styrkur:** Fékk ríkisstyrk til leiklistarnáms í Þýskalandi 1928. **Æviminningar:** *Sjálf í sviðsljósi: Ingibjörg Steinsdóttir leikkona (1903-1954) og sjálfsmyndasafn hennar*, höfundur Ingibjörg Sigurðardóttir (2020). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-7-52.

INGIBJÖRG Þ. STEPHENSEN (1936-2001) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI og TALMEINAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Dóróthea G. Breiðfjörð Stephensen (1905-2001) og Þorsteinn Ö. Stephensen (1904-1991), leikari og leikstjóri. **Systkin:** 1. Guðrún (1931-2018), 2. Stefán (1939), 3. Kristján Þorvaldur (1940), 4. Helga (1944). **M:** 1966, Siglaugur Brynleifsson (1922-2003), rithöfundur og gagnrýnandi. **Börn þeirra:** 1. Þorsteinn (1967), 2. Dóróthea Júlía (1968), 3. Brynleifur (1970). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Stundaði nám við London College of Speech Therapy 1956-1960 og lauk þaðan prófi í talmeinafræði. **Störf:** Var við kennslu í Hveragerði 1955-1956. Gerði að námi loknu úttekt á þörf fyrir talkennslu, þá fyrstu hér á landi, og starfaði við hana í nokkur ár. Starfaði við barnakennslu og sérkennslu víða um land frá árinu 1974. Starfaði jafnframt við þýðingar og þýddi fjölda leikrita fyrir Ríkisútvarpið. Las mikið upp, einkum ljóð og sögur, og vann auk þess að þáttagerð fyrir Ríkisútvarpið. **Jarðsett:** Kirkjuvogskirkjugarði í Höfnum reit 19.

[ÁRNÝ] **INGIBJÖRG TÓMASDÓTTIR** (1891-1952) fædd á Reyðarvatni í Rangárvallasýslu, látin í Vestmannaeyjum. KAUPKONA, ORGANISTI og MATSELJA. **Foreldrar:** Guðrún Árnadóttir (1857-1931) og Tómas Böðvarsson (1854-1925), bóndi. **Systkin:** 1. Tómas (1880-1948), 2. Guðrún (1883-1978), 3. Böðvar (1886-1966), 4. Árni (1887-1971). **Störf:** Stofnaði smábarnaskóla á Stokkseyri 1923 og kenndi einnig fólki þar að leika á orgel. Stofnaði tónlistarskóla í Vestmannaeyjum 1927 og kenndi stúlkum orgelspil, líklega alls um á þriðja hundrað manns. Rak einnig verslun. Rak matsölu í Bifröst við Bárugötu í Vestmannaeyjum 1930-1936 og matstofu á Geirseyri við Strandveg í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð árið 1936. Rak síðan verslun við Miðstræti 2 í Vestmannaeyjum til starfsloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-25-21.

INGIBJÖRG KRISTÍN ÞORBERGS (1927-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjanesbæ. TÓNSKÁLD, SÖNGKONA og DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR. **Foreldrar:** Kristjana Sigurbergisdóttir (1898-1976) og Þorbergur Skúlason (1891-1974), skósmíðameistari. **Systkin:** 1. Skúli Ólafur (1930-2019). **M:** 1976, Guðmundur Jónsson (1929-2010), píanóleikari. **Nám:** Lauk prófum frá Tónlistaskóla Reykjavíkur með klarínnettuleik sem aðalgrein 1952, en stundaði þar jafnframt nám í píanóleik. Lauk tónmenntakennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1957. Fór í kynnisferð til Bandaríkjanna í boði George Washington háskólans 1956, söng þá m.a. með stórhljómsveitum. Dvaldi við nám við Dante Allighieri-skólann í Róm 1962. Sótta ýmis tónlistar- og tungumálanámskeið á vegum innlendra og erlendra aðila. **Störf:** Samdi sönglög, dægurlög og barnalög, m.a. fyrir Þjóðleikhúsið og til grunnskólakennslu á Norðurlöndum. Söng inn á fjölda hljómplötum. Samdi sjö leikrit fyrir börn og unglinga sem flutt voru í útvarpi hér á landi og í Svíþjóð. Hóf störf hjá RÚV 1946 og starfaði þar til ársins 1985. Var fyrst á innheimtudeild en síðan dagskrárgerðarmaður í tónlistardeild frá 1949. Stýrði þættinum Óskalög sjúklinga, var aðstoðarpulur, stjórnaði barnatíma og hafði umsjón með viðtals- og tónlistarþáttum. Var varadagskrárstjóri og dagskrárstjóri RÚV 1981-1985. Var stundakennari við Miðbæjar- og Breiðagerðisskóla 1957-1958. Starfaði við blaðamennsku og sá m.a. um tónlistargagnrýni fyrir *Tímann* og *Vísi* ásamt því

að skrifa fyrir barnablaðið *Æskuna*. **Viðurkenningar:** Var kjörin heiðursfélagi FTT (Félag tónskálda og textahöfunda) (1996). Hlaut heiðurslaun Íslensku tónlistarverðlaunanna (2003). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar (2008). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-741.

INGIBJÖRG FREDERIKKE CLAESSEN ÞORLÁKSSON (1878-1970) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Kristín Eggertsdóttir Claessen, f. Briem (1849-1881) og Jean Valgard van Deurs Claessen (1850-1918), kaupmaður á Sauðárkróki, síðar landsféhirðir í Reykjavík. **Systkin:** 1. Jean Eggert (1877-1950), 2. María Kristín (1880-1964), 3. Gunnlaugur (1881-1948). **M:** 1904, Jón Þorláksson (1877-1935), ráðherra og borgarstjóri. **Kjörbörn þeirra:** 1. Anna Margrét (1915-1974), 2. Elín Kristín (1920-1992). **Störf:** Var eigandi Byggingarefnaverslunar J. Þorláksson og Norðmann frá árinu 1935 (eftir lát eiginmanns síns) á móti Óskari Norðmann. **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga kvenfélagsins Hringsins 1904, sat í stjórn þess frá upphafi og sem formaður 1943-1957. Stofnaði, ásamt kjördætrum sínum, Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings árið 1952 til styrktar verkfræðinimum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms við aðra háskóla, er í vörslu Háskóla Íslands. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1944). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-205.

INGIBJÖRG ÖGMUNDSDÓTTIR (1895-1977) fædd í Útskálum í Garði, látin í Reykjavík. SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Sveinsdóttir (1864-1898), kennari, og Ögmundur Sigurðsson (1860-1937), skólastjóri Flensborgarskóla. **Alsystkin:** 1. Sr. Sveinn (1897-1979), 2. Drengur (1898-1898). **Samfeðra systkin:** 3. Benedikt (1902-1980), 4. Þorvaldur (1904-1933), 5. Guðrún (1909-1977), 6. Jónas (1915-1946). **M:** 1915, Guðmundur Eyjólffsson (1889-1935). **Börn þeirra:** 1. Guðrún (1916-2003), 2. Ögmundur Haukur (1924-1995). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Flensborgarskóla 1911 og síðar námi í Kvennaskólanum í Reykjavík. **Störf:** Hóf störf við símavörslu í Hafnarfirði árið 1911 og varð brátt símstöðvarstjóri þar. Síðar tók Guðmundur eiginmaður hennar við því starfi og gegndi því til dauðadags árið 1935. Þá var henni falið starfið á ný og gegndi því til ársloka 1961. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði.

INGIGERÐUR KARLSDÓTTIR (1927-2013) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FLUGFREYJA. **Foreldrar:** Þóra Ágústsdóttir (1907-1977) og Karl Óskar Jónsson (1906-1993), skipstjóri. **Systkin:** 1. Valdimar (1929-2015), 2. Karl (1935), 3. Jón Þór (1942). **M:** 1951, Hjalti Pálsson (1922-2002), framkvæmdastjóri innflutningsdeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. **Börn þeirra:** 1. Karl Óskar (1951), 2. Guðrún Þóra (1954), 3. Páll Hjalti (1959). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðra-skóla Reykjavíkur og síðan við Karlsskoga praktiska Läroverk í Svíþjóð. **Störf:** Var flugfreyja hjá Loftleiður 1948-1950. Var flugfreyja um borð í flugvélinni Geysi er vélin brotlenti á Bárðarbungu á Vatnajökli í september 1950. **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga Svalanna, félags eldri og starfandi flugfreyja, sem hafa gefið talsvert fé til uppbyggingar barnaspítala og til þjálfunar barna með sérþarfir. Var einnig félagi í Inner Wheel (klúbbur tengdur Rótarýhreyfingunni) og kvenfélaginu Hringnum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-7-65.

INGILEIF BRYNDÍS HALLGRÍMSDÓTTIR (1919-2007) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR og STJÓRNARFORMAÐUR FYRIRTÆKJA. **Foreldrar:** Áslaug Geirsdóttir Zoëga (1895-1967) og Hallgrímur Benediktsson (1885-1954), stórkaupmaður og alþingismaður.

Systkin: 1. Björn (1921-2005), 2. Geir (1923-1924), 3. Geir (1925-1990). **M:** 1948, Gunnar Pálsson (1911-1976), skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Hallgrímur (1949), 2. Páll (1951-1999), 3. Gunnar Snorri (1954), 4. Áslaug (1959). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1938. Dvaldi síðan bæði í Danmörku og Englandi. **Störf:** Starfaði lengi hjá Sjóvá. Tók við stjórnarformennsku í Nóa-Síríus 1954 af föður sínum og gegndi því í 51 ár samfleytt. Einnig sat hún í stjórnnum Ræsis hf. og H. Benediktssonar hf. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit R-331.

INGUNN ARNÓRSDÓTTIR (uppi á 12. öld). FRÆÐIKONA og HANNYRÐAKONA. **Nám:** Er fyrsta íslenska konan sem sögur fara af sem menntuð var í latínu og öðrum fræðum til jafns við pilta. **Störf:** Var kennari og hannyrðakona á Hólum í Hjaltadal í tíð Jóns biskups Ögmundssonar. Frá henni segir í sögu Jóns biskups: „Þar var og í fræðinæmi hreinferðug jungfrú, er Ingunn hét. Öngum þessum var hún lægri í sögðum bóklitum, kenndi hún mörgum grammaticam og fræddi hvern er nema vildi; urðu því margir vel menntir undir hennar hendi. Hún rétti mjög latínu-bækur, svo að hún lét lesa fyrir sér, en hún sjálf saumaði, tefldi, eða vann aðrar hannyrðir með heilagra manna sögum, kynnandi mönnum guðs dýrð eigi aðeins með orðum munnnáms, heldr og með verkum handanna.” Ásamt því að kenna prestsefnum latínu, stundaði Ingunn útsaum og er talið að hún hafi m.a. saumað altarisklæði um heilaga Maríu og ævi St. Marteins. Bæði klæðin eru varðveitt á erlendum söfnum. Ingunn Arnórsdóttir hefur einnig verið nefnd meðal heimildarmanna Odds Snorrasonar munks á Þingeyrum að Ólafs sögu Tryggvasonar Noregskonungs. **Viðurkenningar:** Ingunnarskóli í Grafarholti í Reykjavík er kenndur við Ingunni Arnórsdóttur. Árið 2017 samþykkti borgarráð Reykjavíkur að gata á svæði Vísindagarða í Vatnsmýrinni í Reykjavík yrði kennd við Ingunni Arnórsdóttur og nefnd Ingunnargata.

INGUNN BJARNADÓTTIR (1905-1972) fædd í Einholti á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu, latín í Hveragerði. TÓNSKÁLD. **Foreldrar:** Margrét Benediktsdóttir (1886-1949) og Bjarni Eyjólfsson (1879-1951), bóndi. **Systkin:** 1. Álfheiður (1906-1953), 2. Sigurbergur (1908-1984), 3. Svava (1910-1989), 4. Torfhildur (1911-1954), 5. Ásta (1913-1915), 6. Margrét (1916-1990), 7. Sigríður (1918-2009), 8. Eyjólfur (1920-2005), 9. Ásta (1924-2008), 10. Benedikt (1927-2000), 11. Helga Ingibjörg (1930-2022). **M1:** 1927, Sigurður Kristmar Eiríksson (1893-1972), verkamaður, skildu 1937. **Börn þeirra:** 1. Margrét Sigurbjörg (1930-2011), 2. Bjarni Eiríkur (1935). **M2:** 1940, Hróðmar Sigurðsson (1912-1957), kennari. **Börn þeirra:** 3. Anna Sigríður (1941), 4. Þórhallur (1942-2017), 5. Óttar Hrafn (1944), 6. Hallgrímur (1948). **Störf:** Fékkst við lagasmíði, ásamt húsmóðurstörfum, en alls er talið að hún hafi skilið eftir sig um þrjú hundruð sönglög, um fimmtíu þeirra hafa verið raddsett og skrifuð á nótur. **Útgáfur:** Hljómplatan *Amma raular í rökkriinu* með 20 lögum hennar í flutningi þjóðþekkttra söngvara og kóra (1975). Ásgerður Júníusdóttir og Bergþóra Árnadóttir hafa gefið út lög eftir hana á plötum sínum. Kvað rímur á plötunni, *Íslensk rímnalög*, útgefin af Fálkanum um miðjan sjöunda áratuginn. Tvö sönglagahefti voru gefin út með lögum Ingunnar á níunda áratugnum að frumkvæði dr. Hallgríms Helgasonar. **Jarðsett:** Kotstrandarkirkjugarði reit 354.

INGUNN JÓNSDÓTTIR (1855-1947) fædd á Melum í Hrutafirði, latín í Reykjavík. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Sigurlaug Jónsdóttir (1826-1909) og Jón Jónsson (1824-1900), bóndi á Melum. **Systkin:** 1. Jón (1849-1920), 2. Runólfur Magnús (1851-1883), 3. Sigríður (1858-1889), 4. Guðlaug (1861-1949), 5. Jósef (1865-1938), 6. Finnur (1868-1955). **M:** 1883, Björn Sigfússon

(1849-1932), bóndi, hreppstjóri og alþingismaður á Kornsó. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Anna (1884-1973), 2. Runólfur (1887-1963), 3. Sigurlaug (1888-1955), 4. Jón Sigfús (1892-1966), 5. Sigríður (1897-1990). **Nám:** Dvaldi í Danmörku árið 1880 og kynnti sér osta- og smjörgerð. Var um tíma í lýðháskólanum í Vilan í Svíþjóð. **Störf:** Var bústýra í Bjarnarnesi í Hornafirði 1876-1880, húsfreyja á Hofi í Vatnsdal 1883-1886, í Grímstungu sömu sveit 1886-1899 og á Kornsó í Vatnsdal 1899-1925. Fékkst við ritstörf jafnhliða bústörfum. **Bækur:** *Bókin mín* (1926), *Minningar* (1926) og *Gömul kynni* (1946). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1947). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-11-34.

INGVELDUR LÁRUSDÓTTIR HJALTESTED (1934-2022) fædd á Vatnsenda við Elliðavatn, látin í Reykjavík. SÓPRANSÖNGKONA. **Foreldrar:** Sigríður Guðný Jónsdóttir Hjaltested (1896-1980) og Lárus Pétursson Hjaltested (1892-1956), bóndi. **Systkin:** 1. Sigurður (1916-1966), 2. Pétur (1918-1996), 3. Katrín (1920-2008), 4. Sigurveig (1923-2009), 5. Jón (1925-2002), 6. Anna Christiane (1932-2019). **M:** 1952, Einar Oddur Þór Einarsson (1925-2010), loftskemtamaður og skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Þorgrímur Jón (1953-2005), 2. Einar Þór (1954), 3. Lárus (1956), 4. Þuríður (1958). **Nám:** Lærði að spila á orgel og píanó sem barn. Stundaði söngnám hjá Sigurði V. Demetz, Maríu Markan og Guðmundi Jónssyni. Nam síðan söng við Guildhall School of Music and Drama í London um skeið og hjá prófessor Hanno Blachke í München í Þýskalandi og Erik Weba í Gent í Belgíu og einnig við Söngskólann í Reykjavík hjá Þuríði Pálsdóttur. **Störf:** Starfaði sem óperusöngkona og kom fram sem einsöngvari á fjölda tónleika. Söng í Þjóðleikhúskórnum 1953-1968. Starfaði jafnhliða í banka. **Óperuhlutverk:** M.a. Janette í *Nitouche* (1953), Micaela í *Carmen* (1975), Amor í *Orfeifi og Evridís* (1979), Musetta í *La Bohème* (1980) og Santuzza í *Cavaleria Rusticana* (1982). **Hljómplötur:** *Sextán einsöngslög*, undirleikari Jónína Gísladóttir á píanó (1982) og *Ingveldur Hjaltested syngur, Jónína Gísladóttir leikur með á píanó* (1987). **Jarðsett:** : Hafnarfjarðarkirkjugarði reit K-6-4A.

IRMA WEILE JÓNSSON (1892-1969) fædd í Sviss, bjó sem barn á Ítalíu, látin í Garðabæ. KONSERTSÖNGKONA og PÍANÓLEIKARI. **Foreldrar:** Stefania Barkany, af ungverskum aðalsættum, og Jens Weile, dansk-þýskur fornfræðingur og prófessor við Háskólann í Písa á Ítalíu og síðar í Flórens og Berlín. **M:** 1938, Ásmundur Jónsson (1899-1963), skáld. **Nám:** Stundaði píanónám við Stern tónlistarskólann í Berlín og hlaut þar sérstaka viðurkenningu við námslok. Kennarar hennar voru þekktir píanóleikarar, Edwin Fischer og Martin Krause sem verið hafði nemandi Franz Liszt. Lagði í framhaldinu stund á söngnám í Berlín og á Ítalíu. **Störf:** Hélt sína fyrstu opinberu söngtónleika í Berlín 1926 og söng eftir það víða um Evrópu. Kom til Íslands til að syngja í apríl 1938. Giftist Ásmundi um haustið og gerðist íslenskur ríkisborgari. Þau hjónin dvöldu yfir stríðsárin í Kaupmannahöfn en fluttu til Íslands eftir stríð. Irma lét að sér kveða í menningar- og mannúðarmálum á Íslandi. Var frumkvöðull í ferðamálum og kynnti Ísland fyrir útflendingum og Evrópu fyrir Íslendingum. Hélt námskeið til undirbúnings ferðum til Suðurlanda, auglýst sem kennsla í hagnýtum atriðum tungumála og rætt um lönd og merka staði (1943). Hún talaði ítölsku, þýsku, frönsku, spænsku, ungversku, rússnesku, dönsku og ensku. **Jarðsett:** Hólakirkjugarði Hjaltadal reit 121.

í

ÍDA PÉTURSDÓTTIR BJARNARSON (1889-1982) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. FARKENNARI / KENNARI. **Foreldrar:** Hildur *Amalía Karólína* Sigurðardóttir (1866-1932) og Pétur Magnús Bjarnarson (1866-1950), kaupmaður. **Fósturforeldrar:** Steinunn Jónsdóttir og Sigmundur Grímsson (1839-1916), bóndi á Skarfstöðum í Döllum. **Barnsfaðir:** Nathanael Mósesson (1878-1964), útgerðar- og kaupmaður. **Barn þeirra:** 1. Úlfar Hildingur Nathanaelsson (1932-2020). **Nám:** Nam við Kvennaskólann á Blönduósi 1907-1909. Tók kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1914 og sótt kennaranámskeið í Askov í Danmörku 1923. **Störf:** Starfaði sem farkennari aðallega á Vestfjörðum 1914-1922. Var kennari við Barnaskólann á Þingeyri í um 30 ár eða árin 1924-1954. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-6-126.

ÍSAFOLD [Folda] **TEITSDÓTTIR** (1907-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Málfríður Jóhannsdóttir (1878-1964) og Teitur Erlendsson (1873-1958), bóndi á Stóru-Drageyri í Skorradal. **Systkin:** 1. Guðlaug (1904-1974), 2. Erlendur Ragnar (1909-1944), 3. Jóhanna María (1911-1999), 4. Kristján (1915-1990). **Barnsfaðir:** Halldór Jónsson (1916-1977), stórkaupmaður. **Barn þeirra:** 1. Óttarr Arnar (1940). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1933. Stundaði framhaldsnám við Gamla Kliniken í Helsingfors og við Norsk-Sykepleierskeforbunds-Fortsettelsesskole. **Störf:** Starfaði við Landspítalann, hjá Rauðakrossdeild Akureyrar og á Vöggustofu Barnavinafélagsins Sumargjafar og Hjúkrunarfélagins Líknar. Starfaði við ungbarnavernd hjá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur frá 1953. Var síðustu árin skólahjúkrunarkona í þremur skólum samtímis, Melaskóla, Landakotsskóla og Vesturbæjarskóla í Reykjavík. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-2-152.

J

JAKOBÍNA ÁSDÍS ÁSMUNSDÓTTIR (1904-1990) fædd á Fróðá á Snæfellsnesi, látin í Reykjavík. IÐNREKANDI. **Foreldrar:** Katrín Arndís Einarisdóttir (1872-1957) og Ásmundur Sigurðsson (1868-1919), kennari og sjómaður. **Alsystkin:** 1. Einar (1901-1981), 2. Kjartan (1903-1977), 3. Ásmundur (1907-1976). **Samfeðra systkin:** 4. Helga Guðfinna (1912-2006), 5. Ingibjörg (1913-1989), 6. Jarþrúður (1915-2002), 7. Þórleif (1917-1985), 8. Ásmundur Jónatan (1919-1991). **Barnsfaðir:** Guttormur Erlendsson (1912-1966), hæstaréttarlögmaður. **Barn þeirra:** 1. Unnur (1941). **Nám:** Lærði hálsbindagerð í Danmörku og vann þar síðan um tíma. **Störf:** Stofnaði Hálsbindagerðina Jaco árið 1937 og rak hana í 40 ár, lengst af á Suðurgötu 13 í Reykjavík. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Æ-894.

JAKOBÍNA SIGURÐARDÓTTIR (1918-1994) fædd í Hælavík í Sléttuhreppi á Hornströndum, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin á Akureyri. RITHÖFUNDUR og HÚSFREYJA í Garði, Mývatnssveit. **Foreldrar:** Stefanía Halldóra Guðnadóttir (1897-1973) og Sigurður Sigurðsson (1892-1968), bóndi. **Systkin:** 1. Sigurborg (1919-2005), 2. Ásdís (1920-1998), 3. Sigríður (1922-2001), 4. Sigurður (1923-1934), 5. Kristján (1924-1997), 6. Ingólfur (1926-1971), 7. Baldvin (1928-1990), 8. Guðmundur (1929-1979), 9. Guðrún Rósa (1930-2007), 10. Guðni (1931-1936), 11. Fríða Áslaug (1940-2010), 12. Guðný Sigrún (1945). **M:** Þorgrímur Starri Björgvinsson (1919-1998), bóndi í Garði, Mývatnssveit. **Börn þeirra:** 1. Stefanía (1950-2013), 2. Sigrún Huld (1952), 3. Sigríður Kristín (1956), 4. Kári (1959). **Nám:** Stundaði nám í farskóla, við Ingimarsskólann í Reykjavík og um tíma við Kennaraskóla Íslands. **Störf:** Var í vistum á unga aldri. Stundaði búskap

í Garði. Skrifaði smásögur, skáldsögur og ljóð sem gjarnan voru skarpar þjóðfélagsádeilur.

Bækur: M.a. *Sagan af Snæbjörtnu Eldsdóttur og Ketilríður Kotungsdóttur* (1959), *Kvæði* (1960), *Púntur á skökkum stað* (1964), *Dægurvíska* (1965), *Snaran* (1968), *Í sama klefa* (1981), *Vegurinn upp fjallið* (1990) og *Í barndómi* (1994). Bækur Jakobínu hafa verið þýddar og gefna úr á dönsku, sænsku og rússnesku. **Viðurkenningar:** Hlaut styrk úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins (1969) og laun úr heiðursmannaflokki listamannalauna (frá 1989). Þrjár bækur hennar voru tilnefndar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs af Íslands hálfu og hlaut Jakobína Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir *Lifandi vatnið* (1976). **Æviminningar:** *Jakobína: saga skálds og konu*, höfundur Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir (2019). **Jarðsett:** Skútustaðakirkjugarði reit 536.

JARÞRÚÐUR JÓNSDÓTTIR (1851-1924) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI, RITSTJÓRI og KVENRÉTTINDAKONA. **Foreldrar:** Jóhanna Soffía Bogadóttir (1823-1855) og Jón Pétursson (1812-1896), sýslumaður, alþingismaður og háfirdómari. **Alsystkin:** 1. Pétur (1850-1926), 2. Brynjólfur (1850-1925). **Samfeðra systkin:** 3. Arndís (1857-1936), 4. Þóra J. Magnússon (1858-1947), 5. Friðrik (1860-1938), 6. Sturla (1861-1947), 7. Elínborg (1863), 8. Sigríður (1867-1923). **M:** 1889, Hannes Þorsteinsson (1860-1935), þjóðskjalavörður. **Nám:** Stundaði nám hjá Augustu Johnsen í Reykjavík. Var við nám í Danmörku og Skotlandi. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, fyrsta konan sem kenndi þar bóklegar greinar. Vann að þingskriftum í eitt ár, fyrsta konan sem sinnti því starfi. Var ritstjóri *Framsóknar* 1899-1902. Skrifaði og gaf út ásamt Þóru Melsteð og Þóru Jónsdóttur, systur sinni, *Hannyrðabókina*. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi og lengi ritari Hins íslenska kvenfélags og meðlimur í Thorvaldsensfélaginu og í mörg ár kennari í sunnudagaskóla þess. Var um tíma ritari Hins íslenska kvenfélags. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-501.

JENNA [JENSÍNA] JENSÓTTIR (1918-2016) fædd á Læk í Dýrafirði, látin í Reykjavík. KENNARI og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Ásta Sóllilja Kristjánsdóttir (1892-1936) og Jens Guðmundur Jónsson (1890-1976), bóndi og kennari. **Alsystkin:** 1. Jón Óskar (1916-1980), 2. Áslaug Sólbjört (1918-2015), 3. Sigríður (1922-2014), 4. Hilmar (1924-1991), 5. Kristján Svavar (1931-2002), 6. Soffía Gróa (1935-2022). **Samfeðra systkin:** 7. Guðbjörn (1945). **M:** 1942, Hreiðar Stefánsson (1918-1995), kennari. **Börn þeirra:** 1. Ástráður Benedikt (1942), 2. Stefán (1947). **Nám:** Stundaði nám í kvöldskóla KFUM og Námsflokkum Reykjavíkur. Lauk tveimur vetrum kennaranáms við Kennaraskólann. Lauk kennaraprófi utan skóla 1963, eftir flutning til Akureyrar. **Störf:** Stofnaði Hreiðarsskóla á Akureyri, ásamt Hreiðari manni sínum, og kenndu þar lestur í rúm 20 ár. Kenndi jafnframt við Barnaskóla Akureyrar til ársins 1962, síðan í Gagnfræðaskóla Akureyrar í eitt ár. Kenndi, eftir flutning til Reykjavíkur, í um tvo áratugi á unglingsstigi Langholtsskóla og við Námsflokka Reykjavíkur. **Ritstörf:** Var bókmenntagagnrýnir og greinahöfundur við *Morgunblaðið* í tæpa þrjá áratugi. Birti nokkrar sögur á unglingsárum og hlaut þá verðlaun í samkeppni Ríkisútvarpsins. Samdi 25 barna- og unglingsbækur ásamt Hreiðari, þar á meðal Öddubækurnar sem hafa oft verið endurútgefnar. Gaf út ljóðabók og nokkur smásagnahefti, auk þess sem fjöldamargar sögur hennar og ljóð hafa birst í útvarpi, blöðum og tímaritum. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenfélagsins Framtíðarinnar og í barnaverndarnefnd Akureyrar. Var formaður Félags íslenskra rithöfunda um skeið og sinnti trúnaðarstörfum fyrir Rithöfundasamband Íslands. Var stofnfélagi í Alfadeild, Alþjóðasamtaka kvenna í fræðlustörfum, Delta Kappa Gamma 1975. Sat lengi í skólasafnanefnd Reykjavíkur, auk annarra nefndastarfa.

Viðurkenningar: Hlaut Barnabókaverðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur (1973) og viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins (1974). Fékk viðurkenningar úr Rithöfundasjóði Íslands (1979, 1987 og 1995). Var kjörin heiðursfélagi Rithöfundasambands Íslands (2014). Var heiðruð á Menningarhátíð Seltjarnarness (2015). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-2-87.

JENSÍNA HALLDÓRSDÓTTIR (1915-2001) fædd í Magnússkógum í Hvammssveit, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Ingibjörg Sigríður Jensdóttir (1876-1957) og Halldór Guðmundsson (1875-1962), bóndi í Magnússkógum. **Systkin:** 1. Elísabet (1900-1967), 2. Kristín (1901-1995), 3. Sigríður (1903-1903), 4. Magnús (1904-1992), 5. Guðmundur (1905-1993), 6. Sigríður (1906-2001), 7. Sigurjens (1908-1998), 8. Salbjörg (1910-2002), 9. Snorri (1911-1983), 10. Guðbjörn Viggó (1913-1915), 11. Jóhanna Halldóra (1917-1998), 12. Bjarni (1918-1919), 13. Skúli (1918-1919). **Fóstursystkin:** 14. Alfons Oddsson (1905-2004). **Nám:** Nam við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1934-1936. Lauk húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennarskóla Íslands 1950. Stundaði framhaldsnám í husholdningsteknik við Háskólann í Árósum 1951-1952 og sótti sama ár námskeið í sjúkrafæðu við Kommune sjúkrahúsið í Kaupmannahöfn. Fór í námsferð í skóla í Danmörku, Hollandi, Frakklandi og Englandi 1952. Heimsótti skóla á öllum Norðurlöndum 1970 og sótti þá námskeið í næringarefnafræði við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn og Markaryd í Svíþjóð. Lauk námi í uppeldis- og kennslufræðum fyrir framhaldsskólakennara frá Kennaraháskóla Íslands 1976. Sótti skólastjórnunarnámskeið 1969. **Störf:** Var ráðskona á vinnuheimilinu á Reykjalandi 1950-1951. Kenndi á kvöldnámskeiðum hjá Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1951. Var skólastjóri Húsmæðraskóla Suðurlands að Laugarvatni árin 1952-1986. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1995). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit. G-12-109.

JÓHANNA GUÐLAUG EGILSDÓTTIR (1881-1982) fædd í Hörgslandskoti á Síðu, látin í Reykjavík. VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Guðlaug Stefánsdóttir (1837-1916) og Egill Guðmundsson (1830), bóndi í Hörgslandskoti. **Systkin:** 1. Sigríður (1856-1910), 2. Dagbjartur (1859-1941), 3. Guðmundur (1861-1916), 4. Guðlaug (1867-1942), 5. Egill (1870-1954). **M:** Ingimundur Einarsson (1874-1961). **Börn þeirra:** 1. Einar (1906-1971), 2. Guðmundur (1909-1992), 3. Sigurður (1913-1978), 4. Guðmunda Svava (1917-2005), 5. Vilhelm Ragnar (1921-2012). **Störf:** Var vinnukona í Kaldaðarnesi 1898. Starfaði sem verkakona og verkalyðsleiðtogi. **Félagsstörf:** Gekk í Kvenréttindafélag Íslands 1907 og var varaformaður félagsins 1948-1952. Gekk í Verkavennafélagið Framsókn 1917 og var varaformaður þess 1923-1935 og síðan formaður til ársins 1962. Átti sæti í miðstjórn ASÍ árin 1928-1942 og sat í miðstjórn Alþýðuflokksins um árabil frá 1942. Tók sæti á Alþingi sem varapeningmaður Alþýðuflokksins 1957. **Æviminningar:** *Níutíu og níu ár: Jóhanna Egilsdóttir segir frá*, höfundur Gylfi Gröndal (1980). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1954) og Stórriddarakrossi (1981). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-334.

JÓHANNA UNNUR GISSURARDÓTTIR ERLINGSON (1932-2020) fædd í Vestmannaeyjum, látin á Selfossi. TEXTAHÖFUNDUR og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Mjallhvít Margrét Jóhannsdóttir Linnét (1911-1972) og Gissur Ólafur Erlingsson (1909-2013), löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi. **Alsystkin:** 1. Kristján Linnét (1933), 2. Erlingur Þór (1934-2008), 3. Gissur Pétur (1935), 4. Jón Örn (1939-2018). **Sammæðra systkin:** 5. Elizabeth Brown (1949), 6. Margrét Ragnheiður (1949).

Samfeðra systkin: 7. Auður Harpa (1951). **M:** 1953, Jón Sigurðsson (1932-2007), bassaleikari. **Börn þeirra:** 1. Sigurður Rúnar (1951), 2. Margrét Rannveig (1951), 3. Ragnar Már (1953-1975), 4. Hildur (1955), 5. Guðrún Ólöf (1959), 6. Sigrún (1960), 7. Jón Hörður (1963), 8. Jóhanna Kristín (1966). **Nám:** Stundaði um tíma nám við Samvinnuskólann frá hausti 1948. **Störf:** Starfaði hjá Olúfélagi Íslands 1969-1977. Var fulltrúi hjá Tryggingaeftirliti Íslands 1980-1989. Samdi talsvert af dægurlagatextum, þýddi bækur fyrir Skjaldborg hf. og var ritstjóri tímaritsins *Nýir tímar* 1997-1999. **Félagsstörf:** Söng í kór Langholtskirkju í áraraðir, var félagi í Alþjóðlegri frímúrarareglu karla og kvenna. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit N-3-16.

JÓHANNA LAUFEY FRIÐRIKSDÓTTIR (1889-1962) fædd í Eyjafirði, látin í Reykjavík. YFIRLJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Jakobína Signý Sveinsdóttir (1851-1929), ljósmóðir, og Friðrik Einar Jóhannsson (1856-1928), bóndi. **Systkin:** 1. Arnþrúður (1879-1963), 2. Sveinn (1885-1966), 3. Signý (1891-1962). **Nám:** Lauk prófi frá Ljósmæðraskólanum 1914. Stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn 1921-1922. **Störf:** Var ljósmóðir við Eyjafjörð 1914-1921, í Bolungarvík 1922-1925 og í Reykjavík 1925-1930. Starfaði í sjö mánuði við fæðingaspítala í Berlín og Gautaborg 1930. Var forstöðukona nýstofnaðrar fæðingardeildar Landspítalans 1930-1949 og hafði jafnframt á hendi stjórn Ljósmæðraskólans. Var hagamælt og orti vísur sem birtust m.a. í *Emblu* (ársrit sem flutti ritverk kvenna 1945-1949). **Félagsstörf:** Sat í stjórn Ljósmæðrafélags Íslands 1929-1959, sem formaður frá 1949. Var ritstjóri *Ljósmæðrablaðsins* 1949-1959. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1944). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-59-18.

JÓHANNA ANDREA KNUDSEN (1897-1950) fædd í Kolfreyjustaðarsókn, Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. LÖGREGLUKONA og HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Hólmfríður Margrét Gísladóttir Knudsen (1870-1950) og Moritz Vilhelm Biering Knudsen (1866-1934), kaupmaður. **Systkin:** 1. Ósvaldur (1899-1975), 2. Fríða (1910-1994). **Nám:** Nam við Gagnfræðaskólann á Akureyri 1910-1912. Lauk hjúkrunarnámi við Ullevål sykehus í Ósló 1930 og stundaði framhaldsnám við Vinnuhælið Papworth í Englandi. **Störf:** Varð hjúkrunarkona við Landspítalann 1930. Var forstöðukona Vinnuhælisins á Reykjum í Ölfusi og síðan yfirhjúkrunarkona við sjúkrahúsið á Ísafirði 1934-1940. Starfaði í lögreglunni í Reykjavík 1941-1943 við að rannsaka kynni hermanna og kvenfólks, sér í lagi telpna undir lögdaldi. Var ein af fyrstu lögreglukonum hér á landi. **Félagsstörf:** Var ritstjóri tímaritsins *Syrpu* 1947-1949. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-41-34.

JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR (1940-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BLAÐAMAÐUR og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Elísabet Engilráð Ísleifsdóttir (1910-2001), gjaldkeri, og Kristjón Kristjónsson (1908-1984), forstjóri. **Systkin:** 1. Bragi (1938), 2. Valgerður (1945). **M:** 1957, Jökull Jakobsson (1933-1978), rithöfundur, skildu 1969. **Börn þeirra:** 1. Elísabet Kristín (1958), 2. Illugi (1960), 3. Hrafn (1965-2022). **Sambýlismaður:** 1971-1977, Höskuldur Skarphéðinsson (1932-2014), skipherra. **Barn þeirra:** 4. Kolbrá (1971). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1959. Lauk prófi í hebresku frá Háskóla Íslands 1962. Nam arabísku og Miðausturlandafræði í Kaíró, Sanaa og Damaskus 1995-2000. **Störf:** Var blaðamaður á *Vikunni* 1958-1959 og lausráðinn blaðamaður á *Tímanum* 1962-1966. Var fastráðinn blaðamaður við *Morgunblaðið* 1967-1995 og var m.a. yfirmaður sérblaðs *Morgunblaðsins* sem kallaðist *Daglegt líf og ferðalög*. Skrifaði skáldsögur og ferðasögur og fékkst við þýðingar. **Bækur:** M.a. *Á rauðu ljósi:*

Reykjavíkursaga (1960), *Segðu engum* (1963), *Miðarnir vor þrír* (1967), *Dulmál dódófuglsins: Á ferð með augnablikinu um fjarlæg lönd* (1989), *Flugleiðin til Bagdad* (1991), *Perlur og steinar: Árin með Jökli* (1993), *Arabíukonur: Samfundir í fjórum löndum* (2004) og *Svarthvítir dagar* (2014). **Þýðingar:** *Tunglskinsnætur í Vesturdal* eftir Gerd Nyquist (1958), *Eyjan* eftir Peter Benchley (ásamt Illuga Jökulssyni) (1980) og *Anna og Kristján* skáldsaga eftir Åke Leijonhufvud (1981). **Félagsstörf:** Stofnaði og stýrði Félagi einstæðra foreldra 1969-1984 og VIMA (Vináttu- og menningarfélagi Íslands og Miðausturlanda) 2004-2013. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit L-1-10.

JÓHANNA DAGMAR MAGNÚSDÓTTIR (1896-1981) fædd að Árbæ í Holtum, látin í Reykjavík. LYFJAFRÆÐINGUR og LYFSALI. **Foreldrar:** Camilla Torfason (1864-1927), kennari, og Magnús Torfason (1868-1948), sýslumaður. **Systkin:** 1. Brynjúlfur (1897-1980). **M:** 1939, Óskar Bjarnason (1893-1967), læknir. **Barn þeirra:** Þóra Camilla (1940-2019). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1910 og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1914. Var við nám í Stevo Apotek í Kaupmannahöfn í eitt ár, tók þaðan próf í lyfjafræði 1918. Lauk kandidatsprófi frá danska lyfjafræðiskólanum 1919. Var fyrsta íslenska konan sem tók próf í lyfjafræði. **Störf:** Starfaði við lyfjabúð á Ísafirði 1914-1916. Var lyfjafræðingur hjá Svane Apotek í Hróarskeldu 1920-1922 og lyfjafræðingur hjá Reykjavíkुरapóteki 1922-1928. Stofnsetti Lyfjabúðina Iðunni við Laugaveg í Reykjavík 1928 og rak hana til ársins 1961. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Lyfjafræðingafélagi Íslands 1929 og ritari stjórnar þess frá stofnun. Var félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur og Ferðafélagi Íslands. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit G-4-43.

JÓHANNA BÓEL SIGURÐARDÓTTIR (1921-2008) fædd í Njarðvík, látin í Kópavogi. PROSKAÐJÁLFI. **Foreldrar:** Steinunn Magnúsdóttir (1898-1985) og Sigurður Böðvarsson (1893-1968). **Systkin:** 1. Guðmundur (1920-1984), 2. Böðvar Helgi (1922-1929), 3. Magnea Ingibjörg (1925-2007), 4. Svava (1927). **M:** 1945, Samuel Emmett Hearn jr. (1921-1980), skildu 1959. **Barn þeirra:** 1. Jo Ann Hearn (1953-2019). **Nám:** Stundaði þroskaþjálfanám á Kópavogshæli frá 1961 og útskrifaðist sem gæslusystir 1963. **Störf:** Var húsmóðir í Texas í Bandaríkjunum 1945-1959. Starfaði eftir það sem þroskaþjálfari á Kópavogshæli í hátt á þriðja áratug eða árin 1963-1989. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1994). Útnefnd heiðursfélagi í Þroskaþjálfafélagi Íslands fyrir frumkvöðlastarf í þágu þroskaþjálfara (2005). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-5-165.

JÓHANNA KRISTJANA SIGURÐSSON, f. SIGURBJÖRNSDÓTTIR (1893-1956) fædd á Árskógsströnd, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR, MIÐILL og TÓNSKÁLD. **Foreldrar:** Jórunn Sigfríður Kristinsdóttir (1870-1961) og Sigurbjörn Ágúst Gissurarson (1867-1910), sjómaður. **Systkin:** 1. Axel Sæmann (1895-1959), 2. Þórir (1900-1954), 3. Dagmar (1904). **M:** Sigvart Emil Simonsen (1897-1952). **Barn þeirra:** 1. Jorun Eline Farstad, f. Strand (1922-2009). **Störf:** Fékkst við ritstörf og lagasmíði. Var miðill. **Bækur og útgefin tónlist:** *Dóttir Brynjólfs biskups* (1941), *Peter Jóhannes: söguleg skáldsaga* (1948), *Ritari biskups* (1949), *Klassískir valsar og tangó*, með texta eftir Jóhönnu S. Sigurðsson (1946), *Fjólan; Lag tileinkaða Ragnheiði Brynjólfsdóttur* (1943) og *Fimm sönglög og ljóð*. Jóhanna lét reisa Minnisvarða í Skálholti yfir Ragnheiði Brynjólfsdóttur árið 1940. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-2-22.

JÓHANNA ÁLFHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR (1920-2002) fædd í Nesi í Aðaldal, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR og FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Vilhelmína Pétursdóttir (1899-1984) og Steingrímur Sigurgeir Baldvinsson (1893-1968), bóndi og skáld í Nesi. **Systkin:** 1. Pétur (1929), 2. Arndís Björg (1931-2004), 3. Kristbjörg Freydís (1931-2020). **M:** 1940, Hermóður Guðmundsson (1915-1977), bóndi í Árnesi. **Börn þeirra:** 1. Völundur Þorsteinn (1940), 2. Sigríður Ragnhildur (1942), 3. Hildur (1950), 4. Hilmar (1953-1999). **Störf:** Jóhanna og Hermóður reistu stórbýlið Árnes í Aðaldal og byggðu þar veiðihús 1962. Jóhanna var framkvæmdastjóri veiðihússins frá byrjun 1962 og allt til ársins 2000, sá ein um reksturinn eftir lát Hermóðs 1977. Fékkst við ritstörf. Skrifaði fasta pistla í *Morgunblaðið* sem nefndust Lífið á landsbyggðinni. Vann þætti fyrir Ríkisútvarpið, m.a. þættina *Á bökkum Laxár*, sem seinna birtust á bók. Sendi frá sér 14 bækur bæði fyrir börn og fullorðna. **Bækur:** M.a. *Veröldin er alltaf ný* (1980), *Á bökkum Laxár* (1987), *Fjalla Bensí* (1993) og *Tóta á ferð og flugi* (2000). Ritstýrði nokkrum bókum og tók virkan þátt í útgáfu bókanna *Byggðir og bú, byggðasögu Suður-Pingeyjarsýslu*. **Félagsstörf:** Var formaður Kvenfélags Nessóknar, Suður-Pingeyjarsýslu, og Kvenfélagasambands Suður-Pingeyinga. Stóð fyrir stofnun kvennakórsins Lissýjar og stjórnaði starfi kirkjukórs Nessóknar í fjölda ára. Stofnaði Vísnafélagið Kveðanda ásamt fleiri hagræðingum í Suður-Pingeyjarsýslu, var fyrsti formaður þess og í stjórn til æviloka. Var félagi í Rithöfundasambandi Íslands og í Alþjóðarithöfundasambandinu. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1992). **Jarðsett:** Neskirkjugarði reit 265.

JÓHANNA VIGFÚSDÓTTIR (1911-1994) fædd á Hellissandi, látin í Reykjavík. ORGANISTI. **Foreldrar:** Kristín Jensdóttir (1889-1953) og Vigfús Jónsson (1883-1972), bóndi. **Systkin:** 1. Jens (1912-1983), 2. Haukur (1913-1995), 3. Guðný Júlíana (1917-2000), 4. Svava (1918-2004), 5. Guðbjörg (1921-2017), 6. Vigfús Kristinn (1924), 7. Auður (1926-2008), 8. Iðunn (1927-2021), 9. Gyða (1928-1972), 10. Ragna (1930), 11. Jón Jóhann (1931-2020), 12. Erlingur (1936-2005). **Fóstursystkin:** 13. Helga Níelsdóttir (1898-1985). **M:** 1930, Hjörtur Jónsson (1902-1963), útvegsbóndi og hreppstjóri. **Börn þeirra:** 1. Snorri (1931-2010), 2. Hreinn (1933-2007), 3. Rafn (1935-2022), 4. Hróðmar (1939), 5. Jón Jóhann (1942), 6. Aðalheiður (1947-1997), 7. Vigfús (1956). **Störf:** Var organisti Ingjaldshólskirkju í 52 ár og húsfreyja á Munaðarhóli, Neshreppi, Hellissandi. **Félagsstörf:** Stóð fyrir sunnudagaskóla í rúm 30 ár og sat á kirkjuþingi um árabíl. Var formaður Kvenfélags Hellissands í 25 ár og forystukona í Kvenfélagasambandi Snæfellsness og Hnappadalssýslu og Sambandi breiðfirska kvenna. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1978). Kjörin heiðursborgari Neshrepps utan Ennis (1990). **Jarðsett:** Ingjaldshólskirkjugarði reit A-175.

JÓHANNA ÞRÁINSDÓTTIR (1940-2005) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. RITHÖFUNDUR og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Hulda Einarsdóttir Markan (1920-2002) og Sveinbjörn Hannes Þráinn Sigfússon (1911-1977). **Fóstra hennar:** Jóhanna Guðrún Steinsdóttir (1883-1957). **Alsystkin:** 1. Bergljót Kristín (1938-1969). **Sammæðra systkin:** 2. Guðmundur (1944). **Barnsfaðir:** Gylfi Gröndal (1936-2006), rithöfundur. **Barn þeirra:** 1. Jóhann (1959). **M:** Guðjón Sævar Jóhannesson (1936-2005), læknir, þau skildu. **Nám:** Tók studentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960. Stundaði nám í tékknesku og leikhúsfraeðum við Pragháskóla 1964-1966. Lagði stund á uppeldisfræði við Háskólann í Lundi og síðar við Háskóla Íslands og lauk BA-prófi í norsku og uppeldisfræði 1983. Hóf árið 1996 nám í guðfræði við Háskóla Íslands, lauk þar BA-

prófi og vann að rannsóknum og þýðingum sem tengdust framhaldsnámi hennar í þeim fræðum meðan heilsan leifði. **Störf:** Var kennari við Gagnfræðaskólann og Menntaskólann á Akureyri 1970-1972. Kenndi á Akranesi við Iðnskólann, Námsflokkan og Fjölbrautaskólann í nokkur ár. Var deildarstjóri á Ferðaskrifstofu Íslands og um tíma blaðamaður á *Vikunni* og *Dagblaðinu*. Fékkst við ritstörf. Vann við þýðingar frá 1983, einkum fyrir sjónvarp. **Skáldsaga:** *Útrás* (1975). **Þýðingar:** M.a. *Sólskinsdagur sumarið 42* eftir Herman Reuch (1973), *Til minningar um prinsessu*, eftir Ruth M. Arthur (útvarpssaga, 1978), *Árin okkar Gunnlaugs* eftir Grete Linck Grönbech (1979), *Aftur um áratug* eftir Wang Zhifu (óútgefið útvarpsleikrit, 1989), *Menning fornþjóða*, ásamt Guðjóni S. Jóhannessyni, í ritröðinni *Fjölfræði nýrrar aldar*, þýtt úr *Ancient civilizations* (1999), *Uggur og ótti*, eftir Sören Kierkegaard (2000) og *Leiðin til lífshamingju* eftir Dalai Lama og Howard C. Cutler (2001). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-34-15.

JÓNA GUÐMUNDSDÓTTIR (1891-1975) fædd á Ísafirði, látin í Kópavogi. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Guðbjörg Sigurðardóttir (1865-1940) og Guðmundur Jón Friðriksson (1867-1900), sjómaður. **Systkin:** 1. Þórður (1889-1961). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi við Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn 1920. **Störf:** Var yfirhjúkrunarkona við sjúkrahúsið á Ísafirði 1920-1934. Var forstöðukona Holdsvékraspítalans í Laugarnesi 1934-1940, en fór þá yfir á Kópavogshælið ásamt sjúklingum og var þar forstöðukona til 1958. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1966). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-16-34.

JÓNA INGIBJÖRG HANSEN (1935-2006) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Sigurbjörg Magnea Magnúsdóttir (1905-1979) og Thorkild W. Hansen (1900). **Systkin:** 1. Niels Jacob Hansen (1937-2005). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1956. Stundaði nám í Kaupmannahöfn 1956-1958. **Störf:** Var kennari við Réttarholtsskóla 1958-1965 og síðan við Hagaskóla árin 1965-2002. Starfaði sem forstöðukona sumardvalarheimilis Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands að Laugarási í Biskupstungum í sjö sumur. Starfaði sumrin 1970-1978 sem skrifstofustjóri hjá ferðaskrifstofunni Sunnu í Kaupmannahöfn. Stofnaði ferðaskrifstofuna Víðsýn 1979 ásamt sr. Frank. M. Halldórssyni og starfrækt til ársins 1984. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Reykjavíkurdeildar R.K. frá árinu 1970. Var félagi í Reykjavíkurdeild Norræna félagsins og Náttúrulækningafélagi Reykjavíkur. Annaðist starf eldri borgara í Neskirkju árum saman ásamt sr. Frank. Ræktaði blóm í gróðurhúsi sem hún átti í landi Blikastaða og seldi eða gaf. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit B-88.

JÓNA BERTA JÓNSDÓTTIR (1931-2017) fædd á Akureyri, látin á Akureyri. MATRÁÐSKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Þórhannesdóttir (1902-1941) og Guðþór Jón Gottlieb Guðjónsson (1903-1969), bakameistari. **Alsystkin:** 1. Kristbjörn (1926-1963), 2. Stella (1929-2013). **Samfeðra systkin:** 3. Hrafnhildur (1942). **Fóstursystkin:** 4. Gréta Óskarsdóttir (1936-2019). **Barnsfaðir:** Þorgils Sigurðsson (1921-1998), stöðvarstjóri. **Barn þeirra:** 1. Þorgerður Jóna (1949). **Börn Jónu:** 2. Guðmundur Jóhann Gíslason (1954), 3. Sigurður Hrafn Þorsteinsson (1969). **Störf/Félagsstörf:** Vann hjá Sambandsverksmiðjunum á Akureyri og Sjúkrahúsi Akureyrar. Starfaði fyrir Mæðrastyrksnefnd Akureyrar í yfir 20 ár, lengst af sem formaður nefndarinnar, en skjólstæðingar nefndarinnar komu af öllu Eyjafjarðarsvæðinu auk Siglufjarðar. **Viðurkenningar:** Var útnefnd Norðlendingur ársins 2007, að mati hlustenda Útvarps Norðurlands. Var gerð að heiðursborgara Akureyrarbæjar á 150 ára afmæli bæjarins (2012). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku

fálkaorðu fyrir störf að mannúðarmálum (2013). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit M-6-24.

JÓNA KRISTÓFERSDÓTTIR (1918-2003) fædd á Blönduósi, látin í Reykjavík. **IÐJUPJÁLFI.**
Foreldrar: Dómhildur Símonía Jóhannsdóttir (1887-1967) og Kristófer Kristófersson (1885-1964), bankastafsmaður. **Alsystkin:** 1. Skafti (1913-2001), 2. Jóhann Sverrir (1921-1995).
Sammæðra systkin: 3. Þórhallur Traustason (1908-1947). **Sambýlismaður:** Ejner Olsen (1913-1988). **Nám:** Sótti nám við Kvennaskólann á Blönduósi 1936-1937 og framhaldsnám þar í vefnaði. Stundaði nám í iðjubjálfun í Danmörku 1939-1946. **Störf:** Var iðjubjálfi á Kleppspítala í 40 ár eða árin 1946-1986. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Iðjubjálfafélags Íslands 1976. **Jarðsett:** Blönduóskirkjugarði reit B-172.

JÓNA GRÓA SIGURÐARDÓTTIR (1935-2015) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.
SKRIFSTOFUMAÐUR og **BORGARFULLTRÚI.** **Foreldrar:** Ingunn S. Jónsdóttir (1915-2007) og Sigurður Guðmundsson (1912-1995), málarameisteri. **Systkin:** 1. Mattína (1944). **M:** 1954, Guðmundur Jónsson (1932), vélfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Ingunn Guðlaug (1954), 2. Sigurður Már (1957), 3. Helga (1958), 4. Auður Björk (1966). **Stjúpbarn:** 5. Ívar Gissurarson (1953). **Nám:** Stundaði píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík 1944-1949. Tók verslunarskólapróf frá Verslunarskóla Íslands 1953. Sótti frönskunám á vegum Alliance Francaise í Reykjavík og París og enskunámskeið í Bretlandi. **Störf:** Starfaði hjá Fjölritunarstofu Friedu Briem 1953-1954, Bræðrunum Ormsson 1954-1955 og Kristjáni Ó. Skagfjörð 1955-1957. Var lestrarsalsvörður hjá Alþingi 1960-1969. Var framkvæmdastjóri Bílaleigunnar Fara 1970-1976, skrifstofumaður hjá SÁÁ 1978-1982 og formaður og framkvæmdastjóri fangahjálparinnar Verndar 1982-1989. **Stjórn mála- og félagsstörf:** Sat í borgarstjórn Reykjavíkur sem aðal- eða varafulltrúi Sjálfstæðisflokksins á árunum 1982-2002. Sat í stjórn atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar, í fræðsluráði, skólamálaráði og menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar. Var í stjórnnum Lífeyrissjóðs borgarstarfsmanna, Veitustofnana Reykjavíkurborgar, samstarfsráðs um Kjalarnes og Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar. Var formaður í stjórnnum SVR, atvinnumálanefndar og Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins. Sat í áfengisvarnaráði og áfengis- og vímuvarnaráði. Skipaði 13. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík til alþingiskosninga 1978. Var í stjórn Félags sjálfstæðismanna í Smáibúða-, Bústaða- og Fossvogshverfi. Sat í stjórnnum Hvatar 1976-1994, Landssambands sjálfstæðisflokksvenna 1996-1998 og fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík frá 1976 og var í flokksráði Sjálfstæðisflokksins frá 1984. Sat í stjórn Sambands eldri sjálfstæðismanna. **Viðurkenning:** Kjörin heiðursformaður Verndar (1989). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-7-231.

JÓNA ÞORSTEINSDÓTTIR (1927-2001) fædd í Sauðlauksdal, Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu, látin í Kópavogi. **KENNARI** og **BÓKASAFNSFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Guðrún Petrea Jónsdóttir (1901-1977) og Þorsteinn Kristjánsson (1891-1943), prestur. **Systkin:** 1. Guðrún (1921-1983), 2. Magnús Bragi (1923-2016), 3. Baldur (1924), 4. Helgi (1936-2008). **M:** 1955, Sigurjón Einarsson (1928-2021), sóknarprestur á Kirkjubæjarklaustri og prófastur Skaftfellina. **Börn þeirra:** 1. Æsa (1959), 2. Ketill (1966). **Nám:** Stundaði listnám í Austurríki og Þýskalandi 1957-1959. Tók handavinnukennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1965. Lauk BA-prófi í bókasafnsfræði og dönsku frá Háskóla Íslands 1986. **Störf:** Starfaði hjá Landsíma Íslands

1948-1958. Var kennari við unglingskólann á Kirkjubæjarklaustri 1965-1967 og við Kirkjubæjarskóla á Síðu 1967-1989. Starfaði sem bókasafnsfræðingur á bókasafni Norræna hússins 1985-1987 og sem forstöðumaður Héraðsbókasafns Vestur-Skaftafellssýslu 1987-1998. **Félagsstörf:** Var formaður hönnunarnefndar vegna byggingar Heilsugæslustöðvar Kirkjubæjarklausturs 1974-1979. Var fyrsta konan sem sat í hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps 1970-1978. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-7-38.

JÓNINNA SIGURÐARDÓTTIR (1879-1962) fædd á Þúfu í Fnjóskadal, Suður-Pingeyjarsýslu, látin á Akureyri. **HÚSTJÓRNARKENNARI.** **Foreldrar:** Helga Sigurðardóttir (1845-1922) og Sigurður Jónsson (1842-1898), bóndi á Draflastöðum í Fnjóskadal. **Systkin:** 1. Sigurður (1871-1940), 2. Karl Ágúst (1873-1945), 3. Ingimar (1881-1908) 4. Guðrún (1875-1937), 5. Karitas (1883-1955). **Samstarfs- og sambýliskona:** (1917-1962), Herdís Sigurjónsdóttir (1896-1984), sá um heimili þeirra á Akureyri. **Fósturbörn:** 1. Jóninna Jónsdóttir (1918-1987), 2. Guðrún Kristín Jóhanna Jónsdóttir Bjarnason (1919-2004), 3. Lillý Ragnhildur Jónsdóttir Andersen (1925). Móðir þeirra var Laufey Jónsdóttir (1886-1963). **Nám:** Nam við Kvennaskólann á Akureyri 1897. Stundaði hússtjórnar- og kennaranám í Danmörku. **Störf:** Fékk, eftir heimkomu 1903, styrk frá Búnaðarfélagi Íslands til að ferðast um og kenna húsmæðrum. Stundaði farkennslu í matreiðslu um allt Norðurland næstu árin og voru námskeið hennar vel sótt og mörg kvenfélög stofnuð í kjölfar þeirra. Hóf matreiðslukennslu í húsnæði Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri 1907 og rak þar nokkurs konar matreiðsluskóla í nokkur ár, m.a. með áherslu á heimaræktaðar matjurtir, ber og annað. Rak greiðasölu og hótél undir nafninu Hótél Goðafoss 1915-1945. Varð fyrsti formaður skólanefndar Húsmæðraskóla Akureyrar 1945. **Bók:** *Ný matreiðslubók fyrir fátæka og ríka*; með heilsufræðilegum inngangi eftir Steingrím Matthíasson (1915, 5. útgáfa 1945). **Æviminningar:** *Jóninna Sigurðardóttir frá Draflastöðum í Fnjóskadal S. Pingeyjarsýslu: fædd 11. apríl 1879 – dáin 19. sept. 1962* eftir Halldóru Bjarnadóttur (1969). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1959). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar reit K-15-29.

JÓNÍNA STEFANÍA BJARNADÓTTIR (1919-2010) fædd í Tungu í Viðfirði, Norðfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Guðrún Friðbjörnsdóttir (1893-1989), klæðskeri, og Bjarni Sveinsson (1894-1978), húsmiðameistari og bátasmiður. **Systkin:** 1. Guðlaug Ólöf (1916-1987), 2. Guðrún *Aðalbjörg* (1918-2020), 3. Anna Sigríður (1921-2012), 4. Ingibjörg (1922-2015), 5. Friðbjörg *Bergþóra* (1924-2014), 6. Sveinn (1927-1963), 7. Unnur Ólafía (1933). **M:** Gunnar Sigurðsson (1917-1966), skrifstofumaður. **Börn þeirra:** 1. Steinunn Agla (1957), 2. Guðrún (1958). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1946. Stundaði framhaldsnám í skurðstofuhjúkrun við Landspítalann 1948 og í Finnlandi og Svíþjóð 1951. **Störf:** Starfaði við sjúkrahús í Surray á Englandi 1948 og síðan í Edinborg, Skotlandi. Vann á Kristneshæli í Eyjafirði um tíma og var yfirhjúkrunarkona á Sjúkrahúsi Akraness 1952-1956. Starfaði sem hjúkrunarkona við Heilsuverndarstöðina í Reykjavík í fjölda ára, fyrst við húð- og kynsjúkdómadeild og síðan við ungbarnavernd. Vann síðustu starfsárin við heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi og sem skólahjúkrunarfræðingur við Mýrarhúsa- og Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-31-5.

JÓNÍNA GUNNHILDUR FRÍÐFINNSDÓTTIR (1940-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **BÓKASAFNSFRÆÐINGUR** og **KENNSLURÁÐGJAFI.** **Foreldrar:** Sigríður Elíasdóttir (1912-1981) og

Friðfinnur Árnason (1915-1999), vélstjóri. **Systkin:** 1. Sigríður Dröfn (1946-2000), 2. Jóhanna (1947). **M:** 1961, Hallgrímur Þorsteinsson (1941-2020), endurskoðandi. **Börn þeirra:** 1. Friðfinnur (1962), 2. Halla (1968), 3. Þorsteinn (1972). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1960, kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1963 og BA-prófi í bókasafns- og upplýsingarfræði frá Háskóla Íslands 1983. Stundaði nám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn 1990. **Störf:** Var kennari við Barnaskólann á Akranesi 1963, Öldutúnsskóla í Hafnarfirði 1965-1988 og Digranesskóla og Snælandsskóla í Kópavogi til ársins 1998. Starfaði jafnhliða kennslu á Fræðsluskrifstofu Reykjaness sem kennsluráðgjafi og síðan hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanessbæjar. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags kennara á skólabókasöfnum, sat í stjórn og var formaður þess í mörg ár. Var stofnfélagi IBBY á Íslandi (félags um barnabókmenntir) og var í fyrstu stjórn þess og formaður um árabíl. Sat í stjórn Samtaka norrænna skólasafnakennara um nokkurra ára skeið. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði, duftgarði reit A-8-161.

JÓNÍNA HELGA GÍSLADÓTTIR (1941-2009) fædd í Reykjavík, látin í Garðabæ. PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Brynhildur Pálsdóttir (1901-1992), hjúkrunarfræðingur, og Gísli Þorleifsson (1907-1954), múraramestari. **Systkin:** 1. Páll Leifur (1936), 2. Sigrún Gerða (1943-2018). **Barnsfaðir:** Hjalti Kristgeirsson (1933). **Barn þeirra:** 1. Gísli Rúnar (1967-2003). **M:** 1981, Torfi Jónsson (1935), myndlistarmaður og kennari. **Barn þeirra:** 2. Guðrún Inga (1981). **Nám:** Hóf átta ára gömul nám í píanóleik hjá Hermínu Kristjánsson og naut síðan lengi handleiðslu hennar og Árna Kristjánssonar í einkatímum og Tónlistarskólanum í Reykjavík. Lauk lokapróf frá tónmenntakennaradeild skólans. Tók próf í uppeldisfræði og sálarfræði frá Kennaraskóla Íslands. Lauk prófi frá Associated Board of the Royal Schools of Music 1981. Lauk átta stigum í söng meðfram píanónáminu. Sótti mörg námskeið í píanóleik og söng. **Störf:** Stundaði píanókennslu við Tónlistarskóla Garðabæjar, Nýja Tónlistarskólann, Tónlistarskóla Kópavogs og Söngskólann í Reykjavík. Starfaði mikið með einsöngvurum og kórum, m.a. Árnesingakórnum í Reykjavík og Þjóðleikhúskórnum. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit C-3-207.

JÓNÍNA GUÐJÓNSDÓTTIR (1895-1982) fædd á Stóru-Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd, látin í Keflavík. GÆSLUSYSTIR. **Foreldrar:** Guðrún Torfadóttir (1861-1942) og Guðjón Jónsson (1857-1922), formaður og skipasmiður. **Systkin:** 1. Guðlaug Ingibjörg (1891-1977). **Nám:** Gekk í barnaskóla sem þó var af skornum skammti. Aflaði sér fræðslu og menntunar með sjálfnámi. **Störf/Félagsstörf:** Var gæslusystir barnastúkunnar Nýstjarnan í Keflavík í tæplega 50 ár 1919-1968, ásamt Guðlaugu systur sinni. Stúkan var um tíma fjölmennasta barnastúka landsin með um 500 börn og var hópnum skipt í tvær deildir, yngri og eldri, og reglubundnir fundir mánaðarlega, auk annarrar starfsemi. Var formaður í kvennadeild Slysavarnafélags Keflavíkur 1942-1971. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Slysavarnafélaginu (1971). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1972). **Jarðsett:** Keflavíkurkirkjugarði við Aðalgötu reit D-4-6.

JÓNÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR (1902-1978) fædd í Flatey á Breiðafirði, látin í Reykjavík. FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐUR. **Foreldrar:** Þorgerður Guðrún Sigurðardóttir (1879-1964) og Guðmundur Þórólfsson (1867-1921), trésmiður. **Systkin:** 1. Anna Kristín (1910-1939), 2. Sigurmundur (1911-1939), 3. Hinrik Jón (1917-1985), 4. Bjarni Jóhann (1919-1998), 5. Margrét

(1920-2015). **M:** 1925, Frímenn Ólafsson (1900-1956), forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Birgir Guðmundur (1926-2001), 2. Hörður (1927-2015), 3. Ólafur Helgi (1931-2010), 4. Fríða Kristín (1937), 5. Kristinn (1947-1947). **Nám:** Stundaði nám við Hvítárþakkaskóla um tveggja ára skeið og önnur tvö ár í húslegum fræðum í Danmörku. **Félagsstörf:** Var frumkvöðull að stofnun Húsmæðrafélags Reykjavíkur árið 1934 og var formaður þess til 1972. Var varaformaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur frá 1948 og formaður nefndarinnar 1958-1977. Sat í Barnaverndarnefnd Reykjavíkur í 20 ár. Sat í Fegrunarnefnd Reykjavíkur. Var í hópi þeirra sem áttu frumkvæði að stofnun Neytendasamtakanna. Sat í stjórnnum Bandalags kvenna, Kvenfélagasambands Íslands, Kvenfélags Hallgrímskirkju, Thorvaldsensfélagsins og Sjálfstæðis-kvennafélagsins Hvatar. **Viðurkenningar:** Var útnefnd heiðursfélagi Húsmæðrafélags Reykjavíkur. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1968). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-11-20.

JÓNÍNA JÓNATANSDÓTTIR (1869-1946) fædd á Miðengi í Garðahverfi á Álftanesi, látin í Reykjavík. VERKALÝÐSLEIÐTOGI og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Margrét Ólafsdóttir (1832-1894) og Jónatan Gíslason (1829-1872), bóndi og sjómaður á Miðengi. **Systkin:** 1. Helga (1855-1894), 2. Ólafur (1857-1937), 3. Elín (1866-1945), 4. Jón Pétur (1870-1910). **M:** 1902, Flosi Sigurðsson (1874-1952). **Barn þeirra:** 1. Dó fimm ára. **Fósturbarn:** 2. Ólafur Jónsson (1905-1989), bróðursonur Jónínu. **Störf:** Sinnti verkalýðs- og stjórnmalastörfum. **Félags- og stjórnmalastörf:** Var aðalhvataamaður að stofnun Verkakvennafélagsins Framsóknar 1914 og gegndi formennsku þess fyrstu 20 árin. Var meðal stofnenda Alþýðuflokksins og Alþýðusambands Íslands. Var bæjarfulltrúi í Reykjavík fyrir Alþýðuflokkinn 1922-1924. Stofnaði ásamt nokkrum fleiri konum Kvenfélag Alþýðuflokksins í Reykjavík 1937 og var formaður félagsins fyrstu fimm árin. Átti sæti í fjáröflunarnefnd Landspítalans. Var í stjórn Kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands. Starfaði innan Kvenréttindafélagsins og innan Góðtemplarareglunnar. **Viðurkenning:** Var fyrsti heiðursfélagi Kvenfélags Alþýðuflokksins. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit V-32.

JÓNÍNA STEINVÖR SIGURÐARDÓTTIR LÍNDAL (1888-1950) fædd á Lækjamóti í Víðidal, Vestur-Húnavatnssýslu, látin á Hvammstanga. KENNARI. **Foreldrar:** Margrét Eiríksdóttir (1850-1919) og Sigurður Jakob Jónsson (1835-1913), bóndi og hreppstjóri. **Sammæðra systkin:** 1. Guðríður Sigurðardóttir Líndal (1878-1932). **Samfeðra systkin:** 2. Ólafur (1869). **M:** 1914, Jakob Hansson Líndal (1880-1951), kennari og áhugamaður um jarðfræði. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1915-1991), 2. Tryggvi Baldur (1918-1997), 3. Margrét (1920-2011). **Nám:** Lærði ung að leika á orgel hjá móður sinni og á gítar hjá Guðríði systur sinni. Lauk námi við Kvennaskólann á Blönduósi 1905. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum í Reykjavík 1909. Sótti kennaranámskeið í Nass í Svíþjóð sumarið 1911. Lauk kennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskólanum á Stabekk í Noregi 1912. Lagði stund á nám í tónfræði og orgelleik við Musikkonservatoriet í Ósló. **Störf:** Var kennari við Barnaskólann á Sauðárkróki 1909-1911. Annaðist umferðarkennslu í húsmæðra-fræðum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum fyrir Búnaðarfélag Íslands í tvo vetur. Stóð að húsmæðrakennslu í Gróðrarstöðinni á Akureyri 1915-1917, verkleg kennsla að mestu, en bókleg kennsla einn til tvo tíma á dag. Hafði einn aðstoðarkennara. Flutti ásamt fjölskyldu sinni að Lækjamóti árið 1917 og tók þar á móti Englendingum sem dvöldu í einn til tvo mánuði á sumrin við laxveiðar í Víðidalsá allt þar til heimsstyrjöldin síðari hófst. **Ritstörf:** *Heimilishandbókin. Ritsafn kvenna* (1947, 1948). **Jarðsett:** Heimagrafreit, Lækjamóti Víðidalstungusókn.

JÓNÍNA KRISTBJÖRG MICHAELSDÓTTIR (1943-2021) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR og BLAÐAMAÐUR. **Foreldrar:** Valborg Karlsdóttir (1915-1957) og Michael Sigfinnsson (1913-1961), leigubílstjóri og sjómaður. **Systkin:** 1. Karl Heiðar (1934-2009), 2. Laila (1946), 3. Ásta (1950), 4. Linda Rós (1951). **Samfeðra systkin:** 5. Guðleif Sigríður Guðrún (1934-2001), 6. Kristinn Erlendur Kaldal (1934-1996). **M:** 1961, Sigbór Jón Sigurðsson (1940), kerfisfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Michael (1962), 2. Björn (1966), 3. Þórunn (1969). **Störf:** Starfaði sem prófarkalesari hjá Blaðaprenti og blaðamaður við *Vísí* 1977-1980. Var framkvæmdastjóri samtakanna Viðskipti og verslun 1980-1983 og fékkst við markaðsráðgjöf í lðnaðarbanka Íslands 1983-1986. Var aðstoðarmaður forsætisráðherra 1987-1988. Starfaði sjálfstætt við markaðsmál og þáttagerð í sjónvarpi og útvarpi. Fékkst við ritstörf. **Bækur:** *Líf mitt og gleði: minningar Þuríðar Pálsdóttur söngkonu* (1986), *Eins manns kona: minningar Tove Engilberts* (1989), *Mér leggst eitthvað til, sagan af Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheimum* (1990, 2015), *Milli sterkra stafna; fólkið hjá Eimskip* (1993), *Karólína: líf og list Karólínu Lárusdóttur listmálara* (1993), *Áhrifamenn* (1994) og *Dagur við ský: fólk í íslenskri flugsögu* (2000). **Félagsstörf:** Var formaður Bókmenntakynningarsjóðs 1998. Sat í stjórnun Tónlistarskólans í Reykjavík og Ríkisspítalanna. Sat í framkvæmdastjórn, miðstjórn, flokksráði og skipulagsnefnd Sjálfstæðisflokksins og var formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit R-14-8.

JÓNÍNA GUÐRÚN SÆBORG, f. BJÖRNSDÓTTIR (1890-1980) fædd í Ólafsfirði, látin í Ósló. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI og MATSELJA. **Foreldrar:** Freygerður Þorkeldsdóttir (1862-1942) og Björn Jón Guðmundsson (1869-1944), sjómaður og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Guðmundur (1892-1918), 2. Jón Kristinn (1894-1977), 3. Bergur Sigursteinn (1896-1975), 4. Björn Árni (1901-1966), 5. Ingibjörg (1906-1989). **Sammæðra systkin:** 6. Sigríður Ólöf Jónsdóttir (1886-1961). **M:** 1908, Even Johannessen Bratbakken Sæborg (1888-1960), vélsmiður. **Börn þeirra:** 1. Björn Friðgeir Guðmundur (1915-1989), 2. Oddvar Lothar Knut (1921-1988). **Nám:** Lærði hússtjórn í Kaupmannahöfn 1901-1903. **Störf/Félagsstörf:** Rak matsölu í húsi Boga Daníelssona á Akureyri 1904-1907. Stofnaði árið 1960 sjóð í minningu eiginmanns síns til byggingar elliheimilis á Ólafsfirði (var stofnað 1988, átta árum eftir lát Jónínu). **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursborgari Ólafsfjarðarkaupstaðar (1963). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1965). **Jarðsett:** Ósló.

JÓRUNN STEINUNN JÓNSDÓTTIR (1920-1987) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Valgerður Guðrún Sveinsdóttir (1895-1983) og Jón Árnason (1889-1944), héraðslæknir á Kópaskeri. **Systkin:** 1. Anna (1918-1995), 2. Björg (1924-1926), 3. Sigurður (1925-2015), 4. Jódís (1927-2012), 5. Árni (1929-1983), 6. Sveinn (1931). **M1:** 1940, Sverrir Magnússon (1909-1990), lyfjafræðingur, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Gunnar (1943-2011). **M2:** 1952, Rögnvaldur Ólafsson (1923-2004), skipasmiður, þau skildu. **Börn þeirra:** 2. Anna Theodóra (1953), 3. Ólafur (1958). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1937. Lærði sælgætisgerð í Bandaríkjunum 1945-1946. **Störf:** Stofnaði Sælgætisgerðina Völu í Reykjavík 1946, rak hana í um 40 ár eða til ársins 1985 og varð fyrst til að framleiða kókosbollur á Íslandi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-28-27.

JÓRUNN VIÐAR (1918-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TÓNSKÁLD og PÍANÓLEIKARI. **Foreldrar:** Katrín Viðar (1895-1989), píanó kennari, og Einar Indriðason Viðar (1887-1923), bankaritari og söngvari. **Systkin:** 1. Drífa (1920-1971). **M:** 1940, Lárus Lárusson Fjeldsted (1918-1985), forstjóri Optima. **Börn þeirra:** 1. Lárus (1942), 2. Katrín (1946), 3. Lovísa (1951). **Nám:** Útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1936 og tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1937. Nam tónsmíðar við Tónlistarakademíuna í Berlín 1937-1939 og stundaði framhaldsnám í tónsmíðum hjá Vittorio Giannini við Juilliard-skólann í New York 1943-1945. **Störf:** Starfaði við Söngskólann í Reykjavík. Samdi fjölda söngverka, raddsetti þjóðlög og þulur og kom fram sem einleikari. Samdi m.a. ballettónlist við *Eld* og *Ólaf Liljurós*, tónlist við kvikmyndina *Síðasti bærinn í dalnum* og píanókonertinn *Sláttu*. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1989). Útnefnd borgarlistamaður Reykjavíkurborgar (1999-2000). Naut heiðurslauna listamanna frá Alþingi. Fékk heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna (2004) og menningarverðlaun DV (2009). Heimildarkvikmynd um Jórunni eftir Ara Alexander Ergis Magnússon var sýnd á 90 ár afmæli Jórunnar árið 2008. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-2-132.

JÚLÍANA SIGRÍÐUR EIRÍKSDÓTTIR (1905-1978) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Gunnlaugsdóttir (1866-1957) og Eiríkur Jónsson (1874-1912), sjómaður. **Alsystkin:** 1. Eyrún (1903-1962), 2. Úlfhildur (1911-1961). **Samfeðra systkin:** 3. Magnús. **M:** 1935, Sigurður Ólafsson (1913-2009), bóndi á Kjarlaksvöllum, Saurbæ, Dalasýslu. **Barn þeirra:** 1. Helga Björg (1938). **Fósturbarn:** 2. Bára Kolbrún Guðmundsdóttir (1951). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1927. **Störf:** Starfaði sem kennari fyrst á Snæfellsnesi í einn vetur, en síðan í Grímsnesinu og á Hvanneyri 1929-1931. Var kennari og skólastjóri í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu í yfir 40 ár eða árin 1932-1975, fyrstu árin sem farkennari á heimilum í sveitinni en stýrði síðan heimavistarskóla á heimili sínu á Kjarlaksvöllum, auk húsmóðurstarfa. **Félagsstörf:** Sat í stjórn ungmennafélags í nokkur ár og var formaður Kvenfélags Saurbæjarhrepp frá 1940. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1976). **Jarðsett:** Staðarhólskirkjugarði reit 2.

JÚLÍANA FRIÐRIKSDÓTTIR (1891-1983) fædd á Kraunastöðum í Aðaldal, Suður-Pingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Guðrún Þorgrímsdóttir (1865-1952) og Friðrik Jónsson (1866-1953), bóndi og landpóstur. **Systkin:** 1. Emilía (1889-1973), 2. Sigrún (1893-1976), 3. Halldór (1895-1967), 4. Jónas (1896-1983), 5. Jón (1898-1990), 6. Valgerður (1901-1959). **Fósturforeldrar:** Júlíana Guðmundsdóttir (1854-1939) og Sigurjón Þorgrímsson (1864-1941), bakari og hótelhaldari á Húsavík. **M:** 1921, Haraldur Björnsson (1891-1967), leikari. **Börn þeirra:** 1. Stefán (1922-1996), 2. María Dóra (1924-2003), 3. Jón (1930-1989). **Nám:** Stundaði hjúkrunarnám í Grand Forks, Norður-Dakota 1914-1919, framhaldsnám í Winnipeg 1920-1921 og starfsnám í Kanada og Bandaríkjunum 1951-1952. **Störf:** Var yfirhjúkrunarkona á Sjúkrahúsinu á Akureyri 1921-1924. Starfaði sem næturhjúkrunarkona á Hvítabandinu í Reykjavík 1934-1942 og tók aukavaktir m.a. á Landspítalanum og St. Jósefsspítala. Starfaði við einka-hjúkrun á Borgarspítalanum frá 1953 og fram á níræðisaldur. Vakti þar yfir sjúkum og líknaði deyjandi fólki. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1983). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-43-45.

JÚLÍANA JÓNSDÓTTIR (1837-1917) fædd á Búrfelli í Hálsasveit, Borgarfirði, látin í Blaine í Washington-fylki, Bandaríkjunum. **SKÁLD.** **Foreldrar:** Guðrún Samsonardóttir (1818-1865) og Jón Sigurðsson (1800-1843). **Störf:** Var vinnukona á Saurum í Staðastaðarsókn í eitt ár og síðan hjá Friðriki Eggerts og fjölskyldu í Akureyjum 1861-1874. Bjó í Stykkishólmi frá 1874, að mestu í sjálfsmennsku, þar til hún fór til Vesturheims 1880. Bjó fyrst í Norður-Dakota, en síðar á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna. Orti ljóð og skrifaði leikrit. **Bækur:** Gaf út ljóðabók fyrst íslenskra kvenna sem bar heitið *Stúlka* (1876), og síðar *Hagalagðar* (1916), útgefin í Winnipeg, fyrsta verk eftir íslenska konu sem kom út vestan hafs. Leikrit hennar *Víg Kjartans Ólafssonar* var sett upp í Stykkishólmi 1878-1879, fyrsta leikrit á Íslandi sem gert er eftir íslenskri fornsögu. **Jarðsett:** Blain, Washington-fylki í Bandaríkjunum.

JÚLÍANA SVEINSDÓTTIR (1889-1966) fædd að Sveinsstöðum, Vestmannaeyjum, látin í Kaupmannahöfn. **LISTMÁLARI.** **Foreldrar:** Guðrún Runólfsdóttir (1860-1949), húsfreyja, spítalahaldari og útgerðarkona, og Sveinn Jónsson (1862-1947), trésmíðameistari. **Systkin:** 1. Sigurveig Guðrún (1887-1972), 2. Sveinn Magnús (1891-1951), 3. Ársæll (1883-1969), 4. Sigurður (1898-1964). **Nám:** Sótti Kvennaskólann í Reykjavík 1905. Lærði málalæsi hjá Þórunni B. Þorlákssyni, listmálara, 1908. Stundaði nám í Kaupmannahöfn við einkaskóla Gustavs Vermehren 1909-1910, einkaskóla Agnesar Jensen 1910-1911 og Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster 1912-1917. Fór í námsferð til Ítalíu og dvaldist í Róm og Flórens 1926. Stundaði eftir það myndlistarnám með hléum við frescodeild í Det Kongelige Akademi í Kaupmannahöfn til 1933. **Störf:** Starfaði sem listmálari heima og erlendis. Vann fyrir sér jafnhliða listnámi, fyrst við teiknikennslu og síðar við vefnað nytjahluta. Kenndi á vefnaðarnámskeiði Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1924. Flutti til Íslands 1928 og reisti hús með vinnustofu að Bergstaðastræti 72, Reykjavík. Flutti aftur til Kaupmannahafnar 1931 og vann þar að list sinni til æviloka. Kom yfirleitt til Íslands á sumrin til að mála. **Sýningar:** KFUM í Vestmannaeyjum (1926), Bergstaðastræti 72, Reykjavík (1929), *Málverk – vefnaður – mosaik* í Menntaskólanum í Reykjavík (1936), mynda- og vefnaðarsýning í Listamannaskólanum í Reykjavík (1946) og yfirlitssýning á vegum Menntamálaráðs Íslands (1957). Tók þátt í mörgum samsýningum á Íslandi og víða í Evrópu. Óf veggteppi fyrir Hæstarétt Danmerkur (1962). Minningarsýning haldin á Kjarvalsstöðum í Reykjavík (1974). **Félagsstörf:** Var meðlimur í listamannahópnum Kammeraterne 1960-1966. Átti sæti í dómnefnd Charlottenborgarsýninganna í mörg ár. **Viðurkenningar:** Fékk fyrstu verðlaun á belgísku sýningunni í Brüssel fyrir vefnað 1935. Var sæmd heiðurspeningi Eckersbergs (1947). Hlaut gullverðlaun á þríæringnum í Milánó 1951 og Treschows legat 1958. **Jarðsett:** Vestmannaeyjakirkjugarði reit D-02-26.

K

KAMMA AGNETA DALSGAARD NÍELSDÓTTIR (1939-2022) fædd á Norður-Sjálandi í Danmörku, látin í Kópavogi. **LEIKSKÓLAKENNARI** og **MYNDLISTARMAÐUR.** **Foreldrar:** Benedikte Dalsgaard (1918-1975) og Niels Dalsgaard (1910-1980). **Systkin:** 1. Jens Christian (1941), 2. Ellen Marie (1943), 3. Estrid Birgitte (1946-1987), 4. Sven Emil (1948), 5. Hans Henrik (1954). **M:** 1962, Knud Tetzschner (1940), verkfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Axel (1962-1962), 2. Rúna (1967), 3. Benedikt (1975). **Nám:** Stundaði leikskólakennaranám í Fröbelhöskolen í Kaupmannahöfn 1959-1961 og framhaldsnám í stjórnun við Fósturskóla Íslands 1995-1996. Lærði vörðuhleðslu

og torfhleðslu. Sótti listnámskeið, svo sem postulínsmálun, keramik, ullarpæfingu, glerlist og leðursaum. **Störf:** Var leikskólakennari í Kaupmannahöfn 1961-1965. Rak myndlistaskóla fyrir börn á heimili sínu, Kömmuskóla, árin 1971-1978 og 1983-1985. Starfaði á leikskólanum Bæjarbóli í Garðabæ 1978-1985, fyrst sem leikskólakennari og síðan sem aðstoðarleikskólustjóri. Var leikskólustjóri leikskólans Kirkjubóls í Garðabæ 1985-2007. Starfaði einnig sem dagamma. Fékkst við listsköpun og þróaði frá árinu 2006 eigið listhandverk, einkum í ullarpæfingu, og hélt sýningar á Íslandi og í Danmörku. **Félagsstörf:** Starfaði í Sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd (SJÁ) og var formaður þeirra 1994-1996. Var frá 2013 þátttakandi í Grósku, félagi myndlistarmanna í Garðabæ, og tók virkan þátt í samsýningum á vegum þess. **Sýningar:** Átti verk m.a. á sölusýningu í Bókasafni Garðabæjar og sýndi þar ullarskúlpúta o.fl. (2017), sýningu á listaverkum úr þæfðri ull, gleri og keramik í Gróskusalnum á Garðatorgi í Garðabæ (2019) og sýningunni *Mýkt og hlýja í þæfðri ull* í sal Bókasafns Kópavogs (2021). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit F-5-177.

KAREN AGNETE ÞÓRARINSSON, f. ENEVOLDSEN (1903-1992) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Louise Madsen og Carl Christian Enevoldsen, verksmiðju-eigandi í Kaupmannahöfn. **M:** 1929, Sveinn Þórarinsson (1899-1977), listmálari. **Barn þeirra:** 1. Karl Kristján (1931-1996). **Nám:** Lauk stúdentsprófi og lærði píanóleik í 14 ár. Stundaði nám í Rannove's Tegneskole, Carla Collsmann's Malerskole og Akademiet for de Skønne Kunster í Kaupmannahöfn og brautskráðist þaðan 1929. **Störf:** Fékkst við málalalist. Kom til Íslands að námi loknu og bjó í Ásbyrgi í Norður-Þingeyjarsýslu til ársins 1938 en eftir það í Reykjavík. **Einkasýningar:** Kaupmannahöfn (1956) og Gallerí Borg í Reykjavík (1984), sýndi þar þrettán olíumálverk unnin á árunum 1980-1984. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-6-56.

KARLOTTA BIRGITTA AÐALSTEINSDÓTTIR (1949-2021) fædd á Ytri-Másstöðum í Skíðadal, Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. ENDURSKOÐANDI. **Foreldrar:** Sigurlaug Jóhannsdóttir (1918-1975), saumakona, og Aðalsteinn Sveinbjörn Óskarsson (1916-1999), verslunarmaður á Dalvík. **Systkin:** 1. Ásta Ingimaría (1941-1994), 2. Snjólaug Ósk (1946). **Uppeldissystkin:** 3. Eva Pétursdóttir (1934). **M:** 1972, Lárus Pétur Ragnarsson (1947), lögregluvarðstjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigurbjörn Birkir (1976), 2. Jón Bjartmar (1984). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1969. Lauk löggildingarprófi í endurskoðun 1976. **Störf:** Starfaði hjá Endurskoðunarskrifstofu N. Manscher og Co. í Reykjavík 1970-1975. Starfaði sjálfstætt á Akureyri 1976-1980, á Endurskoðunarskrifstofu Þorkels Skúlasonar í Kópavogi 1980-1982 og endurskoðunarskrifstofunni Hyggi sf. í Hafnarfirði 1982-1993. Var skrifstofustjóri hjá Lyfjadreifingu (síðar Parlogis) 1994-2003 og Ljósvirki hf. 2004-2008. Vann sem löggiltur endurskoðandi hjá Ríkisendurskoðun 2009-2017. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags löggiltra endurskoðenda 1990-1992. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-11-136.

KARÓLÍNA SIGRÍÐUR [Líba] **EINARSDÓTTIR** (1912-1962) fædd í Miðdal í Mosfellssveit, látin í Reykjavík. ÍSLENSKUFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Valgerður Margrét Jónsdóttir (1875-1937) og Einar Helgi Guðmundsson (1870-1940), bóndi í Miðdal. **Systkin:** 1. Guðmundur (1895-1963), 2. Sigurjón Júlíus (1899-1965), 3. Tryggvi (1901-1985), 4. Steinþóra Guðrún (1906-1959), 5. Haukur (1909-1991), 6. Sigríður Hjördís (1910-1979), 7. Sveinn Reynir (1917-1984), 8. Inga Valfríður (1918-2015). **M:** 1935, Guðmundur Gíslason (1907-1969), læknir. **Börn þeirra:** 1. Aðalbjörg Edda

(1936), 2. Hlédís (1941), 3. Hallur (1947-1965). **Nám:** Var við orgelnám hjá Sigríði Halldórsdóttur í Laxnesi veturinn fyrir fermingu og fékk einkatíma hjá sr. Hálfáni Helgasyni á Mosfelli. Var í Héraðsskólanum á Laugarvatni 1930-1932. Sótti verslunar- og tungumálanámskeið í Leipzig í Þýskalandi 1934, lærði þar m.a. ensku, bókfærslu og hraðritun. Lagði stund á bókasafnsfræði í Englandi 1937-1938. Tók gagnfræðapróf utan skóla 1940 og stúdentspróf einnig utan skóla 1943. Lauk cand.mag.-prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1950. **Störf:** Var vörukona á Kleppsspítala 1933-1934. Vann við skrifstofustörf hjá verslunarfyrtæki í Reykjavík um tíma. Stundaði fræðistörf. Safnaði orðum úr alþýðumáli um allt land er lúta að hestum og hestafólki og hlaut til þess styrk úr Vísindasjóði. Hlaut fyrst kvenna styrk úr Menningar- og minningarsjóði kvenna til vísindarannsókna. **Tímarit:** Gaf út bókmenntatímaritið *Emblu* 1945-1948 ásamt Valborgu Bentsdóttur og Valdísi Halldórsdóttur. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði C-7.

KARÓLÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR (1897-1981) fædd á Þóroddsstöðum í Grímsnesi, látin í Reykjavík. VEFARI. **Foreldrar:** Sigurveig Einarsdóttir (1862-1929) og Guðmundur Jónsson (1864-1937), bóndi á Þóroddsstöðum í Grímsnesi. **Systkin:** 1. Sigurbjörg (1892-1927), 2. Guðjón Einar (1906-1988). **M:** Einar Jóhannesson (1892-1966), vélstjóri. **Börn þeirra:** 1. Guðmundur (1925-2007), 2. Jóhannes (1929). **Fósturbarn:** 3. Guðrún Sigurveig Þórðardóttir Skowronski, systurdóttir Karólínu (1918-2013). **Nám:** Sótti fjögurra mánaða sumarnámskeið í vefnaði og knippingagerð við Kunstflidsskolen í Kaupmannahöfn. **Störf:** Vann sem lærlingur í tvö ár á vefstofu frk. Johanne Siegmundfeldt við Amaliegade í Kaupmannahöfn, en þar voru aðallega ofin nútímaleg áklæði o.fl. í metratali, oft fyrir opinberar byggingar að beiðni arkitekta og fyrir húsgagnaframleiðendur. Rak Vefstofu Karólínu Guðmundsdóttur tengda heimili sínu að Ásvallagötu 10a í Reykjavík í um hálfu öld eða árin 1923-1973, þar sem störfuðu átta konur þegar mest var að gera á tímabilinu 1940-1950. Ofið var úr íslenskri ull, m.a. gluggatjöld og áklæði og fleira fyrir ýmsar opinberar byggingar. Seldi einnig ýmiss konar efni til handavinnu og fékk listamenn til að teikna mynstur á veggteppi og útsaumsstriga. Í lok sjöunda áratugarins varð framleiðsla vefstofunnar aðallega borðreflar, púðar, treflar og væðarvoðir, mest að beiðni minjagripaverslana. **Sýningar:** Sýndi verk sín á nemendasýningu í Charlottenborg og hlaut þar viðurkenningu (1920). Sýndi vefnað og listsaum á fyrstu almennu íslensku heimilisiðnaðarsýningunni í Reykjavík (1921). Hélt einkasýningu í Listvínahúsinu (1923) og sýndi knipl og vefnað á Iðnsýningu kvenna í Barnaskólahúsinu í Reykjavík (1924). Átti verk á heimilisiðnaðarsýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins (1956). **Félagsstörf:** Var formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1923-1927. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-6-89.

KARÓLÍNA LÁRUSDÓTTIR (1944-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Daisy Saga Jósefsson (1912-1988) og Lárus Guðjón Lúðvígsson (1914-2003), forstjóri Feldsins. **Systkin:** 1. Hildur von Schilling (1942-2012), 2. Lúðvíg (1947). **M1:** 1967, Clive William Percival (1942), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Stephen Lárus (1968), 2. Samantha Iris (1970). **M2:** 1983, Fred Roberts (1922-2002), sálfræðingur. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1964. Lærði myndlist í Sir John Cass College á Englandi 1964-1965. Stundaði nám við Ruskin School of Fine Art í Oxford og útskrifaðist þaðan 1967. **Störf:** Var listmálari, bjó lengst af í Cambridge á Englandi, en í Reykjavík frá árinu 2007. **Sýningar:** Sýndi verk sín víða um heim, m.a. í Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Íslandi, Ítalíu, Namibíu, Spáni og Suður-Afríku. **Félagsstörf:** Var félagi í The Royal Watercolor Society frá 1992, The New Art Club og The Royal Society of

Painter Printmarkers frá 1986. **Æviminningar:** *Líf og list Karólínu Lárusdóttur listmálara*, skráð af Jónínu Michaelsdóttur (1993). *Karólína Lárusdóttir* eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing (2013). **Viðurkenningar:** Hlaut m.a. The Dicks an Greenbury (1989), the 4th Triennale Modiale D'Estames Petit Format í Frakklandi (1990) og bjartsýnisverðlaun Bröstes (1997). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-4-90.

KATRÍN THEÓDÓRA DALHOFF BJARNADÓTTIR (1916-2000) fædd í Reykjavík, látin í Hamborg í Þýskalandi. FIÐLULEIKARI. **Foreldrar:** Torfhildur Ingveldur Jörgína Dalhoffsdóttir (1895-1961), gullsmiður, og Bjarni Björnsson (1890-1942), gamanleikari. **Systkin:** 1. Björg (1932). **M:** 1937, Eberhard Albrecht Dannheim (1910-1989), mannfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Margrét (1938), 2. Úrsúla Fahning (1939), 3. Eberhard [Ebbi] (1942-2012), 4. Bjarni Birgir (1949), 5. Ingibjörg Vík (1945). **Nám:** Lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1934 og burtfararprófi í fiðluleik frá sama skóla 1935. **Störf:** Var fiðluleikari í Útvarpshljómsveitinni 1931-1939, fiðluleikari í Hljómsveit Reykjavíkur 1945-1950 og í Sinfóníuhljómsveit Íslands 1950-1969. Lék með Ósló Sinfoniorkester 1965-1966, með sinfóníuhljómsveitunum í Flensburg og Hamborg í Þýskalandi eftir 1970 og var aðstoðarkonsertmeistari í hljómsveitinni í Flensburg. Lék kammertónlist á Íslandi og í Noregi. Kenndi á fiðlu og píanó við Tónlistarskólann í Reykjavík 1946-1969. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-33-23.

KATRÍN STELLA BRIEM (1935-2018) fædd í London, ólst upp á Ítalíu, víðar um Evrópu og í New York og síðar á Íslandi, látin í Kópavogi. VERSLUNARMAÐUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Eggertsdóttir Briem (1902-1967) og Arthur Frederick Richmond Cotton (1899-1964), verkfræðingur. **M:** 1959, Guðmundur Júlíusson (1928-2017). **Börn þeirra:** 1. Friðrik Ármann (1960), 2. Pétur Alan (1963). **Nám:** Lærði tísku- og fatahönnun í London. **Störf:** Starfaði við fata- og kjólahönnun og útstillingar í verslunum Markaðarins að námi loknu. Starfaði um tíma með Guðmundi eiginmanni sínum á norskum fraktskipum og sigldu þau saman um heimsins höf, um Evrópu, til Asíu og Suður-Ameríku, allt þar til þau fluttu til Íslands og hófu verslunarrekstur í Reykjavík. Þau stofnuðu Kjörbúð Vesturbæjar á Melhaga í Vesturbæ Reykjavíkur 1964 þar sem Katrín vann við uppgjör og bókhald fyrstu árin. Keyptu Melabúðina 1979 sem Guðmundur rak ásamt sonum þeirra um árabíl. **Æviminningar:** *Saga þeirra, sagan mín: Katrín Stella Briem*, höfundur Helga Guðrún Johnson (2014). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-1-44.

KATRÍN BRIEM (1945-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MYNDLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Elín Jónsdóttir Briem (1914-1998) og Jóhann Briem (1907-1991), listmálari og kennari. **Systkin:** 1. Ólöf Briem (1950), 2. Brynhildur Briem (1953). **M:** Hugi Steinar Ármannsson (1940). **Barn þeirra:** 1. Hugi Baldvin (1969). **Nám:** Lauk myndmenntakennaraprófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1968. Stundaði framhaldsnám í teiknun og grafík við Listaháskólann í Rotterdam. **Störf:** Kenndi myndmennt í Myndlistaskólanum í Reykjavík frá árinu 1969, var skólastjóri þess skóla 1973-1984 og 1987-1994, kenndi við skólann lengi eftir það. Kenndi við Hvassaleitisskóla, Reykholtsskóla, Þjórsárskóla og barnadeild Myndlista- og handíðaskólans, auk kennslu á námskeiðum við Myndlistaskóla Kópavogs. Kenndi á myndlistarnámskeiðum í Árnes- og Rangárvallasýslum, auk þess að taka nema í einkatíma á heimili sínu á ættarsetrinu Stóra-Núpi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Rúmlega 50 erlendir nemendur í uppsveitum Árnessýslu

sóttu tíma hjá henni í íslensku. **Bók:** Katrín var einn af höfundum fyrstu kennslubókar á Íslandi í myndmennt fyrir börn (1995, 1999). **Jarðsett:** Stóra-Núpskirkjugarði reit B-62.

KATRÍN ERLENDSDÓTTIR (1612-1693). HÚSFREYJA Á STÓRÓLFSHVOLI. **Foreldrar:** Salvör Stefánsdóttir (1570) og Erlendur Ásmundsson (1580-1640), sýslumaður á Stórólfshevoli frá 1631. Hún var einbirmi. **M:** 1635, Vigfús Gíslason (1608-1647), sýslumaður á Stórólfshevoli. **Börn þeirra:** 1. Sólvör (1636-1711), 2. Gísli (1637-1673), 3. Jón „eldri“ (1639-1681), 4. Þorbjörg (1640-1698), 5. Jón „yngri“ (1643-1690). **Störf:** Var húsfreyja á Stórólfshevoli í Rangárvallasýslu. Stórbruni varð á staðnum árið 1648 og er í gömlum annálum sagt að meiri gersemar og verðmæti muni naumast hafa eyðilagst í eldsvoða á Íslandi fram til þess tíma, þar á meðal merk handrit, skjöl og mikill bókakostur, dýrmætir skartgripir og aðrir fjármunir. Ekkjan, Katrín ríka Erlendsdóttir, bjargaðist naumlega út með börnum sínum. Af henni eru miklar sagnir og þjóðsögur. **Jarðsett:** Líklega á Stórólfshevoli.

KATRÍN FJELDSTED (1885-1968) fædd á Ökrum í Hraunhreppi, Mýrasýslu, látin í Reykjavík. MÁLARAMEISTARI og LEIGUBÍLSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Fjeldsted Guðnadóttir (1851-1938) og Þórarinn Andrés Fjeldsted (1840-1919), bóndi. **Systkin:** 1. Þórarinn Helgi (1885-1969), 2. Ragnheiður (1888-1924), 3. Hallgríma Sigríður (1891-1920), 4. Sigurbjörg Guðrún (1893-1904), 5. Guðríður Þórdís (1896-1921). **Nám:** Lærði húsamálun hjá Ástu málara og í lðnskólanum 1916-1918. Tók bílpróf hjá Jóni Ólafssyni haustið 1919, fékk skirteini nr. 221 og var önnur konan sem tók bílpróf á Íslandi. Tók meirapróf á bifreið hjá Nikuláasi Steingrímssyni, meiraprófsökukennara. **Störf:** Var árið 1918 próflaus bílstjóri hjá Matthíasi Einarssyni lækni sem þjónaði í spænsku veikinni. Starfaði sem leigubílstjóri 1919-1924. Starfaði sem málarameistari frá 1924 og var enn starfandi árið 1962, þá 76 ára. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-44-11.

KATRÍN GÍSLADÓTTIR (1903-1997) fædd í Heiðabæ í Þingvallasveit, látin í Reykjavík. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Guðríður Jóhannsdóttir (1876-1949) og Gísli Guðmundsson (1854-1921), bóndi. **Systkin:** 1. Þorleifur (1905-1976), 2. Þorsteinn (1908-1968), 3. Jóhann Grímur (1911-1969), 4. Þorgerður (1914-1999). **Sambýliskona:** Vilborg *Minnie* Ólafsdóttir (1917-1978). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1934 og framhaldsnámi í hjúkrun við Vesa sjúkrahúsið í Finnlandi. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Vífilsstaðaspítala 1935-1944, deildarhjúkrunarkona á skurðstofu Landspítalans 1944-1964 og yfirhjúkrunarkona frá 1964 til starfsloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-569.

KATRÍN [Dadý] GUÐJÓNSDÓTTIR (1935-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BALLETT- og GÍTARKENNARI. **Foreldrar:** Friðrika Guðmundsdóttir (1905-1999) og Guðjón Ólafsson (1906-1950), stýrimaður. **Systkin:** 1. Heimir (1937). **M:** 1956, Erlingur Gísli Gíslason (1933-2016), leikari og leikstjóri, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Guðjón (1955), 2. Friðrik (1962). **Nám:** Lauk námi frá Kvennaskólanum 1952. Hóf ballettnám hjá Sif Þórs og Kaj Smith 1946, fór síðan í dansskóla Félags íslenskra listdansara 1948 og var á námskeiði hjá Ellý Þorláksson ballettkennara. Sótti ballettnámskeið hjá Elísabeth Hodgson 1963 og lauk RAD Elementary kennaraprófi sama ár. Sótti námskeið hjá Birgi Bartholin í Kaupmannahöfn 1967 með styrk frá menntamála-ráðuneytinu og námskeið fyrir ballettkennara hjá Alexander Bennett á vegum FÍLD (Félags íslenskra listdansara) með styrk frá UNESCO 1970. Lærði á gítar, m.a. hjá Önnu Hansen og síðar

hjá Eypóri Þorlákssyni. **Störf:** Var ritari á skrifstofu Loftleiða. Var dansari í ballettflokki Þjóðleikhússins 1950-1960 og aðstoðarkennari hjá Veit Bethkes í Þjóðleikhúsinu 1961. Stofnaði eigin ballettskóla 1963 og rak hann til ársins 1969. Samdi dansa fyrir eigin skóla og fyrir nemendasýningar Danskennarasambands Íslands. Kenndi á gítar í heimahúsi um árabíl. Samdi eigið kerfi til gítarkennslu og gaf út kennslubók 1962. Sinnti skrifstofustörfum, m.a. hjá teiknistofu SÍS og hjá Félagi íslenska prentiðnaðarins. **Félagsstörf:** Sat í fyrstu stjórn Félags áhugafólks um flogaveiki, LAUF-samtakanna, og var þar virkur félagi til dauðadags. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði G-3-198.

KATRÍN LÁRUSDÓTTIR HJALTESTED HALL (1920-2008) fædd á Sunnuhvoli í Reykjavík, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Sigríður Guðný Jónsdóttir Hjaltested (1896-1980) og Lárus Hjaltested (1892-1956), óðalsbóndi á Vatnsenda við Elliðavatn. **Systkin:** 1. Sigurður (1916-1966), 2. Pétur (1918-1996), 3. Sigurveig (1923-2009), 4. Jón (1925-2002), 5. Anna Christiane (1932-2019), 6. Ingveldur (1934-2022). **M1:** 1944, Frank Szalay, þau skildu. **M2:** 1954, Árni Þórir Hall (1922-1981), skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Pétur Frank Hall (f. Szalay) (1944), 2. Sigurður Lárus (1952), 3. Ragnheiður Kristín (1955), 4. Sigurveig Salvör (1956). **Nám:** Lauk ljósmæðraprófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1950. **Störf:** Veitti Upptökuheimilinu að Elliðahvammum forstöðu 1950-1953. Var ljósmóðir á fæðingardeild Landspítalans 1967-1975 og við mæðraeftirlit Heilsumverndarstöðvar Reykjavíkur 1975-1979. Starfaði við hjúkrun á Sjúkrastöð SÁÁ á Silungapollu og síðan á Vogu 1980-1992. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Ljósmæðrafélags Íslands 1969-1977 og í kvenréttindanefnd félagsins 1972-1974. Var félagi í kvenfélaginu Hringnum og í stjórn þess um skeið. Var meðal stofnfélaga Sinawikklúbbs Reykjavíkur 1969 (eiginkonur félaga í Kiwanis) og formaður 1969-1970. Sat í stjórn Landssambands Sinawikklúbba á Íslandi 1976-1980. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit X-501.

[MAGNEA] **KATRÍN HELGADÓTTIR** (1906-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Oddrún Sigurðardóttir (1878-1969) og Helgi Magnússon (1872-1956), járnsmiður og kaupmaður. **Systkin:** 1. Valgerður (1902-2001), 2. Sigurður (1904-1989), 3. Sigríður (1907-1930), 4. Torfhildur (1909-1998), 5. Ingibjörg Jóna (1910-1991), 6. Oddur Helgi (1912-1986), 7. Jakobína Arnetta (1914-1931), 8. Magnús (1916-2000), 9. Viggó (1918-1922), 10. Jóhanna Katrín (1920-2002), 11. Viggó (1923-1980). **Nám:** Nam við Verslunarskóla Íslands 1923-1924 og stundaði tungumálanám í London 1925-1926. Var í hannyrðanámi í Kaupmannahöfn 1936-1937. Stundaði nám við Hússtjórnarkennaraskólann á Stabekk í Noregi 1946-1948. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1949-1953, en tók þá við skólastjórastöðu skólans og gegndi henni til ársins 1975. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1975). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-9-151.

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR HJALTESTED (1916-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR, SKRIFSTOFUSTJÓRI, KENNARI og RITFÖFUNDUR. **Foreldrar:** Borghildur Thorsteinsson (1885-1967) og Ólafur Björnsson (1884-1919), hagfræðingur og ritstjóri. **Systkin:** 1. Elísabet Thors (1910-1999), 2. Pétur (1912-1987), 3. Björn (1917-1984). **M1:** 1934, Franz Mixa (1902-1994), prófessor og tónskáld, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Ólafur Frans (1939-2022), 2. Wolfgang (1943-1945). **M2:** 1953, Óli Pétur Hjaltested (1909-1974), læknir. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1934 og cand.phil.-prófi frá Háskóla Íslands 1935.

Tók brottfararpróf úr Tónlistarskólanum í Reykjavík 1936. Lauk BA-prófi í íslensku og þýsku frá Háskóla Íslands 1952 og prófi í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands 1966. Sat námskeið í enskum bókmenntum við Lundúnaháskóla sumarið 1949. **Störf:** Sinnti skrifstofustörfum við Tónlistarskólann í Reykjavík og bókaútgáfuna Helgafell 1946-1948. Starfaði einnig við prófarkalestur og var ritstjóri tímaritsins *Unga Ísland* 1947-1950. Hafði umsjón með barnatíma Ríkisútvarpsins 1947-1948 og síðar með tónlistarþáttum í Ríkisútvarpinu. Var einkaritari Flugmálastjórnar 1948-1953. Var íslenskukennari við Fóstruskólann 1962-1975 og Kvennaskólann í Reykjavík 1966-1968. Starfaði sem skrifstofustjóri í Ísafoldarprentsmiðju 1976-1982. Fékkst við ritstörf. **Bækur:** *Liðnir dagar* (1946) og *Tvímánuður* (1967). Þýddi sögu Guðmundar Kamban, *Meðan húsið svaf* (1948). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Kvennadeildar Rauða kross Íslands og sat þar í stjórn 1966-1977 og sem formaður 1971-1977. Sat í stjórn Ísafoldarprentsmiðju 1977-1982. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-605.

KATRÍN [Kata í Firði] **JÓNSDÓTTIR** (1913-2003) fædd á Seyðisfirði, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Halldóra Ágústa Björnsdóttir (1880-1946) og Jón Jónsson (1874-1958), bóndi og konsúll í Firði, Seyðisfirði. **Systkin:** 1. Björn (1909-1965), 2. Steinn (1922-1969). **M:** 1939, Erlendur Björnsson (1911-1980), bæjarfógeti og sýslumaður Norður-Múlasýslu. **Börn þeirra:** 1. Jón (1940), 2. Kristbjörg (1943-1982), 3. Björn (1945), 4. Halldóra (1947), 5. Hákon (1950). **Nám:** Stundaði nám í píanóleik hjá frú Önnu Wathne 1922-1931. Sótti framhaldsnám í píanóleik hjá dr. Elli Frerichs í Lübeck 1931-1932, hjá Árna Kristjánssyni, píanóleikara í Reykjavík, og við Tónlistarskólann í Reykjavík 1934-1937. **Störf:** Var píanókennari á Seyðisfirði 1932-1934 og 1937-1980. Aðstoðaði tilfallandi við kennslu í Tónlistarskóla Seyðisfjarðar 1967-1979. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi söngkórsins Bjarma á Seyðisfirði (1980). **Jarðsett:** Seyðisfjarðarkirkjugarði reit 2-17.

KATRÍN JÓSEPSDÓTTIR (1914-1994) fædd á Bergstöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, látin á Akureyri. KAUPKONA, SAUMAKONA og ALPÝÐULISTAMAÐUR. **Foreldrar:** Þóra Guðrún Jóhannsdóttir (1889-1973) og Jósep Jóhannesson (1886-1961), bóndi á Bergstöðum, Melstaðarsókn, Vestur-Húnavatnssýslu. **Systkin:** 1. Jóhannes (1911-1995), 2. Ingibjörg (1912-2008), 3. Hjalti (1916-2007), 4. Zóphonías (1920-2005), 5. Þóra Guðrún (1924-2011), 6. Dýrunn (1930-2015), 7. Aðalsteinn (1930-2006). **M:** Einar Steingrímur Sveinbjörnsson (1910-1973). **Nám:** Var í yngri deild Laugarvatnsskóla 1932-1933. Sótti námskeið eldri borgara í keramik og málun. Ferill Katrínar sem listamanns hófst þegar Kristinn G. Jóhannsson hóf að leiðbeina á myndlistarnámskeiðum á Akureyri. **Störf:** Rak verslun á neðri hæðinni í húsi sínu að Norðurgötu 40 á Akureyri, sem var útibú frá Kaupfélagi verkamanna, en var með saumastofu á efri hæðinni. Fékkst við myndlist og skáldskap. **Bækur:** *Þankar* (1967), *Þankagætur: ljóð* (1977). Var ein lítt þekktara alþýðulistamanna á Akureyri, en list hennar má flokka sem Naiv-list. Listasafn Akureyrar fékk safn verka hennar að gjöf og hélt af því tilefni sýningu árið 1997. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit E-1-29.

KATRÍN SIGRÍÐUR SKÚLADÓTTIR MAGNÚSSON (1858-1932) fædd í Hrappsey í Dalasýslu, látin í Reykjavík. BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Hlíf Jónsdóttir (1831-1895) og Skúli Þorvaldsson Sívertsen (1835-1912), bóndi í Hrappsey, Dalasýslu. **Systkin:** 1. Ragnhildur (1857-1899), 2. Þorvaldur Jón (1859-1919). **M:** Guðmundur Magnússon (1863-1924), læknir og prófessor. **Störf:**

Tók þátt í stjórnámálum og öðrum félagsmálum. **Stjórnmalastörf:** Sat í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1916, kosin af lista Hins íslenska kvenfélags. Sat í fátækranefnd. **Félagsstörf:** Var félagi í Hinu íslenska kvenfélagi og formaður stjórnar 1903-1924. Átti þátt í stofnun Bandalags kvenna 1917 og sat í fyrstu stjórn þess. Sat lengi í stjórn Thorvaldsensfélagsins. Átti um árabíl sæti í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík. **Viðurkenningar:** Sæmd Stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1926). Kjörin heiðursfélagi í Thorvaldsensfélaginu (1929). Nafni Höfðatúns í Reykjavík var breytt í Katrínartún henni til heiðurs (2010). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-522.

KATRÍN PÁLSDÓTTIR (1889-1952) fædd á Fróðholtshóli á Rangárvöllum, látin í Reykjavík. **BÆJARFULLTRÚI.** **Foreldrar:** Elín Sæmundsdóttir (1849-1942) og Páll Hallsson (1851-1920), bóndi. **Systkin:** 1. Hallur (1890-1919), 2. Sæmundur (1891-1953). **M:** Þórður Þórðarson (1882-1925), rak greiðasölu í Tryggvaskála við Ölfusá. **Börn þeirra:** 1. Sæmundur (1909-1980), 2. Kári (1911-1998), 3. Margrét (1913-1992), 4. Þóra (1914-1996), 5. Guðrún Sigríður (1916-1990), 6. Hlíf (1919-1943), 7. Elín (1922-1988), 8. Haraldur Páll (1923-1994), 9. Þórunn (1925-2007). **Störf/Félagsstörf:** Kom á fót sumardvalarheimili fyrir fátækar mæður í samstarfi við Laufeyju Valdimarsdóttur. Sat í Mæðrastyrksnefnd og var síðar formaður Mæðrafélagsins. **Stjórnmalastörf:** Var varabæjarfulltrú Sósíalístaflokksins í Reykjavík 1938-1942 og bæjarfulltrúi 1942-1959. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit S-101.

KATRÍN PÁLSDÓTTIR (1949-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **FRÉTTAMAÐUR** og **RITSTJÓRI.** **Foreldrar:** Ragnhildur Árnadóttir (1923-2014) og Páll Halldórsson (1923-2013), bifreiðastjóri. **Systkin:** 1. Árni (1952), 2. Rannveig (1961). **M:** Ágúst Aðalsteinn Ragnarsson (1948), deildarstjóri. **Barn þeirra:** 1. Ragnar Árni (1989). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1970, íþróttakennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1971 og BA-prófi í félags- og stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 1976. Lauk námi í rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntun Háskóla Íslands 2002 og meistaraþrófi í mannauðsstjórnun frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands 2006. Lauk sama ár einkaþjálfaranámskeiði frá World Class. Sótti námskeið í Bandaríkjunum hjá The New York Times, WQXR Radio, WCBS Radio og WNCB TV. Sótti sex vikna námskeið í boði Bandaríkjastjórnar um stjórnkerfið og forsetakosningar, námskeið á vegum NATO í Bandaríkjunum og námskeið á vegum Evrópusambandsins í Brussel. **Störf:** Var flugfreyja hjá Flugleiðum með háskólanámi og um hríð íþróttakennari. Var markaðsstjóri og umboðsmaður fyrir bandarísku fyrirsætuskrifstofuna Ford Models í New York í 14 ár, blaðamaður á *Dagblaðinu*, síðan á *Vísu* til 1980 og ritstjóri tískutímaritsins *Líf* 1980-1982. Var fréttamaður á fréttastofu Ríkisútvarpsins 1982-2008, m.a. sem dagskrár- og deildarstjóri, sinnti stefnumótun fyrir Rás 2, átti sæti í dagskráráði og gæðanefnd RÚV. Var fréttamaður á fréttastofu Sjónvarps og starfaði þá fyrir The New York Times á leiðtogafundinum í Reykjavík 1986. Var fréttaritari WCBS-Radio um árabíl og starfaði sem fréttamaður á Fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar 2007-2016. Kenndi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, viðskiptadeildir Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst 2007-2016. Var upplýsingafulltrúi hjá Sölufélagi garðyrkjumanna og sá um útgáfu fréttablaðs um íslenskt grænmeti frá 2011. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags fjölmíðlakvenna og Íþróttafélagsins Gróttu á Seltjarnarnesi. **Stjórnmalastörf:** Var varamaður í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar fyrir Sjálfstæðisflokkinn og formaður menningarnefndar frá 2010. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reitur A-7-39.

KATRÍN THORODDSEN (1896-1970) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. LÆKNIR, ÞINGMAÐUR og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Theodóra Thoroddsen (1863-1954), skáldkona, og Skúli Thoroddsen (1859-1916), ritstjóri og þingmaður. **Systkin:** 1. Kristín Ólína (1894-1961), 2. Unnur (1885-1970), 3. Guðmundur (1887-1968), 4. Þorvaldur (1888-1889), 5. Skúli (1890-1917), 6. Þorvaldur (1892-1977), 7. Jón (1898-1925), 8. Ragnhildur (1899-1966), 9. Bolli (1901-1974), 10. Sigurður (1902-1983), 11. Sverrir (1904-1982), 12. María Kristín (1906-1976). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1915 og læknisfræðipróf frá Háskóla Íslands 1921. Stundaði framhaldsnám í Noregi, Danmörku og Þýskalandi 1921-1923. Fór síðar námsferðir til Evrópu-landa og Kína til þess að kynna sér heilsugæslu og heilsuvernd barna. Viðurkennd sem sérfræðingur í barnasjúkdómum 1927. **Störf:** Var héraðslæknir í Flateyjarhéraði 1924-1926. Var síðan starfandi læknir í Reykjavík og jafnframt læknir ungbarnaverndar og Heilsuverndarstöðvar Líknar, síðar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1927-1940, yfirlæknir stöðvarinnar til 1955 og yfirlæknir barnaeildar 1955-1961. Var staðgöngumaður yfirlæknis barnaeildarinnar í sumarleyfum frá 1962 til æviloka. **Stjórnmalastörf:** Var varaþingmaður Reykvíkinga 1945 og landskjörinn alþingismaður 1946-1949 fyrir Sósíalístaflokkinn. Var varaforseti sameinaðs þings 1946. Sat í bæjarstjórn Reykjavíkur 1950-1954. **Félagsstörf:** Var formaður stjórnar Menningar- og minningarsjóðs kvenna frá 1945 til æviloka 1970. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-505.

KATRÍN JÓNSDÓTTIR VIÐAR (1895-1989) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI og KAUPKONA. **Foreldrar:** Jórunn Einarsdóttir Norðmann (1871-1961) og Jón Steindór Norðmann (1858-1908), kaupmaður á Akureyri. **Systkin:** 1. Jón Norðmann, (1897-1919), 2. Kristín Norðmann (1898-1944), 3. Óskar Norðmann (1902-1971), 4. Ásta Norðmann (1904-1985), 5. Jórunn Norðmann (1907-1989). **M1:** 1916, Einar Indriðason Viðar (1887-1923), bankaritari og söngvari. **Börn þeirra:** 1. Jórunn Viðar (1918-2017), 2. Drífa Viðar (1920-1971). **M2:** 1937, Jón Sigurðsson (1895-1977), skólastjóri Laugarnesskóla í Reykjavík (1935-1965). **Nám:** Stundaði nám við Verslunarskóla Íslands og píanónám í Berlín í Þýskalandi í tvö ár. **Störf:** Kenndi á píanó. Stofnaði Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar í Lækjargötu 2, Reykjavík 1925, og rak hana til ársins 1938, en seldi þá Sigríði Helgadóttur hana. **Plönturæktun:** Átti ásamt Jóni manni sínum sumarbústað á Þingvöllum sem þau nefndu Plum og gróðursettu þar plöntur sem þau söfnuðu víðsvegar um landið. Þau gáfu Reykjavíkurbæ um 200 plöntutegundir í tilefna af 175 ára afmæli bæjarins árið 1961 sem voru notaðar til að byggja upp Grasagarð Reykjavíkur. Rósategundin „Katrín Viðar“ (*Rosa pimpinellifolia*) er nefn eftir Katrínu. **Félagsstörf:** Var formaður Skautafélags Reykjavíkur um árabíl. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit U-107.

KOLBRÚN [Kolla] **BJARNADÓTTIR** (1928-2013) fædd í Reykjavík, látin á Húsavík. KENNARI. **Foreldrar:** Elísabet *Regína* Magdalena Þórðardóttir (1906-1974), leikkona, og Bjarni Bjarnason (1901-1975), læknir. **Systkin:** Erla [Edda] (1925-2017). **M:** 1951, Sigurður Jónsson (1924-2003), kennari, skólastjóri, bóndi og hreppstjóri. **Börn þeirra:** 1. Jón (1952), 2. Regína (1953), 3. Helga (1954), 4. Bjarni (1959-1978), 5. Erla (1964). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1949. **Störf:** Starfaði sem kennari í Köldukinn í Suður-Þingeyjarsýslu 1958-1998, fyrst við farskóla sveitarinnar og síðar við Stórutjarnaskóla. **Félagsstörf:** Var virk í leiklist og öðrum félagsmálum, sat um tíma í sveitarstjórn. Var frumkvöðull að stofnun Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga og fyrsti formaður þess. **Jarðsett:** Þóróddsstaðarkirkjugarði reit 25.

KOLFINNA BJARNADÓTTIR (1937-2016) fædd í Blöndudalshólum í Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Anna Margrét Sigurjónsdóttir (1900-1993) og Bjarni Jónasson (1891-1984), kennari, hreppstjóri og fræðimaður. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1925-2022), 2. Elín (1927-2021), 3. Jónas Benedikt (1932-2018), 4. Sigurjón (1941-1945), 5. Ólafur (1944-2009). **M:** 1963, Hinrik Bjarnason (1934), kennari og dagskrárstjóri Ríkisútvarpi-sjónvarpi. **Börn þeirra:** 1. Bjarni (1963), 2. Anna (1965). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1957 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1958. Sótti fjölmörg námskeið fyrir kennara á vegum menntamálaráðuneytisins og Kennaraháskóla Íslands. **Störf:** Var kennari við barnaskólann í Keflavík 1958-1960, Vogaskóla í Reykjavík 1960-1966 og Hvassaleitisskóla í Reykjavík í yfir 30 ár eða árin 1967-2000. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Stéttarfélags barnakennara í Reykjavík 1974-1976 og í fulltrúaráði SÍB 1975-1977. Var virk í Inner Wheel (félagi kvenna tengt Rótarýhreyfingunni), sat þar í stjórn og gegndi forsetaembætti. Rak í mörg ár heimagistingu fyrir ferðamenn í húsi fjölskyldunnar. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit K-7-5.

KOLFINNA GERÐUR PÁLSDÓTTIR (1924-2020) fædd í Böðvarshólum í Vesturhópi, látin á Akureyri. **HÚSMÆÐRAKENNARI.** **Foreldrar:** Anna Halldórsdóttir (1886-1987) og Páll Guðmundsson (1885-1979), bóndi. **Systkin:** 1. Björn Jónas (1917-1921), 2. Ingibjörg Soffía (1918-1999), 3. Guðmundur (1919-2007), 4. Sigurbjörg (1920-2011), 5. Elínborg Sædís (1923), 6. Snæbjörn (1924-2015), 7. Halla Valgerður (1929-2004). **Fósturforeldrar:** Ingibjörg Jakobsdóttir (1883-1955) og Theodór Arnbjörnsson (1888-1939), hrossaræktarráðunautur. **Uppeldissystkin:** 8. Baldur Svanhólm Ásgeirsson (1914-2003). **M:** 1949, Friðrik Kristjánsson (1926-2016), húsgagnasmíðameistari. **Börn þeirra:** 1. Ingibjörg (1950), 2. Fanney (1952), 3. Snæbjörn (1954), 4. Anna (1955), 5. Baldur Helgi (1958), 6. Theodór (1960). **Nám:** Lauk húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1946. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði og á Laugum í Reykjadal 1947-1951. Hóf aftur kennslu á Laugalandi 1966 og kenndi þar þangað til skólinn var lagður niður 1976. Var kennari við Húsmæðraskóla Akureyrar og síðan Verkmenntaskóla Akureyrar 1976-1991. Var meðhjálpari við Grundarkirkju. **Félagsstörf:** Sat í stjórn kvenfélagsins Iðunnar í Hrafnagilshreppi um árabil og var í stjórn Héraðssambands eyfirskra kvenna og ritari Sambands norðlenskra kvenna. Tók þátt í að stofna Félag aldraðra í Eyjafirði og var formaður þess um tíma. **Jarðsett:** Grundarkirkjugarði reit M-9.

KRISTBJÖRG JÓNATANSDÓTTIR (1888-1967) fædd á Birningsstöðum í Laxárdal, Suður-Pingeyjarsýslu, látin á Akureyri. **KENNARI.** **Foreldrar:** Guðrún Jóhanna Hannesdóttir (1863-1890) og Jónatan Jóhannesson (1861-1943), verslunarmaður. **Samfeðra systkin:** 1. Guðrún Jóhanna (1899-1915), 2. Rósa (1902-1996). **Nám:** Tók kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1910 og stundaði enskunám í Edinborg 1914-1915. **Störf:** Starfaði sem kennari við Barnaskóla Akureyrar í 30 ár. Var garðyrkjukona við Lystigarðinn á Akureyri sumrin 1918-1920. **Félagsstörf:** Var ritari í stjórn Heilsuhælisfélags Norðurlands 1922. Var formaður Sambands norðlenskra kvenna um tíma. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1927). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit L-6-25.

KRISTBJÖRG [Didda] **ÞORSTEINSDÓTTIR LÖVE** (1947-2002) fædd í Reykjavík, látin í Mosfellsbæ. **DÆGURLAGASÖNGKONA.** **Foreldrar:** Fríða Freymóðsdóttir (1925-2010) og Jóhann Þorsteinn Davíðsson Löve (1923-2002), vélsmiður. **Sammæðra systkin:** 1. Ásdís Molvik Karlsdóttir (1943),

2. Guðbjörg Erla Helgadóttir (1957). **Samfeðra systkin:** 3. Jakob Kolbeinn (1944), 4. Helga Helen (1950-1986), 5. Ann María Andersen (1952), 6. Davíð (1954), 7. Karl (1957), 8. Elísa (1957), 9. María Anna (1960-2021), 10. Sigurbjört (1960), 11. Guðrún (1961), 12. Agnes (1964). **M1:** 1965, Bjarnþór Aðalsteinsson (1945), lögreglumaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Aðalsteinn (1964), 2. Árdís (1967). **M2:** 1994, Þórleifur Ólafsson (1947), sölumaður. **Störf:** Starfaði sem dægurlaga-söngkona. Hóf að syngja með danshljómsveitum 1970, fyrst með G.P. Kvintettinum og síðan m.a. með hljómsveitum Gunnars Ormslev, Jóns Páls Bjarnasonar (á Hótel Loftleiðum), Jóns Sigurðssonar og Guðmundar Ingólfssonar, Midas, Sóló, Ásum, Neistum og Perlubandinu/Stórsveit Karls Jónatanssonar. Samdi tónlist, en ekki hafa komið út lög eftir hana. **Jarðsett:** Mosfellskirkjugarði nýja reit A-3-20.

KRISTBJÖRG [Bogga] **ÞÓRHALLSDÓTTIR** (1938-2018) fædd í Laufási í Bakkadal, Ketildalahreppi við Arnarfjörð, látin í Reykjavík. LEIÐSÖGUMAÐUR. **Foreldrar:** Marta Guðmundsdóttir (1901-1987) og Þórhallur Guðmundsson (1900-1987), verkamaður. **Systkin:** 1. Guðmundur (1922-1941), 2. Ragnar Níels (1924-1924), 3. Margrét (1925-2014), 4. Guðrún (1927-2013), 5. Hólmfríður (1930-1999), 6. Sigurður Stefán (1931-2020), 7. Ragnar (1933-2007), 8. Guðmunda Erla (1942). **M:** 1958, Óskar Maríusson (1934-2011), efnafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Maríus (1954), 2. Ragnar (1961), 3. Þórhallur (1963). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 1984. Sótti leiðsögunámskeið hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. **Störf/Félagsstörf:** Starfaði sem leiðsögumaður þýskumælandi ferðamanna í 33 sumur. Var kennari við Leiðsöguskóla Íslands í 25 ár. Var sjálfboðaliði í Samhjálp kvenna 1982-2001. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Félagi leiðsögumanna (2000). Hlaut Gullmerki Krabbameinsfélags Íslands fyrir störf í þágu þess. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði duftreiti C-3-285.

KRISTÍN **SESSELJA ARASON** (1855-1914) fædd á Flugumýri, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Helga Þorvaldsdóttir (1816-1894) og Ari Arason (1813-1881), læknir og stórbóndi á Flugumýri í Skagafirði. **Systkin:** 1. Guðlaug (1845-1847), 2. Ari Þorvaldur (1847-1854), 3. Þorvaldur Ari (1849-1926), 4. Sesselja Kristín (1851-1851), 5. Lárus (1852-1852), 6. Anna Sigríður (1853-1915), 7. Guðlaug (1855-1936), 8. Sesselja Kristín (1857-1858), 9. Sigríður (1859-1859), 10. Sesselja Kristín (1860-1864). **Nám:** Sótti nám í kennslufræði í Triers skóla í Kaupmannahöfn 1887-1889 og í Kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn 1901-1902. **Störf:** Var kennari við Kvennaskóla Skagfirðinga á Flugumýri 1880-1882, heimiliskennari á Reykhólum vestra 1890-1891 og kennari við Barnaskóla Reykjavíkur frá 1894 til æviloka 1914. **Rit:** *Æfingar í réttitun* (1896). **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands, sem gjaldkeri frá 1910, ásamt Bríet Bjarnhéðinsdóttur, formanni, og Laufeyju Valdimarsdóttur, ritara. **Jarðsett:** Hólavallagarði reitur óskráður.

KRISTÍN [Stína Ara] **ÞORVALDSDÓTTIR ARASON** (1888-1985) fædd á Flugumýri í Skagafirði, látin í Reykjavík. MATREIÐSLUKENNARI og KENNARI. **Foreldrar:** Anna Vigdís Steingrímisdóttir (1855-1939) og Þorvaldur Arason (1848-1926), bóndi. **Systkin:** 1. Helga (1885-1925), 2. Anna Rósa (1886-1976), 3. Sesselja (1890-1911), 4. Ari (1892-1967), 5. Jónas Steingrímur Ari (1898-1986). **M:** 1938, Helgi Guðmundsson (1877-1942), málarameistari. **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði 1906. Stundaði nám í dönsku, ensku og þýsku við Verslunar-skólann 1907-1908. Var við nám í matreiðslu við Statens Lærerhøjskole í Kaupmannahöfn 1915-

1916 og sótti framhaldsnám í matreiðslu sjúkræðis og lúxusrétta hjá Professor Jacobsens Klinik 1916-1917. **Störf:** Hélt smábarnaskóla í Reykjavík skólaárin 1906-1907 og 1908-1909. Var kennari við Barnaskóla Reykjavíkur 1908-1909, skólastjóri á Hesteyri og jafnframt farkennari í Sléttuhreppi á Hornströndum Norður-Ísafjarðarsýslu 1909-1914 og kennari í Seyluhreppi í Skagafirði 1917-1918. Rak matsölu stúdenta „Mensa academica“ við Lækjargötu 2 í Reykjavík 1923-1926. Var matreiðslukennari við Miðbæjarskólann 1924-1931 og Austurbæjarskólann frá 1930 og til starfsloka. Kenndi ásamt Ólöfu Jónsdóttur á námskeiðum fyrir Reykjavíkurbæ 1937-1938 og gáfu þær út Matreiðslukver fyrir kvöldnámskeið. Var prófdómari við Húsmæðra-kennaraskóla Íslands 1942-1958. **Félagsstörf:** Gekk í kvenfélagið Hringinn 1920. Var stofnfélagi Kennarafélagsins Hússtjórnar 1935. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-2-4.

KRISTÍN BJARNADÓTTIR (1812-1891) fædd í Vatnshorni í Skorradal, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR og VEITINGAKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Jónsdóttir (1787-1834) og Bjarni Hermannsson (1774-1856), bóndi og hreppstjóri í Vatnshorni í Skorradal. **Alsystkin:** 1. Guðrún (1810-1892), 2. Jón (1814-1816), 3. Jón (1816-1901), 4. Úlfhildur (1817-1889), 5. Oddur (1819-1899), 6. Ólafur (1820-1894), 7. Karítas (1822-1822), 8. Ragnildur (1824-1867), 9. Loftur (1825-1825), 10. Alífa (1827-1827), 11. Loftur (1832-1871). **Samfeðra systkin:** 12. Sæmundur (1797-1857), 13. Hermann (1798-1798), 14. Hermann (1799-1799), 15. Jón (1801-1822), 16. Gísli (1802-1826), 17. Ögmundur (1804-1859), 18. Hermann (1806-1860), 19. Guðrún (1807-1862), 20. Guðmundur (1841-1913), 21. Guðrún (1842-1859), 22. Steinunn (1844-1866). **M:** 1839, Bjarni Bjarnason (1816-1882), bóndi á Esjubergi á Kjalarnesi. **Barn þeirra:** 1. Ingibjörg (1850-1920). **Nám:** Lauk ljósmóðurprófi árið 1863. **Störf/félagsstörf:** Var ljósmóðir í Kjalarneshreppi 1863-1871. Rak frá árinu 1886 ásamt tengdasyni sínum Þorláki Ó. Johnson kaffihúsið Café & Conditori Hermes í húsi þeirra hjóna við Lækjargötu 4 í Reykjavík sem varð brátt nokkurs konar félagsmiðstöð í bænum. Þar voru stofnuð Verslunarmannafélag Reykjavíkur 1891 og Sjómannafélagið Báran 1894. Þorlákur rak verslunarskóla í tvö ár í kaffihúsinu eða árin 1890-1892. Heildverslun O. Johnson & Kaaber var stofnað í húsinu 1906, en Ólafur var dóttursonur Kristínar. Var fyrsta konan sem greiddi atkvæði við kosningar í Reykjavík, þ.e. við bæjarstjórnarkosningar árið 1888. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit P-312.

KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR (1909-1994) fædd á Litlu-Giljá í Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. TALSÍMAVÖRÐUR og STARFSMAÐUR HJÁ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM. **Foreldrar:** Sara Guðný Þorleifsdóttir (1871-1942) og Björn Sigurðsson (1871-1911), bóndi og kennari. **Systkin:** 1. Sigrún (1899-1972), 2. Guðrún (1903-1951), 3. Sigurður Gunnar (1907-1967). **Nám:** Lauk kvennaskóla-prófi frá Kvennaskólanum á Blönduósi 1924. Lærði ensku í London 1933-1934 og starfaði þá sem módel í tvo tíma á dag. Lærði á talstöð fyrir samband við útlönd á vegum Landsímans í London sumarið 1935. Talaði mörg tungumál. **Störf:** Starfaði hjá Landsíma Íslands í Reykjavík 1924-1932 og 1934-1937. Opnaði talstöðina fyrir samband við útlönd í ágúst 1935. Starfaði í Frakklandi 1937 og ferðaðist síðan um Evrópu. Kom til Ítalíu 1939 um það leyti sem síðari heimstyrjöldin braust út. Var um tíma málakennari Eddu Mussolini. Var fangi í stríðsfangabúðum fasista í rúm þrjú ár. Starfaði síðan um tíma sem yfirtúlkur bandarísku herstjórnarinnar og gekk í Rauðakrossherdeild Bandaríkjanna og starfaði í fremstu víglínu. Fór til New York 1944. Starfaði hjá IMB-fyrirtækinu til ársins 1946. Réðist til starfa í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna 1946 þegar Ísland varð formlega aðili að Sameinuðu þjóðunum og starfað þar í meira en tvo

áratugi eða til ársins 1969. Dró þar í fyrsta skipti íslenska fánann að húni fyrir utan höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna árið 1946. **Félagsstörf:** Stofnaði sjóð hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Kristínarsjóð, og er tilgangur hans að rannsaka krabbamein í börnum og unglingum og hlyna að þeim. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-2-54.

KRISTÍN ODDSDÓTTIR BONDE (1948-2021) fædd á Ísafirði, látin í Kaupmannahöfn. KENNARI, PÝÐANDI og DÓMTÚLKUR. **Foreldrar:** Álfheiður Guðjónsdóttir (1920-2010) og Oddur Friðriksson (1917-1990), rafvirkjameistari. **M:** Peter Bruhn Bonde (1949-2021). **Börn þeirra:** 1. Heidi Christina (1980), 2. Maria Christina (1981). **Nám:** Tók studentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1967. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1968 og BA-prófi í dönsku og bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands 1976. Tók próf frá Handelshöjskolen í Kaupmannahöfn 1983 og öðlaðist þá réttindi sem löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi. **Störf:** Var kennari við Barnaskóla Ísafjarðar 1968-1971. Starfaði sem bókaforður á bókasafni Hjúkrunarskóla Íslands og Bókasafni Langholtsskóla samhliða námi við Háskóla Íslands. Var dönskukennari og bókaforður við Menntaskólann á Ísafirði 1975-1979 og leiðsögumaður danskra ferðamanna hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar sumrin 1976 og 1977. Starfaði sem þýðandi, dómtúlkur og móðurmálskennari íslenskra barna í Danmörku 1979-1989. Starfaði hjá Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn frá árinu 1990 til starfsloka. Sinnti auk þess bókasafninu í Jónshúsi í Kaupmannahöfn frá 1983 og skipulagði og annaðist konukvöld sem þar voru haldin reglulega. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2009). **Jarðsett:** Kaupmannahöfn.

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR DAHLSTEDT (1876-1968) fædd í Botni í Dýrafirði, látin í Reykjavík. VEITINGAKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Jóhanna Jónsdóttir (1846-1922) og Jón Sakaríasson (1845-1911). **Systkin:** 1. Guðmunda Björg (1872-1942), 2. Sigríður Ragnheiður (1875-1948), 3. Ingibjartur Jón (1878-1904), 4. Ástríður (1879-1916), 5. Sakarías Jón (1882-1902), 6. Bjarni (1883-1902), 7. Guðmundur Páll (1886-1971). **Barnsfaðir 1:** Magnús Bergur Guðmundsson (1870-1915). **Barn þeirra:** 1. Ingibjartur Helgi Magnússon (1906-1988). **Barnsfaðir 2:** Adolf Nielsen. **Barn þeirra:** 2. Ingibjörg Adolphia Kristín Nielsen (1908-1941). **Barnsfaðir 3:** Þorsteinn Ólafsson (1888-1917). **Barn þeirra:** 3. Jón Bjarni Zakarías Frank (1911-1985). **M:** 1914, Axel Ívar Dahlstedt (1883-1963), veitingamaður. **Nám:** Var í Danmörku við nám og störf á veitingastöðum og hótélum 1899-1906, fyrst í Fredrikshavn og síðan í Kaupmannahöfn. **Störf:** Rak um tíma Hótel Fönix í húsi sínu að Laugavegi 68, Reykjavík. Rak gistihús og veitingasölu undir nafninu Fjallkonan í húsi sínu að Laugavegi 23, Reykjavík. Keypti árið 1915 hús að Laugaveg 20b í Reykjavík sem þá var í mikilli niðurníðslu. Gerði umfangsmiklar breytingar á neðstu hæðinni og lét útbúa þar sal sem tók 220 manns í sæti. Veitingahúsið opnaði árið 1917. Á Fjallkonunni var gjarnan 12 til 15 manna starfslið, sex í eldhúsi, fjórar stúlkur í sal og tveir þjónar. Fiðluleikari spilaði fyrir gesti öll kvöld með hljómsveit, auk þess sem sjálfspilandi píanó var á staðnum. Kristín og Axel eiginmaður hennar voru jafnan bæði í eldhúsinu og sáu um matreiðsluna. Kristín seldi húseignina árið 1918 í kjölfar áfalla, m.a. vegna spönsku veikinnar. Rak nokkra veitingastaði á Reykjavíkursvæðinu, síðast Dalakofann við Tryggvagötu í Reykjavík. **Æviminningar:** *Kristín Dahlstedt veitingakona: endurminningar*, skráðar af Hafliða Jónssyni frá Eyrum (1961, 2012). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-63-18.

KRISTÍN EGGERTSDÓTTIR (1877-1923) fædd á Kroppi í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði, látin á Akureyri. **KENNARI, HÓTELSTJÓRI og BÆJARFULLTRÚI.** **Foreldrar:** Jónína Vilhelmína Kristjánsdóttir (1853-1930) og Eggert Davíðsson (1850-1926), bóndi á Kroppi í Eyjafirði. **Systkin:** 1. Kristján (1880-1883), 2. Davíð (1882-1953), 3. Jón (1884-1923), 4. Sesselja (1888-1945). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann á Laugalandi 1888-1890 og 1892-1894 og í Reykjavík 1901-1905. Dvaldi í Noregi 1905-1907 og stundaði þar annað árið nám við húsmæðraskóla. Dvaldi í Englandi og Danmörku 1913-1914. **Störf:** Starfaði sem barnakennari í Munkaþverársókn og kennari við Kvennaskólann á Laugalandi 1895-1896 og við Kvennaskólann á Akureyri 1896-1901. Var forstöðukona Sjúkrahússins á Akureyri 1907-1912. Átti og rak Hótel Oddeyri á Strandgötu 7, Akureyri, frá 1915 til æviloka. **Stjórn mála- og félagsstörf:** Var kosin í bæjarstjórn Akureyrar 1911, fyrst kvenna, og sat þar til 1914. Átti sæti í kjörstjórn, skólanefnd og fátækranefnd. **Jarðsett:** Eyjafirði.

KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR EYFELLS (1917-2002) fædd í Reykjarfirði á Ströndum, látin í Orlandó, Flórída. **MYNDLISTARMAÐUR og KAUPKONA.** **Foreldrar:** María *Jenný* Jónasdóttir (1895-1979) og Halldór Kristinsson (1889-1968), héraðslæknir í Reykjarfirði, í Bolungarvík og á Siglufirði. **Systkin:** 1. Þórir (1920-1990), 2. Jónas (1921-2001), 3. Kári (1923-2010), 4. Atli (1924-2007), 5. Magnús (1925-2015), 6. Markús (1935-1936). **M:** 1949, Jóhann Eyfells (1923-2019), listamaður og prófessor. **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1935. Lærði fatahönnun við Rudolf Schaefer School of Design í San Francisco í Kaliforníu 1945-1946. Var við háskólanám í Hofstra University 1957-1960. Lauk BA-prófi í sálfræði 1962 og BFA í myndlist 1964 frá University of Florida. Kristín og Jóhann bjuggu á Long Island í New York og í New Jersey á árunum 1950-1960, í Gainesville í Flórída 1960-1964 og í Orlandó í Flórída samfleytt frá 1969. **Störf:** Rak kjóla-verslunina Fix í Reykjavík í nærri fjóra áratugi frá árinu 1938, var m.a. með saumakonur í starfi. Yfirgaf viðskiptin smám saman og sneri sér óskiptri að listsköpun. Eftir hana liggur mikið safn málverka og höggmynda. Málverk með stórum andlitsmyndum voru helstu viðfangsefni hennar síðustu tvo áratugin. **Sýningar:** Tók þátt í um 100 einkasýningum og samsýningum í Bandaríkjunum, á Íslandi, í Danmörku og víðar. Stór yfirlitssýning, *Famous Faces*, var haldin árið 1998 í sýningarsal University of Central Florida í Orlando á yfir 80 málverkum Kristínar af áberandi einstaklingum úr samtímasögunni, þar á meðal Ronald Regan, Yasser Arafat, Jack Nicholson og Salvador Dali. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit D-6-39.

KRISTÍN FINNSDÓTTIR FENGER (1930-1998) fædd á Hvilt í Öfundarfirði, látin í Reykjavík. **SJÚKRAPJÁLFARI.** **Foreldrar:** Guðlaug J. Sveinsdóttir (1885-1981) og Finnur Finnsson (1876-1956), bóndi. **Systkin:** 1. Sveinbjörn (1911-1993), 2. Ragnheiður (1913-2004), 3. Hjálmar (1915-2004), 4. Sigríður (1918-2007), 5. Jakob (1919-1941), 6. Sveinn (1920-1993), 7. Jóhann (1920-1973), 8. María (1922-2017), 9. Málfríður (1923-2019), 10. Gunnlaugur (1928-2010). **Fóstursystkin:** 11. Leifur Guðjónsson (1935-2005). **M:** 1950, Garðar Emil Fenger (1921-1993), stórkaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Kristjana (1951), 2. Jakob (1952-2008), 3. Emil (1953-1984), 4. Hjördís (1957). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1944. Lauk námi í sjúkráþjálfun frá Kungliga Gymnastiska Centralinstitutet í Stokkhólmi 1948. **Störf:** Starfaði hjá Ragnari Sigurðssyni, hjá Styrktarfélagi Lamaðra og fatlaðra, á Landspítalanum og á Borgarspítalanum árin 1949-1963. Var yfirsjúkráþjálfari á Vífilsstöðum í yfir þrjú áratugi eða árin 1963-1995. **Félagsstörf:** Var virkur félagi í Félagi íslenskra sjúkráþjálfara, St. Georgs skátum,

Kvenfélagi Grensássóknar, Gigtarfélagi Íslands og við Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-12-66.

KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR (1893-1976) fædd í Jónsnesi í Helgafellssveit, Snæfellsnesi, látin í Keflavík. VITAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Ólína Árnadóttir (1861-1938) og Guðmundur Bjarnason (1860-1953), bóndi í Jónsnesi. **Systkin:** 1. Guðrún (1883-1970), 2. Bjarni (1885-1945), 3. Aðalsteinn *Kristján* (1890-1953), 4. Soffía (1899-1987), 5. María Magdalena (1901-1985). **M:** Jón Ágúst Guðmundsson (1890-1938), ostagerðarmaður og vitavörður í Reykjanesvita. **Börn þeirra:** 1. Einir (1923-1995), 2. Guðmundur Ásgeir (1926-1982), 3. Ólína J. Forman (1927-2011), 4. Ragnar (1928-2002), 5. Jófríður Jóna (1932). **Störf:** Tók við starfi vitavarðar í Reykjanesvita eftir lát manns síns 1938 og gegndi því til ársins 1947. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-43-3.

KRISTÍN [Kiddý] GUÐMUNDSÓTTIR (1923-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HÍBÝLAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ragnhildur Jónsdóttir (1894-1973) og Guðmundur Kristinn Guðmundsson (1890-1976), skrifstofustjóri. **Systkin:** 1. Sigríður Svafa (1917-1989), 2. Jón Haukur (1928-1935), 3. Guðmundur Kristinn (1937-2022). **M:** 1953, Skarphéðinn Jóhannesson (1914-1970), arkitekt. **Börn þeirra:** 1. Ragnhildur (1956), 2. Kristinn Haukur (1956), 3. Ögmundur (1958). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1942. Sigldi með Brúarfossi í skipalest til Bandaríkjanna árið 1943. Nam innanhúsarkitektúr við Northwestern University í Chicago og útskrifaðist 1946, en stundaði verklegt nám við New York School of Interior Decoration. Kom til Íslands í árslok 1947. **Störf:** Vann lengst af með Skarphéðni eiginmanni sínum, en sinnti jafnframt eigin verkefnum. Vann eftir 1970 hjá Ferðaskrifstofunni Útsýn og síðan hjá Húsnæðisstofnun ríkisins til starfsloka. **Æviminningar:** *Kristín Guðmundsdóttir híbýlafræðingur*, ritstjórn og umsjón með útgáfu var í höndum Halldóru Arnadóttur (2015). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit T-517.

KRISTÍN KRISTJÁNSDÓTTIR HALLBERG (1919-1985) fædd á Dagverðareyri við Eyjafjörð, látin í Svíþjóð. EFNAVERKFRÆÐINGUR. **Systkin:** 1. Gunnar (1912-1993), 2. Rannveig Jónína (1917-1952), 3. Eggert (1922-1974), 4. Guðrún Hulda (1926-1972). **M:** 1955, Peter Hallberg (1916-1995), rithöfundur, þýðandi og prófessor. **Nám:** Tók stúdentspróf frá stærðfræðideild Menntaskólans á Akureyri 1938 (fyrst kvenna). Lauk prófi í efnaverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole (DTH) í Kaupmannahöfn 1945. Stundaði framhaldsnám og rannsóknir í jarðvegsfræðum í Aberdeen í Skotlandi 1952-1954 með styrk frá British Council. **Störf:** Vann hjá fiskimálanefnd að tilraunum með niðursuðu fiskafurða 1946-1948. Var sérfræðingur hjá búnaðardeild Atvinnudeildar Háskóla Íslands við jarðvegs- og grasarannsóknir 1948-1954. Flutti til Svíþjóðar 1955 og starfaði eftir það við framhaldsskólakennslu. **Viðurkenning:** Stjórn Verkfræðingafélags Íslands sæmdi Kristínu heiðursmerki félagsins að henni látinni (1985). **Jarðsett:** Líklega í Svíþjóð.

KRISTÍN HALLDÓRA HALLDÓRSÓTTIR (1921-2017) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. SJÚKRAPJÁLFARI. **Foreldrar:** Ragnhildur Pétursdóttir (1880-1961), húsmæðrakennari og bóndi, og Halldór Kr. Þorsteinsson (1877-1966), skipstjóri og útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Ragnhildur (1916-2015), 2. Guðný Ólafía (1923-2016). **M:** 1949, Þórarinn Björnsson (1909-2004), forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Ragnhildur (1953), 2. Guttormur Björn (1956), 3. Margrét Halldóra (1958). **Nám:**

Útskrifaðist sem íþróttakennari frá Íþróttaskóla Björns Jakobssonar á Laugarvatni 1942, Lauk námi sjúkraþjálfara frá School of Physical Therapy, Children's Hospital í Los Angeles, Bandaríkjunum, 1946. **Störf:** Starfaði sem sjúkraþjálfari á nuddstofu Kristjáns Hannessonar lækni og Karls Jónssonar lækni 1946-1952, hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra 1969-1981, á öldrunarlækningadeild Landspítalans 1984-1987 og á Hrafnistu í Reykjavík 1987-1990. **Félagsstörf:** Var í hópi stofnfélaga Sjúkraþjálfarafélags Íslands og sat í fyrstu stjórn þess. Starfaði með Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og með Þjóðdansafélagi Íslands. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-1-82.

KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR (1939-2016) fædd í Varmahlíð í Reykjadal, látin í Reykjavík. ALÞINGISMAÐUR og RITSTJÓRI. **Foreldrar:** Halldóra Sigurjónsdóttir (1905-1994), kennari og skólastjóri Húsmæðraskólans á Laugum, og Halldór Víglundsson (1911-1977), smiður. **Systkin:** 1. Halldór (1934-2019), 2. Svanhildur (1938). **M:** 1963, Jónas Kristjánsson (1940-2018), ritstjóri. **Börn þeirra:** 1. Kristján (1964), 2. Pétur (1970), 3. Halldóra (1974). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1960 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1961. **Störf:** Var blaðamaður við *Tímann* 1961-1964, kennari við Digranesskóla í Kópavogi 1964-1966, blaðamaður við *Vikuna* 1972-1974 og ritstjóri 1974-1979. Gegndi starfi starfskonu Samtaka um kvennalista 1989-1995 og framkvæmdastjóra Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 2001-2005. **Stjórnmalastörf:** Var landskjörinn alþingismaður Reyknesinga 1983-1987 og alþingismaður Reyknesinga 1987-1989 og 1995-1999 fyrir Samtök um kvennalista. Sat utan flokka um stutt skeið og í þingflokki óháðra eftir að Samtök um kvennalista voru lögð niður á árinu 1999. Var fyrsti varaforseti neðri deildar Alþingis 1986-1987. Var formaður þingflokks Samtaka um kvennalista 1984-1985, 1996-1997 og 1998-1999. Sat um tíma m.a. í fjárveitinganefnd, fjárlaganefnd og umhverfisnefnd. **Minningarathöfn:** Fór fram í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi 14. júlí 2016.

KRISTÍN INGIBJÖRG HALLGRÍMSDÓTTIR (1863-1941) fædd í Stykkishólsmssókn, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Jóhanna Jónsdóttir (1834-1871) og Hallgrímur Illugason (1827-1872), daglaunamaður. **Systkin:** 1. Kristín Ingibjörg (1863-1864), 2. Guðrún (1865-1914). **Barnsfaðir:** Jón „skógarabróðir“ Jónsson (1867-1941). **Barn þeirra:** 1. Ágúst (1901-1973). **Nám:** Útskrifaðist sem hjúkrunarkona frá Den Danske Diakonissestiftelse í Kaupmannahöfn árið 1898 eftir 10 mánaða nám. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Laugarnesspítalanum í Reykjavík frá 1898 til starfsloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-35-24.

KRISTÍN [INGIBJÖRG] SNÆHÓLM HANSEN (1921-1996) fædd á Sneis, Laxárdal í Engihlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. YFIRFLUGFREYJA. **Foreldrar:** Elín Kristín Guðmundsdóttir Snæhólm (1894-1988) og Halldór Halldórsson Snæhólm (1886-1964), farandkennari og bóndi. **Systkin:** 1. Alda (1916-2002), 2. Njörður (1917-2003), 3. Guðmundur (1928-2014), 4. Edda (1932-2016). **M1:** Skúli Eggert Hansen (1918-1964), tannlæknir. **M2:** 1985, Gunnar Guðjónsson (1909-1992), skipamiðlari. **Nám:** Lærði snyrtifræði í Kaliforníu í Bandaríkjunum fyrir stríð. **Störf:** Var verslunarmaður í Reykjavík á stríðsárunum. Vann flugfreyjustörf á Lanchercaster-farþegaflugvélum í Skotlandi. Var flugfreyja hjá Flugfélagi Íslands 1947-1954 og síðan yfirflugfreyja hjá Flugfélagi Íslands og síðar hjá Flugleiðum. **Félagsstörf:** Var félagi í Svölunum, félagi starfandi og fyrrverandi flugfreyja. Tók þátt í fyrsta alþjóðamóti

flugfreyja í Voxenåsen norðan við Ósló 1966. **Viðurkenning:** Var fyrsti heiðurfélagi Svalanna. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-27-72.

KRISTÍN INGVARSDÓTTIR (1945-1987) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Svava Helgadóttir (1912-2004) og Ingvar Þórðarson (1907-1998), bóndi. **Systkin:** 1. Dóra (1936-2014), 2. Helgi (1938). **M:** 1967, Bragi Hannibalsson (1945), skrifvélavirki. **Börn þeirra:** 1. Bryndís (1967), 2. Hörður (1979), 3. Sólrún (1984). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1966 og prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1979. **Störf:** Var verslunarstjóri í Bóksölu stúdenta 1969-1974, deildarstjóri áætlunar-deildar Skrifstofu ríkisspítalanna 1979-1983 og framkvæmdastjóri hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra frá 1983. **Félagsstörf:** Starfaði um tíma með Rauðsokkahreyfingunni. **Jarðsett:** Hlíðarendakirkjugarði í Fljótshlíð.

KRISTÍN VÍDALÍN JACOBSON, f. PÁLSDÓTTIR VÍDALÍN (1864-1943) fædd í Víðidalstungu í Húnaþingi, látin í Reykjavík. MYNDLISTARKONA og STOFNANDI HRINGSINS. **Foreldrar:** Elínborg Friðriksdóttir Vídalín, f. Eggerz (1833-1918) og Páll Friðrik Vídalín Jónsson (1827-1873), bóndi og alþingismaður. **Systkin:** 1. Jón Friðrik (1857-1907), 2. Páll (1860-1907), 3. Arndís (1862-1909), 4. Ragnheiður Sigbrúður (1866-1868), 5. Sigríður (1872-1873). **M:** 1895, Jón Jacobson (1860-1925), alþingismaður og landsbókavörður. **Börn þeirra:** 1. Helga (1896-1918), 2. Jón Vídalín (1897-1898), 3. Sigríður (1899), 4. Gunnar Jakob (1900-1921). **Nám:** Fór til Danmerkur 1890 og stundaði nám í myndlist í einkaskóla málarans Haralds F. Foss og sótti einnig tíma til málarans Søren Christians Jensen 1890-1892. Lagði stund á nám við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn 1893-1894, fyrst íslenskra kvenna til að stunda málaralist. **Störf:** Rak um tíma Teiknskóla í Reykjavík. Lítið hefur varðveist af myndlist hennar, en eftirmynd hennar af minningartöflu er í Ögurkirkju við Ísafjarðardjúp. **Félagsstörf:** Var hvatamaður að stofnun kvenfélagsins Hringsins og var formaður þess frá stofnun 1904 til æviloka eða í 39 ár. Hringskonur létu reisa Hressingarhæli í Kópavogi fyrir berkla sjúklinga og ráku það árin 1925-1940 jafnhliða Kópavogsbúinu, þar sem framleitt var hollt fæði fyrir sjúklingana, en gáfu ríkinu húsið 1940. Í kjölfarið hófu Hringskonur undirbúning að stofnun barnspítala hér á landi (opnaður árið 1957). Var einnig stofnfélagi í Kvenréttindafélagi Íslands 1907 og átti hlut í stofnun Bandalags kvenna 1917 og sat um tíma í stjórn þess. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1930) og Stórriddarakrossi (1942). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit E-5-1.

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR (1888-1959) fædd í Arnarnesi við Eyjafjörð, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI.

Foreldrar: Guðlaug Helga Sveinsdóttir (1852-1930) og Jón Kristján Antonsson (1845-1930), útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Árni (1882-1950), 2. Helga (1884-1902), 3. Jónína Schram (1897-1974). **M:** 1917, Valtýr Stefánsson (1893-1963), ritstjóri *Morgunblaðsins*. **Börn þeirra:** 1. Helga (1923-1968), 2. Hulda Steinunn (1925-2018). **Nám:** Stundaði myndlistarnám í Tegne- og Kunstindustriskolen for Kvinder og við Konunglegu Listaakademíuna í Kaupmannahöfn 1911-1916. Fór námsferðir til Ítalíu 1921 og 1922. **Störf:** Fékkst við málaralist og sýndi verk sín víða um heim. **Sýningar:** Hélt málverkasýningu ásamt Guðmundi Thorsteinsson í Reykjavík (1915). Tók þátt í Charlottenborgarsýningu (1916). Sýndi á íslenskum samsýningum í Kaupmannahöfn (1918, 1927), Þýskalandi (1928), Stokkhólmi og Ósló (1932), Bergen (1936), Svíþjóð (1938) og á norrænni samsýningu í Gautaborg (1939). **Æviminningar:** *Kristín Jónsdóttir: listakona í*

gróandanum eftir Aðalstein Ingólfsson, Kristján Pétur Guðnason sá um ljósmyndun verka (1987). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1952). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-54-29.

KRISTÍN ELÍSABET JÓNSDÓTTIR (1927-2008) fædd á Hafrafelli í Eyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. **LÆKNIR.** **Foreldrar:** Kristín Elinóra Guðmundsdóttir (1889-1972), kennari, og Jón Guðmundsson (1888-1962), bóndi á Hafrafelli. **Systkin:** 1. Guðmundur (1917-1993), 2. Haukur (1921-1980). **M:** 1963, Elías Eliezer Davíðsson (1941-2022), kerfisfræðingur og tónskáld, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Ester Auður (1963), 2. Bergljót (1965). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946. Lauk kandidateitprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1953. Stundaði framhaldsnám í lyflækningum við Mount Vernon-sjúkrahúsið í New York og fleiri sjúkrahús þar í borg. **Störf:** Starfaði fyrst við Borgarspítalann 1959, síðan um hríð við tilraunastöð Háskólans á Keldum, þá aftur við Borgarspítalann, en sneri sér síðan alfarið að störfum á sýkladeild Rannsóknarstofu Háskóla Íslands allt til starfsloka. Fékkst við kennslu samhliða rannsóknarstörfunum, m.a. við Háskóla Íslands og Nýja hjúkrunarskólann. **Félagsstörf:** Var félagi í Zontahreyfingunni í áratugi. Sat í stjórn Minningargjafasjóðs Landspítalans. Aðstoðaði m.a. við útgáfu nokkurra binda af *Borgfirskum æviskrám*. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-18-97.

KRISTÍN SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR KAABER (1922-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Ólöf Sveinsdóttir (1881-1937) og Ólafur Dan Daníelsson (1877-1957), stærðfræðingur og menntaskólakennari. **Systkin:** 1. Sveinn (1904-1910), 2. Svanhildur (1905-1954), 3. Daníel (1908-1948), 4. Snorri (1910-1997), 5. Þorbjörg (1914-1928), 6. Anna Vigdís (1917-2000), 7. Sigrún (1919-1920). **M:** 1943, Axel Jóhannes Kaaber (1909-1999), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Svanhildur Anna (1944), 2. Lúdvík Emil (1947). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1941. Nam ensku, dönsku og uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands og lauk BA-prófi þaðan 1962. **Störf:** Var kennari við Hagaskóla í Reykjavík 1962-1963 og við Menntaskólann í Reykjavík 1963-1992. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-24-25.

KRISTÍN ANNA [Baddý] THORODDSEN KRESS (1904-1988) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **MATREIÐSLUKENNARI.** **Foreldrar:** María Kristín Classen (1880-1964) og Sigurður Thoroddsen (1863-1955), landsverkfræðingur og yfirkennari Menntaskólans í Reykjavík. **Systkin:** 1. Sigríður (1903-1996), 2. Jean *Valgarður* (1906-1978), 3. Þórður *Jónas* (1908-1982), 4. Gunnar (1910-1983), 5. Margrét Herdís (1917-2009). **M:** 1936, Bruno Kress (1907-1997), prófessor í norrænum fræðum, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Helga Kress (1939). **Nám:** Lauk námi frá Kvennaskólanum í Reykjavík og prófi frá húsmæðraskólanum í Sorö 1928. **Störf:** Kenndi í forföllum við Húsmæðraskólann að Staðarfelli í eitt ár. Hélt húsmæðranámskeið í húsi foreldra sinna í nokkur á. Var matreiðslukennari við Miðbæjarskólann í Reykjavík árin 1932-1969. **Félagsstörf:** Var félagi í Oddfellowreglunni. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit k-515.

KRISTÍN MARÍA KRISTINSDÓTTIR (1905-1990) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **BANKAFULLTRÚI.** **Foreldrar:** María Guðríður Jónsdóttir (1873-1918) og Kristinn Þorkelsson (1872-1954), skósmiður. **Systkin:** 1. Jón Þorkelsson Kristinsson Lehmann (1897-1951), 2. Ágúst (1901-1930), 3. Alfreð Þorkell (1908-1978), 4. Ingibergur Gunnar (1911-1974). **Fósturforeldrar:**

Júlíana Guðmundsdóttir (1881-1947) og Jón Baldvinsson (1882-1928), bankastjóri og alþingismaður. **Fóstursystkin:** 5. Baldvin Jónsson (1911-1996). **M:** Stefán Ólafur Björnsson (1904-1966), skipstjóri. **Börn þeirra:** 1. Edda Svava (1933-2010), 2. Hafsteinn Þór (1936-2000), 3. Jón Baldvin (1942). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands. Var í Danmörku um tíma og bjó á heimili Thorvald Stauning (1873-1942), stjórnámamanns. **Störf:** Starfaði í Danska sendiráðinu í Reykjavík í eitt ár. Starfaði sem fulltrúi hjá Landsbanka Íslands í yfir 40 ár. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-8.

KRISTÍN KRISTJÁNSDÓTTIR (1897-1993) fædd á Bollastöðum í Hraungerðishreppi, Árnessýslu, látin í Reykjavík. **MATRÁÐSKONA.** **Foreldrar:** Guðrún Gísladóttir (1866-1942) og Kristján Þorvaldsson (1855-1927), bóndi. **Systkin:** 1. Jósteinn (1887-1964), 2. Jón (1889-1913), 3. Jónína Þóra (1890-1938), 4. Eggþóra (1893-1964), 5. Páll (1898-1970), 6. Kristrún (1901-1979), 7. Gísli (1902-1972), 8. Guðný (1903-1989), 9. Bjarni (1904-1984). **Nám:** Stundaði matreiðslunám hjá Mensa akademika að Lækjargötu 2 í Reykjavík 1915 og var kennari hennar Ólafía Hákonardóttir. **Störf:** Starfaði hjá Oddfellowum og Sigríði Fjeldsted í Lækjargötu 10, Reykjavík. Bjó og starfaði sem matræðskona í lðnó í Reykjavík frá 1941 til 1987, er hún lét af störfum 90 ára gömul. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit W-563.

KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR KVARAN (1946-2007) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **FÓSTRA,** **ALÞINGISMAÐUR** og **KAUPMAÐUR.** **Foreldrar:** Guðrún Benediktsdóttir (1909-1974) og Stefán Guðmundsson (1912-1975), innheimtumaður. **Systkin:** 1. Ragna Þórunn (1943-1999). **M1:** 1964, Ólafur Engilbertsson (1943), þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Bertha Guðrún (1964), ættleidd af Einari M2. **M2:** 1971, Einar B. Kvaran (1947-2010), kerfisfræðingur. **Börn þeirra:** 2. Ragna Elíza (1974), 3. Thelma Kristín (1984). **Nám:** Var við nám í Fósturskóla Íslands 1973-1976 og við Barnevernsakademiet í Ósló 1977-1978. **Störf:** Var forstöðukona dagvistarheimila hjá Reykjavíkurborg 1976-1977 og 1980-1981 og hjá Hafnarfjarðarbæ 1982-1983. Var kennari í hagnýtri uppeldisfræði við Fósturskóla Íslands 1978-1980. Vann við ríkissjónvarpið og Stöð 2 að sjónvarpsþáttum um neytendamál og umræðuþáttum á árunum 1988-1990. Starfaði sem kaupmaður og heildsali frá 1990. Þau hjónin stofnuðu kvenfataverslunina Feminin Fashion 2002. **Stjórnmalastörf:** Var landskjörinn alþingismaður Reykvíkinga 1983-1987 fyrir Bandalag jafnaðarmanna og Sjálfstæðisflokkinn. **Félagsstörf:** Stofnaði, gaf út og ritstýrði bæjarblaði í Garðabæ *Blaðið okkar* 1987-1990. Átti sæti í stjórn Fóstrufélags Íslands (nú Félags íslenskra leikskólakennara), sem formaður 1980-1981. Var formaður Neytendafélags Reykjavíkur og nágrennis 1986-1988. Sat í stjórn Norræna félagsins í Garðabæ og sem formaður 1988-1994. Var formaður Sambands norrænu félaganna á Norðurlöndum 1998-1999. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-5-117.

KRISTÍN BENEDIKTSDÓTTIR MEINHOLT (1883-1957) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KAUPKONA.** **Foreldrar:** Guðríður Tómasdóttir (1840-1923) og Benedikt Samsonarson (1857-1925), járnsmiður í Skálholti í Reykjavík. **Systkin:** 1. Guðrún (1878-1957), 2. Svanlaug (1880-1918), 3. Sigríður (1881-1962). **M:** 1906, Axel Alfrið Meinholt (1885-1972), húsgagnabólstrari. **Fósturbarn þeirra:** 1. Guðríður Guðmundsdóttir Bang (1912-1991). **Störf:** Rak verslun í Þingholtsstræti 26 í Reykjavík árið 1913, m.a. með úrfestar, hálsfestar og armbönd. Fékk borgarabréf árið 1916 og stofnaði sama ár Verslunina Goðafoss að Laugavegi 5 í Reykjavík og

var sú verslun um áratugaskeið ein helsta snyrtivöruverslun bæjarins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-3-47.

KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR MÖLLER (1926-2017) fædd í Ólafsvík, látin í Reykjavík. LÍFEINDAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Rósa Thorlacius Einarsdóttir (1890-1977), ljósmóðir, og sr. Magnús Guðmundsson (1896-1980), prestur. **Systkin:** 1. Jóhanna *Helga* Aðalbjörg (1921-1989), 2. Guðmundur (1922-1945), 3. Einar Thorlacius (1925-2005), 4. Anna Guðrún (1927-1987). **M:** 1953, Þórður Möller (1917-1975), yfirlæknir. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Lærði líftækni frá Danmörku 1946. **Störf:** Starfaði sem lífeindafræðingur við Blóðbankann í Reykjavík árin 1975-1996. **Félagsstörf:** Sat í stjórn KFUK í Reykjavík um árabil og sem formaður í 20 ár. Var meðal þeirra sem undirbyggðu og stofnuðu sumarþing KFUK í Vindáshlíð. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi KFUK. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2000). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-1058.

KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR (1889-1971) fædd í Lundi í Lundarreykjadal, látin í Reykjavík. LÆKNIR. **Foreldrar:** Ingibjörg Pálsdóttir (1854-1929) og sr. Ólafur Ólafsson (1860-1935), prestur. **Systkin:** 1. Páll Ólafur (1887-1971), 2. Jón Foss (1888-1922), 3. Guðrún Sigríður (1890-1918), 4. Ásta (1892-1985). **M:** 1916, Vilmundur Jónsson (1889-1972), læknir. **Börn þeirra:** 1. Guðrún (1918-2010), 2. Ólöf (1920-1998), 3. Þórhallur (1924-2013). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1911, þriðja konan. Lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1917, fyrst kvenna. **Störf:** Starfaði sem kandidat á fæðingardeild Rigshospitalet í Kaupmannahöfn og lyflækningadeild Ullevål Sykehus í Ósló 1918-1919. Var læknir á Ísafirði 1917-1931 og síðan í Reykjavík til æviloka 1971. Kenndi heilsufræði við unglingskólann á Ísafirði og Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði. Fékkst við ritstörf og þýðingar. Þýddi m.a. efni um heilsufræði, ævisögur og skáldskap. **Rit:** Mataræði barnshafandi kvenna (í *Heimilisalmanaki* 1942). *Manneldisfræði handa húsmæðraskólum* (1945). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags háskólakvenna 1928. Sat m.a. í barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1946-1952 og í skólanefnd Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1941-1946. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit P-196.

KRISTÍN SIGFÚSDÓTTIR (1876-1953) fædd að Helgastöðum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði, látin á Akureyri. SKÁLDKONA. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1853-1930) og Sigfús Hansson (1848-1917), bóndi á Helgustöðum. **Systkin:** 1. Guðrún (1878-1950), 2. Jón (1886-1967). **Samfeðra systkin:** 3. Gunnar (1888-1974). **M:** 1901, Pálmi Jóhannesson (1875-1961), bóndi Kálfagerði, Möðruvallasókn, Eyjafirði. **Börn þeirra:** 1. Hólmgeir (1903-1956), 2. Sigrún (1906-1932), 3. Hannes (1909-1910), 4. Jakobína (1912-1983), 5. Jóhannes (1914-1978), 6. Guðrún (1917-2003). **Fósturbarn:** 7. Lilja Jónsdóttir (1921-2016). **Störf:** Var húsfreyja í Skriðu og Kálfagerði, Saurbæjarhreppi, Eyjafirði 1903-1930 og á Akureyri 1930 til æviloka. Fékkst jafnframt við ritstörf og gaf úr skáldsögur, smásögur, ljóð og leikrit. **Bækur:** M.a. *Tengdamamma* (leikrit 1923), *Sögur úr sveitinni* (1924), *Óskastundin* (leikrit 1926), *Gömul saga I, Í meinum* (1927), *Gömul saga II, Eldraunin* (1928), *Árstíðirnar* (1929) og *Rit I-III* (1949-1951). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit H-7-20.

KRISTÍN LOVÍSA SIGURÐARDÓTTIR (1898-1971) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ALPINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Anna Guðmundsdóttir (1873-1901) og Sigurður Þórólfsson (1869-

1929), skólustjóri og kennari á Hvítárbakka í Borgarfirði. **Systkin:** 1. Margrét (1901-1901). **Samfeðra systkin:** 2. Þorgrímur Vídalín (1905-1983), 3. Hrefna (1907-1908), 4. Anna (1908-1996), 5. Guðmundur Axel (1911-1931), 6. Guðrún (1912-1995), 7. Margrét (1914-2002), 8. Aðalheiður (1915-1998), 9. Sigurmar Ásberg (1917-1990), 10. Áslaug (1919-2005), 11. Valborg (1922-2002). **M:** 1919, Karl Óskar Bjarnason (1895-1960), varaslökkviliðsstjóri í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Guðmundur (1919-1979), 2. Anna Kristín (1929-1987), 3. Sigurður (1930-2005). **Nám:** Nam við Lýðskólann á Hvítárbakka 1913-1915. **Störf:** Vann verslunar- og skrifstofustörf í Reykjavík 1915-1918. **Stjórnmalastörf:** Var landskjörinn alþingismaður 1949-1953 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Var varþingmaður Reykvíkinga haustið 1953, haustið 1954, vorið 1955 og vorið 1956. Sat í orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík 1961-1966 og í barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1962-1966. **Félagsstörf:** Var í stjórn Sjálfstæðiskvennafélagsins Hvatar frá stofnun 1937 og sem ritari fyrstu ellefu árin. Sat í áfengisvarnanefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði frá stofnun 1945, sem formaður fyrstu þrjú árin. Var formaður framkvæmdanefndar Hallveigarstaða 1950-1966 og sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1952-1968. Var í miðstjórn og skipulagsnefnd Sjálfstæðisflokksins frá 1956 og formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna 1956-1965. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit F-3-29.

KRISTÍN SVEINBJÖRNSDÓTTIR (1933-2019) fædd í Reykjavík, látin á Eyrarbakka.

SKRIFSTOFUMAÐUR og ÚTVARPSKONA. **Foreldrar:** Rannveig Helgadóttir (1907-1997) og Sveinbjörn Egilsson (1907-1987), útvarpsvirkjameistari. **Systkin:** 1. Agla (1935-1965), 2. Úlfar (1940), 3. Helgi (1949). **M1:** Sigurður Skúlason (1932-1996), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Skúli (1955), 2. Venný Rannveig (1959). **M2:** Magnús Blöndal Jóhannsson (1925-2005), tónskáld, þau skildu. **Barn þeirra:** 3. Marinó Már (1971). **M3:** Þorgeir Þorsteinsson (1929-2013), sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, skildu 1994. **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1947-1951. Var við nám og störf í Skotlandi og Danmörku 1951-1954. **Störf:** Starfaði hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, Flugfélagi Íslands, Bæjarfógetaembættinu í Keflavík og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Var gjaldkeri hjá Loftleiðum og starfaði í mörg ár hjá Fríhöfninni í Keflavík. Var þáttagerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu 1963-1982 og hafði m.a. umsjón með þættinum Óskalög sjúklinga í fimmtán ár. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Golfsambands Íslands 1982-1985 og í stjórn Golfklúbbs Suðurnesja 1980-1986. **Viðurkenningar:** Sæmd gullmerki Golfsambands Íslands og silfurmerki ÍSÍ fyrir framlag sitt til golfíþróttarinnar. **Jarðsett:** Skálholtskirkjugarði reit B-18.

KRISTÍN JÓHANNA SÖLVADÓTTIR (1912-1981) fædd á Siglufirði, látin í Reykjavík. MJALLHVÍT. **Foreldrar:** Jónína Gunnlaugsdóttir (1875-1929) og Sölvi Jónsson (1870-1959), bóksali í Reykjavík. **Systkin:** 1. Gunnlaug *Ragnheiður* (1894-1994), 2. Sóley (1899-1928), 3. Elín Guðmunda (1896-1994), 4. Karl Gunnlaugur (1900-1982), 5. Jónmundur (1904-1982), 6. Halldór *Guðmundur* (1910-1995), 7. Ellert (1917-2002). **M:** 1937, Garðar Þórhallsson (1914-2002), aðalféhirðir Búnaðarbankans. **Börn þeirra:** 1. Erla Kristbjörg (1939-2010), 2. Silvía Jónína (1939), 3. Garðar Þórhallur (1944), 4. Sigrún Hulda (1948), 5. Anna Sigríður (1954). **Nám:** Fór til Winnipeg í Kanada árið 1930 einkum til að læra ensku. **Störf:** Starfaði um tíma á Wevel Café í Winnipeg. Kynntist Charles Thorson í Árborg þar sem hann hélt námskeið í teikningu. Hann fór að venja komur sínar á Wevel Café þar sem Kristín vann sumarið 1934. Hann var rúmlega fertugur, hún tvítug. Hann bað hennar og gaf henni teikningu af þeim saman þar sem hann var prinsinn en hún prinsessan. Gögn sýna að Kristín hafi játast Charlie, gifting verið ákveðin, en henni snerist hugur.

Kristín var fyrirmyndin að einni þekktustu teiknimyndapersónu sögunnar, sjálfri Mjallhvíti. Teiknarinn sem skapaði persónuna fyrir Walt Disney var Íslendingurinn Karl Stefánsson, fæddur í Winnipeg, sem tekið hafði upp nafnið Charles Thorson. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit 468.

KRISTÍN RANNVEIG THORLACIUS (1933-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI, ÞÝÐANDI og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Áslaug Ester Kristjánsdóttir Thorlacius (1911-2014), skrifari, og Sigurður Thorlacius (1931-2017), skólastjóri Austurbæjarskóla í Reykjavík. **Systkin:** 1. Örnólfur (1931-2017), 2. Hrafnkell (1937-2007), 3. Hallveig (1939), 4. Kristján (1941). **M:** 1960, sr. Rögnvaldur Finnbogason (1927-1995), prestur. **Börn þeirra:** 1. Áslaug (1955), 2. Ingibjörg (1961), 3. Ragnhildur (1962), 4. Sigurður (1964-1999), 5. Finnbogi (1965). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953. Tók kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands 1980 og bætti síðar við sig námi í bókasafnsfræði og útskrifaðist sem bókasafnskennari. **Störf:** Bjó lengst af á Staðarstað á Snæfellsnesi. Kenndi við grunnskólann á Lýsuhóli í Staðarsveit 1973-1994 og var bókasafnskennari í Borgarnesi 1994-2005. **Ritstörf:** Þýddi fjölda bóka, fræðibækur, skáldsögur og barnabækur, m.a. allar *Narníubækurnar* eftir C.S Lewis. Þýddi fyrir útvarp. Birti ljóð í tímaritum og ljóðasöfnum. Samdi og gaf úr barnabækur, m.a. *Börnin á bæ og saga af kisu* (1972), *Sunna þýðir sól* (1999), *Saga um stelpu* (2008) og *Var það bara svona* (2010). **Stjórnmalastörf:** Sat í sveitarstjórn Staðarsveitar og var oddviti sveitarinnar 1978-1986. **Félagsstörf:** Var virkur félagi í Deltadeild, Delta Kappa Gamma félagi kvenna í fræðslustörfum. **Viðurkenningar:** Hlaut tvisvar þýðingarverðlaun skólamálaráðs Reykjavíkur. **Jarðsett:** Staðarstaðarkirkjugarði reit 3-0-13.

KRISTÍN ÓLÍNA THORODDSEN (1894-1961) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Theodóra Thoroddsen (1863-1954), skáldkona, og Skúli Thoroddsen (1859-1916), ritstjóri og alþingismaður. **Systkin:** 1. Unnur (1885-1970), 2. Guðmundur (1887-1968), 3. Þorvaldur (1888-1889), 4. Skúli (1890-1917), 5. Þorvaldur (1892-1977), 6. Katrín (1896-1970), 7. Jón (1898-1925), 8. Ragnhildur (1899-1966), 9. Bolli (1901-1974), 10. Sigurður (1902-1983), 11. Sverrir (1904-1982), 12. María Kristín (1906-1976). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1910. Settist í 3 bekk MR og var þar í tvö ár en lauk ekki námi. Stundaði hjúkrunarnám við Dronning Louise Börnehospital 1913-1916. Var við framhaldsnámi í hjúkrun á Kommunehospital í Esbjerg 1918 og Presbyterian Hospital í New York. Stundaði nám í heilsuvernd við Bedford College í London 1925 á vegum Rauða kross Íslands. **Störf:** Starfaði við Röntgen- og ljóslækingastofuna 1918-1920. Var í starfi sem hjúkrunarkona og kennari í Valpariso í Chili 1920-1923. Vann við Röntgenstofuna í Reykjavík 1923-1924. Var hjúkrunarkona Rauða kross Íslands 1926-1929, ferðaðist um landið og kenndi heimahjúkrun og hjálp í viðlögum, en var við sjúkraskýli RK í Sandgerði meðan vetravertíð stóð yfir. Starfaði sem yfirhjúkrunarkona við Holdsveikraspítalann í Laugarnesi 1929-1931 og forstöðukona Landspítalans 1931-1954. Var skólastjóri Hjúkrunarkvennaskóla Íslands 1931-1948. **Viðurkenningar:** Sæmd heiðursmerki Rauða kross Íslands (1949) og Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1954). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-505.

KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR (1870-1944) fædd á Ísafirði, látin í Kaupmannahöfn. KAUPKONA og LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Þórunn Jónsdóttir (1842-1912) og Þorvaldur Jónsson (1837-1916), læknir. **Systkin:** 1. Hólmfríður (1865-1935), 2. Jón (1867-1933), 3. Helga Stephensen (1871-

1951), 4. Gyðríður (1876-1882), 5. Sigríður (1875-1905), 6. Ólafur (1878). **Nám:** Stundaði nám í stúlkaskóla í Kaupmannahöfn 1882-1884, frá þeim tíma eru elstu teikningar sem varðveist hafa eftir hana. Sótti undir aldamótin einkatíma í teiknun og málun. Var við nám í kvennadeild Konunglega listaskólans í a.m.k. tvö ár og ferðaðist síðan um og var við myndlistarnám í Þýskalandi á árunum 1902-1905. Var ein af fyrstu Íslendingunum sem námu málalartist. Varðveist hafa málverk, teikningar og teiknibækur eftir hana, en hún sýndi ekki verk sín á sýningum. Verk hennar hafa síðar verið sýnd á samsýningum. **Störf:** Stofnsetti árið 1908 listmunaverslun við Kirkjustræti, þá fyrstu sinnar tegundar í Reykjavík, og seldi þar postulín, silfurtau, afsteypur af frægum höggmyndum og eftirprentanir af þekktum málverkum. Rak verslunina til 1936 en flutti þá til Kaupmannahafnar. **Jarðsett:** Hólavallagarði (ómerktur grafreitir).

KRISTÍN ANNA ÞÓRARINSDÓTTIR (1935-1986) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Alda Alvilda Möller (1912-1948), leikkona, og Þórarinn Kristjánsson (1906-1988), símritari og sellóleikari. **Systkin:** 1. Leifur (1934-1998), 2. Sigríður Ásdís (1938-2012). **M1:** Emil Hilmar Eyjólfsson (1935-2011), bókmenntafræðingur, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Eyjólfur Kjalar (1953). **M2:** 1959, Örn Helgi Bjarnason (1937-2006), sölumaður. **Barn þeirra:** 2. Alda (1960). **M3:** Kristján Árnason (1934-2018), skáld, þýðandi og dósent, þau skildu. **Börn þeirra:** 3. Anna Guðrún (1962-1963), 4. Árni (1965), 5. Þórarinn (1967). **Nám:** Sótti nám við Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran og síðan Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1952-1954. **Störf:** Var leikkona hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1954-1967, þar af fastráðin frá 1963. Meðal hlutverka hennar voru Írena í *Premur systur* (1956-1957), Laura í *Glerdýrunum* (1956-1957), Guðrúnu Ægis í *Deleríum Búbónis* (1958-1959) og Júlía í *Rómeó og Júlíu* (1964) í sviðsetningu írska leikstjórans Thomasar MacAann á 400 ára ártíð Shakespeares. Starfaði sem leikstjóri hjá áhugaleikfélögum á árunum 1967-1975. Lék síðan m.a. Elínborgu í *Fimm konum* (1976) í Þjóðleikhúsinu, Petru von Kant í *Beisk tár Petru von Kant* hjá Alþýðuleikhúsinu (1984) og í leikritinu *Ellu* eftir Herbert Achternbusch hjá EGG-leikhúsinu (1986). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-10-233.

KRISTJANA VIGDÍS LAUFEY FINNBOGADÓTTIR ARNDAL (1939-2015) fædd í Hafnarfiðri, látin í Garðabæ. LISTMÁLARI og MYNDLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Jósefína Lilja Vigfúsdóttir Hjaltalín Arndal (1903-1998) og Finnogi F. Arndal (1877-1966), forstjóri. **Alsystkin:** 1. Jón (1930-1999), 2. Finnogi (1933-2016). **Samfeðra systkin:** 3. Kristínus (1897-1973), 4. Þorsteinn (1901-1973), 5. Helgi (1905-1980), 6. Guðbjörg (1905-1971), 7. Sigríður Ásta (1913-1982). **M:** 1957, Þorgeir Þorgeirsson (1933-2019), læknir. **Börn þeirra:** 1. Bergur (1958), 2. Lilja (1959), 3. Finnur (1967), 4. Fjóla (1972). **Nám:** Stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík 1959-1963 og 1970-1975, Ealing Community Centre Artschool í London 1969-1970 og Kungliga Konsthögskolan í Svíþjóð, málaraeild og grafík, 1975-1980. Tók ýmis framhaldsnámskeið, m.a. við Monumentalskolan og Konstnärernas Kollektivverkstad í Stokkhólmi. **Störf:** Var listmálari og grafíklistamaður. Starfaði sem myndlistarkennari við ABF og Vuxenskolan í Svíþjóð 1979-1986 og síðar við Tómskólann í Reykjavík, Námsflokka Kópavogs og Námsflokka Hafnarfjarðar. **Sýningar:** Sýndi m.a. í Stúdentakjallaranum (1980), Galleri Mejan í Svíþjóð (1981), Walla Walla í Bandaríkjunum (1985), Svolvegur í Noregi (1986), Hafnarborg í Hafnarfirðir (1986, 2000) og Stöðlakoti í Reykjavík (1999). Tók þátt í samsýningum, m.a. með FÍM, Félagi íslenskra myndlistarmanna (1975, 1997, 1999) og Íslenskri grafík (2004, 2005). **Félagsstörf:** Var í Félagi íslenskra myndlistarmanna frá

1991 og félaginu Íslensk grafík frá 2003. **Viðurkenning:** Valin fyrsti bæjarlistamaður Akureyrar (1990). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit O-8-32.

KRISTJANA RAGNHEIÐUR ÁGÚSTSDÓTTIR (1920-2006) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **VEITINGAKONA. Foreldrar:** Herborg Anna Guðmundsdóttir (1896-1979) og Ágúst Jósefsson (1888-1967), vélstjóri. **Stjúpfaðir:** Sveinn Sigurður Sveinsson (1900-1941), sjómaður og verkamaður. **Sammæðra systkin:** 1. Sveinn Sverrir (1924-2004), 2. Arthúr (1926-2022), 3. Kristín Inga (1927-2021), 4. Guðbjörg Sv. Mercede (1928-2000), 5. Guðmundur Björn (1930-2011), 6. Már (1933), 7. María (1935-1935), 8. Sveina María (1938-2022). **Samfeðra systkin:** 9. Ásta (1911-1976). **M1:** Ingvar V. Brynjólfsson (1918-2000), verslunarmaður, þau skildu. **Fósturbarn Kristjönu:** 1. Ólöf Guðbjörg Guðmundsdóttir Söebech (1939-2007). **M2:** 1956, Magnús Skóg Rögnvaldsson (1908-1972), vegaverkstjóri. **Kjörbarn þeirra:** 2. Elísabet Alvilda (1956). **Uppeldisbarn þeirra:** 3. Sigurjóna Valdimarsdóttir (1949). Tóku að sér fleiri börn um skemmri eða lengri tíma. **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Ingimarsskólanum í Reykjavík. **Störf:** Tók á leigu hótelið á Arngerðareyri og rak þar gisti- og veitingasölu 1949-1953. Sinnti veitingarekstri á Hótel Sólvangi í Búðardal 1954-1956. Var ráðskona í vinnuflokki Vegagerðar ríkisins sumrin 1956-1972. Sá um uppbyggingu og rak söluskála Olís og Shell í Búðardal 1972-1986. Var fréttaritari *Morgunblaðsins* 1967-1997. **Félagsstörf:** Var formaður UMF Ólafs Pá 1956-1966 og í bygginganefnd félagsheimilisins Dalabúðar í Búðardal 1961-1966. Var stofnfélagi Kvenfélagsins Þorgerðar Egilsdóttur í Dölunum 1960. Sat fundi Sambands breiðfirskra kvenna frá 1961 og var formaður þess um árabíl. Var í orlofsnefnd húsmæðra og formaður sóknarnefndar Hjarðarholtssafnaðar. Sat í skólaráði Húsmæðraskólans á Staðarfelli 1965-1976. Var í stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna og sat landsfundi Sjálfstæðisflokksins í um 40 ár. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1993). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-8-262.

KRISTJANA PÁLÍNA HELGADÓTTIR (1921-1984) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. **BARNALÆKNIR. Foreldrar:** Þóra Guðrún Kristjánsdóttir (1891-1976) og Helgi Ólafsson (1891-1976), trésmíðameistari. **Systkin:** 1. Þórunn Kristín (1920-2010), 2. Ólafía (1924-2021), 3. Sólrún Katrín (1928-2012). **M:** 1955, Finnboji Guðmundsson (1924-2011), landsbókavörður. **Barn þeirra:** 1. Helga Laufey (1964). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940. Lauk kandidatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1948. Stundaði sérnám í barnalækningum í Winnipeg frá 1949 fyrst á Grace Hospital og síðan Children's Hospital og loks á Municipal Hospital til ársins 1952. Fór aftur til náms í Kanada 1955-1956 og starfaði á Grace Hospital. **Störf:** Var aðstoðarlæknir á Vífilsstöðum og síðan á Landspítalanum. Var starfandi læknir í Reykjavík 1952-1955. Rak læknastofu í Uppsölum í Aðalstræti í Reykjavík 1966-1969 og í Austurvegi við Háaleitisbraut frá 1969. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit I-7-14.

KRISTJANA PÉTURSDÓTTIR (1887-1946) fædd á Gautlöndum, látin á Laugum. **SKÓLASTJÓRI. Foreldrar:** Þóra Jónsdóttir (1860-1894) og Pétur Jónsson (1858-1922), alþingismaður, ráðherra og bóndi á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu. **Systkin:** 1. Solveig (1885-1959), 2. Solveig Hólmfríður (1889-1974), 3. Jón Gauti (1889-1972), 4. Þuríður (1892-1898), 5. Þórleif Norland (1894-1974). **Nám:** Stundaði nám við Hússtjórnaskóla Reykjavíkur 1905 og sótti síðan nám í garðyrkju og vefnaði í Danmörku og Noregi. Fór námsferðir til Noregs, Svíþjóðar og

Englands. **Störf:** Var skólastjóri Kvennaskólans á Blönduósi 1923-1929 og skólastjóri Húsmæðraskólans á Laugum í Reykjadal, Suður-Pingeyjarsýslu, 1929-1946. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1931). Herbergi Kristjönu í skólahúsinu að Laugum hefur verið varðveitt frá því að hún lést 1946 með öllum innanstokksmunum, málverkum, hannyrðum og öðrum gripum. Hún saumaði flest það sem saumað var þar inni, m.a. veggteppi í lokrekkju með kvæði Huldu í ramma um mynd. **Jarðsett:** Skútustaðakirkjugarði reit 230.

KRISTJANA [Nanna] STEINGRÍMSDÓTTIR (1923-2005) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Eggrún Arnórsdóttir (1895-1975) og Steingrímur Guðmundsson (1891-1981), prentsmiðjustjóri. **Systkin:** 1. Margrét (1920-1990). **M:** Guðjón Þórir Tómasson (1923-2001), verslunarmaður. **Börn þeirra:** 1. Margrét (1958), 2. Arnór Steingrímur (1961). **Nám:** Lauk stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1943 og Húsmæðrakennaraprófi 1946. **Störf:** Var kennari í heimilisfræði í nær hálföld eða árin 1946-1993, lengst við Hagaskóla í Reykjavík. Vann að námsefnisgerð í næringarfræði og heimilisfræði á vegum Námsgagnastofnunar. Stýrði manneldisþáttum í tímariti Kvenfélagasambands Íslands, *Húsfreyjunni*, og vikublaðinu *Fálkanum* til margra ára. **Félagsstörf:** Spilaði bridge og varð margfaldur Íslandsmeistari bæði í kvenna- og parakeppni, síðast 2003. Keppti með landsliði kvenna í bridge í mörg ár. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-5-28.

KRISTJANA MILLA GEIRSDÓTTIR THORSTEINSSON (1926-2012) fædd í Reykjavík, látin í Hafnarfirði. VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR. **Foreldra:** Sigríður Hafstein Thorsteinsson (1896-1983) og Geir Thorsteinsson (1890-1967), útgerðarmaður. **Alsystkin:** 1. Þorsteinn (1919-2006), 2. Hannes Þórður (1921-1985), 3. Ragnar (1925-2010), 4. Ragnheiður Guðrún (1932-2002). **Samfeðra systkin:** 5. Viðar Þórir (1914-1976). **M:** Alfreð Elíasson (1920-1988), flugstjóri og forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Geir Alfreð (1947-1950), 2. Áslaug Sigríður (1950), 3. Haukur (1951), 4. Ragnheiður (1955), 5. Katrín Guðný (1957), 6. Geirprúður (1959). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1943. Stundaði háskólanám í hagfræði við Minnesotaháskóla í Minneapolis og Nazareth College í Rochester í Bandaríkjunum. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1975. Varð viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1979. **Störf:** Sinnti skrifstofustörfum hjá Búnaðarbanka Íslands og Eimskipafélagi Íslands. Var framkvæmdastjóri Hárgreiðslumeistarafélags Íslands. Vann sjálfboðaliðastörf hjá Rauða krossi Íslands 1989-2010. **Stjórnmalastörf:** Var varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi 1983-1987. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Flugleiða 1981-1993. Sat í varastjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur og í stjórn Parkinsonsamtakanna á Íslandi. Var ein af stofnendum UNIFEM á Íslandi (þróunarsjóður SP fyrir konur í þróunarlöndum) og fulltrúi félagsins hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands í fjögur ár. Var ein stofnenda málfreyjudeildarinnar Írisar í Hafnarfirði sem nú heitir ITC á Íslandi. Kom að stofnun Félags eldri borgara í Garðabæ og var fyrsti formaður þess. **Fjallkona:** Kristjana Milla var fyrsta fjallkona Íslands við lýðveldisstofnunina á Þingvöllum árið 1944. Þeir sem stjórnðu hátíðarhöldunum (karlar) ákváðu að sleppa þætti Fjallkonunnar í hátíðinni, þar sem „veðrið var víst þannig“, sagði Kristjana Milla 50 árum síðar. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í UNIFEM og ITC. Varð heiðurfélagi í Rauða krossinum eftir störf sín þar. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-37-9.

KRISTÓLÍNA GUÐJÓNSDÓTTIR (1887-1947) fædd í Stóru Mörk undir Eyjafjöllum, látin í Reykjavík. SKIPSPERNA. **Foreldrar:** Kristín Ólafsdóttir (1866-1956) og Guðjón Jónsson (1857-1923), bóndi. **Systkin:** 1. Guðmundur (1889-1965), 2. Ólafur Kristján (1893-1932), 3. Guðný Helga (1895-1978), 4. Jóhanna Þuríður (1904-1984), 5. Guðmundur *Kristinn* (1907-1990), 6. Vilborg Guðlaug (1909-1982). **Barnsfaðir 1:** Jón Magnússon (1880-1966), skipstjóri frá Miðseli í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Magnús Vigfús Angantýr (1913-2010), 2. Kristjón Már (1916-1982). **Barnsfaðir 2:** Karl Markússon (1889-1942), bryti. **Barn þeirra:** 3. Smári (1923-2014). **Störf:** Starfaði sem skipsperna, fyrst í innanlandssiglingum en síðar á Goðafossi og sigldi m.a. öll stríðsárin en var í veikindaleyfi þegar skipið fórst á Faxaflóa. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-10-7.

KRISTÓLÍNA KRAGH GUÐMUNDSDÓTTIR (1883-1973) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HÁRGREIÐSLUMEISTARI. **Foreldrar:** Elín Árnadóttir (1851-1913) og Guðmundur Oddsson (1849-1913), verslunarmaður. **Systkin:** 1. Guðmundur (1878-1956), 2. Árni (1884-1941), 3. Bjarney Elínborg (1889), 4. Jón Vilhjálmur (1892). **M:** 1906, Hans Madsen Kragh (1862-1934), símaverkstjóri. **Börn þeirra:** 1. Agnes Helga Margrét (1907-1997), 2. Hans Kristján (1908-1978), 3. Sveinn Guðni Áki (1910-1996), 4. Jón Gunnar (1919-1996). **Nám:** Lærði hárgreiðslu í Kaupmannahöfn, þ.m.t. sögulega hárgreiðslu, hárkollugerð og hand- og fót snyrtingu. **Störf:** Opnaði árið 1913 fyrstu snyrti- og hárgreiðslustofuna hér á landi að Klapparstíg 7 í Reykjavík og rak hana til 1946. Starfaði frá 1930 auk þess hjá Leikfélagi Reykjavíkur, fyrst við hárkollugerð og síðar hárgreiðslu. Var frá 1950 hárgreiðslumeistari hjá Þjóðleikhúsinu. **Félagsstörf:** Stóð að stofnun Meistarafélags hárgreiðslukvenna árið 1931 og var formaður félagsins til 1946. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit D-4-3.

KRISTRÚN EYMUNDSDÓTTIR (1936-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI, LEIÐSÖGUMAÐUR og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Þóra Árnadóttir (1903-1998) og Eymundur Magnússon (1893-1977), skipstjóri. **Systkin:** 1. Magnús (1932-2002), 2. Þórir (1934-1934), 3. Árni Þór (1938), 4. Katrín (1942). **M1:** 1960, Matthías Jóhann Kjeld (1936-2019), læknir, skildu 1966. **Börn þeirra:** 1. Eymundur (1961), 2. Þórir Bjarki (1965). **M2:** Halldór Blöndal (1938), alþingismaður og ráðherra. **Barn þeirra:** 3. Pétur (1971). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1956. Stundaði frönskunám í París. Lauk BA-prófi í frönsku og ensku frá Háskóla Íslands 1967 og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands 1971. **Störf:** Starfaði við franska sendiráðið meðfram háskólanámi. Var kennari við Miðbæjarskólann í Reykjavík 1960-1966, Lindargötuskólann í Reykjavík 1967-1972 og Menntaskólann á Akureyri 1972-1979. Starfaði sem stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík 1969-1971 og 1983 og Menntaskólann við Hamrahlíð 1980-1983. Kenndi við Námsflokka Reykjavíkur 1984. Var kennari við Verslunarskóla Íslands 1985-2000. Vann sem leiðsögumaður mörg sumur á Íslandi og í hópferðum erlendis. Var annar umsjónarmanna *Laga unga fólksins* á RÚV 1959-1962. Fékkst við þýðingar. **Þýdd leikrit:** *Alfa Beta* eftir Whitehead, fyrst sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar (1978), *Skritinn fugl ég sjálfur* eftir Alan Ayckbourn, sett upp á Akureyri (1979) og *Síðasti tangó í Salford*, eftir Peter Whalley, flutt á RÚV (1982). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-3-128.

L

LAUFEY EIRÍKSDÓTTIR (1904-1993) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VERSLUNARMÆR og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Margrét Ólafsdóttir (1874-1929) og Eiríkur Eiríksson (1868-1909), málari. **Systkin:** 1. Óskar (1900-1952), 2. Magnea Sigríður (1902-1903), 3. Ingveldur (1908-1993). **M:** 1932, Jón Þorvarðarson (1906-1996), prestur og prófastur. **Börn þeirra:** 1. Sigurgeir (1934-2009), 2. Ólafur (1935), 3. Margrét (1937). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. **Störf:** Starfaði í Fatabúð Haraldar í Reykjavík um tíma. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Kvenfélags Háteigssóknar 1953 og formaður þess til ársins 1971. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Kvenfélags Háteigssóknar (1974). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1983). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-119.

LAUFEY JAKOBSDÓTTIR / amman í Grjótaþorpinu (1915-2004) fædd á Bóndastöðum í Seyðisfirði, látin í Reykjavík. VIRK Í FÉLAGS- OG MANNÚÐARMÁLUM. **Foreldrar:** Púriður Björnsdóttir (1888-1971) og Jakob Sigurðsson (1884-1952), bóndi. **Alsystkin:** 1. Elín Björg (1906-1973), 2. Anna Sigurbjörg (1909-1935), 3. Sigurður (1910-1944), 4. Gróa (1913-2000), 5. Björn Skafti (1917-1937). **Sammæðra systkin:** 6. Guðrún Jóna (1924-2006), 7. Vilborg (1928-1999). **Samfeðra systkin:** 8. Anna G. Cronin (1924-1996), 9. Ólafur Haukur (1929-2001). **M:** Magnús Björgvin Finnbogason (1911-1993), húsasmíðameistari. **Börn þeirra:** 1. Edda (1936), 2. Erna Finna *Inga* (1939), 3. Erlendur Finnbogi (1941), 4. Elín Björg (1942), 5. Sigurbjörg Kristín (1943), 6. Helga Hafdís (1948), 7. Jakob Skafti (1955), 8. Þorleifur Magnús (1961). **Störf/Félagsstörf:** Starfaði í þágu unglunga í miðborg Reykjavíkur og varð þekkt sem amman í Grjótaþorpinu. Var meðal stofnfélaga Kvinnalists og var virk í starfi hans. Var formaður Torfusamtakanna um tíma. Sinnti málefnum aldraðra. Var virk í Dýraverndunarfélagi Íslands. Skrifaði greinar í blöð og tímarit og orti ljóð. **Bók:** *Lífsbók Laufeyjar*, samtalsbók, höfundur Ragnheiður Davíðsdóttir (1989). **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Dýraverndunarfélags Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1996). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit A-256.

LAUFEY VILHJÁLMSDÓTTIR (1879-1960) fædd á Kaupangi við Eyjafjörð, látin í Reykjavík. KENNARI, IÐNREKANDI og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Sigríður Aðalbjörg Þorlákssdóttir (1853-1933) og Vilhjálmur Bjarnarson Bjarnar (1846-1912), bóndi á Rauðará í Reykjavík. **M:** 1914, Guðmundur Finnbogason (1883-1944), landsbókavörður og prófessor. **Börn þeirra:** 1. Guðrún (1915-1997), 2. Vilhjálmur Alvar (1918-1969), 3. Örn (1921-1987), 4. Finnbogi (1924-2011). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík og kennaraháskóla í Danmörku. Lagði stund á teikni- og handavinnunám í Englandi og Svíþjóð. Lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum 1910, fyrsta konan sem lauk stúdentsprófi þáðan. **Störf:** Var kennari við Barnaskólann í Reykjavík 1900-1914. Stofnaði og rak iðnfyrirtækið Íslensk Ull í Suðurgötu 22, Reykjavík, til ársins 1950 ásamt Önnu L. Ásmundsdóttur. Setti upp bóksafn og opnaði lesstofu fyrir börn 1912, sem var opin tvo tíma á dag alla virka daga yfir vetrartímamann, og rak hana í sjálfboðavinnu í 25 ár. Bækur safnsins voru gefnar Reykjavíkurborg árið 1961 til minningar um Laufeyju. Ritaði greinar í blöð og tímarit, einkum um uppeldismál, og þýddi barnabækur. **Bók:** *Stafrófskver*, myndir eftir Ásgrím Jónsson o.fl. (1925, 1933). **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Kvenréttindafélags Íslands 1907 og í stjórn þess til 1912. Stofnaði Skólasparimerkjasjóð við Barnaskóla Reykjavíkur 1907. Var stofnfélagi í Heimilisiðnaðarfélagi Íslands 1913 og í hópi kvenna sem stofnuðu Landspítalaskjóð árið 1915. Sat í skólanefnd Barnaskóla Reykjavíkur 1919-1921. Stofnaði Lestrarfélag kvenna í Reykjavík 1911 og var formaður þess til æviloka 1960, en

félagið gaf út *Mánaðarritið* í um tvo áratugi. Var einn aðalhvatamaður þess að byggja Hallveigarstaði. **Viðurkenning:** Kosin heiðurfélagi Kvenréttindafélags Íslands (1957). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-32-2.

LÁRA MARGRÉT RAGNARSDÓTTIR (1947-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR og ALÞINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Jónína Vigdís Schram (1923-2007) og Ragnar Tómas Árnason (1917-1984), útvarpsþulur og heildsali. **Systkin:** 1. Kristján Tómas (1943), 2. Árni Tómas (1950), 3. Ásta Krístrún (1952), 4. Hallgrímur Tómas (1961). **M:** 1967, Ólafur Grétar Guðmundsson (1946), augnlæknir, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Anna Kristín (1966-2013), 2. Ingvi Steinar (1973), 3. Atli Ragnar (1976). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967 og viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1977. Stundaði framhaldsnám við Verslunarháskólann í Björgvin 1979-1981 og var Eisenhower Fellow 1990. **Störf:** Var skrifstofustjóri hjá Læknasamtökunum 1968-1972. Starfaði sem ráðgjafi í sjúkrahússtjórnun hjá Arthur D. Little, Boston, Bandaríkjunum 1982-1983. Var forstöðumaður áætlana- og hagdeildar Ríkisspítalanna 1983-1985 og framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands 1985-1989. Var kennari í heilsuhagfræði við Hjúkrunarskólann 1985-1986 og Nýja hjúkrunarskólann 1986-1989. Sinnti starfi forstöðumanns þróunardeildar Ríkisspítalanna 1989-1991. **Stjórnmalastörf:** Var alþingismaður Reykvíkinga 1991-2003 fyrir Sjálfstæðisflokkinn og varaþingmaður með hléum 2003-2006. Sat í umhverfisnefnd 1991-1999, utanríkismálanefnd og heilbrigðis- og trygginganefnd 1991-2003. Sat sem formaður í Íslandsdeild VES-þingsins (Vestur-Evrópusambandsins, varnarbandalags Vestur-Evrópuríkja) 1995-1999 og í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins 1991-2003, sem formaður 1995-2003. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-501.

LÁRA KRISTÍN SAMÚELSDÓTTIR (1935-2014) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. MYNDLISTARKENNARI og LEIRLISTAKONA. **Foreldrar:** Ragnhildur Árney Helgadóttir (1911-1987) og Samúel Jónsson (1910-1983), smjörlikisgerðarmeistari. **Systkin:** 1. Daníela Selma (1933-2015), 2. Brynjólfur (1936-2019), 3. Friðgerður Guðrún (1945), 4. Samúel Jón (1949). **M:** 1956, Stefán Guðmundur Þórarinsson (1934), starfsmanna- og rekstrarstjóri Seðlabankans. **Börn þeirra:** 1. Þórarinn (1956), 2. Ragnhildur (1958), 3. Margrét (1960), 4. Lára (1962). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1955. Útskrifaðist sem myndmenntakennari frá Myndlista- og handíðaskólanum 1977. Stundaði nám í leirlistadeild Myndlistaskólans í Reykjavík 1982-1985. **Störf:** Var myndmenntakennari við Laugalækjarskóla í Reykjavík árin 1977-1991. Rak eigið leirverkstæði frá árinu 1982. **Sýningar:** Hélt einkasýningu í Gallerí Úmbra (1995) og tók þátt í samsýningum í Lifthúsinu í Laugardal (1994), Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar (1994, 1996), Gerðarsafni í Kópavogi (2002) og Edinborgarhúsinu á Akureyri (2011). **Félagsstörf:** Var félagi í SÍM, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Leirlistafélagi Íslands og Félagi íslenskra myndlistarkennara (FÍMK). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit P-2-92.

LÁRA SIGURBJÖRNSDÓTTIR (1913-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Lárusdóttir (1880-1938), alþingismaður og rithöfundur, og Sigurbjörn Á. Gíslason (1876-1969), cand.theol., kennari og ritstjóri. **Systkin:** 1. Lárus (1903-1994), 2. Halldór Ástvaldur (1905-1983), 3. Gísli Sigurbjörn (1907-1994), 4. Kristín Sigurbjörg (1909-1919), 5. Friðrik Baldur (1911-1988), 6. Guðrún Valgerður (1915-1938), 7. Sigrún Kristín (1921-1938), 8. Gústaf (1924-1925). **M:** 1937, Ásgeir Ó. Einarsson (1906-1998), héraðsdýralæknir. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Lára

(1940), 2. Einar Þorsteinn (1942), 3. Sigrún Valgerður (1944), 4. Þórdís (1948), 5. Áslaug Kirstín (1952). **Nám:** Brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1930. Stundaði handavinnunám hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands 1932-1933 og lauk námi handavinnukennara frá Industriskólanum í Haslev, Danmörku, 1934. **Störf:** Var handavinnukennari við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1934-1935, hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands 1935-1937 og við Kvöldskóla KFUM í Reykjavík 1941-1949. Starfaði sem hótellstjóri Edduhótelis á Eiðum sumurin 1965-1975. Var leiðbeinandi í handavinnu hjá Félagsstarfi aldraðra í Reykjavík 1969-1996 og fararstjóri í ferðum eldri borgara til sólarlanda á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 1977-1984. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands sem ritari, varaformaður eða formaður á árunum 1949-1971 og aftur í stjórn 1973-1975. Var í ritstjórn *19. júní, ársrits KRFÍ*, 1972-1974. Sat í stjórn Sjálfstæðiskvennafélagsins Hvatar 1954-1961. Var í stjórn Barnaverndarfélagis Reykjavíkur meðan það starfaði 1949-1986, fyrst sem ritari en síðan gjaldkeri. Var í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna 1952-1955. Tók þátt í stjórnskipaðri nefnd til endurskoðunar námsefnis á skyldunámsstigi 1953-1954. Sat í stjórn Landssambandsins gegn áfengisbölinu 1958-1960 og var stofnfélagi Verndar, fangahjálpar og sat í fyrstu stjórninni sem ritari 1959-1980. Var stofnfélagi og sat í fyrstu stjórn Foreldrafélags Hagaskóla 1964. Flutti mörg útvarpserindi á árunum 1950-1970, flest um daginn og veginn. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit V-108.

LENA RÍKHARÐSDÓTTIR BERGMANN (1935-2008) fædd í borginni Rjazan í Sovétríkjunum, flutti til Íslands 1963, látin í Reykjavík. **BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** og **LÍFEINDAFRÆÐINGUR**. **Foreldrar:** Soffía Mishon (1897-1980), tannlæknir, og Ryszard Tuwim (d.1968), verkfræðingur. Fjölskyldan hraktist frá Póllandi til Hvíta-Rússlands og þaðan til Rússlands undan Gyðingaofsóknum nasista. **Systkin:** 1. Yuri Tuwim, verkfræðingur í Bandaríkjunum. **M:** 1958, Árni Bergmann (1935), blaðamaður og rithöfundur. **Börn þeirra:** 1. Snorri (1961), 2. Olga Soffía (1967). **Nám:** Lauk námi í rússnesku og bókmenntafræði frá Háskólanum í Moskvu 1958. Lauk námi í lífeindafræði frá Tækniskólanum 1970. **Störf:** Kenndi erlendum stúdentum í Moskvu rússnesku til ársins 1963. Gekk vaktir á sjúkrastofnunum fyrstu árin á Íslandi. Starfaði á Rannsóknastofu Landspítalans 1970-2005, síðustu árin sem deildarmeinataeknir. **Æviminningar:** *Blátt og rautt: bernska og unglingsár í tveim heimum*, höfundar Lena og Árni Bermann (1986). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit X-336.

LILJA KRISTÍN EYJÓLFSDÓTTIR KOLBEINS (1928-2020) fædd í Bygggarði á Seltjarnarnesi, látin í Reykjavík. **YFIRPERNA** og **SÍMAVÖRÐUR**. **Foreldrar:** Ásta Helgadóttir Kolbeins (1902-1996) og Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson (1894-1947), bóndi og verslunarmaður. **Systkin:** 1. Þórey (1927-1997), 2. Eyjólfur (1929-2002), 3. Andrea Halla (1930-2012), 4. Ásta (1922-2018). **Nám:** Lauk prófi í hárgreiðslu frá Iðnskólanum í Reykjavík 1947. **Störf:** Var þerna og síðan yfirþerna á farþegaskipinu Gullfossi 1950-1973 eða öll árin sem skipið sigldi (var í millilandasiglingum). Starfaði eftir það stuttlega á Hótel Sögu í Reykjavík, en lengst af við símavörslu hjá Stjórnarráði Íslands. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-4-10.

LILJA SÓLVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR (1923-2015) fædd á Brautarhóli í Svarfaðardal, látin í Reykjavík. **KENNARI**, **TRÚBOÐI** og **SAFNGÆSLUMAÐUR**. **Foreldrar:** Kristín Sigfúsína Kristjánsdóttir (1880-1973) og Kristján Tryggvi Sigurjónsson (1870-1944), bóndi. **Systkin:** 1. Gísli Björgvin (1904-1985), 2. Filippía Sigurlaug (1905-1996), 3. Sigurjón Kristján (1907-1982), 4.

Svanfríður Guðný (1910-2004), 5. Sigurður Marinó (1914-2009). **M:** 1967, Siguringi E. Hjörleifsson (1902-1975), kennari, tónskáld, málari og ljóðskáld. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1945. Stundaði nám við Haandarbejðets Fremme í Kaupmannahöfn 1946-1947 og jafnframt nám í listasögu við Kaupmannahafnarháskóla. Sótti nám í biblíuskóla Indremisjonsseelskapet í Ósló 1952 og starfaði á vegum þeirra samtaka sem kennari og prédikari til ársins 1955. **Störf:** Starfaði sem kennari við farskóla í Svarfaðardal 1945-1946 og við Unglingaskólann á Dalvík 1947-1948. Vann á Skattstofu Akureyrar 1948-1949. Var kennari við Lindargötuskólann í Reykjavík 1949-1951. Vann á búi móður sinnar á Brautarhóli 1955-1959. Var kennari við Héraðsskólann á Laugum í Suður-Pingeyjarsýslu 1959-1962 og skólustjóri Húsmæðraskólans á Löngumýri í Skagafirði 1962-1963. Sinnti starfi gjaldkera Dalvíkurhrepps 1963-1964. Vann skrifstofustörf í Reykjavík 1964-1967. Var gæslumaður á Listasafni Einars Jónssonar í Reykjavík í um 20 ár eða árin 1971-1996. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-14-100.

LILJA MARÍA PETERSEN (1922-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LÆKNIR.** **Foreldrar:** Guðrún Margrét Petersen (1892-1961) og Hans Pétur Petersen (1873-1938), kaupmaður. **Systkin:** 1. Hans Pétur (1916-1977), 2. Birna (1917-1969), 3. Búi (1919-1973), 4. Una (1921-1987), 5. Margrét (1927-1999). **M:** 1949, Jón Sigurðsson (1920-1990), bifreiðastjóri. **Börn þeirra:** 1. Birna (1950), 2. Sigurður (1952), 3. Guðný (1954), 4. Hans Pétur (1957), 5. Guðrún Margrét (1963). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1942. Lauk kandídatsnámi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1949. **Störf:** Starfaði við lækningar í Egilsstaðahéraði, var kandídat á Landspítalanum og fékk lækningaleyfi 1953. Kenndi líffæra- og lífeðlisfræði í Fóstruskólanum og síðar Hjúkrunarskóla Íslands 1972-1984. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit W-471.

LILJA SIGURÐARDÓTTIR (1884-1970) fædd á Víðivöllum í Blönduhlíð, Skagafirði, látin á Sauðárkróki. **SINNTI GARÐYRKJUSTÖRFUM, KENNSLU og FÉLAGSMÁLUM.** **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir (1852-1933) og Sigurður Sigurðsson (1851-1914), bóndi á Víðivöllum. **Systkin:** 1. Gísli (1884-1948), 2. Guðrún (1887-1969), 3. Amalía (1890-1967), 4. Sigurlaug (1893-1928). **Fósturbarn Lilju:** 1. Friðjón Hjörleifsson (1917-1985). **Nám:** Stundaði nám við Kvinnaskóla Eyfirðinga á Akureyri. Dvaldi í Danmörku 1904-1908 og lærði hannyrðir og garð- og trjárækt á stórum búgarði. Sótti námskeið í heimahjúkrun í Kaupmannahöfn og námskeið í hjálp í viðlögum. Var við nám í garðyrkju hjá Ræktunarstöð Norðurlands á Akureyri 1912. **Störf:** Hélt námskeið í garðyrkju, vefnaði og matreiðslu víða um land. Kenndi við húsmæðraskólana á Blönduósi og Löngumýri. Var ráðskona heima á Víðivöllum. Kom þar á fót trjá- og skruðgarði um 1914, sem varð landsfrægur. Stofnaði ásamt Friðjóni fóstursyni sínum nýbýlið Ásgarð ofan við Víðivelli. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir garðyrkjustörf, heimilisiðnað og störf að félagsmálum (1959). Naut heiðurslauna samkvæmt fjárlögum (frá árinu 1967). **Jarðsett:** Heimakirkjugarði Víðivöllum.

LINDA ANNA RAGNARSDÓTTIR (1949-2019) fædd í Reykjavík, látin á eyjunni Sifnos í Grikklandi. **RITARI, ÞYÐANDI og LEIÐSÖGUMAÐUR.** **Foreldrar:** Anastasia Jóhannesson, f. Gogotz (1920-2013) og Ragnar Jóhannes Jón Jóhannesson (1918-1984), forstjóri Tékkneska bifreiða-umboðsins. **Systkin:** 1. Ragnar John (1945-2011), 2. Dennis Davíð (1946). **Nám:** Lauk prófi frá

Verslunarskóla Íslands 1968. Lagði stund á frönsku fyrst við Ecole Bénédicte í Neuchatel og síðar við L'Université de Neuchatel í Sviss og lauk þaðan námi í frönsku 1973. Stundaði einnig nám í sænsku í Malmö og þýsku í Innsbruck. **Störf:** Starfaði við þýðingar í þrjú ár í franska sendiráðinu í Reykjavík og sem skjalavörður hjá Amnesty International í London og síðar sem lækningaritari. Starfaði sem ritari og þýðandi á aðalskrifstofu EFTA og síðar hjá EFTA-dómstólnum í Genf 1990-1995. Var síðan tímabundið í starfi hjá ýmsum alþjóðastofnunum í Genf svo sem UNICEF og WTO. Starfaði á Íslandi sem leiðsögumaður fyrir ensku- og frönskumælandi ferðamenna og sem frönskutúlkur og þýðandi fyrir Alþjóðahúsið í Reykjavík frá 2003. **Félagsstörf:** Var félagi í Amnesty International, Félaginu Ísland-Palestína og Læknum án landamæra. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-4-51.

LIZZIE [ELÍSBET] ÞÓRARINSSON, f. GRANT (1875-1962) fædd í Loch Geltry á Fífi í Skotlandi, alin upp í Edinborg, látin á Halldórsstöðum. SÖNGKONA og HÚSFREYJA Á HALLDÓRSSTÖÐUM. **Foreldrar:** Margaret Grant, f. McDonald og William Grant, veiðivörður í Skotlandi, síðar skólaumsjónarmaður og gestgjafi. **M:** 1894, Páll Þórarinnsson (1857-1948), bóndi á Halldórsstöðum í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. **Börn þeirra:** 1. William Francis (1896-1980), 2. Þór (1904-1972). **Störf:** Tók virkan þátt í félagslífi sveitarfélags síns jafnhliða húsmóðurstörfum, m.a. með söng. **Hljómplata:** Söng inn á tveggja laga 78 snúninga plötu útgefin af Fálkanum (1933) og varð þá um leið ein fyrst kvenna héraendis til þess. Lögin tvö, *Ein ég sit úti á steini* og *Home sweet home*, voru síðan endurútgefin af Fálkanum á lítilli 45 snúninga plötu (1974). **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi kvenfélagsins í sveitinni. **Jarðsett:** Heimagrafreit, Halldórsstöðum í Laxárdal.

LÍNEY JÓHANNESDÓTTIR (1913-2002) fædd á Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Kópavogi. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Þórdís Þorsteinsdóttir (1875-1921) og Jóhannes Baldvin Sigurjónsson (1862-1933), bóndi. **Systkin:** 1. Þorvaldur (1898-1898), 2. Egill (1898-1898), 3. Sigurjón (1901-1902), 4. Soffía (1902-1984), 5. Snjólaug Guðrún (1903-1957), 6. Margrét Stefanía (1905-1997), 7. Indriði (1909-1909), 8. Stefán Sigurður (1910-1910), 9. Jóna Kristjana (1911-1956), 10. Sigurjóna (1916-1987). **M:** 1936, Helgi Bergsson (1914-1978), hagfræðingur og framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Páll B. (1938-2014), 2. Jóhannes B. (1946), 3. Líney Hallfríður (1949). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík og stundaði seinna félagsfræðinám í Stokkhólmi undir stjórn Ölvu Mýrdal. **Störf:** Starfaði m.a. hjá Raforkumálastofnun og við mæðraeftirlit á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Stundaði ritstörf og þýðingar um árabíl. **Bækur:** M.a. *Æðarvarpið* (leikrit, 1961), *Í lofti og læk* (1962), *Síðasta sumarið* (leikrit, 1969), *Kerlingaslóðir* (1976) og *Aumingja Jens* (1980). **Æviminningar:** *Það er eitthvað sem enginn veit*, Þorgeir Þorgeirsson skráði (1975). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-534.

LOUISA MATTHÍASDÓTTIR (1917-2000) fædd í Reykjavík, látin í Delhi í New York-fylki, Bandaríkjunum. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Ellen Ludvika Johannessen Einarsson (1883-1964) og Matthías Einarsson (1879-1948), yfirlæknir. **Systkin:** 1. Matthías Einarsson (1907-1969), 2. María M. Ragnars (1911-1975). **M:** 1944, Leland Bell (1922-1991), listmálari. **Barn þeirra:** 1. Temma Bell (1945), listmálari. **Nám:** Sótti nám í Landakotsskóla. Lærði auglýsingateiknun og skreytingalist í Kaupmannahöfn 1934-1937. Nam við Académie Scandinave í París 1938-1939 hjá Marcel Gromaire. Stundaði myndlistarnám hjá Hans Hofmann í Greenwich Village, New York 1942 og

fleirum. **Störf:** Starfaði sem listmálari lengst af í New York eða frá 1942, og sýndi verk sín víða um heim. **Sýningar:** Hélt einkasýningar, m.a. í Jane Street Gallery (1948), Tanager Gallery (1958), Gallerí Borg (1987, fyrsta einkasýning hennar á Íslandi) og á Kjarvalsstöðum (1993). Yfirlitssýning á verkum hennar, *Kyrrð*, var haldin á Kjarvalsstöðum (2017). Tók þátt í mörgum samsýningum. Var t.d. meðal 28 íslenskra listamanna sem áttu verk á sýningunni *Íslensk málverk á 20. öld* í Hong Kong og síðar í Peking (1998). Átti einnig verk á sýningu 12 kvenna í Norræna húsinu (1998). Verk hennar er að finna m.a. í Listasafni Reykjavíkur, Hirschhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institute í Washington D.C., The National Museum of Women in the Arts í Washington D.C. og Portland Museum of Art í Maine. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorða (1988). Hlaut menningarverðlaun American-Scandinavian Foundation (1996). Varð meðlimur American Academy of Arts and Letters (1998). **Jarðsett:** Líklega í Bandaríkjunum.

LOUISA MAGNEA ÓLAFSDÓTTIR (1891-1989) fædd á Sandfelli í Öræfum, látin á Selfossi. KIRKJUORGANISTI. **Foreldrar:** Lydía Angelika Lúðvíksdóttir Knúdsen (1862-1952) og sr. Ólafur Magnússon (1864-1947), prestur í Arnarbæli í Ölfusi og prófastur í Árnesprófastdæmi. **Systkin:** 1. Katrín Elísabet (1889-1907), 2. Vigdís (1890-1947), 3. Þorvaldur (1896-1974). **Nám:** Lærði orgelleik hjá föður sínum. **Störf:** Var organisti í Hjallakirkju í Ölfusi 1911-1915 og í Kotstrandarkirkju árin 1915-1979. Söng í kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna og var um tíma söngstjóri hans. Vann í mjólkurbúð á Vesturgötu 12 í Reykjavík 1925-1927. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1974). **Jarðsett:** Kotstrandarkirkjugarði reit 85.

LOVÍSA EINARSDÓTTIR (1943-2013) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. ÍPRÓTTAKENNARI og SJÚKRALIÐI. **Foreldrar:** Áslaug Einarsdóttir (1920-1982), verkakona, og Einar Jóhannsson (1921-1984), skipstjóri. **Samfeðra systkin:** 1. Elísabeth Hrafnhildur (1949), 2. Einar (1951), 3. Þuríður Margrét (1953), 4. Konráð (1955), 5. Kristinn (1956). **M1:** 1964, Óskar Hafsteinn Karlsson (1935), framkvæmdastjóri, skildu 1987. **Börn þeirra:** 1. Áslaug (1965), 2. Dóra Sif (1969), 3. Ívar Helgi (1971-1991). **M2:** Ingimar Jónsson (1937). **Nám:** Lauk íþróttakennaraprófi frá Íþróttakennarskóla Íslands 1962 og sjúkraliðaprófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands 1977. **Störf:** Kenndi kvennaleikfimi í Garðabæ í mörg ár, m.a. á vegum Ungmennafélagsins Stjörnunnar. Stjórnaði leikfimihópum kvenna um langt skeið og fór með þá á mörg alþjóðamót. Var leiðbeinandi í heilsurækt aldraðra á Hrafnistu í Hafnarfirði. Stofnaði árið 1989 til heilsuræktar kvenna sem gengist höfðu undir aðgerð vegna brjóstakrabbameins. Starfaði síðustu árin sem leiðbeinandi í heilsurækt og sem samskiptafulltrúi á Hrafnistu í Hafnarfirði og á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðapíngi. **Stjórnmalastörf:** Sat í bæjarstjórn Garðabæjar 1998-2002, var varabæjarfulltrúi 2002-2006 og starfaði í mörgum nefndum á vegum bæjarins, m.a. í menningarmálanefnd og stjórn Hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar. **Félagsstörf:** Var formaður Fimleikasambands Íslands 1981-1985. Sat í stjórn Íþróttasambands Íslands 1986-1996 og starfaði í mörgum nefndum á vegum þess. Var einn helsti frumkvöðull Kvennahlaups ÍSÍ árið 1990 og sat í undirbúningsnefnd þess í mörg ár. Var virk í starfi Kvenfélags Garðabæjar og Norræna félagsins í Garðabæ. **Viðurkenningar:** Hlaut sérstaka viðurkenningu Alþjóðaólympíunefndarinnar (2004). Hlaut gullmerki ÍSÍ (1996) og Samhjalpar kvenna (2009). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2008). Kjörin heiðursfélagi ÍSÍ (2009). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit A-4-127.

LOVÍSA IBSEN (1921-2009) fædd á Suðureyri við Súgandafjörð, látin í Hafnarfirði. SJÚKRALIÐI. **Foreldrar:** Lovísa Rannveig Kristjánsdóttir (1893-1974) og Ibsen Guðmundsson (1892-1957), útgerðarmaður. **Systkin:** 1. Þorgeir Guðmundur (1917-1999), 2. Kristján Albert (1920-1963), 3. Arína Þórlaug (1923-1994), 4. Halldór Björn (1925-2012), 5. Guðmundur Sigurður (1926-2007), 6. Helgi Ingólfur (1928-2004), 7. Guðfinnur Jón (1930-1991). **M:** 1944, Egill Guðjónsson (1917-1988), vélstjóri. **Kjörbarn þeirra:** 1. Guðrún Sigríður Egilsdóttir (1948). **Nám:** Stundaði nám við Kvinnaskólann á Blönduósi. Lauk sjúkraliðanámi 1970. **Störf:** Fékkst við verslunarstörf og kennslu. Starfaði lengst af, og allt fram yfir sjötugt, við Heilsugæslustöðina á Suðureyri við Súgandafjörð, var þar læknum til aðstoðar og sá um apótekið. **Félagsstörf:** Sat í sveitarstjórn á Suðureyri. Var félagi í Kvenfélaginu Ársól, og starfaði með því að félags-, menningar- og líknarmálum, sem formaður um árabíl. Söng með kirkjukórnum. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf að heilbrigðismálum (1992). **Jarðsett:** Staðarkirkjugarði í Súgandafirði reit 481.

LÝDÍA PÁLSDÓTTIR (1911-2000) fædd í München, látin í Reykjavík. LEIRMUNAMEISTARI. **Foreldrar:** Theresia Einarsson, f. Zeitner (1888-1976) og dr. Paul Sternberg, efnafræðingur. Kom til Íslands árið 1929 með móður sinni. **M:** 1950, Guðmundur Einarsson (1895-1963), listamaður frá Miðdal í Mosfellssveit. **Börn þeirra:** 1. Einar Steinólfur (1932), 2. Yngvi Örn (1938-2022), 3. Auður Valdís (1943), 4. Ari Trausti (1948), 5. Egill Már (1952-2019). **Nám:** Lærði leirkerasmíði í München. **Störf:** Starfaði með Guðmundi í Listvínahúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík sem var fyrsta leirmunaverkstæði landsins, ásamt verslun. Hannaði og mótaði leirmuni og tók þátt í rekstrinum, en vann jafnframt að listsaumsverkum. Varð handhafi fyrsta meistarábréfsins í leirkerasmíði þegar kennsla hófst í leirmunagerð sem iðngrein á Íslandi. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags Fjallamanna 1939 sem stundaði jöklaferðir, skíðaferðir, námskeiðahald og fjallaklifur, og varð síðar deild í Ferðafélagi Íslands. Var einn fjögurra leiðangursmanna sem gengu á skíðum til Grímsvatna 1934 til að kanna eldgos sem þá stóð yfir. Var með Guðmundi við kvikmyndagerð, m.a. í Heklugosinu 1947, stundum sem tökumaður. Fékkst við laxveiðar í öllum helstu veiðiám landsins og dró í Laxá í Aðaldal þyngsta lax á stöng sem talið er að kona hafi veitt hér á landi. **Æviminningar:** *Lífsganga Lydíu með Guðmundi frá Miðdal*, skráð af Helgu Guðrúnu Johnson (1992). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit C-14.

M

MAGDALENA JÓRUNN BÚADÓTTIR (1934-2007) fædd í Hveragerði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Jóna Erlendsdóttir (1903-1993) og Búi Þorvaldsson (1902-1983), mjólkurbússtjóri. **Systkin:** 1. Kristján (1932), 2. Þorvaldur (1937-2022), 3. Erlendur Steinar (1937-2016), 4. Þórður (1944). **M:** 1963, Höskuldur Baldursson (1934-2015), bæklunar-skurðlæknir. **Börn þeirra:** 1. Margrét Jóna (1972), 2. Baldur Búi (1977). **Nám:** Útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands 1956. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarfræðingur við lyflækningadeild Landspítalans, Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg og Söder-sjúkrahúsið í Stokkhólmi 1957-1961. Starfaði á sjúkrahúsi Texasháskóla í Galveston á lyflækni-, kvensjúkdóma- og fæðingardeildum 1963-1967. Var kennari við Hjúkrunarskóla Íslands 1968-1970 og Nýja hjúkrunarskólann 1972-1973. Starfaði síðan við ýmsar sjúkrastofnanir, síðustu starfsárin við Heilsugæslustöð Miðbæjar í Reykjavík. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands, var m.a.

ritari í stjórn félagsins 1971-1975. Var fulltrúi og ritari í hjúkrunarráði 1974-1978. Sat í ritnefnd *Hjúkrunarfræðingatala II og III*. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði, duftgarði reit C-3-114.

MAGDALENA SIGURÞÓRSDÓTTIR (1898-1994) fædd í Vetleifsholti í Ásahreppi, Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. **HANDAVINNUKENNARI** og **KAUPKONA**. **Foreldrar:** Sigríður Ólafsdóttir (1854-1925) og Sigurþór Ólafsson (1860-1944), smiður og bæjarfulltrúi í Reykjavík. **Systkin:** 1. Sigurður (1884-1970), 2. Ólafía Ragnheiður (1887-1977), 3. Margrét (1892-1962), 4. Valgerður (1895-1989). **M:** 1919, Sigurlás Kristinn Nikulásson (1882-1973), bóndi og starfsmaður Rannsóknarstofu, Háskóla Íslands. **Börn þeirra:** 1. Magnús (1920-1994), 2. Þórunn (1922-1995). **Nám:** Útskrifaðist sem rjómabússtýra frá Mjólkurskólanum á Hvítárvöllum 1918. Flutti til Reykjavíkur 1925 og fór að læra vélprjón og meðferð prjónavéla, kúnstbróderí og kjólasaum. Tók meistaraþróf í kjólasaumi 1944 og hlaut þá einnig kennsluréttindi. Var óreglulegur nemandi í handavinnu í lýðháskólanum í Danebod á Als í Danmörku. Lærði einnig leðurvinnu, postulínsmálun, tauprykk og ýmiss konar föndur á námskeiðum í Danmörku. **Störf:** Starfaði við Rjómabúíð á Rauðalæk 1914-1917. Var kennari við Húsmæðraskólann á Hverabökkum í Hveragerði 1947-1954. Kenndi einnig við barna- og unglingaskólann í Hveragerði. Var kennari við gagnfræðaskólann og barnaskólann á Selfossi 1955-1969. Kenndi á námskeiðum kvenfélaga víða um land. Rak Kjólabúðina á Bergþórugötu 2 í Reykjavík. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Sambands sunnlenskra kvenna og hvatamaður að stofnun kvenfélaga á Suðurlandi. **Viðurkenningar:** Kjörin heiðursfélagi í Sambandi sunnlenskra kvenna. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1977). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit D-2-49.

MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR / Magnea frá Kleifum (1930-2015) fædd á Kleifum í Kaldbaksvík, Strandasýslu, látin á Akureyri. **RITHÖFUNDUR**. **Foreldrar:** Guðbjörg Guðmundsdóttir (1904-1991) og Magnús Magnússon (1897-1965), bóndi. **Systkin:** 1. Sigrún Jóhanna (1928-1944), 2. Hákon Gunnar (1933-2020), 3. Sigmundur (1939-2022), 4. Sigurjón (1944-2007). **Uppeldissystkin:** 5. Sigrún Guðmunda (1944). **M:** Friðrik Baldur Halldórsson (1929-1988). **Börn þeirra:** 1. Sigrún Sigmunda (1952), 2. Borghildur Rún (1956), 3. Magnús Halldór (1964), 4. Jóhann Sigurbjörn (1965). **Fósturbarn Magneu:** 5. Guðrún Ingibjörg Andrédóttir (1960). **Nám:** Var í farskóla 1939-1942. Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Staðarfelli í Döllum 1947-1948 og við Tóvinnuskólann á Svalbarði 1948-1949. **Störf:** Var bóndakona 1951-1959. Starfaði í frystihúsi Útgerðarfélag Akureyrar, á saumastofunum Heklu og Burkna og við sútun hjá Sambandsverksmiðjunum á Akureyri frá 1959. Vann við síldarsöltun á Drangnesi, Skagaströnd, Siglufirði og Raufarhöfn til 1974. Vann við heimilisþjónustu hjá Akureyrarbæ 1975-1994. Fékkst jafnframt við ritstörf. **Bækur:** M.a. *Karlsen stýrimaður* (1962), *Hold og hjarta* (1964), bækurnar um Hönnu Maríu (nokkrar útg. 1966-2010), *Krakkarnir í Krummavík* (1980), sögurnar um Tobías og Tinna (nokkrar útg. 1982-1987), bækurnar um Sossu (fjórar útg. 1991-1998) og *Í álögum* (1999). **Viðurkenningar:** Fékk viðurkenningu fyrir létt lesefni (1984) og viðurkenningu IBBY-samtakanna (1992). Hlaut barnabókaverðlaun skólamálaráðs Reykjavíkur fyrir *Sossu sólskinsbarn* (1992) og fyrir *Sossu litlu skessu* (1996). Báðar bækurnar voru tilnefndar á hinn alþjóðlega H.C. Andersen-heiðurslista. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit D-2-40.

MALÍN ÁGÚSTA HJARTARDÓTTIR (1890-1988) fædd að Uppsölum í Svarfaðardal, látin í Reykjavík. **IÐNREKANDI**. **Foreldrar:** Margrét Eiríksdóttir (1850-1939) og Hjörtur Guðmundsson

(1854-1925). **Systkin:** 1. Páll (1877-1952), 2. Gamalíel (1879-1969), 3. Una (1893-1973), 4. Eiríkur (1885-1981). **M:** 1932, Sigurgeir Friðriksson (1881-1942), bókavörður. **Störf:** Stofnaði Prjónastofuna Malín ásamt systkinum sínum 1925 og rak hana að Laugavegi 20b í Reykjavík til ársins 1945, en síðan á Grettisgötu 3 til 1969. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-18-19.

MARGARET ROSS SCHEVING THORSTEINSSON (1924-2020) fædd í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Caroline Ritter Wolfe (1906-1990), bóndi og ritari, og Charles Daniel Wolfe (1904), kaupsýslumaður. **Samfeðra systkin:** 1. Daniel C. Wolfe (1926-2001). **Sammæðra systkin:** 2. William W. Faust (1939). **M:** 1946, Bent Hillman Sveinn Scheving Thorsteinsson (1922-2015), sinni viðskiptum og stjórnunarstörfum. **Börn þeirra:** 1. Gunnar Bent (1947), 2. Súsán Auður (1950-2014), 3. Carole Ann (1952), 4. Guðrún Margrét (1958), 5. Ósk Sólveig (1960), 6. Þorsteinn (1961), 7. Ástríður Þóra (1970). **Nám:** Útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Pennsylvania Hospital School of Nursing 1945 og lauk sérnámi í skurðstofuhjúkrun og svæfingum frá University of Pennsylvania 1946. **Störf:** Var við störf á barnspítala í Philadelphíu 1946-1948. Starfaði á Landspítalanum og síðast á Landakotsspítala í Reykjavík í nær 40 ár eða árin 1948-1986. **Félagsstörf:** Starfaði í kvenfélagi Dómkirkjunnar og var félagi í Oddfellowreglunni. Þau hjónin stofnuðu styrktarsjóði við Háskóla Íslands til stuðnings efnilegum stúdentum og vísindamönnum. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-9-116.

MARGRETHE ANGEL, f. ANDERSDATTER RAVN (1749-1807). VEITINGAKONA og BAKARI. **M:** 1788, Rasmus Angel, verslunarþjónn (1752-1789). **Barn þeirra:** 1. Tómas von Weste (1788-1789). **Fósturbarn Margrethe:** Christence Angel (f. um 1785) (dóttir Rasmusar af fyrra hjónabandi). **Störf:** Fékk leyfi til að reka veitinga- og gistihús á heimili sínu árið 1786, fyrsta veitingahúsið sem rekið var í Reykjavík. Keypti árið 1791 hús nr. 5 í Reykjavíkursókn (síðar Aðalstræti 16) og flutti starfsemina þangað. Sá sjálf um hráefnin í veitingum sínum; hélt kúr og ræktaði í stórum matjurtagarði jarðepli, pastinökkur, spínökku og annað sjaldséð grænmeti. Keypti bakaraofn 1793 og hóf að selja íbúum Reykjavíkur gróft brauð. Ólafur Stefánsson amtmaður sá þá ástæðu til að grípa inn í og sendi fyrirspurn til Rentukammersins í Danmörku um hvort það mætti. Eftir um 10 ára rekstur eða árið 1796 sigldi Margrethe til Kaupmannahafnar ásamt fósturdóttur sinni, þá um 11 ára. Þegar Margrethe lést í Kaupmannahöfn 1807, sótti Christence um styrk hjá ríkisstjórninni til að koma látinni móður sinni til grafar. **Viðurkenningar:** Fékk verðlaunapening frá Hinu konunglega danska landbúnaðarfélagi fyrir framlag sitt til garðræktar (1792). **Jarðsett:** Kirkjugarðinum við Vor Frue Kirke.

MARGRETHE KATARINE JENS DATTER BENEDIX MAGNUSSEN (1718-1805) fædd í Danmörku, látin í Nesi við Seltjörn. LJÓSMÓÐIR og LJÓSMÆÐRAKENNARI. **M:** 1748, Benedikt Magnússon (1711-1763), járnsmiður, starfaði við Innréttingarnar í Aðalstræti hjá Skúla Magnússyni. **Börn þeirra:** 1. Birthe Maria (1748-1749), 2. Anna Margrethe (1750-1768). **Nám:** Útskrifaðist sem yfirsetukona í Kaupmannahöfn 1761. Sór yfirsetukvennaeið á Íslandi 1761. Var fyrsta lærða ljósmóðirin hér á landi. **Störf:** Starfaði með Bjarna Pálssyni, landlækni, fyrst á Bessastöðum 1761-1763 og síðan í Nesi við Seltjörn til 1803. Tók á móti fjölda barna í Garða-, Bessastaða-, Reykjavíkur-, Nes- og Laugarnessóknum. **Jarðsett:** Neskirkjugarði við Seltjörn.

MARGRÉT AUÐUNSDÓTTIR (1906-2008) fædd í Eystri-Dalbæ í Landbroti í Vestur-Skaftafellssýslu, látin í Reykjavík. MATRÁÐSKONA og VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Agnes Þorlákisdóttir (1875-1964) og Auðunn Þórarinnsson (1858-1938), bóndi. **Alsystkin:** 1. Auðunn (1895-1990), 2. Steinunn (1902-1991), 3. Sigurður (1912-1999). **Samfeðra systkin:** 4. Magnús (1882-1977), 5. Sigurður (1884-1956), 6. Guðríður (1887-1975), 7. Valgerður (1889-1921), 8. Þórarinn (1890-1891), 9. Þórarinn (1892-1957), 10. Magnús (1893-1966), 11. Guðrún (1895-1973), 12. Guðríður (1895-1941). **Barnsfaðir:** Bergsteinn Kristjánsson (1907-1996), kennari. **Barn þeirra:** 1. Haukur (1936-2018). **Nám:** Nam við hússtjórnardeild Kvennaskólans í Reykjavík. **Störf:** Starfaði sem matráðskona, m.a. á Hótelinu í Borgarnesi, heilsuhælinu á Reykjum í Ölfusi, við Reykholtsskóla, á Laugarvatni, við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, á Hótelinu á Kirkjubæjarklaustri, Kaffi Höll í Austurstræti og Matstofu Austurbæjar í Reykjavík. Var aðstoðarráðskona í eldhúsi Landspítalans frá árinu 1951 til starfsloka. **Félagsstörf:** Var formaður stjórnar Starfsstúlknafélagsins Sóknar árin 1956-1972. Sat í Miðstjórn Alþýðusambands Íslands um langt skeið og í stjórn Sósíalistafélagsins. Vann sjálfboðastörf hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur í mörg ár. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna (2006). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-9-21.

MARGRÉT ÁSGEIRSDÓTTIR (1898-1991) fædd á Arngerðareyri, Nauteyrahreppi, Strandasýslu, látin í Reykjavík. SINNTI HJÚKRUN. **Foreldrar:** Aðalbjörg Jónsdóttir (1860-1922) og Ásgeir Guðmundsson (1849-1914), bóndi og hreppstjóri á Arngerðareyri. **Alsystkin:** 1. Jochum (1900-1973), 2. Jón Guðmundur (1902-1926), 3. Geirþrúður Kúld (1904-1991). **Samfeðra systkin:** 4. Bjarni (1873-1940), 5. Ásgeir (1878-1956). **Sammæðra systkin:** 6. Magnús Jochumsson (1889-1973). **M:** 1923, Björn Einar Árnason (1896-1967), lögfræðingur og endurskoðandi. **Börn þeirra:** 1. Aðalbjörg (1926-2021), 2. Árni (1927-1978). **Störf:** Starfaði við hjúkrun. Sinnti störfum fyrir kvenfélagið Hringinn. **Félagsstörf:** Gekk í kvenfélagið Hringinn 1920 og var mörg ár í stjórn þess. Var formaður Bridesfélags kvenna í mörg ár og félagi í Oddfellowstúkunni Bergþóru. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi kvenfélagsins Hringins og Bridesfélags kvenna. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1980). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit E-8-25.

MARGRÉT KRISTJANA ÁSGEIRSDÓTTIR (1928-2016) fædd í Skógum í Mosdal, Arnarfirði, látin í Reykjavík. LOFTSKEYTAMAÐUR og SÍMRITARI. **Foreldrar:** Guðný Guðmunda Þorvaldsdóttir (1908-1985) og Ásgeir Bjarnason (1900-1970), sjómaður. **Systkin:** 1. Krístrún Jóhanna (1930-2009), 2. Bjarni Þorvaldur (1935-2013), 3. Helga Þórunn (1942), 4. Haraldur (1945-1986). **M:** 1956, Aðalsteinn Valdimarsson (1928-1979), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Áslaug Ösp (1952), 2. Guðný Þöll (1955). **Sambýlismaður 1:** 1961-1967, Steingrímur Th. Sigurðsson (1925-2000), listmálari. **Börn þeirra:** 3. Steingrímur Laurentz Thomas (1962), 4. Jón (1964), 5. Halldóra María Margrét (1966). **Sambýlismaður 2:** Jóhann G. Jóhannsson (1947-2013), tónlistarmaður. **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Menntaskólanum á Akureyri 1946. Lauk loftskeytamannsnámi frá Sjómannaskólanum í Reykjavík og aflað sér réttinda sem símritari. **Störf:** Starfaði hjá Landsíma Íslands og var um hríð símsstöðvarstjóri á Laugarvatni. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

[ANNA] **MARGRÉT THELMA BJÖRGVINDÓTTIR** (1925-2008) fædd í Winnipeg í Kanada, látin í Reykjavík. MEINATÆKNIR. **Foreldrar:** Hólmfríður Jónsdóttir (1897-1970) og Björgvin Guðmundsson (1891-1961), tónskáld. **M:** 1957, Richard Andersen (1931-2017), þau skildu. **Börn**

þeirra: 1. Björgvin Richard (1959), 2. Karl (1961), 3. Fríða Bonnie (1964). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1944 og stundaði nám við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1949. Nam við School of Laboratory Technology í Winnipeg í Kanada 1955. **Störf:** Starfaði í Landsbanka Íslands, útibúi á Akureyri og í Reykjavík 1944-1948. Var röntgentæknir á röntgendeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 1949-1954. Vann sem meinatæknir í Kanada og Bandaríkjunum. Var meinatæknir á Kleppsspítala 1968-1971 og 1981-1995. Starfaði á Rannsóknarstofu Ólafs Jenssonar í Domus Medica í Reykjavík 1971-1977 og við Matvæla-rannsóknir ríkisins 1977-1981. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit G3-1B.

MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR (1925-2003) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SÖNGKONA og TÓNLISTARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Halldóra Jónsdóttir (1894-1985) og Eggert Kristinn Jóhannesson (1892-1940), járnsmiður og trompetleikari. **Systkin:** 1. Jóhannes (1915-2002), 2. Guðbjörg Þórunn (1916-1945), 3. Einar Guðjón (1921-2006), 4. Pétur (1927-1947). **M:** 1945, Páll Þorsteinsson (1920-2008), múrarameisteri. **Börn þeirra:** 1. Einar Ólafur (1950), 2. Eggert (1960), 3. Valur (1961). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur (Ingimarsskólanum). Lærði söng, m.a. hjá Sigurði Dementz, Rut Magnússon og Maríu Markan. **Störf:** Söng einsöng á fjölmörgum tónleikum, í útvarp og við kirkjuathafnir, söng með mörgum kórum og sinnti tónlistarstjórn, einkum við jarðarfirir. Söng tvö kontraalt-óperuhlutverk í útvarpsflutningi með Sinfóníuhljómsveit Íslands, hlutverk Orfeusar úr óperunni *Orfeo og Euridice* eftir Gluck og Miss Bagott og aðalhlutverk í óperunni *Litli satarinn* eftir Benjamin Britten. Starfaði sem tónlistarfulltrúi Kirkjugarða Reykjavíkur 1982-1992. **Félagsstörf:** Var meðal stofnfélaga Kammerkórsins og Einsöngvarakórsins, forvera Ljóðakórsins (fimm til átta manns), sem hún var í forsvari fyrir meðan hann starfaði og söng gjarnan við jarðarfirir og aðrar kirkjulegar athafnir. Sat í stjórn Söngskólans 1973-2001 og vann að margvíslegum málefnum hans, s.s. um húsnæði, fjárfestingar og aðra uppbyggingu. Saumaði t.d. ásamt Eyglóu Víktorsdóttur alla búninga á fyrstu óperuuppfærslu Íslensku óperunnar, *Pagliacci* í Háskólabíói. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-2-112.

MARGRÉT SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR (1939-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SJÚKRALIÐI og FORSTÖÐUMAÐUR. **Foreldrar:** Jóhanna Kristín Sigríður Alexína Hallgrímsdóttir (1897-1979) og Einar Guðmundsson (1895-1957), stórkaupmaður. **Alsystkin:** 1. Anna Lía (1928-2016), 2. Hallmundur *Hrafn* (1929-2010), 3. Matthías Baldur (1935-2012). **Samfeðra systkin:** 4. Ásrún (1916-2005), 5. Ragnhildur Stefanía (1918-2012), 6. Kristjana (1924-1995). **M:** 1957, Atli Pálsson (1933-2021), skrifstofumaður. **Börn þeirra:** 1. Einar (1958-2015), 2. Hallgrímur (1959), 3. Guðjón (1964), 4. Atli (1966). **Nám:** Tók landspróf frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1955 og lauk námi frá Húsmæðraskólanum á Laugum í Reykjadal 1956. Lauk sjúkraliðanámi frá Sjúkraliðaskóla Íslands 1981. **Störf:** Var móttökuritari á læknaustofum að Laugavegi 42 í Reykjavík og læknaritari á Heilsugæslustöðinni í Árbæ. Var forstöðumaður þjónustuíbúða aldraðra á Dalbraut 27 í Reykjavík 1985-2005. **Félagsstörf:** Var fyrsti formaður Kvenfélags Árbæjarsóknar 1968-1975. Sat í stjórn Hverfafélags sjálfstæðismanna í níu ár, Hvatar í 12 ár og Landssambands sjálfstæðiskvenna í 10 ár, þar af formaður 1978-1982. Átti sæti í undirbúningsnefnd fyrir kvennafrídaginn 1975. Sat í stjórn Kvenfélagasambands Íslands í 10 ár, Kvenréttindafélags Íslands í sex ár, Húsmæðrafélags Reykjavíkur í átta ár og Sjúkraliðafélags Íslands í fjögur ár, þar af formaður 1984-1986. Var varaformaður í stjórn heilbrigðisstétta 1983-1985. **Stjórn málastörf:**

Var varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 1974-1986. Átti sæti í heilbrigðisráði, félagsmálaráði, stjórn Borgarspítalans, stjórnarnefnd Vogs, leikvallanefnd og stjórn Dagvistar barna. Varð fyrst kvenna formaður Þjóðhátíðarnefndar Reykjavíkurborgar, átti sæti í sexmannanefnd búvöruverðs, sat í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur í 12 ár, þar af formaður stjórnar 1987-1990. Átti sæti í Tryggingaráði og síðar Tryggingastofnun í áratugi. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi í Sjúkraliðafélagi Íslands. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit 5-196.

MARGRÉT EINARSDÓTTIR (1948-2021) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **SÁLFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Matthildur Soffía Maríasdóttir (1919-2019) og Einar Sigurbjörnsson (1917-1975), **Alsystkin:** 1. María (1940), 2. Gunnar (1942-1986), 3. Ragnildur (1949), 4. Ingibjörg (1951), 5. Haukur (1953), 6. Anna (1957), 7. Sigríður (1962). **Samfeðra systkin:** 8. Jóhanna (1938). **M:** Skúli Waldorff (1945), starfsmannastjóri. **Börn þeirra:** 1. Mjöll (1972), 2. Pétur (1979). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Lauk BA-námi í sálfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands. Stundaði nám við Háskólann í Stokkhólmi 1987-1989 og lauk þaðan cand.psych.-prófi í klínískri sálfræði. **Störf:** Starfaði í Angóla í Afríku 1984-1991, fyrir utan árin 1987-1989. Var kennari á Höfn í Hornafirði og starfaði sem skólasálfræðingur. Var sálfræðingur á Stuðlum í Reykjavík og einn stofnenda sálfræðipjónustunnar Ölmú. Hóf árið 1998 störf hjá Þróunar-samvinnustofnun Íslands og var m.a. umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví og Mósambík. **Félagsstörf:** Kom að stofnun Landsnefndar UNIFEM á Íslandi (síðar landsnefnd UN Women) og starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins 1997-1999. **Jarðsett:** Gufunes-kirkjugarði reit B-6-102.

MARGRÉT EIRÍKSDÓTTIR (1914-2001) fædd í Winnipeg í Kanada, látin í Reykjavík. **PÍANÓLEIKARI, PÍANÓKENNARI og SKÓLASTJÓRI.** **Foreldrar:** Valgerður Kristín Ármann (1891-1972) og Eiríkur Hjartarson (1885-1981), rafvirkjameistari og skógræktarmaður. **Systkin:** 1. Hlín Brand (1916-2003), 2. Bergljót (1917-1992), 3. Unnur (1920-2008), 4. Bergþóra (1921-2006), 5. Valgerður Kristín (1923-2014), 6. Auður (1927-2016), 7. Hjörtur (1928-2019). **M:** 1946, Þórarinn Björnsson (1905-1968), skólameistari Menntaskólans á Akureyri. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Hlín (1947), 2. Björn (1949). **Nám:** Stundaði nám við Tónlistaskólann í Reykjavík 1930-1936, tók lokapróf 1934 og hélt áfram námi þar um tíma. Var síðan við tónlistarnám í London með hléum til ársins 1945. Tók diploma-próf LRAM 1939 frá Royal Academy of Music og diploma-próf ARCM 1945 frá Royal College of Music. Var á þessum tíma að auki í einkatímum hjá York Bowen og síðar hjá F. Lamond í Glasgow. **Störf:** Hélt píanótónleika í Reykjavík, á Akureyri og víðar um landið 1936-1945 og lék einnig fyrir hljóðvarpið. Var skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri 1946-1950. Kenndi nemendum í einkatímum og var prófdómari við Tónlistarskólann á Akureyri 1950-1968. Kenndi við Tónlistarskóla Kópavogs 1968-1972 og Tónlistarskólann í Reykjavík 1970-1987. **Félagsstörf:** Var formaður Félags tónlistarkennara 1975-1976. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit H-11-28.

MARGRÉT GISSURARDÓTTIR (1904-1985) fædd í Byggðarhorni í Sandvíkurhreppi í Flóa, Árnessýslu, látin í Reykjavík. **LJÓSMÓÐIR.** **Foreldrar:** Ingibjörg Sigurðardóttir (1876-1959) og Gissur Gunnarsson (1872-1941), bóndi. **Systkin:** 1. Gunnar (1898-1948), 2. Sigurður (1899-1918), 3. Jón (1901-1981), 4. Óskar (1903-1990), 5. Sigurður Ágúst (1905-1999), 6. Ingibjörg Ágústa (1906-1981), 7. Vigdís (1907-1997), 8. Stefanía (1909-1989), 9. Þórný Haakonsen (1910-

2002), 10. Helga (1911-1994), 11. Ólafur (1912-1999), 12. Bjarnheiður (1913-2000), 13. Guðmundur *Kjartan* (1914-1990), 14. Geir (1916-2004), 15. Sigurður Kristján (1918-1998). **Barnsfaðir:** Theódór Jónsson (1898-1975), skipstjóri. **Barn þeirra:** 1. Elsa Jóna (1922-2010). **M:** 1952, Þórður Guðmundsson (1906-1993), trésmiður. **Nám:** Lauk prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1935. **Störf:** Skipuð ljós móðir í Sandvíkurhreppi 1935 og flutti þá á Selfoss. Gegndi einnig ljós móðurstörfum í Hraungerðishreppi 1935-1945, Villingaholtshreppi 1939-1941 og Selfoss-umdæmi 1948-1949. Vann ljós móður- og hjúkrunarstörf á Sólheimum í Hafnarfirði 1949-1959 og á Hrafnistu í Reykjavík 1959-1977, en gegndi einnig á þeim árum ljós móðurstörfum í Garða- og Bessastaðahreppum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-4-198.

MARGRÉT GUÐMUNDA GUÐNADÓTTIR (1929-2018) fædd í Landakoti á Vatnsleysuströnd, látin í Reykjavík. LÆKNIR, VEIRUFRÆÐINGUR og PRÓFESSOR. **Foreldrar:** Guðríður Andrésdóttir (1891-1966) og Guðni Einarsson (1881-1970), bóndi. **Alsystkin:** 1. Eyjólfur (1921-1990). **Samfeðra systkin:** 2. Eyrún (1913-1989), 3. Guðmunda (1913-2008), 4. Jón Guðni (1914-2011), 5. Lilja (1916-2011). **Barnsfaðir:** Francis Donaldson (1925), lífefnafræðingur frá Skotlandi. **Börn þeirra:** 1. Guðni Kjartan Franzson (1961), 2. Eydís Lára Franzdóttir (1963). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1949 úr stærðfræðideild. Lauk cand.med.-prófi frá Háskóla Íslands 1956 og stundaði framhaldsnám í veirufræðum við Yale háskóla 1958-1960. **Störf:** Sinnti rannsóknarstörfum á Keldum 1954-1974, starfaði á rannsóknastofu Háskóla Íslands í veirufræði á árunum 1974-1999, sinnti kennslu við Háskólann frá 1960 og starfaði sem prófessor við læknadeild HÍ 1969-1999. Starfaði sjálfstætt við rannsóknir í Ármúla 1A, á Kýpur og víðar á árunum 1999-2017. **Félagsstörf:** Tók þátt í baráttunni gegn hersetu í landinu og sat í stjórn MÍR (Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna/Rússlands eftir 1992). **Viðurkenningar:** Hlaut margs konar viðurkenningar fyrir störf sín. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1989). Var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við læknadeild Háskóla Íslands (2011). **Jarðsett:** Kálfatjarnarkirkjugarði reit F-15.

MARGRÉT GUTTORMSDÓTTIR (1932-2001) fædd á Hallormsstað í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Margrét Pálsdóttir (1904-1968) og Guttormur Pálsson (1884-1964), skógarvörður. **Alsystkin:** 1. Gunnar (1935), 2. Hjörleifur (1935), 3. Loftur (1938-2016), 4. Elísabet Sigríður (1943-2017). **Samfeðra systkin:** 5. Bergljót (1912-2003), 6. Páll (1913-2002), 7. Sigurður (1917-1968), 8. Þórhallur (1925-2009). **M:** 1969, Jóhannes Helgi (1926-2001), rithöfundur. **Börn þeirra:** 1. Jón Gauti (1969), 2. Guttormur Helgi (1975). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1954. Lauk námi til kennsluréttinda. Stundaði tónlistarnám í Þýskalandi 1959-1960. **Störf:** Var kennari við barnaskólann á Eskifirði 1956, við Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi 1957-1967, barnaskólann í Vestmannaeyjum 1967-1970 og Árbæjarskóla í Reykjavík 1970-1985. Starfaði við íslenskukennslu í Björgvin í Noregi 1985-1991 og bjó í Lúxemborg 1991-1993. Kenndi við Breiðholtsskóla 1993-1994 og tók síðan að sér nýbúakennslu við Háteigsskóla. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-55-36.

MARGRÉT GÚSTAFSDÓTTIR (1948-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR og DÓSENT. **Foreldrar:** Kristín Guðmundsdóttir (1919-1996) og Gústaf Elí Pálsson (1907-1977), borgarverkfræðingur. **Alsystkin:** 1. Páll Gústaf (1943), 2. Kristín (1946-

2013), 3. Guðmundur *Teitur* (1950), 4. Helga Rúna (1958). **Samfeðra systkin:** 5. Magnús Már Sævar (1941). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1968. Stundaði nám við Hjúkrunarskóla Íslands 1969-1972, lærði gjörgæsluhjúkrun við Royal London Hospital og lauk BS-gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands. Lauk meistara- og doktorsgráðu í öldrunarhjúkrun frá Kaliforníuháskóla í San Francisco (UCSF) 1999. **Störf:** Stafaði frá 1972 um skeið á Landakoti, Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, Neuperlach-sjúkrahúsinu í München, Royal London Hospital og Landspítalanum. Var hjúkrunarframkvæmdastjóri öldrunardeildar Borgarspítalans um árabil. Starfaði sem lektor og síðan dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og skipulagði kennslu í öldrunarhjúkrun við skólann. Birti tímaritsgreinar og var ritstjóri bókarinnar *Hjúkrunarheimili: Leiðbeiningar og fróðleikur fyrir fjölskyldur á tímamótum* (2008). **Félagsstörf:** Var virk í félagsmálum háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga og formaður í menntamálanefnd félagsins um tíma. **Viðurkenning:** Hlaut viðurkenningu Öldrunarráðs Íslands fyrir óeigingjarnt ævistarf að málefnum aldraðra (2017). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-2-104.

MARGRÉT LUND HANSEN (1924-2013) fædd á Álafossi, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR, LÆKNARITARI og PÝÐANDI. **Foreldrar:** Ólöf Guðlaugsdóttir (1901-1952) og Thorkild Christian Hansen (1897), vefarameistari. **Alsystkin:** 1. Soffía Kristín (1927-2018). **Sammæðra systkin:** 2. Dröfn Hannesdóttir (1935-1998). **Samfeðra systkin:** 3. Pura Ruth Walkden (1940). **M:** Jón *Marteinn* Stefánsson (1936-1990), bankastarfsmaður. **Börn þeirra:** 1. Stefán Bersi (1967), 2. Erla María (1969). **Nám:** Tók stúdentspróf í Kolding, Danmörku. Stundaði nám í París og lærði frönsku við Háskóla Íslands. **Störf:** Starfaði við Franska sendiráðið í Reykjavík, Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og ferðaskrifstofuna Orlof. Var læknaritari á Landakotsspítala. Vann þýðingar úr og yfir í frönsku, þýsku og dönsku. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Æ-934.

MARGRÉT ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR HERMANNSSON (1915-1994) fædd á Ísafirði, látin í Helsingborg. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR og BORGARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Guðríður Stefanía Arnórsdóttir (1889-1948) og Sigurður Sigurðsson (1887-1963), sýslumaður. **Systkin:** 1. Sigurður (1916-1996), 2. Stefanía Guðríður (1918-1993), 3. Arnór (1919-1998), 4. Stefán (1920-1993), 5. Guðrún Ragnheiður (1925-2012), 6. Árni (1927-2020). **M:** 1942, Olle Hermansson, lögfræðingur (1911-2004). **Börn þeirra:** 1. Nanna Stefanía (1942), 2. Gunnar (1944), 3. Anders Snorre (1948), 4. Sigurd (1954). **Störf:** Var hjúkrunarkona á St. Hans sjúkrahúsinu í Hróarskeldu 1939-1940. Starfaði frá 1940 á sjúkrahúsinu í Gävle og háskólasjúkrahúsinu í Uppsöllum. Var borgarfulltrúi í Helsingborg í Svíþjóð 1961-1962 og 1967-1982, fyrsti varaformaður borgarstjórnar 1980-1982. Sat í skólanefnd þar 1956-1973 og hafnarstjórn 1974-1982. **Félagsstörf:** Var formaður í samtökunum Umhyggja fyrir öldruðum og formaður Rauða krossins í Helsingborg. Var formaður í Félagi hægri kvenna/íhaldsflokkskvenna 1964-1976. Beitti sér fyrir fyrsta raunverulega kvennaframboði í Svíþjóð árið 1973. **Jarðsett:** Sauðárkróskirkjugarði reit F6-26.

MARGRÉT LÓA HJÁLMTÝSDÓTTIR (1913-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SNYRTIFRÆÐINGUR og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Auðbjörg Jónsdóttir (1890-1982) og Hjálmtýr Sumarliðason (1887-1918), verslunarmaður. **Samfeðra systkin:** 1. Klara (1912-1952), 2. Hjálmtýr (1917-1982), 3. Hlíf Svava (1919-1922). **M:** Haukur Einarsson (1909-1991), prentari, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Ásgerður Sigrún (1932-1972). **Sambýlismaður:** Erlendur Haraldsson (1921-2021),

prófessor. **Nám:** Lærði snyrtifræði í Danmörku. **Störf:** Átti og rak Snyrtistofu Margrétar og Snyrtiskóla Margrétar, þann fyrsta í Reykjavík. Byggði kennsluna að danskri fyrirmynd og einskorðaði sig við andlits- og handsnyrtingu. Stofan og skólinn voru lengi á Skólavörðustíg 21A í Reykjavík. **Bók:** *Litla blóm: skáldsaga* (2000). **Gjafir:** Árið 1992 gaf hún grunnskóla, sem samanstóð af átta skólastofum, í þágu barna í Pokot-héraði í Kenýa og var við vígslu skólans. Færði árið 1996 Háskóla Íslands gjafaafsal af íbúð sinni að Sléttuvegi 17 í Reykjavík og arfleiddi síðan skólann að þriðjungi eigna sinna eftir sinn dag. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit P-744.

MARGRÉT INDRÍÐADÓTTIR (1923-2016) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. FRÉTTASTJÓRI RÍKISÚTVARPSINS. **Foreldrar:** Laufey Jóhannsdóttir (1897-1995) og Indriði Helgason (1882-1976), rafvirkjameistari. **Systkin:** 1. Helgi (1925-2010), 2. Jóhann (1926-2015), 3. Ólafur (1932). **M:** 1952, Thor Vilhjálmsson (1925-2011), rithöfundur. **Börn þeirra:** 1. Örnólfur (1954), 2. Guðmundur Andri (1957). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1943. Lauk BA-prófi frá School of Journalism Minnesotaháskóla 1947. **Störf:** Var blaðamaður á *Morgunblaðinu* og skamma hríð á *Tímanum*. Var ráðin fréttamaður á fréttastofu Ríkisútvarpsins 1949, fyrst kvenna. Varð fréttastjóri þar árið 1968, fyrst kvenna á Norðurlöndum, og starfaði þar til 1986. **Viðurkenningar:** Hlaut Norrænu Nordfagverðlaunin (1991). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2007). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-23A-3.

[VIKTORÍA] **MARGRÉT ÍSÓLFSDÓTTIR** (1902-1998) fædd á Stokkseyri, látin á Selfossi. BANKASTARFSMAÐUR og PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Þuríður Bjarnadóttir (1872-1957) og Ísólfrur Pálsson (1871-1941), tónskáld, hljóðfærasmiður og organisti. **Systkin:** 1. Páll (1893-1974), 2. Bjarni (1895-1895), 3. Bjarni Þórir (1896-1966), 4. Pálmar (1900-1982), 5. Bjarni (1904-1924), 6. Ingólfur Janus (1906-1969), 7. Þórdís (1907-1907), 8. Eyjólfur Guðni (1907-1962), 9. Sigurður (1908-1992), 10. Fjóla (1910-1916), 11. Ísólfrur (1913-1946). **M:** 1943, Haraldur Briem Ólafsson (1909-1989), bankafulltrúi. **Kjörbarn þeirra:** 1. Þuríður Elínborg (1945-2019). Á heimilinu bjuggu einnig Þuríður Ísólfsdóttir (1943) bróðurdóttir Margrétar og móðir hennar Alie Rita Ísólfsdóttir (1917-2002). **Störf:** Sinnti píanókennslu um árabil á sínum yngri árum. Starfaði hjá Landsbanka Íslands í Reykjavík 1923-1939, á Ísafirði 1939-1943 og aftur í Reykjavík 1943-1967. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit T-268.

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR (1893-1971) fædd í Árbæ í Holtum, Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR og KENNARI. **Foreldrar:** Solveig *Stefanía* Jónsdóttir (1862-1956), ráðskona á sýslumannssetrinu í Árbæ og á Birnustöðum á Skeiðum, og Jón Gunnlaugur Sigurðsson (1864-1950), skrifari hjá Páli Briem, sýslumanni í Árbæ. **Samfeðra systkin:** 1. Freyja (1897-1984), 2. Bragi (1900-1980), 3. Iðunn (1903-1957), 4. Ragnar (1906-1931), 5. Nanna (1908-1999). **M:** 1959, Magnús Pétursson (1890-1976), kennari. **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1910-1912. Sótti kennaranámskeið í Danmörku 1923. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1926. **Störf:** Var kennari við Barnaskólann í Reykjavík 1926 og síðar Austurbæjarskólann í Reykjavík en hætti kennslu vegna veikinda árið 1944. Vann lengi sem gæslukona á Þjóðminjasafninu. Var ritstjóri barnblaðsins *Æskunnar* 1928-1942. Fékkst við ritstörf og þýðingar. **Bækur:** M.a. *Við fjöllum og sæ* (1933), *Laufvindar blása* (1940), *Vorið kemur* (1943), *Ljósíð í glugganum* (1951), *Ljóð við 10 sönglög eftir J.S. Bach* (1952), *bækurnar um Toddu* (1951, 1953, 1954, 1955) og *Ný ljóð* (1970). **Þýðingar:** M.a. *Karen* eftir Helen Hempel

(1931), *Galdrakarlinn góði* (1933), *Árni og Erna* eftir Marie Henckel (1934) og *Oft er kátt í koti: tólf smáleikrit fyrir börn* (1949). **Félagsstörf:** Var virk í Góðtemplarareglunni og Lestrarfélagi kvenna. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit P-446.

MARGRÉT JÚNÍUSDÓTTIR (1882-1969) fædd í Syðra-Seli, Stokkseyrarhreppi, látin í Reykjavík. RJÓMABÚSSÝRA. **Foreldrar:** Ingveldur Erlendsdóttir (1857-1883) og Júníus Pálsson (1861-1932), bóndi og sýslunefndarmaður á Syðra-Seli. **Samfeðra systkin:** 1. Páll (1888-1888), 2. Páll (1889-1920), 3. Sigríður „eldri“ (1892-1927), 4. Bjarni (1893-1967), 5. Jón (1895-1967), 6. Þuríður (1897-1975), 7. Ágústa (1899-1973), 8. Sigríður Júnía (1907-1987). **Nám:** Nam við Mjólkurskólann á Hvítárvöllum 1907-1908 og Kvinnaskólann í Reykjavík 1909-1910. Stundaði framhaldsnám í mjólkurfræðum í Danmörku 1911-1912. **Störf:** Var rjómabússtýra í Þykkvabæ 1910-1922 og á tveimur öðrum stöðum til 1928. Var síðan stjórnandi Baugsstaðarjómabúsins árin 1930-1952 og forstöðukona Pöntunarfélags Baugsstaðabúsins 1930-1969. **Jarðsett:** Stokkseyrarkirkjugarði reit 296.

MARGRÉT SIGRÍÐUR KONRÁÐSDÓTTIR (1891-1993) fædd í Miklabæ í Óslandshlíð í Skagafirði, látin í Reykjavík. KAUPMAÐUR. **Foreldrar:** Sigríður Björnsdóttir (1872-1948) og Konráð Arngrímsson (1856-1944), bóndi og barnakennari. **Systkin:** 1. Björn Jóhannes (1894-1988), 2. Anna (1896-1985), 3. Emma Sigrún (1902-1939), 4. Pála Níelsína (1904-1981). **Störf:** Átti og rak Hannyrðaverslun Margrétar S. Konráðsdóttur samfleytt í 40 ár að Vesturgötu 19 í Reykjavík. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-2-11.

MARGRÉT ODDSDÓTTIR (um 1590-1656) fædd í Skálholti, látin í Öndverðarnesi. BÓNDI í Öndverðarnesi. **Foreldrar:** Helga Jónsdóttir (1567-1662) og Oddur Einarsson (1559-1630), biskup. **Alsystkin:** 1. Sigurður „eldri“ (1591-1675), 2. Árni (1592-1665), 3. Gísli (1593-1638), 4. Sigurður „yngri“ (1595-1617), 5. Eiríkur (1608-1666). **Samfeðra systkin:** 6. Kristín (1580-1620), 7. Bergljót (1590). Var trúlofuð sr. Þórði Jónssyni í Hítardal, „dróst þó sundur, því að leyfisbréf frá konungi seinkaði“, er haft eftir Einari prófasti. **Störf:** Var bóndi á jörð sinni Öndverðarnesi í Grímsnesi (frá því um 1630). lét byggja skála skammt frá heimili sínu og setti þar inn rúm með dýnum og ullarteppum og sá um að jafnan væru þar vistir. Varð skálinn mörgum sæluhús. Margrét tók einnig á heimili sitt margar fátækar stúlkur um tíma og var sögð hafa komið þeim í góðar vistir. **Jarðsett:** Líklega í Öndverðarnesi.

MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR (1931-2011) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. LEIKARI. **Foreldrar:** Kristjana Ragnheiður Kristjánsdóttir (1906-1982) og Ólafur Ragnar Sveinsson (1903-1970), verkamaður. **Systkin:** 1. Helga (1925-1997), 2. Kristín (1935-1936). **M:** 1951, Steindór Gísli Hjörleifsson (1926-2012), leikari. **Barn þeirra:** 1. Ragnheiður Kristín (1952). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja 1948. Stundaði nám við Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 1949-1950 og lauk burtfararprófi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1951. **Störf:** Var leikkona við Þjóðleikhúsið 1950-1953, hjá Leikfélagi Reykjavíkur frá 1953 og fastráðin þar frá 1973. Meðal hlutverka hennar hjá Þjóðleikhúsinu voru May Fielding í *Söngbjöllunni* (1950-1951) og hjá Leikfélagi Reykjavíkur m.a. gleðikona í *Þjófum, líki og fölum konum* (1964-1965), Amalía í *Húsi Bernhörðu Alba* (1965-1966), Jana í *Tápi og fjöri* (1967-1968), Frú Fína Jónsen í *Kristinhaldi undir jökli* (1969-1970) og Kleópatra í *Atómstöðinni* (1971-1972). Lék einnig

ýmis hlutverk í útvarpi og sjónvarpi. **Viðurkenning:** Var útnefnd heiðurslistamaður Garðabæjar (1999). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-9-87.

MARGRÉT THEODÓRA RASMUS, f. BJARNADÓTTIR (1877-1958) fædd á Reykhólum, Barðastrandarsýslu, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Pórey Kristín Ólína Pálsdóttir (1848-1924) og Bjarni Þórðarson (1837-1918), bóndi á Reykhólum. **Alsystkin:** 1. Pórey (1869-1933), 2. Þórður (1871-1956), 3. Böðvar (1872-1953), 4. Ragnheiður (1873-1961), 5. Bent (1876-1951), 6. Hannes Stephensen Bjarnason (1878-1931), 7. Jóhanna Kristín Petrónella (1880-1922), 8. Jón Sigurður (1883-1969), 9. Ólafía Þuríður (1885-1919). **Samfeðra systkin:** 10. Arndís (1863-1926), 11. Kristín (1864-1897). **M:** 1910, Jóhann Christian Gústav Rasmus (1881-1934), spunameistari og verksmiðjustjóri lðunnar á Akureyri. **Kjörbörn þeirra:** 1. Hendrik Rasmus (1911-1991), 2. Edith Helene Sophie Sveinsson (1916-1968), 3. Hjördís Jónsdóttir (1916-2006). **Nám:** Lærði kennsluaðferðir fingramáls og fleira í málleysingjaskóla í Kaupmannahöfn 1898, stundaði síðan nám í talskóla í Fredericia í Danmörku og lauk þaðan prófi árið 1900. Fór seinna margar námsferðir til Þýskalands og Danmerkur til að kynna sér nýjungar í kennsluaðferðum. **Störf:** Var kennari við Málleysingjaskólann á Stóra Hrauni við Eyrarbakka 1900-1907 og síðan skólastjóri Málleysingjaskólans í Reykjavík 1909-1944. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Blindravinafélagsins og Félagsins Heyrnarhjálp og sat í stjórnnum þeirra beggja. Sat í stjórn barnauppeldisjóðs Thorvaldsensfélagsins. Var ein af stofnendum Zontakvennaklúbbsins. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1933). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-24-29.

MARGRÉT RICHARDSDÓTTIR (1864-1895) fædd í Árnagerði, Fáskrúðsfirði, látin í Vattarnes-skriðum. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Guðrún Guðmundsdóttir (1830-1917) og Richard Þórólfsson (1829-1910), trésmiður. **Systkin:** 1. Þórdís Þórunn (1861-1958), 2. Ólafur (1867-1869), 3. Ingigerður (1870-1902). **Samfeðra systkin:** 4. Þórólfur (1852-1934). **M:** Þórólfur Vigfússon (1858-1942), veitingamaður í Vínólfi á Búðum, síðar á Weedy Point í Manitoba, Kanada. **Börn þeirra:** 1. Stúlka (1888-1889), 2. Richard (1891-1891). **Nám:** Lærð til ljósmóður. **Störf:** Starfaði sem ljósmóðir á Fáskrúðsfirði. Fórst í snjóflóði í Vattarnesskriðum ásamt einum fylgdarmanni, var á leið til sængurkonu á Eskifirði í fylgd þriggja fylgdarmanna. **Jarðsett:** Drukknun.

MARGRÉT KRISTRÚN SIGURÐARDÓTTIR (1931-2000) fædd á Seltjarnarnesi, látin í Reykjavík. BÆJARGJALDKERI. **Foreldrar:** Þuríður Helgadóttir (1905-1987), kennari, og Sigurður Jónsson (1893-1959), hreppstjóri, oddviti og skólastjóri. **Systkin:** 1. Jón Grétar (1929-1982), 2. Helga *Svala* (1932-2021), 3. Dóra (1943). **M:** 1963, Ágúst Jónsson (1926-1996), skipstjóri. **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Ingimarsskóla. **Störf:** Starfaði hjá Útflutningsráði, KRON og Eimskipafélagi Íslands. Var bæjargjaldkeri hjá Seltjarnarnesbæ í 30 ár eða árin 1968-1998. **Félagsstörf:** Var félagi í Kvenfélaginu Hrönn og Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness. Sat í sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-5-128.

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR THORLACIUS / Margrét frá Öxnafellu (1908-1989) fædd á Öxnafellu í Saurbæjarhreppi, Eyjafirði, látin á Akureyri. MIÐILL. **Foreldrar:** Þuríður Jónsdóttir (1875-1934) og Jón Rósinbert Þorsteinsson Thorlacius (1863-1945), bóndi á Öxnafellu í Saurbæjarhreppi. **Systkin:** 1. Þorsteinn (1898-1984), 2. Rósa (1900-1990), 3. Álfheiður (1902-1985), 4. Ester (1903-

1991), 5. Hallgrímur (1905-1992), 6. Jón (1910-1989), 7. Einar (1913-2000), 8. Þórunn (1917-1984), 9. Póra (1920-2012). **M:** 1940, Bergsveinn Guðmundsson (1904-1988), byggingameistari, skildu 1962. **Börn þeirra:** 1. Kristín Puríður (1941), 2. Guðmundur Jón (1944), 3. Friðrik (1946), 4. Gréta Berg (1948). **Sambýlismaður:** frá 1963, Þórður Halldórsson (1905-2003), refaskytta frá Dagverðará. **Störf:** Hafði skyggnigáfu og dulheyrn allt frá bernsku. Tók á móti fjölda fólks sem leitaði til hennar um lækningu og huggun á heimili sínu á Seltjarnarnesi, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Snæfellsnesi og Akureyri. **Æviminningar:** *Skyggna konan: frásagnir um dulnýr og andlegar lækningar Margrétar frá Öxnafeili, I og II*, Eiríkur Sigurðsson tók saman (1960-1963). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit D 4-19.

MARGRÉT VALDIMARSDÓTTIR (1903-1977) fædd á Eskifirði, látin í Reykjavík. VEITINGAKONA. **Foreldrar:** Hildur Jónsdóttir (1870-1936), ljósmóðir, og Valdimar Sigurðsson (1877-1929), útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Sigþóra Steinunn (1901-1972), 2. Elín Klara V. Bender (1905-1991), 3. Valdimar (1906-1965). **Uppeldisbörn:** Hildur móðir Margrétar tók í fóstur árið 1931 Valdís Hildi Valdimars Höskuldsdóttur (1930-1964), en þegar Hildur lést árið 1936 tóku systurnar Margrét og Steinunn við uppeldi Valdísar. Valdís giftist Einari Jónssyni og eignuðust þau fjögur börn. Þegar Valdís lést árið 1964 tóku þær Margrét og Steinunn við uppeldi barna hennar: 1. Steinunn Margrét (1951), 2. Jón Þór (1954), 3. Hilmar (1957), 4. Sigríður Helga (1958). **Störf:** Margrét flutti til Reykjavíkur árið 1928, rak fyrst matsölu að Laugavegi 24 til ársins 1932, en keypti það ár, ásamt Steinunni systur sinni, Hótel Skjaldbreið og ráku þær hótelið til ársins 1942. Margrét annaðist veitingasölu í Alþingishúsinu 1942-1972. Margrét og Steinunn áttu sumarbústað við Meðalfellsvatn sem þær nefndu „Dalakofa“. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-37-26.

MARGRÉT JENNY VALGEIRSDÓTTIR (1946-2002) fædd í Dísastaðaseli í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. MYNDLISTARMAÐUR og BLAÐAMAÐUR. **Foreldrar:** Helga Björg Jónsdóttir (1920-2010) og Valgeir Eiríksson (1924-1973), sjómaður. **Systkin:** 1. Guðjón Smári (1950), 2. Valgerður Heba (1953), 3. Ólafur Björgvin (1955). **M:** Óskar Mikaelsson (1943), löggiltur fasteigna- og skipasali. **Börn þeirra:** 1. Birgitt Ósk (1966), 2. Benedikt Ómar (1968), 3. Björgvin Ólafur (1972). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1966. Sótti nám við lagadeild Háskóla Íslands og í meinatækni við Tækniskóla Íslands. Sótti Leiklistarskóla leikhúsanna og Leiklistarskóla SÁL (Samtaka áhugafólks um leiklistarnám). Stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann, myndlistarnám við Akademie für Bildende Kunst í Salzburg í Austurríki, listnám við Academia di Belle Arti í Perugia, Ítalíu og við Università Italiana per Stranieri á sama stað. **Störf:** Var fulltrúi á lögfræðistofu í Reykjavík. Starfaði sem blaðamaður á *Dagblaðinu Vísi*, *Vikunni* og hjá Frjálsu framtaki. Var hönnuður hjá Dyngju hf. á Egilsstöðum. Vann við fasteignastarfsemi hjá fasteignastofunni Högun, síðar Huginn, fasteignamiðlun í Reykjavík. Fékkst við myndlist og tók þátt í samsýningum listamanna á Íslandi, Ítalíu og í Austurríki. **Félagsstörf:** Söng sópran í Pólýfónkórnum hátt á annan áratug, m.a. á sönghátíðum hér á landi og erlendis. Var félagi í Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, í Grikklandsvinafélaginu Hellas og Ítalsk-íslenska félaginu. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit D-253.

MARGRÉT ZOËGA, f. TÓMASDÓTTIR KLOG (1853-1937) fædd í Ráðagerði á Seltjarnarnesi, látin í Reykjavík. HÓTELREKANDI. **Foreldrar:** Valgerður Ólafsdóttir (1820-eftir 1870) og Tómas Klog Steingrímsson (1816-1854). **Alsystkin:** 1. Steingrímur (1844), 2. Sigríður Júlíana (1848-1910), 3.

Guðbrandur Sigurður (1849-1856), 4. Kristín Brookes (1854-1935). **Sammæðra systkin:** 5. Guðrún Ágústa (1860-1867), 6. Sigurlína Magnea (1861-1926), 7. Tómas (1865-1933), 8. Soffía Emelía (1866-1939). **M:** 1881, Einar Zoëga Jóhannesson (1842-1909), veitingamaður. **Börn þeirra:** 1. Valgerður (1881-1955), 2. Sigríður Zoëga Jacobsen (1885-1929), 3. Ingigerður Newman (1888). **Störf:** Þau hjón opnuðu Hótel Reykjavík á Vesturgötu 17 í Reykjavík árið 1896. Reistu síðan hótélbyggingu við Austurstræti 12 (teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni) og þar opnaði Hótel Reykjavíkur 1905. Þann 25. apríl 1915 kviknaði í hótelinu um miðja nótt og brann það til grunna ásamt 12 öðrum húsum við Austurstræti, Pósthússtræti og Hafnarstræti. Árið 1918 reisti Margrét hús við Laufásveg 7, Þrúðvang, og bjó þar til 1928. Einnig bjuggu í húsinu á árunum 1921-1927 Valgerður dóttir hennar og maður hennar Einar Benediktsson, skáld. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-216.

MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR (1941-2017) fædd á Suðureyri við Súgandafjörð, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Ragnhildur Kristbjörg Þorvarðsdóttir (1905-1986), kennari og organisti, og Örnólfur Valdimarsson (1893-1970), kaupmaður og útgerðarmaður. **Alsystkin:** 1. Þorvarður (1927-2013), 2. Anna (1928-1999), 3. Guðrún (1929-1933), 4. Valdimar (1932), 5. Ingólfur Óttar (1933-2017), 6. Arnbjörg Auður (1935-2020), 7. Þórunn (1937-2013), 8. Guðrún Úlfhildur (1943), 9. Sigríður Ásta (1946). **Samfeðra systkin:** 10. Finnborg (1918-1993). **M1:** 1962, Kristján Aðalbjörn Eyjólfsson (1942), hjartalyflæknir. **Börn þeirra:** 1. Örnólfur (1962), 2. Eyjólfur (1963), 3. Kristinn Sigfús (1966-1999). **M2:** 1975, Halldór Ármann Sigurðsson (1950), prófessor. **Börn þeirra:** 4. Sigurður Ármann (1973-2010), 5. Anna Ragnhildur (1974). **Sambýlismaður:** 1979-2009, Árni Kjartansson (1953), vélfræðingur. **Barn þeirra:** 6. Hlíf (1981). **Nám:** Lauk prófi frá Samvinnuskólanum 1959, stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1964 og prófi af leiðsögumannanámskeiði 1975. Tók stigspróf í söng og gítarleik frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. **Störf:** Starfaði um tíma sem gjaldkeri hjá verslun SÍS í Austurstræti. Var starfsmaður Félags einstæðra foreldra 1971-1975 og starfaði síðan á skrifstofu Félagsstofnunar stúdenta. Var læknaritari og móttökuritari hjá Læknavaktinni. Starfaði sem ritari við Hjallaskóla í Kópavogi árin 1987-2010. Þýddi nokkrar barnabækur og las upp í Ríkisútvarpinu. **Félagsstörf:** Söng með Fílharmóníukórnum í 25 ár og var um tíma í kór Kópavogskirkju og söngsveitinni Kjarabót. Sat í stjórn Fílharmóníukórsins og Félags einstæðra foreldra. Tók þátt í starfi Samtaka herstöðvaandstæðinga og söng einsöng á hljómplötu með baráttusöngvum samtakanna. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-4-28.

MARÍA SIGRÍÐUR BRYNJÓLFSDÓTTIR (1919-2005) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. TÓNSKÁLD. **Foreldrar:** María Sigtryggsdóttir (1883-1919) og Símon Jónas Kristjánsson (1864-1935), bóndi. **Kjörforeldrar:** Guðmunda Hólmfríður Jónsdóttir (1891-1970) og Brynjólfur Edvald Stefánsson (1881-1947), kaupmaður og skósmiður. **M1:** Skúli Böðvarsson Bjarkan (1915-1983), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Böðvar (1943-2007), 2. Brynjólfur (1944-1993). **M2:** Jón Gunnlaugur Ólafsson (1917-1993), deildarstjóri. **Barn þeirra:** 3. Guðmundur Kristján (1953). **Nám:** Lærði píanóleik hjá Árna Kristjánssyni. **Störf:** Starfaði um tíma á símstöðinni á Akureyri. Samdi um 150 sönglög. **Nótur:** Þrjú nótnahefti með sönglögum fyrir einsöngvara, kóra og píanó eftir Maríu í útsetningum Carls Billich komu út á árunum 1972, 1974 og 1976. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit A-168.

MARÍA EINARSDÓTTIR (1939-2016) fædd á Akureyri, látin í Kópavogi. TÓNMENTAKENNARI. **Foreldrar:** María Jóhannsdóttir (1904-1939) og Sigvaldi Jóhannes Þorsteinsson (1898-1952), sjómaður. **Systkin:** 1. Hildigunnur (1931), 2. Ragnheiður (1934), 3. Sigvaldi (1939). **Samfeðra systkin:** 4. Hulda (1945). **Kjörforeldrar:** Þórunn Þorsteinsdóttir (1910-1989) og Einar Benediktsson (1900-1953), loftskemtamaður. **M:** 1957, Sölvi Ragnar Sigurðsson (1934-2022), kennari. **Börn þeirra:** 1. Hildur Ingibjörg (1956), 2. Þórunn Ósk (1958), 3. Einar (1962), 4. Sölvi (1963). **Nám:** Lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1963. **Störf:** Var kennari við Barnaskólann á Fáskrúðsfirði 1957-1959, við Tónlistarskóla Kópavogs 1967-1968 og tónmenntakennari við Kópavogsskóla árin 1966-2006. **Félagsstörf:** Var félagi í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur frá 1958. Söng með Söngsveitinni Fílharmóníu, Fríkirkjukórnum í Reykjavík og Pólyfónkórnum á árunum 1958-1982. Sat í stjórn kvennadeildar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1966-1968 og í stjórn Kennarasambands Kópavogs. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði B-7-99.

MARÍA FINNSDÓTTIR (1922-2017) fædd á Hvilft í Önundarfirði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNKONA og KENNARI. **Foreldrar:** Guðlaug Jakobína Sveinsdóttir (1885-1981) og Finnur Finnsson (1876-1956), bóndi. **Systkin:** 1. Sveinbjörn (1911-1993), 2. Ragnheiður (1912-2004), 3. Hjálmar (1915-2004), 4. Sigríður (1918-2007), 5. Jakob (1919-1941), 6. Sveinn (1920-1993), 7. Jóhann (1920-1973), 8. Málfríður (1923-2019), 9. Kristín Fenger (1925-1998), 10. Gunnlaugur (1928-2010). **Fóstursystkin:** 11. Leifur Kristinn Guðjónsson (1935-2005). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1943 og námi við Hjúkrunarskóla Íslands 1952. Stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum, Danmörku og Englandi og nám við Háskóla Íslands, félagsvísindadeild, 1982-1984. **Störf:** Var deildarhjúkrunarkona á Landspítalanum 1954-1963, kennari við Hjúkrunarskóla Íslands 1960-1963, forstöðukona á Kleppi 1963-1969, kennari við námsbraut í hjúkrunarfræði Háskóla Íslands 1975-1976 og fræðslustjóri Hjúkrunarfélags Íslands 1979-1992. **Félagsstörf:** Átti sæti í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands 1963-1971. **Viðurkenningar:** Kosin Heiðursfélagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga (2003). Hlaut viðurkenningu Ísafjarðarbæjar fyrir brautryðjandastarf á sviði trjáræktar í Önundarfirði (2012). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-4-266.

[SIGRÍÐUR] **MARÍA** [ELÍSBET] **HALLDÓRSDÓTTIR** (1923-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Bjarný Málfríður Jónsdóttir frá Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð (1896-2003) og Halldór Kiljan Laxness, rithöfundur (1902-1998). **Samfeðra systkin:** 1. Einar Laxnes (1931-2016), 2. Sigríður (1951), 3. Guðný (1954). **M1:** 1944, Ragnar Ámundi Bjarnason (1917-1948). **Börn þeirra:** 1. Bjarni Már (1945), 2. Ragna María (1948). **M2:** 1954, Kolbeinn Karl Guðmundur Jónsson (1925-1975), véltæknifræðingur. **Börn þeirra:** 3. Halldór (1955), 4. Kristinn (1957), 5. Þór (1958). **Nám:** Gekk í Landakotsskóla og lauk gagnfræðaprófi frá Ingimarsskóla í Reykjavík. **Störf:** Starfaði m.a. á saumastofu, við verslunarstörf og seinna á skrifstofu Vélsmiðjunnar Héðins í Reykjavík. Stofnaði Fatadeildina í Miðbæjarmarkaðnum í Reykjavík 1971 og rak hana til 1982. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit B-54-28.

MARÍA HALLGRÍMSDÓTTIR (1905-1994) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LÆKNIR. **Foreldrar:** Vigdís Erlendsdóttir (1871-1948) og Hallgrímur Jónsson (1875-1961), skólustjóri Miðbæjarbarnaskólans í Reykjavík. **Systkin:** 1. Jónas (1907-1907), 2. Meyvant Óskar (1909-1980), 3. Ólafur

Davíð (1911-1914), 4. Erlendur Óskar (1914-1914), 5. Anna (1912-1997). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1925 og embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1931. **Störf:** Starfaði sem læknir í Danmörku 1931-1940. Setti þá upp læknastofu í Reykjavík. Hóf störf við fæðingardeild Landspítalans 1951 og starfaðir þar til ársins 1975. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit S-503.

MARÍA HILDEGARD, f. MATHILDE HILPERT (1910-2000) fædd í Ruhr í Þýskalandi, látin í Danmörku. PRIORINNA. Gekk í klaustur St. Jósefssystra í Kaupmannahöfn 1932 og vann klausturheit sín fyrst 1935 og lokaheit 1938. **Nám:** Hóf nám í hjúkrun 1934 og lauk því 1937. Stundaði framhaldsnám í spítalastjórnun við Árósháskóla 1950-1951. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarfræðingur á St. Jósefsspítala í Kaupmannahöfn til 1954. Kom til Íslands 1954 og var Priorinna við St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 1954-1958, við St. Jósefsspítala í Landakoti 1958-1976 og síðar í Garðabæ, en fluttist loks á hjúkrunarheimili St. Jósefssystra í Danmörku. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1977) og Stórriddarakrossi (1985). Sæmd heiðursmerki Rauða krossins og gerð að heiðursfélaga Hjúkrunarfélags Íslands (1989). **Jarðsett:** Grafreiti St. Jósefssystra í Danmörku.

MARÍA JÓNSDÓTTIR (1918-2020) fædd á Blönduósi, látin á Hvolsvelli. KVÆÐAKONA. **Foreldrar:** Halldóra Margrét Guðmundsdóttir (1886-1963) og Jón Lárusson (1873-1959), bóndi og kvæðamaður. **Systkin:** 1. Sigríður (1915-1999), 2. Pálmi (1917-2011), 3. Kristín (1922-2009), 4. Guðmundur (1925-2015), 5. Jónas (1925-2019). **Uppeldissystkin:** 6. Vignir B. Árnason (1934). **M:** 1947, Ólafur Steinsson (1911-1993), bóndi Kirkjulæk í Fljótshlíð 1946-1984. **Börn þeirra:** 1. Halldóra (1949), 2. Steinn Ingi (1950), 3. Sigurbjörg Ágústa (1952), 4. Jón (1955-2008), 5. Hjálmar (1958), 6. Kristín (1959), 7. Álfheiður (1963). **Nám/störf:** Vann um tíma á klæðskera-verkstæði í Reykjavík. Lærði að kveða hjá föður sínum. Kvað fjölbreytt kvæðalög og stemmur og kom víða fram á kvæðaskemmtunum um allt land, allt frá 10 til 100 ára aldurs. Fékkst við hannyrðir og kenndi handmennt við Barnaskóla Fljótshlíðar í nokkra vetur. Málaði myndir og mótaði myndverk úr ýmsum efnum. **Félagsstörf:** Söng með Kirkjukór Fljótshlíðar (og fleiri kórum) í áratugi. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir rímnakveðskap og varðveislu þjóðlegrar kvæðamenningar (2009). **Jarðsett:** Breiðabólstaðar-kirkjugarði.

MARÍA ESTER KJELD (1932-2010) fædd í Tjarnarkoti í Innri-Njarðvík, alin upp í Færeyjum, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Jóna Guðrún Finnbogadóttir (1911-1994) og Jens Sófus Kjeld (1908-1980), verkamaður og smiður. **Systkin:** 1. Hanna (1933), 2. Kristbjörg (1935), 3. Matthías (1936-2019), 4. Finnboggi (1938-1993), 5. Kristjana (1944-1984). **Nám:** Útskrifaðist frá Uppeldisskóla Sumargjafar 1953. Stundaði nám í heyrnarfræði og heyrnarmælingum í Hörecentralen í Danmörku 1960. Lauk prófi frá Statens speciallærerskole í Ósló í almennri sérkennslu og kennslu fyrir heyrnarlausu 1968. Lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands og cand.paed.spec.-prófi frá Statens Högskola for spesialpedagogikk í Noregi 1977. Lauk starfsleiknínámi fyrir stjórnendur frá Kennaraháskóla Íslands 1990. **Störf:** Starfaði ýmist sem fóstura eða forstöðukona á dagvistarheimilunum Barónsborg, Grænuþorg og Laufásborg á árunum 1953-1962. Starfaði á heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1960-1967 og við Heyrnleysingjaskólann 1968-1981. Sinnti störfum sem ráðgjafi, m.a. í Bjarkarhlíð, Kjarvalshúsi og

hjá Dagvist barna. Var skólastjóri við Þjálfunarskóla ríkisins, síðar Fullorðinsfræðslu fatlaðra, árin 1983-2002. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Fóstrufélags Íslands í nokkur ár, m.a. sem formaður 1962-1963, og í stjórn Félags íslenskra sérkennara 1970-1985, sem formaður 1983-1985. Var félagi í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. Var virkur þátttakandi í félagsstarfi Færeyinga á Íslandi og æfði og sýndi með þeim færeyskan dans. **Jarðsett:** Njarðvírkirkjugarði reit A-7-87.

MARÍA [BÓTHILDUR JAKOBÍNA PÉTURSDÓTTIR] **MAACK** (1889-1975) fædd á Stað í Grunnavík, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Vigdís Einarsdóttir (1859-1943) og sr. Pétur Andreas Maack Þorsteinsson (1859-1892), prestur. **Systkin:** 1. Elín Þóra (1886-1960), 2. Brynhildur (1888-1960), 3. Áslaug Katrín (1891-1951), 4. Pétur Andrés Maack Pétursson (1892-1944). **Nám:** Stundaði hjúkrunarfræðinám við Laugarnesspítala 1909-1910 og lauk prófi hjá Sæmundi Bjarnhéðinssyni, yfirlækni. **Störf:** Var gangastúlka á Holdsveikra-spítalanum í Laugarnesi sumarið 1909. Var hjúkrunarkona á Laugarnesspítala 1911-1916 og í Vestmannaeyjum 1916-1917. Starfaði hjá Reykjavíkurbæ frá 1918, fyrst á Franska spítalanum, síðan skamma hríð í Sóttvarnarhúsinu og síðast við Farsóttahúsið við Þingholtsstræti og var yfirhjúkrunarkona þar árin 1920-1964. **Félagsstörf:** Sat lengi í framfærslunefnd Reykjavíkur. Var stofnfélagi í Sjálfstæðiskvennafélaginu Hvöt 1937 og gjaldkeri félagsins til 1948, en tók þá við formensku og gegndi því starfi í 18 ár eða til 1968 (þegar Auður Auðuns tók við). Starfaði í Sálarrannsóknafélagi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands frá stofnun og enn fremur í Kvenréttindafélaginu. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1959). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit D-5-2.

MARÍA KARÓLÍNA MAGNÚSDÓTTIR (1909-2005) fædd á Njálstöðum í Vindhælishreppi, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Hafnarfirði. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Guðrún Einarsdóttir (1879-1981) og Magnús Steingrímsson (1881-1951), bóndi. **Systkin:** 1. Steingrímur (1908-1975), 2. Sigurður (1910-1997), 3. Guðmann (1913-2000), 4. Guðmundur Bergmann (1919-2010), 5. Páll Valdimar Bergmann (1921-2011). **M:** 1942, Pétur Jónsson (1887-1977), bóndi og hreppstjóri. **Barn þeirra:** 1. Pálína Guðný (1943). **Nám:** Sat í unglingaskólanum að Hólum í Hjaltadal 1930. Lauk ljósmæðraprófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1931. Sótti Kvennaskólann á Blönduósi 1933-1934. Fór í sex mánaða náms- og starfsdvöl í Danmörku til að kynna sér meðferð ungbarna 1939. **Störf:** Var ljósmóðir í Engihlíðarumdæmi 1931-1936, Bólstaðarhlíðarumdæmi 1933-1935, Sauðárkróks- og Skarðshreppsumdæmi og á Sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki 1936-1979. Starfaði við heimilishjálp eldri borgara í Hafnarfirði 1979-1989. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Rauðakrossdeildar Sauðárkróks og var í fyrstu stjórn hennar. Sat í barnaverndarnefnd Sauðárkróks um árabíl. Var virk í Kvenfélagi Sauðárkróks. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi í Kvenfélagi Sauðárkróks. **Jarðsett:** Sauðárkróskirkjugarði reit E-8-35.

MARÍA MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR (1916-2017) fædd í Geldingaholti í Skagafirði, látin á Blönduósi. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Halldóra Sigríður Jónsdóttir (1892-1931) og Magnús Magnússon (1892-1978), ritstjóri. **Stjúpfaðir:** Magnús Jónsson (1896-1980). **Sammæðra systkin:** 1. Þorvaldur (1920-2006), 2. Ingibjörg Guðrún (1924-2009). **Samfeðra systkin:** 3. Gerður (1919-1992), 4. Ásgeir (1923-1975), 5. Helgi Birgir (1926-1986). **Nám:** Stundaðir nám í Flensburg í Hafnarfirði 1930-1933. Las þýsku hjá sr. Jóni Auðuns í tvö ár. Lærði hjúkrun í Glasgow Royal

Mental Hospital í Glasgow 1939-1944 og útskrifaðist sem geðhjúkrunarfræðingur. Stundaði nám í almennri hjúkrun við Charing Cross spítala í London frá 1944 og tók lokapróf þaðan 1946 og við tók skylduvinnu til 1947. Sótti ársnámskeið 1947 hjá The National Hospital in Neurology and Neurosurgery, Englandi. **Störf:** Hóf störf árið 1948 sem yfirhjúkrunarkona á The National Hospital for Neurology and Neurosurgery (NHNN), Queen Square í London (hluti af University College London). Starfið hófst á námskeiði í spítalastjórnun sem spítalinn kostaði. Starfaði þar síðan sem yfirhjúkrunarkona til starfsloka árið 1982. Flutti nokkrum árum eftir starfslok til Íslands árið 1994 og settist að á Blönduósi. **Félagsstörf:** Var félagi í Viking Society og Konunglega breska fuglaverndarfélaginu (RSPB). Var félagi í Fuglaverndarfélagi Íslands. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Fuglaverndarfélagi Íslands (frá 2013). Var fyrsti heiðursfélagi Félagsins Ísland-Palestína. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-27-31a.

MARÍA MARKAN ÖSTLUND, f. EINARSDÓTTIR (1905-1995) fædd í Ólafsvík, látin í Reykjavík. ÓPERUSÖNGKONA. **Foreldrar:** Kristín Árnadóttir (1864-1930) og Einar Markússon (1864-1951), verslunarstjóri og ríkisbókari. **Systkin:** 1. Helga (1892-1967), 2. Markús (1893-1942), 3. Sigríður (1895-1980), 4. Elísabet (1897-1985), 5. Sigurður E. Markan (1899-1973), 6. Einar E. Markan (1902-1973). **M:** 1942, Georg Östlund (1901-1961). **Barn þeirra:** 1. Pétur Östlund (1943). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1921-1923. Hóf árið 1927 söngnám í Berlín, bæði fyrir konsert og óperu, m.a. hjá Ellu Schmucker og Pauline Viardot-Garcia. Lauk óperuprófi við Bühnen Nachweis í Berlín 1935. **Störf:** Starfaði sem konsert- og óperusöngkona um árabíl, m.a. í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, Hamborg, Berlín, London, Ástralíu, Kanada, New York og Reykjavík. Hélt fyrstu sjálfstæðu tónleika sína á Íslandi 1930 og í Berlín 1935. Réðst sama ár til Schiller-Óperunnar í Hamborg. Var ráðin að Glyndebourne-Óperunni á Englandi 1939. Hélt tónleika í Ástralíu á vegum ástralska útvarpsins eftir að heimsstyrjöldin skall á. Fór síðan til Kanada og hélt þar tónleika bæði í Vancouver og Winnipeg. Var ráðin að Metropolitan-óperunni í New York til allt að þriggja ára með samningi undirritaður 1941. Hélt tónleika á Íslandi haustið 1954 og tók um veturinn þátt í uppfærslu Þjóðleikhússins á *I Pagliacci* og *Cavalleria Rusticana*. Flutti ásamt Georg manni sínum til Íslands 1955 og settust þau að í Keflavík. Rak raddþjálfunar- og söngskóla í Reykjavík 1962-1983. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Félagi íslenskra tónlistarmanna og Félagi íslenskra einsöngvara. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1940). Hlaut heiðurslistamannalaun Alþingis fyrst íslenskra kvenna. **Jarðsett:** Keflavíkurkirkjugarði reit B-9-31.

MARÍA HUGRÚN ÓLAFSDÓTTIR (1921-1979) fædd í Tálknafirði, látin í Kaupmannahöfn. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Jóna Sigurbjörg Gísladóttir (1880-1952) og Ólafur Kolbeinsson (1863-1955). **Systkin:** 1. Guðrún (1902-1977), 2. Jón Bjarni (1903-1987), 3. Gísli (1905-1911), 4. Sigurfljóð (1908-1996), 5. Anna (1909-1999), 6. Gísli (1913-1993), 7. Valdís (1916-1936), 8. Ragnhildur Pálína (1918-1996), 9. Kristján (1919-1997). **Barnsfaðir:** Ósvald Knudsen (1899-1975), málari og kvikmyndagerðarmaður. **Barn þeirra:** 1. Vilhjálmur Knudsen (1944-2020). **M:** Alfred Immanuel Jensen (1918-2006), listmálari. **Börn þeirra:** 2. Johanne Maria (1953), 3. Valdis Elsebet (1957). **Nám:** Nam við Listaskóla Marteins Guðmundssonar og Björns Björnssonar í Reykjavík 1937-1940, Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík 1941-1943 og Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster í Kaupmannahöfn 1946-1952. **Störf:** Fékkst við málalíst og sýndi verk sín víða. **Sýningar:** Hélt einkasýningar í Norræna húsinu í Reykjavík (1973, 1976),

Nikolaj Kirke (1976) og Galleri Soer í Danmörku (1977). Átti verk á samsýningum, m.a. sýningu úr Listasafni Íslandi haldin í Grundarfirði (1975), í Listasafni Íslands (1985, 1997), Jónshúsi í Kaupmannahöfn (1974) og a.m.k. á 30 samsýningum í Danmörku á árunum 1952-1981 með „SE“ hópnum. **Barnabók:** *Villi fer til Kaupmannahafnar* með tréskurðarmyndum, en texta eftir Maríu H. Ólafsdóttur (1971). **Viðurkenningar:** Fékk heiðursstyrki frá Ekersberg-Thorvaldsens-fond, Statens Kunstfond, Anne E. Munch, Dansk-Íslandsk fond og Menntamálaráði. **Jarðsett:** Danmörku.

MARÍA ANNA PÉTURSDÓTTIR (1919-2003) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík.

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Elín Torfadóttir (1879-1964) og Pétur Sigurðsson (1890-1972), erindreki, ritstjóri og skáld. **Systkin:** 1. Esra Seraja (1918-2000). **M:** 1947, Finnbogi Guðmundsson (1906-1974), útgerðarmaður frá Gerðum í Garði. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1938 og cand.phil.-próf frá Háskóla Íslands 1939. Stundaði nám í lýðháskóla í Svíþjóð 1939. Lauk prófi frá Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands 1943. Stundaði framhaldsnám í barnahjúkrun í Cleveland 1943-1944, geðhjúkrun í Providence 1944, hjúkrunarkennslu í Toronto 1944-1945 (Rockefellerstyrkþegi) og síðan við Vanderbilt University í Nashville. Sótti námskeið í berklarannsóknunum 1951 og 1954 í Kaupmannahöfn á vegum WHO. Fór námsferð til hjúkrunarskóla í Toronto, Hamilton og Saskatchewan í Kanada 1974. **Störf:** Starfaði við hjúkrun á Landspítalanum 1945-1947. Var kennari við Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands (seinna Hjúkrunarskóla Íslands) 1945-1946 og stundakennari þar um 20 ára skeið frá 1955. Var skólastjóri Nýja Hjúkrunarskólans allan starfstíma hans eða 1972-1990 (skólinn þróaðist í að sinna einkum framhalds- og sérfræðinámi hjúkrunarfræðinga). Varð jafnframt kennslustjóri námsbrautar í hjúkrunarfræði fyrstu árin eftir stofnun hennar við Háskóla Íslands 1973. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands, gjaldkeri 1945-1958, ritari 1958-1960 og formaður 1964-1974. Sat í varastjórn og aðalstjórn SSN (Samvinnu hjúkrunarkvenna á Norðurlöndum) 1967-1979 og var formaður Samtaka heilbrigðisstétta frá stofnun 1969 og til 1972 og aftur 1977-1980. Sat í varastjórn BSRB 1970-1973 og aðalstjórn 1973-1976. Var formaður Kvenfélagasambands Íslands og samtímis í stjórn Norræna húsmæðrasambandsins 1979-1987. Var í stjórnarnefnd Bréfaskólans 1976-1986. Sat í nefnd til að kanna möguleika á framhaldsnámi hjúkrunarkvenna á háskólastigi 1970. Sat í stjórnarnefnd Skálholtsútgáfunnar 1982-1985. Sat einnig í nefndum á vegum Unesco, HFÍ, SSN, Bandalags kvenna í Reykjavík og félagsmálaráðuneytis, auk þess að taka þátt í starfi fjölda annarra nefnda. Sótti ráðstefnu um réttindamál kvenna í Nairobi 1985. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1973). Var kjörin heiðursfélagi Bandalags kvenna í Reykjavík (1987), Hjúkrunarfélags Íslands (1988), Kvenfélagasambands Íslands (1989), og heiðruð af námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands (1998). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-7-66.

MARÍA SIGURÐARDÓTTIR (1928-2007) fædd í Reykjavík, látin á Vífilstöðum í Garðabæ.

VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Þuríður Pétursdóttir (1886-1949) og Sigurður Árnason, (1877-1952), vélstjóri. **Systkin:** 1. Ingveldur (1905-1994), 2. Ingibjörg (1907-1992), 3. Helga (1909-1985), 4. Bryndís (1911-1998), 5. Elísabet (1912-1999), 6. Árni (1915-2001), 7. Emilía (1917-1987), 8. Þuríður (1917-1994), 9. Pétur (1918-1990), 10. Erlendur (1919-2009), 11. Sigurður (1921-2000), 12. Haraldur Örn (1924-2014), 13. Valur (1925-2001), 14. Bergljót (1931). **M:** 1962, Sigurjón Rist (1917-1994), vatnamælingamaður. **Börn þeirra:** 1. Rannveig (1961), 2.

Bergljót (1966). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1948 og lokaprófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1953. Dvaldi á vegum Rotary Foundation Fellow í Heidelberg í Þýskalandi 1955-1956. **Störf:** Var starfsmaður Útvegsbanka Íslands 1950-1963 og þar af árin 1956-1963 sem deildarstjóri. Var kennari við Menntaskólann í Reykjavík 1963-1964. Starfaði fyrir Íslensku landsnefndina IHD (alþjóðlegu vatnafræðinefndina) 1965-1974. Starfaði sem kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti árin 1975-1996, var deildarstjóri þar um árabil og kennslustjóri á viðskiptasviði 1984-1990. **Félagsstörf:** Var gjaldkeri Míningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1972-1985 og formaður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur III 1980-1982. **Viðurkenningar:** Hlaut viðurkenningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands fyrir að vera fyrsta konan til að útskrifast með próf í viðskiptafræði frá deildinni (2001). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-16-34.

MARÍA ÞORSTEINSDÓTTIR (1914-1995) fædd á Hrólfsstöðum í Skagafirði, látin í Reykjavík. RITSTJÓRI og SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Margrét Rögnvaldsdóttir (1889-1993) og Þorsteinn Björnsson (1889-1980), bóndi á Hrólfsstöðum. **Systkin:** 1. Birna Guðfinna (1920-2015), 2. Guðrún (1925-1980). **M:** Friðjón Stefánsson (1911-1970), rithöfundur og kaupfélagsstjóri. **Börn þeirra:** 1. Þorsteinn Stefán (1936-1961), 2. Herborg Halima (1937-2015), 3. Katrín Guðrún (1945-1990). **Fósturbarn þeirra:** 4. Freyja (1961), sonardóttir þeirra. **Störf:** Starfaði um tíma við blaðamennsku á *Þjóðviljanum*. Vann á skrifstofu Starfsstúlknafélagsins Sóknar 1962-1976. Var ritstjóri blaðsins *Fréttir frá Sovétríkjunum* sem gefið var út að APN-fréttastofunni á Íslandi 1977-1991. **Félagsstörf:** Var virkur félagi í Sósíalaflokki Íslands, síðan Alþýðubandalaginu og síðast Samtökum um kvennalista. Var stofnfélagi og í stjórn Menningar- og friðarsamtaka Íslenskra kvenna frá 1951. Starfaði með Sósíalafélagi Reykjavíkur og Kvenfélagi sósíalista. Var virkur félagi í MÍR (Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna) og félaginu Ísland-DDR. Starfaði með Samtökum hernámsandstæðinga, síðar Samtökum herstöðvarandstæðinga. **Æviminningar:** *Skilmálarnir hennar Maríu*, höfundur Nanna Rögnvaldardóttir (1991). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-16-69.

MARTA VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR (1889-1969) fædd í Landakoti á Vatnsleysuströnd, látin í Reykjavík. ÆTTFRÆÐINGUR og ORGANISTI. **Foreldrar:** Guðrún Hannesdóttir (1848-1942) og Jón Jónsson (1842-1921), bóndi, smiður og vefari. **M:** Björn Þorgrímsson (1886-1966), bókari. **Fósturbarn þeirra:** 1. Jóhanna Einarsdóttir (1919-1998). **Kjörbarn þeirra:** 2. Anna Sigríður Björnsdóttir (1921-2016). **Störf:** Var fyrsti símsstöðvarstjóri í Keflavík 1908-1912. Var fyrsti organisti og stofnandi og stjórnandi kirkjukórs Keflavíkurkirkju 1914-1919. Stundaði ættfræðirannsóknir og má nefna framlag hennar til útgáfu *Manntals 1816*. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Kvenfélagsins Freyju í Keflavík. **Bók:** Var höfundur verksins *Keflavík í byrjun aldar: minningar frá Keflavík*, þrjú bindi í öskju (1989). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-6-7.

MARTA THORS (1918-1998) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SENDIRÁÐSSTARFSMAÐUR og TÓNLISTARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Ingibjörg Indriðadóttir Thors (1894-1988) og Ólafur Thors (1892-1968), forsætisráðherra. **Systkin:** 1. Thor Jensen (1916-1921), 2. Thor (1922-1992), 3. Ingibjörg (1924-2004), 4. Margrét Þorbjörg (1929-2003). **M:** 1946, Pétur Benediktsson (1906-1969), sendiherra, bankastjóri og alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Ólöf (1948-2008), 2. Guðrún (1950). **Nám:** Stundaði nám í píanóleik í Vínarborg 1936-1938. **Störf:** Starfaði á stríðsárunum við

nýstofnað sendiráð Íslands í Washington. Var tónlistarfulltrúi hjá Ríkisútvarpinu í um 20 ár frá 1969 til 1988. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-24.

MARTHA MARÍA KALMAN INGIMARSDÓTTIR (1928-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR og GILITRUTT Í KVIKMYND. **Foreldrar:** María Amelía Þórðardóttir (1898-1992) og Ingimar Þorkelsson (1902-1980), starfsmaður Reykjavíkurhafnar í 40 ár. **Systkin:** 1. Þorkell (1929-2010), 2. Haukur (1930-2021), 3. Ólafur (1932-1973). **Fóstursystkin:** 4. Karlotta Aðalsteinsdóttir (1939-1979). **M:** 1958, Alexander Littlejohn Goodall (1930-1997) frá Kirkcaldy í Skotlandi, starfsmaður Ofnasmiðjunnar. **Börn þeirra:** 1. James Ingimar Alexandersson (1963), 2. Elísabet Alexandersdóttir (1964). **Nám:** Lauk prófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur (Ingimarsskóla). **Störf:** Starfaði við Loftskeytastöðina í Gufunesi. Var við skrifstofustörf í Skotlandi. Vann eftir flutning aftur til Íslands við vélritun bókarhandrita fyrir rithöfunda þess tíma, eins og Elías Mar o.fl., en starfaði lengst af á skrifstofu Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. **Leikur í kvikmynd:** Árin 1955-1956 fóru fram upptökur á kvikmyndinni *Gilitrutt* á vegum Ásgeirs Long og Valgarðs Runólfssonar. Martha lék titilhlutverk myndarinnar, sjálfa Gilitrutt. **Félagsstörf:** Var virk í félagsstarfi eldri borgara í Hafnarfirði og um tíma í stjórn Hraunsels, félagsheimilis eldri borgara. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit D-8-34.

MARTHA MARÍA KALMAN, f. INDRIDADÓTTIR (1889-1940) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Martha María Pétursdóttir Guðjónsen (1851-1931) og Indriði Einarsson (1851-1939), hagfræðingur og rithöfundur. **Systkin:** 1. Eufemía I. Waage (1881-1960), 2. Guðrún Sigríður (1882-1968), 3. Emilía Kristjana (1884-1939), 4. Ingibjörg I. Thors (1894-1988), 5. Lára (1885-1976), 6. Einar Viðar (1887-1923), 7. Jens Gunnar Viðar (1897-1972). **M:** Björn Pálsson Kalman (1883-1956), hæstaréttarmálflutningsmaður, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Helga (1914-1973), 2. Hildur (1916-1974), 3. Björn (1922-1981), 4. Páll Einar (1924-1996). **Störf:** Starfaði sem leikkona hjá Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1898-1939 og lék þar um 80 hlutverk, m.a. Nicette í *Kamelíufrúnni* (1906), Frú Smeely í *Sherlock Holmes* (1911), Emmu í *Spanskflugunni* (1926) og Ungfrú Bourne í *Draugalestinni* (1931). Þýddi og leikstýrði leikritinu *Litli Kláus og Stóri Kláus* (1931). Lékk árið 1921 aðalhlutverk í kvikmyndinni *Saga Borgarættarinnar* sem byggði á sögun Gunnars Gunnarsson, framleidd í Danmörku af Nordisk Film Kompagni. Varð árið 1930 fyrst til að lesa barnasögu inná plötu (78sn), sögu Jónasar Hallgrímssonar um heimsókn drottningarinnar á Englandi til kóngsins í Frakklandi (útg. 1930, 1954). **Félagsstörf:** Var gjaldkeri Leikfélags Reykjavíkur og formaður þjóðleikhúsnefndar. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-223.

MÁLFRÍÐUR EINARSDÓTTIR (1899-1983) fædd í Munaðarnesi í Stafholtstungum, Mýrasýslu, látin í Reykjavík. SKÁLD og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Málfríður Kristjana Björnsdóttir (1864-1899), ljósmóðir, og Einar Hjálmsón (1862-1921), bóndi í Munaðarnesi. **Systkin:** 1. Magnús (1892-1973), 2. Margrét Sigríður (1893-1973), 3. Björn (1895-1947), 4. Hjálmur (1895-1967), 5. Jón (1899-1899). **M:** Guðjón Eiríksson (1890-1970), húsvörður. **Barn þeirra:** 1. Þorsteinn (1928-2000). **Nám:** Sótti Lýðskólann hjá Sigurði Þórólfsyni á Hvítárbakka. Nam við Kennaraskólann í Reykjavík um tíma. **Störf:** Fékkst við ritstörf en gaf ekki út bækur sínar fyrr en seint á ævinni. Kvæði hennar birtust í blöðum, tímaritum og ríkisútvarpinu. **Bækur:** *Samastaður í tilverunni* (1977, 2008), *Úr sálarkirnunni* (1978), *Auðnuleysingi og Tötrughyppja: að viðbætti sögu af Hotta vesalingi og mér* (1979), *Bréf til Steinunnar* (1981), *Tötra í Glettingi* (1983) og *Rásir Dægranna*

(eftirlátin rit, 1986). **Viðurkenningar:** Hlaut viðurkenningu frá Menntamálaráði (1978), starfslaun úr Launasjóði rithöfunda (1979 og 1980) og skálda- og listamannalaun (1980). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-3-61.

MÁLFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR (1927-2015) fædd á Arnarvatni í Mývatnssveit, látin á Akureyri. ALÞINGISMAÐUR. **Foreldrar:** Hólmfríður Pétursdóttir (1889-1974) og Sigurður Jónsson (1878-1949), kennari, skáld og bóndi. **Alsystkin:** 1. Þóra (1920-2001), 2. Arnheiður (1921-2001), 3. Jón (1923-2014), 4. Eysteinn Arnar (1931-2004). **Samfeðra systkin:** 5. Freydís (1903-1990), 6. Ragna (1906-1999), 7. Heiður (1909-1987), 8. Arnljótur (1912-2001), 9. Hulda (1913-2002), 10. Sverrir (1916-1996). **M:** 1948, Haraldur Jónsson (1912-1976), bóndi á Jaðri í Reykjadal. **Börn þeirra:** 1. Þóra (1948), 2. Sigurður Örn (1951), 3. Jón Einar (1953), 4. Helgi (1956), 5. Margrét (1958), 6. Hólmfríður (1962), 7. Sigríður (1964). **Nám:** Lauk prófi frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 1947. **Störf:** Var húsmóðir á Jaðri í Reykjadal 1948-1992, en ráðskona á sumrum hjá Vegagerð ríkisins 1968-1985. Starfaði sem kennari við grunnskóla Reykdæla 1967-1979. Var aðstoðarráðskona við Kristnesspítala á veturnum 1981-1985 og í fullu starfi 1985-1987. Var bókavörður við Amtsbókasafnið á Akureyri 1992-2001. **Stjórnmalastörf:** Sat á Alþingi sem landskjörinn varapingmaður Norðurlands eystra fyrir Samtök um kvennalista í nóvember 1984 og október 1986 og sem alþingismaður Norðurlands eystra 1987-1991. Sat í Vestnorræna þingmannaráðinu 1989-1991. Var formaður þingflokks Samtaka um kvennalista 1990-1991. **Jarðsett:** Einarstaðakirkjugarði reit 15.

MELITTA URBANCIC, f. GRÜNBAUM (1902-1984) fædd í Austurríki, látin í Reykjavík. SKÁLDKONA, MYNDHÖGGVARI og LEIKKONA. **Foreldrar:** Ilma, f. Mauthner og Alfred Grünbaum, lögfræðingur. **M:** 1930, Victor Jóhannes Urbancic (1903-1958), tónskáld og hljómsveitarstjóri. **Börn þeirra:** 1. Pétur Marteinn Páll (1931), 2. Ruth Erb (1932), 3. Sibyl Kneits (1937), 4. Erika (1945). **Nám:** Stundaði nám í býflugnarækt við landbúnaðarháskóla í Austurríki. Lagði stund á heimspeki og germönsk málvísindi við Háskólann í Vínarborg og Ruprecht-Karls háskólann í Heidelberg og lauk þaðan doktorsgráðu 1928. Meðfram háskólanáminu stefndi hún á feril sem leikkona og nam við leiklistarskóla leikstjórans Max Reinhardt. **Störf:** Fékk ráðningarsamning sem leikkona 1928 við leikhús í Baden-Baden og síðar í Koblenz í Þýskalandi undir listamannsnafninu Makarska. Þau hjónin fluttust árið 1938 frá Austurríki eftir valdatöku nasista og leituðu ásamt börnum sínum hælis á Íslandi. Kenndi árum saman erlend tungumál, m.a. frönsku, ensku og þýsku, við Menntaskólann í Reykjavík, Málaskólann Mími og víðar. Samdi fjölda ljóða á þýsku og birti í blöðum og tímaritum á þýsku (þýdd löngu eftir dauða hennar á ensku og íslensku). Samdi ritgerðir um heimspekileg efni og birti á áttunda áratugnum í tímaritinu *Entscheidung; Blätter katholischen Glaubens*. Fékkst við höggmyndalist og prýða sum verk hennar opinberar byggingar í Reykjavík, m.a. höggmynd á Hallveigarstöðum við Túngötu 14 og eirmynd í anddyri fæðingardeildar Landspítalans. Átti frumkvæði að því að koma á fót býflugnarækt á Íslandi undir lok sjötta áratugarins. **Viðurkenning:** Málþing um ævi og verk Melittu var haldið í Þjóðarbókhlöðunni við opnun sýningar um líf hennar og ævistarf og útgáfu bókarinnar *Frá hjara veraldar/Vom Rand der Welt* (2014). **Jarðsett:** Purkersdorf í Austurríki.

MESSÍANA MARZELLÍUSDÓTTIR (1942-2020) fædd á Ísafirði, látin á Ísafirði. HARMONIKUKENNARI. **Foreldrar:** Alberta Albertsdóttir (1899-1987) og Marzellíus Bernharðsson

(1896-1977), skipasmíðameistari. **Alsystkin:** 1. Guðmundur Jón Dan (1927-1994), 2. Kristín (1928-2016), 3. Sigríður Guðný (1929-1930), 4. Helga Þuríður (1930-2008), 5. Kristinn (1932-1932), 6. Högni (1933), 7. Bettý (1935-2005), 8. Þröstur (1937). **Sammæðra systkin:** 9. Jónína Jóhanna Kristjánsdóttir (1922-2010), 10. Stefanía Áslaug Kristjánsdóttir (1923-2012), 11. Kristján Sveinn Kristjánsson (1924-2001). **M:** 1961, Ásgeir Sigurður Ingólfur Sigurðsson (1937-2019), járnsmiður. **Börn þeirra:** 1. Þórlaug Þuríður (1961), 2. Helga Alberta (1963), 3. Sigríður Guðfinna (1966). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi á Ísafirði og var við nám í Húsmæðraskólanum á Laugum í Þingeyjarsýslu. Stundaði píanónám við Tónlistarskólann á Ísafirði hjá Ragnari H. Ragnars og í eitt ár í Reykjavík hjá Jóni Nordal. **Störf:** Var við verslunarstörf í nokkur ár, en starfaði lengst af sem píanó- og harmonikukennari við Tónlistarskólann á Ísafirði. **Félagsstörf:** Starfaði lengi í Sjálfsbjörgu á Ísafirði og var formaður um árabíl. Var í hópi stofnfélaga kvennastúku Oddfellow á Ísafirði og var organisti stúkunnar í 40 ár. Var félagi í Harmonikufélagi Vestfjarða. Afhenti ásamt eigimanni sínum Ísafjarðarbæ 140 harmonikur að gjöf árið 2008. **Viðurkenning:** Sæmd gullmerki Sjálfsbjargar (2015). **Jarðsett:** Réttarholtskirkjugarði í Engidal, Ísafirði.

MONIKA SIGURLAUG HELGADÓTTIR (1901-1988) fædd á Ánastöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, látin á Sauðárkróki. BÓNDI og HANNYRÐAKONA í Merkigili, Austurdal, Skagafirði. **Foreldrar:** Margrét Sigurðardóttir (1867-1960) og Helgi Björnsson (1854-1947), bóndi á Ánastöðum. **Systkin:** 1. Marta Kristín (1894-1927), 2. Sigurjón (1895-1974), 3. Magnús Helgi (1896-1979), 4. Ísfold (1898-1971), 5. Hólmfríður Elín (1900-2000), 6. Ófeigur Egill (1903-1985), 7. Jóhanna *Sigríður* Jónína (1906-1999), 8. Hjálmar Sigurður (1908-2005). **M:** 1926, Jóhannes Bjarnason (1896-1944), bóndi Merkigili. **Börn þeirra:** 1. Elín Jóhanna (1926-1981), 2. Margrét Marta (1928-2016), 3. Jóhanna Soffía (1930), 4. Guðrún Ingiríður (1932), 5. Birna Hjördís (1936), 6. Sigurbjörg Helgey (1939), 7. Skarphéðinn (1942), 8. Jódís Ingibjörg (1944). **Störf:** Þau hjón hófu búskap á Merkigili í Austurdal 1926. Eftir að Jóhannes lést hélt Monika þar áfram búskap og byggði steinsteypt íbúðarhús 1949. Barðist lengi fyrir brú á Austari-Jökulsá yfir í Merkigil, sem reis um síðir og er yfirleitt nefnd Monikubrú. Var hannyrðakona og saumaði m.a. út stóra mynd af Ólafi liljurós og álfkonunni sem er nú varðveitt á lofti Áshússins við Glaumbæ. **Æviminningar:** *Konan í dalnum og dæturnar sjö: saga Moníku Helgadóttur á Merkigili*, skráð af Guðmundi Gíslasyni Hagalín (1954). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1953). **Jarðsett:** Reykjakirkjugarði Mælifellsprestakalli Skagafirði reit 40.

N

NANNA EGILS BJÖRNSSON (1914-1979) fædd í Hafnarfirði, látin í Mosfellssveit. HÖRPULEIKARI og SÖNGKONA. **Foreldrar:** Þórunn Einarsdóttir (1883-1947) og Egill Halldór Guðmundsson (1881-1962), verkamaður og sjómaður. **Systkin:** 1. Jensína (1905-1991), 2. Sigríður (1906-1950), 3. Guðmundur (1908-1987), 4. Einar (1910-1999), 5. Gunnþórunn (1911-1999), 6. Svanhvít (1914-1968), 7. Gísli Jón (1921-1978), 8. Ingólfur (1923-1988). **M1:** Þórhallur Árnason (1891-1976), sellóleikari, þau skildu. **M2:** 1947, Björn Sveinsson Björnsson (1909-1998), kennari og tónlistarmaður. **Nám:** Nam verslunarfræði við Pittmans College í Skotlandi 1930. Fór til Þýskalands 1933 til að læra hörpuleik og söng og stundaði m.a. nám hjá aðalhörpuleikara Ríkisóperunnar í Hamborg. Stundaði söngnám á þessum árum í Þýskalandi, Sviss og Austurríki. Fór seinna til Ítalíu og Englands til áframhaldandi söngnáms. Dvaldi árin 1949-1953 ásamt Birni í

Buenos Aires í Argentínu og sótti þar söngtíma hjá Rose Ader sem var fræg Puccini-söngkona. **Störf:** Var fastráðin við Tiroler Landestheater í Innsbruck í Austurríki 1942-1944 og við Stadttheater í Koblenz í Þýskalandi 1944-1946. Var um tíma fastráðin við Operettehaus í Hamborg og hafði samning við Hamborgar-útvarpið. Söng víða í Argentínu og Brasilíu á árunum 1949-1953. Flutti eftir það ásamt manni sínum frá Argentínu til Þýskalands og dvaldi þar í nokkur ár. Þau fluttu síðan heim 1963 og til Vestmannaeyja 1970 þar sem Nanna kenndi við Tónlistarskólann og þjálfaði samkór Vestmannaeyja. Þau misstu heimili sitt í eldgosinu 1973 og fluttu þá upp á land. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-15-6.

NANNA IDA KAABER (1918-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. GARÐYRKJUFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Astrid Bertine, f. Thomsen (1884-1928) og Ludvig Emil Kaaber (1878-1941), bankastjóri. **Alsyskin:** 1. Gunnar Georg (1908-1949), 2. Axel Jóhannes (1909-1999), 3. Sveinn Kjartan (1909-1990), 4. Knud Albert (1914-1915), 5. Eva Ásta (1916-1933), 6. Ragnar Eiríkur (1919-1958), 7. Elín Margrét (1922-2017), 8. Knud Albert (1922-1989). **Samfeðra systkin:** 9. Edda Kristín (1931-2018), 10. Astrid Sigrún (1932-2022), 11. Edwin Mikael (1935), 12. Eggert Matthías (1939-1945). **M:** 1945, Bjarni Árnason (1918-2004), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Árni Emil (1948), 2. Ástríður Björg (1955). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Lærði garðyrkju í Fagrahvammi í Hveragerði og nam garðyrkju og blómaskreytingar í Árósum (kom heim með síðustu ferð Gullfoss fyrir stríð 1939). **Störf:** Stofnaði blómabúðina Garð við Garðastræti í Reykjavík ásamt Stefáni Árnasyni. Starfaði hjá danska sendiráðinu í um 30 ár eða árin 1959-1989. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi ferðafélagsins Útivistar og sat í stjórn þess frá upphafi. Var fararstjóri í áratugi og fór í sína síðustu ferð sem slík árið 2005, þá 87 ára. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi ferðafélagsins Útivistar. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-431.

NANNA ÓLAFSDÓTTIR (1915-1992) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÍSLENSKUFRAÐINGUR. **Foreldrar:** Ragna Gunnarsdóttir (1887-1944) og Ólafur Gunnarsson (1885-1927), læknir. **Systkin:** 1. Sigrún (1916-2002), 2. Kristín (1918-1988), 3. Björn (1920-1968), 4. Gunnar (1922-1975), 5. Ólafur (1924-1966). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1934. Stundaði nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1947, las við Kaupmannahafnarháskóla 1951-1953 og lauk mag.art.-prófi frá Háskóla Íslands 1958. **Störf:** Fékkst við skrifstofu- og bankastörf í Landsbankanum til ársins 1947 og var bréfitari hjá Borgarfelli 1958-1967. Var starfsmaður handritadeildar Landsbókasafnsins 1968-1985. Vann eftir starfslok við skráningu bréfasafna, seinast mikils bréfasafns Halldóru Bjarnadóttur. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-530.

NICOLINE MARIE ELISE WEYWADT (1848-1921) fædd á Djúpavogi, látin í Teigarhorni Berufirði, Suður-Múlasýslu. LJÓSMYNDARI. **Foreldrar:** Sophie Brodoff Tvede (1826-1902) og Niels Peter Emil Weywadt (1814-1883), faktor á Djúpavogi. **Systkin:** 1. Níels Emil (1842-1872), 2. Frederikke Johanne (1845-1872), 3. Jóhanna Fridrike (1846-?), 4. Petra Susanna Martina (1850-1865), 5. Súsanna Sophie (1852-1903), 6. Jóhanna Louise Konradine (1854-1930), 7. Jóhann Peter (1857-1872), 8. Hansine Andrea (1859-1934), 9. Louise Augusta (1861-1894), 10. Henriette Amalie (1863-1872), 11. Henkel Karl Valdimar (1864-1897), 12. Jón Kjartan (1870-1872). **Samfeðra:** 13. Níels Peter Emili Weywadt Björnsson (1892-1972). Sex systkinanna drukknuðu í sjóslysi 1872 í Berufirði á leið frá Teigarhorni til Djúpavogs. **Uppeldisbarn Nicoline:** 1. Hansína Regína

Björnsdóttir (1884-1973), ljósmyndari, systurdóttir hennar. **Nám:** Lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn 1871-1872. Kynnti sér ljósmyndun með þurrum plötum og aðrar nýjungar í Kaupmannahöfn 1888. **Störf:** Var ljósmyndari á Djúpavogi 1872-1881. Rak ljósmyndastofu 1881-1900 á Teigarhorni í Berufirði í þar til gerðum myndaskúr, sem var viðbygging við íbúðarhúsið. Ferðaðist um Austurland og tók myndir, var t.d. við myndatökur á Seyðisfirði sumarið 1882 og á Eskifirði. Var einnig verslunarþjónn hjá Örum & Wulff á Djúpavogi frá 1874. Nemi hennar í ljósmyndun var uppeldisdóttirin Hansína. **Plötu- og filmusafn:** Þjóðminjasafn Íslands keypti mannamyndaplötur Noline um 750 talsins og útimyndaplötur hennar og Hansínu um 80 plötur árið 1943, auk mannamynda frá Hansínu og ljósmyndavéla, hnakkjárns og ýmis útbúnaðar 1981. **Myndasýningar:** Þjóðminjasafnið gekkst fyrir sýningu á myndum Noline og Hansínu undir heitinu *Myndasafn frá Teigarhorni* 1982. Fyrir milligöngu Safnastofnunnar Austurlands var sú sýning send sem farandsýning um Austfirðir 1982-1983. **Rit:** *Myndasafn frá Teigarhorni*, sýningarskrá (1982), með grein un Noline Weywadt og Hansínu Björnsdóttur eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

NÍNA BJÖRK ÁRNADÓTTIR (1941-2000) fædd á Þóreyjarnúpi í Línakradal í Vestur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR, LJÓÐSKÁLD og LEIKSKÁLD. **Foreldrar:** Lára Hólmfreðsdóttir (1920-2000) og Árni Sigurjónsson (1916-1960), bóndi á Þóreyjarnúpi. **Alsystkin:** 1. Ólafur Þór (1939-2013). **Sammæðra systkin:** 2. Halldór Gísli (1948). **Fósturforeldrar:** Ragnheiður Ólafsdóttir (1908-2000) og Gísli Sæmundsson (1889-1959). **M:** 1966, Bragi Kristjánsson (1938), fornbókasali. **Börn þeirra:** 1. Ari Gísli (1967), 2. Valgarður (1971), 3. Ragnar Ísleifur (1977). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Núpi í Dýrafirði. Lauk prófi frá Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur 1964. Stundaði nám við leiklistarfræðadeild Kaupmannahafnarháskóla. **Störf:** Orti ljóð og skrifaði leikrit og sögur. **Ljóðabækur:** M.a. *Ung ljóð* (1965, 1981), *Undarlegt er að spyrja mennina* (1968), *Mín vegna og þín* (1977), *Hvítu trúðurinn* (1988), *Alla leið hingað* (1996), *Blómið sem þú gafst mér: úrval ljóða* (2000). Ljóð Nínu voru þýdd á öll Norðurlandamálin, þýsku, spænsku, rússnesku, pólsku, nokkur indversk tungumál og fleiri tungumál. **Leikrit:** M.a. *Hvað sögðu englarnir* (1978), *Það sem gerist í þögninni* (1980), *Súkkulaði handa Silju* (1982), *Fugl sem flaug á snúru* (1985) og *Mannleg samskipti: einleikur* (1996). **Skáldsögur:** *Priðja ástin* (1995), *Móðir, kona, meyja* (1997) og *Ævintýrabókin um Alfreð Flóka* (1992). **Viðurkenningar:** Hlaut styrk úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins (1982). Útnefnd borgarlistamaður Reykjavíkur (1985). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit H-3-234.

[JÓNÍNA] **NÍNA TRYGGVADÓTTIR COPLEY** (1913-1968) fædd í Skildinganesi á Seyðisfirði, látin í New York. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Gunnþóra Benjamínsdóttir (1881-1964) og Tryggvi Guðmundsson (1871-1942), kaupmaður, smiður og kennari. **Alsystkin:** 1. Ólafur (1910-2004), 2. Viggó (1917-2011). **Samfeðra systkin:** 3. Guðný Valdís (1899-1985), 4. Laufey (1900-1990), 5. Jóhanna Guðríður (1902-1968), 6. Jón Þórir (1903-1954), 7. Þorsteinn (1905-1970). **M:** 1949, Alfred L. Copley, læknir (Listamannsnafn Alcopley). **Barn þeirra:** 1. Una Dóra (1949). **Nám:** Sótti nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Lærði listmálun hjá Ásgrími Jónssyni listmálara 1932-1933. Hóf eftir það nám í listmálun hjá þeim Finni Jónssyni og Jóhanni Briem. Nam við Det Kongelige Danske Kunstakademi í Kaupmannahöfn 1935-1939. Var við framhaldsnám í París 1939-1940 og í New York, m.a. hjá Morris Kantor og Hans Hoffmann, 1942-1945. **Störf:** Fékkst við málalalist og var með vinnustofu sína í New York, gerði veggmósaik, steinglerglugga og myndseytti og

samdi barnabækur. **Sýningar:** Hélt einkasýningar á málverkum sínum heima og erlendis, m.a. í Garðastræti 17, Reykjavík (1942), New York Art Circle (1945), Galerie Colette Allendy í Frakklandi (1954) og Listamannaskálanum (1946, 1952, 1963). Verk hennar voru sýnd í Listasafni Íslands (1974, 1995, 2000). Tók þátt í fjölda samsýninga, bæði á málverkum, steinglergluggum og veggmósaík. **Verk í opinberum byggingum:** M.a. þrjár steinglersgluggar í Þjóðminjasafni Íslands (fullgerðir 1962), veggmósaík á kórgefli Skálholtskirkju (1964-1965), veggmósaík við Hótel Loftleiði í Reykjavík (1968), veggmósaík í Landsbanka Íslands aðalbanka (1971), veggmósaík við skrifstofu Flugleiða á Kennedyflugvelli í New York (1972) og veggmósaík á Tollhúsinu í Reykjavík (1972-1973). **Barnabækur:** Gerði myndskreytingar við ljóð Steins Steinars, *Tindátarnir* (1943). Myndskreytti, en samdi einnig texta, s.s. *Gullfuglinn* myndir við þjóðsögu (1946), *Sagan af svörtu gimbur*, myndir og texti (1946), *Stafirnir og klukkan*, myndir og texti (1949), *Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn*, myndir og þjóðsaga (1946), *Fljúgandi fiskisaga* (útgefandi Dvalarheimili aldraðra sjómanna, 1948) og *Skjóni*, myndir og texti (1967). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-14-34.

[JÓNÍNA ÞORBJÖRG] **NÍNA SVEINSDÓTTIR** (1899-1979) fædd að Fitjum í Miðneshreppi, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Hlaðgerður Gísladóttir (1857-1905) og Sveinn Gunnlaugsson (1855-1915), útvegsbóndi m.a. að Fitjum og á Flankastöðum. **Systkin:** 1. Egill (1885-1932), 2. Sveinsína (1897-1959). **Fósturforeldrar:** Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, föðursystir Nínu, og Jón Þórðarson, kaupmaður í Þingholtunum í Reykjavík. **M:** 1920, Einar Jónsson (1894-1972), prentari og einn af stofnendum Steindórsprents. **Börn þeirra:** 1. Guðjón (1924-2004), 2. Bragi (1930-1994). **Störf:** Hóf feril sinn sem leikkona hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1934 í *Meyjar-skemmunni* og lék eftir það með Leikfélaginu. Meðal hlutverka hennar voru Gudda í *Skugga-Sveini* (1952), Addí í *Kjarnorku og kvenhylli* (1955), Frú Terence í *Þegar nóttin kemur* (1958), Sigga vinnukona í *Delerium Búbónis* (1958, 1968) og Sprútt-Emma í *Púntila bónda og Matta Vinnumann* (1968). Var einnig revíuleikari og gamansöngkona og tók þátt í revíusýningum í Iðnó og Sjálfstæðishúsinu. Kom oft fram með öðrum þekktum gaman- og revíuleikkonum, einkum þeim Emelíu Jónasdóttur og Áróru Halldórsdóttur. Lék í fjölda útvarps- og sjónvarps-leikrita og þremur kvikmyndum frá árdögum íslenskrar kvikmyndagerðar, þ.e. *Milli fjalls og fjöru* (1949), *Síðasta bænum í dalnum* (1950) og *79 af stöðinni* (1962). Söng ung í kirkjukór Fríkirkjunnar og í kórum hjá Páli Ísólfsyni. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-1767.

NÍNA SÆMUNDSSON, f. JÓNÍNA SÆMUNDSDÓTTIR (1892-1965) fædd í Nikurlásarhúsum, Fljótshlíð, látin í Reykjavík. MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Þórunn Gunnlaugsdóttir (1850-1938) og Sæmundur Guðmundsson (1842-1922), bóndi. **Systkin:** 1. Þórunn (1875-1967), 2. Guðmundur (1876), 3. Sveinn (1877-1947), 4. Þorkell (1878-1963), 5. Guðjón Helgi (1882-1960), 6. Helgi (1884-1964), 7. Markús (1885-1980), 8. Sigurður (1887-1981), 9. Sæunn (1888-1962), 10. Guðni (1889-1909). **Nám:** Sótti undirbúningsnám við Teknisk Selskabs Skole í Kaupmannahöfn 1915. Stundaði nám við höggmyndadeild Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster 1916-1920. Nam einnig í París og á Ítalíu. **Störf:** Starfaði sem myndhöggvari, var með vinnustofu í Róm 1920 og ferðaðist til Túnis til að kynna sér þarlenda list. Bjó síðan og starfaði lengst af í Bandaríkjunum. Helgaði sig málalalist síðustu æviárin. **Sýningar:** Sýndi verk sín víða, m.a. í *King Gallery*, Bandaríkjunum (1929), *Listamannaskálanum* (1947), *Bogasal Þjóðminjasafnsins* (1955, 1963), *Charlottenborg*, Danmörku (1960) og *Listasafni Íslands* (1992).

Sýndi á Parísarsýningunni verkið *Móðurást* (1924-1925) og *Dauða Kleópötru* í Grand Palais í París (1925). Var boðið að sýna í Art Center í New York 1926 og bjó þar síðan í fjögur ár, en flutti til Hollywood 1930. **Útilistaverk:** *Afrekshugur* (1931) stendur yfir aðalanddyri Waldorf Astoria hótelsins við Park Avenue í New York (sigraði samkeppni sem um 400 listamenn tóku þátt í), *Prometheus* í Westlake Park í Los Angeles og *Móðurást* (1925) í Mæðragarðinum við Lækjargötu í Reykjavík. *Hafmeyjan* í Tjörninni í Reykjavík var sprengd í loft upp á nýársdag 1960, en síðar setta upp aftur. **Kvikmynd:** *NÍNA – listakonan sem Ísland hafnaði* var frumsýnd á kvennaráðstefnunni Nordisk Forum í Finnlandi 1994 og síðar sama ár í Sjónvarpinu. Sérstamin tónlist er í myndinni eftir Árna Egilsson, m.a. lagið *Nína* sem síðan hefur margoft verið flutt á jazztónleikum. **Æviminningar:** *Nína Sæmundsson 1892-1965: fyrsti íslenski kvenmyndhöggvarinn*, höfundur Hrafnhildur Schram (2015). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1939) og Stórriddarakrossi (1958). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C3.

NÍNA [Dídí] **PÓRÐARDÓTTIR** (1915-2004) fædd á Kleppi í Reykjavík, látin í Reykjavík. TANNSMÍÐUR. **Foreldrar:** Ellen Johanne Sveinsson, f. Kaaber (1888-1974) og Þórður Sveinsson (1874-1946), geðlæknir. **Systkin:** 1. Hörður (1909-1975), 2. Úlfar (1911-2002), 3. Sveinn (1913-2007), 4. Agnar (1917-2006), 5. Gunnlaugur (1919-1998), 6. Sverrir (1922-2013). **M1:** 1937, Daníel Sumarliðason (1908-1950), vagnstjóri. **M2:** 1951, Trausti Einarsson (1907-1985), prófessor við Háskóla Íslands. **Barn þeirra:** 1. Kristín Halla (1951). **Nám:** Lærði tannsmíði á Tannlæknastofu Jóns Benediktssonar, frænda síns. **Störf:** Starfaði sem tannsmiður á árunum 1931-1951. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Tannsmíðafélagi Íslands. Var ritari félagsins 1943-1947 og formaður stjórnar 1947-1950. Gekki í Kvenfélagið Hringinn 1944. Veitti stuðning á Blindraheimilinu í Reykjavík. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-3-87.

NORMA SERENA MOONEY (1949-2002) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BÓKASAFNSFRÆÐINGUR og SÁLFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Kristjana Mooney, f. Benediktsdóttir (1917-2002), kennari, og Frank Mooney (1920-2001), flugvirki. **Systkin:** 1. Karl (1945), 2. Ellen (1953). **M1:** 1969, Sigurður Eggert Davíðsson (1946-2014), kennari, skildu 1976. **M2:** 1978, Jan Aspaas (1950), leikskólakennari og myndlistarmaður, skildu 1980. **Sambýlismaður:** frá 1985, Gunnar Berg (1948), menningarstjóri í Noregi. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1968 og BA-prófi í bókasafnsfræði með ensku og íslensku sem aukagreinar frá Háskóla Íslanda 1972. Sótti framhaldsnám í bókasafnsfræði við University of Denver í Colorado 1973-1974. Stundaði nám í sálarfræði við Universitetet i Trondheim 1986-1987 og lauk cand.psychol.-prófi (embættisprófi í sálarfræði) frá Óslórháskóla 1993. Var sérfræðingur í klíniskri sálarfræði og taugasálfræði. **Störf:** Starfaði sem bókasafnsfræðingur á Íslandi og í Noregi. Starfaði sem sálfræðingur á Voksenpsykiatrisk poliklinikk i Sarpsborg í Noregi frá árinu 1993 og rak einnig Sarpsborg psykolog klinikk frá 1999 til dauðadags. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags bókasafnsfræðinga 1974-1976 og í stjórn Félags gegn einelti á vinnustað í Ósló frá 1991. **Jarðsett:** Sarpsborg í Noregi.

O

ODDNÝ GUÐMUNSDÓTTIR (1889-1975) fædd á Bakka í Austur-Landeyjum, Rangárvallasýslu, látin í Garðahreppi, Gullbringusýslu. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1852-1942), saumakona, og Guðmundur Diðriksson (1839-1893), sjómaður. **M:** 1922, Helgi Jónasson (1894-1960), læknir á Stórólshvoli. **Börn þeirra:** 1. Jónas (1924-2010), 2. Helgi (1926-1982), 3. Hrafnkell (1928-2010), 4. Sigurður Helgi (1929-2013). **Nám:** Lauk hjúkrunarprófi frá Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn 1914. Fór námsferð til Danmerkur og Svíþjóðar til að kynna sér starfsemi berklavarnastöðva 1918-1919. **Störf:** Var aðstoðarmaður við hjúkrun á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi. Starfaði sem hjúkrunarkona hjá Hjúkrunarfélagi Reykjavíkur 1914-1918 og Berklavarnastöðinni Líkn í Reykjavík 1919-1922. Var húsfreyja og hjúkrunarkona á Stórólshvoli í Hvolshreppi frá 1922, en fyrstu árin var starfrækt sjúkraskýli þar heima. Annaðist einnig svæfingar sjúklinga og aðstoðaði við læknaaðgerðir. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Kvenfélaginu Einingu og Ungmennafélaginu Baldri í Hvolshreppi. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1975). **Jarðsett:** Stórólshvolskirkjugarði reit C-2.

ODDNÝ GUNNHILDUR GUÐMUNSDÓTTIR (1908-1985) fædd á Hóli í Sauðanessókn á Langanesi, látin á Raufarhöfn. FARKENNARI og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Kristín Gísladóttir (1875-1955) og Guðmundur Gunnarsson (1873-1942), bóndi. **Systkin:** 1. Ólafur *Gísl* (1903-1973), 2. Gunnar (1913-1996). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1929. Stundaði nám við Foreby Folkhögskola í Svíþjóð 1933, Norræna lýðháskólann í Genf 1936 og Den International Höjskole í Danmörku 1937. **Störf:** Var fréttaritari íslenska ríkisútvarpsins jafnhliða námi í Svíþjóð. Var frá árinu 1940 farkennari í um 30 ár víða um land, en lengst á Vestfjarðarkjálkanum. Vann á sumrin ýmis störf, oftast til sveita og ferðaðist þá um landið á hjóli. Fékkst við ritstörf og samdi ljóð og leikrit. **Bækur:** M.a. *Svo skal böll bæta* (1943), *Tveir júnídagar* (1949), *Á því herrans ári* (1954), *Skuld* (1967), *Síðasta baðstofan* (1979), *Kvæði og kviðlingar* (1981) og *Íslensk aulafyndni* (1983). **Útvarpsleikrit:** T.d. *Vellýgni-Bjarni*, *Hraði* og *Fósturlandsins freyja*. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-35-10.

ODDNÝ SOFFÍA INGVARSDÓTTIR (1903-2000) fædd á Gaulverjabæ í Flóa, Árnessýslu, látin í Reykjavík. BORGARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Júlía Guðmundsdóttir (1867-1934) og Ingvar G. Nikulásson (1866-1951), prestur. **Systkin:** 1. Gunnur Júlía (1895-1982), 2. Helgi (1896-1980). **M:** 1925, Sveinbjörn Sigurjónsson (1899-1990), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Júlía (1931-1984), 2. Guðrún (1937-2016). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1921. **Stjórnmalastörf:** Var borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Alþýðuflokkinn 1938-1946 og varaborgarfulltrúi 1962-1966. Var varaborgarfulltrúi 1949-1952 og sat um hríð á Alþingi. **Félagsstörf:** Var ritari Kvenfélags Alþýðuflokksins í Reykjavík frá stofnun til 1937 og formaður 1943-1967. Sat í miðstjórn Alþýðuflokksins 1938-1967. Sat í stjórnnum Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1954-1974. Var í stjórnnum Kvenréttindafélags Íslands 1948-1956 og Bandalags kvenna í Reykjavík 1962-1976. Ritstýrði kvennasíðu *Alþýðublaðsins* um skeið. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit W-437.

ODDNÝ AÐALBJÖRG METHÚSALEMSDÓTTIR (1891-1983) fædd á Austurfelli í Vopnafirði, látin í Vopnafirði. HÚSFREYJA, VEFARI og SKÓGRÆKTARFRÖMUÐUR. **Foreldrar:** Elín Ólafsdóttir (1851-1911) og Methúsalem Einarsson (1850-1922), óðalsbóndi á Burstafelli. **Systkin:** 1. Ólafur (1877-1957), 2. Einar (1878-1934), 3. Halldór Swan (1882-1959), 4. Oddný Salína (1884-1931), 5. Björn (1887-1944), 6. Methúsalem (1889-1969). **Barnsfaðir:** Lúðvík Guðmundsson (1889-1968),

verslunar- og útgerðarmaður. **Barn þeirra:** 1. Þórir Guðmundsson (1919-2004). **M:** 1924, Friðrik Sigurjónsson (1897-1987), bóndi og hreppstjóri í Ytri-Hlíð. **Börn þeirra:** 2. Elín (1925-2014), 3. Sigurjón (1928-2017), 4. Valgerður Halldóra (1930). **Fósturbarn:** 5. Dóra Lára Friðriksdóttir (1943-2019). **Nám:** Nam við Hússtjórnarskólann í Iðnó í Reykjavík 1912-1913 og sótti garðyrkjunámskeið í Gróðrarstöðinni í Reykjavík. Dvaldi í Danmörku 1915-1916 og við nám og störf í Noregi 1918-1920. **Störf:** Fékkst við vefnað og garðyrkjustörf samhliða húsfreyjustörfum að Ytri-Hlíð í Vopnafirði. Óf rúmteppi, dívanteppi, veggstykki, gluggatjöld, gólfrenninga, púða, mottur o.fl. í vefstól sem hún flutti með sér frá Noregi. Lét gera stóran trjagarð við bæinn í Ytri-Hlíð árið 1950. **Félagsstörf:** Var hvatamaður að stofnun Skógræktarfélags Vopnafjarðar og í forsvari þess í 15 ár. Sótti marga fundi Skógræktarfélags Austurlands og var nokkrum sinnum fulltrúi þess á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands. Fór í skógræktarferð til Noregs sem fulltrúi Skógræktarfélags Austurlands. Var stofnfélagi í kvenfélagi Vopnafjarðar 1921 og sat í stjórn þess í 37 ár. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1964). **Jarðsett:** Vopnafirði.

ODDNÝ LÁRA EMELÍA PÉTURSDÓTTIR (1912-1989) fædd í Eydölum í Breiðdal, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Hlíf Bogadóttir Smith (1877-1942) og sr. Pétur Þorsteinsson (1873-1919), prestur í Eydölum. **Systkin:** 1. Þorsteinn Brynjólfur (1900-1933), 2. Anna (1903-1979), 3. Hlíf Petra (1905-1988), 4. Karl Daníel (1909-1979), 5. Gunnar Andreas (1909-1993), 6. Þórunn Sigríður (1909-1987), 7. Guðný Anna (1911-1988), 8. Borghildur (1917-1995), 9. Pétur (1919-1960). **M1:** 1940, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson (1910-1942), verkalýðsleiðtogi og sjálfboðaliði í lýðveldishernum á Spáni. **Barn þeirra:** 1. Halla Mjöll (1941). **M2:** 1945, Axel Sveinsson (1896-1957), verkfræðingur og vitamálastjóri. **Börn þeirra:** 2. Hlíf Borghildur (1945-2019), 3. Bjarni Magnús (1947), 4. Hallgrímur (1948). **Nám:** Stundaði nám við Hjúkrunarskóla Íslands 1937-1940. **Störf:** Var hjúkrunarkona m.a. á Vífilsstöðum, Landspítalanum og Kópavogshæli, en lengst á Slysavarðstofu Reykjavíkur árin 1956-1971. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-8-63.

ODDNÝ ERLENDSDÓTTIR SEN (1889-1963) fædd á Álftanesi, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** María Sveinsdóttir (1866-1947) og Erlendur Björnsson (1864-1953), formaður og hreppstjóri á Breiðabólstöðum á Álftanesi. **Systkin:** 1. Jakob (1892-1975), 2. Stefanía Ólafía (1895-1983), 3. Björn (1898-1989), 4. Sveinn (1904-1986), 5. Jón Vestdal (1908-1979), 6. Guttormur (1912-1966). **M:** 1917, Kwei Ting Sen (1894-1949), prófessor við háskóla í Amoy í Suður-Kína og seinna í Shanghai, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Erlendur Ping Hwa Sen (1918-1924), 2. Jón Hai Hwa Sen (1924-2007), 3. Signý Una Yün Ho Sen Júlíusson (1928-2021). **Nám:** Nam við Kvennaskólann í Reykjavík 1903-1905. Lauk kennaraprófi frá Flensborg 1908 og stundaði nám í enskri bókmenntasögu við Heriot-Watt College í Edinborg 1920-1921. **Störf:** Var bókari hjá G. Gíslason & Hay Ltd. í Leith 1909-1917. Flutti til Kína og bjó þar til 1937. Kom til Íslands 1938. Starfaði við kennslu í Reykjavík. Fékkst við ritstörf. **Bók:** *Kína: ævintýralandið* (1941). **Æviminningar:** *Kínverskir skuggar* (1997). **Félagsstörf:** Var formaður Zontaklúbbs Reykjavíkur í nokkur ár. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-26-10.

[ÁSTRÍÐUR] **ODDNÝ SIGURÐARDÓTTIR** (1932-2015) fædd á Litla-Hrauni, Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellssýslu, látin í Kópavogi. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Þórunna Guðmundsdóttir

(1891-1984) og Sigurður Benjamín Konstantínus Jónsson (1880-1965), bóndi. **Systkin:** 1. Ásta (1930-1971). **Barnsfaðir:** Denis A. Charpiot. **Barn þeirra:** 1. Edda Janette Sigurðsson (1958). **M1:** 1961, Gylfi Snær Gunnarsson (1932-1967). **Börn þeirra:** 2. Anna Gyða (1962), 3. Gunnar Kristinn (1965), 4. Gylfi Snær (1967). **Sambýlismaður:** 1970-1986, Guðbjartur Þórir Oddsson (1925-2008), málarameistari. **Barn þeirra:** 5. Sif Ásthildur (1972). **Nám:** Tók landspróf frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1948. Útskrifaðist með próf í matreiðslu og sjúkrafæði frá Skodsborg Badesanatorium 1954. Lauk hjúkrunarnámi við Usseødt Amtssygehus í Hørsholm í Danmörku 1959. **Störf:** Starfaði um tíma eftir 1954 við fag sitt í Suður-Englandi við Newbold Missionary College og síðan í Svíþjóð. Var hjúkrunarkona á St. Jósefsspítala í Landakoti 1959-1965 með hléum. Starfaði við sjúkrahúsið á Hvammstanga á sjöunda áratugnum og hjá Sjálfsbjörgu, vinnu- og dvalarheimili fatlaðra, 1973-1985, síðan á hjúkrunarheimilunum Sunnuhlíð og Hrafnistu til 1987. Bjó og starfaði í Malmö 1987-1997. Starfaði síðast á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-33-25.

OLUFA FINSEN, f. BOJESEN (1836-1908) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Vordingborg Danmörku. FRUMKVÖÐULL Í ÍSLENSKU TÓNLISTARLÍFI. **Foreldrar:** Jensine Cecilie Hastrup (1814-1874) og Severin Adrian Bojesen (1802-1881). **Systkin:** 1. Jutta (1837-1929), 2. Hakon (1838-1901), 3. Sigurd (1842-1899). **M:** 1857, Sören *Hilmar* Steindór Finsen (1824-1886), stiftamtmaður og síðar landshöfðingi. Þau bjuggu á Íslandi 1865-1883. **Börn þeirra:** 1. Ragnhild Koch (1858-1880), 2. John (1860-1930), 3. Olaf (1861-1920), 4. Arne (1864-1882), 5. Anna Hilma Klöcker (1868-1954), 6. Olufa „Nulle“ (1869-1950). **Störf:** Stofnaði og æfði blandaðan kór á heimili sínu, að öllum líkindum fyrsti slíkur kór sinnar tegundar á Íslandi, kenndi einnig söng og aðra tónlist. Fékkst við að semja tónlist áður en hún kom til Íslands og samdi m.a. tónverk sem flutt var við jarðarför Friðriks 7. Danakonungs. Við útför hjónanna Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur í Dómkirkjunni 1880 flutti lítill kór (líklega tvöfaldur kvartett) kantötu eftir hana við ljóð Matthíasar Jochumssonar, e.t.v. sama verk og flutt hafði verið við útför Danakonungs, með viðbótum. Olufa stjórnaði sjálf kórnum, hafði annast æfingar og stýrði einnig tveimur einsöngvurum, Ástu Júlíu Hallgrímsson, f. Thorgrímsen, og Steingrími H. Johnsen, sem sungu sólókaflana í verkinu. Mun hafa verið í fyrsta skipti sem einsöngur var sunginn við jarðarför á Íslandi. **Jarðsett:** Danmörku.

Ó

ÓLAFÍA EINARSDÓTTIR (1924-2017) fædd í Hafnarfirði, látin í Kaupmannahöfn. FORNLEIFAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ólafía Guðmundsdóttir (1889-1929) og Einar Þorkelsson (1867-1945), rithöfundur og skrifstofustjóri Alþingis. **Alsystkin:** 1. Arnkell Jónas (1920-1985), 2. Áskell (1923-2005), 3. Björg (1925-2022), 4. Hrafnkatla (1927-1982), 5. Þorkell (1929-2012). **Samfeðra systkin:** 6. Svava (1890-1943), 7. Þórheiður (1895-1964), 8. Laufey (1898-1975), 9. Hrefna (1901-1955), 10. Þórkatla Ragnheiður (1904-1996), 11. Hrafnkell (1905-1927), 12. Ragnheiður (1908-1984), 13. Súsanna Naómi (1890-1961), 14. Áslaug Thomson (1899). **M:** 1954, Bent Fuglede (1925), stærðfræðingur. **Barn þeirra:** 1. Einar (1966). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. Lærði fornleifafræði og mannfræði við University College of London og lauk þaðan prófi 1948. Lauk meistaragráðu í miðaldasögu við Háskólann í Lundi 1951, hlaut síðan Fil.lic.-gráðu frá sama skóla 1958 og lauk doktorsprófi 1964. **Störf:** Starfaði við

Þjóðminjasafn Íslands og stjórnáði m.a. uppgreftri á kumli úr heiðnum sið. Var lektor við Kaupmannahafnarháskóla frá árinu 1963 og til starfsloka. Fékkst við ritstörf, m.a. um tímatalfræði og sögu kvenna á miðöldum. **Viðurkenningar:** Sæmd heiðursdoktorsnafnbót við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands (2009). Fornleifafræðingafélagið hefur gefið út tímaritið *Ólafíu* frá árinu 2006, sem nefnt er eftir henni. **Jarðsett:** Kaupmannahöfn.

ÓLAFÍA JÓHANNSDÓTTIR (1863-1924) fædd á Mosfelli, Mosfellssveit, látin í Noregi. RITHÖFUNDUR og RITSTJÓRI. **Foreldrar:** Ragnheiður Sveinsdóttir (1824-1893) og sr. Jóhann Knútur Benediktsson (1822-1891), prestur. Alin upp hjá móðursystur sinni Þorbjörgu ljósmóður í Tobbukoti við Skólavörðustíg, Reykjavík. **Systkin:** 1. Benedikt (1851-1876), 2. Jóhann Kristinn (1855-1881), 3. Sveinbjörg (1857-1935), 4. Kristín (1859-1893), 5. Helga (1861-1953), 6. Egill Brynjólfur (1865-1892). **Nám:** Nam við Kvennaskólann í Reykjavík. Lauk 4. bekkjar prófi frá Lærða skólanum 1890. Stundaði nám við lýðskólann í Askov í Danmörku 1892-1894. Var um tíma við búskaparnám á dönskum bóndabæ. **Störf:** Var umboðsmaður lífsábyrgðarfélagsins Star á Íslandi og í Færeyjum frá 1894. Starfaði sem kennari í Flatey á Breiðafirði og síðan við Barnaskólann og Kvennaskólann í Reykjavík 1888-1902. Starfaði á vegum Hvítabands-samtakanna í Noregi frá 1903 við að sinna utangarðskonum á sjúkrahúsum og í fangelsum. Kom á fót heimili fyrir utangarðsfólk í Ósló 1912 og veitti því forstöðu til 1915. **Félagsstörf:** Gekk í Hið íslenska kvenfélag 1894 og var ritstjóri ársrits félagsins 1895-1899. Ritstýrði barnablaðinu *Æskunni* 1899-1900 og kvennatímaritinu *Framsókn* 1899-1901 ásamt Jarprúði Jónsdóttur. Beitti sér fyrir stofnun Hvítabandsfélags á Íslandi 1895 og var kjörin formaður þess. **Bækur:** *Aumastar allra: myndir af skuggahliðum Kristjaníu* (1923) og *Rit I-II* (inngangur eftir Bjarna Benediktsson; 1957). **Æviminningar:** *Frá myrkri til ljóss* (1925; fyrsta birta sjálfsævisaga íslenskrar konu). *Ólafía: ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur* eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur (2006). **Viðurkenningar:** Gata í Ósló, Olafiagangen, heilsumiðstöðin Olafiaklinikken og verðlaunin Olafiaprisen eru kennd við Ólafíu. Norskir vinir Ólafíu létu gera andlitsmynd af henni úr eir, afhjúpuð í Ósló 1930, gerð af Kristni Péturssyni. Afsteypa afhjúpuð við Mosfellskirkju í Mosfellsdal 2003 og í framhaldinu frumsýnt leikverk Guðrúnar Ásmundsdóttur um líf Ólafíu. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-505.

ÓLAFÍA JÓNSDÓTTIR (1885-1969) fædd á Bústöðum í Seltjarnarneshreppi, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Sigríður Ólafsdóttir (1850-1919) og Jón Ólafsson (1845-1924), bóndi á Bústöðum. **Systkin:** 1. Herborg Guðrún (1881-1969), 2. Ólafur (1883-1966), 3. Ragnar Þorkell (1891-1972). **Nám:** Nam við Kvennaskólann í Reykjavík 1910-1911. Stundaði nám við hjúkrunarskólann í Lovisenberg sem er menntastofnun norsku diakonissuhreyfingarinnar austan fjalls í Noregi, og verklegt nám við Ríkisspítalann í Ósló 1917-1919. **Störf:** Vann aðstoðar-hjúkrunarstörf við Lauganesspítalann 1913-1916. Var hjúkrunarkona við barnadeild Vífilsstaða 1921-1923, yfirhjúkrunarkona við Elliheimilið Grund í Reykjavík 1930-1936 og skólahjúkrunarkona á Laugarvatni 1938-1942. Starfaði við upptökuheimili og eftirlit með ungum stúlkum 1942-1944. Var yfirhjúkrunarkona á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði 1944-1958 og sá um almenningsþvottahúsið á Kleppjárnsreykjum 1954-1958. **Félagsstörf:** Hafði forgöngu að stofnun minningar-sjóðs um Ólafíu Jóhannsdóttur, rithöfund. Tók þátt í starfi Kristilegs félags hjúkrunarkvenna, KFUK og Kristniboðsfélags kvenna. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1954). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-4-1.

ÓLAFÍA JÓNSDÓTTIR (1908-1973) fædd í Ásmúla í Ásahreppi, Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. YFIRPERNA. **Foreldrar:** Ólöf Guðmundsdóttir (1878-1961) og Jón Jónsson (1880-1950), bóndi. **Systkin:** 1. Guðbjörg Helga (1907-1995), 2. Björgvin (1909-1970), 3. Guðjón (1911-1992), 4. Kristjana (1912-1988), 5. Guðmundur (1914-2007), 6. Ingólfur (1916-1991), 7. Lilja (1917-2008), 8. Þórunn (1920-2000). **Barnsfaðir:** Sigurjón Ólafsson (1908-1982), myndhöggvari. **Barn þeirra:** 1. Guðmundur Arnar (1932-1992). **Störf:** Starfaði sem þerna og síðan yfirþerna á Hótel Borg í tæplega 35 ár eða árin 1940-1973. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit T-593.

ÓLÍNA ANDRÉSDÓTTIR (1858-1935) fædd í Flatey á Breiðafirði, látin í Reykjavík. LJÓÐSKÁLD. **Foreldrar:** Sesselja Jónsdóttir (1823-1873) og Andrés Andrésón (1828-1861), bóndi og formaður. **Alsystkin:** 1. Jóhanna Friðrika (1853-1882), 2. Guðrún (1857-1944), 3. Herdís (1858-1939), 4. María Magdalena (1859-1965), 5. Steinunn (1861-1898), 6. Andrésa (1862-1950). **Sammæðra systkin:** 7. Sveinn Pétursson (1848-1939), 8. Guðmundur Sveinbjörnsson (1864-1912), 9. María Katrín Sveinbjörnsdóttir (1867-1967). **Barnsfaðir:** Guðbrandur Sturlaugsson (1821-1897) bóndi í Hvítadal, Dalasýslu. **Barn þeirra:** 1. Ástríður (1880-1949). **Störf:** Var vinnukona hjá Guðbrandi í Hvítadal. Þær mæðgur Ólína og Ástríður voru þar um tíma, síðan skráðar á Vatneyri við Patreksfjörð 1901 og í húsi Ólínu sjálfur Vatneyri XXI 1910. Byggði sér árið 1923 hús við Bragagötu 28 í Reykjavík. Var ljóðskáld. **Ljóðabækur:** Ólína og tvíburasystir hennar Herdís tóku saman ljóð sín og gáfu fyrst út undir heitinu *Ljóðmæli* (1924) og aukna útgáfa síðar (1930); *Ljóðmæli eftir Ólínu og Herdísí Andrésdætur* stóraukin útgáfa, tekin saman af Jóni Thorarensen, dóttursyni Herdísar (1976, 1980 og 1982); *Lundurinn græni*, ljóð eftir Ólínu og Herdísí (1951; Halldór Pétursson teiknaði myndir og ramma), gamanvísnaþáttur með nokkrum kvæðum eftir hvora þeirra, en þar segir af heimsóknum þeirra til frænku sinnar Ásthildar Thorsteinsson og áhyggjum karlkyns heimilisvinar af því að þær dvelji þar of oft, of lengi og borði of mikið. Þessi ljóðabálkur kemur einnig inn í þriðju útgáfu *Ljóðmæla* (1976). **Viðurkenning:** Hlaut skáldastyrk Alþingis (1927). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit T-205.

ÓLÍNA MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR (1904-1996) fædd á Kinnastöðum í Þorskafirði, Barðastrandarsýslu, látin á Reykhólum. KENNARI og BÓNDI. **Foreldrar:** Ingibjörg Einarsdóttir (1860-1937) og Magnús Sigurðsson (1862-1935), bóndi. **Systkin:** 1. Jóhanna (1891-1973), 2. Guðrún (1897-1988), 3. Guðbjörg (1899-1988). Bjó á Kinnastöðum ásamt systur sínum Guðrúnu og Guðbjörgu og hjá þeim ólst upp Steinunn Erla Magnúsdóttir (1937). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1929. **Störf:** Var kennari í Reykjavíkjardarhreppi Norður-Ísafjarðarsýslu 1929-1930 og í meira en fjóra áratugi í Geiradalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu frá 1930. Var jafnframt bóndi á Kinnastöðum frá árinu 1937 og rak búið ásamt systur sínum. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). **Jarðsett:** Staðarkirkjugarði.

ÓLÖF HELGA SIGURÐARDÓTTIR BREKKAN (1928-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TANNLÆKNIR. **Foreldrar:** Elísabet Guðmundsdóttir (1898-1976) og Sigurður Hólmsteinn Jónsson (1896-1985), blikksmiðameistari. **Systkin:** 1. Baldur (1922-2000), 2. Magnús (1925-2017), 3. Hólmsteinn (1939-2022). **M:** 1950, Ásmundur Friðriksson Brekkan (1926-2017), prófessor og læknir. **Börn þeirra:** 1. Friðrik (1951), 2. Elísabet (1951), 3. Hólmsteinn (1962), 4. Helga (1964), 5. Hanna (1964). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1948. Varð

cand.odont. frá Háskóla Íslands 1953 og hlaut tannlækningaleyfi sama ár. Stundaði framhaldsnám í tannréttingum við Tannlækna Háskólann í Ósló 1973-1975. **Störf:** Var aðstoðartannlæknir sumarið 1963 og aðstoðarmaður í tannréttingum á árunum 1966-1980. Rak eigin tannlækningastofu árin 1981-2000. Vann einnig sem leiðsögumaður á árunum 1975-1982. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Tannlæknafélags Íslands 1968-1970 og í húsnefnd TFÍ. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-1-34.

ÓLÖF ELDJÁRN (1947-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÞÝÐANDI og RITSTJÓRI. **Foreldrar:** Halldóra Kristín Ingólfssdóttir Eldjárn (1923-2008) og Kristján Eldjárn (1916-1982), þjóðminjavörður og forseti Íslands. **Systkin:** 1. Þórarinn (1949), 2. Sigrún (1954), 3. Ingólfur Árni (1960). **M:** 1967, Stefán Örn Stefánsson (1947), arkitekt. **Börn þeirra:** 1. Kristján Andri (1967), 2. Stefán Hallur (1977). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967. Nam ensku við Háskóla Íslands 1967-1968 og eftir það við Kaupmannahafnarháskóla og lauk þaðan cand.phil.-prófi (MA) 1973. Stundaði nám í almennum málvísindum við Háskóla Íslands meðfram starfi 1975-1977. **Störf:** Var verslunarstjóri í Bóksölu stúdenta 1973-1989 og stundakennari við Menntaskólann í Kópavogi 1974-1975. Var ritstjóri hjá Bókaforlagi Máls og menningar og síðar Eddu útgáfu 1990-2007 og stýrði m.a. umfangsmikilli fræðirit- og fagbókaútgáfu undir merkjum Heimskringlu. Var frá 2007 sjálfstætt starfandi þýðandi og yfirlsari. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit S-215.

ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR HRAUNFJÖRÐ (1932-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BÓKAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Kristjánsína Sigurást Kristjánsdóttir (1891-1980), fiskverkakona, og Jóhann Pétur Jónsson Hraunfjörð (1885-1957), skipstjóri og verkamaður. **Systkin:** 1. Yngvi (1914-1955), 2. Pétur Kristinn (1916-1917), 3. Hugi (1918-1989), 4. Hulda (1921-1995), Pétur (1922-1999), 5. Unnur (1927-2019), 6. Ásta María (1928-1929), 7. Guðlaug (1930-2023). **M:** 1955, Karl Árnason (1932-2012), forstjóri Strætisvagna Kópavogs. **Börn þeirra:** 1. Petrína Rós (1955), 2. Jóhannes (1959), 3. Pétur (1962). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Hveragerðis 1948 og stundaði nám í Húsmæðraskólanum á Löngumýri í Skagafirði 1949-1950. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1990 og lauk prófi sem bókavörður á námskeiði á vegum bókasafnsfræðinga 1995. **Störf:** Vann m.a. í Bókabúð KRON, hjá RARIK og Strætisvögnum Kópavogs. Var bókavörður hjá Rauða krossi Íslands sem sjálfboðaliði. **Bækur:** Gaf út bækur, m.a. *Spánarferð, draumar og ljóð* eftir föður sinn, Pétur J. Hraunfjörð (1993); *Hnjúkapeyr*, ljóð eftir Aðalheiði Kristinsdóttur (2007); *Sykurmolinn* (2007) og *Huldu-sögur* eftir systur sína Huldu Hraunfjörð (2010). Tók saman *Lífsstarf mitt: æviminningar Árna Jóhannessonar bifvérameistara* (2007). **Félagsstörf:** Starfaði sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossi Íslands. Sat í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna 1973-1976 og í stjórn Vináttufélags Íslands og Rúmeníu. lét reisa Ólöfu frá Hlöðum bautastein í Hólavallagarði 2002, hannaður af myndlistarmanninum Ívari Valgarðssyni sem einnig gerði eirsteypu af andlitsmynd Ólafar greyptri í steininn. **Viðurkenningar:** Hlaut Þýskalandsferð í verðlaun fyrir sölu *Landnemans* (1952) og aðstoðaði þar síðan við uppbyggingarstörf eftir stríð. Hlaut Búkarestferð í verðlaun fyrir áskriftasöfnun að *Þjóðviljanum* (1953). Hlaut verðlaun í hugmyndasamkeppni Kópavogsbæjar fyrir nafnið „Hamraborg“ á samnefndu hverfi í Kópavogi. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-10-15.

ÓLÖF ÞÓRANNA JÓHANNSDÓTTIR (1922-2012) fædd í Brúnavík við Borgarfjörð eystri, látin í Reykjavík. **LJÓSMÓÐIR.** **Foreldrar:** Bergrún Árnadóttir (1896-1972) og Jóhann Helgason (1891-1972), bóndi. **Systkin:** 1. Árni Björgvin (1918-1921), 2. Helga Sesselja (1919-1982), 3. Sigursteinn (1924-2000), 4. Magnús (1926-1997), 5. Hannes Óli (1927-2007), 6. Anna Guðný (1928-2018), 7. Jón Þór (1930-2020), 8. Þorgeir Stefán (1932-1979), 9. Ída Borgfjörð (1933-1966), 10. Guðni Sveinn (1935-2019), 11. Guðmundur (1935). **Barnsfaðir:** Hinrik Eiríksson (1921-1992), sjómaður. **Barn þeirra:** 1. Þórhildur (1947). **M:** 1954, Finnur Benediktsson (1921-1997), skrifstofumaður. **Nám:** Lauk ljósmæðraprófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1953 og endurhæfingarnámskeiði frá sama skóla 1981. **Störf:** Starfaði á barnaheimilinu Tjarnarborg 1944-1947 og 1950-1952. Var ljósmóðir á Hólmavík 1953-1961. Starfaði síðan nokkur ár á barnaheimilinu Brákarborg í Reykjavík og síðan á fæðingardeild Landspítalans til ársins 1986. Starfaði á Hjúkrunarheimilinu Skjólí 1987-1995. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Æ-247.

ÓLÖF „ríka“ LOFTSDÓTTIR (um 1410-1479). ATHAFNAKONA og LANDEIGANDI, SKARÐI Á SKARÐSSTRÖND. **Foreldrar:** Ingibjörg Pálsdóttir (1375-1432) og Loftur „ríki“ Guttormsson (1375-1432), sýslumaður, hirðstjóri, skáld og riddari á Möðruvöllum í Eyjafirði. **Alsystkin:** 1. Þorvarður „ríki“ (1410-1446), 2. Eiríkur „slógnefur“ (1415-1473), 3. Soffía (1418-1482). **Samfeðra systkin:** 4. Ólafur (1395-1458), 5. Ormur (1400-1446), 6. Skúli (1407-1480), 7. Sumarliði (1410). **M:** 1430, Björn „ríki“ Þorleifsson (1408-1467), hirðstjóri og bóndi á Skarði á Skarðsströnd, hlaut aðalstign 1457. **Börn þeirra:** 1. Þorleifur (1430-1471), 2. Árni (1435-1471), 3. Einar „jungkæri“ (1435-1494), 4. Sólveig (1450-1495). **Störf:** Stýrði stórbúinu á Skarði á Skarðsströnd ásamt Birni og stundaði jafnframt viðskipti upp á sitt eindæmi. Í heimildum má sjá að hún keypti og seldi jarðir og handsalaði ýmsa samninga í nafni þeirra hjóna, verslaði við Dani og Grænendinga, seldi m.a. dún og fékk í staðinn hvalafurðir, rostungstennur og hvítabjarnarskinn og seldi fálka til útlanda. Þegar Englendingar höfðu drepit Björn mann hennar árið 1467 sendu þeir henni sundurbrytjað líkið af honum í poka. Þá mælti Ólöf þau frægi orð „Eigi skal gráta Björn bónda, heldur safna líði“. **Skarðskirkja:** Ólöf lét byggja Skarðskirkju sem stóð í 300 ár eða til 1780. Altaristafla Ólafar er staðsett í kirkjunni. **Handrit:** Við Skarð eru kenndar tvær frægar skinnbækur, Skarðsbók Jónsbókar, talið skrautlegasta og glæsilegasta fornhandrit sem varðveist hefur, og Skarðsbók postulasagna. **Jarðsett:** Undir altaristöflunni í Skarðskirkju.

ÓLÖF ÓLAFSDÓTTIR (1927-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **PRESTUR.** **Foreldrar:** Jófríður Kristín Þórðardóttir (1890-1984) og Ólafur Bergmann Erlingsson (1898-1973), prentari og vélsetjari. **Systkin:** 1. Kristín (1926), 2. Edda (1931). **M:** 1957, Svavar Pálsson (1924-1968), línumaður hjá RARIK. **Börn þeirra:** 1. Ólafur Bergmann (1957), 2. Stefán Sturla (1961), 3. Pétur Gautur (1966). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1947. Sótti námskeið tengd verslunarstörfum og stjórnun 1954-1956. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1969 og guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1988. **Störf:** Var gjaldkeri og verslunarstjóri hjá Feldi hf. 1951-1956 og síðar verslunarstjóri hjá Bókaverslun Snæbjarnar Jónssonar. Var kennari við Vogaskóla í Reykjavík 1969-1970. Starfaði sem sérþjónustuprestur við Hjúkrunarheimilið Skjól í Reykjavík 1988-1999. **Félagsstörf:** Var varamaður í stjórn Prestafélags Íslanda 1996-1998. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-52-43.

ÓLÖF PÁLSDÓTTIR (1920-2018) fædd á Hólavöllum í Reykjavík, látin í Reykjavík.

MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Hildur Stefánsdóttir (1893-1970) og Páll Ólafur Ólafsson (1887-1971), útgerðarmaður og ræðismaður. **Systkin:** 1. Stefán (1915-1969), 2. Ingibjörg Eggertz (1916-1999), 3. Þorbjörg Guðrún (1919-2009), 4. Jens Ólafur Páll (1926-2002). **M:** Sigurður Bjarnason (1915-2012), alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Hildur Helga (1956), 2. Ólafur Páll (1960). **Nám:** Nam við Verslunarskóla Íslands. Stundaði myndlistarnám hjá prófessor Bachman í Árósum 1945, við Fredriksberg Tekniske Skole í Kaupmannahöfn hjá prófessor Utzon Frank á árunum 1947-1949 og síðan í Det Kongelige danske Kunstakademi í Kaupmannahöfn. Stundaði einnig nám í Egyptalandi hjá prófessor Rames Wissa Wassef og síðan í Rómaborg við Accademia di Danimarca eða Det Danske Institut for Videnskab og Kunst (dönsk stofnun með aðsetur í Róm). **Störf:** Starfaði sem myndhöggvari á Íslandi og víðar. **Sýningar:** Sýndi verk sín víða, m.a. í Þórshöfn í Færeyjum (1961), Tåstrup Kultur Center í Danmörku (1973), Kettl's Yard í Bretlandi (1971), Islington Town Hall í Bretlandi (1977) og í Myfair í Bretlandi (1983). **Útilistaverk:** *Tónlistarmaðurinn* (Erling Blöndal Bengtson sat fyrir við gerð styttunnar) var sett upp á Hagatorgi í Reykjavík 1977, en flutt að Hörpu 2014, lítil afsteypa af verkinu er á leiði Erlings Blöndals í Hólavallagarði. Verkið *Sonur* er í höggmyndagarðinum Perlufesti í Hljómskálagarðinum. **Viðurkenningar:** Hlaut gullmedalíu Hins Konunglega listaháskóla í Kaupmannahöfn (1955; fyrir *Soninn*). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1970). Kjörin heiðursfélagi Konunglega breska myndhöggvarafélagsins (1987). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-7-31.

ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR (1948-2008) fædd í París, látin í Reykjavík. DÓMSTJÓRI. **Foreldrar:** Marta Ó. Thors (1918-1998) og Pétur Benediktsson (1906-1969), bankastjóri. **Alsystkin:** 1. Guðrún (1950). **Samfeðra systkin:** 2. Ragnhildur P. Paus (1937). **M:** 1969, Friðrik Pálsson (1947), starfaði við sjávarútveg, síðar hótélrekandi Hótel Rangár og víðar. **Börn þeirra:** 1. Marta María (1987), 2. Ingibjörg Guðný (1989). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1969. Varð cand.jur. frá Háskóla Íslands 1975. Stundaði listnám um árabil og var afkastamikill frístundamáleri. Fékk eftir að verða fyrir því að lamast tilsögn og þjálfun hjá Derek Mundell í að mála með munninum og náði á því góðum tókum. **Störf:** Starfaði hjá dómismálaráðuneytinu 1975 og var deildarstjóri þar 1981-1984. Var héraðsdómari 1984-1992 og dómstjóri héraðsdóms Reykjaness 1992 til starfsloka. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Orators, félags laganema við Háskóla Íslands. Var í trúnaðarráði Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu, í stjórn Lögfræðingafélags Íslands og framkvæmdastjóri *Tímarits lögfræðinga* 1980-1983. Var ritari í stjórn Íslandsdeildar Norræna embættismannasambandsins 1983-1989. Sat í stjórn Dómarafélags Reykjavíkur 1984-1990, þar af formaður 1986-1990, og í stjórn Dómarafélags Íslands 1993-1997, þar af varaformaður 1996-1997. Var varamaður í dómstólaráði frá 1998. Skipuð í nefnd um lagareglur um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk 1978, nefnd til að semja frumvarp til laga um lögræðislög 1980 og nefnd til að semja frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1987. Tilnefnd af Hæstarétti sem formaður Jafnréttisráðs 1985-1987. Var formaður gerðardóms Verkfræðingafélags Íslands frá 1989 og formaður úrskurðarnefndar félagsþjónustu 1991-1995. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit J-3-15.

ÓLÖF MARGRÉT RÍKARÐSDÓTTIR (1922-2017) fædd á Djúpavogi, látin í Reykjavík.

FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI. **Foreldrar:** María Ólafsdóttir (1883-1967) og Ríkarður Jónsson (1888-1977), myndhöggvari og myndskeri. **Systkin:** 1. Ríkarður *Már* (1915-1936), 2. Björg Sóley (1918-

2010), 3. Ásdís Elísabet (1922). **Nám:** Lauk prófi frá Samvinnuskólanum í Reykjavík 1941. **Störf:** Starfaði á skrifstofu KRON að Skólavörðustíg 12 í Reykjavík 1941-1965. Starfaði síðan um árabíl á skrifstofu Sjálfsbjargar m.a. sem félagsmálafulltrú. **Félagsstörf:** Var ötul baráttukona fyrir réttindum og málefnum fatlaðra. Var í hópi stofnfélaga Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, 1959. Settist sama ár í framkvæmdastjórn sambandsins og sat í stjórn byggingarnefndar Sjálfsbjargarhússins við Hátún í Reykjavík. Var ein af stofnendum Öryrkjabandalags Íslands fyrir hönd Sjálfsbjargar, sat þar í stjórn 1971-1997 og var formaður bandalagsins 1973-1975 og 1993-1997. Tók þátt í norrænu samstarfi fatlaðs fólks. Vann ásamt tvíbúrasystur sinni Ásdísi að því að koma upp safni með verkum Ríkarðs Jónssonar, föður þeirra, á Djúpvaggi. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1980). Hlaut heiðursmerki Sjálfsbjargar (2006). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-43-28.

ÓLÖF SIGURÐARDÓTTIR / Ólöf frá Hlöðum (1857-1933) fædd á Sauðadalsá á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR, SKÁLD og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Magðalena Tómasdóttir (1817-1903) og Sigurður Sigurðsson (1820-1882), bóndi á Þorgrímsstöðum. **Systkin:** 1. Kristín (1847), 2. Jóhann (1849-1933), 3. Sigurður (1852-1926), 4. Job (1855-1945), 5. Guðríður (1858). **Sammæðra systkin:** 6. Guðmundur Frímánn (1839-1912), 7. Magðalena (1844-1901), 8. Ólafur (1846). **M:** 1887, Halldór Guðmundsson (1850-1920), kennari og trésmiður. **Nám:** Lærið ljósmóðurfræði í Reykjavík hjá Jónassen, lækni. Stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn 1882-1883. **Störf:** Var ljósmóðir í Reykjavík 1883-1888. Fékkst við ritstörf, samdi ljóð og smásögur. **Bækur:** *Nokkur smákvæði* (1888) og *Nokkur smákvæði* (1913). Ritsafn með úrvali úr þessum bókum ásamt nokkrum ljóðum úr handritum og smásögum Ólafar sem birst höfðu í tímaritum var gefið út af Jóni Auðuns (1945). **Viðurkenning:** Ólöf P. Hraunfjörð reisti nöfnu sinni Ólöfu frá Hlöðum bautastein í Hólavallagarði árið 2002. **Jarðsett:** Hólavallagarði, óþekkt leiði.

ÓLÖF JÓNA VERNHARÐSDÓTTIR (1911-2001) fædd í Hvítanesi í Ögursveit, Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. RÁÐSKONA og HÚSTJÓRNARKENNARI. **Foreldrar:** Jóna Runólfsdóttir (1876-1928) og Vernharður Einarsson (1870-1937), bóndi, kennari og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Guðrún (1901-1995), 2. Guðmundur (1903-1983), 3. Kristín (1904-1971), 4. Guðrún *Sigríður* (1906-1997), 5. Eva (1907-1998), 6. Einar Runólfur (1909-1987), 7. Gunnar (1912-1995), 8. Svava (1914-2001), 9. Svana Linnét (1916-2011), 10. Ingibjörg (1918-1994), 11. Þórhildur Bremberg (1921). **M:** 1957, Sigurjón Jónsson (1911-1968), verslunarmaður og rithöfundur. **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni 1930-1932. Lauk húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennarskóla Íslands 1952 og framhaldsnámi við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn 1975-1976. **Störf:** Var ráðskona hjá Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, 1932-1950, og sinnti þar m.a. gestamóttökum. Hélt matreiðslunámskeið á vegum Kvenfélagasambands Íslands víða um land 1953-1954. Var hússtjórnarkennari við Melaskóla í Reykjavík um tíma en síðan við Réttarholtsskólann árin 1956-1981. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-50-14.

P

PÁLA PÁLSDÓTTIR (1912-1993) fædd í Ártúni við Hofsós, látin á Sauðárkróki. KENNARI og ORGANISTI. **Foreldrar:** Pórey *Halldóra* Jóhannsdóttir (1875-1957), ljósmóðir, og Páll Árnason (1879-1965), kennari og matsmaður. **Systkin:** 1. Unnur (1905-1981), 2. Anna (1910-1984). **Fóstursystkin:** 3. Hrefna Skagfjörð (1921-2011). **M:** 1940, Þorsteinn Hjálmarsson (1913-1981), póst- og símstöðvarstjóri, kennari og oddviti. **Börn þeirra:** 1. Páll Reynir (1941), 2. María Hjálmðís (1943), 3. Pórey Jóhanna Dóra (1944), 4. Gestur (1945), 5. Anna Pála (1947), 6. Þorsteinn (1948), 7. Broddi (1951), 8. Snorri (1956), 9. Rósa (1958). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1933. Sótti kennaranámskeið í Askov í Danmörku og Vadstona í Svíþjóð. **Störf:** Var kennari við Barnaskólann á Súðavík 1933-1939 og á Hofsósi árin 1939-1977. Starfaði sem organisti í Hofsóskirkju. **Félagsstörf:** Var fyrsti formaður Kvenfélagsins Öldunnar á Hofsósi, stofnað 1950. Var ritari Sambands skagfirskra kvenna 1954-1959 og formaður þess 1959-1971. **Viðurkenningar:** Hlaut heiðursmerki Rauða kross Íslands (1981). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1982). **Jarðsett:** Hofsóskirkjugarði reit 57.

PÁLÍNA RAGNHEIÐUR KJARTANSDÓTTIR (1922-2016) fædd í Vestra-Geldingaholti í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu, látin í Reykjavík. HÚSMÆÐRAKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Elísabet Jónsdóttir (1888-1992) og Kjartan Ólafsson (1883-1961), bóndi. **Systkin:** 1. Margrét (1926), 2. Guðríður *Ólöf* (1926). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1948-1949 og Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1958-1960. Kynnti sér í framhaldinu starf náttúrulækningaheimilisins í Skodsborg fyrir norðan Kaupmannahöfn og fór þangað til náms í einn vetur og sótti janframt námskeið bæði í Svíþjóð og Árósum. **Störf:** Var aðstoðarkennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1949-1955, en síðan ráðskona á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands árin 1961-1993. Var frumkvöðull í að kynna Íslendingum hollt mataræði og hreyfingu sem lykil að góðri heilsu. **Bækur:** *Matreiðslubókin hennar Pálínu* (1952, 4. útg. 2001), *Matreiðslubók NLFÍ: með ágripi af næringarfræði og leiðbeiningum um mataræði og meðferð matvæla* (1968, 3. útg. 1977). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1990). Málverk af Pálínu eftir Baltasar hangir í matsal NLFÍ í Hveragerði. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-60-6.

PÁLÍNA SIGURJÓNSDÓTTIR (1931-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Helga Finnsdóttir (1895-1989), saumakona, og Sigurjón Pálsson (1896-1975), sjómaður og vélgæslumaður. **Systkin:** 1. Finnur (1919-1997), 2. Sigurjón Helgi (1919-1936), 3. Henný Dagný (1922-2005), 4. Ólöf Ingibjörg (1923-1994), 5. Jóhanna Kristín (1935-2005). **M:** 1954, Sigmundur Ragnar Helgason (1927-2008), skrifstofumaður. **Börn þeirra:** 1. Ingibjörg (1955), 2. Helga (1956), 3. Helgi Kristinn (1967). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1953. Lauk framhaldsnámi í heilsuvernd frá Danmarks Sygeplejerskehöjskole í Árósum 1969, námi í kennslu- og uppeldisfræði frá Kennaraháskóla Íslands 1976 og námskeiði í stjórnun á vegum Hjúkrunarfélags Íslands 1979. Sótti sér viðbótarmenntun og reynslu í heilsugæsluhjúkrun til Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Kanada og Englands. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Kleppsspítalanum 1953-1954, á Hvítabandinu 1961-1962 og á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 1963-1977. Var hjúkrunarforstjóri heilsugæslustöðvarinnar í Asparfelli árin 1978-1997. **Félagsstörf:** Var í forystu við uppbyggingu trúnaðarmannakerfis Hjúkrunarfélags Íslands og var formaður trúnaðarráðs 1977-1980. Var varaformaður Hjúkrunarfélags Íslands frá 1983 og formaður í forföllum formanns 1986-1988. Var fulltrúi Hjúkrunarfélags Íslands í samvinnu norrænna hjúkrunarfræðinga um árabíl. Sat alþjóðáþing

hjúkrunarfræðinga í Seoul í Suður-Kóreu 1989. Var fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins í skólanefnd Nýja hjúkrunarskólans og Hollustuvernd ríkisins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-8-18.

PETRÍNA KRISTÍN JAKOBSSON (1910-1991) fædd á Húsavík, látin á Hellu. TEIKNARI og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Valgerður Pétursdóttir frá Ánanaustum (1874-1962) og Jón Ármann Jakobsson (1866-1939), kaupfélagsstjóri Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík. **Systkin:** 1. Sigurður (1903-1969), 2. Ásgeir (1904-1961), 3. Pétur Hálfán (1905-1975), 4. Jakob (1907-1971), 5. Hallgrímur Jónas (1908-1976), 6. Áki (1911-1975). **M:** Jóhann Magnús Hallgrímsson (1911-1982), húsasmíðameistari. **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Menntaskólanum í Reykjavík og nam eitt ár við Samvinnuskólann. Stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann 1939-1944. Sótti nám í landmælingum, stærðfræði og kortagerð 1946-1948. Kynnti sér lýsingatækni í Hollandi og London 1951. Stundaði hífýlafræði í bréfaskóla í Kaupmannahöfn á árunum 1960-1962. **Störf:** Var teiknari hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1939-1944 og síðan stjórnandi teiknistofu raforkumálastjóra, síðar Orkustofnunar, til starfsloka 1977. **Stjórnmalastörf:** Var bæjarfulltrúi í Reykjavík fyrir Sameiningarflokk alþýðu, Sósíalistaflokkinn 1954-1958 og sat í barnaverndarnefnd 1936-1948. **Félagsstörf:** Var leiðbeinandi í tómskundaklúbbi Ungherja ASV (Alþjóðasambands verkalýðsins), sem rekinn var í Reykjavík fyrir fátæk börn án endurgjalds á kreppuárunum. Þar var m.a. málaraklúbbur og leiðbeint í leiklist, söng, dansi, hljóðfæraleik og upplestri. Fyrir strákana voru smíðaklúbbar, sjóvinnuklúbbar o.fl. Gefið var út blaðið *Ungherjinn* þar sem birtust sögur, ljóð, teikningar og hverskonar frásagnir krakkanna. Með henni starfaði um tíma Dagný Ellingsen (1915-1937). Petrína og Dagný báru sjálfar allan kostnað af starfinu, þ.m.t. efniskaup og annað. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-5-20.

R

RAGNA BERGMANN (1933-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Gróa Skúladóttir (1908-1971) og Guðmundur Skúli Björnsson Bergmann (1909-1988), flugvallarstarfsmaður. **Alsystkin:** 1. Hulda (1934-2004), 2. Ólafía Kristín (1939), 3. Eysteinn (1941-2020), 4. Sigurður (1944-2016). **Samfeðra systkin:** 5. Rósmarý (1951), 6. Björn Steinn (1955), 7. Hilmar (1958). **M:** 1953, Jóhann Ingvarsson (1923-2006), bifreiðastjóri. **Börn þeirra:** 1. Valur Ragnar (1953), 2. Katrín Gróa (1955), 3. Jóhanna Huld (1956), 4. Guðrún Edda (1959), 5. Bergþóra Ósk (1962), 6. Örn Ingvar (1964). **Störf:** Var verslunarmaður hjá KRON í Skerjafirði 1948-1952. Starfaði við ræstingar hjá Reykjavíkurborg árin 1953-1976. **Félagsstörf:** Var kosin trúnaðarmaður Verkavennafélagsins Framsóknar 1970, var varaformaður félagsins 1976 og formaður 1982-1998. Sat í stjórnnum fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, Verkamannasambands Íslands og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Var í framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Var um skeið fyrsti varaforseti ASÍ. Sat í stjórn Eignarhaldsfélags Alþýðubankans, stjórn Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og flokksstjórn Alþýðuflokksins. Átti sæti í stjórn Bústaðakirkju 1969-1976 og var í sóknarnefnd 1982-1986. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1998). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-7-260.

RAGNHEIÐUR BJARNADÓTTIR (1873-1961) fædd á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Þórey Kristín Ólína Pálsdóttir (1848-1934) og Bjarni Þórðarson (1837-1918), bóndi. **Alsystkin:** 1. Þórey (1869-1933), 2. Þórður (1871-1956), 3.

Böðvar (1872-1953), 4. Bent (1876-1951), 5. Margrét Theódóra Rasmus (1877-1958), 6. Hannes (1878-1931). **Samfeðra systkin:** 7. Arndís (1862-1926), 8. Kristín (1864-1897). **M:** 1893, Þorleifur Jónsson (1855-1929), þingmaður Húnavetninga 1886-1900, póstafrgreiðslumaður í Reykjavík og póstmeistari. **Börn þeirra:** 1. Bjarni (1894-1913), 2. Pórey (1895-1959), 3. Salome (1897-1979), 4. Jón Leifs (1899-1968), 5. Páll (1902-1957). **Störf:** Var búsett í Stóradal, Syðri-Löngumýri og Sólheimum á árunum 1894-1900, en í Reykjavík frá 1900. Fékk borgarabréf árið 1914 og setti upp Hannyrðaverslunina Silkibúðina, fyrst við Bankastræti 14 í Reykjavík, en leigði síðan verslunarhúsnæði á árunum 1921-1950 í Bankastræti 12 hjá vinkonu sinni Halldóru Ólafs sem hætt hafði verslunarrekstri vegna veikinda. Frá árinu 1951 var Silkibúðin að Laufásvegi 1. **Félagsstörf:** Starfaði í Thorvaldsensfélaginu og kvenfélaginu Hringnum. Var meðal stofnenda Hjúkrunarfélagsins Líknar. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-101.

RAGNHEIÐUR INGIBJÖRG ODDSDÓTTIR BJÖRNSSON (1896-1987) fædd í Kaupmannahöfn, látin á Akureyri. KAUPKONA. **Foreldrar:** Ingibjörg Benjamínsdóttir Björnsson (1859-1945) og Oddur Björnsson (1865-1945), prentsmiðjustjóri. **Systkin:** 1. Björn, (1895-1975), 2. Unnar *Sigurður* (1901-1975), 3. Þór Gunnar Steindór (1904-1967). **Nám:** Lærði á píanó hjá Sigurgeiri Jónssyni 1905-1913. Var um tíma í Verslunarskólanum. Lærði tungumál í einkatímum og talaði m.a. dönsku, ensku og þýsku. Lærði vélritun. Lærði áteikningar og litameðferð í Verslun Ágústu Svendsen við Aðalstræti í Reykjavík. **Störf:** Stundaði verslunarstörf í Sælgætisverslun Gunnþórunnar Halldórsdóttur og Guðrúnar Jónasson, Verslun Jakobsens og Verslun Ágústu Svendsen (í 18 ár). Vann við skrifstofustörf hjá Sláturfélagi Suðurlands. Stofnaði Hannyrðaverslun Ragnheiðar O. Björnsson við Hafnarstræti 103 á Akureyri 1937 og rak hana á sama stað til ársins 1972. **Ritstörf:** *Nýja útsaumsbókin: 28 útsaumsteikningar*, ásamt Arndísi Björnsdóttur (1944), *Krosssaumsgerðir*, safnað og gefið út ásamt Arndísi Björnsdóttur (1947). Skrifaði greinar í blöð og tímarit um hannyrðir. **Félagsstörf:** Var í hópi stofnenda Zontaklúbbs Akureyrar undir leiðsögn félaga frá höfuðstöðvum Zonta International í Cicago. Var félagi í Náttúruvæðingafélaginu, Kvenfélagi kirkjunnar, Kvenfélaginu Framtíðinni, Guðspekifélaginu og Sálarrannsóknarfélaginu. Var ævifélagi í Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og gjaldkeri í stjórn þess 1931-1937. Var stofnfélagi Ungmennafélagsins Velvakanda. Stjórnaði ásamt Ásthildi Kolbeins og Þorbjörgu Guðjónsdóttur 72 börnum í víkivakadansi á Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930. Lék á píanó undir ballettinum *Norðurljósadansinn* sem Sigfús Einarsson samdi fyrir sýningu Leikfélags Reykjavíkur á *Nýársnótt* eftir Indriða Einarsson í leikstjórn Guðrúnar Indriðadóttur (frumsýnt 1928 og leikið á 15 sýningum). **Viðurkenning:** Fékk Þingvallaorðuna fyrir framlag sitt á Alþingishátíðinni 1930. Var heiðursfélagi Ungmennafélagsins Velvakanda. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar reit L-6-26.

RAGNHEIÐUR BRYNJÓLFSDÓTTIR (1641-1663) fædd í Skálholti, látin í Skálholti. SÖGUPERSÓNA. **Foreldrar:** Margrét Halldórsdóttir (1615-1670) og Brynjólfur Sveinsson (1605-1675), biskup í Skálholti. **Systkin:** 1. Halldór (1642-1666). **Barnsfaðir:** Daði Halldórsson (1637-1721), prestur. **Barn þeirra:** 1. Þórður (1662-1673). Þekkt m.a. vegna bókmennta og tónlistar tileinkuð henni. **Sálmur og kvæði:** Hallgrímur Pétursson sendi Ragnheiði handrit af Passíusálmunum með tileinkun til hennar árið 1661 og er *Allt eins og blómstrið eina* talið hafa verið sungið í fyrsta sinn yfir moldum hennar 1663. *Eiðurinn: kvæðaflokkur*, eftir Þorstein Erlingsson (1858-1914, 1913, 1924 og 1949), einnig gefinn út með myndum eftir Guðrúnu Svövu Svavarsdóttur (1974).

Sönglög: *Lífið hún sá í ljóma þeim* eftir Inga T. Lárusson. *Nótt* eftir Sigfús Einarsson. **Skáldsögur:** *Brynjólfr Sveinsson biskup* eftir Torfhildi Þorsteinsdóttur Hólm (1882 og 1912). *Skálholt* eftir Guðmund Kamban í fjórum bindum (1. *Jómfrú Ragnheiður*, 2. *Mala domestica*, 3. *Hans herradómur* og 4. *Quod felix*, 1930-1935, 1958). *Ritari biskups* eftir Jóhann Sigurðsson (1949). Tvær fyrstu bækurnar í *Skálholti* Kambans, *Jómfrú Ragnheiður* og *Mala domestica*, gefnar út á hljóðbókum, Friðrik Erlingsson les (2015). **Leikrit:** *Jómfrú Ragnheiður: Sögulegur sjónleikur í fimm þáttum* eftir Guðmund Kamban, leikgerð eftir Bríeti Héðinsdóttur, frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur (1945). Útvarpsleikritið *Skálholt* hljóðritað í leikstjórn Lárusar Pálssonar (1955). **Óperur:** Óperan *Skáldið og biskupsdóttirin* eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur og Alexöndru Chernishova (2011, sýnd tvisvar). Óperan *Ragnheiður* eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson frumsýnd í Hörpu (2014). Útgefnar nótur með níu aríum óperunnar umskrifaðar fyrir píanó/orgel og hljómdiskar og bæklingur með söngtextum óperunnar á íslensku og ensku (2014). **Minnisvarðar:** Minnisvarði um Ragnheiði var reistur í Skálholt (1940) og annar norðan við Þorláksbúð um Ragnheiði og fjölskyldu hennar (á Skálholtshátíð 2015). **Jarðsett:** Skálholti.

RAGNHEIÐUR BÖÐVARSDÓTTIR (1899-2000) fædd á Laugarvatni, látin í Reykjavík. SÍMSTÖÐVARSTJÓRI og ORGANISTI. **Foreldrar:** Ingunn Eyjólfsdóttir (1873-1969) og Böðvar Magnússon (1877-1966), bóndi á Laugarvatni og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Magnús (1902-1971), 2. Arnheiður (1904-2000), 3. Laufey (1905-1974), 4. Hrefna (1906-1976), 5. Magnús (1908-1977), 6. Hlíf (1909-2015), 7. Sigríður (1912-1990), 8. Lára (1913-2019), 9. Auður (1915-2002), 10. Anna Bergljót (1917-1989), 11. Svanlaug (1918-2012). **M:** 1920, Stefán Diðriksson (1892-1957), kaupfélagsstjóri, bóndi og oddviti á Minniborg í Grímsnesi. **Börn þeirra:** 1. Böðvar (1924-2015), 2. Ingunn Erla (1925), 3. Erla (1926-1926), 4. Ólöf (1927), 5. Áslaug (1928-2011), 6. Diðrik Hörður (1930), 7. Sigrún Ólöf (1931), 8. Hulda Sigurlaug (1933-2000), 9. Kristrún (1937). **Fósturbarn:** 10. Tómas Halldór Jónsson (1921-1994). **Nám:** Sótti eftir stutta skólagöngu í barnaskóla námskeið við hússtjórnardeild Kvennaskólans í Reykjavík veturinn 1916-1917. Lærði orgelleik í heimahúsum undir leiðsögn Jóhannesar Erlendssonar. **Störf:** Var póst- og símstöðvarstjóri á Minniborg í Grímsnesi í 56 ár. Sinnti starfi organista við Stóruborgarkirkju í 35 ár. **Félagsstörf:** Var ritari í stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps og starfaði með UMF Hvöt. Sá um útlán á bókum lestrarfélagsins í Grímsnesi. **Viðurkenningar:** Kjörin heiðursfélagi Ungmennafélagsins Hvatar (1957) og Kvenfélags Grímsneshrepps. Útnefnd heiðursborgari Grímsneshrepps (1989). **Jarðsett:** Stóru-Borgarkirkjugarði Grímsnesi reit 45.

RAGNHEIÐUR EINARSDÓTTIR (1917-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Kristjana *Ragnheiður* Hall (1880-1953) og Einar Magnúsen Jónasson (1872-1937), sýslumaður **Systkin:** 1. Erna (1908-1971), 2. Birgir (1910-1971), 3. Sverrir (1911-1986), 4. Agnar (1914-1993), 5. Hjördís (1921-2001). **M:** 1937, Tómas Pétursson, stórkaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Ragnar (1939), 2. Gunnar (1940), 3. Ragnheiður (1944), 4. Guðríður (1950). **Fósturbarn:** 5. Einar Sverrisson (1936). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1936. **Störf:** Starfaði í verslun Rauða krossins á Landakoti sem sjálfboðaliði. **Félagsstörf:** Var félagi í kvenfélaginu Hringnum og formaður hans 1971-1981. Var félagi í kvennadeild Rauða krossins. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Hringsins. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1985). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit T-125.

RAGNHEIÐUR FINNSDÓTTIR (1913-2004) fædd á Hvilft í Önundarfirði, látin í Reykjavík. KENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðlaug Jakobína Sveinsdóttir (1885-1981) og Finnur Finnsson (1876-1956), bóndi. **Systkin:** 1. Sveinbjörn (1911-1993), 2. Hjálmar (1915-2004), 3. Sigríður (1918-2007), 4. Jakob (1919-1941), 5. Sveinn (1920-1993), 6. Jóhann (1920-1973), 7. María (1922-2017), 8. Málfríður (1923-2019), 9. Kristín Fenger (1925-1998), 10. Gunnlaugur (1928-2010). **Fósturbróðir:** 11. Leifur Kristinn Guðjónsson (1935-2005). **M:** 1945, Oddur Guðsteinn Sigurgeirsson (1913-1993), húsgagnabólstrari. **Börn þeirra:** 1. Geir Agnar (1946), 2. Finnur Jakob (1948), 3. Guðlaug (1949). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1935. Var við frekara nám í Danmörku og Svíþjóð 1970 og 1972 og í Bandaríkjunum 1972. **Störf:** Fékkst við smábarnakennslu í Reykjavík 1935-1936 og var kennari við Austurbæjarskólann 1936-1937. Var skólastjóri Klébergsskóla á Kjalarnesin 1937-1945. Var kennari við Laugarnesskóla 1945-1946 og síðan kennari við Langholtsskóla í yfir 30 ár eða árin 1952-1983. **Félagsstörf:** Starfaði lengi í Kvenfélagi Langholtssafnaðar og sat þar í stjórn. Tók virkan þátt í starfsemi St. Georgsskáta. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi Kvenfélags Langholtssafnaðar. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit J-2-15.

RAGNHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR (1915-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. AUGNLÆKNIR. **Foreldrar:** Geirlaug Stefánsdóttir (1881-1967) og Guðmundur Bjarni Kristjánsson (1879-1947), skipstjóri og sjómannaskólakennari. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1908-2004), 2. Herdís (1910-1997), 3. Skúli (1913-1914). **Fóstursystkin:** 4. Erna Stefánsdóttir Rubjerg (1928-2017), bróðurdóttir Geirlaugar. **M:** 1942, Magnús Víglundsson (1912-1982), kaupsýslumaður, verksmiðjueigandi og ræðismaður Spánar í Reykjavík, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Geirlaug Herdís (1946). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1935. Stundaði nám í þýskri og enskri bókmenntasögu við Kaupmannahafnarháskóla 1935-1936. Nam læknisfræði við Háskóla Íslands, lauk þaðan cand.med.-prófi 1945. Stundaði sérfræðinám í augnlækningum við New York Hospital og víðar í Bandaríkjunum. Lauk sérfræðingsprófi í augnlækningum frá Escule Profesional de Oftalmologia í Barcelona á Spáni 1964. **Störf:** Fékk sérfræðingsleyfi í augnlækningum á Íslandi 1966 og starfrækti eigin stofu í Reykjavík, en var einnig sérfræðingur á Sólvangi. Var kennari við læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlisfræði tannlækna 1952-1961, fyrst kvenna sem kenndu við skólann. Kenndi augnsjúkdómafræði við Nýja hjúkrunarskólann um árabíl. Kynnti sér nám og störf sjúkraliða í Bandaríkjunum 1962 og átti frumkvæði að námi og starfi sjúkraliða á Íslandi. Skipulagði í samráði við forráðamenn Landakotsspítala kennslu sjúkraliða og kenndi þar frá upphafi 1965 og til 1972. **Félagsstörf:** Var formaður Félags íslenskra háskóla-kvenna og Kvenstúdentafélags Íslands 1957-1963, formaður Golfklúbbs Reykjavíkur 1958-1959 en sat áður í stjórn hans. Sat í stjórn Rauðakrossdeildar Reykjavíkur 1959-1979, sem formaður 1971-1979, í varastjórn Rauða kross Íslands 1961-1973 og aðalstjórn 1973-1977. Átti hugmynd að stofnun Kvennadeildar RKÍ 1966. Var í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og formaður Landssambands sjálfstæðis-kvenna 1969-1973. Sat í öldrunarráði öldungadeildar Læknafélags Íslands frá stofnun 1994 og til 1996. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Læknafélagi Íslands, Félagi kvenna í læknastétt á Íslandi, Félagi íslenskra háskóla-kvenna, Félagi sjúkraliða, Gólfklúbbi Reykjavíkur, Golfklúbbi Ness og Rauða krossinum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-4-21.

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR (1646-1715) fædd í Vatnsfirði. BISKUPSFRÚ Á HÓLUM Í HJALTADAL 1674-1684 og 1696 og HANNYRÐAKONA. **Foreldrar:** Hólmfríður Sigurðardóttir (1617-1692) og

Jón Arason (1606-1673), skáld og prófastur í Vatnsfirði. **Systkin:** 1. Magnús „digri“ (1637-1718), 2. Helga í Laufási (1639-1718), 3. Ragnheiður „eldri“ (1639), 4. Guðbrandur (1641-1690), 5. Sigurður (1643-1730), 6. Oddur „digri“ (1648-1711), 7. Anna „digra“ (1650-1722), 8. Ari (1657-1698). **M1:** Gísli Þorláksson (1631-1684), biskup á Hólum í Hjaltadal, var þriðja kona hans. **M2:** 1696 (í eitt ár), Einar Þorsteinsson (1633-1696), biskup á Hólum, var seinni kona hans. **Störf:** Var biskupsfrú á Hólum, þekkt fyrir hannyrðir sínar. Tók nemendur í hannyrðanámb, bæði sem biskupsfrú og sem húsfreyja í Gröf á Höfðaströnd. Altarisklæði úr Laufáskirkju er talið hennar verk. Eftir hana liggur *Sjónabók* með mynstrum sem notuð voru í útsaumi, vefnaði og öðrum hannyrðum. **Viðurkenningar:** Myndir af Ragnheiði prýða íslenska 5000 króna seðilinn. Á framhlið seðilsins er Ragnheiður og fyrri eiginmaður hennar Gísli Þorláksson biskup ásamt tveimur fyrri konum Gísla. Á bakhlið seðilsins er Ragnheiður ásamt tveimur stúlkum við hannyrðir og til hliðar er fangamark úr sjónabók Ragnheiðar. Stórt barokkmálverk sem Ragnheiður lét mála í Kaupmannahöfn 1684 er grunnurinn að mannamyndunum. Verkið er varðveitt á Þjóðminjasafninu. *Sjónabók*, stóll, tvær fatakestur, trafoeskjur, a.m.k. tvö bréf og handskrifuð sálmabók merkt Ragnheiði hafa varðveist.

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR (1889-1977) fædd í Vestri-Garðsauka í Hvolshreppi, Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður Skúladóttir Thorarensen (1856-1905) og Jón Árnason (1845-1913), bóndi og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Elín (1886-1915), 2. Skúli (1892-1930). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1905-1907 og Statens Lærerhøgskole í Kaupmannahöfn. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann í Reykjavík 1913-1941 og skólastjóri þar árin 1941-1959. Kenndi aðallega sögu og landafræði. Rak ásamt kennslu við Kvennaskólann smábarnaskóla í um 20 ár á neðri hæð heimilis síns við Hringbraut í Reykjavík. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1956). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-309.

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR (1895-1967) fædd á Hæringsstöðum í Stokkseyrarhreppi, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR og KENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Magnúsdóttir (1864-1957) og Jón Sigurðsson (1866-1947), kennari og verslunarmaður á Stokkseyri. **Systkin:** 1. Arnheiður (1894-1987), 2. Guðríður (1902-2001). **M:** 1916, Guðjón Guðjónsson (1892-1971), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Jón Ragnar (1920-1992), 2. Sigrún (1926). **Nám:** Lauk kennaraprófi 1923. Stundaði framhaldsnám í Englandi og Bandaríkjunum. **Störf:** Var barnakennari í Gaulverjabæjarhreppi 1915-1916, heimiliskennari í Vík, Vestmannaeyjum, 1916-1917 og kennari á Stokkseyri 1917-1919. Var kennari við Barnaskólann í Reykjavík 1923-1930 og við Austurbæjarskólann í Reykjavík 1930-1948. Sinnti ritstörfum. **Bækur:** Gaf út níu bækur á árunum 1934-1947, en gaf sig eingöngu að ritstörfum frá árinu 1948. Sendi frá sér yfir 20 bækur fyrir börn og unglínga, m.a. *Dórubækurnar*, átta skáldsögur fyrir fullorðna, m.a. *Arfur* (1941), *Sárt brenna gómarnir* (1958) og *Villiendur* (1967) og tvö smásagnasöfn m.a. *Deilt með einum: smásögur* (1959). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-36-2.

RAGNHEIÐUR ÁSTA PÉTURSDÓTTIR (1941-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÚTVARPSPULUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Birna Jónsdóttir (1919-2003) og Pétur Pétursson (1918-2007), útvarpspulur. **M1:** Gunnar Eypórsson (1940-2001), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Pétur (1960-2018), 2. Eypór (1961), 3. Birna Guðrún (1965). **M2:** 1974, Jón Múli Árnason (1921-2002),

útvarpspulur og tónskáld. **Barn þeirra:** 4. Sólveig Anna (1975). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1961. Stundaði nám í sögu og dönsku við Háskóla Íslands um tíma. Sótti lýðháskóla í Danmörku 1963. **Störf:** Var útvarpspulur við Ríkisútvarpið árin 1962-2006. Sinnti auk þess dagskrárgerð fyrir Ríkisútvarpið, einkum um tónlist. Orti dægurlagatexta og fjölda vísna. **Félagsstörf:** Var formaður Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins í nokkur ár og átti um tíma sæti í stjórn BSRB. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-7-12.

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR REAM (1917-1977) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI. **Foreldrar:** Sigríður Bogadóttir (1893-1981) og Jón Halldórsson (1889-1984), söngstjóri. **M:** 1945, Donald Forest Ream (1922-1991), eðlisfræðingur. **Nám:** Var í kvöldskóla og síðan dagskóla áhugamanna um málalíst í tvö ár. Stundaði síðan listnám í listadeild American University í Washington 1954-1959 og Washington Workshop of Art 1973. **Störf:** Starfaði hjá íslenska sendiráðinu í Washington 1942-1945. Fékkst við málalíst frá því um þrítugt. **Sýningar:** Hélt einkasýningar í Washington (1962, 1964, 1968 og 1970), Baltimore Museum of Art (1964) og Alexandríu í Bandaríkjunum (1966). Hélt einnig sýningar í Bogasal Þjóðminjasafnsins (1967 og 1971) og Norræna húsinu (1974). Sýningar á verkum hennar voru einnig haldnar á Kjarvalsstöðum (1982), Nýhöfn, listasali (1988) og Norræna húsinu (1994). Tók þátt í samsýningum, m.a. á Kjarvalsstöðum (1973), Haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna (1973), sýningu 8 íslandske kunstnere í Björgvin, Kiruna og Luleå (1975) og í Norræna húsinu (1976). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-54.

RAGNHEIÐUR SIGURGRÍMSDÓTTIR (1933-2017) fædd í Holti, Stokkseyrarhreppi, látin í Reykjavík. REIÐKENNARI. **Foreldrar:** Unnur Jónsdóttir (1895-1973), kennari, og Sigurgrímur Jónsson (1896-1981), bóndi. **Systkin:** 1. Jón (1922-2008), 2. Hörður (1924-2011), 3. Ingibjörg (1925-2010), 4. Áslaug (1927-2015), 5. Jóhann *Vernharður* (1929-2000), 6. Grímur (1935-2019), 7. Hákon Gamalíes (1937). **M:** 1973, Pétur Behrens (1937), listmálari, skildu 1983. **Börn þeirra:** 1. Hlín (1967), 2. Hákon (1973). **Nám:** Sótti söngtíma m.a. hjá Sigurði Demetz. Lærði klassíska reiðmennsku í Warendorf í Þýskalandi og tók próf hjá Albert Brandl í Wülfrath. **Störf:** Starfaði um tíma sem flugfreyja hjá Loftleiðum og síðar á skrifstofu fyrirtækisins. Stofnaði reiðskóla fyrir börn, fyrst á Völlum undir Esjurótum og síðan á Tóftum í Flóa. Rak tamningamiðstöð í Keldnakoti í Flóa. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Tamningamannafélags Íslands og formaður stjórnar þess 1972-1978 og 1984-1986. Var fyrsta íslenska konan sem tók þátt í Evrópumóti íslenska hestsins í Austurríki 1975. **Viðurkenning:** Sæmd heiðursmerki Félags tamningamanna (1990). **Jarðsett:** Stokkseyrarkirkjugarði reit D-D-14.

RAGNHEIÐUR KRISTRÚN STEPHENSEN (1939-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Kristrún Arnórsdóttir Stephensen (1896-1940) og Pétur Ólafsson Stephensen (1899-1944), múrarameistari. **Systkin:** 1. Ólafur P. Stephensen (1927-2001). **Uppeldissystkin:** 2. Ragnar Stephensen (1931-1947). **M:** Jóhann Hjálmarsson (1939-2020), ljóðskáld og blaðamaður. **Börn þeirra:** 1. Þorri (1963-2022), 2. Dalla (1968), 3. Jóra (1971). **Nám:** Varð hjúkrunarfræðingur frá Hjúkrunarskóla Íslands 1961. Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1982. Sótti fjölda námskeiða og ráðstefna. **Störf:** Var hjúkrunarfræðingur á Borgarspítalanum 1961-1962 og við Vårdhemmet í Stureby, Svíþjóð 1962-1963. Starfaði sem hjúkrunarfræðingur og kennari sjúkraliða á Kleppspítala 1965-1967 og

1979-1982. Var hjúkrunarfræðingur á Landakotsspítala 1970-1971 og 1975-1979 og á Hrafnistu í Reykjavík 1982-1983. Var hjúkrunardeildarstjóri á Hrafnistu í Hafnarfirði 1983-1986 og hjúkrunarframkvæmdastjóri árin 1987-1998. Var síðan hjúkrunarforstjóri Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði 1999-2004. Sat í gæðaráði hjúkrunar hjá Landlæknisembættinu. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands 1966-1969 og stjórn fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga. Gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir Landssamband eldri borgara (LEB), sat m.a. nokkur ár í þjónustunefnd og síðar velferðarnefnd sem formaður og í stjórn LEB 2011-2014. Var fulltrúi LEB á fundum Norrænna samtaka eldri borgara 2011-2014. Sat í stjórn Félags aldrea í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos) 2004-2014, þar af sem formaður í fjögur ár. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit L-4-13.

RAGNHILDUR HELGADÓTTIR (1930-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ALÞINGISMAÐUR og RÁÐHERRA. **Foreldrar:** Kristín Bjarnadóttir (1894-1949) frá Engey og Helgi Hagbart Tómasson (1896-1958), yfirlæknir. **Systkin:** 1. Tómas (1927-2017), 2. Bjarni (1933-2020). **Samfeðra systkin:** 3. Brynjólfur (1951). **M:** 1950, Þór Vilhjálmsson (1930-2015), hæstaréttardómari. **Börn þeirra:** 1. Helgi (1951), 2. Inga (1955), 3. Kristín (1960), 4. Þórunn (1968). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1949. Lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1958 og varð héraðsdómsslögmaður 1965. **Störf:** Var lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar 1959-1960 og 1964-1971 og ritstjóri *Lagasafns* 1982-1983. **Stjórnmalastörf:** Var alþingismaður Reykvíkinga 1956-1963, 1971-1979 og 1983-1991 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Var varaþingmaður Reykvíkinga 1980, 1981 og landskjörinn varaþingmaður Reykvíkinga 1982. Var menntamálaráðherra 1983-1985, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1985-1987, forseti neðri deildar 1961-1962 og 1974-1978, annar varaforseti sameinaðs þings 1959 og annar varaforseti neðri deildar 1959-1961 og 1962-1963. Sat í skólamálanefnd 1957-1958 og í millipinganefnd í tryggingamálum 1958-1959. Kosin í nefnd um starfsskilyrði aldræðs fólks 1959 og í nefnd um hugsanlega lækun kosningaaldurs 1966. Skipuð í nefnd um velferðarmál aldræðra 1968. Sat í tryggingaráði 1971-1978. Var fulltrúi í Norðurlandaráði 1974-1980, formaður Íslandsdeildarinnar 1974-1978 og forseti ráðsins 1975. Skipuð í nefndir til endurskoðunar almannatryggingalaga og um fæðingarorlof 1975. Var fulltrúi á þingi Evrópuráðsins 1963 og 1987-1991, formaður Íslandsdeildar þess 1987-1991 og í forsætisnefnd þess 1988-1990. Skipuð formaður nefndar um lögfestingu ákvæða mannréttinda-sáttmála Evrópu 1992. **Félagsstörf:** Sat í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1963-1971 og 1979-1981. Var formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna 1965-1969. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Z-318.

RAGNHILDUR INGIBERGSDÓTTIR (1923-2013) fædd á Reykjahvoli í Mosfellssveit, látin í Reykjavík. LÆKNIR. **Foreldrar:** Sigríður Olga Kristjánsdóttir (1896-1967) og Ingibergur Runólfsson (1896-1981), bifreiðastjóri. **Systkin:** 1. Þórdís Kalman (1924-2015), 2. Helga (1925-2007), 3. Ásgeir (1928-2009), 4. Gunnar (1933-2019). **Sammæðra:** 5. Kristín N. Zoëga (1917-2012). **M:** 1951, Björn Gestsson (1919-1992), forstöðumaður Kópavogshælis og skólastjóri og kennari við Proskapjálfskóla Íslands. **Börn þeirra:** 1. Gestur (1956), 2. Sigfríður (1960). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1942. Varð cand.med. frá Háskóla Íslands 1950 og öðlaðist almennt lækningaleyfi 1951. **Störf:** Var héraðslæknir í Flateyjarhéraði 1950, námskandidat á St. Jósefsspítala og fæðingardeild Landspítala 1950-1951 og aðstoðarhéraðslæknir í Stórolfshvolshéraði haustið 1951. Var aðstoðarlæknir við Psychiatrische Poliklinik für

Kinder und Jugendliche í Zürich 1952-1953 (með ársstyrk frá Alþjóðaheilbrigðis-stofnuninni). Starfaði sem aðstoðarlæknir á Sindsygehospital í Middelfart á Fjóni 1953-1954 og Den Kellerske Åndssvageanstalt í Brejning á Jótlandi 1954. Var yfirlæknir Kópavogshælisins frá 1956 og allt til starfsloka. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-2-94.

RAGNHILDUR ÓSKARSDÓTTIR / Róska (1940-1996) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LISTAKONA og KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR. **Foreldrar:** Sigurbjörg Emilsdóttir (1912-2001) og Óskar Bernhard Bjarnason (1912-2007), verkfræðingur. **Systkin:** 1. Borghildur (1942), 2. Guðrún (1944). **M1:** Gylfi Kristjánsson Reykdal (1938-2002), þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Höskuldur Harri (1963). **M2:** Manrico Pavolettoni (d. 1997), listamaður. **Nám:** Lærði myndlist og kvikmyndagerð í Prag, Róm og á Ítalíu þar sem hún bjó lengst af. **Störf:** Starfaði sem myndlistarmaður og kvikmyndagerðarmaður. Tók m.a. þátt í gerð myndanna *L'impossibilitá di recitar Elettra oggi* (1970), *Sóley* (1892) og *Ólafur Liljurós*, auk sjö heimildamynda um Ísland fyrir ítalska ríkissjónvarpið (RAI) á áttunda áratugnum. **Einka- og samsýningar:** Tók m.a. þátt í listasýningu í Casa-Nova í Reykjavík (1967) og sýningunni *Unge nordiske Kunstnere* í Aalborg, Danmörku (1968). Yfirlitssýning helguð Rósku var haldin á Nýlistasafninu í Reykjavík með málverkum, teikningum, ljósmyndum, pólitískum skúlptúrum, veggspjöldum og pólitískum barátturitum og jafnframt sýndar kvikmyndir hennar sem aldrei höfðu verið sýndar á Íslandi (2000). Gefin út bók í kjölfar sýningarinnar, *Róska*. Verk hennar voru sýnd á samsýningunum *Maður og borg* á Kjarvalsstöðum (2002), *Nokkrir vinir* í Listasafni Íslands (2009) og *Hliðstæður* á Kjarvalsstöðum (2014). **Félagsstörf:** Var þekkt fyrir róttækar stjórnámálaskoðanir sem endurspegluðust í verkum hennar. Var félagi í Æskulýðsfylkingunni og tók þátt í að ráðast inn í sjónvarpsal Keflavíkur-sjónvarpsins á Keflavíkurherstöðinni 1969 og úða þar málningu á linsur tökuvéla. Var virkur þátttakandi í hópum vinstrimanna og anarkista í Róm og tók m.a. þátt í fjögurra mánaða setuverkfalli ásamt Manrico manni sínum í smábænum Fabbrico nálægt Reggio Emilia á Norður-Ítalíu 1968. **Bók:** *Róska*, ritstjóri Hjálmar Sveinsson, ljósmyndir Guðmundur Ingólfsson o.fl. (2000). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-3-136.

RAGNHILDUR PÉTURSDÓTTIR (1880-1961) fædd í Engey, látin í Reykjavík. HÚSMÆÐRAKENNARI og BÓNDI. **Foreldrar:** Ragnhildur Ólafsdóttir (1854-1928) og Pétur Kristinsson (1852-1887), útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Guðrún Sigríður (1878-1963), 2. Ólafía (1881-1977), 3. Maren Ragnheiður Friðrika (1884-1974). **M:** Halldór Kristján Þorsteinsson (1877-1966), skipstjóri og útgerðarmaður. **Börn þeirra:** 1. Ragnhildur H. Skeoch (1919-2015), 2. Kristín Halldóra (1921-2017), 3. Guðný Ólafía (1923-2016). **Nám:** Stundaði nám í hússtjórnarskóla og hússtjórnar-kennaraskóla í Noregi 1905-1907. **Störf:** Sinnti umferðakennslu um Suðurland á vegum Búnaðarfélags Íslands. Var kennari við húsmæðradeild Kvennaskólans í Reykjavík (deildin samanstóð af tveimur námskeiðum á vetri). Rak kúabú við heimili sitt í Háteigi við Háteigsveg í Reykjavík með um 10 kýr í fjósi. Var gjaldkeri og gestgjafi Sambands íslenskra heimilisiðnaðar-félaga öll árin sem það starfaði eða 1913-1956. **Stjórnámálastörf:** Var varamaður í bæjarstjórn Reykjavíkur 1934-1942. **Félagsstörf:** Var formaður stjórnar Kvenfélagasambands Íslands 1930-1947. Var ein af stofnendum Bandalags kvenna í Reykjavík og meðal stofnenda Húsmæðraskóla Reykjavíkur og sat mörg ár í stjórn hans. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1932). Útnefnd heiðursfélagi Kvenfélagasambands Íslands. Frímerki í flokknum

„Merkir Íslendingar“ er með mynd af Ragnhildi eftir málverki Ásgríms Jónssonar, listmálar (gefið út 1990). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-19-51.

RAGNHILDUR RUNÓLFSDÓTTIR (1886-1963) fædd í Ásgarði í Landbroti, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Vilborg Ásgrímsdóttir (1857-1946) og Runólfur Árnason (1853-1897), bóndi. **Systkin:** 1. Ásgrímur (1882-1901), 2. Vilborg (1884-1965), 3. Sigríður (1885-1962). **Nám:** Lærði kjólasaum í Reykjavík og hattagerð í Kaupmannahöfn. **Störf:** Vann við kjólasaum í Reykjavík í mörg ár og saumaði oftast fyrir sama fólkið. Stofnaði Karlmannahattabúðina árið 1926 að Hafnarstræti 8 í Reykjavík og rak hana til æviloka eða í tæplega fjóra áratugi. Var umboðsmaður fyrir ársritið *Hlín* á Suðurlandi. **Félagsstörf:** Var í Skógræktarfélagi Íslands og arfleiddi það af kr. 10.000. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-63-17.

RAKEL ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR ÞORLEIFSSON (1897-1952) fædd í Látrum í Aðalvík, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR og BRAUTRYÐJANDI Í RÆKTUN. **Foreldrar:** Svanhvít Kristjánsdóttir (1867-1934) og Pétur Einarsson (1852-1941), bóndi. **Systkin:** 1. Ágúst Jóhannes (1895-1967), 2. Sigurlinni (1899-1976), 3. Gísli (1901-1926), 4. Ingimundur (1902-1999), 5. Hallgrímur Lúter (1904-1986), 6. Pétur Immanúel (1908-1909). **M:** Jón Þorleifsson (1891-1961), listmálar. **Börn þeirra:** 1. Kolbrún (1923-1971), 2. Bergur (1925-2013), 3. Jarl (1934-1999). **Nám:** Lauk ljósmóðurprófi frá Ljósmæðraskóla Reykjavíkur 1918. Sótti framhaldsnám við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan prófi 1920. Sótti námskeið í hör- og línvinnslu á Norðurlöndum. **Störf:** Var ljósmóðir á Ísafirði 1920-1922 og í einu af úthverfum Kaupmannahafnar 1922-1929. Ræktaði lín á litlum skika (um 100 fm) við heimili sitt í Blátúni við Kaplaskjólsvog í Reykjavík frá árinu 1935 og síðan á Bessastöðum á Álftanesi á eilítið stærri bletti (um 500 fm) árin 1945-1947. **Sýning – ræktun:** Sýndi árið 1935 í gluggum Verslunar Jóns Björnssonar, Bankastræti 7 í Reykjavík, 44 tegundir íslenskra matjurta sem hún ræktaði í garði sínum í Blátúni við Kaplaskjólsvog. Altarissdúkurinn í kirkjunni á Bessastöðum var unnin úr líninu sem Rakel ræktaði þar. Dúkurinn var ofin af blindu fólki í Danmörku en hannaður og ísaumaður af Unni Ólafsdóttur, listakonu. Ísaumslínið var Blátúnslín sem Rakel hafði spunnið. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur og formaður þess fyrstu níu árin. Samdi skipulagsskrá fyrir Líknar- og menningarsjóð félagsins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-25-17.

RANNVEIG GUÐRÍÐUR ÁGÚSTSDÓTTIR (1925-1996) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. BÓKMENNTAFRÆÐINGUR og FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Valgerður Kristjánsdóttir (1900-1963) og Sigurður Ágúst Elíasson (1895-1969), kaupmaður og yfirfiskmatsmaður frá Æðey. **Systkin:** 1. Helga Kristín (1926-2020), 2. Guðrún (1929-2008), 3. Elías Valdimar (1932-2013), 4. Steinunn *Olga* (1935), 5. Guðmundur (1939-2004), 6. Ásgerður (1941), 7. Auður (1944). **Barnsfaðir:** Gunnar G. Schram (1931-2004), lögfræðingur og alþingismaður. **Barn þeirra:** 1. Valgerður (1950). **M:** 1958, Loftur Loftsson (1923-2013), verkfræðingur. **Börn þeirra:** 2. Guðríður (1959), 3. Inga Rós (1962), 4. Loftur (1965). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1950. Lauk BA-prófi í bókmenntum, íslensku og sænsku frá Háskóla Íslands 1973. Stundaði nám til kandídatprófs í íslenskum fræðum og bókmenntum við Háskóla Íslands 1975-1978. **Störf:** Var aðalritari Iðnaðarmálastofnunar Íslands 1954-1959, ritari Þjóðhátíðarnefndar 1969-1974 og þingritari 1967-1971. Starfaði sem kennari í íslensku við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1972-1977, bókmenntagagnrýnandi á DV 1977-1987 og

framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands 1975-1995. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit G-9-167.

RANNVEIG TORP BÖÐVARSSON (1924-2005) fædd í Reykjavík, látin á Akranesi.

STJÓRNARFORMAÐUR ÚTGERÐARFÉLAGS. **Foreldrar:** Matthea Kristín Pálsdóttir Torp (1902-1946), saumakona, og Pálmi Hannesson (1898-1956), rektor. **Kjörfaðir:** Christian Evald Torp (1904-1965), framreiðslumaður. **Sammæðra systkin:** 1. Páll Torp (1927-2014). **Samfeðra systkin:** 2. Jón Skúli (1927-1935), 3. Ingibjörg Ýr (1931-2021), 4. Pétur Jökull (1933-1984), 5. Skúli Jón (1938), 6. Pálmi Ragnar (1940). **M:** 1945, Sturlaugur H. Böðvarsson (1917-1976), útgerðarmaður Akranesi. **Börn þeirra:** 1. Matthea Kristín (1947), 2. Haraldur (1949), 3. Sveinn (1951), 4. Rannveig (1954), 5. Sturlaugur (1958), 6. Helga Ingunn (1963). **Nám:** Stundaði nám í Danmörku og síðan í Verslunarskólanum. **Störf:** Vann ýmis skrifstofustörf hjá Tryggva Ófeigssyni, stórútgerðarmanni í Reykjavík. Var stjórnarformaður Haraldar Böðvarssonar & co. á Akranesi um árabil. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín í sjávarútvegi (1993). **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði reit J-34.

RANNVEIG „hin mjóa“ JÓNSDÓTTIR (1584-1654) fædd á Grund í Eyjafirði, látin á Háeyri á Eyrarbakka. ÚTGERÐARKONA og SKIPASMIÐUR. **Foreldrar:** Guðrún Árnadóttir (1550-1603) og Jón Björnsson (1538-1613), bóndi á Grund í Eyjafirði. **Alsystkin:** 1. Helga (1567-1662), 2. Þóra (1571-1652), 3. Kristín (1575-1653), 4. Guðríður (1580-1667), 5. Halldóra „eldri“ (1585-1661), 6. Halldóra „yngri“ (1590-1665). **Störf:** Flutti árið 1591 í Skálholt með Helgu systur sinni sem giftist Oddi Einarssyni biskupi. Þegar Oddur lést árið 1630 flutti Rannveig að Háeyri á Eyrarbakka, bjó þar rausnarbúi og var annáluð fyrir hjálpsemi við þá sem minna máttu sín. Ól upp mörg fátæk börn. Rak útgerð bæði á Eyrarbakka og í Þorlákshöfn og var sögð vanda mjög til útgerðar sinnar, enda með ágæta skipasmiði í þjónustu sinni. Hjá Rannveigu lét Brynjólfur biskup Sveinsson smíða stórt farmskip með yfir 10 álna löngum kili. Hafði alltaf bænahús á Háeyri fyrir sig og heimafólk sitt. Rannveig hefur verið langt á undan samtíð sinni í öllum framkvæmdum. **Jarðsett:** Stokkseyrarkirkju að norðan.

RANNVEIG HANSDÓTTIR LÍNDAL (1883-1955), fædd í Víkurholti, Blönduhlíð í Skagafirði, látin í Lækjamóti, Húnaþingi vestra. MATREIÐSLUKENNARI og FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Anna Pétursdóttir (1840-1917) og Hans Baldvinsson (1847-1939), bóndi Hrólfstöðum. **Systkin:** 1. Jakob Líndal (1880-1951), 2. Pétur (1887-1970). **Nám:** Stundaði nám við Alþýðuskólann á Hvítárbakka 1905-1907, Lýðháskólann í Voss, Noregi 1916-1917 og verklegt nám í garðyrkju-skóla á Harðangri í Noregi sumarið 1917. Sótti síðan framhaldsnámskeið í matreiðslu og meðferð kálmatis í búnaðarskóla á Stend. Lauk kennaraprófi frá Húsmæðraskóla Ingeborg Suhr í Kaupmannahöfn 1924. Sótti kennaranámskeið í Askov og nám við kennaraskóla í Rimforsa í Svíþjóð 1924. **Störf:** Kenndi á ýmsum stöðum í Skagafirði á árunum 1901-1916. Var kennari við barnaskólann í Klöve í Voss, Noregi 1917-1919. Kenndi við Kvennaskólann á Blönduósi 1919-1921 og 1924-1929. Sinnti verklegri kennslu á Grænlandi 1921-1923 í tengslum við íslensku sauðfjárræktina þar. Kenndi eftir 1929 á Sauðárkróki að undanskildum árunum 1939-1940 þegar hún var kennari við Húsmæðraskólann á Staðarfelli og 1940-1945 þegar hún var umferðarkennari fyrir Samband norðlenskra kvenna. Var forstöðukona Tóvinnuskólans á

Svalbarði við Eyjafjörð (sex mánaða námskeið) öll árin sem hann starfaði eða árin 1946-1955. **Jarðsett:** Heimagrafreit í Lækjamóti, Víðidalstungusókn.

RANNVEIG INGVELDUR EIRÍKSDÓTTIR LÖVE (1920-2015) fædd á Bíldudal, látin í Kópavogi. KENNARI og KENNSLURÁÐGJAFI. **Foreldrar:** Sigrún Benedikta Kristjánsdóttir (1896-1969) og Eiríkur Einarsson (1891-1973), bóndi í Réttarholti, Reykjavík. **Systkin:** 1. Unnur Kristjana (1921-1976), 2. Magga Alda (1922-1947), 3. Jóna Kristjana (1924-2019), 4. Auður Halldóra (1925-2004), 5. Lára Brynhildur (1926), 6. Svava Guðrún (1928-2008), 7. Erla Eyrún (1929-2016), 8. Inga Ásta (1930-2008), 9. Björg Aðalheiður (1931-2010), 10. Stefanía Salóme (1933-1999), 11. Magnfríður Dís (1934), 12. Ólöf Svandís (1935-2021), 13. Lilja Ragnhildur (1941-2012), 14. Rafnhildur *Björk* (1943). **M:** 1941, Guðmundur Löve (1919-1978), framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands. **Börn þeirra:** 1. Sigrún (1942), 2. Leó Eiríkur (1948-2017). **Nám:** Gekk í Flensborgarskólann. Lauk handavinnukennaraprófi 1950, kennaraprófi 1951 og prófi í sérkennslufræðum við Statens Speciallæreskole í Ósló 1967. Stundaði nám við Danmarks Lærerhøgskole í dönsku og dönskum bókmenntum 1973-1974. Lauk BA-námi í dönsku og bókmenntum við Háskóla Íslands 1982 (62 ára). **Störf:** Kenndi við Landakotsskóla í tvö ár og við Melaskóla í Reykjavík 1954-1982, stofnaði þar fyrsta lesverið hér á landi. Veitti forstöðu skóla fyrir fjölfötluð börn 1973-1974. Starfaði sem kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjaness 1981-1996. Samdi og þýddi smásögur fyrir börn og samdi námsefni fyrir byrjendur í lestri. Sá um barnatíma Ríkisútvarpsins um skeið. **Félagsstörf:** Starfaði í Kvenréttindafélagi Íslands og Kvinnalistanum. Var félagi í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum, og sat í stjórn Gammadeildar. Sat í stjórn SÍBS og var formaður Reykjavíkurdeildar berklavarna. **Æviminningar:** *Myndir úr hugskoti* eftir Rannveigu E. Löve, við tölvuna sat Leó E. Löve með málfrelsi og tillögurétt (2000). **Viðurkenningar:** Var gerð að heiðursfélaga Félags íslenskra sérkennara (2008) og heiðursfélaga DKG, Félags kvenna í fræðslustörfum (2013). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2011). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-344.

RANNVEIG HULDA ÓLAFSDÓTTIR (1931-2009) fædd á Patreksfirði, látin á Húsavík. BÓKSALI og UMBOÐSMAÐUR. **Foreldrar:** Lárensína Guðrún Guðmundsdóttir (1909-1973) og Ólafur Jósúa Jónsson (1906-1971), sjómaður. **Systkin:** 1. Þórnara (1934), 2. Björk (1936-1940). **M:** Arngrímur Konráðsson (1929-2015), smiður. **Börn þeirra:** 1. Helga (1953), 2. Ólafur (1957). **Nám:** Gekk í Húsmæðraskólann á Laugum í Þingeyjarsýslu. **Störf:** Rak bókaverslun Rannveigar H. Ólafsdóttur á Laugum í 40 ár. Var umboðsmaður happdrættis SÍBS og happdrættis Háskóla Íslands í 30 ár og Brunabótafélags Íslands um árabíl. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Ungmennafélagsins Eflingar og í stjórn Kvenfélags Reykdæla. Var í stjórn Iðnbæjar sem var nýsköpunarverkefni í sveitinni. **Jarðsett:** Einarstaðakirkjugarði reit 251.

RANNVEIG KRISTÍN ÞORVARÐSDÓTTIR SCHMIDT (1892-1952) fædd í Reykjavík, látin í San Francisco, Kaliforníu. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Sigríður Jónsdóttir (1863-1921) og Þorvarður Þorvarðsson (1869-1936), prentsmiðjustjóri. **Systkin:** 1. María (1893-1967), 2. Kjartan (1898-1936), 3. Ágústa Guðrún (1901-1948), 4. Sigríður (1903-1994). **M:** 1925, Adam Vilhelm Schmidt (1895-1944), forstjóri Sonotone's. **Nám:** Nam við Verslunarskólann í Reykjavík. Fór til Kaupmannahafnar og lærði tungumál og píanóleik hjá Haraldi Sigurðssyni, prófessor. **Störf:** Kenndi vélritun í Verslunarskólanum í tvö ár. Starfaði sem fyrsti ritari hjá íslensku

sendinefndinni í Kaupmannahöfn (undanfari sendiráðs í Kaupmannahöfn) undir stjórn Sveins Björnsson í níu ár eða 1916-1925. Flutti til Bandaríkjanna 1925 og bjó þar til 1945. Starfaði í níu ár hjá dönsku ræðismannsskrifstofunni í San Fransisco. Dvaldi í Reykjavík 1945-1947 og ferðaðist um Norðurlönd. Bjó síðan í Kaliforníu frá 1949 til dauðadags. Stundaði ritstörf og skrifaði m.a. greinar í blöð á Íslandi, Norðurlöndum og í Winnipeg. Hélt fyrirlestra til kynningar á Íslandi í Vesturheimi. **Bækur:** *Hugsað heim* (formáli eftir Halldór Kiljan Laxness, 1944). *Kurteisi* (1945). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1945). Hlaut frelsisheiðurspening Kristjáns konungs tíunda (1947). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-7-69.

[PORBJÖRG] **RANNVEIG TÓMASDÓTTIR** (1911-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FERÐABÓKAHÖFUNDUR og SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Rannveig Jónasdóttir (1878-1965) og Tómas Tómasson (1876-1933), yfirslátrari hjá Sláturfélagi Suðurlands. **Systkin:** 1. Tómas (1914-2007). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1931 og lærið tungumál hjá sendikennurum við Háskóla Íslands. **Störf:** Starfaði á Hagstofu Íslands alla starfsævina. Ritaði ferðabækur. **Bækur:** *Fjarlæg lönd og framandi þjóðir: Bahamaeyjar, Bermudaeyjar, Mexíkó* (1954), *Lönd í ljósaskiptum* (1957) og *Andlit Asíu*, teikningar og kápu gerði Barbara Árnason (1962), en Bókmenntafélagið Mál og menning gaf út fyrstu útgáfu þessarar bókar í minningu 25 ára afmælis félagsins (í 530 eintökum, þar af 100 á sérstökum pappír, tölusett og árituð). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit O-315.

RANNVEIG ÞORSTEINSDÓTTIR (1904-1987) fædd á Sléttu í Mjóafirði, látin í Mosfellssveit. HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR og ÞINGMAÐUR. **Foreldrar:** Ragnhildur Hansdóttir (1877-1967) og Þorsteinn Sigurðsson (1870-1910), sjómaður. **Systkin:** 1. Ólafur (1906-2001), 2. Rósa (1909-1993). **Nám:** Tók próf frá Samvinnuskólanum 1924 og stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946, utan skóla. Lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1949, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1952 og sem hæstaréttarlögmaður 1959, fyrst kvenna. **Störf:** Var afgreiðslumaður *Tímans* 1925-1936, stundakennari við Samvinnuskólann 1926-1933 og bréfitari við Tóbakseinkasöluna 1934-1946. Rak málflutningsskrifstofu í Reykjavík árin 1949-1974 og var dómari í verðlagsdómi Reykjavíkur 1950-1974. **Stjórnmalastörf:** Var alþingismaður Reykvíkinga fyrir Framsóknarflokkinn 1949-1953. Var varafulltrúi á þingi Evrópuráðsins 1951-1965 og sat oft þing þess. **Félagsstörf:** Sat í útvarpsráði 1953-1956 og 1959. Var í happdrættisráði Háskóla Íslands 1951-1977 og í yfirsattanefnd Reykjavíkur 1957-1963. Sat í stjórn Kvenfélagasambands Íslands 1947-1963, sem formaður frá 1959. Var formaður Félags íslenskra háskólakvenna og Kvenstúdentafélags Íslands 1949-1957. Var félagi í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur frá 1959 og félagi í Glímufélaginu Ármanni. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi Glímufélagsins Ármanns (frá 1967). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-35-10.

REGÍNA MAGDALENA FILIPPUSDÓTTIR (1877-1965) fædd í Kálfafellskoti, Vestur-Skaftafellssýslu, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR og GRASALÆKNIR. **Foreldrar:** Þórunn Gísladóttir (1846-1937), sjókona og formaður á báti frá Býjaskerjum í Sandgerði, ljósmóðir og grasalæknir, og Filippus Stefánsson (1829-1909), bóndi í Kálfafellskoti, Vestur-Skaftafellssýslu, Skálanesi við Seyðisfjörð og í Brúnavík eystra. **Systkin:** 1. Stefán (1870-1964), 2. Erlingur (1873-1967), 3. Geirlaug (1876-1970), 4. Jóhanna (1880-1882), 5. Jón Sigurður (1882-1951), 6. Gissur Kristján (1883-1921), 7. Guðrún (1884-1976), 8. Jóhanna (1887-1953). **M:** 1898, Jón Bjarnason (1872-

1932), trésmiður. **Börn þeirra:** 1. Nanna Jónbjörg Magnússon (1898-1970), 2. Helga (1901-1978), 3. Páll (1903-1921), 4. Þórunn (1904-1998), 5. Ástþórunn Guðlaug (1909-1920). **Nám:** Tók ljósmæðrapróf árið 1907. **Störf:** Var ljósmóðir á Borgarfirði eystra 1907-1919. Vann við sauma og stundaði grasalækningar. Þau hjón bjuggu á Jökulsá í Borgarfirði eystra og síðar á Bakkagerði, en fluttu til Reykjavíkur 1919. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit P-308.

[ELÍSBET] **REGÍNA MAGDALENA ÞÓRDARDÓTTIR** (1906-1974) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LEIKKONA.** **Foreldrar:** Hansína Hansdóttir Linnet (1878-1957) og Þórður Bjarnason (1871-1956), endurskoðandi á Lambastöðum á Seltjarnarnesi. **Systkin:** 1. Hans Ragnar (1901-1974), 2. Sigurður (1903-1965), 3. Bjarni (1908-1951), 4. Heinrich (1909-1922), 5. Þórey Sigríður (1912-1992), 6. Skúli (1917-1987). **M:** Bjarni Bjarnason (1901-1975), læknir. **Börn þeirra:** 1. Erla (Edda) (1925-2017), 2. Kolbrún (1928-2013). **Nám:** Lauk prófi frá skóla Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn 1940. **Störf:** Hóf að leika um 1930 á Akureyri. Lék hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1936-1950, í Þjóðleikhúsinu 1949-1962 og eftir það mest með Leikfélagi Reykjavíkur, auk þess að leika mikið í útvarpsleikritum. Meðal þekktra hlutverka hennar hjá Leikfélagi Reykjavíkur voru m.a. Ragnheiður Brynjólfsdóttir í *Skálholti* (1945), Geirþrúður Danadrottning í *Hamlet* (1948), Steinunn í *Galdra-Lofti* (1948), Matthildur von Zahnd í *Eðlisfræðingunum* (1962) og Clarie Zachnassian í *Sú gamla kemur í heimsókn* (1964) og hjá Þjóðleikhúsinu má nefna konu Arneusar í *Íslandsklukkunni* (1950) og Lindu Loman í *Sölumaður deyr* (1950). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1970). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit L-517.

RIGMOR S. HANSON (1913-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **DANSKENNARI.** **Foreldrar:** Gerda S. P. Hanson, f. Petersen (1884-1956) og Hannes Snæbjörnsson Hanson (1865-1932), kaupmaður. **Systkin:** 1. Ruth Ester Pearl (1906), 2. Aase Johanna Emilia (1918). **M:** 1932, Sigurjón Jónsson (1909-2005), vélstjóri og járnsmiðameistari, skildu 1956. **Barn þeirra:** 1. Svava (1933). **Nám:** Hóf að læra listdans kornung. Kynnti sér og nam nýjungar í dönsu á meginlandi Evrópu. **Störf:** Rak listdanskóla og samkvæmisdanskóla í Reykjavík fyrir börn og fullorðna frá því um 1938 og fram á sjöunda áratuginn. Í byrjendaflokkum kenndi hún m.a. vals, tangó, foxtrott og jive, sem mynda undirstöðu undir öllum dansi. Kenndi einnig Calypso og Quela sem eru upprunnir í Suður-Afríku og Yopp sem kom fyrst fram á heimssýningunni í Brussel 1958. Hélt fjölda danssýninga. Sá m.a. um fyrstu sjálfstæðu ballettsýninguna hér á landi á vegum Leikfélags Reykjavíkur 1932 og fyrstu listdanssýninguna í Þjóðleikhúsinu 1950. Bjó síðan um tíma í Danmörku, kenndi þar tungumál í kvöldskóla og starfaði sem fararstjóri. Kenndi eftir 1974 tungumál í Málaskólanum Mími í Reykjavík og hjá Námsflokkum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar allt til starfsloka. **Félagsstörf:** Var félagi í Alþjóðasambandi danskennara og sótti þing þess. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-211.

[JÓHANNA] **RÓSA BJÖRNSDÓTTIR BLÖNDAL** (1913-2009) fædd í Reykjavík, látin á Selfossi. **SKÁLD** og **KENNARI.** **Foreldrar:** Jóhanna Jónsdóttir (1882-1969) og Björn Blöndal Jónsson (1881-1950), löggæslumaður. **Systkin:** 1. Halldóra (1905-1951), 2. Jónbjörg (1907-1986), 3. Guðný (1908-1991), 4. Gísli (1917-2003). **Fósturforeldrar:** Jarþrúður Nikulásdóttir (1881-1969) og Sigurður Haraldsson (1875-1957), bóndi. **Uppeldissystkin:** 5. Ingibjörg Helgadóttir (1924-1997). **M:** 1933, sr. Ingólfur Ástmarsson (1911-1994), prestur, biskupsritari og skólustjóri. **Barn þeirra:** 1. Sigurður Örn (1935-2001). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1934. **Störf:**

Starfaði við kennslu og skólustjórn víða um land, en lengst af á Laugarvatni. Vann að ritstörfum, flutti erindi í útvarp, m.a. um náttúruvernd, og sendi frá sér bæði ljóð og lausamál. **Ljóðabækur:** *Pakkir* (1933), *Fjallaglóð* (1966), *Hátíðarljóð á Þorláksmessu* (1998), *Flóra, lúra, lýra* (1998), *Íslands aldar árbúsunda-aldamót* (2000) og *Kveðjur* (2008). **Aðrar bækur:** *Lífið er leikur* (1938), *Mývatn – Þjóðgarður* (1967), *Óður til Íslands* (1974), *Leyndar ástir í Njálu* (1987) og *Skáld-Rósa* (1989). **Jarðsett:** Mosfelli í Grímsnesi.

RÓSA GESTSDÓTTIR (1920-2001) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Sigríður Júlíusdóttir (1894-1976) og Gestur Pálsson (1877-1963), sjómaður og verkamaður. **Systkin:** 1. Inga Sigríður (1918-2009), 2. Guðný (1922-2015), 3. Róbert Freeland (1924-2009), 4. Júlíus (1928-2020). **M:** 1941, Jónas Halldórsson (1914-2005), sundkennari. **Barn þeirra:** 1. Ólafur Logi (1948). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1938. Stundaði nám í ensku, frönsku og sálarfræði við lowaháskóla í Bandaríkjunum 1944-1946 og sjúkrapjálfun við Los Angeles College of Physiotherapy 1946-1947. Lauk BA-prófi í ensku og frönsku frá Háskóla Íslands 1949 og prófi í uppeldis- og kennslufræði frá sama skóla 1953. Stundaði nám í frönsku, frönskum bókmenntum og kennslufræði við Oregonháskóla í Bandaríkjunum 1984-1985. Sótti sumarnámskeið fyrir tungumálakennara í Frakklandi, Englandi og Bandaríkjunum. **Störf:** Sinnti bókasafnsstörfum við lowaháskóla með námi 1945-1946. Fékkst við heimakennslu á árunum 1949-1966. Var prófdómari í ensku og dönsku við gagnfræðapróf á árunum 1952-1976. Var við leiðsögn erlendra ferðamanna á sumrin árin 1950-1968. Var kennari í ensku og frönsku við Verslunarskóla Íslands í um aldarfjórðung eða árin 1966-1991. **Félagsstörf:** Sat í varastjórn Kvenstúdentafélags Íslands um skeið, félaginu Anglíu og í stjórn félags frönskukennara 1978-1982. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-2-57.

RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR / Vatnsenda-Rósa (1795-1855) fædd á Ásgerðarstöðum í Hörgárdal, látin á ferðalagi að Efra-Núpi í Miðfirði. **SKÁLDKONA** og **LJÓSMÓÐIR.** **Foreldrar:** Guðrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Rögnvaldsson (1761-1821), bóndi í Fornhaga, Hörgárdal. **M1:** 1817, Ólafur Ásmundsson (1791-1843), bóndi, smiður og vefari, skildu 1830. Þau Ólafur bjuggu á ýmsum bæjum í Húnaþingi, m.a. á Vatnsenda í Vesturhópi. **Börn þeirra:** 1. Pálína (1818-1881), 2. Guðrún (1819-1900), 3. Sigríður (1822-1879). **Barnsfaðir:** Natan Ketilsson (1792-1828). **Börn þeirra:** 4. Rósant Berthold (1824-1904), 5. Þóranna Rósa (1825-1897). **M2:** 1840, Gísli Gíslason (1814-1897). **Nám:** Lauk námi í ljósmóðurfraði hjá landlækni 1835 og vann ljósmóðureið sinn 1836. **Störf:** Starfaði sem ljósmóðir í mörg ár bæði fyrir og eftir próf. Fékkst við skáldskap. **Ævisögur:** *Skáld-Rósa: barn rómantísku aldar á Íslandi – og fórnarlamb hennar*, höfundur Rósa B. Blöndals (1989). *Skáld-Rósa: ljósmóðirin Rósa Guðmundsdóttir*, höfundur Gísli H. Kolbeins (2007). **Leikrit um Rósu:** *Skáld-Rósa*, höfundur Birgir Sigurðsson, birtist í *Lystræningjanum* (1978). **Viðurkenning:** Kvenfélagasamband Vestur-Húnavatnssýslu lét reisa bautastein á leiði Rósu (1965). **Jarðsett:** Stóra-Núpi í Miðfirði.

[GUÐMUNDA] **RÓSA INGÓLFSDÓTTIR** (1947-2020) fædd í Reykjavík, látin í Mosfellsbæ. **AUGLÝSINGATEIKNARI** og **PULA.** **Foreldrar:** Klara Halldórsdóttir (1917-1972) og Ingólfur Sveinsson (1914-2004), lögreglumaður. **Systkin:** 1. Halldór (1940-2004), 2. Þorsteinn Örn (1945-1964). **Barnsfaðir 1:** Geir Rögnvaldsson (1949). **Barn þeirra:** 1. Klara Nótt Egilson (1971). **Barnsfaðir 2:** Þráinn Hafsteinsson (1962). **Barn þeirra:** 2. Heiðveig Riber Madsen (1985). **Nám:**

Lauk prófi frá auglýsingadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1968. Stundaði nám við Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1969-1972. **Störf:** Var einn fyrsti fréttateiknari Ríkissjónvarpsins og síðar sjónvarpspula. Starfaði sem myndlistarmaður, leikari, söngvari, fararstjóri, tónskáld og þáttagerðarkona. Hélt nokkrar myndlistarsýningar, m.a. á silkiprenti í Agóges-húsinu í Vestmannaeyjum (1991). Teikningar, 31 að tölu, *Úr miðaldasögu Viðeyjar*, eru í eigu Listasafns Reykjavíkur. Lék aukahlutverk í kvikmyndunum *Skilaboð til Söndru* (1983), *Veggfóður*, *Erótísk ástarsaga* (1992) og *Reykjavík Rotterdam* (2008). Gaf út sólóplötuna *Rósa* (1972), þar sem hún flutti batíkpoppi eftir sjálfa sig og þabba sinn í útsetningu Jóns Sigurðssonar, og hljómdiskinn, *Íðir*, íslensku árstíðirnar, lög og textar Rósa Ingólfsdóttir (1996). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit H-19-49.

RUT MAGNÚSSON, f. RUTH LITTLE (1935-2010) fædd í Carlise, Englandi, látin í Reykjavík. SÖNGVARI og SÖNGKENNARI. **Foreldrar:** Jenny Little, kennari, og James Little, bókari. **Systkin:** David og Andrew. **M:** 1963, Jósef Gottfreð Blöndal Magnússon (1933-2021), flautuleikari. **Börn þeirra:** 1. Magnús Yngvi (1966), 2. Ásgrímur Ari Little (1969). **Nám:** Hóf læknisfræðinám í London 1954 og sótti jafnframt söngtíma, en ári seinna náði söngurinn yfirhöndinni. Brautskráðist með kennara- og einsöngvarapróf frá Guildhall School of Music and Drama 1959. **Störf:** Átti glæstan söngferil í Bretlandi. Hélt fyrstu tónleika sína á Íslandi á vegum Tónlistarfélagssins 1963. Fluttist til Íslands 1966 og hóf þátttöku í tónlistarlífi landsins. Tók hér þátt í frumflutningi margra af stórverkum tónbókmenntanna og fjölda nýrra verka eftir íslensk tónskáld. Vann með Kammersveit Reykjavíkur við flutning á íslenskum og erlendum verkum, svo sem *Pierrot lunaire* eftir Schönberg. Söng á óperusviðinu m.a. hlutverk Carmen í samnefndri óperu eftir Bizet, í *Prymskviðu* eftir Jón Ásgeirsson og í *Silkitrommuni* eftir Atla Heimi Sveinsson. Sinnti jafnframt söngkennslu, m.a. í Söngskólanum, en lengst af við Tónlistarskólann í Reykjavík eða þar til hún lét af störfum 2003. Var framkvæmdastjóri Listahátíðar þrisvar sinnum og um skeið framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar æskunnar. **Upptökur á DVD:** M.a. *Pierrot lunaire* eftir Schönberg, flutt á íslensku á listahátíð 1980 í Þjóðleikhúsinu í þýðingu Þorsteins Gylfasonar á ljóðinu Pétur í tunglinu eftir Albert Giraud (2012; 100 árum eftir frumflutning þess í Berlín 1912). **Félagisstörf:** Tók m.a. þátt í stofnun Samtaka um byggingu tónlistarhúss 1983 og stýrði starfsemi til 1993. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1993). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-8-9.

S

SALBJÖRG KRISTÍN ARADÓTTIR (1900-1978) fædd í Stóra-Langadal, Skógarströnd, Dalasýslu, látin í Reykjavík. RÆSTINGAKONA. **Foreldrar:** Kristín Guðmundsdóttir (1873-1944) og Ari Stefánsson (1871-1957), bóndi. **Systkin:** 1. Sigurður Tryggvi (1904-2007), 2. Jóhanna Stefanía (1906-2003), 3. Guðný Ingunn (1910-2004), 4. Guðrún Áslaug (1913-1995), 5. Björg (1915-2005), 6. Sigríður Ingibjörg (1917-2008). **Barnsfaðir:** Kjartan Árnason (1899-1985). **Barn þeirra:** 1. Anna Jóhanna Kjartansdóttir (1923-2009). **M:** 1930, Andrés Ferdinand Lúðvíksson (1898-1977), trésmíðameistari, forsetaritari frá 1945. **Störf:** Starfaði sem ræstingakona í Alþingi í 40 ár eða árin 1935-1975. Tók einnig að sér ræstingastörf á skrifstofu ríkisstjóra og síðar forseta Íslands eftir að þær voru stofnaðar í sama húsi og sinnti því starfi allt þar til forsetaskrifstofan

var flutt í Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Svaf í Alþingishúsinu um nætur í herbergi undir súð meðan þingið var að störfum í nokkrar vikur á ári. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-1-17.

SALÓME ÞORLEIFSDÓTTIR NAGEL (1897-1979) fædd í Sólheimum í Svínadalshreppi, Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI og ÞÝSKUKENNARI. **Foreldrar:** Ragnheiður Bjarnadóttir (1873-1961), kaupkona, og Þorleifur Jónsson (1855-1900), alþingismaður og póstmeistari. **Systkin:** 1. Bjarni (1894-1913), 2. Þórey (1895-1959), 3. Jón Leifs (1899-1968), 4. Páll (1902-1961). **M:** 1931, Erich Hugo Nagel (1886-1947), skólastjóri. **Barn þeirra:** 1. Hans Pétur Peter Eiríksson (1937). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1914. Stundað nám í húsmæðraskóla í Holte í Danmörku 1922-1923 og nám í barnahjúkrun við Säuglingsheim Kröllwitz í Halle í Þýskalandi 1923-1925. **Störf:** Vann skrifstofustörf í Reykjavík 1914-1922. Stofnaði og rak ásamt Erich Nagel tungumálaskóla í Leipzig í Þýskalandi árin 1929-1945, en skólinn hafði rétt til að útskrifa túlka og einkaritara. Annaðist auk kennslu allt bókhald og daglegan rekstur skólans. Var þýskukennari við Kvennaskólann í Reykjavík 1948-1971. Tók að sér samhliða kennslunni vélritun prófa. Vann árin 1971-1979 um hver áramót að uppgjöri reikninga og sjóða skólans og á vorin að inntöku nýrra nemenda. Sá um þýðingar og bréfaskriftir fyrir fyrirtækið Pfaff hf. í 30 ár og starfaði árin 1971-1979 í hálfu starfi á skrifstofu fyrirtækisins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-40-16.

[SIGÞRÚÐUR] **SELMA JÓNSDÓTTIR** (1917-1987) fædd í Borgarnesi, látin í Reykjavík. LISTFRÆÐINGUR og FORSTÖÐUMAÐUR Listasafns Íslands. **Foreldrar:** Helga María Björnsdóttir (1880-1972) og Jón Björnsson (1878-1949), kaupmaður í Borgarnesi. **Systkin:** 1. Björn Franklín (1908-1976), 2. Guðrún Laufey (1910-2004), 3. Halldór Haukur (1912-1992). **M:** Dr. Sigurður H. Pétursson (1907-1994), gerlafræðingur. **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1935 og stundaði síðan nám í þýsku og þýskum bókmenntum í Hamborg og Heidelberg. Hélt til Bandaríkjanna 1942 og lagði stund á listasögu, ásamt heimspeki, mannfræði o.fl. við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Lauk BA-prófi í listasögu frá Columbiáháskóla í New York. Stundaði meistaranám við Warburg Institute, Lundúnaháskóla, 1944-1948 og lauk MA-prófi í listasögu frá Columbiáháskóla 1949. Varði doktorsritgerð sína um Býzönsku dómsdagsmyndina í Flatatungu við Háskóla Íslands 1960, fyrst íslenskra kvenna doktor þaðan. **Störf:** Varð eini starfsmaður Listasafns Íslands árið 1950, skipuð umsjónamaður þess 1953 og var forstöðumaður safnsins frá 1961 til æviloka 1987. **Ritstörf:** Sinnti rannsóknum og ritstörfum. M.a. *The Portal of Kilpeck Church* í *The Art Bulletin* (1950), *Byzönsk dómsdagsmynd í Flatartungu* (1959), *Saga Maríumyndar* (1964), *Lýsingar á Stjórnarhandriti* (1971) og *Listasafn Íslands: úr sögu safnsins 1885-1970* (1971). Birtu enn fremur fjölda fræðigreina í ritstöfnum og tímaritum. **Félagsstörf:** Var félagi í Vísindafélagi Íslands. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). Hlaut auk þess önnur norræn heiðursmerki. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit V-290.

SELMA CECELIA MARÍA KALDALÓNS (1919-1984) fædd að Ármúla við Ísafjarðardjúp, látin í Reykjavík. TÓNSKÁLD. **Foreldrar:** Karen Margrethe Christiane Kaldalóns, f. Mengel-Thomsen (1882-1958), hjúkrunarkona, og Sigvaldi S. Kaldalóns (1881-1946), læknir og tónskáld. **Systkin:** 1. Snæbjörn Stefáns (1910-1975), 2. Hjalti Stefáns (1913-1913), 3. Sigvaldi Þórður (1915-1948). **M:** 1944, Jón Gunnlaugsson (1914-1997), læknir í Reykhólahéraði, á Selfossi og á Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík og ráðgjafi á Seltjarnarnesi eftir það. **Börn þeirra:** 1. Karen

Oktavía (1944), 2. Þorbjörg (1945), 3. Elsa Kristín (1947), 4. Sólveig (1949), 5. Gunnlaugur Andreas (1952), 6. Sigvaldi (1954), 7. Margrét (1955), 8. Þórhallur (1957), 9. Eggert Stefán (1962). **Nám:** Lærði píanóleik hjá föður sínum og Else Stender og síðan eitt ár við Tónlistarskólann í Reykjavík. **Störf:** Samdi sönglög og var píanóleikari, kirkjuorganisti og kórstjóri. **Hljómplötur:** *Sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns og Selmu Kaldalóns*, söngkona Guðrún Tómasdóttir, undirleikur Ólafur Vignir Albertsson og Selma Kaldalóns (Fálkinn, 1978) og *Hljómdiskur* (Sena, 2009). *Má ég í fang þér færa* með 24 sönglögum eftir Selmu Kaldalóns, söngvarar Kristinn Sigmundsson, Elísabet F. Eiríksdóttir, Elín Sigurvinsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson og Guðrún Tómasdóttir, undirleikarar Jónas Ingimundarson og Ólafur Vignir Albertsson (1986). Mynd á umslagi plötunnar er eftir Selmu sjálfa. **Nótur:** 27 sönglög eftir Selmu Kaldalóns, nótnateiknun Páll Halldórsson (1983). **Félagsstörf:** Var félagi í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-229.

SESSELJA GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR ELDJÁRN (1893-1987) fædd á Tjörn í Svarfaðardal, látin í Reykjavík. MATRÁÐSKONA og MATSÖLUKONA. **Foreldrar:** Pálína Soffía Hjörleifsdóttir (1850-1916) og Kristján Þórarinsson Eldjárn (1843-1917), sóknarprestur. **Systkin:** 1. Þorbjörg (1882-1913), 2. Ingibjörg (1884-1966), 3. Þórarinn (1886-1968), 4. Ólöf (1888-1956). **Störf:** Starfaði sem ráðskona á Dalvík 1918-1923. Var matráðskona við Gagnfræðaskólann á Akureyri og síðar Menntaskólann á Akureyri 1924-1928. Stofnaði matsölu að Brekkugötu 9 á Akureyri 1928 og rak hana ásamt Ingibjörgu systur sinni til ársins 1949. Starfaði síðan að málefnum Slysavarnafélagsins. **Félagsstörf:** Stofnaði ásamt fleirum kvenfélagið Tilraun í Svarfaðardal 1915 og var ein af stofnendum Ungmennafélags Svarfæla 1921 og kvennadeildar Slysavarnafélagsins á Akureyri 1935. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1962). Var heiðursfélagi Slysavarnafélags Íslands. **Jarðsett:** Tjörn Svarfaðardal reit 6-8.

SESSELJA JÓNSDÓTTIR (1892-1982) fædd í Votmúla í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu, látin í Dalsmynni. GESTGJAFI og SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Ólöf Jónsdóttir (1853-1914) og Jón Magnússon (1854-1898), bóndi. **Systkin:** 1. Sigurður (1884-1958), 2. Ragnheiður (1885-1962), 3. Magnús (1888-1967). **M:** 1920, Jón Vigfússon (1884-1936), bóndi og söðlasmiður í Dalsmynni Norðurárdal. **Börn þeirra:** 1. Ólöf (1922-1972), 2. Geir Dalmann (1925-2005). **Störf:** Var kaupakona í Hraunsnefi í Norðurárdal í Mýrasýslu á sumrin, í fiskvinnu yfir veturinn og á saumastofum í Reykjavík 1910-1920. Rak símstöð í Dalsmynni í nær hálfa öld eða árin 1920-1968. Tók á móti fjölda ferðamanna í gistingu og fæði. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í UMF Baulu 1927 og sat í fyrstu stjórn félagsins sem gjaldkeri. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinna íslensku fálkaorðu (1978). **Jarðsett:** Hvammskirkjugarði, Norðurárdal reit 2.

SESSELJA MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR (1905-1999) fædd í Króki, Gerðahreppi, Gullbringusýslu, látin í Garði á Reykjanesi. FORSTÖÐUKONA og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Anna Sigríður Guðmundsdóttir (1873-1951) og Magnús Magnússon (1869-1945), útvegsbóndi. **Systkin:** 1. Svanhildur (1906-1910), 2. Guðrún (1908-2000), 3. Magnús (1910-1912), 4. Magnea Svanhildur (1914-2002). **Uppeldissystkin:** 5. Bergþóra Ólafsdóttir (1923-2019), 6. Sigurður Sívertsen Guðmundsson (1921-1946). **M:** 1928, Axel Pálsson (1907-1979), forstjóri. **Börn þeirra:** 1. Magnús (1927-1988), 2. Birgir (1932-2001), 3. Páll (1935-2009). **Störf:** Var forstöðukona Elliheimilisins Hlévangs í Keflavík 1958-1981. **Stjórnmalastörf:** Starfaði á vegum

Sjálfstæðisflokksins sem varabæjarfulltrúi í Keflavík 1958-1962 og aðalfulltrúi, fyrst kvenna, 1962-1970. Var formaður elliheimilisnefndar, orlofsnefndar húsmæðra í Keflavík, barnaleikvallanefndar Keflavíkur, æskulýðsráðs Keflavíkur, barnaverndarnefndar Keflavíkur og vetrarhjálparrinnar í Keflavík. **Félagsstörf:** Sat í stjórn kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands í Keflavík frá stofnun 1931 og formaður um árabil. Var í stjórn Sjálfstæðiskvinnafélagsins Sóknar frá stofnun 1948 og formaður um skeið. Sat í stjórn Kvenfélags Keflavíkur um árabil. Sat í stjórn tónlistarfélagi Keflavíkur og var í kirkjukór Keflavíkurkirkju samfleytt í 40 ár. **Jarðsett:** Hólmabergskirkjugarði reit E-3-3.

SESSELJA HREINDÍS SIGMUNDSDÓTTIR (1902-1974) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA SÓLHEIMA Í GRÍMSNESI. **Foreldrar:** Kristín Símonardóttir (1878-1944) og Sigmundur Sveinsson (1870-1962), bóndi á Brúsastöðum í Þingvallasveit, umsjónarmaður veitinga í Valhöll á Þingvöllum og umsjónarmaður Miðbæjarbarnaskólans. **Systkin:** 1. Sveinn Lúðvík (1903-1947), 2. Gróa Guðrún (1905-1978), 3. Eyvör Steinunn (1906-1990), 4. Símon Egill (1908-1991), 5. Sigmundur Kristinn (1909-1986), 6. Sigríður Ingibjörg (1911-2000), 7. Þórarinn (1917-1996). **M:** 1949, Rudolf Richard Walter Noah, tónlistarmaður og kennari. Hann kom til landsins 1935, starfaði á Sólheimum, en var handtekinn og sendur í fangabúðir. Kom aftur til landsins 1949 og bjó hér til 1953, en lést í Þýskalandi 1967. **Börn:** Sesselja ættleiddi tvö börn, 1. Hólmfríði (1932-2009) og 2. Elvar Björn (1943-1963) og ól upp 14 fósturbörn. **Nám:** Stundaði nám í sex ár í Danmörku, Sviss og Þýskalandi, m.a. í uppeldisfræði, barnahjúkrun og rekstri barnaheimila og var fyrsti Íslendingurinn sem lærði umönnun þroskaheftra. Kynntist á námsárunum í Þýskalandi kenningum dr. Rudolf Steiner (1861-1925) í anthroposophy eða mannspeki. Stundaði einnig nám í garðyrkju, blómarækt og meðferð alifugla. **Störf:** Leigði jörðina Hverakot af barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar og stofnaði Sólheima, heimili fyrir þroskahefta, 1930. Var brautryðjandi í uppeldismálum og umönnun þroskaheftra á Íslandi. Var auk þess frumkvöðull í lífrænni ræktun, ekki aðeins á Íslandi heldur einnig á Norðurlöndum, og á sviði náttúrverndar og umhverfismála. **Æviminningar:** *Mér leggst eitthvað til: sagan af Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheimum* eftir Jónínu Michaelsdóttur (1943, 1990 og 2015). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1964). Frímerki með mynd af Sesselju gefið út 2002. **Jarðsett:** Sólheimakirkjugarði.

SESSELJA KRISTÍN TEITSDÓTTIR (1891-1982) fædd í Hlíð í Hörðudal í Dalasýslu, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Ingibjörg Þorleifsdóttir (1860-1948) og Teitur Bergsson (1851-1938), bóndi. **Alsystkin:** 1. Halldóra Ingibjörg (1884-1926), 2. Þorleifur (1889-1921), 3. Guðbjörg (1894-1975), 4. Laufey (1898-1976). **Samfeðra systkin:** 5. Bergur Sigurgeir (1877-1957), 6. Sturlaugur Kristinn (1878-1945). **M:** 1930, Jóhannes Sigurðsson (1908-1984), bóndi og hreppstjóri á Hnjúki í Klofningshreppi. **Fósturbörn þeirra:** 1. Elsa Kjartansdóttir, 2. Erla Þórðardóttir. **Nám:** Lauk ljósmóðurprófi 1918. **Störf:** Var ljósmóðir í Skarðstrandar- og Klofningshreppi og síðar einnig Fellsstrandarhreppi ásamt tilheyrandi eyjum á Breiðafirði á árunum 1918-1967. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi í Ljósmæðrafélaginu (1982). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorður (1982). **Jarðsett:** Skarði á Skarðsströnd.

SIF SIGURÐARDÓTTIR (1943-2018) fædd í Danmörku, látin í Kópavogi. KENNARI. **Foreldrar:** Lúvísa Möller (1914-1966) og Sigurður Samúelsson (1911-2009), læknir. **Systkin:** 1. Sjöfn (1945-

1948), 2. Sigurður Samúel (1951). **Barnsfaðir:** Dagur Sigurðarson (1937-1994), skáld. **Barn þeirra:** 1. Sjöfn Blöndal (1966). **M1:** 1968, Þorsteinn Blöndal (1946), læknir, hann er kjörfaðir Sjafnar, þau skildu. **Börn þeirra:** 2. Auðunn Árni (1969), 3. Edda Lúvísa (1976). **M2:** 2005, Atli Heimir Sveinsson (1938-2019), tónskáld. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1966. Lagði stund á bókmenntafræði, fyrst við Háskólann í Uppsöllum í Svíþjóð en síðar við Háskóla Íslands frá hausti 1982 og lauk þaðan BA-prófi 1984. **Störf:** Kenndi við Barnaskóla Kópavogs, Ásgarðsskóla í Kjós og Hvassaleitisskóla í Reykjavík 1966-1975. Kenndi íslenskum börnum í Uppsöllum í Svíþjóð íslensku 1975-1982, en kenndi við grunnskólann á Hólmavík einn vetur þar af. Var kennari við Landakotsskóla 1982-1983 og lengst af eftir það við Vesturbæjarskólann í Reykjavík eða til ársins 2010, en einnig Hjallaskóla í Kópavogi og nýbúum íslensku hjá Námsflokkum Reykjavíkur. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-5-26.

SIGFRÍÐUR THEÓDÓRSDÓTTIR BJARNAR (1920-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Vilborg Vilhjálmsdóttir (1889-1923) og Theódór Vilhjálmsson Bjarnar (1892-1926), kaupmaður. **Alsystkin:** 1. Guðný (1922-2006), 2. Vilhjálmur (1923-1986). **Samfeðra systkin:** 3. Aðalsteinn Th. Norberg (1917-1975). **Fósturforeldrar:** Guðný Ingibjörg Vilhjálmsdóttir (1883-1969) og Einar Sveinn Einarsson (1877-1936), trésmiður og bankaritari. **M:** 1948, Halldór Ólafur Jónsson (1919-2001), gjaldkeri. **Börn þeirra:** 1. Theódór Skúli (1951), 2. Gunnlaugur (1963). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1939. Lauk BA-prófi í ensku, frönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands 1946. Var í enskunámi á vegum The British Council 1947. Lauk prófi í uppeldis- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands 1967 og framhaldsnámi í móðurmáli og kennslu nemenda með sérþarfir frá Kennaraháskóla Íslands 1980. **Störf:** Starfaði á pósthúsinu í Reykjavík 1939-1942, hjá nýbyggingar- og fjárhagsráði 1942-1950 og hjá Framkvæmdabanka Íslands 1953-1954. Starfaði jafnframt sem þingritari á 13 aðalþingum og einu aukþingi. Var kennari við Hagaskóla í Reykjavík 1959-1971, Gagnfræðaskóla Austurbæjar 1960-1966 og Réttarholtsskóla 1971-1984. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-2-15.

SIGNÝ THORODDSEN (1940-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SÁLFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Jakobína Margrét (Bína) Tulinius (1906-1970), kennari, og Sigurður Thoroddsen (1902-1983), verkfræðingur. **Alsystkin:** 1. Óttar (1928-1929), 2. Dagur (1937-1994), 3. Bergljót Njóla Ísberg (1938-2021). **Samfeðra systkin:** 4. Jón Sigurður (1948), 5. Halldóra Kristín (1950-2020), 6. Guðbjörg (1955), 7. Ásdís (1959). **M:** 1969, Jakob Ármannsson (1939-1996), bankamaður. **Börn þeirra:** 1. Bergljót Njóla (1962), 2. Ármann (1970), 3. Sverrir (1970), 4. Katrín (1976). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1959. Lærði sálfræði við Kaupmannahafnarháskóla og útskrifaðist með cand.psych.-gráðu 1967. **Störf:** Starfaði sem sálfræðingur við Kleppspítala og við sálfræðideild skóla með hléum 1967-1980. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit D-3-44.

SIGRID VALTINGOJER, f. PLASCHKA (1935-2013) fædd í Tepplitz-Schönau í Stúdetahéraði í Tékklandi, látin í Berlín. Flutti til Íslands árið 1961. MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Katharina og Siegfried Plaschka. **Systkin:** 1. Christa Krauss, 2. Almut Senger-Porter. **M:** Richard Valtingojer (1935-2019), þau skildu. **Nám:** Tók stúdentspróf frá menntaskóla í Aschaffenburg. Lauk námi í fatahönnun við hönnunarskóla í Frankfurt og Vín og prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands

1979. Stundaði framhaldsnám við Winchester listaháskólann í Barcelona 2001-2002. **Störf:** Vann sem fatahönnuður og auglýsingateiknari í Þýskalandi. Starfaði um tíma eftir komuna til Íslands á Auglýsingastofu Ásgeirs Júlíussonar. Starfaði síðar sjálfstætt einkum sem grafíklísta- og myndlistamaður. Var um tíma kennari við grafíkdeild Myndlista- og handíðaskólans. Var gestakennari og gestalista- maður við Kyoto-Seika listaháskólann í Kyoto 1990. **Sýningar:** Hélt fjölda einkasýninga, bæði hérlendis, m.a. í Norræna húsinu (1981), Gerðarsafni (1996) og Listasafni ASÍ (1993, 1999, 2002, 2010), og erlendis, m.a. í Galeria Teatru STU í Póllandi (1988), Galerie Eglau í Þýskaland (1990), Gallery Heian í Japan (1997) og Jan Fejkiel Gallery, Póllandi (2002). Verk hennar eru í varðveislu og eigu listasafna víða um heim. **Félagsstörf:** Var virk í Félaginu Íslensk grafík. Vann að umhverfis- og friðarmálum fram á síðasta dag og var ötul baráttukona fyrir frjálsri Palestínu. Heimsótti Palestínu sem sjálfboðaliði og hélt sýningar sem hún tileinkaði málstaðnum bæði á Íslandi og í Þýskalandi. **Viðurkenningar:** Hlaut ýmsar alþjóðlegar viðurkenningar, þar á meðal Grand Prix á Alþjóða grafíkssýningunni í Biella á Ítalíu (1987). **Jarðsett:** Öskudreifing í Sveifluhálslið við Kleifarvatn.

SIGRÍÐUR HALLDÓRA AÐALSTEINSDÓTTIR (1921-2003) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Sigríður Pálsdóttir (1889-1930) og Aðalsteinn Pálsson (1891-1956), skipstjóri og útgerðarmaður. **Alsystkin:** 1. Páll (1916-1970), 2. Össur (1919-2010), 3. Guðbjörg Gíslína A. Finsen (1926-2017), 4. Ingibjörg *Elín* (1927-2009). **Samfeðra systkin:** 5. Jónas Aðalsteinn (1934). **M:** 1956, Sturla Eiríksson (1922-1978), útvarpsvirkjameistari. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940 og próf í stærðfræðigreinum frá sama skóla 1942. Stundaði verknað í lyfjafræði í Reykjavík Apóteki 1942-1945. Útskrifaðist með cand.pharm.-gráðu frá Danmarks Farmaceutiske Höjskole í Kaupmannahöfn 1948. **Störf:** Starfaði sem lyfjafræðingur í Reykjavík Apóteki 1948-1953, forstjóri Stjörnu Apóteks á Akureyri 1953-1956, lyfjafræðingur í Holts Apóteki í Reykjavík 1956-1960 og Kópavogsapóteki 1960-1969. Var síðan lyfsali í Apóteki Austurlands á Seyðisfirði 1969-1981. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-186.

SIGRÍÐUR THEÓDÓRA ÁRMANN (1928-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. BALLETTKENNARI og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Pálína Ágústa Sæmundsdóttir (1904-1958) og Sigurbjörn Ármann (1884-1950), kaupmaður. **Systkin:** 1. Magnús Valdimar Ármann (1933). **M:** 1952, Björn Hjartarson (1928-1992), útibússtjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigurbjörn (1955), 2. Ásta (1958), 3. Björn Valdimar (1965-1965), 4. Pálína (1969). **Nám:** Stundaði nám við The Chalif School of Dancing í New York 1943-1946, útskrifaðist með próf í klassískum ballett, spönskum dönsum og samkvæmisdönsum. Var í námi í Kaupmannahöfn hjá Friðbirni Björnssyni 1947-1948. Sótti síðar alþjóðleg ballettnámskeið hjá Bartholin í Kaupmannahöfn. **Störf:** Sýndi ballett í Reykjavík og víða um land á árunum 1946-1951 ásamt Sif Þórz, Sigrúnu Ólafsdóttur og Ellý Þorláksson. Kom einnig fram í ýmsum kabarettum á þessum árum. Vann við ýmsar uppfærslur í Þjóðleikhúsinu á árunum 1950-1955. Setti upp dans ásamt Sif Þórz í kvikmynd Óskars Gíslasonar *Síðasti bærinn í dalnum*. Samdi fyrsta alíslenska ballettinn *Eldinn* árið 1950 við tónlist eftir Jórunni Viðar sem sýndur var á listamannaþingi. Dansaði sólódans í *Nýársnóttinni* við opnun Þjóðleikhússins 1950. Stofnaði Ballettskóla Sigríða Ármann árið 1952 og starfrækti hann og kenndi ballett allt til ársins 1997. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags íslenskra listdansara (FÍLD) árið 1947, ásamt Ástu Normann, Sif Þórz, Rigmor Hanson og Elly Þorláksson. **Viðurkenningar:**

Hlaut sérstök heiðursverðlaun Grímunnar fyrir einstakt framlag til sviðslista á Íslandi (2004). Var heiðursfélagi í Félagi íslenskra listdansara og Danskennarasambandi Íslands. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-2-31.

[PETRÍNA] **SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR** (1903-1981) fædd í Hvítanesi við Ísafjarðardjúp, látin í Reykjavík. GULLSMIÐUR. **Foreldrar:** Halldóra Pétursdóttir (1871-1932) og Ásgeir Einarsson (1869-1905), bóndi í Hvítanesi, Norður-Ísafjarðarsýslu. **Alsystkin:** 1. Kristín Álfheiður (1897-1918), 2. Þórunn (1898-1996), 3. Kristján (1899-1992), 4. Gunnhildur (1902-1975). **Sammæðra systkin:** 5. Ásgeir Einar Jóhannesson (1913-1990). **Barnsfaðir:** Þórarinn Ágúst Þorsteinsson (1861-1945), gullsmiður. **Barn þeirra:** 1. Flosi (1924-1945). **M:** 1928, Jón Valdimar Guðmundur Valdimarsson (1900-1988), vélamaður á Ísafirði. **Börn þeirra:** 2. Kristín Álfheiður (1929-1991), 3. Arnór Valdimar (1930-2002), 4. Halldór (1932-2012), 5. Hörður (1933-1967), 6. Elín Matthildur (1940), 7. Þórunn (1941), 8. Gunnhildur (1945), 9. Flosi (1945). **Nám:** Tók sveinspróf í gullsmíði á Ísafirði árið 1923, fyrst íslenskra kvenna. Meistari hennar var Þórarinn Á. Þorsteinsson, gullsmiður á Ísafirði. **Störf:** Rak eigið gullsmíðaverkstæði á Ísafirði á árunum 1924-1932. **Jarðsett:** Eyrarkirkjugarði, Ísafirði reit F-5-1.

SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR (1927-2007) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR. **Foreldrar:** Elín J.G. Hannesdóttir Hafstein (1900-1988) og Ásgeir Þorsteinsson (1898-1971), efnaverkfræðingur og forstjóri. **Systkin:** 1. Þorsteinn (1929-1931), 2. Ragnheiður Guðrún (1931-2008), 3. Þorsteinn Ásgeir (1933-1997). **Barnsfaðir:** Eiríkur Ketilsson (1924-1999), kaupmaður. **Barn þeirra:** 1. Ásgeir Hannes (1947-2015.) **M:** 1954, Hafsteinn Baldvinsson (1927-1988), hæstaréttarlögmaður. **Börn þeirra:** 2. Baldvin (1955), 3. Elín Jóhanna Guðrún (1957). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1946. Lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1971 og varð héraðsdómslögmaður 1974. **Störf:** Starfaði ásamt eiginmanni sínum á málflytningisstofu þeirra hjóna 1976-1988. Starfaði eftir lát Hafsteins á eigin málflytningisstofu til ársins 1997. Var lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur 1971-1978, Félags einstæðra foreldra 1975-1980 og Sambands dýraverndunarfélaga Íslands frá 1973. **Stjórnmalastörf:** Var varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 1974-1982, sat í stjórn Strætisvagna Reykjavíkur 1974-1982, var í umferðarnefnd Reykjavíkur 1978-1982 og varamaður í skipulagsnefnd Reykjavíkur 1974-1978. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hvatar félags sjálfstæðiskvenna 1972-1978. Var formaður Dýraverndunarfélags Reykjavíkur 1980-2004, Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands 1996-2004 og Dýraverndarsambands Íslands frá 2004. Var formaður Sjálfseignarfélagsins Dýraspítali Watsons frá 2000. Sat í stjórn Kvenfélags Hallgrímskirkju frá 2002 og stjórn Bandalags kvenna í Reykjavík 2003-2006. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-962.

SIGRÍÐUR BACHMANN (1901-1990) fædd á Harastöðum í Miðdölum, Dalasýslu, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA og SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Guðmundsdóttir (1879-1961) og Guðjón Jónsson Bachmann (1868-1963), vegavinnuverkstjóri. **Systkin:** 1. Jón (1902-1902), 2. Guðlaug (1904-1913), 3. Ragnheiður (1906-1993), 4. Geir (1908-1987), 5. Áslaug (1910-2009), 6. Sigurður (1912-2000), 7. Guðlaug (1913-1995), 8. Guðmundur (1915-2003), 9. Skúli (1917-1996), 10. Bjarni (1919-2020). **Nám:** Stundaði nám í Kvennaskólanum á Blönduósi. Lauk hjúkrunarnámi við University College Hospital School of Nursing, London 1927 og sótti

framhaldsnám árið eftir í heilsuvernd og kennslu við Bedford College for Women, University of London með styrk frá Alþjóða Rauða krossinum. Fór í 10 mánaða námsferðalag til Ameríku árið 1936 til að kynna sér kennslu og rekstur hjúkrunarskóla. **Störf:** Starfaði hjá Rauðakrossdeild Akureyrar og síðan hjá Rauða krossi Íslands og ferðaðist um landið og kenndi á námskeiðum um heimilishjúkrun og hjálp í viðlögum. Stjórnaði sjúkraskýli í Sandgerði sem rekið var af Rauða krossi Íslands. Varð lausráðinn kennari við Hjúkrunarskólann frá árinu 1937, en fastráðinn kennari 1941-1948 og skólastjóri á árunum 1948-1953. Tók þá við starfi forstöðukonu Landspítalans og gegndi því til ársins 1968. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands 1949-1953. Starfað í Zontaklúbbi Reykjavíkur í 40 ár. **Viðurkenningar:** Sæmd Florence Nightingale-orðunni, heiðursmerki Alþjóða Rauða krossins (1957) og Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1958). Var heiðursfélagi í Hjúkrunarfélagi Íslands. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

SIGRÍÐUR ARNFRÍÐUR BALDVINSDÓTTIR (1904-1951) fædd í Blakksgerði í Svarfaðardal í Eyjafirði, látin á Akureyri. LJÓSMYNDARI og FORSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðlaug Sigríður Sigfúsdóttir (1870-1947) og Baldvin Júníus Jóhannsson (1869-1949), bóndi og sjómaður. **Systkin:** 1. Guðjón (1892-1947), 2. Sigfús (1893-1969), 3. Þorgils Sveinn (1896-1967), 4. Anton (1897-1986). **M:** Gísli Sigurjónsson (1904-1987), bílstjóri. **Börn þeirra:** 1. Hólmfríður (1938-2021), 2. Baldvin Sigurður (1943). **Nám:** Nam við Kvennaskóla Húnavetninga á Blönduósi 1922-1923. Lærði ljósmyndun á Ljósmyndastofu Jóns Sigurðssonar og Vigfúsar L. Friðrikssonar á Akureyri 1926. **Störf:** Vann á Ljósmyndastofu Jóns og Vigfúsar 1926-1936. Annaðist m.a. myndatökuferðir í skóla og fór í myndatökuferð til Færeyja 1927. Var forstjóri Pöntunarfélags verkalýðsins á Akureyri 1938-1951. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit H-5-36.

SIGRÍÐUR ELÍSBET ÞORKELSDÓTTIR BERGMANN / SIRE OTTESEN (1799-1878) fædd í Kaupmannahöfn og nefnd Sire Elise Bergmann, látin á Ytra-Hólmi, Borgarfjarðarsýslu hjá Pétri syni sínum. VEITINGAKONA. **Foreldrar:** Sigríður Þorsteinsdóttir (1770-1853) og Þorkell Guðmundsson Bergmann (1749-1815), kaupmaður og síðasti forstjóri Innréttinganna í Reykjavík. **M1:** 1814, Lárus Oddsson (1788), verslunarmaður, skildu 1818. **Börn þeirra:** 1. Þorkell Valdimar Ottesen (1814-1860), 2. Pétur Oddur Ottesen (1815-1904). **Barnsfaðir:** Arthur Edmund Denis Dillon-Lee (1812-1892), lávarður. **Barn þeirra:** 3. Henrietta (1835-1885). **Störf:** Dillon lét reisa hús á Ullarstofutúni í Reykjavík (Suðurgötu 2) og fluttu þau þar inn sumarið 1835, en Dillon fór til Englands 1836. Sire Ottesen bjó áfram í Dillonshúsi og rak þar veitingasölu, hélt dansleiki og leigði út gistihvergi til ársins 1850. Ágústa og Þóra Johnson, dætur Gríms Jónssonar amtmanns, leigðu hjá henni 1851-1853 og ráku þar fyrsta kvennaskóla landsins. Dillonshús er nú kaffihús í Árbæjarsafni.

SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR (1929-2013) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KJÓLAMEISTARI og KENNARI. **Foreldrar:** Ásta Magnúsdóttir (1902-1997) og Bjarni Valdimar Guðmundsson (1898-1973), læknir. **Systkin:** 1. Hildur (1929-2009), 2. Guðmundur (1930), 3. Þóra Margrét (1940). **M:** 1957, Sveinn Þorvaldsson (1926-2005), byggingatæknifræðingur. **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Húsmæðrakennarskóla Íslands 1950. Tók kjólameistarapróf frá Haandarbejdet Fremme í Kaupmannahöfn og framhaldsnám í Edinborg, Þýskalandi og Svíþjóð. **Störf:** Var matreiðslu-kennari við Húsmæðraskólann á Ísafirði um árabíl. Starfaði sem kjólameistari hjá Versluninni

Markaðnum í Reykjavík um tíma. Rak eigin saumastofu á Laugavegi 18 í Reykjavík. Skipulagði og kenndi við fataiðnaðarbraut Iðnskólans í Reykjavík í rúm 30 ár. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit C-6-323.

SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR (1872-1942) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík.

TEIKNIKENNARI og LEIRKERASMIÐUR. **Foreldrar:** Elísabet Guðný Sveinsdóttir (1839-1922) og Björn Jónsson (1846-1912), ritstjóri og ráðherra. **Systkin:** 1. Guðrún (1876-1945), 2. Sveinn (1881-1952), 3. Ólafur (1884-1919). **Nám:** Lærði myndlist hjá Þórarni B. Þorlákssyni í Reykjavík. Stundaði myndlistarnám hjá prófessor Harald Fredrik Foss í Kaupmannahöfn 1903-1905. Lærði postulínsmálun hjá Bing & Gröndal í Kaupmannahöfn 1905-1908. **Störf:** Var kölluð heim frá Kaupmannahöfn til að sjá um ráðherraveislur föður síns 1909-1911. Rak Bókaverslun Ísafoldar frá 1912 í mörg ár. Kenndi teikningu við Kvennaskólann 1901-1903, 1913-1936 og 1938-1939. Kenndi teikningu við Gagnfræðaskóla Reykvíkinga. Vann síðustu árin við Mannamyndasafn Þjóðminjasafnsins. Mótaði muni úr íslenskum leir í frístundum sínum og brenndi hjá Leirbrennslu Guðmundar frá Miðdal við Skólavörðustíg í Reykjavík. Vann samkeppni bæjarstjórnar Reykjavíkur um framtíð Austurvallar árið 1919, en tillaga hennar gerði ráð fyrir að völlum yrði áfram grænn. Alls bárust 17 tillögur. **Bók:** Safnaði saman og gaf út *Gamlar koparstungur frá Íslandi*, tvö bindi (1923-1925). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Listvinafélagsins 1916 og ein af 15 stofnfélögum Kvenréttindafélags Íslands 1907 og í fyrstu stjórn þess. Var meðal stofnfélaga Hjúkrunarfélagsins Líknar 1915 og sat í fyrstu stjórn þess. Var félagi í Oddfellowstúkunni Rebekku. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-228.

SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR (1888-1939) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KAUPMAÐUR.

Foreldrar: Louise Henrietta Svendsen (1859-1919) og Björn Jensson (1852-1904), rektor.

Systkin: 1. Ólöf (1887-1940), 2. Viggó Haraldur (1889-1946), 3. Þórdís (1892-1952), 4. Ágústa Thors (1894-1977), 5. Arndís (1895-1969), 6. Soffía (1899-1973). **Störf:** Keypti verslun Ágústu Svendsen árið 1915 og rak hana til æviloka 1939. Stofnaði fatadeild við verslunina 1919 ásamt Sheilu McDonald, skoskri konu sem hafði kennt ensku í Reykjavík um tíma. Þær versluðu aðallega við tískuhús Harrods í London. Deildin var rekin til 1935. Setti, eftir að fatadeildin hætti, upp listmunadeild í húsnæðin hennar og voru þar m.a. til sölu málverk eftir Jón Stefánsson, Svein Þórarinsson, Gunnlaug Scheving, Júlíönu Sveinsdóttur og Finn Jónsson. Silfurmunir og tréútskurður var einnig til sölu. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

SIGRÍÐUR GUÐMUNDA ÓLAFSDÓTTIR CANDI (1930-2018) fædd í Skerjafirði, látin í Reykjavík.

MYNDLISTARMAÐUR og KENNARI. **Foreldrar:** Ásta Lilja Guðmundsdóttir (1901-1986) og Ólafur Guðmundsson (1907-1990), skrifstofumaður. **Alsystkin:** 1. Hanna (1934), 2. Ólafur (1940-1994).

Sammæðra systkin: 3. Karl Róbert Karlsson (1923-1984). **M:** 1954, Manlio Candi (1933-2013), tæknifræðingur. **Börn þeirra:** 1. Marina (1960), 2. Indro (1964). **Nám:** Útskrifaðist frá Handíða- og myndlistaskólanum 1952. Stundaði nám í myndlist 1953-1954 við École des Beaux-Arts í Genf, í Haute-Savoie í Frakklandi og við Sorbonneháskóla í París. Nam við Ontario College of Art and Design í Kanada 1974-1975. Var við nám í Kennaraháskóla Íslands 1980-1983 og lauk námi til kennararéttinda 1987. Stundaði nám við University of Georgia í Bandaríkjunum á árunum 1988-1998. **Störf:** Fékkst við myndlist. Starfaði sem myndlistarkennari í Laugarnesskóla 1975-1976 og við Fjölbrautaskólann í Breiðholti 1976-2000. **Sýningar:** Hélt einkasýningar í Drew-

Smith Gallery, Kanada (1972) og FÍM-salnum, Laugarnesi (1978). Tók þátt í samsýningum, m.a. í *Icelandic Art Festival of Manitoba*, Kanada (1971-1974), Listasafni ASÍ (1981), Neskaupstað (1981) og sýningu 16 myndlistarmanna í Breiðholti (1983). **Félagsstörf:** Var félagi í SÍM, Sambandi íslenskra myndlistarmanna og FÍM, Félagi íslenskra myndlistarmanna. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-2-226.

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR CLAESSEN (1913-2010) fædd á Læknesstöðum á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Kristveig Jónsdóttir (1892-1981) og Jón Magnússon, trésmiðameistari og útgerðarmaður (1871-1950). **Systkin:** 1. Stefán Magnús (1911-1983), 2. Aðalheiður (1919-2014), 3. Matthías Jóhann (1922-2003), 4. Magnea Guðný (1925-1931), 5. Einar (1928-1941), 6. Sigurður Guðmundur (1932), 7. Jón (1935). **M1:** 1932, Ragnar Bjarnarson (1899-1941), skipstjóri, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Guðmundur (1932-1932), 2. Björn Jón *Baldur* (1935). **M2:** 1944, Guðmundur Ágústsson (1897-1976), vélfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 3. Kári (1945-1971), 4. Ágúst (1950). **M3:** 1963, Arent Valgarðsson Jean Claessen (1887-1968), stórkaupmaður. **Nám:** Lauk ljósmæðraþrófi frá Ljósmæðraskóla Íslands 1942. Stundaði framhaldsnám í ljósmæðrafæðum við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn 1956. Stundaði tungumálanám og nám í píanóleik í Reykjavík. **Störf:** Var ljósmóðir á Landspítala og starfandi ljósmóðir í Reykjavík 1956-1960. Stofnaði og starfrækti fæðingarheimili í Kópavogi 1968-1972. Var hjúkrunarstjóri Kleppsspítala í Reykjavík og starfaði sem hjúkrunarkona við Grund, Landakotsspítala og Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur 1942, varaformaður félagsins frá stofnun og fulltrúi þess í Mæðrastyrksnefnd í Reykjavík 1955-1973. Var virk í Kvenréttindafélagi Íslands og Mæðrafélaginu. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit P-119.

[MARGRÉT] **SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR / Sigríður Einarsdóttir frá Munaðarnesi** (1893-1973) fædd í Hlöðutúni, Stafholtstungum, látin í Reykjavík. SKÁLDKONA og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Málfríður Kristjana Björnsdóttir (1864-1899), ljósmóðir, og Einar Hjálmsson (1862-1921), bóndi í Munaðarnesi. **Systkin:** 1. Magnús (1892-1973), 2. Björn (1895-1947), 3. Hjálmur (1895-1967), 4. Jón (1899-1899), 5. Málfríður (1899-1983). **Barnsfaðir:** Karl Ísfeld Níelsson Lilliendahl (1906-1960), blaðamaður og rithöfundur. **Barn þeirra:** 1. Einar Ísaldur (1935-2019). **Nám:** Stundaði nám og ritstörf í Þýskalandi frá 1921. **Störf:** Starfaði við kjólasaum hjá Magasin du Nord í Kaupmannahöfn 1925. Vann síðan hjá Sparisjóðnum í Borgarnesi frá 1926 uns henni var sagt upp af stjórn málaástæðum. Setti upp saumastofu í Reykjavík 1932. Var gæslukona í Þjóðminjasafni Íslands frá 1958 til æviloka 1973. Fékkst við skáldskap og þýðingar. **Bækur:** *Kveður í runni* (1930), *Milli lækjar og ár* (1956), *Laufþytur ljóð* (1970) og *Í svölu rjóðri* (1971). Átti ljóð í nokkrum ljóðasöfnum. **Þýðingar:** Skáldsagan *Ljós í myrkrinu* eftir Michel de Castillo (1966) og *Hellarnir á tunglinu* eftir Parrick Moore (1970). Lauk við þýðingu á síðasta kafla finnsku goðsagnaljóðanna Kalevala (1962), en Karl Ísfeld hafði þýtt mestallt verkið. **Viðurkenning:** Fékk skáldastyrk úr ríkissjóði (frá 1956). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-3-93.

[ÁSTA] **SIGRÍÐUR EIRÍKSDÓTTIR** (1894-1986) fædd í Miðdal í Mosfellssveit, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Vilborg Guðnadóttir (1869-1941) og Eiríkur Guðmundsson (1868-1922), bóndi í Miðdal, síðar trésmiður í Reykjavík. **Systkin:** 1. Guðmundur (1892-1930), 2. Vigdís (1899-1920). **M:** Finnþógi Rútur Þorvaldsson (1891-1973), prófessor í verkfræði við Háskóla

Íslands. **Börn þeirra:** 1. Vigdís (1930), forseti Íslands, 2. Þorvaldur (1931-1952). **Nám:** Stundaði nám við Verslunarskóla Íslands. Lauk hjúkrunarnámi við Kommunehospital í Kaupmannahöfn 1921. Stundaði framhaldsnám í geðhjúkrun við St. Hans Hospital í Hróarskeldu 1921-1922 og síðan sex mánuði í Vínarborg, Austurríki. Kynnti sér berklavarnarstöðvar í Kaupmannahöfn á vegum Líknar árið 1924. **Störf:** Starfaði við skrifstofustörf 1910-1918. Hóf störf hjá Líkn haustið 1922, fyrstu tvö árin við bæjarhjúkrun og eftir það sem hjúkrunarkona Berklavarnarstöðvarinnar. Var í mörg ár stundakennari í heilsufræði og hjúkrun við Kvennaskólann í Reykjavík og Húsmæðraskólann. **Félagsstörf:** Var formaður Félags íslenskra hjúkrunarkvenna 1924-1960 og Hjúkrunarfélagsins Líknar 1930-1955. Varð, fyrst Íslendinga, formaður SSN sem er Samvinna hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum. Var fulltrúi í Heimsfriðarráðinu. Var varabæjarfulltrúi í Reykjavík 1950-1954. **Viðurkenningar:** Sæmd Florence Nightingale-orðunni, heiðursmerki Alþjóða Rauða krossins (1949). Var heiðursfélagi allra hjúkrunarfélaga á Norðurlöndum. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1965). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-10-4.

SIGRÍÐUR ERLENDSDÓTTIR (1892-1980) fædd í Merkinesi í Höfnum, Gullbringusýslu, látin í Hafnarfirði. VERKAKONA og UMBOÐSMAÐUR. **Foreldrar:** Sigurveig Einarsdóttir (1868-1968) og Erlendur Marteinsson (1865-1935), verkamaður og umboðsmaður. **Störf:** Starfaði við fiskverkun. Var umboðsmaður Alþýðublaðsins í Hafnarfirði og sá um dreifingu þess á árunum 1935-1975. **Félagsstörf:** Gekk í Verkamannafélagið Hlíf þegar hún hafði aldur til. Var stofnfélagi Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar 1925, kosin í stjórn þess 1928 og starfaði sem gjaldkeri í 17 ár. Sat auk þess í dagheimilisnefnd félagsins 1935-1970, en Framtíðin rak sumardagheimili fyrir börn 1933 og 1934 og leikskóla á Hörðuvöllum á árunum 1935-1939 og 1945-1997. Var félagi í Alþýðuflokknum, átti lengi sæti í fulltrúaráði flokksins og var fulltrúi á Alþýðuflokksþingum. Var stofnfélagi Kvenfélags Alþýðuflokksins í Hafnarfirði 1937 og gjaldkeri þess til ársins 1977. **Siggubær:** Sigríður ánafnaði Byggðasafni Hafnarfjarðar heimili sínu og foreldra sinna við Kirkjuveg 10 í Hafnarfirði, en húsið byggði faðir hennar árið 1902. Bærinn er um 24 fermetrar að grunnfleti, auk inngönguskúrs og er varðveittur sem sýnishorn af verkamanna- og sjómannaheimilum í Hafnarfirði á fyrri hluta 20 aldar. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-37-20.

SIGRÍÐUR PÁLÍNA [Daladí] **ERLINGSDÓTTIR** (1932-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Sigríður Sigurðardóttir (1896-1974) og Erlingur Pálsson (1895-1966), yfirlögregluþjónn og sundkappi. **Systkin:** 1. Jóhanna (1923-2022), 2. Ásdís (1926-2016), 3. Ólöf Auður (1928-2005), 4. Þuríður Erla (1930-2020), 5. Ásta (1935-1973), 6. Hulda (1941). **Barnsfaðir:** Jacques Landry, ræðismaður (lést 1990). **Barn þeirra:** 1. Páll Erland Landry (1970). **Sambýlismaður:** 1994-2004, Jóhann [Nói] Ingimarsson (1926-2016), listamaður á Akureyri. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1954 og Kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1955. Stundaði nám í frönsku og frönskum bókmenntum við Cours de civilisation française við Sorbonneháskóla í París 1958-1960 og lauk þaðan Diplôme d'études de civilisation française. Lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands í frönsku og sögu 1966. Var við nám í háskólanum í Nice í frönsku og frönskum bókmenntum 1976-1977 og við Université de Franche-Comté í Besançon í Frakklandi 1981-1982, lauk þaðan prófi 1982. **Störf:** Vann á lögfræðiskrifstofu Magnúsar Thorlacius í Reykjavík 1955-1956. Var kennari við Barna- og unglingaskólann í Vogum

á Vatnsleysuströnd 1961-1963. Starfaði sem ritari í fjármálaráðuneytinu 1963-1965 og fulltrúi í Ríkisbókhaldi 1965-1967. Var kennari við Héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði 1967-1968 og síðan frönskukennari við Menntaskólann á Akureyri í 30 ár eða á árunum 1968-1998. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-6-63.

SIGRÍÐUR EYÞÓRSDÓTTIR (1940-2016) fædd í Torfabæ í Selvogi, látin í Reykjavík. LEIKSTJÓRI og KENNARI. **Foreldrar:** Bergljót Guðmundsdóttir (1906-1980), barnakennari, og Eyþór Þórðarson (1898-1988), bóndi og verkamaður. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1936), 2. Eydís (1937-2010), 3. Þórður (1942). **Sammæðra systkin:** 4. Guðmundur Pétursson (1933-2017). **Uppeldissystkin:** 5. Guðríður Lillý Guðbjörnsdóttir (1940-2018). **M:** Jón Laxdal Arnalds (1935-2011), lögfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Eyþór (1964), 2. Bergljót (1968). **Nám:** Lauk námi frá Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur 1968 og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1991. Lærði tónlistarkennslu fyrir þroskahefta við Safamýrarskóla 1988 (kennari Eyjólfur Melsted). Útskrifaðist úr starfsleikninámi (í sérkennslu) frá Kennaraháskóla Íslands 1988. Lærði táknmál heyrnarlausra við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. **Störf:** Var skrifstofumaður hjá Sláturfélagi Suðurlands 1957-1960, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV 1967-1986 og leikari hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1973-1975. Var kennari við fullorðinsfræðslu fatlaðra frá 1982, leiklistarkennari í Hagaskóla 1983-1995 og í Kramhúsinu 1984-1999. Starfrækti Leiklistarskóla barna um árabíl að Fríkirkjuvegi 11, Reykjavík. Stofnaði leikhópa, m.a. unglíngaleikhópin Veit mamma hvað ég vil og Snúð og Snældu, leikhóp fyrir eldri borgara. Var stofnandi og umsjónarmaður Perlunnar, áhugahóps þroskaheftra um leiklist frá 1982. Fékkst við ritstörf. **Barnabækur:** *Í Prastaskógi* (1978), *Gunnar eignast systur* (1979) og *Lena-Sól* (1983). *Lena-Sól fer til sjós* var framhaldssaga á RÚV (1983). **Félagsstörf:** Sat í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna um árabíl og í kennararáði Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Var fulltrúi alþjóðlegru samtakanna VSA arts á Íslandi. Sat í stjórn Barnaleikhússins hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar og Leikfélagi Kópavogs. **Viðurkenningar:** Hlaut menningarverðlaun SÍS (1989), heiðurslaun Brunabótafélags Íslands (1992), starfslaun listamanna (1992 og 1998) og Menningarverðlaun VISA (1994). Fékk heiðursviðurkenningu Barnabókaráðs, Íslandsdeildar YBBY á Íslandi (1996), heiðurslaun Rithöfundasambands Íslands (1997) og heiðursviðurkenningu frá alþjóðasamtökunum VSA arts (1998). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1997). **Jarðsett:** Strandarkirkjugarði reit 106.

SIGRÍÐUR GEIRSDÓTTIR (1938-2020) fædd í Reykjavík, látin á Selfossi. LEIKKONA, KENNARI og FEGURÐARDROTTNING. **Foreldrar:** Birna Hjaltsted (1904-2002) og Geir Stefánsson (1912-2001), stórkaupmaður. **Systkin:** 1. Anna Þórunn (1942-2022), 2. Birna Hjaltsted (1944-2018). **M1:** 1975, Þorkell Valdimarsson (1932-2014), verðbréfamiðlari, þau skildu. **M2:** 1983, Stefán Bjarnason (1941-2011), skipatæknifræðingur. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1958. Lauk BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands 1981 og ári síðar námi til kennsluréttinda. **Störf:** Bjó í Los Angeles og New York og starfaði þar m.a. sem leikkona í sjónvarpsþáttum, kvikmyndum, auglýsingamyndum og við fyrirsætustörf 1960-1970. Starfaði hjá fyrirtæki föður síns frá 1971. Kom fram sem söngkona í nokkur ár með dægurlaga-hljómsveitum, m.a. með KK-sextett og hljómsveit Ragnars Bjarnasonar, og sem söngkona tók hún þátt í sjónvarpsþáttum. Kenndi m.a. við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Menntaskólann að Laugarvatni eftir 1982. **Viðurkenningar:** Var valin fegurðardrottning Íslands (1959). Varð í þriðja

sæti í fegurðarsamkeppninni Miss International á Langasandi í Kaliforníu (1960). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-7-212.

SIGRÍÐUR STEFANÍA GÍSLADÓTTIR (1920-2011) fædd í Vík í Mýrdal, látin í Reykjavík. SJÚKRAPJÁLFARI. **Foreldrar:** Guðrún Pálína Einarsdóttir (1890-1981) og Gísli Sveinsson (1880-1959), yfirdómsslögmaður, sýslumaður og alþingismaður. **Systkin:** 1. Guðríður (1916-1978), 2. Sveinn (1924-1989), 3. Guðlaug Best (1926-1999). **Barnsfaðir:** Loftur Guðmundsson (1906-1978), blaðamaður, kennari og rithöfundur. **Barn þeirra:** 1. Gísli Sveinn (1954). **Nám:** Lærði sjúkráþjálfun við Kungliga Gymnastiska Centralinstitutet í Stokkhólmi í Svíþjóð 1947. **Störf:** Starfaði í Svíþjóð og Noregi 1948-1949. Starfaði sem sjúkráþjálfari á læknastofu í Reykjavík, Heilsuverndarstöðinni, Endurhæfingarstöð Kópavogs, hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, á Blönduósi, í Vestmannaeyjum og Vík í Mýrdal. Átti lengstan starfsaldur á Landspítalanum eða til ársins 1990. Starfaði síðan á Heilsugæslustöð Borgarness 1990-2001. **Félagsstörf:** Var formaður Félags sjúkráþjálfara 1968-1979 og stofnfélagi Gigtarfélags Íslands og í stjórn þess í mörg ár. Var virkur félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur og Soroptimistaklúbbi Kópavogs. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi Gigtarfélags Íslands (frá 1990). **Jarðsett:** Víkurkirkjugarði í Mýrdal reit A-8-duftker.

SIGRÍÐUR [Sirrí] **KRISTÍN GÍSLADÓTTIR** (1926-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. HANNYRÐAKENNARI. **Foreldrar:** Guðríður Guðrún Guðmundsdóttir (1892-1978) og Gísli Eiríksson (1894-1944), sjómaður. **Systkin:** 1. Björn (1922-1980), 2. Guðrún Munda (1923-2007), 3. Guðmundur (1925-1925), 4. Ólafur Jóhann (1929-1976), 5. Eiríkur Garðar (1932-1983). **Nám:** Nam við Gagnfræðaskóla Austurbæjar 1939-1941 og Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1944-1945. Stundaði nám í hannyrðum við Haandarbejdetts Fremme Skole í Kaupmannahöfn 1953-1955 og lauk þaðan kennaraprófi og prófi í fatasaumi og sniðteikningu. **Störf:** Var aðstoðarkennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur eftir nám þar og til ársins 1953 og síðar kennari við skólann í um 40 ár eða árin 1955-1994 (nefndist Hússtjórnarskólinn í Reykjavík frá 1975). **Félagsstörf:** Starfaði innan Heimilisiðnaðarfélagsins og sat þar í stjórn um tíma. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-3-65.

SIGRÍÐUR HAGALÍN (1926-1992) fædd í Voss, Noregi, alin upp á Ísafirði, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1900-1969) og Guðmundu G. Hagalín (1898-1985), rithöfundur. **Systkin:** 1. Hrafn (1921-1957). **M1:** Ólafur Ágúst Ólafsson (1922-2016), stórkaupmaður. **Barn þeirra:** 1. Kristín (1949). **M2:** Guðmundur Magnús Pálsson (1927-1987), leikari. **Barn þeirra:** 2. Hrafnhildur Hagalín (1965). **Nám:** Tók gagnfræðapróf á Ísafirði. Gekk í Samvinnuskólann 1941-1942, Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 1945-1946 og Leiklistaskóla Þjóðleikhússins 1951-1953. **Störf:** Vann verslunar- og skrifstofustörf í Reykjavík 1942-1952. Starfaði sem leikkona hjá Þjóðleikhúsinu og Leikfélagi Reykjavíkur 1953-1963. Var fastráðin hjá Leikfélagi Reykjavíkur frá 1964. Þekkt hlutverk hennar eru m.a. Ella Delahay í *Frænku Charleys* (1954), Angustias í *Húsi Bernörðu Alba* (1965), Frú Árland í *Atómstöðinni* (1971), Martha Livingstone í *Agnesi – barni guðs* (1985) og Anna í *Þrúgur reiðinnar* (1991). Lék einnig í útvarps- og sjónvarpsleikritum og kvikmyndum, m.a. annað aðalhlutverkið í myndinni *Börn náttúrunnar*. **Viðurkenningar:** Hlaut íslensku leiklistarverðlaunin Silfurlampann fyrir leik sinn í hlutverki Nell í leikritinu *Hitabylgju* (1970). Var tilnefnd til evrópsku Felix-kvikmyndaverðlaunanna fyrir leik sinn í kvikmyndinni *Börn náttúrunnar* (1991). Naut heiðurslauna íslenskra listamanna (frá 1991).

Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til leiklistar (1992). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-5-43.

SIGRÍÐUR HARALDSDÓTTIR (1919-2003) fædd í Tékkóslóvakíu, látin í Kópavogi. HÚSSTJÓRNARKENNARI. **Foreldrar:** Dóra Köcher Sigurðsson (1893-1985), prófessor, og Haraldur Sigurðsson (1892-1984), prófessor. **Systkin:** 1. Ólafur (1922-1985), 2. Elísabet (1931). **M:** 1948, Arnljótur Guðmundsson (1912-1955), lögfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Haraldur (1951), 2. Margrét (1954). **Nám:** Var menntuð sem hússtjórnaðkennari frá Danmörku. **Störf:** Var kennari við Gagnfræðaskóla verknáms í Austurbæjarskóla og Hússtjórnaðskóla Reykjavíkur. Rak Leiðbeiningastöð húsmæðra hjá Kvenfélagasambandi Íslands um árabil. Var starfsmaður Verðlagsstofnunar 1980-1988. **Félagsstörf:** Var félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1990). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-9153.

SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR (1903-1954) fædd í Keflavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA og ÚTGEFANDI. **Foreldrar:** Sesselja Árnadóttir (1879-1963) og Helgi Eiríksson (1877-1940), bakameistari. **Systkin:** 1. Ingibjörg (1901-1988), 2. Klara (1905-1948), 3. Eiríkur (1907-1983), 4. Steinunn Ólöf (1912-1979), 5. Hansína (1914-1980), 6. Gróa (1917-1988). **M:** 1928, Hjálmur Konráðsson (1895-1933), kaupfélagsstjóri. **Börn þeirra:** 1. Helgi Konráðs (1929-2020), 2. Ingi Pétur Konráðs (1929-2011). **Störf:** Keypti árið 1938 Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar sem þá var við Lækjargötu 2 í Reykjavík. Breyttist nafnið þá í Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur (HSH). Verslunin flutti í Vesturveg við Aðalstræti árið 1955. HSH hóf hljómplötuútgáfu árið 1945 og frá 1953 undir merki HSH. Árið 1954 tók Helgi sonur Sigríðar við fyrirtækinu og rak það til 1975. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-14-34.

SIGRÍÐUR AÐALHEIÐUR HELGADÓTTIR (1925-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MÁLVÍSINDAMAÐUR Í SLAVNESKUM TUNGUMÁLUM. **Foreldrar:** Theódóra Guðlaug Þórðardóttir (1898-1962), verkakona, og Helgi Skúlason (1892-1983), augnlæknir. **Samfeðra systkin:** 1. Skúli (1926-1973), 2. Sigurður (1927), 3. Sigríður (1933-2003). **M:** 1953, Ólafur Helgason (1924-1997), bankastjóri. **Börn þeirra:** 1. Guðlaug (1954), 2. Karítas (1955), 3. Helgi (1956), 4. Anna Vigdís (1959), 5. Árni (1961-1962). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. Stundaði nám í slavneskum málum og bókmenntum við Háskólann í Lundi í Svíþjóð 1945-1952. Var eitt ár við nám í Bratislava í Slóvakíu. **Störf:** Vann ýmis störf í Reykjavík og Vestmannaeyjum, aðallega kennslustörf í rússnesku, ensku og þýsku, en starfaði mestan hluta starfsferils síns á Landsbókasafni, síðar í Þjóðarbókahlöðu, þar til hún lét af störfum árið 1997. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-22-26.

SIGRÍÐUR INGIMARSDÓTTIR (1923-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITSTJÓRI og BARÁTTUKONA Í MÁLEFNUM FATLAÐRA. **Foreldrar:** Sólveig Eugenia Guðmundsdóttir (1893-1971) og Ingimar Hallgrímur Jóhannesson (1891-1982), skólastjóri. **Systkin:** 1. Sólveig (1925-2018), 2. Guðmundur (1927-2015), 3. Ásgerður (1929-2013). **M:** 1946, Vilhjálmur Árnason (1917-2006), hæstaréttarlögmaður. **Börn þeirra:** 1. Sólveig (1947-1995), 2. Guðrún (1949), 3. Árni (1952), 4. Guðbjörg (1956), 5. Arnbjörn (1963), 6. Þórhallur (1963). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. **Störf:** Var ritstjóri kvennablaðsins *Femínu* 1946-1948 og *Húsfreyjunnar* 1981-1989. Starfaði sem dönsku- og enskukennari við Samvinnuskólann. Vann að

málefnum fatlaðra. **Félagsstörf:** Sat í ritnefnd *Skólablaðs MR* og í stjórn Framtíðarinnar í MR. Sat í stjórn Góðtemplarastúkunnar Sóleyjar, Ungmennafélags Reykjavíkur og Kvenstúdentafélags Íslands 1950-1960. Var stofnfélagi í Styrktarfélagi vangefinna og ritari stjórnar 1958-1975. Sat í stjórn Öryrkjabandalags Íslands 1961-1986, í stjórn dagheimilisins Lyngáss 1961-1971 og var stjórnarformaður þjálfunarheimilisins Bjarkaráss 1971-1981. Var formaður stjórnar Proskabjálfskólans 1971-1976. Sat í stjórn Nordisk Forbund for Psykisk Udviklingshæmning (NFPU) 1963-1983 og fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands hjá Alþjóða-endurhæfingarsamtökunum (Rehabilitation International) 1978-1988. Var í undirbúningsnefnd og framkvæmdastjóri Árs fatlaðra 1980-1981. Sat í stjórn og varastjórn Bandalags kvenna í Reykjavík 1971-1981 og varaforseti Kvenfélagasambands Íslands 1987-1991. Var í ritnefnd tímaritsins *Húsfreyjunnar* 1977-1991. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Kvenfélagasambandi Íslands og Styrktarfélagi vangefinna. Hlaut heiðursmerki Landssamtakanna Proskahjálpar. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1977). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit A-116.

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR (1891-1971) fædd á Egilsstöðum á Völlum, látin á Fljótsdalshéraði. PÓST- OG SÍMSTÖÐVARSTJÓRI. **Foreldrar:** Margrét Pétursdóttir (1865-1944) og Jón Bergsson (1855-1924), kaupmaður, póst- og símsstöðvarstjóri og kaupfélagsstjóri á Egilsstöðum. **Systkin:** 1. Sigríður (1888-1888), 2. Þorsteinn (1889-1976), 3. Sveinn (1893-1981), 4. Egill (1894-1983), 5. Ólöf (1896-1985), 6. Bergur (1899-1970), 7. Pétur (1904-1991), 8. Unnur (1907-2001). **Nám:** Stundaði nám í Reykjavík 1910-1911 og í Kaupmannahöfn 1911-1912. **Störf:** Starfaði hjá Pósti og síma á Egilsstöðum 1906-1910 og 1913-1924. Var póst- og símsstöðvarstjóri á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði hátt í 40 ár eða 1924-1961. **Jarðsett:** Egilsstöðum.

SIGRÍÐUR FANNEY JÓNSDÓTTIR (1894-1998) fædd á Strönd, Völlum, Fljótsdalshéraði, látin á Egilsstöðum. HÚSFREYJA og GESTGJAFI. **Foreldrar:** Ingunn Pétursdóttir (1868-1921) og Jón Einarsson (1865-1952), bóndi á Strönd. **Systkin:** 1. Snælundur (1911-1916). **M:** 1921, Sveinn Jónsson (1893-1981), bóndi og oddviti á Egilsstöðum. **Börn þeirra:** 1. Ásdís (1922-1991), 2. Jón Egill (1923-2020), 3. Ingimar (1928). **Nám:** Dvaldi tvo vetur við nám í Lýðháskólanum í Voss, Noregi, og einn vetur í Vordingborg húsmæðraskóla á Sjálandi í Danmörku. **Störf:** Stjórnaði heimili og að auki gistihússrekstri á Egilsstöðum á Völlum á árunum 1921-1970. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Kvenfélagsins Bláklukku á Egilsstöðum 1948 og formaður þess til 1960. Var formaður Sambands austfirskra kvenna. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi Kvenfélagsins Bláklukku. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1971). **Jarðsett:** Egilsstöðum.

[JÓNA] **SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR / Trippa-Sigga** (1899-1997) fædd í Þrengslabúð, Hellnum á Snæfellsnesi, látin í Reykjavík. HESTAKONA, VINNUKONA og SAUMAKONA. **Foreldrar:** Alfífa Halldórsdóttir (1865-1943) og Jón Benjamínsson (1858-1911), bóndi á Litlu-Hnausum í Breiðuvík. **Sammæðra systkin:** 1. Friðdóra (1892-1975), 2. Jón Elíasson (1876-1919). **Samfeðra systkin:** 3. Benjamín (1909-1981), 4. Guðmundur Gunnar (1910-1980). **Barn Sigríðar:** 1. Drengur Sigríðarson (1924-1924). **Störf:** Var vinnukona á ýmsum bæjum á Vesturlandi. Flutti til Reykjavíkur 1923. Vann við barnakennslu í heimahúsum og tók að sér þvotta og hreingerningar. Var kaupakona í sextán sumur og ráðskona í Kjós og á Kjalarnesi í mörg ár. Starfaði einnig sem saumakona. Var þekktust sem hestakona og fyrir hestakaupmennsku og er talið að hún hafi keypt og selt um þrjú hundruð hesta. Fór víða um landið á hestaferðum sínum. Var kölluð

Trippa-Sigga. Lá árið 1963 úti á Kili, Kaldadal og Stórasandi í stórviðri matarlaus í átta daga, þá 64 ára. **Æviminningar:** *Ein á hesti: lífsreisa Jónu Sigríðar Jónsdóttur*, Andrés Kristjánsson endursagði (1978). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-10-181.

SIGRÍÐUR RÓSA KRISTINSDÓTTIR (1923-2016) fædd á Végeirsstöðum í Fnjóskadal, látin á Egilsstöðum. ATHAFNAMADUR og FRÉTTARITARI. **Foreldrar:** Sigrún Jóhannesdóttir (1892-1989) og Kristinn Indriðason (1890-1953), bóndi. **Systkin:** 1. Jóhannes Steinþór (1917-1934), 2. Ragnheiður (1918-1991), 3. Kristmann (1920-1977), 4. Valdemar Gestur (1921-1984), 5. Indriði (1924-1974), 6. Sigurður Árni (1926-1991), 7. Ásmundur Hreiðar (1927-2018), 8. Flosi (1929), 9. María Soffía (1930-2000), 10. Anna Kristbjörg (1921-1996), 11. Jón Ingvi (1933-1999), 12. Jóhannes (1934-2003), 13. Ásgeir (1935-2008), 14. Haraldur Kristófer (1938-2022). **M:** Ragnar Sigmundsson (1916-2007), vélstjóri. **Börn þeirra:** 1. Sigrún Ragna (1947), 2. Kristján (1948), 3. Kristinn Jóhannes (1950), 4. Guðný Hallgerður (1953), 5. Guðrún (1959-2003), 6. Sigmundur Víðir (1961), 7. Áslaug (1963). **Störf:** Stofnaði m.a. útgerð á Eskifirði og lét smíða fyrir sig bátinn Víði Trausta SU 517 árið 1971. Rak verslun með hannyrðavörur og fatnað og stofnaði saumastofu og tískuverslun á Eskifirði. Var fréttaritari Ríkisútvarpsins á Eskifirði í mörg ár. **Jarðsett:** Gamla Höfðakirkjugarði, heimagrafreit (gamall kirkjugarður við bæinn Höfða í Grýtubakkahreppi).

SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR (1943-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SJÚKRALIÐI. **Foreldrar:** Sigfríð Sigurjónsdóttir (1914-1997) og Kristinn Stefánsson (1904-1950), skipstjóri. **Systkin:** 1. Stefán (1940-1963), 2. Guðrún (1945). **Sammæðra systkin:** 3. Áslaug Jónína Sverrisdóttir (1936). **Barnsfaðir:** Magnús Ingiberg Jóhannsson (1934-2008). **Barn þeirra:** 1. Sigfríð Sigurðardóttir (1963). **M1:** Sigurður Hjörtur Stefánsson (1943-1975). **Barn þeirra:** 2. Erna Kristín (1975). **M2:** Jón Torfason (1949), skjalavörður. **Barn þeirra:** 3. Torfi Stefán (1983). **Nám:** Lauk sjúkraliðaprófi 1972. **Störf:** Stundaði verslunar- og skrifstofustörf 1960-1963 og var starfsmaður hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur 1963-1967. Starfaði á Kleppsspítala 1969-1972 og sem sjúkraliði 1972-1984. Var sjúkraliði á kvennadeild Landspítalans 1984-1990. Var starfsmaður Kvennaathvarfsins 1989-1990 og framkvæmdastjóri Miðstöðvar fólks í atvinnuleit 1996-2000. Starfaði sem sjúkraliði á Landspítalanum frá 2000. **Félagsstörf:** Var trúnaðarmaður Starfsmannafélags ríkisstofnana 1972-1990. Sat í stjórn Sjúkraliðafélags Íslands 1974-1982 og 1984-1986 og Starfsmannafélags ríkisstofnana 1986-1990, formaður frá 1990-1996 og í samninganefnd félagsins frá 1986. Sat í stjórn BSRB 1991-1999 og í stjórnnum Atvinnuleysistryggingasjóðs, Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins og Geðhjálp. Starfaði með Rauðsokkahreyfingunni 1970-1980. Var ein af stofnendum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit P-1-18.

SIGRÍÐUR FRIÐFINNA KRISTJÁNSDÓTTIR (1925-2022) fædd á Héðinshöfða, látin í Reykjavík. HÚSMÆÐRAKENNARI. **Foreldrar:** Anna Sigríður Einarsdóttir (1887-1925) og Kristján Júlíus Jóhannesson (1883-1938), bóndi. **Alsystkin:** 1. Snæbjörn (1924-2021). **Samfeðra systkin:** 2. Andrés (1915-1990), 3. Sören (1917-1926), 4. Sveinbjörg (1919-1994), 5. Karl (1937-1995). **Fósturforeldrar:** Aðalbjörg Pálsdóttir (1891-1970) og Egill Þorláksson (1886-1966), barnakennari. **Barnsfaðir:** Hreinn Benediktsson (1928-2005), málfræðingur. **Barn þeirra:** 1. Egill Benedikt (1947). **M:** 1957, Jónas Kristjánsson (1924-2014), handritafræðingur og forstöðumaður

Árnastofnunar. **Börn þeirra:** 2. Kristján (1958), 3. Aðalbjörg (1959), 4. Gunnlaugur (1962), 5. Áslaug (1968). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1946 og var við nám í Háskóla Íslands 1948-1949. Lauk kennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1950 og stundaði framhaldsnám í hússtjórnarfræðum við Árósháskóla 1952-1953. Lauk BA-prófi í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands 1986. **Störf:** Var stundakennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar, Kennaraskólann, Hjúkrunarskólann, Fóstruskólann og Þroskaþjálfaskólann á árunum 1947-1975. Starfaði á Leiðbeiningastöð húsmæðra 1963-1966 og 1980-1989. **Félagsstörf:** Sat í ritnefnd *Húsfreyjunnar* 1956-1978 og var ritstjóri 1971-1978, skrifaði ýmis leiðbeiningarit fyrir Kvenfélagasamband Íslands og var gjaldkeri þess 1980-1987. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit M-588.

SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR (1924-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

MENNTASKÓLAKENNARI. **Foreldrar:** Steinunn Kristjánsdóttir (1893-1984) og Magnús Skaftfjeld Halldórsson (1893-1976), bifreiðastjóri og bílainnflytjandi. **Systkin:** 1. Halldór (1922-2011), 2. Magnús (1926). **M:** 1952, Hörður Ágústsson (1922-2005), listmálari og fræðimaður, einkum á svið byggingalistar. **Börn þeirra:** 1. Gunnar Ágúst (1954), 2. Steinunn (1956), 3. Guðrún (1966). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. Lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands 1946. Stundaði nám í frönsku og bókmenntum við Sorbonneháskóla í París frá árinu 1946 og lauk þaðan licence-és-lettres-prófi 1951. **Störf:** Kenndi frönsku við Menntaskólann í Reykjavík í yfir 40 ár eða árin 1951-1994. Var löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi á frönsku og stundakennari við Háskóla Íslands 1977-1982. Lagði einnig stund á þýðingar og ritstörf. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-9-48.

SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR MAGNÚSSON (1831-1915) fædd í Brekkubæ í Reykjavík, látin í Danmörku. ATHAFNAKONA. **Foreldrar:** Guðrún Ólafsdóttir (1805-eftr 1860), hafði skólapilta í fæði, og Einar Sæmundsson (1805-1868), hattari. **Systkin:** 1. María (1826), 2. Soffía Emelía (1841-1902), 3. Einar Sæmundsen (1849-1888). **M:** 1857, Eiríkur Magnússon (1833-1913), bókavörður við Cambridgeháskóla. **Störf:** Tók þátt í leiksýningum í Reykjavík og lék m.a. ásamt Benedikt Gröndal í leikritinu *Pakk árið* 1854. Kenndi á gítar í Reykjavík. Flutti með manni sínum til London 1862. Sneri heim og lét eftir heimkomu byggja hús fyrir kvennaskóla á lóð Brekkubæjar, Mjóstræti 3 í Reykjavík, þar sem hún ólst upp. Stóð að fjáröflun vegna byggingarinnar í nokkur ár, m.a. með því að sýna og selja íslenskt handverk erlendis. Fékk enska smíði til að reisa skólann eftir breskri teikningu árið 1885. Húsið, nefnt Vinaminni, stendur enn. Skólinn starfað þar aðeins í eitt skólaár 1891-1892 með 15 skólastúlkum og nokkrar þar af í heimvist. Iðnskólinn hóf starfsemi sína í húsinu 1904 og Verslunarskóli Íslands hafði þar aðstöðu um tíma frá árinu 1905. **Jarðsett:** Sölleröd á Sjálandi Danmörku.

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR MAGNÚSSON (1892-1977) fædd í Otradal í Arnarfirði, látin í Reykjavík. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Jóhanna Pálsdóttir (1866-1949) og Jón Árnason (1864-1944), prestur. **Systkin:** 1. Páll (1893-1910), 2. Ragnheiður (1896-1994), 3. Anna Guðrún J. Bjarnason (1900-1982), 4. Svanlaug (1903-1983), 5. Marinó (1906-1974), 6. Árni (1906-1969). **M:** 1913, Sigurður Magnússon (1869-1945), prófessor og yfirlæknir. **Börn þeirra:** 1. Magnús (1916-1979), 2. Páll (1917-1966), 3. Margrét (1920-2011), 4. Jóhanna (1922-1999). **Störf/Félagsstörf:** Sinni félagsstörfum. Var formaður stjórnar Kvenréttindafélags Íslands 1947-

1964. Sat í ritnefnd 19. júní 1952-1963 og 1965-1968. Var ein af stofnendum Félagasamtakanna Verndar 1960, til aðstoðar þeim sem tekið hafa út refsingu eftir dómi, og átti sæti í stjórn samtakanna til dauðadags. **Viðurkenningar:** Var útnefnd heiðursfélagi Kvenréttindafélags Íslands (1964). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1969). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit D-13-63.

SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR (1934-2016) fædd í Reykjavík, látin á Selfossi. BÓNDI, LEIÐSÖGUMAÐUR og ULLARÚTFLYTJANDI. **Foreldrar:** Margrét Guðlaugsdóttir (1901-1976) og Pétur Jóhannsson (1900-1985), verslunarmaður. **M:** 1959, Kjartan Georgsson (1933), bóndi. **Börn þeirra:** 1. Pétur (1960), 2. Margrét (1961), 3. Georg (1970). **Störf:** Var bóndi á Ólafsvöllum í Skeiðahreppi í Árnessýslu. Starfaði samhliða búskapnum sem kennari og leiðsögumaður og rak ullarútflutningsfyrirtækið Röskvu. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Hundaræktarfélagi Íslands og formaður þess í mörg ár. Varð fyrsti hundadómarinn Íslendinga. **Viðurkenningar:** Heiðruð með gullmerki Hundaræktarfélags Íslands (2004). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2008). **Jarðsett:** Ólafsvallakirkjugarði reit N-38.

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR RAGNAR (1922-1993) fædd á Gautlöndum, Skútustaðahreppi Suður-Þingeyjarsýslu, látin á Ísafirði. KENNARI. **Foreldrar:** Anna Jakobsdóttir (1891-1934) og Jón Gauti Pétursson (1889-1972), bóndi á Gautlöndum. **Systkin:** 1. Ásgerður (1919-2013), 2. Böðvar (1925-2013), 3. Ragnhildur (1926-2011). **M:** 1945, Ragnar H. Ragnar (1898-1987), tónlistarkennari og skólustjóri. **Börn þeirra:** 1. Anna Áslaug (1946), 2. Sigríður (1949), 3. Helgi *Hjálmar* (1952). **Nám:** Settist í 2. bekk Menntaskólans á Akureyri 1937 og lauk þaðan gagnfræðaprófi 1939. Stundaði undirbúningsnám undir kennarapróf við Kennaraskóla Íslands 1944-1945 og aflaði sér síðan fullra kennsluréttinda með því að sækja ýmis námskeið í Reykjavík. **Störf:** Var barnakennari (farkennari) í Mývatnssveit 1943-1944 og kennari við Barnaskóla Ísafjarðar 1957-1992. Var kennari í tónfræði við Tónlistarskóla Ísafjarðar frá 1976. **Félagsstörf:** Sat m.a. í Menningarráði Ísafjarðar í fjölda ára og náttúruverndarnefnd 1979-1986. Sat í stjórn vestfirskra náttúruverndarsamtaka frá 1975 og var annar tveggja ritstjóra *Kaldbaks*, rits samtakanna 1977-1978. Átti sæti á framboðslista óháðra borgara fyrir bæjarstjórnarkosningar 1982 og vann að stofnun Kvinnalistans á Ísafirði. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). **Jarðsett:** Réttarholtskirkjugarði í Engidal Ísafirði reit B-II-27.

SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR SCHIÖTH (1914-2008) fædd á Lómatjörn í Höfðahverfi, Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, látin á Akureyri. SÖNGSTJÓRI og ORGANISTI. **Foreldrar:** Valgerður Jóhannesdóttir (1875-1965) og Guðmundur Sæmundsson (1861-1949), bóndi. **Systkin:** 1. Lára (1896-1968), 2. Sigrún (1897-1987), 3. Sæmundur Reykjalin (1899-1974), 4. Jóhanna (1902-1988), 5. Guðbjörg (1903-1929), 6. Sigurbjörg (1905-1973), 7. Guðrún Ingileif (1907-1994), 8. Ingólfur (1910-1987), 9. Sverrir (1912-1992), 10. Valtýr (1920-1981). **Uppeldissystkin:** 11. Ingileif Sæmundsdóttir (1902-1993). **M:** 1941, Helgi Schiöth (1911-1998), bóndi Hólshúsum í Eyjafirði. **Börn þeirra:** 1. Reynir Helgi (1941), 2. Margrét Anna (1945), 3. Valgerður Guðrún (1949). **Nám:** Stundaði nám við Laugarvatnsskóla og Húsmæðraskólann á Ísafirði. Sótti organistanámskeið í Skálholti árum saman. Lærði á hljóðfæri hjá Gunnari Sigurgeirssyni á Akureyri. Söng með kórum undir stjórn Björgvins Guðmundssonar og Róberts Abrahams Ottóssonar. **Störf:** Starfaði sem organisti og söngstjóri við Grundarkirkju í Eyjafirði

1949-1976 og 1983-1994 og í Saurbæjarkirkju og Möðruvallakirkju í Eyjafjarðarsveit 1950-1976. Var organisti í Húsavíkarkirkju 1976-1983. Annaðist söngkennslu í skólum í Eyjafirði og starfaði við skóla í Reykjavík og Hafnarfirði í nokkra vetur. Samdi talsvert af sönglögum, og orti texta eða þýddi. **Félagsstörf:** Var formaður Héraðssambands eyfirskra kvenna 1972-1976, var um skeið formaður Kirkjukórasambands Eyjafjarðarprófastsdæmis. Lék með Leikfélagi Akureyrar og starfaði síðan að leiklistarmálum í Eyjafjarðarsveit í mörg ár. Stofnaði Kór aldraðra á Akureyri. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1991). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit K-2-91-B.

SIGRÍÐUR SVEINBJÖRNSDÓTTIR (1915-2015) fædd á Álftá, Mýrasýslu, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** María Guðmundsdóttir (1890-1987), bústýra í Lækjarbug, og Sveinbjörn Sveinsson (1891-1916), bóndi. **Uppeldissystkin:** 1. Valtýr (1910-1998), 2. Guðrún (1913-2000), 3. Guðríður Gyða (1916-2014), börn Guðjóns Öfjörð Þórarinssonar, bónda í Lækjarbug. **M:** 1946, Eiríkur Magnússon (1921-2006), rafvirki, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Lilja (1947), 2. Steingrímur Sveinbjörn (1951-2018). **Nám:** Stundaði nám í Testrup lýðháskólanum á Jótlandi. Hóf síðan hjúkrunarnám við Bispebjerg sjúkrahúsið í Kaupmannahöfn 1939 og lauk hjúkrunarnámi 1943 og síðan framhaldsnámi í skurðstofuhjúkrun. **Störf:** Var í vist á nokkrum stöðum í Kaupmannahöfn 1935-1939. Var hjúkrunarkona á Hvítabandinu 1945-1968 með hléum. Starfaði á Borgarspítalanum frá 1968 til 1994 þegar hún lét af störfum 78 ára gömul. **Jarðsett.** Kópavogskirkjugarði reit B-9-37.

SIGRÍÐUR THEODÓRSDÓTTIR (1921-2007) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. JARÐFRÆÐIKENNARI. **Foreldrar:** Kristín Pálsdóttir (1898-1940) og Sveinbjörn Theodór Jakobsson (1890-1942), kennari og skipamiðlari. **Systkin:** 1. Soffía (1922-2009), 2. Helga (1924-2002), 3. Björn (1926-1983), 4. Þórunn (1927-2022), 5. Páll (1928-2018), 6. Steinunn Katrín (1932-2020). **M:** 1944, Þórarinn Guðnason (1914-1995), læknir. **Börn þeirra:** 1. Edda (1945), 2. Freyr (1950), 3. Kristín (1953), 4. Bjarki (1954), 5. Helga (1955), 6. Nanna (1958). **Nám:** Tók stúdentspróf frá stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík 1940. Hóf nám í jarðfræði og líffræði við Háskóla Íslands 1968 og lauk þaðan B.Sc.-prófi með jarðfræði sem aðalgrein 1972. **Störf:** Starfaði um árabíl hjá Níelsi Dungal á Rannsóknastofu Háskólans. Starfaði sem kennari í jarðfræði og efnafræði 1970-1991 lengst af við Menntaskólann við Hamrahlíð. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftreiti D-2-109.

SIGRÍÐUR THORLACIUS (1913-2009) fædd á Völlum í Svarfaðardal, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR, BLAÐAMAÐUR og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Sólveig Pétursdóttir Eggerz (1876-1966) og sr. Stefán Baldvin Kristinsson (1870-1951), prestur. **Systkin:** 1. Pétur Eggerz (1900-1985), 2. Kristinn Tryggvi (1903-1967), 3. Sæmundur (1905-1996), 4. Ingibjörg (1908-1974), 5. Jón Christinn (1911-1913), 6. Kristín (1916-1916). **Fóstursystir:** 7. Unnur Tryggvadóttir (1907-1987). **M:** 1939, Birgir Thorlacius (1913-2001), ráðuneytisstjóri. **Nám:** Lauk prófi frá Samvinnuskólanum 1932. **Störf:** Fékkst við verslunarstörf 1933-1937. Starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins 1937-1942. Var jafnframt þingskrifari auk þess að starfa á skrifstofu Alþingis. Starfaði sem blaðamaður á *Tímanum* um skeið. Var þýðandi, vann að gerð útvarpsþátta og fékkst við ritstörf. Var ritstjóri *Húsfreyjunnar* um árabíl. **Bækur:** *María Markan: endurminningar* (1965), *Margar hlýjar hendur: ágrip af sögu Kvenfélagasambands Íslands, héraðssambanda og félaga, sem það*

mynda (1981) og *Saga Bandlags kvenna í Reykjavík 1917-1977* (1983). **Félags- og stjórnmalastörf:** Var varamaður í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Framsóknarflokkinn og átti sæti í fræðslu- og félagsmálaráði. Sat í fulltrúaráði framsóknarfélaganna í Reykjavík, miðstjórn Framsóknarflokksins og blaðstjórn *Tímans*. Var formaður Kvenfélagasambands Íslands um átta ára skeið og formaður Nordens husmorforbund 1975-1980. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1971) og Stórriddarakrossi (1979). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði D-5-39.

SIGRÍÐUR BRIEM THORSTEINSSON (1901-1998) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir Briem (1869-1943) og Eggert Ólafur Briem (1867-1936), hæstaréttardómari. **Systkin:** 1. Gunnlaugur Briem (1903-1999). **M:** 1953, Magnús Scheving Thorsteinsson (1893-1974), forstjóri. **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1915-1918. Var við teikni- og handavinnunám í Kaupmannahöfn 1922, enskunám í London 1927 og nám við snið- og handavinnuskóla í Frankfurt am Main í Þýskalandi 1933. **Störf:** Var handavinnukennari við Kvennaskólann í Reykjavík í yfir 30 ár eða árin 1919-1953. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélagsins Líknar og Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1943-1955. Sat í skólanefnd Húsmæðraskóla Reykjavíkur frá 1950 og var formaður skólanefndar Kvennaskólans í Reykjavík 1955-1983. Var félagi í kvenfélaginu Hringnum frá 1921. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1982). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-419.

SIGRÍÐUR TÓMASDÓTTIR (1870-1957) fædd í Brattholti í Biskupstungum, Árnessýslu, látin í Brattholti. NÁTTÚRUVERNDARSINNI. **Foreldrar:** Margrét Þórðardóttir (1845-1928) og Tómas Tómasson (1845-1926), bóndi í Brattholti í Biskupstungum, Árnessýslu. **Systkin:** 1. Guðrún (1868-1922), 2. Einar (1869), 3. Þórður (1879-1930), 4. Guðrún (1876), 5. Margrét (1876-1968), 6. Tómas (1878), 7. Bjarni (1879), 8. Guðrún (1880), 9. Ósk (1883-1968), 10. Fríður (1885-1972). **Störf:** Sinnti almennum bústörfum, veitti ferðamönnum leiðsögn að Gullfossi og lagði stund á hannyrðir og teikningu. Er þekkt fyrir framtak sitt til verndunar Gullfoss, barðist af einurð gegn áformum um virkjun fossins og var brautryðjandi á sviði náttúruverndar. **Viðurkenningar:** Minnisvarði um Sigríði var reistur við Gullfoss 1978. Opnaður var fræðslustígur við Gullfoss árið 2011 sem kenndur er við Sigríði, Sigríðarstígur, og við hann eru fjölmörg upplýsingaskilti um fossinn og Sigríði í Brattholti og baráttu hennar fyrir verndun þessarar náttúruverlu. **Jarðsett:** Haukadalskirkjugarði í Biskupstungum reit 31.

SIGRÍÐUR VALFELLS (1938-1998) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PRÓFESSOR Í MÁLVÍSINDUM. **Foreldrar:** Helga Bjarnason Valfells (1909-1975), bankaritari, og Sveinn Valfells Bjarnþórsson (1902-1981), forstjóri. **Systkin:** 1. Ágúst (1934), 2. Sveinn (1941). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1956. Nam franskar bókmenntir í Gstaad í Sviss og síðan við Sorbonneháskóla í París. Lauk doktorsprófi í málvísindum frá Harvardháskóla 1967. **Störf:** Var prófessor í málvísindum við University of Washington í Seattle og Columbia University í New York 1967-1980. **Bók:** „*Old Icelandic, an introductory course*“ (útg. Oxford University Press, 1981). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-193.

SIGRÍÐUR ÞÓRA VALGEIRSDÓTTIR (1919-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. PRÓFESSOR Í MENNTUNARFRÆÐI. **Foreldrar:** Ingiríður *Dagmar* Jónsdóttir (1895-1986) og Valgeir Jónsson (1890-1950), byggingameistari. **Systkin:** 1. Ingibjörg Ferrentino (1925-2011), 2. Guðrún Júlía (1933-2019), 3. Geir (1925-2010). **M:** Hjörleifur Baldvinsson (1918-1963), prentari. **Börn þeirra:** 1. Dagmar Vala (1951), 2. Sigríður (1958), 3. Ingólfur (1960). **Nám:** Var í Kvennaskólanum í Reykjavík. Lauk íþróttakennaranámi frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni 1942. Stundaði nám við Kaliforníuháskóla í Berkley og lauk þaðan BA-prófi og síðan meistaraþrófi í íþróttakennslufræði, dansmennt og listdansköpun. Lauk öðru meistaraþrófi og síðan doktorsþrófi í uppeldis- og kennslusálarfræði frá Ríkisháskóla New York fylkis í Buffalo. **Störf:** Stjórnaði fimleikaflokkum ÍR og fór með sýningarflokka til útlanda, m.a. til Stokkhólms 1949 og til London 1957. Kenndi um tíma við Íþróttakennaraskólann. Starfaði sem prófessor í uppeldis- og kennslusálarfræði við Kennaraháskóla Íslands í áratugi. Var fyrsti forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands frá 1981. **Félagsstörf:** Stofnaði Þjóðdansafélag Reykjavíkur 1951 og kenndi dansa og setti upp danssýningar í marga áratugi. Var stofnfélagi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur og Delta Kappa Gamma á Íslandi. Átti frumkvæði að stofnun Íslenska dansfræðafélagsins 1998. **Bækur:** Var höfundur fjölda ritverka á sviði sálfræði og dansmennta, m.a. *20 íslenskir söngdansar: tilraunahefti* (2001), *Dansmennt í grunnskólum* (2004) og *Íslenskir söngdansar í þúsund ár* (2010). **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1990). Hlaut heiðursdoktorsgráðu frá Ríkisháskóla New York í Buffalo (1991). Var heiðursfélagi í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur og í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-21-68.

SIGRÍÐUR KRISTÍN WILHELMESEN, f. GUÐMUNDSDÓTTIR (1932-2016) fædd í Ástúni á Ingjaldssandi, Mýrahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, látin í Drammen í Noregi. RITARI. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1901-1969) og Guðmundur Bernharðsson (1899-1989), kennari og bóndi. **Systkin:** 1. Finnur Hafstein (1926-1997), 2. Ásvaldur Ingi (1930-2021), 3. Bernharður Marsellíus (1936-2015), 4. Þóra Alberta (1942-2019). **M:** 1958, Erik H. Wilhelmsen (1933-2007), flugumferðarstjóri. **Börn þeirra:** 1. Hildur Kristín (1963), 2. Unnur Astrid (1964). **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði og síðan við Samvinnuskólann. Var í námi við Lýðháskólann í Kungälv í Svíþjóð 1956. **Störf:** Starfaði nokkur ár á skrifstofum SÍS (Sambands íslenskra samvinnufélaga) og var jafnframt ritari Jónasar frá Hriflu um tíma. Fluttist til Drammen í Noregi. Starfaði hjá skattskrifstofunni í Drammen og síðar sem fulltrúi skattstjórans í Lier-héraði. **Félagsstörf:** Var hvatamaður að stofnun Norsk-íslenska félagsins í Drammen 1979 og sat í stjórn þess í 10 ár. Vann að vinarbæjatengslum milli Drammen og Stykkishólms og starfaði í Foreningen Norden í 35 ár. Var formaður Musikkens Venner í Drammen í 10 ár. Átti einnig drjúgan þátt í stofnun og uppbyggingu íslenska safnaðarins í Noregi. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1998). **Jarðsett:** Drammen í Noregi.

SIGRÍÐUR ZOËGA (1889-1968) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. STÚDÍÓLJÓSMYNDARI. **Foreldrar:** Bryndís Sigurðardóttir Zoëga (1858-1924) og Geir Tómasson Zoëga (1857-1928), kennari og rektor Latínuskólans. **Systkin:** 1. Geir (1885-1959), 2. Ingileif (1886-1918), 3. Guðrún (1887-1955), 4. Áslaug Benediktsson (1895-1967), 5. Jófríður Ragnheiður (1896-1943). **Barnsfaðir:** Jón Stefánsson (1881-1962), listmálari. **Barn þeirra:** 1. Bryndís (1925-2020). **Nám:**

Sótti Landakotsskólann í Reykjavík. Lærði ljósmyndun hjá Pétri Brynjólfssyni í Reykjavík 1906-1910 og stundaði framhaldsnám hjá August Sander í Köln, Þýskalandi, 1911-1914. **Störf:** Starfaði á ljósmyndastofu Noru Lindström og hjá Rosu Parsberg í Kaupmannahöfn 1910-1911. Vann hjá Otto Kelch í Bad Freienwald í Þýskalandi 1911. Rak ljósmyndastofu við Austurstræti 14, Reykjavík, 1914-1915, en þá brann húsið. Keypti ljósmyndastofu Péturs Brynjólfssonar 1915 með Steinunni Thorsteinson. Sigríður Zoëga og Co. var fyrst til húsa á Hverfisgötu 18, Reykjavík, en frá 1917 að Hverfisgötu 4 og frá 1934 í Austurstræti 10. Um tíma var jafnframt framköllunarþjónusta á stofunni og ljósprentunarstofa um 1935-1955 en eftir það var myndatökum hætt og ljósprentun stunduð eingöngu. Sigríður starfaði á stofunni til 1967. Var prófdómari í Iðnskólanum eftir að ljósmyndun varð löggilt iðngrein 1927. **Plötu- og filmusafn:** Plötusafn stofunnar var gefið Þjóðminjasafni Íslands 1955 og 1989. Ljósmyndavél stofunnar sem áður var á ljósmyndastofu Péturs Brynjólfssonar er varðveitt í Þjóðminjasafni ásamt öðrum ljósmyndastofutækjum stofunnar. **Ljósmyndasýningar:** Var m.a. meðal íslenskra sýnenda á norrænni farandljósmyndasýningu um öll Norðurlönd (1949); *Sigríður Zoëga, Lifandi augnablik*, sýning í Hafnarborg í Hafnarfirði (2000). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Ljósmyndafélags Íslands 1926 og í stjórn þess. Var stofnfélagi í Listvinafélaginu og sat í sýningarnefnd þess 1922 á vegum Þjóðminjasafnsins. Varð félagi í Dansk Fotografisk Forening 1915. **Æviminningar og heimildamynd:** *Sigríður Zoëga ljósmyndari í Reykjavík*, ritstjóri Inga Lár Baldvinsdóttir (2000). Gréta Ólafsdóttir og Susan Muska gerðu heimildamynd um Sigríði í samvinnu við Æsu Sigurjónsdóttur, *Gegnum linsuna* (frumsýnd í Háskólabíói 2000). **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi í Ljósmyndafélagi Íslands (frá 1961). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-4-14.

SIGRÚN AÐALBJARNARDÓTTIR (1923-2019) fædd í Halldóorskoti á Hvaleyri við Hafnarfjörð, látin í Hafnarfirði. KENNARI. **Foreldrar:** Þorgerður Kristín Jónsdóttir (1879-1951) og Aðalbjörn Bjarnason (1871-1946), skipstjóri og bókbindari. **Systkin:** 1. Laufey (1903-1939), 2. Jón Kolbeinsson (1905-1912), 3. Skarphéðinn (1907-1955), 4. Bjarni (1908-1953), 5. Elínborg (1912-1967), 6. Þórdís (1914-1988), 7. Jón Gunnar (1917-1978), 8. Ingólfur (1921-1996). **M:** 1950, Jón Pálmason (1918-2003), skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Þorgerður (1951), 2. Kjartan (1966-1972). **Nám:** Lauk kennaraprófi 1944 og sótti síðan fjölda námskeiða, innanlands og erlendis, m.a. í íslensku- og stærðfræðikennslu. **Störf:** Kenndi við Skóla Ísaks Jónssonar í yfir 50 ár eða á árunum 1944-1998. **Félagsstörf:** Var félagi í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit B-58-1.

SIGRÚN BJÖRGVINDÓTTIR (1931-2013) fædd á Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal, látin í Neskaupstað. SKÓGARBÓNDI, MYNDLISTARMAÐUR og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Aðalbjörg Metúsalemsdóttir Kjerúlf (1906-1949) og Níels *Björgvin* Sigfinnsson (1894-1979), búfræðingur og kennari. **Alsystkin:** 1. Metúsalem Kjerúlf (1929-2011), 2. Hrafnkell (1932), 3. Sigríður Ólafía (1934-2020), 4. Bragi Eiríkur (1936), 5. Gunnlaugur Birgir (1938-2007), 6. Guðný Aðalbjörg (1940), 7. Brynjar (1941), 8. Sigurður (1943), 9. Þórdís (1944-2002), 10. Anna Ólöf (1946). **Samfeðra systkin:** 11. Þórhallur (1922-2005), 12. Björg Kristín (1923-1924). **M:** Sigbjörn Magnússon (1919-1993), vélamaður. **Börn þeirra:** 1. Víðir (1958), 2. Björk (1958), 3. Hlynur (1960), 4. Lára Heiður (1962), 5. Linda Hlín (1963). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1959. Sótti námskeið á vegum Myndlista- og handíðaskólans haldið á Hallormsstað og kynntist þar þæfingu á ull. **Störf:** Var kennari við Alþýðuskólann á Eiðum 1961-

1971 og auk þess við grunnskólann á Eiðum. Vann lengi við mötuneyti skólanna. Starfaði hjá Gróðrarstöðinni Barra á Egilsstöðum. Stundaði skógrækt, bæði á Víðilæk og í Hamragerði í Eiðaþinghá. Var blaðamaður hjá *Austra* og fréttaritari *DV* í nokkur ár. Vann við listsköpun úr ull og fékkst við ritstörf og samdi m.a. smásögur og ljóð. **Sýningar:** Sýndi myndverk sín á Café Nielsen á Egilsstöðum (1998), Vest-Norden handverkssýningu í Laugardalshöll (2003), Lókaffi í Reykjavík (2003), Flugstöðinni á Egilsstöðum (2005), Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Reykjavík (2006) og sýningunni *ORT Í ULL* í Gallerí Klaustri, Skriðuklaustri (2011). **Bækur:** *Ég er kölluð Día* (1997), *Perla: draumur um hest* (1992), *Loksins verður hjarta mitt rótt: dagbók frá dvöl í Kanada* (2003) og *Handan við ljóshraðann* (ljóð, 2013). **Jarðsett:** Egilsstaðakirkjugarði reit 180.

SIGRÚN PÁLSDÓTTIR BLÖNDAL (1883-1944) fædd á Hallormsstað í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, látin á Hallormsstað. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Elísabet Sigurðardóttir (1846-1927) og Páll Vigfússon (1851-1885), kennari. **Systkin:** 1. Guttormur (1884-1964). **M:** 1918, Benedikt Gísli Blöndal (1883-1939), kennari. **Barn þeirra:** 1. Sigurður Blöndal (1924-2014). **Nám:** Nam við Kvennaskólinn í Reykjavík 1900-1901 og sótti sumarnámskeið í heimilisiðnaði í Kaupmannahöfn 1905. Stundaði nám við Lýðháskólann í Askov í Danmörku 1911-1913 og sótti einnig vefnaðarnámskeið. **Störf:** Hélt námskeið í vefnaði á Suðurlandi og Austurlandi. Var kennari við Alþýðuskólann á Eiðum 1919-1924. Erfði jörðina Mjóanes í Vallahreppi og fluttu þau Benedikt þangað 1924, byggðu skólastofu við gamla húsið og ráku þar unglingskóla næstu árin. Skólinn var í byrjun fyrir drengi og stúlkur en síðar eingöngu fyrir stúlkur. Skólanum var breytt í nokkurs konar húsmæðraskóla sem síðar varð fyrirmynd Húsmæðraskólans á Hallormsstað. Sigrún var fyrsti skólastjóri Húsmæðraskólans á Hallormsstað frá hausti 1930 og til æviloka 1944. **Rit:** *Íslensk vefnaðarbók* kom út í níu heftum sem fylgirit tímaritsins *Hlímar* 1932-1945. **Félagsstörf:** Stofnaði ásamt konum á Héraði Samband austfirskra kvenna 1927 og var forseti þess til æviloka. Var umboðsmaður Máls og Menningar á Upphéraði frá 1937. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1942). **Jarðsett:** Hallormsstað.

SIGRÚN GERÐA GÍSLADÓTTIR (1943-2018) fædd í Reykjavík, látin í Bolungarvík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Brynhildur Pálsdóttir (1901-1992), hjúkrunarfræðingur, og Gísli Þorleifsson (1907-1954), múrarameistari. **Systkin:** 1. Páll Leifur (1936), 2. Jónína Helga (1941-2009). **M:** 1971, Einar Oddur Kristjánsson (1942-2007), alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Brynhildur (1973), 2. Kristján Torfi (1977), 3. Teitur Björn (1980). **Nám:** Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1965. Lærði gjörgæsluhjúkrun í Svíþjóð og hjartahjúkrun í London. Sótti framhaldsnám í heilbrigðisstjórnun við Háskólann í Leeds fram til 1995. **Störf:** Var aðstoðardeildarstjóri á hjartadeild Landspítalans 1968-1971 og hjúkrunarfræðingur við heilsugæslustöðina á Flateyri 1972-1980. Starfaði sem hjúkrunarforstjóri við heilsugæsluna í Bolungarvík 1998-2008. **Félagsstörf:** Tók virkan þátt í félagslífi á Flateyri og sinnti æskulýðsmálum. Var formaður Leikfélags Flateyrar 1979-2011 og lék í mörgum leikritum sem félagið setti upp. Var í stjórn Íþróttafélagsins Grettis á Flateyri. Sinnti formennsku í stjórn Tónlistarskólans á Flateyri um árabil og stóð reglulega fyrir tónleikahaldi í bænum. Var sjálfboðaliði Rauða krossins á Vestfjörðum um áratugaskeið og hélt þar námskeið í skyndihjálpi. Var fararstjóri í fjölmörgum ferðum á vegum eldri borgara. **Jarðsett:** Holtskirkjugarði í Önundarfirði reit 2.

SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR (1938-2009) fædd á Eystra-Súlunesi í Melasveit, látin í Sundsvall, Svíþjóð. NÁTTÚRUFRÆÐINGUR og KENNARI. **Foreldrar:** Ólöf Runólfsdóttir (1908-1971) og Guðjón Björgvin Gíslason (1915-1992), bóndi. **Systkin:** 1. Unnsteinn (1941-1962), 2. Sigríður Lilja (1943), 3. Þóra Stella (1947). **M:** 1966, Lars-Erik Larsson (1935), þjóðfræðingur og kennari. **Börn þeirra:** 1. Gunnar Björnstad (1968), 2. Ása Lóa (1972), 3. Ingvar (1974). **Nám:** Varð stúdent frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1958. Fór sama ár til náms í Lundi, lauk licentiat-prófi í jurtalíffræði og var við nám og störf í Svíþjóð til 1968. **Störf:** Var kennari við Menntaskólann við Hamrahlíð og vann rannsóknarverkefni fyrir Álverið í Straumsvík 1968-1971. Kenndi við Álsta Folkhögskola í Fránsta í Svíþjóð frá árinu 1971 til starfsloka. Auk kennslunnar hélt hún námskeið, m.a. í heilsufræði og pendúlfraði. **Jarðsett:** Öskudreifing.

SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR (1930-2008) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Sigurbjörg Jónsdóttir (1899-1966), matráðskona, og Guðmundur Friðrik Guðmundsson (1901-1960), veitingaþjónn. **Stjúpaðir:** Kjartan Ólafsson (1905-1991), húsasmíðameistari. **Sammæðra systkin:** 1. Hanna Sigurbjörg Kjartansdóttir (1939). **M:** 1952, Jón Guðnason (1927-2002), prófessor í sagnfræði. **Börn þeirra:** 1. Sigurbjörg (1952), 2. Guðni (1953-2005), 3. Guðmundur (1955), 4. Jónína Margrét (1958), 5. Bjarni (1959), 6. Snjáfríður (1964). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1951. Stundaði nám við norræna sumarháskólann í Askov 1951. Sótti kennaranámskeið í lestrarkennslu og kynnti sér kennslu barna með sérþarfir í Stokkhólmi 1957. **Störf:** Var kennari við St. Jósefsskóla í Hafnarfirði 1951-1952 og forfallakennari við Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1952-1953. Var kennari við Landakotsskólann 1955-1956, Austurbæjarskóla 1956-1958, Langholtsskóla 1958-1960 og lengst af við Vogaskóla í Reykjavík eða árin 1960-1980. Kenndi við Austurbæjarskóla 1994-2000 og hélt áfram kennslu sem forfallakennari og kennari nýbúa til ársins 1999. Starfaði um árabíl á Ásgrímssafni á sumrin. **Félagsstörf:** Var félagi í MÍR (Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna/Rússlands eftir 1992) og sat í stjórn félagsins í nokkur ár. Sat í stjórn Ásgrímssafns. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-7-14.

SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR (1947-2003) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Þrándheimi í Noregi. KENNARI og PRÓFESSOR. **Foreldrar:** Jóhanna Magnúsína Guðjónsdóttir (1923-2018), verslunarmaður, og Guðmundur Pétursson (1918-1960), vélstjóri. **Alsystkin:** 1. Elsa (1956). **Sammæðra systkin:** 2. Guðjón Ingi (1966). **M:** 1971, Jón Steinar Guðmundsson (1947-2018), efnafræðingur og prófessor í Noregi. **Börn þeirra:** 1. Guðmundur Steinar (1975), 2. Magnús Ari (1978). **Nám:** Tók íþróttakennarapróf frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni 1967 og kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1970. Lauk prófi í íþróttfræðum við Dunfermline College of Physical Education í Edinborg, Skotlandi 1972 og B.Ed.-prófi frá Sussex University á Englandi 1977. Tók MA-próf frá School of Education, Stanfordháskóla í Kaliforníu, Bandaríkjunum 1984 og doktorspróf (Ph.D.) í uppeldis- og kennslufræðum frá sama skóla 1988. **Störf:** Starfaði sem kennari í Linlithgow West Lothian í Skotlandi 1972-1975 og í Fossvogsskóla í Reykjavík 1978-1981. Var stundakennari við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1987, gestafyrirlesari við Háskólann í Þrándheimi 1987 og síðan prófessor þar. **Jarðsett:** Þrándheimi.

SIGRÚN GUNNLAUGSDÓTTIR (1905-2001) fædd í Geitafelli í Reykjahverfi, Suður-Pingeyjarsýslu, látin á Akureyri. VEFNAÐARKENNARI. **Foreldrar:** Jónína Oddný Sigurbjörnsdóttir (1872-1950) og

Gunnlaugur Snorrason (1870-1947), bóndi. **Systkin:** 1. Bjarni (1899-1964), 2. Jón (1901-1974), 3. Snorri (1903-1989), 4. Auður (1908-1986), 5. Pétur (1912-2005). **Fósturbarn Sigrúnar:** 1. Helga Breiðfjörð Óskarsdóttir (1940). **Nám:** Lærði vefnað í Svíþjóð og Finnlandi og kom heim með Esju frá Petsamo í Finnlandi 1940. **Störf:** Var vefnaðarkennari við Húsmæðraskólann á Laugalandi í um 30 ár eða árin 1946-1975. **Jarðsett:** Grenjaðarstað í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu.

SIGRÚN GUNNLAUGSDÓTTIR (1932-2006) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík.

MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Anna Halldórsdóttir (1908-1968) og Gunnlaugur Markússon (1906-1974), pípuلاغningameistari. **Systkin:** 1. Kolbrún (1934-2023), 2. Halla (1938-2019). **M1:** Sverrir Haraldsson (1930-1985), listmálari. **Barn þeirra:** 1. Anna (1951). **Sambýlismaður:** Hreinn Steingrímsson (1930-1998), tónlistarmaður. **Barn þeirra:** 2. Þóra (1954-2016). **M2:** Jóhannes Þórir Eiríksson (1930-1973), ráðunautur. **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1949. Lauk teiknikennaraprófi frá Handíða- og myndlistaskólanum 1951. Stundaði myndlistarnám í París 1952-1953 og í Vínarborg 1953-1955 og 1957-1958. Lærði myndlist (steint gler) í New York 1979-1980. **Störf:** Mótaði fjölbreytt myndverk og ýmiss konar handverk. Kenndi teikningu og myndlist við ýmsa skóla, m.a. Myndlistaskólann í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskólann, Kennaraskóla Íslands, Vighólaskóla í Kópavogi, Breiðholtsskóla og Hlíðaskóla í Reykjavík. Hafði vinnustofu fyrir smeltmuni í Reykjavík 1955-1963, rak listmunaverslunina Dimmalimm í Reykjavík 1962-1969, ásamt Helgu Egilson og Þórunni Egilson. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-11-109.

SIGRÚN JÓNSDÓTTIR (1921-2001) fædd í Vík í Mýrdal, látin í Reykjavík. KIRKJULISTAKONA.

Foreldrar: Guðný Þorgerður Þorgilsdóttir (1900-1994), starfskona á Alþingi, og Jón Jónsson (1889-1957), silfur- og málmismiður. **Systkin:** 1. Þorgrímur (1924-2022), 2. Hafsteinn (1931-1997), 3. Guðríður *Bryndís* (1936). **M1:** 1940, Sigurjón Sigurðsson (1916-1998), kaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Ólafur Þórir (1941), 2. Guðfinna Svava (1942), 3. Sigurður Vilberg (1944). **M2:** Ragnar Emilsson (1923-1990), arkitekt. **Börn þeirra:** 4. Sigurborg (1948), 5. Emil Jón (1960). **M3:** 1983, Thorsten Folin (1911-2000), verkfræðingur og liðsforingi. **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1947 og fór síðan til Gautaborgar til framhaldsnáms í listum. Útskrifaðist sem meistari úr textíleild Slöjdföreningens skóla eftir um 10 ára nám í listgreininni í Gautaborg. **Störf:** Vann margbreytileg textíllistaverk, einkum fyrir kirkjur, s.s. hökkla og altarisklæði. Skapaði ofin verk og batikverk, s.s. myndir, síðkjóla og lampaskerma, og málaði auk þess málverk. Eftir hana liggur mikill fjöldi listaverka í kirkjum, stofnunum og heimahúsum víða um heim. Átti og rak verslunina Kirkjumuni við Kirkjustræti 10 í Reykjavík. **Félagsstörf:** lét sig varða almenn menningar- og félagsmál, bæði á Íslandi og í Svíþjóð þar sem hún bjó síðustu 20 árin. Stóð fyrir því á áttaræðisafmæli sínu að flytja hið 83 ára og 83 tónna þunga eikarskip, Skaftfelling, sem hún taldi heillaskip Skaftfellinga, til Víkur í Mýrdal frá Vestmannaeyjum. **Æviminningar:** *Engin venjuleg kona: Litríkt líf Sigrúnar Jónsdóttur kirkjulistakonu*, Þórunn Valdimarsdóttir skráði (2000). **Jarðsett:** Víkurkirkjugarði í Mýrdal reit A-136.

SIGRÚN DAGBJÖRT JOHNSEN LANGELYTH (1936-2003) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Kópavogi. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Dagbjört Oktavía Jónsdóttir (1904-1974), sjúkraþjálfari, og John Mauritz Johnsen Langelyth (1905-1974), sjúkraþjálfari. **M:** 1959, Vignir Baldvin Árnason (1934), kennari og húsasmíðameistari, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Helena (1959), 2. Hreinn

(1961-1962), 3. Arnar (1965). **Nám:** Stundaði hjúkrunarfræðinám í Kaupmannahöfn og lauk því við Hjúkrunarskóla Íslands 1959. **Störf:** Var hjúkrunarfræðingur á fæðingardeild Landspítalans, St. Jósefsspítala í Reykjavík og Landspítalanum við Hringbraut 1959-1964. Starfaði hjá Krabbameinsfélagi Íslands 1967-1979 og við lungnadeildina á Vífilsstöðum. Var deildarstjóri á göngudeild sykursjúkra 1986-2001. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-20-39.

SIGRÚN LAXDAL (1926-2016) fædd í Cagnes-sur-Mer í Frakklandi, látin í Reykjavík. MÁLVÍSINDAMAÐUR og PÝÐANDI. **Foreldrar:** Sigrún Björnsdóttir Laxdal (1899-1972), fulltrúi, og Eggert M. Laxdal (1897-1951), listmálari. **Systkin:** 1. Eggert E. (1925-2000). **M:** 1951, Sturla Friðriksson (1922-2015), erfðafræðingur. **Barn þeirra:** 1. Sigrún Ása (1954). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946. Lærði frönsku við Sorbonneháskóla í París, Frakklandi. Lauk BA-prófi í spænsku og málvísindum frá Háskóla Íslands. **Störf:** Fékkst við ritstörf og þýðingar. **Bækur:** *Sagan af Nala: á sanskrítarlettri umrituð á latínuletri; Orðasafn: sanskrít-íslenska* (1983) og *Hjónasvipur: Sturla Friðriksson og Sigrún Laxdal* (kveðskapur þeirra hjóna; 1999). **Þýðing:** *Grænland: kristalsheimur* eftir Louis Rey, þýdd úr frönsku (1986). **Jarðsett:** Stafholtskirkjugarði reit A-31.

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR (1899-1989) fædd á Gilsbakka í Hvítársíðu, Mýrasýslu, látin í Reykjavík. FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Sigríður Pétursdóttir Sívertsen (1860-1917) og Magnús Andrússon (1845-1922), prófastur og alþingismaður. **Systkin:** 1. Andrés (1883-1916), 2. Sigríður (1885-1980), 3. Pétur (1888-1948), 4. Katrín (1890-1972), 5. Steinunn Sigríður (1894-1976), 6. Guðrún (1896-1943), 7. Ragnheiður (1897-1981). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi við Nakskov Sygehus í Danmörku 1925. Stundaði síðan framhaldsnám við fæðingardeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og í geðhjúkrun við Geðsjúkrahúsið í Nykøbing, Sjælland, Danmörku. Var í starfsnámi við Gaylord Farm Sanatorium í Connecticut í Bandaríkjunum 1944-1945. Lauk framhaldsnámi í heilsuvernd við Háskólann í Toronto, Kanada 1949. **Störf:** Starfaði hjá Hjúkrunarfélagi Reykjavíkur 1926-1928, á Royal Infirmary í Skotlandi 1928 og sem hjúkrunarkona hjá Líkn í Reykjavík með námshléum á árunum 1929-1953. Var forstöðukona Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1953-1964. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Hjúkrunarfélags Íslands í 12 ár. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1977). Var heiðursfélagi í Hjúkrunarfélagi Íslands (frá 1989). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit C-1A-6.

SIGRÚN ANNA MAGNÚSDÓTTIR (1904-1981) fædd á Ísafirði, látin á Ísafirði. LEIKARI og ÓPERETTUSÖNGKONA. **Foreldrar:** Helga Tómasdóttir (1873-1951) og Magnús Ólafsson (1875-1967), prentari. **Systkin:** 1. Halldóra Kristín (1898-1991), 2. Lára (1900-1959), 3. Ólafur Ingólfur (1902-1999), 4. Arnþrúður Helga Aspelund (1906-2000), 5. Elín Margrét (1909-1979), 6. Tómas Emil (1911-1996), 7. Halldór Magnús (1912-2003). **Nám:** Stundaði nám við skóla Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn 1928-1930. **Störf:** Lék og söng, einkum í söngleikjum, alls um 70 hlutverk. Fyrsta hlutverkið var hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1930 í gamansöngleiknum *Premur skálkum*. Lék síðan mörg hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur, með Leikfélagi Akureyrar 1933-1934 og síðar á Ísafirði. Söng t.d. aðalhlutverkið í *Lagleg stúlka fæst gefins* eftir Peter Cornelius (1931). Lék aðalhlutverk m.a. í óperettunum *Systirin frá Prag* (1937), *Meyjarskemmuni* (1938), *Bláu kápunni* (1938, 1948 og 1949), *Nitouche* (1941 og 1954) og *Leðurblökunni* (1952). Lék í söngleiknum *Mjallhvíti* 1940-1941 ásamt breskum setuliðsmönnum sem fengu hana til liðs við

sig. Kom fram í fjölmörgum revíum og leikritum þar sem söngur var samofinn. Flutti árið 1954 til Ísafjarðar og átti þar og rak hannyrðaverslun ásamt mágkonu sinni meðan heilsan leyfði.

Félagsstörf: Var ein af stofnfélögum Sunnukórsins á Ísafirði 1934 og sat í fyrstu stjórn hans. Var stofnfélagi Félags íslenskra leikara 1941. Tók þátt í störfum Leikfélags Ísafjarðar og lék og leikstýrði þar eftir 1958. **Óperetta um Sigrúnu:** Ópera Vestfjarða frumsýndi einleiksóperettuna *Eitthvað sem lokkar og seiðir* eftir Elfar Loga Hannesson á Ísafirði árið 2015 og fjallar um söng- og leikkonuna Sigrúnu Magnúsdóttur sem var á hátindi ferils síns um miðja 20. öldina. **Jarðsett:** Ísafirði.

SIGRÚN FLÓVENZ ÓLAFSDÓTTIR (1927-2018) fædd í Viðey, látin í Reykjavík. BALLETTKENNARI. **Foreldrar:** Jakobína Davíðsdóttir (1882-1966) og Björn Ólafur Gíslason (1888-1932), framkvæmdastjóri. **Systkin:** 1. Margrét (1910-1982), 2. Gísli (1912-1995), 3. Davíð (1916-1995), 4. Þorbjörg (1917-2012), 5. Þórir (1919-1940), 6. Hulda (1922-2014). **M:** 1950, Gunnar Flóvenz (1924-2009), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Ólafur (1951), 2. Brynhildur (1954), 3. Margrét (1959), 4. Gunnar (1963). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1946 og ballettkennara-prófi í Kaupmannahöfn 1948. **Störf:** Kenndi við Ballettskóla Félags íslenskra listdansara ásamt því að kenna leikurum við Þjóðleikhúsið á árunum 1946-1951. Var prófdómari í listdansi fram um áttætt. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-4-24.

SIGRÚN STURLUDÓTTIR (1929-2019) fædd á Suðureyri við Súgandafjörð, látin í Reykjavík. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI og KIRKJUVERÐUR. **Foreldrar:** Kristey Hallbjarnardóttir (1905-1983) og Einar *Sturla* Jónsson (1902-1996), útgerðarmaður, oddviti og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Eva (1927), 2. Kristín (1930), 3. Jón (1932-2021), 4. Eðvarð (1937). **M:** 1949, Þórhallur Halldórsson (1918-2015), verkstjóri og sveitarstjóri. **Börn þeirra:** 1. Inga Lára (1949), 2. Sóley Halla (1953), 3. Auður (1958), 4. Steinunn (1966). **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann á Núpi og Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði. **Störf:** Starfaði sem kirkjuverður við Bústaðakirkju. **Félagsstörf:** Sat í stjórn kvenfélagsins Ársólar á Suðureyri og hélt uppi öflugum starfi í barnastúkunnunni þar á staðnum. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf að félagsmálum (2006). **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-7-67.

SIGRÚN ÞÓRISDÓTTIR (1936-2017) fædd í Reykholti í Borgarfirði, látin í Reykjavík. LYFJAFRÆÐINGUR og LÍFEINDAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Laufey Þórmundardóttir (1908-1999) og Þórir Steinþórsson (1895-1972), bóndi og skólastjóri. **Alsystkin:** 1. Þóra (1944). **Samfeðra systkin:** 2. Jón (1920-2001), 3. Steingrímur (1923-2002), 4. Steinþóra (1926-2013), 5. Kristján Þór (1932-2020). **M:** 1960, Ámundi Gunnar Ólafsson (1937-2022), flugstjóri. **Börn þeirra:** 1. Ólöf Ragna (1960), 2. Laufey Þóra (1962), 3. Sigrún (1965). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Lauk exam.pharm.-prófi í lyfjafræði frá Háskóla Íslands 1958 og prófi í lífeindafræði frá Tækniskóla Íslands 1983. **Störf:** Starfaði í Ingólfsapóteki 1958-1960, í Austurbæjarapóteki 1961-1962, auk sumarvinnu í Reykjavíkrapóteki 1961-1963. Starfaði á sýkladeild Landspítalans 1983-2003. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-10-15.

SIGRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR (1911-2008) fædd í Reykjavík, látin í Uppsölum í Svíþjóð. ÚTVARPSPULA. **Foreldrar:** Margrét Sigurðardóttir (1875-1946) og Ögmundur Ögmundsson (1877-1917), kennari í Sandvík. **M1:** 1937, Sigurd Björning (1907-1983), óperusöngvari. **Börn**

þeirra: 1. Sólveig Margareth (1939), 2. Bergljót Björling Svanholm (1942). **M2:** Árni Tryggvason (1911-1985), hæstaréttardómari, sendiherra frá 1964 og bóndi í Suðurkoti í Grímsnesi. **Störf:** Var fyrsta þula ríkisútvarpsins 1930-1937. Var húsfreyja í sendiráðum víða um lönd frá 1964, m.a. í Svíþjóð, Sviss og Póllandi. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1985). **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

SIGURBJÖRG [Stella] **JÓHANNSDÓTTIR** (1925-2004) fædd á Siglufirði, látin í Hafnarfirði. **HJÚKRUNARFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Kristjana Halldórsdóttir (1892-1970) og Jóhann Sigurjónsson (1894-1941), vélstjóri. **Alsystkin:** 1. Matthías (1923-1995). **Sammæðra systkin:** 2. Ingibjörg (1912-1999), 3. Hámundur (1917-2002). **Barnsfaðir:** Jón Hnefill Aðalsteinsson (1928-2010), prófessor. **Barn þeirra:** 1. Kristján Jóhann (1949). **M:** 1972, Árni Guðjónsson (1934-2015), blikksmiðameistari. **Nám:** Lauk prófi frá Iðnskóla Siglufjarðar 1948. Lauk námi frá Hjúkrunar-skóla Íslands 1955 og framhaldsnámi í skurðstofuhjúkrun við Landspítalann í Reykjavík 1956. **Störf:** Starfaði á skurðstofu Rikshospitalet í Ósló 1956. Var yfirhjúkrunarkona á Sjúkrahúsi Siglufjarðar 1956-1960. Vann á kvensjúkdómadeild Landspítalans 1960-1962. Starfaði sem yfirhjúkrunarkona á Sjúkrahúsi Akraness 1962-1967, Reykjalundi 1967-1968, Hvammstanga 1968-1969 og endurhæfingardeild Borgarspítalans á Heilsuverndarstöðinni 1969-1974. Hóf störf við Blóðbankann 1974 og var hjúkrunarframkvæmdastjóri hans 1982-1994. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit K-1-12.

SIGURBJÖRG [Didda] **SVEINSDÓTTIR** (1941-1978) fædd í Reykjavík, látin í flugslysi á Sri Lanka árið 1978. **FLUGFREYJA.** **Foreldrar:** Ragnheiður Ingibjörg Þorlákssdóttir (1899-1966), saumakona, og Sveinn Jónsson (1892-1982), bílstjóri. **Systkin:** 1. Sverrir (1940). **M:** 1962, Eyþór Þorláksson (1930-2018), gítarleikari. **Barn þeirra:** 1. Sveinn (1964). **Nám:** Gekk í Gagnfræðaskóla verknáms. Var í Lýðháskóla í Svíþjóð sumarið 1957. **Störf:** Starfaði sem söngkona með ýmsum dans-hljómsveitum hérlandis og erlendis á árunum 1959-1967. Starfaði sem flugfreyja hjá Loftleiðum frá 1967 til dánardags. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit B-7-19.

SIGURBJÖRG **JÓSEFÍNA ÞORLÁKSDÓTTIR** (1870-1931) fædd að Undirfelli í Vatnsdal, Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. **KENNARI** og **RITSTJÓRI.** **Foreldrar:** Margrét Jónsdóttir (1835-1927) og Þorlákur Símon Þorláksson (1849-1908), bóndi og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Margrét María (1872-1881), 2. Björg Karítas (1874-1934), 3. Þorlákur *Magnús* (1875-1942), 4. Jón (1877-1935). **Nám:** Lauk kennaranámi frá Flensborgarskóla, sótti framhaldsnám í kennarafræðum í Kaupmannahöfn 1903 og lærði ensku í Englandi. **Störf:** Starfrækti leikvöll og sumardagheimili fyrir börn á erfðafestulandi sínu ofanvert í Öskjuhlíð 1910-1914. Var forstöðukona á sumarheimili barna sem Oddfellowreglan rak á Brennistöðum í Reykholtssdal í Borgarfirði frá árinu 1918. Var kennari við Barnaskóla Reykjavíkur árin 1910-1931. Sinnti starfi ritstjóra vikublaðsins *Brautarinnar* ásamt Mörtu Einarsdóttur 1928-1930. **Félagsstörf:** Var félagi í Kvenréttindafélagi Íslands og sat í fyrstu stjórn Lestrarfélags kvenna 1911. Var varaformaður Hvítabandsins 1912-1932. **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit B-92.

SIGURBORG **INGUNN EINARSDÓTTIR** (1932-2022) fædd á Ísafirði, látin á Eskifirði. **HJÚKRUNARFRÆÐINGUR** og **LJÓSMÓÐIR.** **Foreldrar:** Guðrún Friðrika Pétursdóttir (1908-1982) og Einar Ólafur Eyjólfsson (1900-1939), sjómaður. **Stjúpfaðir:** Eyjólfur Guðmundur Ólafsson

(1916-2006), sjómaður. **Alsystkin:** 1. Þorvaldur (1937). **Sammæðra systkin:** 2. Einar Eyjólfur (1940-2010), 3. Ólafur Guðjón (1942-2020), 4. Helga (1944), 5. Ingólfur Birkir (1946), 6. Þráinn (1949), 7. Rúnar (1954). **M:** Sören Sörensen (1924-2004), bifreiðastjóri. **Barn þeirra:** 1. Pétur Þór (1964). **Nám:** Lauk prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1956 og frá Hjúkrunarskóla Íslands 1961. **Störf:** Starfaði sem héraðshjúkrunarkona, ljósmóðir og síðar hjúkrunarforstjóri á Eskifirði árin 1963-1998. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Ljósmeðrafélags Austurlands 1975 og fyrsti formaður þess. Sat í stjórn Krabbameinsfélags Austurlands og var formaður þess um tíma. Tók fyrstu skóflustunguna að heilsugæslustöð á Eskifirði 1992. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2020). **Jarðsett:** Eskifjarðarkirkjugarði.

SIGURLAUG ÁRNADÓTTIR (1910-2002) fædd á Sauðárkróki, látin á Höfn í Hornafirði. HJÚKRUNARKONA, ORGANISTI og PÝÐANDI. **Foreldrar:** Líney Sigurjónsdóttir (1873-1953) og Árni Björnsson (1863-1932), prestur. **Systkin:** 1. Björn Einar (1896-1967), 2. Sigurjón Þorvaldur (1897-1979), 3. Snjólaug Guðrún (1898-1975), 4. Páll Kristinn (1899-1970), 5. Elín Málfríður (1901-1959), 6. Árni Björn (1902-1979), 7. Sigurlaug Margrét (1904-1905), 8. Þorvaldur (1906-1974), 9. Margrét Guðný (1911-1990), 10. Helga Álfheiður (1913-1998), 11. Ingibjörg (1916-2014). **M:** 1937, Skafti Benediktsson (1911-1996), bóndi. **Uppeldisbarn þeirra:** 1. Friðrik Baldvin Friðriksson (1955), sonur Kristínar hálf systur Skafta (1922-1956) og Friðriks Baldvins Jónssonar (1916-2004) sem flutti til þeirra 1956. **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1933, í fyrsta útskriftarárgangi skólans. Stundaði framhaldsnám í barnahjúkrun á General sjúkrahúsinu í Birmingham, Englandi, og í spítalastjórnun við Bruggmann sjúkrahúsið, Brussel, Belgíu 1933-1934. **Störf:** Starfaði á Hvítabandinu og röntgendeild Landspítalans 1934-1937. Sinnti eftir það bústörfum í Hraunkoti, þar sem þau hjón bjuggu ásamt Guðlaugu (1903-1995) systur Skafta. Kom þar upp skrudgarði með plöntum af fræjum skrautjurta frá fjarlægum heimshlutum. Var organisti í Stafafellskirkju í tæp 60 ár. Sá um útgáfu bóka Guðlaugar mágkonu sinnar og las sögur hennar upp í útvarpi ásamt frumsömdum erindum sínum. Þýddi allmargar bækur og sá um útgáfu þeirra. **Félagsstörf:** Starfaði í Sóknarnefnd Stafafellssóknar, Félagi áfengisvarnarnefnda í Austur-Skaftafellssýslu, Kvenfélaginu Grein, Lóni og Sambandi Austur-Skaftafellskra kvenna. Sat í formannaráði Kvenfélagasambands Íslands. Sat fulltrúaráðsfundi og landsfundi Kvenréttindafélags Íslands og bar á vettvangi þess 1952 upp tillögu um að í hverri sveitarstjórn, nefnd og ráði á Íslandi skyldi sitja a.m.k. ein kona. Sat í hreppsnefnd Bæjarhrepps og Byggðasafnsnefnd og Þjóðhátíðarnefnd Austur-Skaftafellssýslu. Var formaður sjúkrasamlagsins 1953-1973. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1975). Hlaut viðurkenningu frá Garðyrkjufélagi Íslands fyrir garðyrkjustörf (1985). **Jarðsett:** Stafafellskirkjugarði.

SIGURLAUG JÓNASDÓTTIR (1913-2003) fædd í Öxney á Breiðafirði, látin í Reykjavík. HÚSSTJÓRNARKENNARI og ALPÝÐULISTMÁLARI. **Foreldrar:** Elín Guðmundsdóttir (1886-1928) og Jónas Jóhannsson (1891-1970), bóndi í Öxney. **Alsystkin:** 1. Jóhann (1912-2005), 2. Guðrún (1914-2007), 3. Leifur (1915-1959), 4. Kristín (1916-2014), 5. María (1917-1969), 6. Sjöfn (1919-1990), 7. Sigríður (1921-1928), 8. Lilja (1923-1971), 9. Hildur (1924), 10. Katrín (1926-1978). **Samfeðra systkin:** 11. Elín (1945). **M:** 1982, Snorri Tómasson (1918-1995), kaupmaður í Keflavík. **Nám:** Nam við Héraðsskólann á Laugarvatni 1931-1933. Stundaði nám í hússtjórnarfræði í Noregi, bæði á Stabekk í Bærum og Kvindelig Industriskole í Ósló 1939-1945, og bréfaskólanám

1949-1952. Var við enskunám í sumarskóla í Brighton á Englandi 1962-1964, nám í Askov, Danmörku 1964, hálf ár við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn og þýskunám í Salzburg, Austurríki 1976. Sótti námskeið við Myndlistaskólann í Reykjavík í sex vetur alls og var kennari hennar þar m.a. Hringur Jóhannesson. **Störf:** Kenndi í Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1945-1948, 1958 og 1960, við Miðbæjarskólann 1953-1969, Álftamýrarskóla og Vörðuskóla 1969-1970, Árbæjarskóla 1970-1974 og Fellaskóla í Reykjavík 1974-1980. Var afkastamikill listmálari og málaði litrík verk í næfum stíl. **Sýningar:** Tók þátt í samsýningum hér heima og erlendis, m.a. í Hafnarborg á sýningu verka einfara (1990), Gerðubergi á samsýningu næfista (1999) og í Listasafni ASÍ (2003). List hennar og verkum eru gerð skil í bókinni *Einfarar í myndlist* eftir Aðalstein Ingólfsson (1988). Verk eftir hana eru í eigu Listasafns ASÍ, Listasafns Íslands, Listasafns Hafnarfjarðar og Safnasafnsins á Svalbarðsströnd. **Viðurkenning:** Hlaut listamanna-styrk (1985) og er að því best er vitað eini sjálfmenntaði listamaðurinn og fyrsti næfistinn sem þann styrk hafði hlotið á þeim tíma. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit W-449.

SIGURLAUG [Didda] **JÓNSDÓTTIR** (1919-2014) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. HÚSMÆÐRAKENNARI og SMÖRREBRÖDSDAMA. **Foreldrar:** Kristín Guðjónsdóttir (1882-1957) og Jón Björnsson (1881-1960), skipstjóri. **Systkin:** 1. Steindór Kristinn (1909-1916), 2. Gréta Rósný (1910-1982), 3. Alda Dagmar (1912-1939), 4. Ragna Ingibjörg (1913-1960), 5. Gyða Sigrún (1916-1989), 6. Steindór Kristinn (1918-1981), 7. Hulda (1923-2006). **M:** 1953, Kristján Hólm Jónsson (1918-1990), kaupmaður. **Börn þeirra:** 1. Soffía Kristjana (1954), 2. Svava Aðalbjörg (1960). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1944-1945. Lauk prófi sem smörrebrödsdama í Danmörku 1950 og Húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1952. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann á Hveravöllum í Hveragerði, Grunnskólann í Hveragerði og Húsmæðraskólann á Laugarvatni. Vann á sumrin m.a. á hótelinu í Varmahlíð í Skagafirði og nokkur sumur sem bakari og ráðskona í Hvalstöðinni, Hvalfirði. Starfaði sem matræðskona við Heilsuhælið í Hveragerði í áratugi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Æ-847.

SIGURLAUG HALLA ÓLAFSDÓTTIR (1922-2017) fædd á Brú í Biskupstungum, Árnessýslu, látin í Reykjavík. ÞJÓNN og VERSLUNARMAÐUR. **Foreldrar:** Vilborg Loftsdóttir (1894-1966) og Ólafur Guðnason (1887-1965), bóndi og verkamaður. **Systkin:** 1. Aldís (1920-1980), 2. Gríma (1924-1998), 3. Sigríður (1926-1928), 4. Þórdís Erla (1928-2011), 5. Þóra Björk (1931-1999), 6. Hulda (1935-2018). **Barnsfaðir:** Bernótus Kristjánsson (1925-2014), skipstjóri. **Barn þeirra:** 1. Vilborg Lofts (1956). **Störf:** Starfaði við fiskverkun í Sænska frystihúsinu og Fiskhöllinni í Reykjavík. Var þjónn í matsal yfirmanna á norska farþega- og flutningaskipinu Ds. Nova 1940-1948. Skipið sigldi á milli Bergen, Færeyja, Hjaltlandseyja og Íslands, en var gert út frá Bretlandi í seinni heimsstyrjöldinni. Stundaði síðan veitingastörf í Reykjavík, var þjónn á skipum Eimskipa og á skemmti- og veitingastaðnum Silfurtunglinu í Reykjavík. Starfaði síðustu 12 árin sem verslunarmaður í Tískuversluninni Lótus í Álftamýri, Reykjavík. **Félagsstörf:** Var bridgespilari og spilaði keppnisbridge fram á níræðisaldur. **Viðurkenning:** Konungur Noregs Hákon VII sæmdi Sigurlaugu orðu fyrir framlag hennar í stríðinu. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit G-7-36.

SIGURLEIF HALLGRÍMSDÓTTIR (1900-1995) fædd á Miðeyjarhólmi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. SJÚKRAPJÁLFARI. **Foreldrar:** Sigurveig Sveinsdóttir (1872-1955) og Hallgrímur Brynjólfsson (1870-1937), bóndi. **Systkin:** 1. Sveinn (1897-1982), 2.

Vilhjálmur Kristinn (1899-1997), 3. Jónas (1902-1988), 4. Brynjólfur (1903-1915), 5. Ísleif Elísabet (1905-2004), 6. Þorgerður (1906-1982), 7. Ísbjörg (1908-1995), 8. Jón (1910-2005).

Nám: Stundaði nám við nuddlækningaskóla Jóns Kristjánssonar 1927-1930. Fór m.a. til námsdvalar á Orange Memorial Hospital í New Jersey, Hospital for Joint Diseases í New York, Bellevue Rehabilitation Institute við New York University, Knickerbocker Hospital í New York sem eingöngu sinnti lömunarveikissjúklingum, lungnadeild Kaupmannahafnar Amtsygehus og Ortopedisk Hospital í Kaupmannahöfn. **Störf:** Starfaði á Landakoti 1930-1933, en sinnti jafnframt sjúklingum í heimahúsum og bar til þeirra starfa þjálfunarbekk sem var smíðaður að hennar uppskrift. Starfaði á Landspítalanum 1933-1972, að undanskildum námsárum erlendis. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Félags íslenskra nuddkvenna árið 1940 sem síðar varð Félag íslenskra sjúkraþjálfara og var fyrsti gjaldkeri félagsins 1940-1955. **Viðurkenningar:** Var fyrsti heiðursfélagi Félags íslenskra sjúkraþjálfara (1975). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1988). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-11-163.

SIGURLÍN MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR (1927-2019) fædd á Steinsstöðum á Akranesi, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARFORSTJÓRI.** **Foreldrar:** Guðríður Guðmundsdóttir (1899-2000) og Gunnar L. Guðmundsson (1897-1988), vélstjóri og bóndi. **Systkin:** 1. Guðmundur (1920-2014), 2. Svava (1921-2014), 3. Halldóra (1923-2009), 4. Sigurður (1929-1929), 5. Gunnar (1931-2002), 6. Ármann (1937-2021), 7. Sveinbjörn (1939), 8. Guðrún (1942). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1944-1946. Lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1951. Kynnti sér skurðstofutækni og spítalastjórn í Englandi 1962. Var við framhaldsnám í heilsuvernd og spítalastjórn við háskólann í Árósum 1963-1964 og kennslufræði og stjórnun við sama skóla 1973-1974. **Störf:** Starfaði við hjúkrun innanlands og utan 1951-1955. Var forstöðukona Sjúkrahúss Akraness 1956-1963, aðstoðarforstöðukona Landspítalans 1964-1965 og hjúkrunarforstjóri Borgarspítalans 1965-1988. **Félagsstörf:** Gekk í Soroptimistaklúbb Reykjavíkur 1969. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Hjúkrunarfélagi Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1989). Sæmd Gullmerki Rauða kross Íslands (1995). **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði reit VH-19.

SIGURVEIG [Systa] **GEORGSÓTTIR** (1939-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **HJÚKRUNARFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Jónína Ingibjörg Magnúsdóttir (1907-1955) og Georg Júlíus Guðmundsson (1898-1977), skipstjóri. **Systkin:** 1. Guðmundur (1932-2010). **Fóstursystkin:** 2. Magnús Jónsson Georgsson (1930-2000). **M:** 1957, sr. Lárus Þorvaldur Guðmundsson (1933), prestur og prófastur í Holti í Önundarfirði og sendiráðsprestur. **Börn þeirra:** 1. Georg Kristinn (1959), 2. Ragnheiður (1961), 3. Özur (1965). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1948. Útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands 1954. Hlaut sérleyfi í skurðhjúkrun 1976. Lauk framhaldsnámi í heilsugæsluhjúkrun við Háskóla Íslands 1981. **Störf:** Var hjúkrunarfræðingur á skurðstofum Landspítalans 1954-1963. Starfaði á Heilsugæslustöðinni á Flateyri 1969-1987, sem hjúkrunarforstjóri þar frá 1981. Flutti ásamt Lárusi til Kaupmannahafnar 1987 þar sem hann var sendiráðsprestur til ársins 1998. **Félagsstörf:** Var virk í félagsmálum Hjúkrunarfélags Íslands, var formaður Vestfjarðadeildar félagsins og sat í samninganefnd þess um árabil. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-3-122.

SIGURVEIG KRISTÍN SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR (1909-2010) fædd í Hafnarfirði, látin í Hafnarfirði. **KENNARI.** **Foreldrar:** Hólmfríður Margrét Björnsdóttir (1870-1948) og Guðmundur Hjaltason (1853-1919), alþýðufræðari. **Systkin:** 1. Margrét Halldóra (1898-1970), 2. Hjalti Einar (1913-1913). **M:** 1939, Sæmundur L. Jóhannesson (1908-1988), skipstjóri. **Börn þeirra:** 1. Jóhannes (1940-1983), 2. Guðrún Antonía (1942-2000), 3. Margrét Hrefna (1943), 4. Gullveig Teresa (1945), 5. Guðmundur Hjalti (1947), 6. Logi Patrekur (1949), 7. Tómas Frosti (1953). **Nám:** Tók kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1933. **Störf:** Var kennari við Landakotsskólann í Reykjavík 1933-1941 og síðar við Lækjarskóla í Hafnarfirði. **Félagsstörf:** Var um skeið formaður Kvenréttindafélags Íslands. Var virk í Bandalagi kvenna í Hafnarfirði. Tók þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins, en var síðar meðal stofnenda Kvennalistans. Var fyrsti formaður Félags kapólskra leikmanna. **Æviminningar:** *Þegar sálin fer á kreik*, höfundur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (1991). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2005). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-45-12.

SIGURVEIG HJALTESTED (1923-2009) fædd á Öxnalæk í Ölfusi, alin upp á Vatnsenda við Elliðavatn, látin í Reykjavík. **ÓPERUSÖNGKONA.** **Foreldrar:** Sigríður Guðný Jónsdóttir (1896-1980) og Lárus Hjaltsted (1892-1945), bóndi á Vatnsenda við Elliðavatn. **Systkin:** 1. Sigurður (1916-1966), 2. Pétur (1918-1996), 3. Katrín (1920-2008), 4. Jón (1925-2002), 5. Anna (1932-2019), 6. Ingveldur (1934-2022). **M:** 1945, Ólafur Beinteinsson (1911-2008), tónlistar- og verslunarmaður. **Börn þeirra:** 1. Lárus (1945), 2. Ólafur Beinteinn (1946), 3. Emilía (1948), 4. Ingibjörg (1952). **Nám:** Stundaði söngnám hérlendis og erlendis. **Störf:** Var meðal frumherja íslenskra óperusöngvara. Tók þátt í óperuflutningi í Þjóðleikhúsinu á árunum 1951-1966, og söng m.a. *Hortense í Nitousce* (1953), *Czipra í Sígaunabaróninum* (1960) og *Marcellinu í Brúðkaupi Fígarós* (1969). Söng auk starfa við Þjóðleikhúsið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einsöng með hinum ýmsu kórum. Hélt margsinnis einsöngstónleika og söng bæði í Ríkisútvarp og sjónvarp. Sneri sér síðan að tónlistarkennslu. Var kennari við Söngskólann í Reykjavík og æfði kóra hjá Þjóðkirkjunni og víðar. Kenndi síðustu starfsárin við Tónlistarskóla Árnæssýslu og þjálfaði og stjórnaði Hörpukórnum á Selfossi. **Félagsstörf:** Var í Oddfellowreglunni og meðlimur í Félagi íslenskra einsöngvara og leikara. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2007). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði A-33-22.

SIGURVEIG JÓNSDÓTTIR (1931-2008) fædd í Ólafsfirði, látin í Reykjavík. **LEIKKONA.** **Foreldrar:** Emma Jónsdóttir (1904-1986) og Jón Steindór Frímansson (1896-1977), vélsmiður. **Systkin:** 1. Fanney (1925-2013), 2. Þorsteinn (1928-2003). **M:** 1956, Valdimar Pálsson (1931-1983), húsgagnabólstrari. **Börn þeirra:** 1. Sigrún (1950), 2. Jón Steindór (1958). **Störf:** Starfaði sem leikkona og lék með Leikfélagi Akureyrar frá 1948, fyrst sem áhugaleikari og síðan sem ráðinn leikari. Lék þar alls 63 hlutverk, m.a. Anna Lise Hansen í *Glímukappanum* (1948), Kamillu í *Kjarnorku og kvenhylli* (1956), Konu Arnæusar í *Íslandsklukkunni* (1959), Sendiráðsfrú í *Dúfnaveislunni* (1968), Soffíu frænku í *Kardemommubænum* (1972), Úu í *Kristnihaldi undir jökli* (1975) og Karólínu í *Þar sem Djöflaeyjan rís* (1994). Lék einnig 22 hlutverk í kvikmyndum, m. a. aðalhlutverkin Vilborgu í *Gullna hliðinu* (1984) og Karólínu í *Djöflaeyjunni* (1996). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-2-182.

SIGURVEIG SIGURÐARDÓTTIR (1920-2008) fædd í Presthúsum í Vestmannaeyjum, látin á Selfossi. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** Vigdís Anna Gísladóttir (1893-1972) og Sigurður Jónsson (1894-1938), rafvirki. **Systkin:** 1. Gísli Þórir (1922-2009), 2. Jóhanna S. Hansen (1926-2007), 3. Jón (1930-2010), 4. Sigurður (1932-2011). **Samfeðra systkin:** 5. Halla Sigurjóns (1937-2002). **Uppeldissystkin:** 6. Gísli Ólafur Guðmundsson (1912-1985). **M:** 1940, Hjalti Þorvarðsson (1915-2006), rafveitustjóri. **Börn þeirra:** 1. Sverrir (1941), 2. Sigurður (1944), 3. Vigdís Anna (1948), 4. Þorvarður (1951). **Störf:** Sinnti margvíslegum félagsmálastörfum samhliða húsmóðurstarfi. **Félagsstörf:** Starfaði með Kvenfélagi Selfoss og var formaður þess um árabíl. Var formaður Sambands sunnlenskra kvenna 1966-1975. Settist í stjórn Kvenfélagasambands Íslands 1971 og var varaformaður 1975-1984. Var formaður stjórnar Sjúkrahúss Selfoss 1969-1981 og sat síðan í stjórn Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi 1981-1982. Var í skólanefnd Húsmæðraskóla Suðurlands og Skálholtsskóla. Sat í stjórn Nordens Husmorforbund (Húsmæðrasambands Norðurlanda). Var formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu um tíma. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1981). Var útnefnd heiðursfélagi Kvenfélagasambands Íslands (1987). **Jarðsett:** Selfosskirkjugarði reit K-2-25.

SIGPRÚÐUR [Dúa] **GUÐJÓNSDÓTTIR** (1908-1984) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VIRK Í FÉLAGSMÁLASTARFI. **Foreldrar:** María Guðmundsdóttir (1880-1947) og Guðjón Gamalíelsson (1863-1929), múrarameistari. **Systkin:** 1. Guðmundur (1903-1966), 2. Oddur Gamalíel (1906-1991). **M:** 1931, Ólafur Helgi Jónsson (1905-1973), lögfræðingur og forstjóri útgerðar-fyrirtækisins Alliance hf. **Börn þeirra:** 1. Jón (1932), 2. Guðjón (1936-2014), 3. Gunnar Örn (1940), 4. Ólafur Helgi (1945). **Nám:** Sótti nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Stundaði framhaldsnám í píanóleik í Kiel í Þýskalandi 1927-1930 og lauk þaðan prófi í tónfræðum og píanóleik. **Störf:** Starfaði um tíma hjá Eimskipafélagi Íslands. Sinnti margs konar félagsstörfum jafnhliða húsmóðurstarfi. **Félagsstörf:** Sat í stjórn kvenfélagsins Hringsins 1955-1970, varaformaður 1957-1961 og formaður 1961-1970. Opnaði í nafni félagsins Barnaspítala Hringsins árið 1965 og afhenti hann ríkinu. Sat í varastjórn og stjórn Bandalags kvenna í Reykjavík 1965-1980. Starfaði einnig í Oddfellowreglunni. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1973). Kjörin heiðursfélagi kvenfélagsins Hringsins (1974). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-109.

SNJÁFRÍÐRU JÓNSDÓTTIR (1901-1988) fædd í Vinaminni á Stokkseyri, látin í Reykjavík. MATRÁÐSKONA. **Foreldrar:** Vilborg Hannesdóttir (1873-1949) og Jón Sturlaugsson (1868-1938), útvegsbóndi og hafnsögumaður. **Systkin:** 1. Sturlaugur (1895-1968), 2. Sigurbjörg (1899-1966), 3. Guðlaug (1903-1979), 4. Guðmundur (1905-1940), 5. Anna (1907-2002), 6. Hannes (1909-1933), 7. Hannesína Sigurbjörg (1910-1936), 8. Jón (1915-1993). **Nám:** Lærði tungumál og bókfærslu í Kvöldskóla Sigurðar Heiðdal skólastjóra á Eyrarbakka í tvo vetur. Lærði kjólasaum hjá Rebekku Halldórsdóttur. Sótti matreiðslunámskeið á Stokkseyri hjá Sigurborgu Kristjánsdóttur frá Múla, sem hún hélt á vegum Búnaðarfélags Íslands, og haustið 1928 hjá Theodóru Sveinsdóttur í Kirkjuhvoli. **Störf:** Starfaði m.a. á matsölustað hjá Sigríði Fjeldsted við Lækjargötu í Reykjavík, við mótuneyti stúdenta á Gamla Garði, Hótel Vík og um tíma sem aðstoðarráðskona Landspítalans. Var yfirmatreiðslukona á Reykjalandi í Mosfellssveit árin 1945-1965. **Viðurkenningar:** Sæmd gullmerki SÍBS (1985). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1987). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit B-5-89.

SNJÓLAUG ANNA SIGURÐSSON (1914-1979) fædd í Árborg Manitoba, látin í Winnipeg. TÓNLISTARKENNARI og PÍANÓLEIKARI. **Foreldrar:** Jóna Guðríður Jónsdóttir Vopni (1880) og Sigurjón Sigurðsson (1878-1945), kaupmaður í Árborg og síðar í Winnipeg. **Nám:** Lauk miðskólanámi í Winnipeg og stundaði sérnám í söngfræði í Winnipeg og New York. Hlaut Licentiate-gráðu í tónlist í Manitoba og frá Royal School of Music í London og varð Associate við The Royal Conservatory of Music í Toronto. **Störf:** Var tónlistarkennari í New York og síðar í Winnipeg. Var organisti og söngstjóri fyrstu lúthersku kirkjunnar í Winnipeg 1935-1945 og virk í ýmsum hljómlistar- og söngfélögum. Lék einleik á píanó fyrir kanadíska útvarpið (Canadian Broadcasting Corporation) við ýmis tækifæri. Var prófdómari í söng og píanóleik við Manitobaháskóla og sat í fjölda fagnefnda við skólann. **Félagsstörf:** Aðstoðaði íslenska tónlistarmenn sem heimsóttu Vestur-Íslendinga og var fjallkona Íslendingafélagsins í Gimli 1955. **Jarðsett:** Líklega í Kanada.

SNÓT LEIFS (1923-2011) fædd í Halle í Þýskalandi, látin í Reykjavík. BÓKMENNTAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Annie Riethof Leifs (1897-1970), píanóknari, og Jón Leifs (1899-1968), tónskáld. **Alsystkin:** 1. Líf Leifs (1929-1947), druknaði í Svíþjóð. **Samfeðra systkin:** 2. Leifur Leifs (1957). **Nám:** Varð doktor í bókmenntafræði frá Universitát Hamburg 1949. **Störf:** Kenndi ensku, þýsku, frönsku og latínu í heimakenndu. Kenndi um tíma þýsku hjá Námsflokkum Reykjavíkur. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Borðtennisfélags Reykjavíkur 1950 og kosin endurskoðandi félagsins ásamt Leif Möller. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-12-19.

SNÆBJÖRG SNÆBJARNARDÓTTIR (1932-2017) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. ÓPERUSÖNGKONA, SÖNGKENNARI og KÓRSTJÓRI. **Foreldrar:** Ólína Ingibjörg Björnsdóttir (1903-1980) og Snæbjörn Sigurgeirsson (1886-1932), bakameistari. **Fósturfaðir:** Guðjón Sigurðsson (1908-1986), bakameistari. **Samfeðra systkin:** 1. Ólöf (1922-1947), 2. Svanfríður Guðrún (1925-2015), 3. Geirlaug (1927-1927), 4. Sigurgeir (1928-2005). **Sammæðra systkin:** 5. Elma Björk (1935-1984), 6. Birna (1943), 7. Gunnar Þórir (1945). **M1:** Páll Kr. Pétursson (1927-1988), stýrimaður, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Ólöf Sigríður (1953). **M2:** Kaj A.W. Jørgensen (1928-2010), kaupmaður. **Börn þeirra:** 2. Snæbjörn Óli (1964), 3. Guðrún Birna (1970). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Gagnfræðaskóla Sauðárkróks 1949. Stundaði söngnám í Söngskóla Sigurðar Birkis 1949-1952, söng- og tónlistarnám í Tónlistarskóla Reykjavíkur 1952-1956 og söngnám í Söngskóla Sigurðar Demetz 1956-1958. Útskrifaðist frá Akademie für Musik und Darstellende Kunst í Salzburg í Austurríki að loknu námi árin 1958-1961. Sótti framhaldsnám í óperu- og ljóðasöng hjá Helene Karusson við Vínarborgarháskóla 1975. **Störf:** Hélt fjölda tónleika innan lands og utan bæði einsöngstónleika og sem stjórnandi kóra. Tók einnig þátt í sýningum Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins og Leikfélags Sauðárkróks. Var söngkennari og deildarstjóri við Tónlistarskóla Garðabæjar frá 1979. Starfaði sem söngkennari við Söngskólann í Reykjavík frá 1986. Kenndi síðustu æviárin söng á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík. Sinnti kórstjórn, var stjórnandi Skagfirsku söngsveitarinnar 1970-1983, Söngsveitarinnar Drangeyjar frá 1989 og eldri deildar Karalakórs Reykjavíkur í nokkur ár. Söng í Kirkjukór Sauðárkróks, Þjóðleikhúskórnum og Dómkórnum í Reykjavík í fjölda ára. Snæbjörg og Kaj ráku í mörg ár Nýlenduvöruverslunina Snæbjörgu á Bræðraborgarstíg 5 í Reykjavík og Verslunina Skerjaver í Skerjafirði. **Viðurkenningar:** Hlaut fyrstu verðlaun í söngvakeppni í Salzburg (1960). Hlaut starfslaun menntamálaráðuneytisins (1975). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-2-36.

SOFFÍA JÓNSDÓTTIR CLAESSEN (1885-1966) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík.

MATREIÐSLUKENNARI. **Foreldrar:** Jóhanna *Laura* Hafstein (1866-1894) og Jón Þórarinnsson (1854-1926), skólastjóri og fræðslumálastjóri. **Alsystkin:** 1. Kristjana (1887-1968), 2. Þórunn (1888-1939), 3. Havstein (1891-1932), 4. Anna Elísabet (1892-1987). **Samfeðra systkin:** 5. Áslaug (1900-1969), 6. Ásgeir (1904-1967), 7. Þórarinn (1909-1986). **M:** 1924, Jean *Eggert* Claessen (1877-1950), hæstaréttarlögmaður. **Börn þeirra:** 1. Laura Friðrika (1925-2021), 2. Kristín Anna (1926-2022). **Nám:** Lauk kennaraprófi í matreiðslu í Danmörku 1906. **Störf:** Var matreiðslukennari við Miðbæjarskólann í Reykjavík 1906-1924. **Félagsstörf:** Starfaði með Oddfellowreglunni og átti hugmyndina að þeirri fjáröflunarleið að mála kerti til styrktar blindum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-1-1.

SOFFÍA FRANSISKA GUÐLAUGSDÓTTIR (1898-1948) fædd á Kirkjubæjarklaustri, látin í Reykjavík. **LEIKARI** og **LEIKSTJÓRI.** **Foreldrar:** Oliva María Guðmundsdóttir, f. Svensson (1858-1937) og Guðlaugur Guðmundsson (1856-1913), sýslumaður. **Systkin:** 1. Karólína Amalía (1882-1969), 2. Guðlaug Valgerður Oktavía (1883-1909), 3. Ásdís Charlotta (1887-1960), 4. Guðmundur Þorkell (1888-1914), 5. Margrét Ólöf (1893-1927), 6. Ólafur Jóhannes (1897-1959), 7. Kristín Guðný (1900-1972). **M1:** Ágúst Jósefsson Kvaran (1894-1983), kaupmaður, leikari og leikstjóri. **Barn þeirra:** 1. Edda (1920-1981). **M2:** 1930, Hjörleifur Hjörleifsson (1906-1979), bóksali og fjármálastjóri. **Barn þeirra:** 2. Guðlaugur (1931-2018). **Störf:** Var leikari og leikstjóri hjá Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1916-1945. Lék þar 76 hlutverk, m.a. Ljósbjörtu í *Nýársnóttinni* (1916), Ellu Delahay í *Frænku Charleys* (1917), Susan Dale í *Vér morðingjar* (1920) og Helgu matrónu í *Skálholti* (1945). Leikstýrði m.a. leikritunum *Fröken Júlíu* (1931), *Brúðuheimilinu* (1932) og *Skugga Sveini* (1935). Rak leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur og fékk ríkisstyrki til rekstursins árin 1938-1948. Minningarsjóður Soffíu veitti leikurum *Skálholtssveininn*, verðlaunagrip eftir Aage Nielsen-Edwin, á árunum 1958-1965. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit E-22-29.

SOFFÍA EMILÍA GUÐMUNDSDÓTTIR (1927-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Lára Jóhannesdóttir (1899-1968) og Guðmundur Siggeir Guðmundsson (1895-1942), vélstjóri í Héðni. **Systkin:** 1. Karl Jóhann (1924-2014), 2. Sigríður Lára (1939). **M:** 1951, Jón Hafsteinn Jónsson (1928-2018), stærðfræðingur og menntaskólakennari. **Börn þeirra:** 1. Guðmundur Karl (1951), 2. Olga Björg (1954), 3. Nanna Ingibjörg (1955), 4. Jón Ingvar (1957). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946. Var í námi við Háskóla Íslands. Lauk brottfararprófi með aðalgrein í píanóleik frá Det Kongelige Danske Musikkonservatorium 1954. Stundaði framhaldsnám í píanóleik og tónlistarsögu í Leipzig 1965-1966. Bætti við tónlistarmenntun sína réttindanámi í Suzukikennslu. **Störf:** Kenndi við Tónlistarskólann á Akureyri á árunum 1954-1986. Kenndi frá 1986 við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Söngskólann í Reykjavík, Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins og Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Skrifaði greinar í blöð og tímarit um kvenréttindamál, stjórnmál, félagsmál og önnur menningarmál. Flutti erindi í útvarpi frumsamin og þýdd, m.a. erindi úr efni bókarinnar *Feminine mystique* eftir Betty Friedan og nefndi *Þjóðsagan um konuna* (1969). **Stjórnmálastörf:** Sat fyrir Alþýðubandalagið í bæjarstjórn Akureyrar 1970-1982 og var varaþingmaður í Norðurlandskjördæmi fyrir sama flokk 1974-1982. **Félagsstörf:** Var m.a. í

ritnefnd 19. *Júni*, stjórn Kvenréttindafélags Íslands og úthlutunarnefnd listamannalauna.
Jarðsett: Gufuneskirkjugarði reit B-1-121.

SOFFÍA SIGRÍÐUR STEFÁNSDÓTTIR HJALTALÍN (1900-1975) fædd í Reykjavík, látin á Akureyri. MYNSKURÐARMEISTARI og TEIKNIKENNARI. **Foreldrar:** Sigrún Gestsdóttir (1874-1929) og Stefán Eiríksson (1862-1924), myndskeri. **Systkin:** 1. Gestur (1899-1899), 2. Bergljót Aðalbjörg (1900-1977), 3. Katrín Arnar (1902-1997), 4. Eiríkur (1903-1975), 5. Betína Friðrika (1903-1965), 6. Sigurður (1908-1970), 7. Sigrún Hjördís (1909-1982), 8. Unnur (1912-2004), 9. Olga (1913-2010). **M:** Jón Bjarnason Hjaltalín (1903-1965), útgerðarmaður. **Nám:** Stundaði nám í teikningu og myndskurði hjá föður sínum og lauk fyrst íslenskra kvenna námi í myndskurði 1924. **Störf:** Starfrækti skóla föður síns í Reykjavík eftir lát hans eða árin 1924-1937. Hélt teikninámskeið fyrir börn og unglinga og voru nemendur að jafnaði 28-30 árlega. Var stundakennari í teikningu um skeið við Kvennaskólann í Reykjavík, Landakotsskóla og Gagnfræðaskóla Hafnarfjarðar 1944-1949. Vann jafnframt ýmsa tréskurðargripi og teiknaði m.a. félagsfána. **Jarðsett:** Siglufjarðarkirkjugarði eldri reit G-29.

[ODDNÝ] **SOFFÍA INGVARSDÓTTIR** (1903-2000) fædd í Gaulverjabæ í Flóa, látin í Reykjavík. BORGARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Júlía Guðmundsdóttir (1867-1924) og Ingvar G. Nikulásson (1866-1951), prestur. **Systkin:** 1. Ingunn Júlía (1895-1982), 2. Helgi (1896-1980). **M:** 1925, Sveinbjörn Sigurjónsson (1899-1990), skólastjóri. **Börn þeirra:** 1. Júlía (1931-1984), 2. Guðrún (1937-2016). **Nám:** Brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1921. **Störf:** Sinnti stjórn mála- og félagsstörfum. Ritstýrði kvennasíðu *Alþýðublaðsins* um skeið. Samdi nokkrar smásögur sem birst hafa í tímaritum. **Stjórn málastörf:** Var borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Alþýðuflokkinn 1938-1946 og varaborgarfulltrúi 1962-1966. Var varapingmaður 1949-1953 og sat um hríð á Alþingi. Átti sæti í miðstjórn Alþýðuflokksins 1938-1967 og gegndi ýmsum öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Sat í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1954-1974. **Félagsstörf:** Var ritari Kvenfélags Alþýðuflokksins í Reykjavík frá stofnun 1937 og formaður þess 1943-1967. Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1948-1956 og í stjórn Bandalags kvenna í Reykjavík 1962-1976. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi Kvenfélags Alþýðuflokksins í Reykjavík. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1983). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði W-437.

SOFFÍA SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR JACOBSEN (1888-1973) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FORSTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Sigurðardóttir (1849-1943) og Helgi Helgason (1848-1922), tónskáld og snikkari. **Systkin:** 1. Helgi *Sigurður* Thinghold (1872-1958), 2. Gróa (1874-1936), 3. Guðrún (1878-1961), 4. Ingibjörg Teitsson (1881), 5. Hannes (1883-1965), 6. Helga Guðrún (1892-1975). **M:** 1917, Knud *Egill* Jacobsen (1880-1926), kaupmaður, rak Verslun Egils Jacobsen. **Börn þeirra:** 1. Úlfar (1919-1988), 2. Haukur (1921-1997). **Störf:** Starfaði við verslunarstörf í Ameríku árið 1914. Egill stofnaði vefnaðarvöruverslun sem bar heitið Verslun Egils Jacobsen 1906 í Ingólfshvoli, Reykjavík, en reisti síðan verslunarhús við Austurstræti 9 í Reykjavík 1921 (teiknað af Jens Eyjólfssyni byggingameistara, skreytt að utan með mótuðum skeljum og stuðlum eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal). Soffía réði sig til starfa í versluninni 1915 og tók síðan við rekstri hennar 1926 þegar Egill féll frá. Lillian Teitsson, systurdóttir Soffíu, kom til Íslands árið 1934 og var henni til aðstoðar. Rak verslunina þar til Haukur sonur þeirra tók við. Verslun Egils var í húsinu til ársins 1997. **Félagsstörf:** Var virk í starfi Sjálfstæðisflokksins og sat í

stjórnr Hvatar í mörg ár. Var einn af stofnendum Kaupmannasamtakanna. **Viðurkenning:** Sæmd gullmerki Kaupmannasamtakanna. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit F-1-34.

SOFFÍA EYGLÓ JÓNSDÓTTIR (1916-1999) fædd í Stóra-Skipholtri á Bráðræðisholtri í Reykjavík, látin í Kópavogi. VERSLUNARMAÐUR og VIRK Í FÉLAGSMÁLASTÖRFUM. **Foreldrar:** Þórunn Helga Eyjólfsdóttir (1884-1954) og Jón Jónsson (1881-1963), sjómaður. **Systkin:** 1. Sigurjón (1909-2005), 2. Hákon Ísfeld (1912-2002), 3. Valgerður Ósk (1914-1929), 4. Óli Björgvin (1918-2005), 5. Guðbjörn (1921-2007). **Barnsfaðir:** Axel Norðfjörð (1914-1979), iðnaðarmaður. **Barn þeirra:** 1. Þórir Jón (1936-2016). **M:** 1943, Leó Guðlaugsson (1909-2004), húsasmíðameistari. **Börn þeirra:** 2. Trausti (1946), 3. Guðlaugur (1955). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi. **Störf/Félagsstörf:** Fékkst við verslunarstörf, var m.a. verslunarstjóri. Var félagi í Kvenfélagi Kópavogs og sat fyrir félagið í Tómsundaráði Kópavogs. Starfaði á söfnunarskrifstofu Sunnuhlíðarsamtakanna og tók síðar þátt í félagslegri aðhlyningu vistmanna. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1984). Útnefnd heiðursfélagi Sunnuhlíðarsamtakanna (1989) og Kvenfélags Kópavogs (1990). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-125.

SOFFÍA KRISTÍN JÓNA KARLSDÓTTIR (1928-2020) fædd í Reykjavík, látin í Keflavík. LEIKKONA og SÖNGKONA. **Foreldrar:** Kristín Guðmundsdóttir (1906-1996) og Karl Óskar Jón Björnsson (1899-1954), bakameistari. **Sammæðra systkin:** 1. Þórhallur Bergmann (1931), 2. Ólína Björnsdóttir (1934). **Samfeðra systkin:** 3. Sigfús *Helgi* Scheving (1940), 4. Björn Ívar (1943-2010), 5. Sigurður Örn (1947), 6. Hrafn (1950), 7. Sesselja Karitas Scheving (1954). **M:** 1956, Jón Halldór Jónsson (1929), skipasmiður. **Börn þeirra:** 1. Björg Karítas (1951), 2. Kristín Guðmunda (1955), 3. Jón Halldór (1956), 4. Helga Sif (1957), 5. Sólveig (1958), 6. Karen Heba (1960), 7. Dagný Þórunn (1964), 8. Halldóra Vala (1968), 9. Ragnheiður Elfa (1969). **Nám:** Lauk þriggja ára leiklistarnámi í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar. **Störf:** Starfaði sem söng- og leikkona. Tók m.a. þátt í revíunni *Allt er fertugum fært*, eftir Theodór Einarsson, á Akranesi (1945) og lék í *Eftirlitsmanninum* eftir Gogol hjá Leikfélagi Reykjavíkur (1948). Tók þátt í átta revíusýningum á þremur árum frá 1949 á vegum Bláu stjórnnunnar sem starfaði um árabil í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll í Reykjavík. Tók upp samstarf við Íslenska tóna, sem stóðu fyrir revíukabarettum. Fjöldi laga frá þessum tíma var hljóðritaður og gefinn út, s.s. *Bílavísur* og *Réttarsamba*, en flutningur Soffíu á laginu *Það er draumur að vera með dáta* úr revíunni *Hver maður sinn skammt*, útgefið af Íslenskum tónum 1954, varð eitt frægasta lag gullaldar revíunnar. **Félagsstörf:** Var formaður Leikfélags Keflavíkur um árabil, formaður Kvenfélags Keflavíkur, formaður Sjálfstæðiskvinnafélags Keflavíkur um hríð og virk í félagi Lionessa og Soroptimista. **Jarðsett:** Njarðvírkirkjugarði reit H-17F.

SOFFÍA SKÚLADÓTTIR (1865-1954) fædd á Breiðabólstað í Fljótshlíð, Rangárvallasýslu, látin á Kiðjabergi í Grímsnesi. HÚSFREYJA og ORGANISTI. **Foreldrar:** Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir (1838-1918) og Skúli Gíslason (1825-1888), prestur. **Systkin:** 1. Skúli (1862-1933), 2. Þorsteinn (1864-1891), 3. Helgi (1867-1953), 4. Gísli (1877-1942). **M:** Gunnlaugur Jón Halldór Þorsteinsson (1851-1936), bóndi, hreppstjóri og dannebrogsmaður á Kiðjabergi í Grímsnesi. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Sigríður Briem (1887-1973), 2. Skúli (1888-1966), 3. Steindór (1889-1971), 4. Jón Ólafur (1890-1979), 5. Halldór Gísli (1892-1984), 6. Ingi (1894-1973). **Uppeldisbarn:** 7. Þorsteinn Stefánsson (1891-1967). **Störf:** Sinnti húsfreyju- og bústörfum á Kiðjabergi í 68 ár. Stóð ein fyrir

búinu eftir lát eiginmanns síns 1936. Var organisti í Klausturhólakirkju 1904-1911, en hafði áður verið forsöngvari í kirkjunni. **Félagsstörf:** Var formaður Kvenfélags Grímsnesinga. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1945). **Jarðsett:** Stóru-Borgarkirkjugarði reit 25.

[PURÍÐUR] **SOFFÍA TÚBALS** (1902-1997) fædd í Múlakoti í Fljótshlíð í Rangárvallasýslu, látin í Reykjavík. ÖSKJUGERÐARKONA. **Foreldrar:** Guðbjörg Aðalheiður Þorleifsdóttir (1870-1958), garðyrkjufrömuður, og Túbál Karl Magnús Magnússon (1867-1946), bóndi. **Systkin:** 1. Guðbjörg (1894-1975), 2. Ólafur Karl (1897-1964), 3. Ragnheiður *Ágústa* (1907-2001). **Störf:** Stofnaði og rak í 40 ár Öskjugerð Soffíu Túbals á neðri hæð húss síns við Njálsgötu 39b í Reykjavík. Framleiddi þar öskjur undir skartgripi og borðbúnað fyrir gullsmíði. Kom upp skógrækt vestan við Múlakot þar sem hún reisti sumarbústað sinn „Fífubústað“. **Jarðsett:** Heimagrafreiti í Múlakoti.

SOFFÍA ZOPHONÍASDÓTTIR (1934-2014) fædd í Reykjavík, látin í Hafnarfirði. LEIKSKÓLAKENNARI. **Foreldrar:** Lilja Bjarnadóttir (1906-1985) og Zophonías Sigfússon (1901-1974), pípulagningameistari. **Systkin:** 1. Sjöfn (1931-2014), 2. Bjarni (1942), 3. Herdís (1948). **M:** Örn Þór Karlsson (1929-2014), skriftvélameistari. **Börn þeirra:** 1. Karl Friðjón (1960), 2. Úlfar Snær (1966). **Nám:** Lauk prófi frá Uppeldisskóla Sumargjafar 1956. **Störf:** Starfaði sem fóstura, síðar leikskólakennari, í Drafnarborg 1956-1960 og Græ nuborg 1962-1974. Var leikskólastjóri í Arnarborg 1974-1979, Lækjarborg 1979-1986 og Nóaborg frá 1986 þar til hún lét af störfum árið 2001. **Félagsstörf:** Sat sem fulltrúi starfsfólks í stjórnarnefnd Dagvistar barna í Reykjavík 1979-1981 og í stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar 1984-2012. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-2-110.

SOFFÍA ÞÓRARINSDÓTTIR (1922-2006) fædd í Teigi í Vopnafirði, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Snjólaug Filippía Sigurðardóttir (1878-1954) og Þórarinn Stefánsson (1875-1924), bóndi og kennari. **Systkin:** 1. Sigurður (1912-1983), 2. Soffía (1912-1921), 3. Stefán Gunnlaugur (1913-2006), 4. Margrét (1914-2016), 5. Vilhelm (1916-1998), 6. Þórhildur (1918-2015). **M:** 1954, Einar Guðjón Waage (1924-1976), hljómlistarmaður, þau skildu. **Nám:** Stundaði handavinnunám í Stokkhólmi 1946-1948. Lauk handavinnukennaraprófi frá Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík 1949. **Störf:** Var verkstjóri á saumastofu Vogue 1957-1962. Starfaði sem handavinnukennari við Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík 1962-1966 og við Kennaraskóla Íslands, síðar Kennaraháskóla Íslands, árin 1966-1989. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1974-1978, stjórn Handavinnukennarafélags Íslands um árabíl og í stjórn Nordiskt Textillárarförbund 1975-1982. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-10-28.

SONJA BJÖRG HELGASON (1918-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÍPRÓTTAKENNARI og FORSTJÓRI NESTIS. **Foreldrar:** Ingileif Stefanía Tómsdóttir (1897-1984) og Helge N. Karlson (1895-1970). **Alsystkin:** 1. Ingrid (1937). **Fósturforeldrar:** Björg Þorvaldína Guðmundsdóttir (1874-1966) og Sigurður Sigurðsson (1864-1926), alþingismaður. **Fóstursystkin:** 2. Geir Haukdal (1899-1980), 3. Sigurður Haukdal (1903-1985). **M:** 1943, Axel Helgason (1913-1959), rannsóknarlögreglumaður og síðar forstjóri Nestis til dánardags. **Börn þeirra:** 1. Ingibjörg (1944-1944), 2. Helgi Þór (1946), 3. Erla Björk (1948), 4. Anna Björg (1953-1953), 5. Ósk (1954). **M2:**

1960, Ingólfur Sigurðsson (1926-2022). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Lauk íþróttakennaraprófi frá Kungliga Gymnastiska Institutet í Stokkhólmi 1939. **Störf:** Var íþróttakennari við Miðbæjarskólann, Kvennaskólann, Húsmæðraskólann og Landakotskólann í Reykjavík og kenndi hjá ýmsum íþróttafélögum. Var síðar prófdómari við grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík. Kenndi sund í tvö ár í Flatey á Breiðafirði og í Reykholti í Biskupstungum. Starfaði einnig við Heilsuræktina í Glæsibæ og Jógastöðina. Starfaði hjá Styrktarfélagi vangefinna og Þroskaþjálfaskóla Íslands við líkamspjálfun þroskaheftra. Stofnaði Nesti hf. ásamt manni sínum 1957 (veitinga- og bensínsala o.fl.) og starfrækti Nesti eftir lát hans árið 1959. **Ritstörf:** Skrifaði á árunum 1949-1958 þættina Undir fjögur augu í *Samtíðina*. Samdi leikþætti og kennsluefni um líkamspjálfun þroskaheftra. **Félagsstörf:** Var formaður Kvenfélags Kópavogs. Gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Oddfellowregluna. Var félagi í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. Sonja og Axel eignuðust land við Selvatn 1941 og hófu þar skógrækt 1943. **Viðurkenningar:** Fékk viðurkenningar fyrir störf sín að skógrækt. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-50-27.

SONJA WENDEL BENJAMÍNSSON DE ZORRILLA (1916-2002) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TEIKNARI og FJÁRFESTIR. **Foreldrar:** María Emelie Wendel (1887-1981) og Ólafur Indriði Benjamínsson (1876-1936), stórkaupmaður í Reykjavík. **Systkin:** 1. Ásta Benjamínsson Murray (1913-2001). **M:** Victoriano Alberto Zorrilla (1906-1986) fæddur í Buenos Aires í Argentínu, látinn í Flórída. **Nám:** Var við list- og tungumálanám í Wiesbaden í Þýskalandi, London og París. **Störf:** Fór til Spánar þegar seinni heimsstyrjöldin braust út og þaðan til Bandaríkjanna og settist að í New York. Lagði stund á myndlist og tískuteiknun. Málaði einkum andlitsmyndir. Verk hennar birtust m.a. á forsíðum *Vogue*. Stundaði um árabíl fjárfestingar á Wall Street í New York. **Æviminningar:** *Sonja: líf og leyndardómar Sonju W. Benjamínsson de Zorrilla*, Reynir Traustason skráði (2002). **Minningarsjóður:** Stofnaði sjóð sem átti að styrkja langveik börn á Íslandi og í Bandaríkjunum (metinn á allt að 10 milljarða kr. við síðustu aldamót). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-19-27.

SÓLVEIG GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR (1908-2006) fædd í Kálfárdal í Bólstaðahlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Guðrún Gísladóttir (1863-1951) og Halldór Jóhannes Halldórsson (1862-1940), bóndi. **Systkin:** 1. Hólmfríður (1895-1942), 2. Sigvaldi (1897-1979), 3. Bjarni (1901-1983), 4. Guðmundur (1904-1989), 5. Þóra (1906-1996), 6. Ragnheiður (1908-1909). **Nám:** Stundaði nám í hjúkrun í Danmörku 1937-1941 og framhaldsnám í geðhjúkrun. **Störf:** Vann að námi loknu við hjúkrunarstörf í Danmörku til stríðsloka. Var deildarhjúkrunarkona á Kleppsspítala 1945-1960, aðstoðarforstöðukona 1960-1972 og hjúkrunarfræðingur áfengisdeildar 1972-1980. **Viðurkenningar:** Sæmd orðu Hjúkrunarfélags Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1981). **Jarðsett:** Bergsstaðakirkjugarði.

SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR (1948-2018) fædd í Stóragerði, Óslandshlíð í Skagafirði, látin í Reykjavík. LÖGFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ásta Jónsdóttir (1909-1975) og Ólafur Halldór Jónsson (1907-1949), bóndi og búnaðarráðunautur. **Alsystkin:** 1. Anna Sólveig Simha (1940), 2. Hólmfríður Sólveig (1941-2001), 3. Jón Leifur (1943). **Fósturforeldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1900-1979) og Ingólfur Kristjánsson (1902-1998), yfirtollvörður á Siglufirði. **Fóstursystkin:** 4. Arnar Kristján (1927-1962),

5. Anna Jóna (1930). **M:** 1971, Jónatan Þórmundsson (1937), prófessor í lögum við Háskóla Íslands. **Barn þeirra:** 1. Þórmundur (1972). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1968. Lauk laganámi við Háskóla Íslands 1982. Hlaut Frank Boas-styrk til laganáms við Harvardháskóla og lauk þaðan meistaranámi 1983. Stundaði framhaldsnám við Kaupmannahafnarháskóla 2001-2002. **Störf:** Vann á Siglufirði við síldarsöltun og verslunarstörf á námsárunum. Starfað á skrifstofu Verslunarskóla Íslands, var flugfreyja í sumarstarfi, aðstoðarstarfsmannastjóri hjá Ríkisútvarpinu 1971-1975 og starfsmaður fjármálaráðuneytisins 1975-1976. Var fulltrúi í safna- og listadeild menntamálaráðuneytis 1983-1984. Starfaði sem framkvæmdastjóri Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) 1984-2001 og sinnti verkefnum á vegum Samtaka evrópskra auglýsingastofa. Sat í ýmsum opinberum nefndum sem tengdust störfum hennar. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Starfsmannafélags RÚV og í samninganefnd BSRB 1971-1975. Sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands frá 1972 og formaður þess 1975-1981. Tók virkan þátt í skipulagningu kvennafrídagsins 24. október 1975. Sat í yfirstjórn 85-nefndarinnar, sem stýrði viðburðum á lokaári kvennaáratugar Sp. Var formaður útgáfunefndar um Sögu Kvenréttindafélags Íslands. Sat í stjórn Hlaðvarpans um árabíl, síðast sem formaður (húsnæði að Vesturgötu 3 í Reykjavík fyrir konur og í eigu kvenna til menningar- og félagsstarfsemi og fyrir kvennafyrirtæki). **Viðurkenning:** Kjörin heiðursfélagi KRFÍ á 100 ára afmæli félagsins (2007). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-6-130.

SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR (1821-1886) fædd á Búastöðum í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. **LJÓSMÓÐIR.** **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1791-1850), ljósmóðir, og sr. Páll Jónsson, prestur á Kirkjubæ (1779-1846). **Systkin:** 1. Eva Hólmfríður (1812-1866), 2. Sigbrúður (1813-dó ung), 3. Guðrún „eldri“ (1814-1909), 4. Guðrún „yngri“ („Gunná skálda“, 1815-1890), 5. Kristín (1817-1900), 6. Kristín yngri (1818), 7. Ingveldur (1820), 8. Bergljót (1823), 9. Gísli (1824), 10. Jón (1824), 11. Ingigerður (1926) (nr. 6-11 dóu úr barnaveiki), 12. Páll (1813-1857). **M:** 1844, Matthías Markússon (1810-1888), trésmiður. **Börn þeirra:** 1. Matthildur Pálína (1845-1918), 2. Markús (1846-1846), 3. Jón (1847-1847) (nr. 2 og 3 létust úr ginklofa), 4. Karólína Guðrún (1848-1942), 5. María Guðrún (1851-1851), 6. María Kristín (1852-1920), 7. Sigríður (1855-1940), 8. Jóhanna Markúsína (1858-1900), 9. Matthías (1861-1937), 10. Jensína Björg (1864-1928). **Nám:** Útskrifaðist sem ljósmóðir frá Fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn 1843. **Störf:** Var vinnukona hjá Kristínu Snorradóttur, ljósmóður á Vilborgarstöðum, 1827 og á Ofanleiti 1838-1840. Skipuð ljósmóðir í Vestmannaeyjum 1842 og gegndi því starfi til 1867. Sá um læknisþjónustu þegar læknilaust var í eyjunum. Solveig og Matthías byggðu íbúðarhús sitt, Landlyst, í Vestmannaeyjum 1848 og tveimur árum síðar létu dönsk stjórnvöld byggja Fæðingarstofnun við vesturenda Landlystar. Flutti til Reykjavíkur og var skipuð ljósmóðir í Reykjavík árin 1867-1886. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit I-516.

SÓLVEIG KRISTBJÖRG BENEDIKTSDÓTTIR SÖVIK (1912-2010) fædd á Húsavík, látin á Blönduósi. **SKÓLASTJÓRI.** **Foreldrar:** Margrét Ásmundsdóttir (1881-1969) og Benedikt Björnsson (1879-1941), skólastjóri. **Systkin:** 1. Ragnheiður Hrefna (1907-1941), 2. Ásbjörn (1914-1934), 3. Jóhann Gunnar (1916-2010), 4. Ólafur (1917-2000), 5. Sigurður (1919-1967), 6. Guðmundur (1924-2005). **M:** 1944, Óskar Sövik (1904-2002), rafvirkjameistari. **Barn þeirra:** 1. Ragnheiður Guðveig (1953). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugum og Húsmæðrakennaraskólann á Stabekk í Noregi 1934-1936. **Störf:** Var skólastjóri Kvennaskólans á Blönduósi 1937-1947. Var

kennari við unglingskólann á Blönduósi 1948-1953 og við Kvennaskólann á Blönduósi 1953-1978. Starfaði við Tónlistarskóla Austur-Húnavatnssýslu í 10 ár, kenndi á píanó og gegndi þar stöðu skólastjóra lengst af. Var organisti og söngstjóri við Blönduóskirkju. **Félagsstörf:** Starfaði lengi með Kvenfélaginu Vöku á Blönduósi, sem stofnað var til að vinna að líknar- og menningar-málum, og var formaður þess um hríð. Átti sæti í stjórn Sambands austur-húnavetnskra kvenna og Sambands norðlenskra kvenna. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1973). **Jarðsett:** Blönduóskirkjugarði reit G-32.

SÓLVEIG THORARENSEN (1922-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI, DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR og ÞÝÐANDI. **Foreldrar:** Ingunn Eggertsdóttir (1896-1982) og Óskar Thorarensen (1887-1953), forstjóri. **Systkin:** 1. Eggert (1921-2008), 2. Guðrún (1923-2013), 3. Þorsteinn (1927-2006), 4. Oddur (1932-2004), 5. Skúli (1932-1969), 6. Ásta Guðrún (1937-2018). **M:** 1954, Sturla Eiríksson (1933-2015), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Snjólaug Guðrún (1955-2000), 2. Ingunn Ósk (1959), 3. Steinunn *Rósa* (1964), 4. Óskar (1966). **Nám:** Stundaði tónlistarnám frá unga aldri. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953. Lauk BA-prófi í þýsku og frönsku frá Háskóla Íslands 1979. Var við nám í Þýskalandi 1976 með styrk frá Goethe Institut. Lauk prófi í uppeldis- og kennslufræðum 1985. Sótti mörg námskeið fyrir frönskukennara bæði í Frakklandi og hérlendis. **Störf:** Var dagskrárkynnir í Sjónvarpinu 1969-1973. Var kennari við Menntaskólann í Kópavogi 1977-2002. Starfaði sem dagskrárgerðarmaður við tónlistardeild RÚV 1989-1994, annaðist morgunþátt Rásar 1 og ýmsa tónlistarþætti og var kynnir í útsendingum, m.a. frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Söng með ýmsum hljómsveitum á yngri árum, m.a. hljómsveit Aage Lorange og Tónasystrum. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags frönskukennari í 10 ár. **Þýðingar:** Þýddi m.a. bókina *Dýragarðsbörn* eftir Christiane F. [Felscherinow]. Hlaut verðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur fyrir bestu þýðingu á barnabók árið 1974, *Prinsinn hamingjusami*, eftir Oscar Wilde. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit H-3-211.

SÓLVEIG ÞORSTEINSDÓTTIR (1350-1405), FERÐALANGUR og JÓRSALAFARI. Talin vera af þeirri grein Oddverjaættar sem átti Stórolfshvol og nærliggjandi jarðir. **M:** Björn „Jórsalafari“ Einarsson (1350-1415), sýslumaður í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp og umboðsmaður hirðstjóra um tíma. **Barn þeirra:** 1. Kristín (1374-1458). **Ferðalög:** Er sögð hafa siglt ein til Noregs á skipi sem maður hennar átti til helmings við Skálholtskirkju en hann sat eftir heima í Vatnsfirði. Þau Björn og Sólveig sigldu síðar úr Hvalfirði til Noregs. Héldu síðan í suðurgöngu, fóru fyrst til Rómar og þaðan til Feneyja þar sem þau stigu á skip og „sigldu til Jórsalalands“. Frá Jerúsalem héldu þau aftur til Feneyja en þar skildu leiðir, Sólveig hélt norður til Noregs en Björn til Santiago de Compostela á Spáni, því að hann hafði heitið að heimsækja gröf heilags Jakobs.

STEFANÍA ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR (1876-1926) fædd í Reykjavík, látin í Kaupmannahöfn. LEIKKONA. **Foreldrar:** Anna Stefánsdóttir (1848-1882) og Guðmundur Jónsson (1849-1926), snikkari. **Systkin:** 1. Jón (1879). **Fósturforeldrar:** Sólveig Guðlaugsdóttir (1852-1942), matsölukona, og móðurbróðir hennar Runólfur *Þorsteinn* Stefánsson (1849-1888), verslunarmaður. **M:** 1896, Borgþór Jósefsson (1860-1934), bæjargjaldkeri í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Óskar Jóhann (1896-1978), 2. Emilía (1901-1984), 3. Anna Borg (1903-1963), 4. Stefanía *Þóra* (1907-1984), 5. Áslaug (1910-1997), 6. Geir Borg (1912-2003). **Störf:** Starfaði sem leikkona og lék um 65 hlutverk með Leikfélagi Reykjavíkur á árunum 1897-1923. Meðal

hlutverka hennar voru Ella Delahay í *Frænku Charleys* (1897), Jóhanna í *Ævintýri á gönguför* (1899), Nóra í *Brúðuheimilinu* (1904), Lissie Larrabee í *Sherlock Holmes* (1905), Margarite Gautier í *Kamelíufrúnni* (1906), Hekla í *Konungsglímunni* (1917) og Systir Marie í *Himnaför Hönnu litlu* (1922). **Félagsstörf:** Var ein af 19 stofnfélögum Leikfélags Reykjavíkur árið 1897. **Bók:** *Leyndarmál frá Stefaníu: Stefanía Guðmundsdóttir leikkona, samtíð og samferðarmenn*, höfundur Jón Viðar Jónsson (1997). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit E-6-6.

STEINGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR (1912-1999) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. SKÁLD og LEIKKONA. **Foreldrar:** Ólína Þorsteinsdóttir (1880-1962) og Guðmundur Guðmundsson (1875-1919), skólaskáld. **Systkin:** 1. Hjördís (1910-2007), 2. Droplaug (1915-2012). **Nám:** Sótti einkatíma í íslensku og erlendum tungumálum. Lærði höggmyndalist hjá Einari Jónssyni 1931-1932. Var í leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 1940-1941. Stundaði framhaldsnám í leiklist í New York 1943-1946, fyrsta árið í The American Academy of Dramatic Art, en tvö síðari árin í einkaskóla rússneska leikstjórans Theodors Komissarjevskis. Sótti jafnframt tíma í ballett- og látbragðslistarskóla rússneska ballettmeistarans Milhail Mordins. Kynnti sér leiklist í Svíþjóð haustið 1946 og í Bretlandi haustið 1947. Gerði í námi sínu monodramað, einleikinn, að sérgrein sinni. **Störf:** Starfaði sem leikkona. Kynnti einleikinn á sérstakri sýningu í Iðnó 1947. Sviðshlutverk hennar urðu m.a. Anna í *Orðinu* eftir Kaj Munk hjá Leikfélagi Reykjavíkur (1943), María mey í *Gullna hliðinu* hjá L.R. (1948-1949) og Celía í *Sem yður þóknast* eftir William Shakespeare í Þjóðleikhúsinu (1952; flutt í útvarpi 1956). Starfaði sem leiklistargagnrýnandi, fyrst hjá *Frjálsri þjóð*, en síðar við *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 1955-1960. Samdi fjölmarga einleiki og flutti sjálf í útvarp í um 30 ára skeið. **Ritverk:** Leikritin *Rondo* (1952; flutt í útvarp 1956), *Nocturne* (1955) og *Börn á flóttu, einleikspættir með teikningum eftir Jóhannes Kjarval* (1974), auk þess ljóðabækurnar *Strá* (1969), *Blær* (1972), *Kvika* (1976), *Log* (1980), *Fjúk* (1980), *Kvak* (1995) og *Vindharpan, prósaljóð* (1997). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-6-16.

STEINUNN HJARTARDÓTTIR BJARNASON (1867-1961) fædd í Austurhlíð í Biskupstungum, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Magnúsdóttir (1834-1917) og Hjörtur Eyvindsson (1817-1898), bóndi og hreppstjóri. **Alsystkin:** 1. Guðrún (1870-1952), 2. Guðmundur (1872-1942). **Samfeðra systkin:** 3. Ólafur (1847-1924), 4. Eyvindur (1848-1898). **Sammæðra systkin:** 5. Sólveig Guðmundsdóttir (1861-1918). **Fóstursystkin:** 6. Guðrún Pétursdóttir (1866-1945). **M:** 1906, Brynjólfur Hermann Hákonarson Bjarnason (1865-1934), kaupmaður. **Fósturbörn þeirra:** 1. Steinunn Guðrún Sigurðardóttir Gunnarsson (1901-1989), 2. Hjörtur Eyvindsson Guðmundsson (1913-1975). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1887-1888 og nám í Skotlandi og á Englandi 1900-1902. **Störf:** Var heimiliskennari hjá Sigurði sýslumanni í Kaldaðarnesi 1897-1900. Starfaði sem stundakennari við Kvennaskólann áratugum saman. **Félagsstörf:** Var fyrsti formaður Bandalags kvenna í Reykjavík frá 1917. Tók þátt í stofnun Slysavarnadeildar Reykjavíkur. Starfaði í Lestrafélagi kvenna. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1949). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-319.

STEINUNN BJÖRNSDÓTTIR / Systir María Hilda (1863-1921) fædd í Vatnshorni í Skorradal, látin í Árósum í Danmörku. NUNNA. **Foreldrar:** Sólveig Björnsdóttir (1825-1889) og Björn Eyvindsson (1825-1899), bóndi og hreppstjóri í Vatnshorni í Skorradal. **Systkin:** 1. Björn (1856-1953), 2. Eyvindur (1858-1914), 3. Jórunn (1857-1889), 4. Þórunn Ástríður (1859-1925), 5. Hólfríður

(1861-1935), 6. Steindóra (1864-1885), 7. Bóthildur (1867-1931), 8. Bjarni (1869-1941). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1880-1882. Fór til Bandaríkjanna og lærði þar hjúkrun. **Störf:** Gerðist kaþólsk nunna í Árósum í Danmörku. Var nunna í Landakoti 1911-1913, en sneri aftur til Árósa og starfaði þar á St. Jósefsspítala til æviloka 1921. **Steinunnararfur:** lét eftir sig eigur hér á landi, m.a. jörðina Svanga í Skorradal, sem nú nefnist Hagi. Af þessum eignum lét Björn bróðir hennar stofna sjóð 1922, svonefndan „Steinunnararf“, sem síðar var afhentur Landspítalanum til eignar. **Jarðsett:** Árósum í Danmörku.

STEINUNN LILJA BJARNADÓTTIR CUMINE / Steinka Bjarna (1923-1994) fædd á Akranesi, látin í London. SÖNGKONA og LEIKARI. **Foreldrar:** Geirprúður Kristjánsdóttir (1893-1942) og Bjarni Hallsteinsson (1891-1925), bóndi. **Alsystkin:** 1. Kristbjörg (1915-1948), 2. Hallbjörg (1915-1997). **Sammæðra systkin:** 3. Kristján Már Þorsteinsson (1937-1967). **M1:** 1950, Alfreð Kristinsson (1927-1997), leigubílstjóri, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Bjarni Geir (1951), 2. Kristinn (1958). **M2:** Douglas Cumine. **Nám:** Var við nám í Royal Academy of Dramatic Arts í London 1946-1950. **Störf:** Kom fram sem söngvari og leikari bæði í leikritum og revíum, m.a. sem Mjöll í *Nýársnótt* (1950), Sýkn kona í *Íslandsklukkunni* (1950) og Brett Charles í *Djúpt liggja rætur* (1952). Lék einnig í revíum með Haraldi Á. Sigurðssyni og kom fram með Hallbjörgu systur sinni. Fluttist á ný til Bretalands 1967 og bjó þar með síðari manni sínum í Kensington í London. **Hljómplata:** *Steinka Bjarna – Á Útopnu* (1977). **Jarðsett:** Útför hennar fór fram frá Golden Greens Chappel í London.

STEINUNN FINNBOGADÓTTIR (1924-2016) fædd í Bolungarvík, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR og BORGARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Steinunn Magnúsdóttir (1883-1938) og Finnboogi Guðmundsson (1884-1948), sjómaður og verkalýðsforingi. **Systkin:** 1. Bernódus (1911-1998), 2. Guðrún (1915-2004), 3. Sigurvin (1918-2001), 4. Sigurgeir (1922-1993), 5. Magnús (1927-2007). **M:** Hörður Einarsson (1923-2019), skipstjóri, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Steinunn Finnborg (1950), 2. Einar G. (1951), 3. Guðrún Alda (1955). **Sambýlismaður:** Þorsteinn Vigfússon (1935), frá Húsatóftum á Skeiðum. **Nám:** Lauk námi frá Ljósmeðraskólanum 1943. **Störf:** Stafaði á fæðingardeild Landspítalans, Fæðingarheimili Reykjavíkur og Sólvangi í Hafnarfirði. Var forstöðumaður dagvistar Sjálfsbjargar 1979-1993. **Félagsstörf:** Var formaður Ljósmeðrafélags Íslands um árabil. **Stjórnmalastörf:** Var stofnfélagi og í stjórn Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna, borgarfulltrúi flokksins í Reykjavík 1970-1974 og varaborgarfulltrúi 1974-1978. Starfaði sem aðstoðarmaður Hannibals Valdimarssonar, samgöngu- og félagsmálaráðherra, 1971-1973. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1982). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði S-5-154.

STEINUNN FINNSDÓTTIR (um 1640–eftir 1710) líklega fædd á Brúarfossi, Hraunhreppi, Mýrasýslu, látin í Höfn, Melasveit, Borgarfjarðarsýslu. SKÁLD Í HÖFN. **Foreldrar:** Elísabet Jónsdóttir (1604) og Finnur „eldri“ Jónsson (1615–eftir 1667). **Alsystkin:** 1. Húnbjörg (1640). **Samfeðra systkin:** 2. Sigríður (1658), 3. Jón (1659-1734). **M:** 1681, Þorbjörn Eiríksson (1620), bóndi í Birtingaholti, Hrunamannahreppi, Árnessýslu. **Barn þeirra:** 1. Guðrún (1671-1726). **Störf:** Var í vist í Skálholti 1657-1662 og þjónaði Ragnheiði biskupsdóttur. Var húsfreyja og fékkst við skáldskap. **Skáldskapur:** M.a. *Hyndlurímur*, *Sækóns rímur*, *Vikivakkvæði* og lausavísur og kvæði um íslenska fornkappa. Efniviðurinn stundum fenginn úr Þjóðsögum. Báðir rímnaflökkarnir fjalla um konur sem eru hnepptar í álög, önnur verður að hundi en hin að

karlmanni. Árni Magnússon eignaðist handrit af Hyndlurímum Steinunnar árið 1707, í handritinu voru einnig kóngsrímur, kappkvæði, lausavísur og allmörg vikivakkvæði.

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR HALL (1909-2000) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. IÐNREKANDI. **Foreldrar:** Herdís Jónsdóttir (1884-1963) og Sigurður Oddsson (1874-1942), skipstjóri og hafnsögumaður á dönskum varðskipum. **Systkin:** 1. Jón (1910-2000), 2. Elín Valgerður (1912-1946), 3. Oddur (1914-1995), 4. Þórleif (1916-2012), 5. Sveinbjörn (1919-2005), 6. Málfríður Andrea (1923-2022), 7. Sigríður Herdís (1926). **M:** 1933, Gunnar Hall Kristjánsson (1909-1970), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Hannes (1935-2021), 2. Herdís (1939), 3. Sigurður (1945), 4. Kristján (1946), 5. Ragnar Halldór (1948), 6. Steindór (1950), 7. Gunnar Hjörtur (1951). **Nám:** Lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands 1928. **Störf:** Starfaði um tíma á skrifstofu Eimskipafélags Íslands. Stofnaði Nærfataverksmiðjuna Lilla hf. á fjórða áratugnum og hafði margar konur í vinnu. Rak fyrirtækið að Víðimel 64 í Reykjavík til ársins 1983, fyrstu árin ásamt Halldóru Björnsdóttur. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-21-16.

STEINUNN KARÓLÍNA INGIMUNDARDÓTTIR (1925-2011) fædd í Grenivík við Eyjafjörð, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðrún Árnadóttir (1887-1974) og Ingimundur Árnason (1895-1964), söngstjóri og fulltrúi. **Alsystkin:** 1. Árni (1918-1920), 2. Árni (1921-1998), 3. Magnús (1923-2000), 4. Þórgunnur (1926). **Samfeðra systkin:** 5. Jóhann Gunnar Ragúels (1931-1988). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1942. Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi 1945-1946. Lauk hússtjórnarkennaranámi á Stabekk í Noregi 1948. Sótti framhaldsnám við Háskólann í Árósum í Danmörku 1952-1953. **Störf:** Kenndi við Húsmæðraskólann á Laugalandi 1949-1952 og 1954-1956. Var ráðunautur Kvenfélagasambands Íslands og ferðaðist vítt og breitt um landið og hélt námskeið 1956-1961. Var skólastjóri Húsmæðraskólans á Varmalandi í Stafholtstungum 1961-1987, eða þar til skólinn var lagður niður. Starfaði eftir það um áratug á Leiðbeiningastöð heimilanna hjá Kvenfélagasambandi Íslands. **Félagsstörf:** Tók virkan þátt í starfi íslenskra og norrænna hússtjórnarkennara og ritstýrði m.a. ásamt öðrum norrænni matreiðslubók, *Matkultur i Norden*. Var áhugasöm um þjóðlega íslenska matargerð, tók þátt í söfnun heimilda víða um land og átti aðild að gerð sjónvarps- og útvarpsþátta um hana. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1979). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit N-6-61.

STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR / Alice Johnson Hayes (1870-1960) fædd á Eystra-Miðfelli á Hvalfjarðarströnd, Borgarfjarðarsýslu, látin í Alhambra, Kaliforníu, Bandaríkjunum. LÆKNIR, GUÐFRÆÐINGUR og KRISTNIBOÐI. **Foreldrar:** Ellisif Helgadóttir (1830-1903) og Jóhannes Jónsson (1828-1879), bóndi. **Systkin:** 1. Ragnheiður (1862-1944), 2. Steinunn (1864-1864), 3. Bjarni (1867-1867), 4. Jón (1868-1869), 5. Jóreiður (1872-1969). **M:** 1902, dr. Charles Arthur Hayes (1872-1946), læknir og kristniboði. **Barn þeirra:** 1. Arthur Courtney Hayes (f. 1905 í Kína). **Nám:** Tók guðfræðipróf frá trúboðsskóla í Chicago. Lauk læknapróf frá University of Southern California, School of Medicine, Los Angeles 1902. **Störf:** Var aðstoðarprestur í Indiana, trúboði meðal Kínverja í Oregon, aðstoðarprestur og trúboði í Los Angeles. Starfaði ásamt manni sínum sem læknir og kristniboði í Kína í um 40 ár eða árin 1902-1942, en fluttust eftir það til Suður-Kaliforníu. **Jarðsett:** Líklega í Bandaríkjunum.

STEINUNN ÓLAFSDÓTTIR JÓNSSON (1881-1963) fædd í Suðurkoti í Vogum í Kálfatjarnarsókn, látin í Kaupmannahöfn. **HJÚKRUNARKONA. Foreldrar:** Guðrún Þórðardóttir (1852-1882) og Ólafur Hjartarson (1847-1924), sjómaður. **M:** 1909, Þórður Ólafur Jónsson (1885-1960), yfirtollvörður í Kaupmannahöfn. **Barn þeirra:** 1. Halldór (f. í kringum 1920). **Fósturbarn þeirra:** 2. Dýrleif Ármann (1915-2001). **Kjörbarn þeirra:** 3. Axel Þ. Arnfjörð (1910-1982). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi frá Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn 1903. **Störf:** Starfaði á Laugarnes-spítala 1898-1901. Var hjúkrunarkona við Franska spítalann í Reykjavík 1903-1904. Starfaði sem hjúkrunarkona við elliheimili í Kaupmannahöfn og síðan sem einkahjúkrunarkona þar til 1909. Fékkst eftir það við að aðstoða Íslendinga í Kaupmannahöfn, bæði námsmenn og sjúklinga. Tók t.d. á móti fólki sem sent var frá Íslandi til lækninga á danska spítala, túlkaði á milli þess og starfsfólks og heimsótti meðan á innlögn stóð, auk þess að opna því heimili þeirra Þórðar ef með þurfti. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1930). **Jarðsett:** Garnisonskirkjugarði í Kaupmannahöfn.

STEINUNN MARÍA STEINDÓRSDÓTTIR (1922-2005) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **TÓNMENTA- og PÍANÓKENNARI. Foreldrar:** Guðrún Guðnadóttir (1891-1925) og Steindór Björnsson (1885-1972), efnisvörður. **Systkin:** 1. Björn (1912-1974), 2. Guðni Örvar (1913-1981), 3. Einar Þórir (1916-1991), 4. Gunnar (1918-1966), 5. Vignir Guðbjörn (1919-1945), 6. Guðrún Eybjörg (1921-1948), 7. Rúnar Geir (1925-2012). **M:** 1942, Sigurpáll Jónsson (1917-1992), bókari. **Börn þeirra:** 1. Björn Vignir (1946), 2. Eybjörg Dóra (1950), 3. Jón (1954). **Nám:** Gekk í Miðbæjarskólann í Reykjavík og lærði píanóleik hjá Gunnari Sigurgeirssyni. Stundaði nám í píanóleik hjá Haraldi Sigurðssyni í Kaupmannahöfn. Sótti nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Árna Kristjánssyni 1938-1943. Lauk tónmennta- og píanókennaraprófi 1966. **Störf:** Starfaði við píanóundirleik fyrir söngvara og ballettskóla um nokkurt skeið. Var tónmenntakennari við Breiðagerðisskóla í Reykjavík 1965. Var síðan píanókennari við Tónmenntaskólann í Reykjavík á árunum 1966-1996. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-1072.

STEINUNN KATRÍN THEODÓRSDÓTTIR (1932-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **MEINATÆKNIR. Foreldrar:** Kristín Pálsdóttir (1898-1940) og Theodór Jakobsson (1890-1942), skipamiðlari. **Systkin:** 1. Sigríður (1921-2007), 2. Kristín Soffía (1922-2009), 3. Helga (1924-2002), 4. Björn (1926-1983), 5. Þórunn (1927), 6. Páll (1928-2018). **M:** 1955, Gylfi Pálsson (1933), skólastjóri, þýðandi og þulur. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1953), 2. Þóra (1957), 3. Snorri (1958), 4. Kári (1960), 5. Teitur (1961), 6. Trausti (1964). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1952. Lauk prófi í meinatækni frá Århus Tekniske Skole og hafði þá lokið verklegri þjálfun á sjúkrahúsum í Ósló. **Störf:** Vann sem meinatæknir um árabíl, lengst af á rannsóknarstofum Reykjalundar og Landakots. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-18-4.

STEINUNN THORSTEINSON (1886-1978) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **LJÓSMYNDARI. Foreldrar:** Birgitta Guðríður Eiríksdóttir (1855-1919) og Steingrímur Thorsteinson (1831-1913), skáld og rektor Latínuskólans. **Systkin:** 1. Þórður (1884-1932), 2. Þórunn (1893-1990), 3. Haraldur Hamar (1892-1957), 4. Axel (1895-1984). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1902-1903. Lærði ljósmyndun hjá Pétri Brynjólfssyni í Reykjavík 1906-1910. **Störf:** Vann á Ljósmyndastofu Sigríðar Zoëga 1914-1917. Sigríður og Steinunn keyptu Ljósmyndastofu Péturs Brynjólfssonar árið 1915 og stofnuð fyrirtækið Sigríður Zoëga & Co. 1917. Starfaði þar til

ársins 1964. **Félagsstörf:** Var í hópi stofnenda Listvinafélagsins 1916. Þær Steinunn og Sigríður voru í hópi 18 stofnfélaga Ljósmyndarafélags Íslands 1926. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi í Ljósmyndarafélagi Íslands (1961). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-396.

STELLA STEFÁNSDÓTTIR (1932-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FISKVERKUNARKONA. **Foreldrar:** Jóna Bjarney Albertsdóttir (1904-1981) og Stefán Magnús Þorkelsson (1904-1978), vörubílstjóri. **Systkin:** 1. Albert (1934), 2. Pétur (1938). **M:** 1953, Karl Guðmundur Ingimarsson (1925-2006), ýtustjóri. **Börn þeirra:** 1. Jóna (1950), 2. Stefanía (1953), 3. Stefán Þorkell (1954), 4. Guðbjörg Edda (1959). **Nám:** Tók stúdentspróf frá öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð 1980 meðfram fullu starfi í fiski. Var í fyrsta árganginum sem lauk prófi frá Fiskvinnsluskólanum. **Störf:** Starfaði sem fiskverkunarkona í 40 ár, m.a. hjá Fiskiðjuveri ríkisins, Bæjarútgerðinni og síðast hjá HB Granda til ársins 2000. **Félagsstörf:** Sinnti trúnaðarstörfum fyrir verkalýðsfélagið Framsókn. Hélt ræðu á ráðstefnu um kaup og kjör láglaunakvenna sem haldin var í Lindarbæ 1975 á vegum Rauðsokkahreyfingarinnar og verkakvennafélaga og var í framkvæmdanefnd Kvennafrídagsins árið 1975. Tók þátt í starfi Alþýðubandalagsins. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit A-7-66.

SVAVA ÞÓRLEIFSDÓTTIR (1886-1978) fædd á Skinnastað í Öxarfirði, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Sesselja Þórðardóttir (1857-1925) og sr. Þórleifur Jónsson (1845-1911), prestur. **Systkin:** 1. Þóra Þ. Grönfeldt (1880-1966). **Fósturbarn Svöfu:** 1. Svavar Ólafsson (1919-2007). **Nám:** Lauk námi frá Mjólkurskólanum á Hvanneyri 1902. Tók gagnfræðapróf frá Flensborg 1904 og kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1909. Sótti kennaranámskeið heima og erlendis. **Störf:** Stjórnaði rjómabúi á Suðurlandi um skeið. Tók þátt í að móta skólastarf í Öxarfirði samkvæmt nýjum fræðslulögum, lögfest 1907. Stundaði kennslu við farskóla og unglingaskóla á Norðurlandi til 1913. Var skólastjóri Barnaskólans á Bíldudal 1913-1919. Var skólastjóri Barnaskólans á Akranesi 1919-1944, skólastjóri Unglingaskólans á Akranesi 1921-1944 og skólastjóri Iðnskólans á Akranesi 1938-1944. Starfaði sem framkvæmdastjóri Kvenfélagasambands Íslands 1944-1948. **Félagsstörf:** Átti frumkvæði að stofnun ungmennafélags og kvenfélags í Öxarfirðir árið 1906. Sat í stjórn Kvenfélagsins Framsóknar á Bíldudal. Var stofnfélagi í kvenfélagi Akraness 1926 og formaður stjórnar þess til 1944. Var formaður Sambands borgfirskra kvenna frá stofnun þess eða árin 1931-1944. Sat í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna 1941-1972, stjórn Kvenfélagasambands Íslands 1944-1948 og stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1946-1965. **Ritstörf:** Starfaði sem ritstjóri *Melkorku* 1949-1953, ritstjóri *19. júní* frá upphafi 1951 til 1956 og var ritstjóri *Húsfreyjunnar* 1953-1967. Tók saman ásamt Rannveigu Þorsteinsdóttur *Félagsmál og fundarstjórn* (1972, 1980). **Þýðingar:** *Yngri systirin* (1951), *Fögur en viðsjál* (1952) og *Unaðsstundir* (1963) eftir Kathleen Norris; *Ærslabelgir og alvörumenn* (1972) eftir Gunnar Jørgensen. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi KRFÍ (1957). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1967) og Stórriddarakrossi (1973). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit N-723.

SVALA SIGRÍÐUR NIELSEN (1932-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. ÓPERUSÖNGKONA. **Foreldrar:** Marzelína Friðriksdóttir Nielsen (1898-1969) og Hjörtur Aage Nielsen (1898-1985), kaupmaður. **Systkin:** 1. Sophus Jørgen (1931-2016), 2. Erna (1942). **M:** 1957, Ragnar Þjóðólffsson (1935), verslunarmaður, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Rafn (1957-1987). **Nám:** Lærði söng hjá

Guðmundi Jónssyni, Sigurði Birkis og Kristni Hallssyni. Stundaði söngnám á Ítalíu og í Þýskalandi. Sótti eftir heimkomuna tíma hjá Maríu Markan. **Störf:** Starfaði sem söngkona. Söng í óperum og einsöng með kórum, söng mikið í útvarp, við jarðarfari, giftingar, skírnir og önnur tækifæri. Söng í Þjóðleikhúsinu, m.a. hlutverk Súzúki í *Madam Butterfly* (1964), hlutverk einnar þriggja ástkvæna Hoffmanns í *Ævintýri Hoffmanns* (1965) og Rósalindu í *Leðurblökunni* (1973). Söng með Karlakór Reykjavíkur, bæði heima og erlendis, á skemmtiferðaskipinu Baltiku í ferð þess til Miðjarðarhafslanda 1966, í heimsókn Íslendinga á Heimssýninguna í Kanada 1967 og fyrir Íslendingafélögin í New York og Kaupmannahöfn. Söng með Fóstbræðrum á styrktartónleikum þeirra. Söng ameríska negrasálma á tónleikum með Pólýfónkórnum í Gamla bíói undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar. **Hljómplata:** *Svala Nielsen – Fjórtnán sönglög eftir fjórtán tónskáld* (1976). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-7-8.

SVANDÍS ANNA JÓNSDÓTTIR (1942-2016) fædd í Borgarnesi, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ásta Margrét Sigurðardóttir (1921-2009) og Jón Bjarni Björnsson (1913-1984), rafveitustjóri. **Systkin:** 1. Björn Rúnar (1946), 2. Árni Rafn (1960). **M:** 1965, Birgir Vigfússon (1941), sjómaður. **Börn þeirra:** 1. Ásta Margrét (1963), 2. Vigfús (1967), 3. Birgir Jón (1973), 4. Linda Björg (1975). **Nám:** Lauk hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1965. **Störf:** Starfaði við Kleppspítala og Heilsuverndarstöð Reykjavíkur um tíma. Var hjúkrunarfræðingur og yfirhjúkrunarfræðingur við Rannsóknarstöð Hjartaverndar frá því að rannsóknarstöðin hóf starfsemi sína eða árin 1967-2007. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-2-75.

SVANFRÍÐUR HJARTARDÓTTIR (1891-1975) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SINNTI FÉLAGSMÁLASTÖRFUM. **Foreldrar:** Sigríður Guðfinna Hafliðadóttir (1863-1937) og Hjörtur Hjartarson (1857-1918), húsasmíðameistari. **Systkin:** 1. Hafliði (1886-1960), 2. Hjörtur (1888-1915). **M:** Pétur Þórhalli Júlíus Gunnarsson (1885-1955), stórkaupmaður og endurskoðandi, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Guðfinna P. Blöndal (1915-2000), 2. Gunnar (1919-1968), 3. Hjördís (1919-1971), 4. Hjörtur (1922-1993). **Nám:** Stundaði nám í matreiðslu, hannyrðum, hljómlist o.fl. **Störf:** Lék ung á píanó undir kvikmyndasýningum í Gamla bíói. Starfaði fyrir Thorvaldsensfélagið, m.a. við afgreiðslu í verslun félagsins. **Félagsstörf:** Gekk í Thorvaldsensfélagið árið 1914 og var formaður stjórnar þess árin 1943-1965. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi Thorvaldsensfélagsins. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1974). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit K-305.

SVANHILDUR ÓLAFSDÓTTIR (1905-1954) fædd í Reykjavík, látin í Stokkhólmi í Svíþjóð. STJÓRNARRÁÐSFULLTRÚI. **Foreldrar:** Ólöf Sveinsdóttir (1881-1937) og Ólafur Dan Daníelsson (1877-1957), stærðfræðingur og menntaskólakennari. **Systkin:** 1. Sveinn (1904-1910), 2. Daníel (1908-1948), 3. Snorri (1910-1997), 4. Þorbjörg (1914-1928), 5. Anna Vigdís (1917-2000), 6. Sigrún (1919-1920), 7. Kristín Ó. Kaaber (1922-2012). **M:** Sigurður Guðmundsson (1885-1958), arkitekt. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1924 og cand.phil.-próf frá Háskóla Íslands 1925. Varð löggildur skjalapýðandi og dómtúlkur í dönsku 1935. **Störf:** Starfaði við orðabók Sigfúsar Blöndal 1922-1924. Var innanþingsskrifari í Alþingi 1925-1930 og 1937-1944 og gerðabókarritari hjá skrifstofu Alþingis 1930-1935. Réðst til danska utanríkisráðuneytisins 1935 og til danska sendiráðsins í London 1936-1937. Starfaði hjá Sölusambandi

Íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) 1937-1939. Var skipuð aðstoðarmaður í utanríkismáladeild stjórnarráðsins 1939 og fulltrúi í utanríkisráðuneytinu 1944. Var sett sendiráðsritari í Moskvu 1946 og skjalavörður í utanríkisráðuneytinu til 1952. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenstúdentafélags Íslands. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-20-35.

SVANHILDUR SIGURGEIRSDÓTTIR (1925-1998) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. STARFSMAÐUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR. **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir (1893-1979) og Sigurgeir Sigurðsson (1890-1953), biskup. **Systkin:** 1. Pétur (1919-2010), 2. Sigurður (1920-1986), 3. Guðlaug (1927-2020). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Nam um tíma söng og píanóleik. **Störf:** Starfaði á Biskupsstofu 1942-1946 og í dómsmálaráðuneytinu 1946-1955. Var starfsmaður í utanríkisþjónustunni árin 1955-1986 og starfaði m.a. við sendiráðið í Svíþjóð 1958-1964 og sendiráðið í Brussel 1967-1973, en var síðan í utanríkisráðuneytinu frá 1974 og skipuð deildarstjóri þar frá 1979. **Félagsstörf:** Söng með Dómkirkjukórnum og Þjóðleikhúskórnum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-6-109.

SVANHILDUR JÓNSDÓTTIR SVANE (1925-2016) fædd í Hrafnsgarði í Fellum, Suður-Múlasýslu, látin í Lystrup í Danmörku. GRASAFRÆÐINGUR og LEKTOR. **Foreldrar:** Anna Sigurbjörg Þórarinsdóttir (1901-2000) og Jón Sigurðsson (1902-1980), fulltrúi í Búnaðarbanka Íslands. **Systkin:** 1. Sigurður (1927-2011). **M:** 1953, Gunnar Olaf Svane (1927-2012), prófessor við Árósháskóla frá 1965, vann áður við Kaupmannahafnarháskóla. **Börn þeirra:** 1. Jón Olaf (1954), 2. Axel Torstein (1956). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1946. Sótti nám í náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla frá árinu 1946. **Störf:** Var lektor í grasafræði við Kaupmannahafnarháskóla til 1965 og síðan við Árósháskóla til starfsloka. Hóf að loknu föstu starfi að skrásetja umfangsmikið safn sitt af mosum og skófum sem hún hafði safnað á árunum 1947-2005 á Grænlandi, Íslandi, í Færeyjum, Danmörku, Balkan-löndunum, á Grikklandi og fleiri stöðum, þar á meðal yfir 2000 sýni frá Íslandi. Safnið er nú hluti af jurtasafni Háskólans í Kaupmannahöfn. **Ritstörf:** Skrifaði fjölda fræðigreina um mosa og skófir á Íslandi, í Færeyjum, Danmörk, á Kít og meginlandi Grikklands. **Jarðsett:** Útför gerð frá Elsted kirkju í Lystrup.

SVANHILDUR ÓLÖF THEODÓRSDÓTTIR SÆTRAN (1914-2009) fædd á Siglufirði, látin í Reykjavík. HJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Guðrún Sigríður Ólafsdóttir (1892-1965), vörukona, og Jónas Theodór Pálsson (1873-1957), hákarlaskipstjóri. **Alsystkin:** 1. Marteinn *Ingólfur* (1912-1988), 2. Eggert (1920-1994). **Samfeðra systkin:** 3. Eggert Páll (1899-1903), 4. Eggert Páll (1907-1984). **M:** 1946, Jón Meyvant Sivertsen Sætran (1915-1993), rafmagnstækniþjálfari og yfirkennari. **Börn þeirra:** 1. Hans (1947-2001), 2. Kristín Hildur (1949), 3. Jóna Björg (1952). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi við Den Danske Diakonissestiftelse í Kaupmannahöfn 1940. Stundaði framhaldsnám á geðsjúkrahúsi í Vordingborg og á fæðingardeild og farsóttardeild í Kaupmannahöfn og síðan á rannsóknarstofu í Stokkhólmi. Sótti síðar endurmenntunarnámskeið fyrir hjúkrunarkonur á Borgarspítalanum. **Störf:** Starfaði sem hjúkrunarkona við Den Danske Diakonissestiftelse og Nørre Hospital í Kaupmannahöfn, Danmörku, og við Länslasarettet í Linköping, St. Eriks Sjukhus, Serafimerlasarettet, Stockholms Länscentrallasarettet í Stokkhólmi, Länslasarettet í Oskarshamn og Södersjukhusets Kliniska Centrallaboratorium í Stokkhólmi í Svíþjóð. Kom heim til Íslands eftir lok stríðsins ásamt tilvonandi eiginmanni sínum. Starfaði um tíma á rannsóknarstofu St. Jósefsspítala í Reykjavík og síðar á Borgarspítalanum, fyrst á handlæknisdeild og síðar á

sóttþreinsunardeild og var þar deildarstjóri síðustu starfsárin. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit P-509.

SVANHVÍT EGILSDÓTTIR (1914-1998) fædd í Hafnarfirði, látin í Reykjavík. SÖNGVARI, SÖNGKENNARI og PRÓFESSOR. **Foreldrar:** Þórunn Einarsdóttir (1883-1947) og Egill Halldór Guðmundsson (1881-1962), verkamaður og sjómaður. **Alsystkin:** 1. Jensína (1905-1991), 2. Sigríður (1906-1950), 3. Guðmundur (1908-1987), 4. Einar (1910-1999), 5. Gunnþórunn (1911-1999), 6. Nanna (1914-1968, tvíburasystir), 7. Gísli Jón (1921-1978), 8. Ingólfur (1923-1988). **Fósturforeldrar:** Marín Jónsdóttir (1865-1953) og Sigurgeir Gíslason (1868-1952). **Fóstursystkin:** 9. Gísli (1893-1980), 10. Margrét (1897-1937), 11. Halldór (1902-1997), 12. Kristján Sigurðsson (1905-1969), fósturbarn Marínar og Sigurgeirs. **M1:** 1934, Óskar Guðnason (1906-1976), prentari, þau skildu. **M2:** Jan Morávek (1912-1970), klarinettleikari, þau skildu. **Nám:** Lærði á píanó hjá Ingibjörgu Benediktsdóttur og síðar Franz Mixa og Páli Ísólfsyni. Var við söngnám í Þýskalandi 1925-1937. Fór aftur til Þýskalands 1938, ásamt Nönnu systur sinni til frekara söngnáms. Þær urðu innlyksa þegar stríðið hófst og voru lengst af í Graz og Vín í Austurríki, komu heim í stríðslok. Fór árið 1956 aftur til Austurríkis til frekara söngnáms. Lærði þá hjá Sigurði Demetz. **Störf:** Starfaði sem söngvari og söngkennari. Söng á tónleikum á Íslandi 1937-1938, m.a. hlutverk í óperettunni *Bláu Kápunni* í Iðná (1937). Söng aftur á Íslandi 1944-1956 og fór m.a. í tónleikafeð um Norðurland ásamt Jan Morávek. Söng í Iðná í *Bláu kápunni* í annað sinn (1949) og í Þjóðleikhúsinu í uppfærslu á *La traviata* (1952). Kenndi söng við Academie für Musik und Darstellende Kunst í Vín frá 1957, varð prófessor við skólann 1961, hlaut fasta prófessorsstöðu 1977 og kenndi við skólann til 1984. **Bók:** *Tvístirni: saga Svanhvítar Egilsdóttur*, höfundur Guðrún Egilson (2002). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1986). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-4-3.

SVANHVÍT FRÍÐRIKSDÓTTIR (1916-2009) fædd á Efri-Hólum í Núpasveit, Norður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Halldórsdóttir (1882-1949), ljósmóðir, og Friðrik Sæmundsson (1872-1936), bóndi. **Systkin:** 1. Halldóra (1903-1985), 2. Sæmundur (1905-1977), 3. Dýrleif (1906-1994), 4. Þórný (1908-1968), 5. Margrét (1910-1989), 6. Kristján (1912-1980), 7. Jóhann (1914-1986), 8. Guðrún Sigríður (1918-2002), 9. Barði (1922-2014). **M:** 1948, Stefán Björnsson (1914-2009), skrifstofumaður hjá Últíma, Shell og Útflutningssjóði, síðar endurskoðandi hjá Skattstofum Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. **Börn þeirra:** 1. Friðrik (1949), 2. Björn (1955), 3. Guðrún (1957). **Nám:** Stundaði nám við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1934-1935. Dvaldi á stríðsárunum í Noregi og Svíþjóð og var þar við nám; sótti undirbúningsnám fyrir kennarapróf við Bergen kommunale kvinnelige industriskole í Bergen 1939-1940 og Statens kvinnelige industriskole í Ósló 1940-1942 og lauk þaðan kennaraprófi. Sótti vefnaðar- og teiknínámskeið hjá Handarbetes vänner og nám í tískuteikningu hjá Tilskerer akademi í Stokkhólmi 1942-1943. Var áfram í framhaldsnámi á Norðurlöndum 1946-1947. Sótti námskeið við Statens lærerskole i forming, Ósló 1969. **Störf:** Starfaði hjá *Útvarpstíðindum* 1938. Var skólastjóri Húsmæðraskólans að Laugalandi 1943-1950. Starfaði sem handavinnukennari við Gagnfræðaskóla verknáms við Brautarholt í Reykjavík en síðar í Ármúla 1952-1968 og Kennaraskóla Íslands 1969-1977, síðan sem lektor við Kennaraháskóla Íslands 1977-1984. **Félagsstörf:** Var formaður Handavinnukennarafélags Íslands

1964-1966 og formaður N.T.F., Nordisk tekstillærerforbund, á Íslandi 1973-1981. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-3-29.

SVANLAUG GUÐMUNDSDÓTTIR / Systir María Clementína (1918-1972) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **NUNNA. Foreldrar:** Svanlaug Benediktsdóttir (1880-1918) og Guðmundur Sigurðsson (1876-1956), klæðskeri. **Systkin:** 1. Sigurður (1900-1986), 2. Laufey (1903-1994), 3. Benedikt Baldvin (1907-1960), 4. Guðmundur (1909-1974), 5. Sverrir (1914-1995), 6. Haukur (1916-1969), pressari. **Nám:** Sótti klausturskóla í Danmörku 1933 og vann klausturheiti sitt árið 1936. **Störf:** Starfaði á Landakoti, m.a. sem kennari við Landakotsskóla í Reykjavík. **Jarðsett:** Landakotskirkjugarði.

SVANLAUG ESTER KLÁUSDÓTTIR (1922-2010) fædd í Viðey, látin í Hafnarfirði. **VERSLUNARKONA** og **KAUPKONA. Foreldrar:** Pálína Björgólfsdóttir (1896-1962), saumakona, og Kláus Hannesson (1889-1928), vélstjóri. **M:** 1944, Árni Gíslason (1920-1987), verksmiðjustjóri. **Börn þeirra:** 1. Ásgeir (1940), 2. Páll (1944), 3. Kristín (1945), 4. Björgúlfur Kláus (1947-1976), 5. Hólmfríður (1949), 6. Anna Pálína (1963-2004). **Nám:** Stundaði nám við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. **Störf:** Fékkst við verslunarstörf. Stofnaði verslunina Búsáhöld og leikföng í Hafnarfirði 1971 og rak hana til 1991. Var síðan starfsmaður Hafnarborgar. **Stjórnmalastörf:** Tók virkan þátt í bæjarmálum í Hafnarfirði og var varabæjarfulltrúi fyrir Alþýðubandalagið um skeið. **Félagsstörf:** Starfaði fyrir slysavarnaeildina Hraunprýði í Hafnarfirði 1950-2000, fyrst sem meðstjórnandi, síðar varaformaður og að lokum formaður í sjö ár. Var kosin í varastjórn Slysavarnafélags Íslands á áttunda áratugnum, í aðalstjórn þess 1982 og tók þá strax við embætti varaforseta og gegndi því til ársins 1990. Sat um árabil í stjórn kvenfélags Fríkkirkjunnar í Hafnarfirði og ferðanefnd safnaðarins. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði.

SVAVA ÓLAFSDÓTTIR FINSEN (1907-1995) fædd á Akranesi, látin á Akranesi. **SKRIFSTOFUMAÐUR. Foreldrar:** Ingibjörg Ísleifsdóttir (1872-1936) og Ólafur Finsen (1867-1958), héraðslæknir á Akranesi. **Systkin:** 1. Ole Peter (1895-1917), 2. Karítas (1896-1956), 3. Ísleifur Gísli (1898-1979), 4. Hendrikka Andrea (1900-1981), 5. María Ása (1902-2001), 6. Niels Ryberg (1909-1985), 7. Björn (1912-1915). **M:** 1937, Ingólfur Jónsson (1906-1977), verslunarstjóri. **Barn þeirra:** 1. Inga Svava (1943). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1926. **Störf:** Starfaði við verslunar- og skrifstofustörf á Akranesi 1926-1937. Starfaði á skrifstofu fyrirtækisins Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi 1961-1988. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Kvenfélags Akraness og í stjórn þess í 25 ár. Var um áratuga skeið í Kirkjunefnd Akraness og Slysavarnafélagi Íslands. Var ein af stofnendum Sjálfstæðiskvennafélagsins Bárunnar á Akranesi. **Viðurkenning:** Var útnefnd heiðursfélagi í Kvenfélagi Akraness. **Jarðsett:** Akranes Kirkjugarði reit N-27.

SVAVA JAKOBSDÓTTIR (1930-2004) fædd í Neskaupstað, látin í Reykjavík. **RITHÖFUNDUR** og **ÞINGMAÐUR. Foreldrar:** Þóra Einarsdóttir (1901-1994) og sr. Jakob Jónsson (1904-1989), prestur. **Systkin:** 1. Guðrún Sigríður (1929-2018), 2. Jökull (1933-1978), 3. Þór Edward (1936), 4. Jón Einar (1937). **M:** 1955, Jón Hnefill Aðalsteinsson (1927-2010), prófessor. **Barn þeirra:** 1. Hans Jakob S. Jónsson (1956). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1949. Lauk BA-próf í ensku og enskum bókmenntum við Smith College í Northampton, Massachusetts

í Bandaríkjunum 1952. Var við rannsóknarnám í íslenskum fornþekkingum við Somerville College, Oxford 1952-1953. Stundaði nám í sænskum nútímabókmenntum við Uppsalaháskóla í Svíþjóð 1965-1966. **Störf:** Var ritari í utanríkisráðuneytinu og íslenska sendiráðinu í Stokkhólmi 1955-1960, kennari við Barna- og unglingaskólann á Eskifirði 1963-1964, blaðamaður við *Lesbók Morgunblaðsins* 1966-1969 og starfsmaður við dagskrárdeild Ríkisútvarpsins 1969-1970. Skrifaði smásögur, skáldsögur og leikrit og birti fræðigreinar um bókmenntir. **Bækur:** *M.a. Tólf konur* (1965), *Veizla undir grjóttvegg* (1967), *Leigjandinn* (1969), *Gefið hvort öðru* (1982), *Gunnlaðar saga* (1987), *Smásögur* (1987) og *Skygginst á bak við ský* (1999). **Leikrit:** *Hvað er í blýhólknum?* (1970), *Friðsæl veröld* (1974), *Æskuvínir* (1976), *Í takt við tímana* (1980), *Lokaæfing* (1983) og *Næturanga* (1989). **Stjórnmalastörf:** Var landskjörinn alþingismaður Reykvíkinga 1971-1978 og alþingismaður Reykvíkinga 1978-1979 fyrir Alþýðubandalagið. Sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1972, 1974, 1977 og 1982. Var fulltrúi í Norðurlandaráði 1978-1980 og jafnréttisnefnd Norðurlanda 1980-1983. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Rithöfundasambands Íslands 1968-1971, stjórn Máls og menningar 1976-1979 og stjórn Leikskáldafélags Íslands 1986-1990. Var fulltrúi í rithöfundaráði 1978-1980 og safnráði Listasafns Íslands 1979-1983. Var fulltrúi Íslands í listkynningu *Scandinavia Today* í Japan 1987. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2001). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-7-116.

SVAVA JÓNSDÓTTIR (1884-1969) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Jóna Kristjana Magnúsdóttir (1855-1926) og Jón Chr. Stephánsson (1829-1910), timburmeistari og bæjarfulltrúi á Akureyri. **Samfeðra systkin:** 1. Júlíus (1856), 2. Ólafur (1861-1881). **M:** 1903, Baldvin Jónsson (1876-1941), verslunarmaður. **Börn þeirra:** 1. Ottó Jón (1904-1970), 2. Maríanna (1907-1978), 3. Brynhildur (1909-1991), 4. Jóna Kristín (1911-1912), 5. Haukur (1914-2000), 6. Hjördís Guðrún Kristjana (1916-1983). **Nám:** Var við nám í Kaupmannahöfn 1902-1903. **Störf:** Starfaði sem leikari með Leikfélagi Akureyrar frá árinu 1921 og lék þar alls yfir 100 hlutverk, meðal þeirra voru Abigael í *Ambrosius* (1926), frú Midget í *Á útleið* (1926), Jenny í *Apaloppunni* (1939), sem hún lék bæði á íslensku og ensku, og Gríma í *Skrúðsbóndanum* (1940). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi og í fyrstu stjórn Zontaklúbbs Akureyrar frá 1948 og fulltrúi á þingi Alþjóða-Zontafélagsskaparins í Cincinnati í Ohio, Bandaríkjunum 1954. **Viðurkenningar:** Var ein fyrst kvenna sem kosin var heiðursfélagi Leikfélags Akureyrar (1941). Útnefnd heiðursfélagi Zontaklúbbs Akureyrar. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1951). **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit L-1-11.

SVAVA VERNHARÐSDÓTTIR (1914-2001) fædd á Hvítanesi í Ögursveit í Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Washington D.C. SENDIRÁÐSSTARFSMAÐUR. **Foreldrar:** Jóna Runólfsdóttir (1876-1928) og Vernharður Einarsson (1870-1937), bóndi, kennari og hreppstjóri. **Systkin:** 1. Guðrún (1901-1995), 2. Guðmundur (1903-1983), 3. Kristín (1904-1971), 4. Guðrún *Sigríður* (1906-1997), 5. Eva (1907-1998), 6. Einar Runólfur (1909-1987), 7. Ólöf Jóna (1911-2001), 8. Gunnar (1912-1995), 9. Svana Linnét (1916-2011), 10. Ingibjörg (1918-2004), 11. Þórhildur V. Bremberg (1921). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1936. Lærði vélhraðritun (stenography) í Washington. **Störf:** Var kennari á Ísafirði 1936-1937. Fékkst við skrifstofustörf í Reykjavík 1937-1944. Starfaði við sendiráð Íslands í Washington DC í um 40 ár eða árin 1944-1984 og var m.a. aðstoðarmaður Thor Thors árum saman á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna í New York. **Jarðsett:** Bálför hennar fór fram í kyrrepy í Washington DC að ósk hennar.

SVEINBJÖRG KRISTÍN KLEMENSÐÓTTIR (1908-2002) fædd að Hvassafelli í Norðurárdal, látin í Reykjavík. IÐNREKANDI og KAUPKONA. **Foreldrar:** Kristín Margrét Jónsdóttir (1872-1959) og Klemens Baldvinsson (1863-1930), bóndi. **Alsystkin:** 1. Guðlaug Jónína (1906-1994), 2. Dómhildur (1912-1994). **Samfeðra systkin:** 3. Arndís Ágústína (1888-1955), 4. Sæunn Elísabet (1890-1985), 5. Þorsteinn (1892-1979), 6. Ólafur (1893-1961), 7. Guðríður (1897-1929). **M:** Guðmundur Magnússon (1903-1966), forstjóri. **Barn þeirra:** 1. Hilmar (1942-2003). **Kjörbarn þeirra:** 2. Magnús (1951). **Störf:** Vann, eftir flutning til Reykjavíkur, um tíma hjá Ullarverksmiðjunni Álafossi. Stofnaði og rak Þrjónastofuna Hlín ásamt verslun, fyrst á Laugavegi 10 í Reykjavík 1933-1946 og síðan á Skólavörðustíg 18 í Reykjavík 1947-1969, en þar voru framleiddar og seldar þrjónavörur úr íslenskri ull, s.s. fatnaður og voðir. **Félagsstörf:** Starfaði með Styrktarfélagi vangefinna. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-30-47.

T

TERESÍA GUÐMUNDSSON (1901-1983) fædd í Lund Dalene, Suður-Noregi, látin í Reykjavík. VEÐURSTOFUSTJÓRI. **Foreldrar:** Ingeborg, f. Sangesland og Ingebret Anda, yfirkennari. **Systkin:** 1. Hákon Anda, veðurfræðingur (lést í flugslysi yfir Kaupmannahöfn 1957). **M:** 1927, Barði Guðmundsson (1900-1957), alþingismaður og þjóðskjalavörður. **Börn þeirra:** 1. Hákon (1927-1975), 2. Hildur (1928-1984). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Kristiansands Kathedralskole 1920. Lauk kennaraprófi frá Kristiansands Lærerskole 1921 og prófum frá stærðfræði- og náttúruvísindadeild Háskólans í Ósló, fyrrihlutaprófi árið 1925 og síðarihlutaprófi 1937, aðalnámsgrein veðurfræði. **Störf:** Var veðurfræðingur (fyrst íslenskra kvenna) á Veðurstofu Íslands 1929-1946 og veðurstofustjóri 1946-1963. **Félagsstörf:** Tók virkan þátt í starfi Kvenréttindafélags Íslands frá 1942, bæði í ræðu og riti og sat í stjórn þess 1944-1956. Sat í stjórn og varastjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna í átta ár. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu (1966). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-43-8.

THEODÓRA KRISTÍN SVEINSDÓTTIR (1876-1949) fædd í Gerðum, Garði, látin í Reykjavík. MATREIÐSLUKONA. **Foreldrar:** Eyvör Snorradóttir (1836-1906) og Sveinn Magnússon (1831-1921), bátasmiður. **Systkin:** 1. Steinunn (1860-1882), 2. Magnús (1861-1888), 3. Snorri Kristinn (1864-1899), 4. Sigríður (1866-1888), 5. Sigmundur (1870-1962), 6. Þorgrímur (1878-1941), 7. Guðmundur (1878-1957). **Barnsfaðir 1:** Hinrik Valdemar Fischer Steffensen (1878-1946), læknir. **Börn þeirra:** 1. Björn Sigurður (1902-1993), 2. Hinrik Valdemar Fischer (1904-1916). **Barnsfaðir 2:** Ólafur Þorvaldsson (1884-1972), þingvörður. **Börn þeirra:** 3. Sveinn Haraldur Magnús (1909-1996), 4. Eyvör Ágústa (1909-1910). **Barnsfaðir 3:** Árni Sighvatsson (1885-1951), bókarí. **Börn þeirra:** 5. Sólveig (1916-2014), 6. Áslaug (1918-2012). **Nám:** Sótti Hússtjórnarskólann í Iðró í Reykjavík 1896. Lærði og starfaði á Hótel Phoenix og á veitingahúsinu Skrams Efterfølger í Kaupmannahöfn. Lærði matreiðslu og framreiðslu í veislum hjá Den Kongelige Skydebane í Kaupmannahöfn 1920. **Störf:** Var ráðskona í Valhöll á Þingvöllum en bjó í Hafnarfirði á vetrum og rak þar matsölu 1897-1920. Eldaði einnig veislumat eftir pöntun. Sá um opinberar veislur í Ráðherrabústaðnum á árunum 1921-1927 og sá um matreiðslu og framreiðslu fyrir opinbera gesti á vegum ríkisins allt fram undir stofnun Lýðveldisins 1944. Tók á leigu efstu hæðina í Kirkjuhvoli við Kirkjutorg 1926 og rak þar veitingasali með veislupjónustu. Hélt námskeið í matargerð og framreiðslu fyrir karla og konur og hafði kostgangara. Rak sumarið 1932 veitinga-

og gistihús á Kárástöðum í Þingvallasveit og hóf sama sumar rekstur veitingahúss að Ferstiklu í Hvalfirði og rak í fjögur sumur. Stóð fyrir rekstri veitinga- og gistihúss í Reykholti í sjö sumur. Byggði jafnframt veitingahús við Hvítárbrú og rak það meðan henni entist aldur og heilsa. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1948). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-31-2.

THEODÓRA FRIÐRIKA THORODDSEN (1863-1954) fædd á Kvennabrekku í Dölum, látin í Reykjavík. SKÁLD. **Foreldrar:** Katrín Ólafsdóttir Sívertsen (1823-1903) og Guðmundur Einarsson (1816-1882), prestur og þingmaður. **Systkin:** 1. Ólafur (1844-1844), 2. Þórhildur (1845-1851), 3. Ástríður (1846-1846), 4. Ástríður (1847-1851), 5. Ólafur (1849-1849), 6. Jóhanna Friðrika (1850-1851), 7. Rögnvaldur (1851-1851), 8. Hildipór (1852-1856), 9. Einar (1854-1856), 10. Daníel (1855-1856), 11. Ásthildur Jóhanna (1857-1938), 12. Theodóra (1860-1860), 13. Ólafur Sívertsen (1861-1906), 14. Eiríkur Kúld (1866-1866). **M:** 1884, Skúli Thoroddsen (1859-1916), ritstjóri og alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Kristín Ólína (1894-1961), 2. Unnur (1885-1970), 3. Guðmundur (1887-1968), 4. Þorvaldur (1888-1889), 5. Skúli (1890-1917), 6. Þorvaldur (1892-1977), 7. Katrín (1896-1970), 8. Jón (1898-1925), 9. Ragnhildur (1899-1966), 10. Bolli (1901-1974), 11. Sigurður (1902-1983), 12. Sverrir (1904-1982), 13. María Kristín (1906-1976). **Nám:** Lauk námi við Kvennaskólann í Reykjavík 1879. **Störf:** Var húsmóðir á Ísafirði 1884-1901, Bessastöðum til 1908 en síðan í Reykjavík. Stundaði ritstörf, samdi þulur og skrifaði fjölda greina og bókarkafla. **Bækur:** *Þulur*, myndir eftir Guðmund Thorsteinsson (1916), *Eins og gengur*, sögur og sagnabættir (1920) og *Þulur*, myndir eftir Guðmund Thorsteinsson og Sigurð Thoroddsen (1938). Þulurnar voru endurútgefnar (m.a. 1950, 1981 og 2000). Ritsafn hennar kom út 1960. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-505.

THORA HALLDÓRSDÓTTIR FRIÐRIKSSON (1866-1958) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA, RITHÖFUNDUR og KENNARI. **Foreldrar:** Charlotte Caroline Leopoldine Degen (1826-1911) og Halldór Kr. Friðriksson (1819-1902), yfirkennari. **Systkin:** 1. Pétur Emil Júlíus (1850-1924), 2. Sigríður (1852-1940), 3. Mórítz Hans Edvard (1855-1911), 4. Anna María Leopoldína (1856-1940), 5. Ída Halldóra Júlía (1859-1909). **Nám:** Lærði tungumál, aðallega frönsku. Sótti teikniskóla Þóru Pétursdóttur 1883-1884. **Störf:** Var kennari við Barnaskóla Reykjavíkur 1887-1910 (lengst af stundakennari). Kenndi tungumál í einkatímum, einkum frönsku. Fékk borgarabréf 1916 og sama ár opnuðu Thora og Christine Málfríður Jacobsen Sigurðsson (kona Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra) verslunina París í Kolasundi, Reykjavík. Fyrirtækið hét Thora Friðriksson & Co. Fékkst við ritstörf, gaf út námsefni, ritaði greinar í blöð og tímarit og fékkst við þýðingar. **Bækur:** M.a. *Stutt landafræði handa byrjendum* (1897), *Lítill kennslubók í dönsku handa barnaskólum* (1900), *Kennslubók í frönsku: handa börnum* (1934), *Dr. Grímur Thomsen* (1944), *Dr. Jean Baptiste Charcot* (1947) og *Skólamaðurinn heima* (1950). **Þýðingar:** M.a. *Kvenhetjan frá Loos* eftir E. Moreau (1916). **Félagsstörf:** Var meðal stofnenda Alliance Française 1911 og var forseti félagsins 1932-1938. **Viðurkenningar:** Sæmd heiðursmerkjum Frakklandsstjórnar þ.e. Officier d'Academie (1909), *Officier de l'Instruction publique* (1926) og *Chevalier de la Légion d'honneur* (1928). Var heiðursfélagi í Alliance Française. Henri Voillery, sendiherra Frakklands á Íslandi, og Magnús Jochumsson, póstmeistari og forseti Allianc Française, gengu á fund Thoru og færðu henni heiðursgjöf árið 1957. Sæmd

Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1935). Naut síðustu æviárin heiðurslauna frá Alþingi fyrir ritstörf og menningarstarfsemi. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-315.

THORA BENEDIKTSDÓTTIR GARDINER (1884-1953) fædd á Hólum í Hjaltadal, látin í Oregon City, Bandaríkjunum. Flutti til Vesturheims 1887. FRUMKVÖÐULL UM SKÓLAHALD. **Foreldrar:** Þorbjörg Árnadóttir (1855-1932) og Benedikt Jónsson (1863-1938). **Alsystkin:** 1. Sigríður (1886-1948). **Samfeðra systkin:** 2. Laufey B. Johnson (1898-1989), 3. Svava Spring (1898-1982), 4. Benedikt (1896), 5. Björn B. Johnson (1900-1975). **M:** 1901, Frederick William Gardiner (1870-1952), Hamilton Norður-Dakota. **Börn þeirra:** 1. Benedikt Edvard „Ned“ (1904), 2. Frederick William „Seg“ (1905-1945), 3. Rosemary Keeney (1909-1998). **Störf:** Bjó í Norður-Dakota til ársins 1912, fluttu þá til Oregon og vann þar að skólamálu. Sat í skólanefnd í Oregonborg í 21 ár, lengi sem formaður. Tók m.a. þátt í stofnun Oregon City High School, Barclay School, Eastham School o.fl. Árið 1954 var stofnaður unglingaskóli (6.-8. bekkur) í Oregon City School District sem ber nafn hennar Thora B. Gardiner Middle School, Oregon City School District. **Félagsstörf:** Var forseti í Oregon City Women's Club. Var lengi ritari County Chapter of the American Red Cross og varaforseti og ritari Clackamas County Public Health Association. Var félagi í Order of the Eastern Star, Parent-Teacher Association, American Yeoman, St. Pauls Episcopal Church, Auxiliaran Alter Guild. **Jarðsett:** Mountain View Cemetery, Oregon City í Bandaríkjunum.

THORA CHARLOTTE AMELIE MELSTED (1823-1919) fædd í Skælskør á Sjálandi, Danmörku, látin í Reykjavík. STOFNANDI og SKÓLASTJÓRI KVENNASKÓLANS Í REYKJAVÍK. **Foreldrar:** Birgitte Cecilie Breum fædd á Jótlandi (lést 1853) og Grímur Jónsson (1795-1849), bæjarfógeti í Skælskør á Sjálandi 1819-1824 og í Middelfart á Fjöni 1833-1844, amtmaður á Möðruvöllum í Hörgárdal 1824-1833 og 1842-1849. **Systkin:** 1. Ágústa Johnsen (1821-1878). **M:** 1859, Páll Melsteð (1812-1910), sagnfræðingur, sýslumaður og þingmaður. **Nám:** Hlaut menntun í Middelfart, lærði m.a. ensku, frönsku og þýsku. Stundaði nám í Kaupmannahöfn 1842-1846, bæði bóklegt nám og hannyrðir, auk tungumálanáms. **Störf:** Rak ásamt systur sinni, Ágústu Johnsen, stúlknskóla í Dillonshúsi við Suðurgötu 2 í Reykjavík 1851-1854. Stofnaði, ásamt manni sínum, Kvennaskólann í Reykjavík árið 1874 í húsi þeirra að Thorvaldsensstræti 2 í Reykjavík, með námsplássum fyrir 10-11 stúlkur. létu árið 1878 rífa húsið og byggja nýtt og stærra hús fyrir Kvennaskólann á sömu lóð og var skólinn þar til húsa til ársins 1909 þegar hann fluttist í nýtt skólahús við Fríkirkjuveg 11. Var skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík árin 1874-1906. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-224.

THYRA INGIBJÖRG JENSDÓTTIR LANGE LOFTSSON (1901-1970) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TANNLÆKNIR. **Foreldrar:** Þuríður Lange Jakobsdóttir (1872-1961), handavinnu-kennari, og Jens Severin Lange (1872-1931), málarameisteri. **M:** 1932, Pálmi Anton Loftsson (1894-1953), skipstjóri og forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. **Kjörbarn þeirra:** 1. Alice Björg Tryggvason (1945). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1920. Lauk tannlæknanámi frá Tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1925, fyrsta íslenska konan sem lauk tannlæknaþrófi. Fór í námsferðir til Norðurlandanna að kynna sér tannlækningar. **Störf:** Var aðstoðartannlæknir við Sjællandske Sygekassers Tandklinik í Holbæk í Danmörku 1926-1927 og afleysingatannlæknir um tíma. Tók við forstöðu skólatannlækningastofu Reykjavíkur í

Miðbæjarskólanum 1927 og gegndi því starfi til ársloka 1968 eða í rúm 40 ár. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Tannlæknafélagi Íslands 1927, gjaldkeri félagsins 1928-1951 og 1954-1956 og í fræðslu- og útbreiðslunefnd TFÍ um tíma. Sat í stjórn styrktarsjóðs TFÍ 1944-1970, sem formaður 1946-1969. Var í skemmtinefnd TFÍ 1952-1959. Sat í stjórn Skandinavíska tannlæknafélagsins 1940-1960. Var meðstofnandi og sat um tíma í stjórn Félags íslenskra kvenstúdenta.

Viðurkenningar: Kjörin heiðursfélagi TFÍ á 40 ára afmæli félagsins 1967 og sæmd heiðursmerki félagsins úr gulli. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit H-19-46.

TONNY MARGRETE MULLER (1916-2009) fædd í Reykjavík, látin í Hafnarfirði. VEFARI. **Foreldrar:** Marie Müller, f. Bertelsen (1886-1963) og Lorentz Holan Müller (1879-1952), forstjóri. **Systkin:** 1. Gerd (1913-1992), 2. Leifur (1920-1988). **M:** 1941, Eðvarð *Kristinn* Guðjónsson (1913-2014), trésmiður. **Börn þeirra:** 1. Tryggvi Anton (1942), 2. Snorri Lorentz (1945), 3. Reynir (1947), 4. Ingvi Guðjón (1950). **Nám:** Lærði myndvefnað í Den kvindelige Industriskole í Ósló 1935 og í Slöjdföreningens Konsthantverksskola í Gautaborg 1936-1937. **Störf:** Stofnaði vefstofu ásamt Ernu Ryel á Laufásvegi 19 í Reykjavík og rak hana til ársins 1941. Sinnti áfram vefnaði. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit M-5-27.

TORFHILDUR HÓLM, f. ÞORSTEINSDÓTTIR (1845-1918) fædd á Kálfafellsstað, Austur-Skaftafellssýslu, látin úr spænsku veikinni í Reykjavík. SKÁLDKONA og ÚTGEFANDI. **Foreldrar:** Guðríður Torfadóttir (1805-1879) og sr. Þorsteinn Einarsson (1810-1877), prestur á Kálfafellsstað. **Systkin:** 1. Ragnhildur (1842-1910). **M:** 1874, Jakob Frederik Holm (1824-1874), verslunarstjóri á Hólanesi nyrðra. **Kjörbarn:** 1. Halldór Bogason Hólm (1904-1952). Erfði eftir Ragnhildi systur sína hús að Ingólfsstræti 18 í Reykjavík og bjó þar frá árinu 1910 til dauðdags ásamt Kristínu Markúsínu Björnsdóttur (1872-1959) og syni hennar Halldóri, sem Torfhildur ættleiddi og bar nafn hennar. **Nám:** Lagði stund á ensku og hannyrðanám í Reykjavík. Sigldi árið 1866 til Kaupmannahafnar og stundaði þar nám í tungumálum og hannyrðum. **Störf:** Fékkst við ritstörf, skrifaði smásögur og skáldsögur og gaf út tímarit. Varðveist hafa blómateikningar eftir hana. Starfaði um tíma sem einkakennari í Reykjavík. Flutti eftir lát manns síns til Vesturheims 1876, bjó þar til 1889 og birtust þar fyrstu smásögur hennar. Varð einn fyrsti Íslendingurinn til þess að gerast atvinnurithöfundur og fyrsti íslenski rithöfundurinn til að skrifa sögulegar skáldsögur. Gaf út bókmenntatímaritið *Draupnir* (1891-1908) og mánaðarritið *Dvöl* (1902-1917). Var fyrst íslenskra kvenna til þess að gefa út og ritstýra tímariti. **Smásögur:** Fyrstu smásögur hennar birtust í vestur-íslenska blaðinu *Framfara* 1878-1979. **Bækur:** M.a. *Brynjólfur Sveinsson biskup: skáldsaga frá 17. öld* (1882), *Sögur og ævintýri* (1884), *Smásögur handa börnum og unglíngum* (1886), *Kjartan og Guðrún* (1886), *Högni og Ingibjörg* (1889), *Elding* (1889), *Barnasögur* (1889), *Jón biskup Arason* (1950). **Viðurkenningar:** Alþingi samþykkti árið 1891 að veita henni skáldalaun, 500 krónur á ári, og var hún fyrsti Íslendingurinn til að fá listamanna-laun. Árið 2017 samþykkti borgarráð Reykjavíkur að gata á svæði Vísindagarða í Vatnsmýrinni í Reykjavík yrði kennd við Torfhildi Hólm og nefnd Torfhildargata. **Jarðsett:** Hólavallagarði, ómerkt gröf (líklega í reit C-7).

TOVE ENGILBERTS, f. FUGMANN (1910-1995) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Reykjavík. LISTAMANNSKONA. **Foreldrar:** Amalie Fugmann og Fredrik Fugmann, byggingameistari í Kaupmannahöfn. **Systkin:** 1. Fritz (1892), 2. Svend (1895), 3. Victor (1898), 4. Ragnhild (1901), 5.

Astrid (1904), 6. Vera (1907). **M:** 1932, Jón Engilberts (1908-1972), listmálari. **Börn þeirra:** 1. Amalie (Amy) (1934-2007), 2. Birgitta (1934-2009). **Nám:** Stundaði teikninám í Iðnskóla Kaupmannahafnar. Kynntist þar Jóni Engilberts. Söðlaði um og fór í húsmæðraskóla fyrir áeggjan Jóns, eftir að hann hafði dag einn kveðið upp úr um hæfileika hennar, eins og segir frá í ævisögu hennar: „Tove mín, ég er hræddur um að þú verðir aldrei listmálari sem eitthvað kveður að.“ **Störf:** Var húsfreyja í Englaborg, húsi við Flókagötu 17 í Reykjavík, sem þau hjón létu reisa árið 1942 og nefndu Englaborg (teiknað af Gunnlaugi Halldórssyni, arkitekt). **Æviminningar:** *Eins manns kona: minningar Tove Engilberts*, höfundur Jónína Michaelsdóttir (1989). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit C-99.

TOVE KJARVAL, f. MERRILD (1890-1958) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Kaupmannahöfn. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Franziska Kathrina Hansen og Mads Christian Merrild, músík-liðsforingi. **M:** 1915, Jóhannes Kjarval Sveinsson (1885-1972), listmálari, skildu 1926. **Börn þeirra:** 1. Aase Kjarval Lökken (1916-2001), 2. Sveinn Kjarval (1919-1981). **Störf:** Fékkst við ritstörf og samdi skáldsögur, smásögur og leikrit. Fluttu til Íslands árið 1922, en snéri aftur til Kaupmannahafnar 1924. Var ritstjóri vikublaðsins *Ude og Hjemme* 1933-1937. Las mikið upp í danska útvarpið. **Bækur:** Á árunum 1917-1945 voru gefin út 17 verk eftir Tove, m.a.: *Mor* (1918), *Fredlös* (1919), *Lille Madonna* (1928) og *Marta og María* (1932). Árið sem hún lést, 1958, kom út sex binda skáldsaga hennar *Stjernene synger – Roman fra København 1800-1857*. Bækur hennar voru þýddar m.a. á sænsku og hollensku. **Jarðsett:** Líklega í Danmörku.

TOVE ÓLAFSSON, f. THOMASEN (1909-1992) fædd í Kaupmannahöfn, látin í Gentofte. MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Agnes Sophie Thomasen, f. Rossing (1881-1971) og Rolf Clemens Thomasen (1877-1958), verksmiðjueigandi. **Alsystkin:** 1. Björn (1907). **Sammæðra systkin:** 2. Ole Thomassen (1919), 3. Lis Rasmussen, f. Thomassen (1922-1976). **M:** 1934, Sigurjón Ólafsson (1908-1982), myndhöggvari, skildu 1955. **Börn þeirra:** 1. Gunna Olafsson Jacobsen (1936), 2. Anette Olafsson Thorup (1952). **Nám:** Stundaði nám hjá myndhöggvaranum Poul B. Olrik 1927 og í Flórens hjá ítalska myndhöggvaranum Aristide Aloisi 1929. Lærði undir stjórn Einars Utzo-Frank við Konunglega danska listaháskólann 1932-1935. **Störf:** Var myndhöggvari. Gerði útilistaverk, lágmyndir o.fl. Bjó á Íslandi 1945-1953, kenndi við Handíða- og myndlistaskólann, en snéri aftur til Danmerkur. **Sýningar og verk:** Sýndi verk sín, m.a. á haustsýningu í Charlottenborg (1934) og samsýning Tove og Sigurjóns í Listamannaskálanum í Reykjavík (1946). Sýnd 25 myndverk úr tré, leir og útiverk úr sérstöku veðurþolnu efni eftir hana á Listahátíð í Reykjavík 1990. Styttan *Maður og Kona* (1948) stendur við Tjörnina í Reykjavík. Lágmyndin *Konur gerðu garðinn*, er í Lystigarðinum við Eyrarlandsveg á Akureyri. **Félagsstörf:** Var fyrsta konan sem gekk í listamannafélagið Kammeraterne í Danmörku. Var félagi í Septemberhópnum sem starfaði árin 1947-1952 og tók þátt í tveimur fyrstu af fjórum sýningum hópsins. **Viðurkenningar:** Hlaut Eckerberg Medal (1948), Kai Nielsens minningarverðlaun (1959) og Tage Brandt styrk (1960). **Jarðsett:** Líklega í Danmörku.

U

UNA GÍSLADÓTTIR (1854-1924) fædd á Stóru-Giljá í Þingi, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. VERT Í UNUHÚSI. **Foreldrar:** Anna María Erlendsdóttir (1827-1855) og Gísli

Sigurðsson (1817-1890), bóndi Skarfhóli í Miðfirði, Vestur-Húnavatnssýslu. **Alsystkin:** 1. Erlendur (1851-1934). **Samfeðra systkin:** 2. Anna *María* (1861-1941). **M:** Guðmundur Jónsson (1851-1899), annaðist lyfjasölu á Blönduósi, síðar í Stykkishólmi og var lyfjasveinn hjá Tvede Apótekara í Reykjavík. **Börn þeirra:** 1. Skúli Sigurður (1877-1893), 2. Björg Friðrikka (1880-1895), 3. María Auður (1885-1906), 4. Anna Margrét (1886), 5. Erlendur Hafsteinn (1892-1947). **Störf:** Flutti ásamt manni sínum til Reykjavíkur 1885 og eignuðust þau hús við Mjósund 8, en byggðu síðan hús við Garðastræti, sem nú er nefnt UNUHÚS og fluttu þar inn árið 1896. Fór að selja (eða gefa) fæði og leigja herbergi í Unuhúsi eftir lát manns síns 1899. Húsið varð griðastaður reykvískra skálda og listamanna þess tíma og þar fóru fram miklar umræður og hugmyndir mótuðust. Þar komu m.a. Stefán frá Hvítadal, Þórbergur Þórðarson, Halldór Kiljan Laxness, Nína Tryggvadóttir, Louisa Matthíasdóttir, Selma Jónsdóttir, Svavar Guðnason og Þorvaldur Skúlason. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit B-41-18.

UNA ÓLAFSDÓTTIR THORODDSEN (1914-2013) fædd í Vatnsdal við Patreksfjörð, látin á Ísafirði. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Ólína Andrésdóttir Thoroddsen (1883-1959) og Ólafur Thoroddsen (1873-1964), útgerðarmaður og bóndi. **Systkin:** 1. Sigríður (1908-1981), 2. Þorvaldur (1909-1984), 3. Svava (1910-1993), 4. Oddur *Birgir* (1911-1969), 5. Einar (1913-1991), 6. Arndís (1915-2004), 7. Bragi (1917-2005), 8. Ólafur (1918-1998), 9. Eyjólfur (1919-2006), 10. Stefán (1922-2014), 11. Auður (1924-2017), 12. Magdalena (1926-2018), 13. Halldóra (1927-2014). **M:** 1942, Jóhann Árni Sigurgeirsson (1911-1987), verslunarmaður. **Barn þeirra:** 1. Kolbrún Sigríður (1945). **Stjúpbarn hennar:** 2. Ingibjörg Sigríður (1933-2012). **Nám:** Stundaði hjúkrunarnám við Hjúkrunarskóla Íslands 1938-1941. **Störf:** Starfaði á Sjúkrahúsi Ísafjarðar 1941-1945 og við afleysingar á Sjúkrahúsi og Elliheimili Ísafjarðar 1945-1950. Var skóla-hjúkrunarfræðingur á Ísafirði 1955-1971 og heilsuverndarhjúkrunarfræðingur á Heilsuverndarstöðinni á Ísafirði 1971-1984. **Jarðsett:** Réttarholtskirkjugarði í Engidal, Ísafirði reit B-II-12.

UNNUR INGEBORG ARNGRÍMSDÓTTIR (1930-2014) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. DANSKENNARI. **Foreldrar:** Henny Othelie Kristjánsson (1899-1967) og Arngrímur Kristjánsson (1900-1959), skólastjóri Melaskólans í Reykjavík. **Systkin:** 1. Áslaug Helga (1934-2023). **M:** Hermann Ragnar Stefánsson (1927-1997), danskennari. **Börn þeirra:** 1. Henný (1952), 2. Arngrímur (1953), 3. Björn (1958). **Nám:** Útskrifaðist frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1947. Lauk danskennaraprófi í Danmörku 1961. **Störf:** Stofnaði Módelssamtökin 1963 og stóð fyrir námskeiðum í framkomu, mannasiðum og tiskusýningum bæði hér á landi og erlendis. Stofnaði Dansskóla Hermanns Ragnars ásamt eiginmanni sínum 1958 og kenndi þar dans um árabíl. **Bók:** *Njóttu lífsins: leiðbeiningar í mannlegum samskiptum* (2007). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Danskennarasambands Íslands. Starfaði í Oddfellowreglunni, stúkunni Sigríði nr. 4, sem yfirmestari auk annarra trúnaðarstarfa. **Viðurkenningar:** Var gerð að heiðursfélaga Danskennarasambands Íslands fyrir brautryðjendastarf. Fékk þakkarviðurkenningu frá Félagi kvenna í atvinnulífinu fyrir starfsferil sinn í atvinnurekstri (2001). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-10-180.

UNNUR ARNÓRSDÓTTIR (1918-2013) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. PÍANÓKENNARI. **Foreldrar:** Margrét Jónasdóttir (1899-1980) og Arnór Guðmundsson (1892-1964), skrifstofustjóri hjá Fiskifélagi Íslands. **Systkin:** 1. Svava (1919-1989), 2. Gyða (1922-2021),

3. Hulda (1928), 4. Inga (1931-2009). **M:** 1938, Bárður Ísleifsson (1905-2000), arkitekt hjá Húsameistara ríkisins. **Börn þeirra:** 1. Arnór (1939-1939), 2. Margrét (1944-1963), 3. Leifur (1948), 4. Finnur (1953-2021). **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi hinu meira frá Gagnfræðaskóla Reykvíkinga 1934. Stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík frá 1934 og lauk þaðan burtfararprófi 1942. Sótti ýmis námskeið innanlands og erlendis í píanókennslu, m.a. kennslu blindra. **Störf:** Kenndi píanóleik við tónlistarskólana í Garðabæ, Hafnarfirði og Keflavík og tók auk þess nemendur í einkakennslu. Var tónlistargagnrýnandi fyrir dagblaðið *Tímann* til fjölda ára. Spilaði við helgihald St. Jósefssystura í Klaustrinu í Garðabæ í mörg ár. Starfaði í nokkur ár hjá Íslenskum heimilisiðnaði við kynningar á íslenskum fatnaði og skartgripum fyrir erlenda ferðamenn. **Félagsstörf:** Tók þátt í starfi Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík í mörg ár. Sat í stjórn Félags tónlistarkennara og í stjórn kvenfélagsins Hringsins þar sem hún var félagi í tæp 50 ár. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit B-9-101.

UNNUR BENEDIKTSDÓTTIR BJARKLIND / Hulda (1881-1946) fædd á Auðnum í Laxárdal, Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. SKÁLD og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Guðný Halldórsdóttir (1845-1936) og Benedikt Jónsson (1846-1939), bóndi á Auðnum í Laxárdal, síðar sýsluskrifari og bókavörður á Húsavík. **Systkin:** 1. Hildur (1875-1968), 2. Aðalbjörg (1879-1964), 3. Bergljót (1883-1960). **M:** 1905, Sigurður Bjarklind Sigfússon (1880-1960), kaupfélagsstjóri á Húsavík. Tóku sér ættarnafnið Bjarklind. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1910-1993), 2. Jón (1913-2002), 3. Benedikt (1915-1963). **Nám:** Lærði hússtjórn og hannyrðir á Akureyri 1901. Lærði íslensku og erlend mál í Reykjavík 1904-1905. **Störf:** Bjó á Húsavík 1906-1935, en flutti síðan til Reykjavíkur. Fékkst við ritstörf og gaf út bæði sögur og ljóð. **Bækur:** M.a. *Kvæði* (1909), *Syngi, syngi svanir mínir* (1916), *Segðu mér að sunnan: kvæði* (1920), „*Berðu mig upp til skýja*“: *ellefu ævintýri* (1930), *Bogga og búálfurinn: barnasaga* (1942), *Í ættlandi mínu: sögur af íslenzku fólki* (1945) og *Svo líða tregar: síðustu kvæði* (1951). Safnrit voru *Gullregn úr ljóðum Huldu*, Karl Kristjánsson tók saman og ritaði formála (1971) og *Hulda. Ljóð og laust mál*, Guðrún Bjartmarsdóttir valdi efnid og skrifaði inngang ásamt Ragnhildi Richter (1990). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-26A-6.

UNNUR EIRÍKSDÓTTIR (1920-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KAUPKONA. **Foreldrar:** Valgerður Kristín Hjartarson Ármann (1891-1972) og Eiríkur Hjartarson (1885-1981), rafvirkjameistari og skógræktarfrömuður. **Systkin:** 1. Margrét (1914-2001), 2. Hlín (1916-2003), 3. Bergljót (1917-1992), 4. Bergþóra (1921-2006), 5. Valgerður Kristín Warrener (1923-2014), 6. Auður (1927-2016), 7. Hjörtur Ármann (1928-2019). **M:** 1946, Örygur Sigurðsson (1920-2002), listmálari. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1946), 2. Malín (1950). **Nám:** Stundaði nám í Æfingadeild Kennaraskólans. Nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík. Lærði ensku og þrjónahönnun í Englandi. **Störf:** Hannaði peysur fyrir Þrjónastofuna Malín sem föðursystir hennar rak. Sigldi til Bandaríkjanna í miðri heimsstyrjöld til þess að kaupa inn raftæki í Þjóðleikhúsið fyrir föður sinn, en hann sá um allt rafmagn í húsið sem þá var í byggingu. Stofnaði Verslunina Storkinn 1953, sem seldi m.a. barnafatnað, og rak hana til ársins 1986 en starfaði þar til 1990. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-18-19.

UNNUR JÓNASDÓTTIR (1923-2010) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Gunnfríður Rögnvaldsdóttir (1884-1969) og Jónas Eyvindsson (1884-1973),

símaverkstjóri. **Systkin:** 1. Ástráður (1906-1908), 2. Sigurður Emil (1914-1922), 3. Jóna Friðbjörg (1909-1994). **M:** 1946, Hermann Hermannsson (1914-1975), forstjóri Sundhallarinnar í Reykjavík. **Barn þeirra:** 1. Gunnfríður (1955). **Nám:** Lauk verslunarskólaprófi frá Verslunarskóla Íslands 1942. Var við nám í Húsmæðraskóla Reykjavíkur í eitt ár. **Störf:** Starfaði við Landsímamann í Reykjavík 1942-1955. Vann frá 1960 hjá SÍBS og síðar Leikfélagi Reykjavíkur. **Félagsstörf:** Starfaði fyrir Sjálfstæðisflokkinn og átti í mörg ár sæti í stjórn Hvatar. Var formaður Lionsklúbbsins Ýrar í Kópavogi frá 1984. Starfaði með Mæðrastyrksnefnd frá 1978 og var formaður nefndarinnar 1981-1999. **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi Hvatar (1997). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2001). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit V-506.

UNNUR JÓNSDÓTTIR (1907-2001) fædd á Egilsstöðum á Völlum, látin í Reykjavík.

LEIKFIMIKENNARI. Foreldrar: Margrét Pétursdóttir (1865-1944) og Jón Bergsson (1855-1924), bóndi og kaupfélagsstjóri á Egilsstöðum. **Systkin:** 1. Sigríður (1888-1888), 2. Þorsteinn (1889-1976), 3. Sigríður (1891-1971), 4. Sveinn (1893-1981), 5. Egill (1894-1983), 6. Ólöf (1896-1985), 7. Bergur (1899-1970), 8. Pétur (1904-1991). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Lauk kennaraprófi frá Paul-Petersen Institut í Kaupmannahöfn í leikfimi, sundi, almennum íþróttum og dansi. Sótti námskeið hjá Nordisk Forbund for Kvindegymnastik í Danmörku 1930, í Finnlandi 1932 og aftur í Danmörku 1934. Átti námsdöl í Stokkhólmi 1947-1948. Sótti nám í Kaupmannahöfn 1965 og 1966 (kynning á kennsluaðferðum). **Störf:** Var leikfimikennari við Austurbæjarskólann í Reykjavík í tæplega hálföld eða 1930-1977 og kenndi auk þess við Kennaraskólann 1929-1932, Kvennaskólann 1929-1930 og hjá KR 1929-1934. Var danskennari í Reykjavík 1929-1932. Kenndi sund á vornámskeiðum í Sundlaugunum á vegum bæjarins 1929-1944 og í sundlaug Austurbæjarskólans 1950-1958. Hannaði silfurbergsskartgripi fyrir konur og karla. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Íþróttafélags kvenna og formaður þess frá stofnun 1934 og til 1947, og kennari þess 1934-1939. Tók virkan þátt í byggingu skíðaskála ÍK í Skálafelli. Stundaði útreiðar, skíðaferðir og silungsveiði. Spilaði á píanó og söng. **Viðurkenning:** Var heiðursfélagi í Íþróttafélagi kvenna. **Jarðsett:** Egilsstaðakirkjugarði, reitur óskráður.

UNNUR ÓLAFSDÓTTIR (1897-1983) fædd í Keflavík, látin í Reykjavík. **HANNYRÐA- og KIRKJULISTAKONA. Foreldrar:** Vigdís Ketilsdóttir (1868-1966) og Ólafur Ásbjarnarson (1863-1943), kaupmaður í Keflavík og síðar í Reykjavík. **Systkin:** 1. Gunnar (1891-1988), 2. Ingveldur (1894-1990), 3. Halldóra (1895-1982), 4. Ásbjörn (1903-1977), 5. Vilborg (1906-1998). **M:** 1921, Óli Magnús Ísaksson (1898-1995), forstjóri. **Nám:** Stundaði nám í Listiðnaðarskóla í Kaupmannahöfn með hléum 1913-1921. **Störf:** Rak hannyrðaverslun í Reykjavík 1921-1927. Starfrækti listsaumaverkstæði ásamt aðstoðarkonum á heimili sínu til æviloka 1983. Kenndi hannyrðir eins og hedebróderí, knipl og kunstbróderí. Vann messuklæði, altarisdúka, altarisöflur og dúka fyrir nokkra tugi kirkna víða um land. **Sýningar:** Sýndi útsaumsverk í Reykjavík (1922, 1923 og 1930) og tók þátt í samsýningu kvenna í Reykjavík (1924). Sýndi veggklæði (415x210) saumað eftir teikningu Tryggva Magnússonar, listmálara, af útskurði Valþjófsstaðarhurðarinnar í Charlottenborg (1930). Hélt einkasýningar á kirkjugripum í Háskólakapellunni (1944, 1947) og í Sjómannaskólanum (1949). Sýndi kirkjulega listmuni í Bogasalnum (1953) og í Háskólakapellunni (1956). **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1983). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-8-12.

UNNUR GUNNARSDÓTTIR SANDE (1938-2020) fædd í Reykjavík, látin í Ósló.

MENNTASKÓLAKENNARI. Foreldrar: Unnur Magnúsdóttir (1913-1983) og Gunnar Guðjónsson (1909-1992), skipamiðlari. **Systkin:** 1. Ragnhildur (1934-2014), 2. Bergljót (1940), 3. Hanna (1942), 4. Magnús (1945). **M:** 1960, Henrik Jan Sande (1935), tannlæknir í Noregi. **Börn þeirra:** 1. Erling (1961-2018), 2. Unnur (1962), 3. Gunnar (1970). **Nám:** Lauk landsprófi. Gekk í hússtjórnarskóla í Danmörku. Lauk námi í hrað- og vélritun við Denson College í Englandi. Lauk háskólaprófi frá Óslóarháskóla í frönsku og nýnorsku. Lauk námi í píanóleik og tónfræði við Tónlistarskólann í Reykjavík og lærði síðar klassískan gítarleik. **Störf:** Starfaði hjá Lýsi hf. í Reykjavík. Starfaði hjá Joachim Grieg skipamiðlun í Ósló. Var menntaskólakennari í frönsku og nýnorsku í Noregi. **Jarðsett:** Ósló.

UNNUR ÁGÚSTSDÓTTIR SCHRAM (1915-2001) fædd í Valhöll á Bíldudal, látin í Reykjavík.

FRAMKVÆMDASTJÓRI. Foreldrar: Jakobína Jóhanna Sigríður Pálsdóttir (1892-1943) og Ágúst Sigurðsson (1886-1943), kaupmaður. **Systkin:** 1. Guðrún *Sigríður* (1914-1990), 2. Arndís (1917-2009), 3. Hjálmar (1920-2008), 4. Páll (1923-1986), 5. Jakob (1926-2012), 6. Hrafnhildur (1934-2019). **Uppeldissystkin:** 7. Kristín *Karólína* Sigurðardóttir (1911-1977), 8. Hrefna Ingibjörg Ormsdóttir (1935-2015). **M1:** 1940, Karl Schram (1899-1963), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Hrafnhildur (1941), 2. Ágúst Jakob (1943). **M2:** 1967, Kjartan Gissur Jónsson (1912-1991), kaupmaður. **Störf:** Var framkvæmdastjóri verslunarinnar Veggfóðrarans 1963-1976. Starfaði sem framkvæmdastjóri Kvennaheimilis Hallveigarstaða um árabíl. **Félagsstörf:** Var formaður Thorvaldsensfélagsins (góðgerðar- og líknarfélag) 1965-1985 og Formaður Bandalags kvenna í Reykjavík 1976-1985. Var virkur félagi í Kvenfélagi Langholtskirkju, Sjálfstæðiskvennafélaginu Hvöt og Oddfellowstúkunni Bergþóru. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1975). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-5-35.

UNNUR STEFÁNSDÓTTIR (1912-2004) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **BÓKBANDSMEISTARI.**

Foreldrar: Sigrún Gestsdóttir (1874-1929) og Stefán Eiríksson (1862-1924), myndskerri. **Systkin:** 1. Gestur (1899-1899), 2. Soffía Sigríður Hjaltalín (1900-1977), 3. Bergljót Aðalbjörg (1900-1977), 4. Katrín Arnar (1902-1997), 5. Eiríkur (1903-1975), 6. Bentína Friðrika (1903-1965), 7. Sigurður (1907-1970), 8. Sigrún Hjördís (1909-1982), 9. Olga (1913-2010). **Nám:** Gekk í Miðbæjarskólann í Reykjavík. Stundaði nám í bókbandi í Félagsbókbandinu í Reykjavík, öðlaðist sveinsbréf í bókbandsíðn 1952 og meistarabréf í sömu iðn 1966. **Störf:** Starfaði í Félagsbókbandinu í yfir 20 ár. Opnaði bókbandsvinnustofu ásamt Bentínu systur sinni að Grjótagötu 4 í Reykjavík 1954 og rak hana til ársins 1999. Batt m.a. inn bækur úr bókasöfnum í einkaeign og bókasöfnum stærstu banka landsins, gjarnan í skinnband með gyllingum. Tók að sér að gera við málverk og myndir, auk þess að gera við gamlar bækur, og má því telja hana fyrsta forvörðinn á Íslandi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit G-30-5.

Ú

ÚLFHILDUR JÓNSDÓTTIR (1610-1694) fædd í Vík, látin í Seltjarnarnesþingum.

KIRKJUSTOFNANDI. Foreldrar: Þórdís Hinriksdóttir (1560) og Jón Oddsson (1570-1641), bóndi í Vík (Reykjavík). **Systkin:** 1. Guðrún „eldri“ (1600), 2. Jarþrúður (1605), 3. Guðrún „yngri“ (1605). **Sammæðra systkin:** 4. Jón (1585), 5. Hinrik (1585-1656), 6. Anna (1594-1684), 7. Guðrún (1595-

1649), 8. Sigríður (1595), 9. Torfi (1598-1665) Erlendsbörn. **M:** Sr. Stefán Hallkelsson (1601-1659), prestur í Seltjarnarnesþingum frá 1630. **Börn þeirra:** 1. Guðrún (1627-1723), 2. Ónefnd (1630), 3. Hallkell (1630-1696), 4. Guðrún (1630), 5. Jón „eldri“ (1635), 6. Jarþrúður (1635), 7. sr. Björn (1636-1717), 8. Guðríður (1639-1728), 9. Hákon (1640-1676), 10. sr. Jón „yngri“ (1643-1718). **Störf:** Var húsfreyja í Breiðholti 1630-1640 og síðan í Nesi við Seltjörn. Rak búið í Nesi eftir lát eiginmanns síns. Lét byggja upp kirkjuna í Nesi úr torfi og með miklu tréverki árið 1675, Úlfhildarkirkju, sem gæti hafa verði útbrotakirkja, en þær voru sjaldgæfar hér (fornt byggingarlag). **Eiður Úlfhildar:** Þann 1.7. 1661 sór Úlfhildur í Nesi eið á Alþingi „fyrir alla menn nema sinn sáluga ektamaka séra Stefán Hallkelsson“. **Jarðsett:** Líklega í Nesi við Seltjörn.

V

[WALTRAUD] **VALA HAFSTEINSSON**, f. BIESOLD (1937-2020) fædd í Kamenz í Þýskalandi, látin í Reykjavík. LYFJAFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Erna Valeska, f. Teichmann (1903-1988) og Erich Biesold (1902-1983). **Systkin:** 1. Ursula Grunwald (1931-2014). **M:** Jón B. Hafsteinsson (1933), skipaverkfræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Ingunn Erna (1962), 2. Hafsteinn Gunnar (1967). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Lyzeum für Mädchen í Eschwege 1957. Lauk námi í lyfjafræði frá Háskóla Íslands 1978. **Störf:** Var ritari hjá Álverinu í Straumsvík og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Starfaði með námi og eftir útskrift í Laugavegsapóteki og Lyfjabúðinni lðunni til ársins 1986. Starfaði hjá Stefáni Thorarensen hf., síðar Thorarensen Lyf ehf., sem markaðsstjóri 1986-2005. Sinnti eftir það afleysingum í apótekum í tvö ár. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-8-14.

[VALGERÐUR] **VALA KRISTJÁNSSON** (1939-2016) fædd í Duisburg í Þýskalandi, látin í Reykjavík. SÖNGKONA, LEIKARI og KENNARI. **Foreldrar:** Martha Papafoti Kristjánsson (1911-2006) og Einar Kristjánsson (1910-1966), óperusöngvari. **Systkin:** Brynja (1941). **M1:** Benedikt Örn Árnason (1931-2014), leikari og leikstjóri. **Börn þeirra:** 1. Einar Örn (1962), 2. Árni (1964). **M2:** Pétur H. Snæland (1938). **Nám:** Lauk stúdentsprófi í Kaupmannahöfn. Tók kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands. **Störf:** Starfaði sem leik- og söngkona við Þjóðleikhúsið 1961-1968, lék m.a. Elizu Doolittle í *My fair Lady* (1961), Yfirflugfreyju/Barokstrák í *Hornakórallinum* (1966) og Hodel í *Fiðlaranum á þakinu* (1968). Var dönskukennari við lðnskólann í Reykjavík, á Bifröst og í Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík. Kenndi einnig nýbúum íslenskt talmál í lðnskólanum. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit V-309.

VALBJÖRG KRISTMUNSDÓTTIR (1910-1997) fædd á Laugalandi við Ísafjarðardjúp, látin á Akranesi. VERKAKONA. **Foreldrar:** Etelríður Pálsdóttir (1882-1963) og Kristmundur Guðmundsson (1874-1944), bóndi. **Systkin:** 1. Steinunn (1904-1975), 2. Magnús *Hjörtur* (1907-1983), 3. Aðalsteinn (1908-1958). **Fósturforeldrar:** Anna *Herdís* Þorsteinsdóttir (1850-1927) og Andrés Brynjólfsson (1848-1922), bóndi. **Barnsfaðir:** Páll Þorleifsson (1892-1950), útvegsbóndi. **Barn þeirra:** 1. Emil Ottó Pálsson (1930-2019). **Störf:** Starfaði við hreingerningar á ýmsum opinberum stofnunum á Akranesi. Vann einnig í frystihúsi og við síldarsöltun. Var fyrsta konan sem las Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Ríkisútvarpið á föstunni árið 1973. **Bók:** *Ég var sett á uppboð: endurminningar, kviðlingar, gamanmál* (1995). **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði reit V-C-55.

VALBORG ELÍSBET BENTSDÓTTIR (1911-1991) fædd á Bíldudal, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUSTJÓRI. **Foreldrar:** Karólína Friðrika Söbeck (1874-1935) og Bent Bjarnason (1876-1951), skrifstofumaður. **Systkin:** 1. Líney (1902-1909), 2. Steinunn Petrónella (1903-1986), 3. Friðrik Ferdinand Söbeck (1906-1908), 4. Emilía (1907-1909), 5. Líney Emilía Friðrika (1909-2003), 6. Bjarni Þorleifs (1913-2009). **M:** 1936, Eiríkur Baldvinsson (1906-2004), kennari og kaupmaður, skildu 1957. **Börn þeirra:** 1. Silja Sjöfn (1937), 2. Edda Völva (1939), 3. Vésteinn Rúni (1945). **Nám:** Tók gagnfræðapróf utan skóla frá Menntaskólanum í Reykjavík. Lauk kennaranámi 1934. Lagði stund á málanám, m.a. hjá Námsflokkum Reykjavíkur, Málaskólanum Mími og Alliance Française. Var í öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð 1971-1972. **Störf:** Vann við verslunar- og skrifstofustörf í Reykjavík og Neskaupstað. Var kennari í Ölfusi, á Hesteyri og í Reykjavík. Hóf störf hjá Veðurstofu Íslands 1946 sem veðurathugunarmaður, síðan ritstjóri *Veðráttunnar* og loks skrifstofustjóri 1953-1981. Annaðist fastan þátt í Ríkisútlitarpinu, *Hin gömlu kynni*, 1974-1979, og flutti útvarpserindi. Birti smásögur, frásagnir, ljóð og þýðingar í blöðum og tímaritum. Gaf út bókmenntatímaritið *Emblu* 1945-1948 ásamt Karólínu Einarsdóttur (Líbu) frá Miðdal og Valdísi Halldórsdóttur. **Bók:** *Til þín: tvisvar átján ástarljóð ásamt sjö sögukornum*, Valgerður Briem myndskreytti (1962). **Stjórnmalastörf:** Var varabæjarfulltrúi í Reykjavík fyrir Framsóknarflokkinn 1958-1962 og sat í barnaverndarnefnd í rúman áratug. Sat í stjórnskipuðum nefndum til að endurskoða skattamál hjóna 1957-1958 og í jafnlaunanefnd 1958-1960. **Félagsstörf:** Var varaformaður Starfsmannafélags ríkisstofnana 1950-1957 og tók þátt í störfum BSRB. Sat í miðnefnd Samtaka hernámsandstæðinga 1960-1962 og stjórn Kvenréttindafélags Íslands. Sat í framkvæmdanefnd kvennafrídagsins 24. október 1975 og orti ljóð kvennafrídagsins *Hvers vegna kvennafrí?* (undir laginu *Frjálst er í fjallasal*). **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Kvenréttindafélagi Íslands og Félagi framsóknarkvenna í Reykjavík. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1982). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-27-17.

VALBORG SIGURÐARDÓTTIR (1922-2012) fædd í Ráðagerði á Seltjarnarnesi, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Ásdís Margrét Þórgrímsdóttir (1883-1969) og Sigurður Þórólfsson (1869-1929), skólastjóri. **Systkin:** 1. Þórgrímur Vídalín (1905-1983), 2. Hrefna (1907-1908), 3. Anna (1908-1996), 4. Guðmundur Axel (1911-1931), 5. Guðrún (1912-1995), 6. Margrét (1914-2002), 7. Aðalheiður (1915-1998), 8. Sigurmar Ásberg (1917-1990), 9. Áslaug (1919-2005). **Samfeðra systkin:** 10. Kristín Lovísa (1898-1971), 11. Margrét (1901-1901). **M:** Ármann Snævarr (1919-2012), háskólafekkari og hæstaréttardómari. **Börn þeirra:** 1. Sigríður Ásdís (1952), 2. Stefán Valdimar (1953), 3. Sigurður Ármann (1955), 4. Valborg Þóra (1960), 5. Árni Þorvaldur (1962). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1941. Stundaði nám í sálfræði við Minnesotaháskóla 1942-1943. Lauk BA-prófi í uppeldis- og sálarfræði frá Smith College, Massachusetts 1944 og MA-prófi þaðan 1946. **Störf:** Var skólastjóri Fóstruskóla Íslands frá stofnun árið 1946 og til 1985. Fékkst við ritstörf. **Bækur:** *Myndsköpun barna* (1989), *Leikur og leikuppeldi* (1991) og *Íslenska menntakonan verður til* (2005). **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi í Fóstrufélagi Íslands og Sálfræðingafélagi Íslands. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1972) og Stórriddarakrossi (1986). Kjörin heiðursdoktor við Kennaraháskóla Íslands (2002). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit C-4-269.

VALDÍS MARÍA VALDIMARSDÓTTIR (1924-2013) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. SKIPSÞERNA. **Foreldrar:** Elísabet Jónsdóttir (1898-1977) og Valdimar Þorvaldsson (1898-1983), sótari. **Systkin:** 1. Karl Kristinn (1918-2008), 2. Engilbert Ragnar (1919-2003), 3. Júníus Halldór (1920-1987), 4. Gyða (1922-1998), 5. Sólveig Steina Bergstað (1925-2008). **M:** 1956, Birgir Blöndal Guðmundsson (1922-1962), bryti. **Börn þeirra:** 1. Anna Fanney (1947), 2. Jónína Birna (1953), 3. Ragnar (1954), 4. Kristbjörg María (1959), 5. Sigurður (1960), 6. Birgir (1962). **Nám:** Stundaði nám í Ingimarsskóla, Húsmæðraskóla Reykjavíkur og Veitinga- og þjónaskólanum. **Störf:** Starfaði við Félagsprentsmiðjuna 1940-1947 og Gutenberg 1947-1959. Var matræðs- og ræstingakona við Álftamýrarskóla á árunum 1963-1972. Var skipsþerna á Selfossi 1964-1966, þjónn á Gullfossi 1966-1973 og síðan þerna á Skógafossi 1973-1980, Eyrarfossi 1981-1990 og Laxfossi 1990-1994. **Viðurkenningar:** Heiðruð af Sjómannadagsráði Íslands á sjómannadaginn 1994 og einnig sæmd Gullmerki Eimskipafélags Íslands fyrir störf sín. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit J-18-8.

VALGERÐUR LÁRUSDÓTTIR BRIEM (1885-1924) fædd á Grund á Eskifirði, látin á Akranesi. SÖNGKONA, TÓNSKÁLD og TÓNLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Kristín Katrín Pétursdóttir (1850-1940), orgelleikari, og sr. Lárus Halldór Halldórsson (1851-1908), fríkirkjuprestur og alþingismaður. **Systkin:** 1. Sigríður (1877-1879), 2. Halldór (1878-1878), 3. Guðrún (1880-1938), 4. Halldór (1881-1903), 5. Pétur (1882-1952), 6. Gunnþórunn (1890-1891). **M:** 1910, sr. Þorsteinn Briem (1885-1949), prestur og alþingismaður. **Börn þeirra:** 1. Kristín Valgerður (1911-1994), 2. Halldóra Valgerður (1913-1993), 3. Valgerður (1914-2002), 4. Guðrún Lára (1918-1996), 5. Ólöf Ingibjörg (1923-1923). **Nám:** Nam söng við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn 1905-1908, með styrk frá Alþingi. **Störf:** Hélt einsöngstónleika og var meðal allra fyrstu söngkonum hérlendis til að gera það. Kenndi á heimili sínu söng, píanóleik og orgelleik auk tónfræði. Var húsfreyja í Görðum á Álftanesi, á Hrafnagili í Eyjafirði, Mosfelli í Grímsnesi og Görðum á Akranesi. Stofnaði fyrsta íslenska kvennakórinn, Gígjurnar, veturinn 1904-1905 og kvennakór innan KFUK 1908. Samdi ljóð og lög. Árið 1910 birtist eftir Valgerði lagið *Um kvöld* í lagasafninu *Organtónum* sem Brynjólfur Þorláksson organisti tók saman. **Jarðsett:** Akraneskirkjugarði.

VALGERÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR BRIEM (1914-2002) fædd á Hrafnagili í Eyjafirði, látin í Reykjavík. MYNDLISTARMAÐUR og MYNDLISTARKENNARI. **Foreldrar:** Valgerður Lárusdóttir Briem (1885-1924), söngkennari, og sr. Þorsteinn Ólafsson Briem (1885-1949), prestur á Akranesi. **Systkin:** 1. Kristín Valgerður (1911-1994), 2. Halldóra Valgerður „Dódó“ (1913-1993), 3. Guðrún Lára (1918-1996), 4. Ólöf Ingibjörg (1923-1923). **M:** 1942, Bergur Guðmundur Pálsson (1914-1984), deildarstjóri. **Börn þeirra:** 1. Páll Ólafur (1942), 2. Valgerður, myndlistarmaður (1943), 3. Þorsteinn (1956). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1934. Stundaðir nám í ýmsum listgreinum, m.a. myndlist hjá Birni Björnssyni og Þorvaldi Skúlasyni og í myndvefnaði hjá Vigdísí Kristjánsdóttur 1933-1940. Var við nám í myndlist og myndlistarkennslu við Konstfack-skólann í Stokkhólmi 1945-1947. **Störf:** Var myndmenntakennari við Austurbæjar-skólann í Reykjavík 1934-1959. Kenndi árin 1947-1972 við Handíða- og myndlistaskólann (frá 1965 nefndur Myndlista- og handíðaskóli Íslands) og var stundakennari við Kennaraskóla Ísland 1963-1965 og 1967-1968. Kenndi hjá Heimilisíðnaðarfélagi Íslands 1968-1970. Var prófdómari við Kennaraskóla Íslands. Sat í námskrárnefndum á vegum menntamálaráðuneytisins. Vann að

eigin myndlistarsköpun jafnhliða öðrum störfum. Safn verka hennar er varðveitt í Gerðarsafni í Kópavogi. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-9-104.

VALGERÐUR BIRNA ÁRNADÓTTIR HAFSTAÐ / VALA ÉNARD HAFSTAÐ (1930-2011) fædd í Vík í Skagafirði, látin í Reykjavík. MYNDLISTARMAÐUR. **Foreldrar:** Ingibjörg Sigurðardóttir (1893-1932) og Árni Hafstað (1883-1969), bóndi í Vík. **Alsystkin:** 1. Árni (1915-1994), 2. Sigurður Hersteinn (1916-2003), 3. Páll Steinþór (1917-1987), 4. Steinunn Alda (1919-2005), 5. Jón Haukur (1920-2000), 6. Ingibjörg Erla (1921-2000), 7. Sigmar Halldór (1924-2023), 8. Margrét Sigríður (1925-1926), 9. Sigríður Margrét (1927), 10. Guðbjörg (1928-1966). **Samfeðra systkin:** 11. Ragnar Örn (1921-2005). **M:** 1958, André Énard (1926-2010), listmálari. **Börn þeirra:** 1. Árni Olivier (1960), 2. Grímur André (1962), 3. Halldór Yves (1964). **Nám:** Lærði myndlist í Handíða- og Myndlistaskólanum og við Akademi for fri og merkantil kunst í Kaupmannahöfn. Fór til Parísar 1951 og lærði málun og mosaik við Académie de la Grande Chaumière og Atelier Severini. **Störf:** Fékkst við list sína í Frakklandi og New York og gjarnan kennslu samhliða. **Listaverk:** Eftir Valgerði liggur fjöldi málverka, einnig mósaíkmyndir, brúður, vírastrúktúrar og listvefnaður. Gerði steinda glugga í Atelier Barrilet í París og kirkjuna á Tjörn í Svarfaðardal. Gerði veggskreytingar í Héraðsskólanum í Varmahlíð. **Sýningar:** Hélt bæði einkasýningar og tók þátt í samsýningum hér á landi, í Bandaríkjunum og Evrópu. Fyrsta sýning hennar var samsýning með Gerði Helgadóttur í Galerie La Rouge í París (1957). **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

VALGERÐUR HELGADÓTTIR (1901-2001) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. YFIRHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Oddrún Sigurðardóttir (1878-1969) og Helgi Magnússon (1872-1956), járnsmiður og kaupmaður. **Systkin:** 1. Sigurður (1904-1989), 2. Magnea *Katrín* (1906-2005), 3. Sigríður (1907-1930), 4. Torfhildur (1909-1998), 5. Ingibjörg Jóna (1910-1991), 6. Oddur Helgi (1912-1986), 7. Jakobína Arnetta (1914-1931), 8. Magnús (1916-2000), 9. Viggó (1918-1922), 10. Jóhanna Katrín (1920-2002), 11. Viggó (1923-1980). **Nám:** Lauk hjúkrunarnámi við Bispebjerg Hospital í Kaupmannahöfn 1931. Stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn og síðar í Austurríki, Svíþjóð, á Englandi og víðar. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Vífilsstaðaspítala 1932, Landspítala 1932-1934, yfirhjúkrunarkona á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 1934-1937 og Skörping Sanatorium í Danmörku 1939-1940. Starfaði sem yfirhjúkrunarkona á Reykjalundi frá stofnun 1945 til 1961. **Félagsstörf:** Var ritstjóri *Tímarits Félags íslenskra hjúkrunarkvenna* og sat nefndarfundi í Samvinnu hjúkrunarkvenna á Norðurlöndum (SSN). **Viðurkenningar:** Var heiðursfélagi SÍBS og ævifélagi í Rauða krossi Íslands. Hlaut heiðurspening forseta Íslands (1956) og sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1987). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-23-18.

VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR (1771-1856) fædd á Seljalandi undir Vestur-Eyjafjöllum, látin á Görðum í Garðahreppi, Gullbringusýslu. BISKUPSFRÚ og FJÁRFESTIR. **Foreldrar:** Sigríður Þorsteinsdóttir (1748-1824) og Jón Jónsson (1740-1788), sýslumaður á Móeiðarhvoli Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. **Systkin:** 1. Þorsteinn (1773-1795), 2. Margrét (1776-1857), 3. Guðbrandur (1777-1857), 4. Jón (1779-1842), 5. Ragnheiður (1782-1859). **M1:** 1789, Hannes Finnsson (1739-1796), biskup í Skálholti (keypti Skálholt, þ.m.t. kirkjuna, eftir að Skálholtsstóll var lagður niður 1785). **Börn þeirra:** 1. Jón (1792-1848), 2. Ólafur (1793-1836), 3. Þórunn Thorsteinson (1794-1886), 4. Sigríður (1795-1869). **M2:** Steingrímur Jónsson (1769-1845), biskup í Reykjavík. **Barn þeirra:** 5. Hannes Steingrímsson Johnsen (1809-1885). **Störf:** Stóð fyrir

kirkjubyggingu í Skálholti, stundaði fjárfestingar og rak útgerð. Fékk 100 ríkisdali á „náðarári“ í ekkjudómi sínum eftir lát Hannesar. Keypti jarðir fyrir þá fjármuni auk styrks frá móður sinni. Eignaðist á árunum 1796-1806 um 22 jarðir og átti þar að auki rekaítök á 10 rekafjörum austan úr Örafum og vestur á Strandir. Helstu jarðeignir hennar voru m.a.: Brimilsvellir á Snæfellsnesi, Haukatunga í Mýrasýslu, Þyrill í Hvalfirði, Krókur og Hof á Kjalarnesi, Engey og Laugarnes við Reykjavík, Járngerðarstaðir og Gljáhús í Grindavík, Skálholt, Úthlíð, Drumboddsstaðir í Biskupstungum og Hæringsstaðir í Flóa. Átti á Járngerðarstöðum í Grindavík einnig verbúðir, báta og reka. Gerði þaðan út þrjá báta og einn frá Þorlákshöfn. **Valgerðarkirkja:** Hóf sumarið 1801 byggingu Valgerðarkirkju í Skálholti sem var með stærstu kirkjum landsins og stóð til 1851 (Skálholtskirkja var svo illa farin um aldamótin 1800 að hana varð að taka niður, sbr. úttekt). **Handrit:** Árið 1846 seldi Valgerður Landsbókasafni handritasafn sitt, en átti sem ekkja tveggja biskupa eitt stærsta og verðmætasta handritasafn 19. aldar. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit 311.

VALGERÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR (1836-1917) fædd á Hálsi í Fnjóskadal, látin á Bægisá. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Valgerður Jónsdóttir (1808-1853) og sr. Þorsteinn Pálsson (1806-1873), prestur. **Systkin:** 1. Kristín *Halldóra* (1837-1875), 2. Þuríður *Hólmfríður* (1839-1904), 3. Sigríður (1841-1924), 4. Jón (1849-1930). **M:** 1865, sr. Gunnar Jóhann Gunnarsson (1839-1873), prófastur. **Barn þeirra:** 1. Jóhanna *Valgerður* (1873-1957). **Nám:** Dvaldi í Danmörku 1878-1879 til þess að kynna sér skólamál. **Störf:** Var skólastjóri Kvennaskólans á Laugalandi í Eyjafirði 1877-1878 og 1879-1896. Rak auk þess allstórt bú á vegum skólans og stjórnaði því. **Jarðsett:** Bægisáarkirkjugarði, reitur óskráður.

VALGERÐUR GUÐRÚN MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR (1927-2009) fædd á Ísafirði, látin í Reykjavík. GJALDKERI og BÓKAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Elísabet Jónína Ingimundardóttir (1897-1940) og Þorsteinn Arnór Arnórsson (1893-1962), skipstjóri. **Systkin:** 1. Valmundur Jón (1915-1998), 2. Þórður Arnór Salómon (1921-1949), 3. Hulda Valdís (1924-1974), 4. Gunnfinna Sesselja (1932). **M:** 1951, Jón Helgason (1929-2007), rafveitustjóri. **Börn þeirra:** 1. Þorsteinn Arnór (1951), 2. Helgi (1953), 3. Þórður (1958). **Nám:** Stundaði flugnám hjá flugskólanum Cumulus á Reykjavíkurflogvelli 1945-1946. Hlaut íslenskt flugskírteini 17.8.1946, einna fyrst íslenskra kvenna. Lauk námi frá Húsmæðraskóla Herdísar og Ingileifar Benediktzen 1948. **Störf:** Var talsímavörður hjá Landsíma Íslands 1948-1951. Fékkst við verslunarstörf og var bókaforður hjá Borgarbókasafninu 1968-1972. Starfaði hjá Landsbanka Íslands 1972-1991, fyrst sem gjaldkeri en síðustu árin sem bókaforður í aðalbankanum við Austurstræti. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-3-9.

VALGERÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR (1871-1957) fædd að Traðarholti í Stokkseyrarhreppi, látin í Reykjavík. GESTGJAFI. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1831-1881) og Þórður Þorvarðsson (1840-1906), bóndi og formaður í Traðarholti. **Systkin:** 1. Jón (1864-1944), 2. Hallgrímur (1866), 3. Jóhanna (1867-1918), 4. Þórður (1870-1895). **Samfeðra systkin:** 5. Ástríður (1888-1963). **Barnsfaðir:** Gunnlaugur Björnsson (1876-1917), bakameistari. **Börn þeirra:** 1. Áslaug (1900-1980), 2. Guðríður (1902-1981). **M:** 1907, Sigurður Daníelsson (1868-1935), bóndi og gestgjafi. **Störf:** Starfaði á Gistihúsinu á Kolviðarhóli frá 1901. Vorið 1907 keyptu Valgerður og Sigurður Kolviðarhól og ráku þar bú og gistihús til ársins 1935, en eftir lát Sigurðar seldi Valgerður

Kolviðarhól en bjó þar og rak gistipjónustu til ársins 1942. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1944). **Jarðsett:** Heimagrafreiti, Kolviðarhóli.

VIÐÍ BJÖRNSDÓTTIR (1921-2005) fædd á Kletti í Reykholtssdal, Borgarfirði, látin í Reykjavík. HANDAVINNUKENNARI og FORVÖRÐUR. **Foreldrar:** Andrína Guðrún Kristleifsdóttir (1899-1985) og Björn Gíslason (1893-1970), bóndi. **Systkin:** 1. Andrína Guðrún (1923-1996), 2. Ástríður Elín (1928), 3. Nanna (1931-2000), 4. Kristín (1934), 5. Gíslí (1935-1991), 6. Kristfríður (1940). **M1:** Rögnvaldur Sveinbjörnsson (1910-1967), íþróttakennari. **M2:** 1976, Tómas Helgason (1918-2011), húsvörður. **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1941 og handavinnu-kennaraprófi frá Haandarbejðets Fremmes Skole í Kaupmannahöfn 1955. Lærði handrita-viðgerðir hjá Roger Powell og Peter Waters sem ráku einkastofu í Suður-Englandi. **Störf:** Var kennari við Laugarnesskóla í Reykjavík 1941-1964. Starfaði við handritaviðgerðir á Þjóðskjalasafni 1964-1979 og var gæslumaður við Ásgrímssafn 1981-1987. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði, duftgarði reit A-2-68.

VIÐÍ JÓNSDÓTTIR (1917-2008) fædd í Deildartungu, Reykholtssdal Borgarfirði, látin í Borgarnesi. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Sigurbjörg Björnsdóttir (1886-1984) og Jón Hannesson (1885-1953), bóndi. **Systkin:** 1. Hannes (1914-2005), 2. Björn (1915-1978), 3. Andrés (1919-2008), 4. Sveinn Magnús (1922-1939), 5. Soffía Guðbjörg (1925-1998), 6. Ragnheiður (1928-2020), 7. Guðrún (1931-2020). **Sambýlismaður:** Teitur Benediktsson (1931-2008), menntaskólakennari. **Nám:** Var við nám í Reykholtsskóla 1933-1935 og Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi 1939-1940. Lauk húsmæðrakennaraprófi 1944. Sótti sér reglulega endurmenntun bæði heima og erlendis. **Störf:** Kenndi við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1944-1946. Var skólastjóri Húsmæðraskólans á Varmalandi, Stafholtstungum, Mýrasýslu 1946-1961 og skólastjóri Hússtjórnarkennaraskóla Íslands 1961-1981. **Félagsstörf:** Var virkur félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur um áratuga skeið og formaður klúbbsins 1967 og 1979. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1992). **Jarðsett:** Reykholtskirkjugarði.

VIÐÍ KRISTJÁNSDÓTTIR (1904-1981) fædd á Korpúlfsstöðum, Mosfellssveit, látin í Reykjavík. LISTMÁLARI og MYNDVEFARI. **Foreldrar:** Sveinsína *Rannveig* Þórðardóttir (1865-1905) og Kristján Magnússon (1874-1923), bóndi á Korpúlfsstöðum. **Uppeldismóðir:** Kristín *Sigríður* Þórðardóttir, móðursystir hennar (1870-1944), rak mjólkur- og brauðsölu í Reykjavík. **Systkin:** 1. Þorsteinn (1901-1993), 2. Margrét Kristín (1903-1977). **M:** 1937, Árni Einarsson (1870-1957), kaupmaður. **Nám:** Var í Landakotsskóla. Sótti teikninámskeið hjá Stefáni Eiríkssyni, Ríkharði Jónssyni og Guðmundi Thorsteinson og einnig Jóhanni Briem og Finni Jónssyni. Sótti námskeið í almennum vefnaði hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands 1929. Stundaði píanónám í Reykjavík og Þýskalandi 1930-1931. Var í námi við Handíða- og myndlistaskólann 1935-1938 og Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster, Danmörku 1946-1948. Nam frá 1949 góbelinvefnað á verkstæði Thordis Eilertsen, góbelinvefara í Kaupmannahöfn. Lærði myndvefnað við Statens Kvinnelige Industriskole í Ósló 1953-1956. **Störf:** Kenndi teikningu í nokkur ár við Kvennaskólann í Reykjavík og síðar myndvefnað við Handíða- og myndlistaskólann. Fékkst við myndlist og vann verk sín einkum úr íslensku bandi, en einnig með olíu og vatnslitum. Hafði listvefnað að aðalstarfi frá 1952. Flutti erindi og skrifaði greinar um listvefnað og jurtalitun. Myndskreytti bækur og tímarit. **Sýningar:** Tók þátt í sýningum Listvinafélagsins (1924, 1927). Átti glitofin verk

á Landssýningunni 1930 og verk á vorsýningu í Charlottenborg (1949). Hélt margar einkasýningar, m.a. í Bogasalnum *Gobelin og málverk* (1952), *Vefnaðarlist og vatnslitastúdíur* (1965) og yfirlitssýningu (1969). Tók þátt í öðrum sýningum íslenskra myndlistarmanna og í listiðnaðarsýningum kvenna. **Verk í opinberri eigu:** M.a. í Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands, Listasafni ASÍ og Lágafellskirkju. Óf tvö stór verk eftir frummyndum Jóhanns Briem sem lengi prýddu fundarsal borgarstjórnar Reykjavíkur, *Landnám* (1961), unnið að frumkvæði Bandalags kvenna og gjöf til Reykjavíkurborgar, og *Landnám II*, unnið að beiðni Þjóðhátíðarnefndar Reykjavíkurborgar (1974). **Jarðsett:** Lágafellskirkjugarði reit C-101.

VIÐÍS MAGNÚSDÓTTIR (1931-2009) fædd í Hafnarfirði, látin í Hafnarfirði.

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR og FORSTJÓRI. **Foreldrar:** Sigríður E. Erlendsdóttir (1896-1990) og Magnús Snorrason (1892-1938), skipstjóri. **Systkin:** 1. Snorri Kristinn (1924-1992), 2. Elín Gróa (1925-1947). **Nám:** Lauk námi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1956. Var við nám og störf á Presbyterian St. Lukes í Chicago í Bandaríkjunum 1958-1960. Stundaði framhaldsnám í spítalastjórnun við Norges Høyere Sykepleieskole, Ósló í Noregi, og lauk þaðan námi 1972. **Störf:** Var hjúkrunarfræðingur á skurðstofu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 1961-1970 og á skurðstofu St. Jósefsspítala í Kaupmannahöfn 1967. Var aðstoðarforstöðukona Landspítala 1970-1973, hjúkrunarforstjóri Landspítala 1973-1995 og forstjóri Landspítalans 1995-1999. Vann síðustu starfsárin við hjúkrun á Sjúkrahótel Rauða kross Íslands. Kenndi stjórnun í Hjúkrunarskóla Íslands og Nýja hjúkrunarskólanum. **Félagsstörf:** Var í skólanefnd Hjúkrunarskóla Íslands um árabil. Sat í stjórn Krabbameinsfélags Íslands 1973-1999 og í stjórn Minningargjafasjóðs Landspítala 1988-2008. Var ein af brautryðjendum Kristilegs félags heilbrigðiskvenna 1952, formaður félagsins 1964-1970, í stjórn Kristilegs félags heilbrigðisstétta og formaður 1990-2003 og síðan varaformaður félagsins. Var um árabil leiðandi í æskulýðsstarfi KFUM og K í Hafnarfirði. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2006). **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit A-21-1.

VIÐÍS PÁLSDÓTTIR (1924-2016) fædd á Hólum í Hjaltadal, látin í Reykjavík.

HANDAVINNUKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Hannesdóttir (1881-1963) og Páll Zóphóníasson (1886-1964), skólastjóri, búnaðarráðunautur, alþingismaður og búnaðarmálastjóri. **Systkin:** 1. Unnur (1913-2011), 2. Zóphónías (1915-2011), 3. Páll Agnar (1919-2003), 4. Hannes (1920-2015), 5. Hjalti (1922-2002). **M:** 1951, Baldvin Halldórsson (1923-2007), prentari, leikari og leikstjóri. **Börn þeirra:** 1. Páll Baldvin (1953), 2. Inga Lára (1956), 3. Guðrún Jarprúður (1960). **Nám:** Lauk þremur bekkjum í Menntaskólanum í Reykjavík. Stundaði hússtjórnarnám á Laugalandi 1942-1943. Var í fyrsta hópi handavinnukennara sem útskrifaðist úr Handiðaskóla Lúðvíks Guðmundssonar og Kurt Zier 1949. **Störf:** Starfaði við skrifstofustörf um tíma og í Útvegsbankanum í nokkur ár. Starfaði um skeið frá 1949 við útsaum og kjólaskreytingar á saumastofu Feldsins í Reykjavík. Var kennari við handavinnudeild Kennaraskóla Íslands árin 1964-1989. **Félagsstörf:** Starfaði um áratugaskeið á vettvangi Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Vann þar að stofnun tímaritsins *Hugur og hönd* og sinnti efni þess og útlit í nær tvo áratugi. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-27-10.

VIÐÍS VALGERÐUR TORFADÓTTIR (1884-1969) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

SAUMAKONA. **Foreldrar:** Sigríður Pétursdóttir (1859-1925) og Torfi Þórðarson (1850-1908),

fiskmatsmaður. **Nám:** Hóf árið 1900 nám í karlmannafatasáumi hjá Andersen klæðskera við Kirkjustræti í Reykjavík. **Störf:** Starfaði við sauma á Verkstæði Andersens og síðar hjá Vigfúsi Guðbrandssyni klæðskera. Stundað iðn sína nær óslitið í 36 ár. Starfaði einnig við fatavörslu hjá Leikfélagi Reykjavíkur í lðnó á árunum 1918-1950 og síðan í Þjóðleikhúsinu. Vann einnig við fatavörslu hjá Alþingi í 33 ár. Hætti störfum árið 1967 þá 82 ára. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi kvenfélagsins Hringsins og stofnfélagi Guðspekifélagsins. Var félagi í Góðtemplarareglunni frá 1890. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit R-506.

VIKTORÍA BJARNADÓTTIR (1888-1963) fædd í Vindheimum í Tálknafirði, látin í Reykjavík. IÐNREKANDI. **Foreldrar:** Jónína Eiríksdóttir (1847-1930) og Bjarni Friðriksson (1863-1952), skipstjóri. **Systkin:** 1. Eiríkur (1885-1981), 2. Aðalbjörn (1889-1917). **M:** 1906, Sigurgarður Sturluson (1867-1932), bóndi og kennari. **Börn:** 1. Bjarni Eysteinn (1906-1907), 2. Kristinn Gunnar Hólm (1907-2001), 3. Bjarney Jóna Hólm (1908-1995), 4. Guðrún Fanney Hólm (1910-1986), 5. Laufey Hólm (1911-1988), 6. Bergþóra (1912-1984), 7. Ásdís Hólm (1914-1915), 8. Aðalheiður Pálína Hólm (1915-2005), 9. Bjarni Hólm (1916-1995), 10. Aðalbjörg María Hólm (1918-1920), 11. Þorgeir Hólm (1919-1920), 12. Ásgeir Björgvin Hólm (1921-1974). **Störf:** Fékkst við ýmiss konar fyrirtækjarekstur. Keypt prjónavél 1929 og prjónaði fyrir fólk. Flutti árið 1932 með fjölskyldu sína frá Tálknafirði til Reykjavíkur og hélt þar áfram að prjóna á eina vél. Stofnaði Prjónastofuna lðunni 1934 og rak hana til ársins 1950. Kenndi einnig fólk á Husqvarna-prjónavélar. Fyrirtækið var fyrst til húsa við Lækjargötu 6A í Reykjavík, flutti 1935 á Hverfisgötu 4, þá að Laugavegi 7 og síðast að Fríkirkjuvegi 11. Stofnaði Gólfreglaggerðina í kjallaranum á Fríkirkjuvegi 11 árið 1939, lét smíða vefstóla úr rekaviði austan undan Eyjafjöllum, en skeiðarnar voru smíðaðar erlendis. Opnaði verslunina Þórelfi á Bergstaðastræti 1 í Reykjavík 1944 og verslaði þar með vefnaðar- og snyrtivörur. Stofnaði ásamt fleirum fyrirtækið Sunnu hf. árið 1955 til að reka vinnustofur fyrir öryrkja og aldraða. Sunna hf. festi kaup á eignum fyrirtækja hennar með öllum vélum. Vinnustofan hóf starfsemi í ársbyrjun 1956 og var þar annars vegar rekin saumastofa og hins vegar prjónastofa. **Æviminningar:** *Endurminningar Viktoríu: „Vökustundir að vestan“* (1958). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit A-32-19.

VILBORG HARÐARDÓTTIR (1935-2002) fædd í Reykjavík, látin við Snæfell. BLAÐAMAÐUR og RITSTJÓRI. **Foreldrar:** Ragnheiður Sveinsdóttir (1900-1987), ritari, og Hörður Gestsson (1910-1975), bílstjóri. **Systkin:** 1. Helga (1936-2016). **M:** 1954, Árni Hlíðdal Björnsson (1932), þjóðháttufræðingur, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Mördur (1953), 2. Ilmur (1958), 3. Dögg (1964). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1955. Lauk BA-prófi í ensku og norsku, auk kennslufræði frá Háskóla Íslands 1962. Stundaði nám í bókmenntum við Freie Universität í Vestur-Berlín 1964. **Störf:** Fékkst við skrifstofustörf með námi 1955-1956 og 1958-1959. Var blaðamaður hjá *World Student News* í Prag 1957. Starfaði sem blaðamaður við *Þjóðviljann* með hléum 1960-1979, fréttastjóri þar 1979-1981, ritstjóri *Sunnudagsblaðs Þjóðviljans* 1974-1975 og Jafnréttissíða blaðsins 1973-1976. Var ritstjóri *Norðurlands* á Akureyri 1976-1977 og 1978. Sinnti starfi kynningar- og útgáfustjóra lðntæknistofnunar 1981-1988 og sá um fréttabréf lðntæknistofnunar, *Púlsinn*, 1983-1988. Var skólustjóri Tómskundaskólans 1988-1992. Var framkvæmdastjóri Félags Íslenskra bókaútgefenda 1992-2002 og ritstjóri *Íslenskra bókatíðinda* 1993-2001. Tók fjölda ljósmynda. **Stjórnmalastörf:** Var alþingismaður Reykvíkinga 1975-1976 og varalþingismaður Reykvíkinga 1978 fyrir Alþýðubandalagið. Skipuð í nefnd til endurskoðunar

tryggingakerfisins 1975. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar árið 1970. Var fulltrúi í sendinefnd Íslands á Kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Mexíkóborg 1975. **Bók:** *JÁ, ég þori, get og vil, kvennafrídagurinn 1975, Vilborg og allar konurnar sem bjuggu hann til*, höfundur Hildur Hákonardóttir (2005). **Ljósmyndasafn:** Haustið 2015 var sýnt í Þjóðminjasafni Íslands úrval ljósmynda Vilborgar frá því hún var blaðamaður á *Þjóðviljanum* á árunum 1963-1981 undir heitinu *Blaðamaður með myndavél*. Myndasafn hennar var afhent Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-223.

VILBORG RUNÓLFSDÓTTIR (1884-1965) fædd í Ásgarði í Landbroti, látin í Reykjavík. **MATSELJA.** **Foreldrar:** Vilborg Ásgrímsdóttir (1857-1946) og Runólfur Árnason (1853-1897), bóndi. **Systkin:** 1. Ásgrímur (1882-1901), 2. Sigríður (1885-1962). 3. Ragnhildur (1886-1963). **M:** 1910, Árni Eiríksson (1868-1917), kaupmaður og leikari. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Svava (1908-1993), 2. Gunnar (1912-1983), 3. Þóra (1914-1996), 4. Laufey (1916-1996). **Nám:** Lærði fatasaum í Reykjavík. Fór til Kaupmannahafnar og lærði þar matreiðslu á veitingahúsinu Skydebanen, sem þótti í fremstu röð þar í borg. **Störf:** Fékkst við fatasaum um tíma. Leigði út herbergi í húsi sínu að Vesturgötu 18 í Reykjavík frá 1920 og rak einnig matsölu þar til ársins 1942. Vilborg seldi Vesturgötu 18 árið 1942 og flutti þá í nýbyggt hús á Reynimel 58 með sex íbúðum sem hún hafði látið byggja. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit Z-308.

VILBORG SIGURÐARDÓTTIR (1929-2009) fædd í Grímsey, látin á Akureyri. **LJÓSMÓÐIR,** **SÍMSTÖÐVARSTJÓRI** og **VEÐURATHUGUNARMAÐUR.** **Foreldrar:** Kristjana Jóna Þorkelsdóttir (1900-1992) og Sigurður Kristinsson (1894-1937), sjómaður. **Systkin:** 1. Þorlákur (1932-2011), 2. Þorkell Árni Kristmann (1934). **M:** Bjarni Reykjalín Magnússon (1930-2021), vélstjóri og hreppstjóri. **Börn þeirra:** 1. Siggerður Hulda (1952), 2. Sigurður Ingi (1956), 3. Kristjana Bára (1957), 4. Magnús Þór (1963), 5. Bryndís Anna (1969). **Nám:** Lærði til ljósmóður. **Störf:** Var ljósmóðir í Grímsey 1950-1993 (fyrsta lærða ljósmóðirin á staðnum) og símastöðvarstjóri 1950-1999, en jafnframt veðurathugunarmaður árin 1950-2000. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Kvenfélagsins Baugs í Grímsey. **Viðurkenning:** Útnefnd heiðursfélagi í Kvenfélaginu í Grímsey. **Jarðsett:** Miðgarðakirkjugarði í Grímsey.

VILBORG SIGURÐARDÓTTIR (1939-2020) fædd á Kópaskeri, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Halldóra Friðriksdóttir (1903-1985), skólastjóri Núpaskóla, og Sigurður Björnsson (1909-1971), kennari og oddviti. **Systkin:** 1. Guðrún (1933-2015), 2. Björn (1936-2008), 3. Sigurlaug (1940-1990). **M1:** 1963, Ólafur Jónsson (1936-1984), blaðamaður og ritstjóri, skildu 1976. **Börn þeirra:** 1. Jón (1964), 2. Halldór (1966). **M2:** 1992, Vikar Pétursson (1944), verkfræðingur. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960, kennaraprófi 1963 og BA-prófi í dönsku og sögu frá Háskóla Íslands 1968. **Störf:** Starfaði um tíma hjá Framkvæmdabankanum. Kenni við Miðbæjarskólann 1963-1964 og Austurbæjarskólann í Reykjavík 1968-1969. Var kennari við Lindargötuskólann í Reykjavík 1969-1977 og Ármúlaskóla 1977-2002, sem varð að Fjölbrautaskólanum við Ármúla haustið 1981. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar árið 1970. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Ö-610.

VILHELMÍNA LEVER (1802-1879) fædd á Seyðisfirði, látin á Akureyri. **KAUPKONA** og **VEITINGAKONA.** **Foreldrar:** Þuríður Sigfúsdóttir (1778-1815) og Vilhelm Hans Lever (1780-1843),

kaupmaður. **M:** 1822, Þórður Daníelsson Lonsted (1800) frá Skipalóni, vélameistari í Strandmyllu í Kaupmannahöfn, skildu 1825. **Barnsfaðir:** Mads Christiansen, stýrimaður. **Barn þeirra:** 1. Hans Vilhelm Lever (1833-1867). **Fósturbarn hennar:** 2. Vilhelmína Pálsdóttir (1847-1921). **Störf:** Keypti lóð á Akureyri árið 1834, byggði hús og rak þar verslun 1835-1846. Bjó í Krossanesi 1846-1852. Rak aftur verslun á Akureyri frá 1852 og veitingahús á Oddeyri frá 1861. Varð fyrst kvenna á Íslandi til að taka þátt í opinberum kosningum í bæjarstjórnarkosningunum á Akureyri 1863 og aftur 1866. **Viðurkenningar:** Vilhelmínulundur er við göngustíg sem liggur meðfram tjaldsvæði að Hömrum á Akureyri. Saga Jónsdóttir samdi og setti upp leikritið *Borgarinnan* sem fjallaði um ævi Vilhelmínu (2012). Í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna árið 2015 var afhjúpað ári síðar trélistaverk í Hofi á Akureyri af Vilhelmínu, unnið af listakonunni Aðalheiði S. Eysteinsdóttur. **Jarðsett:** Kirkjugarði Akureyrar, Naustahöfða reit P5-5.

VILHELMÍNA BERGPÓRA ÞORVALDSDÓTTIR (1930-2020) fædd á Akureyri, látin í Reykjavík. LÖGREGLUKONA og SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Elísabet Sigríður Friðriksdóttir (1888-1985), handavinnukennari, og Þorvaldur Sigurðsson (1882-1946), kaupmaður. **Systkin:** 1. Ólafía Kristín (1918-1968), 2. Soffía (1924-2008), 3. Guðbjörg (1927-2021). **M:** 1957, Vernharður Kristjánsson (1912-1985), rannsóknarlögreglumaður og þingvörður. **Börn þeirra:** 1. Elísabet (1958), 2. Sigríður Snjólaug (1961). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1950 og BA-prófi í ensku, dönsku og uppeldisfræði frá Háskóla Íslands 1954. Stundaði enskunám við University of London 1952 og sótti enskukennaranámskeið í Hastings 1981. Kynnti sér störf kvenlögreglunnar í ýmsum borgum í Bandaríkjunum 1953-1954. **Störf:** Starfaði sem þingskrifari á Alþingi með námi 1950-1952. Starfaði sem lögreglukona í Reykjavík 1954-1957, var meðal fyrstu lögreglukvenna. Fékkst við skrifstofustörf hjá rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og síðar Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins 1957-1970. Var ritari í hálfu starfi hjá rektor Tækniskóla Íslands 1970-1972 og gjaldkeri og bókari Ferskfiskseftirlits ríkisins og Félags íslenskra fiskframleiðenda um árabíl meðfram öðrum stöfum. Var kennari við Þinghólsskóla í Kópavogi 1972-1993 og við Steinastaðaskóla í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði 1994-1996. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Kvenfélags Kópavogs 1970-1974 og stjórn Kvenfélagasambands Kópavogs 1973-1975. Sat í tómstundaráði Kópavogskaupstaðar 1972-1975 og í stjórn Rauðakrossdeildar Kópavogs í mörg ár. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit I-4-132.

VIVAN SIGNE AURORA HOLM SVAVARSSON (1910-2011) fædd að Haga í Uppland í Svíþjóð, látin í Reykjavík. SJÚKRAÞJÁLFARI. **Foreldrar:** Amanda Holm og Otto Holm, stórbóndi. Vivan var yngst átta barna þeirra. **M1:** 1932, Benedikt Jakobsson (1905-1967), íþróttakennari, skildu 1949. **Börn þeirra:** 1. Ingunn Brynhildur Franzén (1934), 2. Elín Sólveig (1937-2021), 3. Gunnar Jakob (1941), 4. Hallgrímur (1946). **M2:** 1952, Garðar Svavarsson (1906-1984), sóknarprestur. **Nám:** Tók stúdentspróf frá Magdeburg menntaskólanum í Uppsala. Lauk prófi sem sjúkraþjálfari og íþróttakennari frá GSI í Stokkhólmi 1932. **Störf:** Starfaði sem leikfímikennari við Landakotsskóla og kenndi jafnframt sænsku og þýsku við Kvennaskólann í Reykjavík. Var á stríðsárunum starfsmaður Sænska konsúlatsins í Reykjavík (varð síðar sendiráð). Starfaði við sjúkraþjálfun á læknastofu Kristjáns Hannessonar árin 1949-1979. **Félagsstörf:** Var um tíma formaður Sjúkraþjálfarafélags Íslands og einn aðalhvatamaður þess að nám í þeim fræðum yrði tekið upp við Háskóla Íslands. Var formaður Kvenfélags Laugarneskirkju um árabíl og formaður

Íslandssvenskorna sem var félagsskapur sænskra kvenna á Íslandi. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-310.

P

PORBJÖRG DÝRLEIF [Dilla] **ÁRNADÓTTIR** (1898-1984) fædd á Skútustöðum í Mývatnssveit, látin í Reykjavík. YFIRHJÚKRUNARKONA og RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Auður Gísladóttir (1869-1962) og sr. Árni Jónsson (1849-1916), prestur á Skútustöðum og síðar á Hólum við Reyðarfjörð. **Alsystkin:** 1. Dýrleif Þorbjörg (1897-1988), 2. Gísli (1899-1962), 3. Þóra (1900-1986), 4. Gunnar (1901-1985), 5. Ingileif Oddný (1903-1995), 6. Ólöf Dagmar (1909-1993). **Samfeðra systkin:** 7. Þuríður (1885-1962), 8. Jón Skuta (1888-1969). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1916. Var við hjúkrunarnám á Bispebjerg Hospital í Kaupmannahöfn 1919-1923. Var við nám og störf í Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna 1925-1929 og aftur frá 1937 og lauk meistaraprófi í heilsuvernd frá Washingtonháskóla í Seattle 1945. **Störf:** Starfaði á pósthúsinu í Reykjavík 1916-1919. Stundaði hjúkrunarstörf í Reykjavík 1923-1925, var yfirhjúkrunarkona á Vífilsstöðum 1929-1931 og vann við hjúkrun í Reykjavík og Ósló 1932-1937. Fékkst við kennslu í hjúkrun og ritstörf í Reykjavík frá árinu 1946. **Bækur:** *Sveitin okkar* (1949), *Draumur dalastúlkunnar* (1950), *Leynigöngin* (1955), *Pílagrímsför og ferðapættir* (1959), *Signý* (1964) og *Öldurót* (1969). **Jarðsett:** Skútustaðakirkjugarði reit 16.

PORBJÖRG BJARNADÓTTIR (1922-2006) fædd í Vigur í Norður-Ísafjarðarsýslu, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI. **Foreldrar:** Björg Björnsdóttir (1889-1977) og Bjarni Sigurðsson (1889-1974), hreppstjóri, oddviti og bóndi í Vigur. **Systkin:** 1. Sigurður (1915-2012), 2. Björn (1916-1994), 3. Baldur (1918-1998), 4. Þórunn (1925-2018), 5. Sigurlaug (1926-2023). **M:** 1965, Brynjólfur Samúelsson (1936-2019), húsasmíðameistari, skildu 1987. **Barn þeirra:** 1. Bjarni (1963). **Nám:** Varð gagnfræðingur frá Menntaskólanum á Akureyri 1941. Nam við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1943-1944 og lauk Húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennarskóla Íslands 1946. Var við nám í Danmörku við Ankerhus Askov 1956 og fór á Fulbrightstyrk í sex mánuði til Bandaríkjanna 1960-1961. **Störf:** Var kennari við Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1946-1948. Var skólastjóri við Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði í hartnær 40 ár eða 1948-1986. Kenndi um tíma við Langholtsskóla í Reykjavík og starfaði við skóladagheimilið á Dyngjuvegi í Reykjavík þar til hún lét af störfum 1992. **Félagsstörf:** Var formaður deildar Norræna félagsins á Ísafirðir 1975-1986 og formaður Sambands vestfirskra kvenna frá 1977. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-3-128.

PORBJÖRG MÖLLER LEIFS (1919-2008) fædd á Sauðárkróki, látin í Reykjavík. SKRIFSTOFUMAÐUR. **Foreldrar:** Þorbjörg Pálmadóttir Möller (1884-1944) og Jóhann Georg Möller (1883-1926), kaupmaður. **Systkin:** 1. Jóhann Georg (1907-1955), 2. Jóhanna María (1909-1983), 3. Stefanía Ólöf (1910-1976), 4. Jón Ólafur (1911-1965), 5. Alda Alvilda (1912-1948), 6. Lovísa (1914-1966), 7. Sigurður (1915-1970), 8. Þórunn (1917-1946), 9. Lucinda Sigríður (1921-1965), 10. Pálmi (1922-1988). **M:** 1956, Jón Leifs (1899-1968), tónskáld. **Barn þeirra:** 1. Leifur (1957). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands. **Störf:** Starfaði við skrifstofustörf hjá Slippfélaginu og hjá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn um árabil og síðan hjá Þjóðleikhúsinu í Reykjavík 1951-1956. Starfaði sem úthlutunarstjóri STEFs (*Félags tónskálda* og

textahöfunda) 1956-1984. **Félagsstörf:** Sat í stjórn STEFs um áratugaskeið. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-45-70.

ÞORBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR (1921-2006) fædd á Eskifirði, látin í Reykjavík. SVÆFINGALÆKNIR. **Foreldrar:** Guðrún *Sigríður* Jónsdóttir (1897-1965) og Magnús Gíslason (1884-1970), sýslumaður á Eskifirði. **Systkin:** 1. Guðný (1929-2001), 2. Jón (1926-2010), 3. Gísli (1929-2001). **M:** Hrafnkell Sveinsson (1927-2002), flugumferðarstjóri. **Barn þeirra:** 1. Sigríður (1953). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1941 og embættisprófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands 1949. Var námskandidat á Landspítalanum í eitt ár. Stundaði framhaldsnám í svæfingalæknisfræði í Kaupmannahöfn og lauk þaðan sérfræðiprófi 1951. Lauk burtfararprófi í einsöng frá Tónlistarskóla Garðabæjar 1993. **Störf:** Starfaði við svæfingadeild Lunds Lazarett í Svíþjóð. Var ráðin aðstoðarlæknir við handlækningadeild Landspítalans um tíma og vann því næst um þriggja mánaða skeið við inflúensuveirurannsóknir á Tilraunastöð Háskólans á Keldum. Starfaði sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum við Fjórðungs-sjúkrahúsið á Akureyri frá því það tók til starfa 1954 og til 1957. Starfaði við sjúkrahús Hvítabandsins, fyrst sem lausráðinn sérfræðingur í rúmt ár, en fastráðin til 1968 er Hvítabandið var lagt niður sem skurðlækningadeild. Starfaði jafnframt sem heimilislæknir um tíma. Var yfirlæknir við svæfinga- og gjörgæsludeild Borgarspítalans 1968-1988. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Svæfingalæknafélagi Íslands og tvívegis formaður þess. Var félagi í Nordisk Anesthesiologisk Forening (Félagi norrænna svæfingalækna) frá 1951 og átti sæti í stjórn þess í yfir 20 ár, varaformaður 1969-1970 og formaður 1971-1973. Stóð fyrir 11. þingi norrænna svæfingalækna í Reykjavík 1973. Var stofnfélagi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur og formaður klúbbsins 1977-1979. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-2-51.

ÞORBJÖRG GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR (1919-2009) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MYNDHÖGGVARI. **Foreldrar:** Hildur Stefánsdóttir (1893-1970) og Páll Ólafur Ólafsson (1887-1971), útgerðarmaður og ræðismaður. **Systkin:** 1. Stefán (1915-1969), 2. Ingibjörg Eggertz (1916-1999), 3. Ólöf (1920-2018), 4. Jens Ólafur Páll (1926-2002). **M:** 1942, Andrés Ásmundsson (1916-2006), læknir. **Börn þeirra:** 1. Ásmundur (1950-1952), 2. Hildur (1953-1955), 3. Stefán (1953), 4. Katrín (kjördóttir) (1953), 5. Þóra (1957), 6. Andrés Narfi (1958), 7. Þorbjörg (1960-1983). **Nám:** Stundaði nám við Verslunarskóla Íslands og í ljósmyndun við Iðnskólann í Reykjavík. Var í námi við Berggrens Málarskóla og við Konstfack í Stokkhólmi. Var frá 1961 í námi hjá Ásmundi Sveinssyni, Sigurjóni Ólafssyni og Jóhanni Eyfells. **Störf:** Fékkst við höggmyndalist. **Sýningar og útilistaverk:** Tók virkan þátt í útisýningum myndlistarmanna á Skólavörðuholti í Reykjavík í mörg ár. Hélt einkasýningar og tók þátt í samsýningum heima og erlendis. Af verkum hennar má nefna verkið *Dansleik*, sýnt á Skólavörðuholti (1970), steipt í brons og sett upp við Perluna í Öskjuhlíð í Reykjavík. Verkið *Hrekkjusvín* var sýnt á Skólavörðuholtinu (1972), fór þaðan til Neskaupstaðar og Vestmannaeyja á vegum „List um landið“, síðan er ekki vitað hvert verkið fór. Verkið *Piltur og stúlka* stendur í Hljómskálagarðinum. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur 1972. **Viðurkenningar:** Hlaut starfslaun myndlistarmanna. Gerð að heiðursfélaga Myndhöggvarafélagsins (1997). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-134.

ÞORBJÖRG SVEINSDÓTTIR (1827-1903) fædd á Sandfell í Öræfum, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Kristín Jónsdóttir (1794-1879) og sr. Sveinn Benediktsson (1792-1849), prestur. **Systkin:** 1. Kristín (1820-1848), 2. Oddný (1822-1873), 3. Ragnheiður (1824-1893), 4. Benedikt (1826-1899), 5. Guðlaug (1829-1907), 6. Jón (1834-1905). **Fósturbarn:** 1. Ólafía Jóhannsdóttir, systurdóttir Þorbjargar. **Nám:** Útskrifaðist sem ljósmóðir í Kaupmannahöfn 1856. **Störf:** Var ljósmóðir í Reykjavík til 1902, en embættisljósmóðir frá 1864. Keypti Tobbukot, steinbæ við Skólavörðustíg 11 í Reykjavík reistur 1858, og lét byggja timburhús á lóðinni. Starfrækti þar verklegt nám ljósmæðra. **Félagsstörf:** Hafði frumkvæði að stofnun samtaka kvenna með þann tilgang að knýja á um að háskóli yrði settur upp á Íslandi. Haldinn fundur um 200 kvenna árið 1894 og stofnuð nefnd kvenna sem skyldi vinna að fjársöfnun fyrir háskóla. Þetta var upphaf Hins íslenska kvenfélags og fyrsta fjöldahreyfing kvenna á Íslandi. Vann að stofnun Hvítabandsins árið 1895. **Æviminningar:** *Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir: minningarrit* (1908). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit N-505.

ÞORGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR (1945-2003) fædd á Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. MYNDLISTARMAÐUR og KENNARI. **Foreldrar:** Aðalbjörg Halldórsdóttir (1918-2005) og Sigurður Guðmundsson (1920-2010), vígslubiskup. **Systkin:** 1. Steinunn Sigríður (1944), 2. Halldór (1947), 3. Guðmundur (1949), 4. Ragnheiður (1954). **M:** Gylfi Jónsson (1945), prestur, þau skildu. **Barn þeirra:** 1. Jón Gunnar (1973). **Sambýlismaður:** Ólafur Hermann Torfason (1947-2017), rithöfundur. **Nám:** Lauk gagnfræðaprófi frá Héraðsskólanum á Laugum 1962. Stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann 1962-1964. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1969. Var í námi í listasögu við Háskóla Íslands 1983-1985. Nam við Myndlistaskólann í Reykjavík 1986-1988. Útskrifaðist úr grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1989. Tók kennarapróf í myndlist grunnskóla frá Kennaraháskóla Íslands 1990 og lauk réttindanámi til framhaldsskólakennslu frá sama skóla 1991. **Störf:** Var kennari við Barnaskóla Aðaldæla 1964-1965, Langholtsskóla í Reykjavík 1969-1973, stundakennari í íslensku við grunnskóla í Uppsöllum í Svíþjóð 1973-1974, kennari við Nesjaskóla í Hornafirði 1975-1982, Lýðháskólann í Skálholti 1982-1985 og Reykholtsskóla í Biskupstungum 1985-1986. Var stundakennari við Flataskóla í Garðabæ 1991-1993 og Kársnesskóla í Kópavogi 1991-1995 og forfallakennari við ýmsa framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu um lengri eða skemmri tíma. Fékkst við listsköpun, einkum tréristur á pappír og verk sem byggðust á kirkjulegum myndlistararfi Íslendinga, en tileinkaði sér einnig gerð íkóna. Hafði síðast vinnustofu á Korpúlfsstöðum. **Sýningar:** Hélt tæplega 40 einkasýningar víða um land og í Finnlandi, Svíþjóð og á Englandi. Tók þátt í fjölmörgum samsýningum heima og erlendis, s.s. á Norðurlöndunum, Spáni, í Bandaríkjunum, Kanada, Kína og Japan. **Félagsstörf:** Gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir félagssamtök íslenskra myndlistarmanna. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-7-7.

ÞORGERÐUR [Stella] **ÞORGEIRSDÓTTIR** (1926-2015) fædd á Hlemmiskeiði á Skeiðum, látin í Reykjavík. HÚSMÆÐRAKENNARI. **Foreldrar:** Vilborg Jónsdóttir (1887-1970), kennari, og Þorgeir Þorsteinsson (1885-1943), bóndi. **Systkin:** 1. Unnur (1915-2008), 2. Þórir (1917-1997), 3. Hörður (1917-2006), 4. Inga (1920-2010), 5. Jón (1922-2014), 6. Rósa (1924-1952), 7. Vilborg (1929-2017). **M:** 1955, Gísli Magnússon (1929-2001), píanóleikari. **Börn þeirra:** 1. Magnús (1956), 2. Rósa (1957). **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni 1943-1945 og Húsmæðraskólann á Laugarvatni 1945-1946. Lauk prófi frá Húsmæðrakennaraskólanum 1948.

Störf: Starfaði sem ráðskona á hótelinu í Fornahvammi í Norðurárdal sumrin 1940-1948. Var matreiðslukennari við Laugarnesskóla 1948-1969 og Laugalækjarskóla 1969-1996. Samdi námsefni í heimilisfræði. **Bækur:** *Unga stúlkan og eldhússtörfin: kennslubók handa gagnfræðaskólum* eftir Vilborgu Björnsdóttur og Þorgerði Þorgeirsdóttur, teikningar eftir Baltasar (1967) og *Fæðan og gildi hennar* eftir Vilborgu Björnsdóttur og Þorgerði Þorgeirsdóttur (1968). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit E-6-11.

[STEFANÍA] **ÞÓRA BORG EINARSSON** (1907-1984) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Stefanía Anna Guðmundsdóttir (1876-1926), leikkona, og Borgþór Jósefsson (1860-1934), bæjargjaldkeri í Reykjavík. **Systkin:** 1. Óskar Jóhann (1896-1978), 2. Emilía (1901-1984), 3. Anna Borg (1903-1963), 4. Áslaug (1910-1997), 5. Geir Borg (1912-2003). **M:** 1941, Gunnar Einarsson (1907-1942), vélfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Gunnar Borgþór (1942). **Nám:** Lærði fótaaðgerðir og snyrtingu í Kaupmannahöfn. **Störf:** Rak í mörg ár Fótsnyrtistofuna Pirola á Vesturgötu 2 í Reykjavík. Vann í Reykjavíkurapóteki árum saman. Var leikkona hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1927-1949 og 1965-1978. Var fastráðin leikkona hjá Þjóðleikhúsinu 1949-1958. Meðal hlutverka hennar voru Jóhanna í *Ævintýri á gönguför* (1927), Guðný í *Lénharði fógeta* (1929), Sigrún í *Manni og konu* (1933), Áslaug álfkona í *Nýjárnsóttinni* (1949), Margrét Jónsdóttir í *Tyrkja-Guddu* (1951), María Jósefa í *Húsi Bernörðu Alba* (1965) og Júlíana Tesman í *Hedda Gabler* (1967). Lék aðalhlutverk í kvikmyndum, m.a. í *Síðasta bænum í dalnum* (1950) og *Brekkukotsannál* (1973) og aukahlutverk í *Morðsögu* (1977), *Húsinu* (1983) og *Atómstöðinni* (1984). **Viðurkenningar:** Hlaut heiðurspening Leikfélags Reykjavíkur (1947). Kjörin heiðursfélagi Félags íslenskra leikara. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1978). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit E-6-8.

ÞÓRA DAVÍÐSDÓTTIR (1932-2021) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. KENNARI. **Foreldrar:** Þóra Steinarsdóttir (1902-1998), kennari, og Davíð Árnason (1892-1983), stöðvarstjóri. **Alsystkin:** 1. Þórhalla (1929-2018), 2. Steinunn (1930-1937), 3. Aðalsteinn (1939-2019). **Samfeðra systkin:** 4. Arnbjörg (1917-2012), 5. Benedikt (1918-2004), 6. Sigþrúður (1919-1995). **M:** 1960, Ólafur Pálmason (1934), mag.art., bókavörður. **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1952 og BA-prófi í landafræði og sögu frá Háskóla Íslands 1957. **Störf:** Var kennari við Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 1958-1966 og stundakennari við Fiskvinnsluskólann 1971-1973. Vann skrifstofustörf hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 1966-1973 og var rektorsritari í Kennaraháskóla Íslands 1973-1995. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags gagnfræðaskólakennara í Reykjavík 1962-1964. Var í stjórn Kvenfélags Kópavogs 1981-1988, sem formaður 1986-1988, stjórn Kvenfélagasambands Kópavogs 1993-1998, sem formaður 1995-1998, og sat um árabil í fulltrúaráði Sunnuhlíðar. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði, duftgarði reit A-9-115.

ÞÓRA EINARSDÓTTIR (1913-2000) fædd á Hvanneyri, látin í Reykjavík. FRAMKVÆMDASTJÓRI. **Foreldrar:** Guðbjörg Lísbet Kristjánsdóttir (1887-1979) og Einar Jónsson (1885-1969), kennari og ráðsmaður. **Systkin:** 1. Hulda (1914-1982), 2. Þórdís (1916-1983), 3. Guðlaug (1918-2004), 4. Sigurlín (1919-2001), 5. Anna (1921-1998), 6. Beta (1923-2018), 7. Hildur (1927-2002), 8. Hjördís (1930). **M:** 1936, sr. Jón Pétursson (1896-1973), prófastur á Kálfafellsstað í Suðursveit. **Börn þeirra:** 1. Pétur (1938), 2. Helga Jarþrúður (1939), 3. Einar Guðni (1941-2020). **Nám:** Útskrifaðist frá Samvinnuskólanum 1931 og hlaut framhaldsmenntun í Danmörku, m.a. í félagsráðgjöf. Sótti

nám í Alþjóðaskóla Guðspekifélagsins í Adyar í Madras á Indlandi. **Störf:** Stofnaði Félagasamtökin Vernd 1959 og var formaður þeirra og framkvæmdastjóri til 1982. Stofnaði Indversku barnahjálpinu sem rekur skóla og þjálfunarstöð fyrir holdsveik og munaðarlaus börn á Suður-Indlandi. **Félagsstörf:** Var ein af stofnendum Verkakvennafélags Akraness. Var félagi í Alþýðuflokknum og síðar Framsóknarflokknum og átti sæti í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar um árabil. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1971). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit H-3-344.

ÞÓRA JÓNSDÓTTIR EINARSSON (1876-1953) fædd í Vallanesi, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, látin á Ísafirði. LJÓSMÓÐIR, HJÚKRUNARKONA og VEITINGAKONA. **Foreldrar:** Guðlaug Einarsdóttir (1849-1929) og Jón Einarsson (1843-1920), bóndi. **Systkin:** 1. Björn (1872-1937), 2. Anna Jórunn (1874-1948), 3. Margrét (1878-1958), 4. Bergljót (1879-1957). **M:** 1920, Bjarni Hávarðsson (1882-1958), skipstjóri. **Fósturbörn:** 1. Jóhanna Vilhjálmsdóttir (1922-2001), 2. Einar Jónsson (1918-2001). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskóla Þóru Melsted 1896. Lauk hjúkrunarnámi við Royal Infirmary sjúkrahúsið í Edinborg 1903. **Störf:** Starfaði við hjúkrun í Bretland 1903-1907. Var yfirhjúkrunarkona á Kleppsspítala 1907-1910. Setti á stofn og rak eigið hjúkrunarheimili í Reykjavík 1909-1911. Var forstöðukona Sjúkrahúss Ísafjarðar 1911-1917. Setti á stofn og rak matsölu- og kaffistofuna Kaffi Ísafjörð frá 1917 og meðan heilsan leyfði. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Verkakvennafélags Ísafjarðar árið 1917 og fyrsti formaður þess. **Jarðsett:** Eyrarkirkjugarði Ísafirði.

ÞÓRA [Didda] **FRÍÐRIKSDÓTTIR** (1933-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. LEIKKONA. **Foreldrar:** Lára Michelína Sigurðardóttir (1899-1967) og Friðrik V. Ólafsson (1895-1962), skólastjóri Sjómannaskólans. **Systkin:** 1. Sigurður Þór (1928-1983), 2. Guðrún (1930-1930), 3. Þórunn Ólöf (1931-2023). **M:** 1956, Jón Sigurbjörnsson (1922-2021), leikari og óperusöngvari, skildu 1981. **Börn þeirra:** 1. Lára (1957), 2. Kristín (1965). **Nám:** Lærði leiklist í London School of Speech and Drama og einnig í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins, útskrifaðist þaðan 1955. **Störf:** Átti fimmtíu ára feril sem leikkona hjá Þjóðleikhúsinu frá fyrsta hlutverki sínu þar, Billie Dawn í leikritinu *Fædd í gær* (1955), síðan má nefna hlutverk Pálínu Ægis í *Deleríum búbónis* (1968), Gunillu Gustavson í *Sjö stelpum* (1972), Ingibjörgu Magnúsdóttur í *Jómfrú Ragnheiði* (1982) og Mildred í *Kikjugarðsklúbbnum* (1995). Lék um skeið með Leikfélagi Reykjavíkur, m.a. í *Tannhvassri tengdamömmu* (1956) og *Túskildingsóperunni* (1958). Lék einnig með Grímu og fleiri leikhópum. Lék fjölmörg hlutverk í útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum, m.a. í *Á hjara veraldar*, *Sódómu Reykjavíkur* og *Atómstöðinni*. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-20-94.

ÞÓRA GUNNARSDÓTTIR (1812-1882) fædd á Esjubergi á Kjalarnesi, látin á Hólum í Hjaltadal. HÚSFREYJA á Eyjardalsá og Sauðanesi og SÖGUPERSÓNA. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1791-1858), stofustúlka á heimili Geirs Vídalín biskups, og sr. Gunnar Gunnarsson (1781-1852), biskupsritari Geirs biskups Vídalín, seinna prestur í Laufási í Eyjafirði. **Sammæðra systkin:** 1. Þorsteinn Jónatansson (1823-1887), 2. Lárus Andrés Jónatansson (1829-1854). **Samfeðra systkin:** 3. Gunnlaugur Tryggvi (1835-1917), 4. Katrín Kristjana (1836-1927), 5. sr. Gunnar Jóhann (1839-1873), 6. Eggert Ólafur (1840-1885), 7. Geir Finnur (1843-1899). **Fósturforeldrar:** Var alin upp á Mógilsá og í Brautarholti á Kjalarnesi til níu ára aldurs, en fór þá í fóstur til landfógetahjónanna Sigríðar Vídalín og Sigurðar Thorgrímson í Reykjavík. **M:** 1834, Sr. Halldór

Björnsson (1798-1869), prestur í Sauðanesi á Langanesi. **Barn þeirra:** 1. Þórunn *Sigríður* (1837-1883). **Störf:** Var húsfreyja á Eyjardalsá í Bárðdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu 1834-1848 og síðar í Sauðanesi á Langanesi. **Sögupersóna:** Flutti árið 1828 með sr. Gunnari föður sínum að Laufási í Eyjafirði. Jónas Hallgrímsson skáld var ferðafélagi þeirra norður, en leiðir þeirra skildu á Steinstöðum í Öxnadal þar sem móðir Jónasar bjó. Seinna orti Jónas kvæðið *Ferðalok*, sem fyrst birtist í tímaritinu *Fjölni* 1845, og er sagt vera um Þóru. Eftir lát manns síns 1869 flutti Þóra til dóttur sinnar að Hólum í Hjaltadal. Árið 1871 er Otti Sveinsson systursonur Þóru sakaður um þjófnað á Reykjum í Hjaltadal, en hann faldi sig í skjóli frænku sinnar á Hólum. Um örlög hans og þátt Þóru fjallar Hannes Pétursson skáld í bók sinni *Rauðamyrkur* (1973, 2000). **Jarðsett:** Hóla­kirkjugarði í Hjaltadal reit 131.

ÞÓRA JÓHANNA HÓLM (1945-2012) fædd á Seyðisfirði, látin í Reykjavík. **BÓKASAFNSFRÆÐINGUR.** **Foreldrar:** Oddný Einarsdóttir Hólm (1921-1986), verslunarkona, og Sigurður Óskar Friðbjarnarson Hólm (1913-1958), vélstjóri. **Systkin:** 1. Helga Lára (1942), 2. Karlína Friðbjörg (1950). **M:** 1969, Magnús Gunnar Pálsson (1945), flugvirki. **Barn þeirra:** 1. Karl Óskar (1968). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1965 og BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands 1987. **Störf:** Vann skrifstofustörf í Kaupfélagi Austfjarða á Seyðisfirði 1965-1967. Var starfsmaður Félags bókasafnsfræðinga 1975-1978, skrifstofumaður hjá Þjónustumiðstöð bókasafna 1978-1982 og fulltrúi á hljóðbandasafni Ríkisútvarpsins 1979-1987. Starfaði sem bókasafnsfræðingur á Skólasafnamiðstöð við Skólaskrifstofu Reykjavíkur og síðar Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 1985-2012. **Félagsstörf:** Var félagi í Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða frá stofnun þess árið 2000. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit O-1-1.

ÞÓRA ANDREA NIKÓLÍNA JÓNSDÓTTIR (1813-1861) fædd í Danmörku, látin á Akureyri. **MATREIÐSLUBÓKARHÖFUNDUR.** **Foreldrar:** Helene Johanne Christiana Olsen (1790-1844) og sr. Jón Jónsson (1787-1869), prestur. **Alsystkin:** 1. Þorvaldur Kristján Ágúst (1815-1893), 2. Helga Jóhanna Friðrikka (1821-1888). **Samfeðra systkin:** 3. Jón (1846-1886). **M:** Indriði Þorsteinsson (1813-1879), bóndi og gullsmiður, Víðivöllum, Suður-Þingeyjarsýslu. **Fósturbarn:** 1. Þóra Sigurðardóttir (1843-1931). **Bók:** *Ný matreiðslubók ásamt ávísun um litun, þvott o.fl.* (1858). Bókin var önnur í röð prentaðra íslenskra matreiðslubóka. Sú fyrsta var *Einfalt matreiðslukver fyrir heldri manna húsfreyjur* sem kom út árið 1800 eftir Mörtu Maríu Stephensen. Ekki er þó fullljóst hvort hún er í raun höfundur kversins og því má vel segja að bók Þóru hafi verið ein sú fyrsta sem út kom eftir íslenska konu.

ÞÓRA MATTHÍASDÓTTIR (1879-1970) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KAUPKONA.** **Foreldrar:** Guðrún Runólfsdóttir (1851-1970) og Matthías Jochumsson (1835-1920), prestur og skáld. **Systkin:** 1. Steingrímur (1876-1948), 2. Halldóra (1880-1929), 3. Gunnar (1882-1973), 4. Elín Laxdal (1883-1918), 5. Mattea Guðrún (1874-1957), 6. Ingveldur (1885-1910), 7. Magnús (1888-1963). **M:** 1910, Þorsteinn Jósef Gunnar Skaptason (1873-1915), prentsmiðju- og ritstjóri. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Sigríður (1911-1990), 2. Hildur Ingibjörg (1913-1998), 3. Valgerður (1914-2002). **Störf:** Stofnaði og rak Verslun Þóru Matthíasdóttur á Akureyri frá því um 1920 til 1947, seldi m.a. útsaumsvörur og kvenfatnað. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-2-34.

ÞÓRA CAMILLA ÓSKARSDÓTTIR (1940-2019) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

BÓKASAFNSFRÆÐINGUR. Foreldrar: Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir (1896-1981), lyfsali, og Óskar Einarsson (1893-1967), læknir. **M:** 1963, Ari Ólafsson (1938), verkfræðingur. **Börn þeirra:** 1. Magnús (1964), 2. Ragnheiður (1967), 3. Óskar Ólafur (1973). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960 og BA-prófi í bókasafnsfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands 1975. **Störf:** Starfaði sem bókavörður á Landsbókasafni Íslands 1971-1974, skólasafnvörður í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi 1981-1985, aðstoðarbókafulltrúi í menntamálaráðuneytinu 1986-1987, bókafulltrúi ríkisins 1987-1997 og sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu 1997-2006. Starfaði á árunum 2006-2008 á Landsbókasafni Íslands við ýmis sérverkefni. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Bókavarðafélags Íslands, Kvenskátafélags Reykjavíkur, Kvenstúdentafélags Íslands, Félags íslenskra háskólakvenna, Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness, Soroptimistasambands Íslands og Skólavörðunnar og var einnig formaður stjórnar Blindrabókasafns Íslands. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit B-3-28.

ÞÓRA STEFÁNSDÓTTIR (1933-2021) fædd í Fagraskógi við Eyjafjörð, látin í Reykjavík.

BÓKASAFNSFRÆÐINGUR. Foreldrar: Þóra Magnea Magnúsdóttir (1895-1980) og Stefán Stefánsson (1896-1955), lögfræðingur og bóndi. **Alsystkin:** 1. Stefán (1932-2009), 2. Magnús Vilhelm (1934-2019), 3. Ragnheiður Valgerður (1936). **Sammæðra systkin:** 4. Ida Hedvig Behrens (1918-2007), 5. Magnús Behrens (1919-1934). **M:** 1956, Gísli Teitsson (1928-2000), skrifstofustjóri. **Börn þeirra:** 1. Stefán (1956), 2. Anna Þóra (1962). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Stundaði nám í ensku og þýsku við Háskóla Íslands 1953-1954. Lauk BA-prófi í bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands 1982. **Störf:** Var forstöðumaður bókasafns Tækniskóla Íslands 1982-1990 og deildarstjóri bókasafns Veðurstofu Íslands 1990-2000. Starfaði sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossi Íslands á sjúklingabókasafni Landspítalans við Hringbraut 1970-1980 og 2001-2011. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit K-13-155.

ÞÓRA PÉTURSDÓTTIR THORODDSEN (1847-1917) fædd á Staðarstað á Snæfellsnesi, látin í Kaupmannahöfn. **MYNDLISTARKONA. Foreldrar:** Sigríður Bogadóttir (1818-1903), leikskáld, og Pétur Pétursson (1808-1891), biskup. **Systkin:** 1. Anna Jensína *Elínborg* (1841-1925), 2. Pétur (1845-1846), 3. Bogi Pétur (1846-1847), 4. Bogi Pétur (1849-1889), 5. Brynjólfur (1854-1854). **M:** 1887, Þorvaldur Thoroddsen (1855-1921), prófessor og náttúrufræðingur. Þóra og Þorvaldur fengu Laufásveg 5, Reykjavík, í brúðargjöf frá foreldrum Þóru. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1888-1903). **Nám:** Sótti einkatíma hjá danska landslagsmálaranum Vilhelm Kyhn í Kaupmannahöfn 1873-1875, sótti einnig söngtíma fyrra árið. **Störf:** Rak Teikniskóla í Reykjavík 1883-1892. Er höfundur, ásamt Jarþrúði Jónsdóttur og Þóru Jónsdóttur, að bókinni *Leiðavísir til að nema ýmsar kvenlegar hannyrðir* (1886). Birti greinar m.a. í *Kvennablaðinu*. Fékkst við málalalist. Myndir eftir hana eru varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands, Listasafni Íslands og hjá einstaklingum. **Æviminningar:** Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar 1847-1917 eftir Sigrúnu Pálsdóttur (2010). **Jarðsett:** Kaupmannahöfn.

ÞÓRA SIGURBORG VIGFÚSDÓTTIR (1894-1980) fædd á Vatnsenda við Reykjavík, látin í Reykjavík. **RITSTJÓRI. Foreldrar:** Sólborg Steingrímsdóttir (1857-1911) og Vigfús Ólafsson. **Fósturforeldrar:** Sigríður Þórðardóttir (1862-1955) og Jón Guðmundsson (1857-1938). **Systkin:** 1. Guðrún (1890-1978), 2. Þórunn (1891-1984). **Fóstursystkin:** 3. Þórður Ólafur Jónsson (1885-

1960), yfirtollþjónn í Kaupmannahöfn. **M1:** 1917, Jóhann Henning Havsteen (1888-1962), skildu 1927. **Fósturbarn þeirra:** 1. Halla Kristjana Hallgrímsdóttir (1925-2019). **M2:** 1934, Kristinn Eyjólfur Andrússon (1901-1973), magister í bókmenntum, forstjóri bókmenntafélagsins Máls- og menningar, áður alþingismaður. **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskólanum 1912. **Störf:** Var ritstjóri *Melkorku* frá 1949 ásamt Nönnu Ólafsdóttur og Svöfu Þórleifsdóttur. Lék með Leikfélagi Akureyrar. **Félagsstörf:** Var frumkvöðull að stofnun Friðarnefndarinnar árið 1949 ásamt Drífu Viðar og Erlu Egilson. Starfaði með Menningar- og friðarsamtökum kvenna, stofnuð 1951. Var virk í starfi Sósíalistasflokksins. Þóra og Kristinn arfleifðu Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi að íbúð sinni við Hvassaleiti 30 í Reykjavík og er hún leigð til erlendra fræðimanna sem hér stunda fræðastörf. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit V-209.

ÞÓRANNA TÓMASDÓTTIR GRÖNDAL (1945-2011) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **KENNARI.** **Foreldrar:** Gerður Magnúsdóttir (1919-1992), kennari, og Tómas Gíslason (1913-1998), rafvirki. **Systkin:** 1. Sverrir (1941), 2. Magnús (1943), 3. Sigurður (1950), 4. Sigríður (1955), 5. Jóhanna Margrét (1957-1973), 6. Gerður (1961). **M:** 1966, Gylfi Gröndal (1936-2006), rithöfundur. **Börn þeirra:** 1. Gerður María (1966), 2. Sigríður Lína (1968), 3. Gylfi Freyr (1971). **Nám:** Stundaði nám við Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur 1964-1965. Tók stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1987. Lauk BA-prófi í íslensku 1991, prófi í uppeldis- og kennslufræði 1992 og meistaraprófi í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands 2000. Lærði myndvefnað við Myndlista- og handiðaskólann og mósaikgerð. **Störf:** Starfaði við upplestur í útvarp. Var um tíma forstöðumaður líftryggingadeildar Brunabótafélagsins til 1987. Var kennari við Kópavogsskóla og síðan Menntaskólann í Kópavogi í 15 ár eða frá 1996 til æviloka. Fékkst við ritstörf. **Bækur:** Hlaut viðurkenningu í samkeppni um smásögu handa börnum, sem Samtök móðurmálskennara efndu til, söguna *Músíkalska músin* (1984). Gaf út bókina *Bréfaástir* um bréfaskipti Ólafar frá Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar (2000). Skrifaði kennslufni um fornþingmenntir fyrir grunnskólastig. **Félagsstörf:** Var virk í félagsstarfi Alþýðuflokksins í Reykjavík og Kópavogi og var m.a. formaður lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar 1986-1990. **Jarðsett:** Kópavogskirkjugarði reit B-1-45.

ÞÓRDÍS BERGSDÓTTIR (1929-2021) fædd á Ketilsstöðum á Völlum, látin á Seyðisfirði. **BÆJARFULLTRÚI, FRAMKVÆMDASTJÓRI og HEILBRIGÐISFULLTRÚI.** **Foreldrar:** Sigríður Hallgrímsdóttir (1907-1967) og Bergur Jónsson (1899-1970), bóndi. **Systkin:** 1. Jón (1933-2008), 2. Hallgrímur (1940). **M:** Tómas Emilsson (1918-2002), umsjónarmaður. **Börn þeirra:** 1. Bergur (1947), 2. Sigurður (1947), 3. Hildur Þuríður (1955), 4. Þórdís (1957), 5. Emil (1959), 6. Tómas (1963). **Nám:** Stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri. Lauk réttindanámi heilbrigðisfulltrúa. **Störf:** Starfaði sem heilbrigðisfulltrúi og framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Ullarvinnslu frá Lára ehf. á Seyðisfirði frá árinu 1994. **Félags- og stjórnmalastörf:** Sat í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 1968-1974 og á Alþingi sem varamaður. Sat í miðstjórn Framsóknarflokksins og var í Félagi framsóknarkvenna. Var í stjórnnum Kaupfélags Héraðsbúa, Ferðamiðstöðvar Austurlands, Terra Nova, Verkamannabústaða, Kvenfélags Seyðisfjarðar og Kvenfélagasambands Íslands. Sat í skólanefnd Húsmæðraskólans á Hallormsstað. **Viðurkenningar:** Hlaut hvatningarverðlaun Tengslanets austfirskra kvenna og var heiðruð af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2012). **Jarðsett:** Seyðisfjarðarkirkjugarði reit 5B-3.

ÞÓRDÍS ELÍN JÓNSDÓTTIR CARLQUIST (1879-1956) fædd á Hofsá í Svarfaðardal, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Snjólaug Guðrún Jónsdóttir (1850-1924) og Jón Þorvaldsson (1844-1927), bóndi. **Systkin:** 1. Snjólaug Kristín (1875-1957), 2. Jóhann Eyfirðingur (1877-1959), 3. Jón Eyfirðingur (1880-1972), 4. Þorsteinn Eyfirðingur (1883-1961). **M:** 1915, Axel Vilhelm Carlquist (1883-1922), kaupmaður. **Fósturbarn þeirra:** 1. Guðrún Þórdís Jóhannsdóttir (1914-1990). **Nám:** Nam ljósmæðrafræði hjá Jónassen landlækni um aldamótin 1900. Stundaði nám við Ljósmæðraskólann í Kaupmannahöfn 1903-1904. **Störf:** Var lögskipuð ljósmóðir í Reykjavíkurbæ 1904-1949 og sá einnig um verklega kennslu ljósmæðra 1904-1930. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi Ljósmæðrafélags Íslands 1918 og fyrsti ritari félagsins til ársins 1929. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1940). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit C-2-8.

ÞÓRDÍS JÓNSDÓTTIR (1671-1741). HÚSFREYJA í Bræðratungu og SÖGUPERSÓNA. **Foreldrar:** Guðríður Þórðardóttir (1645-1707) og Jón „baukur“ Vigfússon (1643-1690), biskup á Hólum. **Systkin:** 1. Sigríður „eldri“ (1669-1725), 2. Magnús (1670-1702), skólameistari í Skálholti, 3. Helga (1670-1743), 4. Þórður (1672-1720), 5. Gísli (1676-1715), 6. Sigríður „yngri“ (1677-1730), biskupsfrú í Skálholti, 7. Vigfús (1680-1726), heyrari í Skálholti, 8. Jón (1684-1707). **M:** Magnús Sigurðsson (1651-1707), bóndi í Bræðratungu. **Börn þeirra:** 1. Sæmundur (1690-1747), 2. Jón (1690-1735), 3. Sigríður (1694-1707), 4. Sigurður (1697), 5. Helga (1700), 6. Elín (1701-1774). **Störf:** Var húsfreyja í Bræðratungu. **Sögupersóna:** Þórdís er sögð fyrirmynd að Snæfríði Íslandssól í *Íslandsklukku* Halldórs Laxness og Sigríður „yngri“ systir hennar og Jón Vídalín maður hennar fyrirmyndir að biskupshjónunum í Skálholti.

ÞÓRDÍS TRYGGVADÓTTIR (1927-2012) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MYNDLISTARKONA. **Foreldrar:** Sigríður Sigurðardóttir (1904-1972), listmálari, og Tryggvi Magnússon (1900-1960), listmálari. **Systkin:** 1. Sturla (1930-2003). **M:** Egill Björgúlfsson (1924-2000), kennari. **Börn þeirra:** 1. Sigríður (1949), 2. Helga (1952), 3. Björgúlfur (1957), 4. Tryggvi (1967). **Nám:** Lærði myndlist í Reykjavík og Danmörku. **Störf:** Vann við myndlist stóran hluta ævinnar. Hélt sýningar bæði hérlendis og erlendis. Myndskreytti fjölda bóka, einkum barnabækur, m.a. *Bjallan hringir* (1955), *Músabörn í geimflugi* (1963), *Sögur af afa og ömmu* (1969), *Anna Dóra og Dengsi* (1970), *Dúfan og galdrataskan* (1971). Tók við af föður sínum að teikna m.a. í lestrarbókina *Gagn og gaman* og um tíma í *Spegilinn* og *Rafskímu*. **Jarðsett:** Mosfellskirkjugarði eldri reit A-1-9.

ÞÓRDÍS ÞORVALDSDÓTTIR (1928-2020) fædd í Hrísey á Eyjafirði, látin í Hafnarfirði. BORGARBÓKAVÖRÐUR. **Foreldrar:** Lára Pálsdóttir (1901-1985) og Þorvaldur H. Þorsteinsson (1887-1928), skipstjóri. **M:** 1949, Jón G. Hallgrímsson (1924-2002), læknir. **Börn þeirra:** 1. Þorvaldur (1951), 2. Guðrún (1953), 3. Gunnar Þór (1960), 4. Sigrún Lára (1963), 5. Sveinn (1966-1966). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1947, fyrrihlutapróf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1950 og 3. stigs próf í ensku 1955. Lauk BA-prófi í bókasafnsfræði og sænsku frá Háskóla Íslands 1974. **Störf:** Starfaði sem ritari hjá Náttúrugripasafni Íslands, síðan Náttúrufræðistofnun 1950-1956. Var yfirbókavörður í Norræna húsinu í Reykjavík 1973-1985, yfirbókavörður Nordens Folkliga Akademi í Kungälv í Svíþjóð 1980-1982 og borgarbókavörður í Reykjavík 1985-1997. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Bókavarðafélags Íslands

1973-1981 og 1987-1991 og var formaður þess 1974-1981 og 1987-1989. Var fulltrúi Íslands í Nordiska litteratur och bibliotekskommittén, nefnd á vegum Nordisk Ministerråd 1989-1997. Var fulltrúi Bókavarðafélags Íslands í ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna frá 1987 og stjórn Blindrabókasafns Íslands 1982-1997. Tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands í stjórn Launasjóðs rithöfunda 1987-1990. Sat í stjórn og framkvæmdaráði Norræna félagsins á Íslandi 1977-1981, í stjórn Suomi-félagsins 1987-1991 og varamaður í stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands frá 1987. **Viðurkenningar:** Sæmd Norðurstjórnunni (1975). Veittur minnispeningur, útgefin í tilefna 150 ára afmælis finnsku Kalevala-þjóðkvæðanna 1985. **Jarðsett:** Fossvogskirkju-garði reit K-31-14.

ÞÓREY VIGDÍS ÓLAFSDÓTTIR (1949-2017) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. FÉLAGSRÁÐGJAFI og SÁLFRÆÐINGUR. **Foreldrar:** Elín Maríusdóttir (1919-2007) og Ólafur Björnsson (1919-2008), lyfjafræðingur. **Alsystkin:** 1. Björn Már (1947), 2. Elín Soffía (1957), 3. Maríus (1955). **Samfeðra systkin:** 4. Guðmundur Hannes (1942). **M:** 1973, Guðmundur Eiríksson (1947), þjóðréttarfræðingur, sendiherra og prófessor. **Börn þeirra:** 1. Guðrún Dögg (1973), 2. Ólafur Björn (1977), 3. Elín Vigdís (1985). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1969. Lauk frá Háskóla Íslands BA-prófi í sálfræði 1984, prófi í félagsráðgjöf til starfsréttinda 1985 og námi til kennsluréttindi 1987. Lauk kandídatprófi í sálfræði frá Árósháskóla 1987 og námi í klínískri dáleiðslu frá Hypnotherapyschool of India 2013. **Störf:** Starfaði á Skodsborg heilsuhælinu í Danmörku, á geðdeild Borgarspítalans og sem flugfreyja hjá Loftleiðum. Var félagsráðgjafi og sálfræðingur hjá LAUFI, Landssamtökum áhugafólks um flogaveiki, með hléum 1985-1999 og við krabbameinsdeild Landspítala 2001-2003. Var framkvæmdastjóri og ráðgjafi hjá Daufblindrafélagi Íslands 2003-2008. Vann við öldrunarrannsóknina *Reykjavík 80+* árin 1991-1994. Var sendiherrafrú í Ottawa, Pretóríu og Nýju Delí 2003-2014, en dvaldi jafnframt tímabundið á Íslandi. Var stundakennari í sálfræði við Háskóla Íslands 1994-1998 og 2003-2012. Kenndi sálfræði við Jindalháskóla á Indlandi frá ársbyrjun 2017. Fékkst við ritstörf og vann við þýðingar og fyrirlestrahald um árabil. Er höfundur *Flogaveiki* (1984, 1990). **Félagsstörf:** Var stofnfélagi LAUFs, félags flogaveikra og formaður 1992-1994. Sat í stjórn og framkvæmdastjórn Öryrkjabandalags Íslands 1989-1999 og 2006-2009 og í stjórn „Brynju“ hússjóðs ÖBÍ 2007-2016. Sat í stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins 1994-1999, Norræna fræðslusetursins um daufblindu, Norræna ráðsins um málefni fatlaðra 1991-1999, MS-setursins og Alzheimer-samtakanna FAAS 2004-2007. **Jarðsett:** Garðakirkjugarði E-8-307.

ÞÓRHALLA GÍSLADÓTTIR (1920-2006) fædd í Skógargarði í Fellum á Fljótsdalshéraði, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Dagný Pálsdóttir (1885-1979) og Gísli Helgason (1881-1964), bóndi í Skógargarði. **Systkin:** 1. Margrét (1909-1993), 2. Helgi (1910-2000), 3. Páll (1912-1981), 4. Hulda (1913-2001), 5. Björgheiður (1915-1955), 6. Bergþóra (1921-2016), 7. Guðlaug (1918-1998), 8. Sólveig (1922-2007), 9. Ólöf Margrét (1925-2016), 10. Indriði (1926-2009), 11. Víkingur (1929-2012). **M:** 1949, sr. Marinó Friðrik Kristinsson (1910-1994), prestur. **Börn þeirra:** 1. Dagný (1947), 2. Hrefna (1950), 3. Ágúst (1951), 4. Gísli Már (1952-2014), 5. Rósa Kristín (1953), 6. Steinunn (1958-2014), 7. Kolbeinn (1959), 8. Úlfur Heiðar (1961). **Nám:** Stundaði nám við Unglingaskólann í Fagradal í Vopnafirði. Lauk námi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1943. **Störf:** Var ljósmóðir í Fellahreppi á Fljótsdalshéraði 1944-1946 og starfaði síðan á Landspítalanum um tveggja ára skeið. Starfaði sem ljósmóðir í Fljótsdal á Héraði 1956-1966 og í

Þórshafnarlæknishéraði til ársins 1978. Vann hjúkrunarstörf á elliheimilinu Grund í Reykjavík og síðar á Hvítabandinu 1979-1990. **Jarðsett:** Valbjófsstaðarkirkjugarði reit 130.

ÞÓRHILDUR [Dúa] JÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR (1900-1982) fædd á Stóra-Hrauni í Árnessýslu, látin í Reykjavík. LEIKSKÓLAKENNARI og FORSTÖÐUKONA. **Foreldrar:** Kristín Ísleifsdóttir (1869-1945) og sr. Ólafur Helgason (1867-1904). **Systkin:** 1. Karitas (1894-1951), 2. Helgi (1896-1919), 3. Hálf dán (1898-1952), 4. Ísleifur Gísli (1903-1983). **Nám:** Lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1919. Dvaldi síðan á Englandi í eitt ár og bjó á Spáni í þrjú ár með systur sinni og mági. Hóf nám við Socialpedagogiska Seminaríet í Stokkhólmi 1938 og lauk þaðan prófi 1939. **Störf:** Starfaði á skrifstofu hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í fimm ár. Var forstöðukona leikskólanna Tjarnaborgar í Reykjavík 1943-1952 og Laufásborgar í Reykjavík 1952-1970. **Félagsstörf:** Átti frumkvæði að stofnun Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1946. **Viðurkenningar:** Útnefnd heiðursfélagi Fóstrufélags Íslands (1970). Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1971). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-505.

ÞÓRLEIF [Þóra] SIGURÐARDÓTTIR (1916-2012) fædd í Reykjavík, látin í Hafnarfirði. IÐNREKANDI og KAUPMAÐUR. **Foreldrar:** Herdís Jónsdóttir (1884-1963) og Sigurður Oddsson (1874-1942), skipstjóri og hafnsögumaður. **Systkin:** 1. Jón (1910-2000), 2. Elín Valgerður (1912-1946), 3. Oddur (1914-1995), 4. Sveinbjörn (1919-2005), 5. Málfríður Andrea (1923-2022), 6. Sigríður Herdís (1926). **M:** 1937, Hjörtur Jónsson (1910-2002), kaupmaður. **Nám:** Lærði klæðasaum og hönnun við Köbenhavns Tilskærer Akademi. **Störf:** Stofnaði eftir heimkomu Lífstykka- og nærfataverksmiðjuna Lady 1937. Fór vestur um haf til að kynna sér það nýjasta sem snerti framleiðsluvörurnar. Rak verslunina Olympíu í Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni í yfir 60 ár frá 1938, m.a. að Laugavegi 26. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur 1959 og útnefnd heiðursfélagi klúbbsins (1999). **Jarðsett:** Garðakirkjugarði reit D-3-181.

ÞÓRNÝ FRIDRIKSDÓTTIR (1908-1968) fædd á Efri-Hólum í Núpasveit í Norður-Þingeyjarsýslu, látin í Reykjavík. SKÓLASTJÓRI og VEFNAÐARKENNARI. **Foreldrar:** Guðrún Halldórsdóttir (1882-1949), ljósmóðir, og Friðrik Sæmundsson (1872-1936), bóndi. **Systkin:** 1. Halldóra (1903-1985), 2. Sæmundur (1905-1977), 3. Dýrleif (1906-1996), 4. Margrét (1912-1989), 5. Kristján (1912-1980), 6. Jóhann (1914-1986), 7. Svanhvít (1916-2009), 8. Guðrún Sigríður (1918-2002), 9. Barði (1922-2014). **M:** 1947, Hrafn Sveinbjarnarson (1913-1988), oddviti. **Barn þeirra:** 1. Sigrún (1953). **Nám:** Sótti námskeið í saumum og vefnaði í Reykjavík 1928-1929. Nam við Fana Folkehögskole við Bergen í Noregi 1930-1931 og sótti þar einnig hússtjórnarnámskeið sumarið 1931. Stundaði nám við Statens Lærerinneskole í husstell á Stabekk, í Bærum í Noregi. Sat þriggja mánaða vefnaðarnámskeið í Husflidsskolen í Stavanger 1932. Lauk vefnaðarkennaraprófi í Finnlandi 1937. **Störf:** Var matreiðslukennari við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1933-1944, skólastjóri sama skóla 1944-1953 og vefnaðarkennari þar 1953-1968. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-46-11.

ÞÓRUNN EGGÞÓRA ANDRÉSDÓTTIR (1925-2016) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. TALSÍMAKONA. **Foreldrar:** Ása Magnúsdóttir (1893-1953) og Andrés Brynjólfsson (1892-1930), verkamaður. **Alsystkin:** 1. Vilborg (1927-2010). **Sammæðra systkin:** 2. Magnea Haraldsdóttir (1923-2010). **M:** Bergsteinn Ólason (1926-2016), húsasmiður. **Barn þeirra:** 1. Rut (1957-2004).

Nám: Stundaði nám í Verslunarskóla Íslands 1942-1944 og við University of Handicraft í New York, Bandaríkjunum, 1945-1946. Stóðst inntökupróf á talsímanámskeið og lauk því. **Störf:** Skipuð talsímakona 1948 og gegndi því starfi í tæplega 50 ár eða til starfsloka árið 1995. Fékkst við hannyrðir og stofnaði ásamt Rut dóttur sinni Verslunina Garn og gaman við Hverfisgötu, Reykjavík. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-29-4.

ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR (1929-2020) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. MYND- OG HANDMENNTAKENNARI. **Foreldrar:** Katrín Ólafsdóttir (1904-1988) og Árni Magnús Pjetursson (1899-1953), læknir. **Systkin:** 1. Jón Rósenkranz Árnason (1926-2006), 2. Hólmfríður Rósenkranz Árnadóttir (1939). **M1:** 1950, Sigurður Sigurðsson, tollvörður, þau skildu. **M2:** 1951, Ólafur Sv. Björnsson (1919-1968), stjórnarráðsfulltrúi, skildu 1959. **Barn þeirra:** 1. Anna Ólafsdóttir Björnsson (1952). **M3:** 1960, Ólafur E. Stefánsson (1922-2005), landsráðunautur í nautgripa-rækt. **Nám:** Stundaði nám í Skotlandi, fyrst í Skerry's College í Glasgow 1946 og Glasgow School of Arts 1947. Sótti síðan nám í St. Denis School í Edinborg, sem var kvennaskóli á menntaskóla-stigi. Lauk myndlistarkennaraprófi frá Handíða- og myndlistaskóla Íslands 1959. Lærði keramik á Spáni sama ár. Var við nám í myndlist við Bristol Polytechnic í Englandi 1973-1974. Lauk smíðakennaranámi frá Kennaraháskólanum 1982. Tók fararstjórpróf 1960. **Störf:** Starfaði m.a. í Ingólfsapóteki og við afgreiðslu í bókaúð. Vann í Blóðbankanum og á lækningastofu föður síns sem þjálfaði hana til ýmissa hjúkrunartengdra starfa. Kenndi síðan handmenntir við Miðbæjar-skólann, Myndlistaskólann í Reykjavík, Bjarnastaðaskóla á Álftanesi og Kennaraháskóla Íslands. **Félagsstörf:** Var meðal frumkvöðla að stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar og kom að stofnun Kvinnalistasins. **Jarðsett:** Ekki á skrá kirkjugarða.

ÞÓRUNN ÁSTRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR (1859-1935) fædd í Vatnshorni, Skorradal, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Sólveig Björnsdóttir (1825-1889) og Björn Eyvindsson (1825-1899), bóndi og hreppstjóri í Vatnshorni í Skorradal. **Systkin:** 1. Björn (1856-1953), 2. Jórunn (1857-1889), 3. Eyvindur (1858-1914), 4. Hólmfríður (1861-1935), 5. Steinunn (1863-1921), 6. Steindóra (1864-1885), 7. Bóthildur (1867-1931), 8. Bjarni (1869-1941). **Nám:** Lauk prófi í ljósmæðrafræðum í Reykjavík 1882 hjá landlækni og Þorbjörgu Sveinsdóttur, ljósmóður. Stundaði framhaldsnám við fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn 1890-1891 og lauk þaðan prófi, á fæðingardeild og í ljósmæðraskóla ríkisspítalanna í Kaupmannahöfn 1911 og á fæðingarspítölum í Bergen og Ósló 1926. **Störf:** Var ljósmóðir í Þingvallasveit 1895-1897 og skipuð ljósmóðir í Reykjavík 1897. Sinnti verklegri ljósmæðrakennslu 1912-1930. Tók á mótí 4759 börnum á árunum 1883-1935. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1922). **Jarðsett:** Hólavallagarði reit K-311.

ÞÓRUNN [Tótó] EGILSON (1926-2014) fædd í Barcelona á Spáni, látin í Reykjavík. FRAMKVÆMDASTJÓRI, KAUPKONA og HANDVERKSKONA. **Foreldrar:** Guðrún Pétursdóttir Thorsteinsson (1890-1962) og Gunnar Egilson (1885-1927), erindreki. **Systkin:** 1. Elísabet Waage (1910-2000), 2. Ásthildur Gyða (1911-2005), 3. Þorsteinn (1913-1983), 4. Katrín Hrefna (1916-1917), 5. Helga (1918-2001), 6. Katrín (1920-2014), 7. Gunnar Ólafur Þór (1927-2011). **M:** 1959, Stefán Ólafsson (1929-2004). **Nám:** Lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1944. Stundaði nám í tiskuteiknun í Los Angeles 1945 og lærði gluggaústillingar í Vínarborg um áratugi síðar. **Störf:** Starfaði við skrifstofustörf í Reykjavík. Vann lengi hjá Ragnari Þórðarsyni eiganda verslunarinnar

Markaðarins, var þar framkvæmdastjóri og rak fyrirtækið í fjarveru Ragnars. Stofnaði verslunina Dimmalimm ásamt Helgu systur sinni og Sigrúnu Gunnlaugsdóttur, var ein fyrsta verslun í Reykjavík sem seldi handverk og hönnunarvörur. Starfaði um hríð við Búnaðarbanka Íslands eða þar til hún sneri sér að listmunagerð. Vann að margs konar handverki og listmunum, gerði t.d. íslensku jólasveinana eftir teikningum Tryggva Magnússonar, listmálara, í bókinni *Jólin koma* eftir Jóhannes úr Kötlum. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit C-6-371.

ÞÓRUNN EIRÍKSDÓTTIR (1928-2003) fædd á Hamri í Þverárhlið í Mýrasýslu, látin á Akranesi. **FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐUR.** **Foreldrar:** Katrín Jónsdóttir (1899-1994) og Eiríkur Þorsteinsson (1896-1991), bóndi. **Systkin:** 1. Guðrún (1930), 2. Áslaug (1933-2020), 3. Steinunn Jóney (1934), 4. Katrín *Auður* (1938-2018). **M:** 1949, Ólafur Jónsson (1918-1998), smiður og bóndi. **Börn þeirra:** 1. Sigrún (1950), 2. Unnur (1960), 3. Björk (1965). **Nám:** Lauk landsprófi frá Héraðs-skólanum í Reykholti og stundaði nám við Húsmæðraskólann á Varmalandi. **Störf:** Var húsfreyja á Kaðalstöðum í Stafholtstungum, kvenfélagsformaður, bankaráðsmaður og rithöfundur. **Stjórnmalastörf:** Átti nokkrum sinnum sæti á framboðslistum Alþýðubandalagsins við alþingiskosningar og átti í 11 ár sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands, fyrst sem varamaður og síðan sem aðalmaður. **Félagsstörf:** Var formaður Kvenfélags Stafholtstungna og Sambands borgfyrskra kvenna um tíma. Sat í varastjórn Kvenfélagasambands Íslands og var fulltrúi þess á aðalfundum Landverndar og Náttúruverndarráðs í nokkur ár. Sat í skólanefnd Barnaskóla Mýrasýslu á Varmalandi í 20 ár, í stjórn Skógræktarfélag Borgarfjarðar í 12 ár og var í tæp 30 ár fulltrúi á aðalfundum Skógræktarfélag Íslands. Sat í sóknarnefnd Hjarðarholtskirkju og safnaðarfulltrúi Hjarðarholts- og Stafholtsprestakalls í nokkur ár. Sat í stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Böðvarssonar 1974-2003. Var formaður félags aldraðra í Borgarfjarðardölum í sex ár og varamaður í sambandsstjórn Landssambands eldri borgara. Flutti erindi um endurnýtingu á vegum margra kvenfélaga, kvenfélagasambanda og í útvarp á árunum 1983-1985. **Ritstörf:** Ritaði sögu Varmalandsskóla, Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Sambands borgfyrskra kvenna og leikdeildar Ungmennafélags Stafholtstungna og birti í ársritum Sögufélags Borgarfjarðar, *Borgfirðingabók*. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (2003). **Jarðsett:** Stafholtskirkjugarði reit A-65.

[SIGRÍÐUR] **ÞÓRUNN FRANSDÓTTIR** (1931-2018) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **DÆGURLAGAHÖFUNDUR** og **KAUPKONA.** **Foreldrar:** Sveinbjörg Guðmundsdóttir (1905-1996), verkakona, og Frans Ágúst Arason (1897-1983), verkamaður. **Samfeðra systkin:** 1. Guðbjartur Bergmann (1920-1995), 2. Ari Bergþór (1924-2010), 3. Hannes *Ragnar* (1925-2019), 4. Magnea Fransiska Bergmann (1927-2017). **M1:** Hróbjartur Elí Jónsson (1923-1995), þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Ingunn Elín (1949), 2. Jóna (1950). **M2:** 1959, Hallgrímur Jónsson (1927). **Börn þeirra:** 3. Sveinbjörg (1957), 4. Þorbergur (1959), 5. Ásgerður (1962). **Nám:** Tók gagnfræðapróf frá Ingimarsskóla og lauk prófi frá Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Lærði ung píanóleik. **Störf:** Rak hannyrðaverslun að Laugavegi 63 í Reykjavík 1966-1976. Hélt hannyrða- og myndflosnámskeið víða um land. Starfaði síðustu starfsár sín sem fulltrúi á skjalasafni Reykjavíkurborgar. Fékkst við að semja dægurlög. **Dægurlög:** Fékk fyrstu verðlaun hjá SKT fyrir lag sitt *Bergmál* 1955 og samdi auk þess m.a. lög *Vökudraumur á hafinu*, *Ég sakna þín*, *Ástarkveðja*, *Mamma*, *Farmaður hugsar heim*, *Hafskipið* og *Föðurbæn sjómannsins*. **Félagsstörf:** Sat í stjórn Félags íslenskra dægurlagahöfunda í nokkur ár. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-4-165.

PÓRUNN GÍSLADÓTTIR (1846-1937) fædd á Ytri Ásum í Vestur-Skaftafellssýslu, látin í Reykjavík. LIÓSMÓÐIR og GRASALÆKNIR. **Foreldrar:** Þórunn Sigurðardóttir (1812-1901), ljósmóðir, og Gísli Jónsson (1817-1877). **Alsystkin:** 1. Ragnhildur (1839-1898), 2. Guðrún (1841-1851), 3. Jón (1843-1868), 4. Kristín (1848-1882), 5. Benedikt (1852). **Sammæðra systkin:** 6. Sigurður (1835-1913), 7. Erlingur (1836-1860). **M:** 1868, Filippus Stefánsson (1839-1909), silfursmiður og bóndi í Kálfafellskoti til 1897 og seinna í Brúnavík í Borgarfirði eystri. **Börn þeirra:** 1. Stefán (1870-1964), 2. Þórunn (1872-1895), 3. Erlingur (1873-1967), 4. Geirlaug (1876-1969), 5. Regína Magdalena (1877-1965), 6. Jón Sigurður (1882-1950), 7. Gissur Kristján (1883-1921), 8. Guðrún (1884-1976), 9. Jóhanna (1887-1953). **Nám:** Lærði ljósmóðurfræði og tók próf hjá Þógrími Johnsen lækni í Odda 1870. **Störf:** Var formaður á báti á vorvertíð 1868. Var ljósmóðir í Fljótshverfi og Austur-Síðu og síðar í Borgarfjarðarumdæmi eystra. Stundaði grasalækningar sem hún lærði af móður sinni og afkomendur hennar lærðu síðan af henni. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit B-17-25.

PÓRUNN HAFSTEIN PÉTURSDÓTTIR JÓNASSEN (1850-1922) fædd á Ketilsstöðum á Völlum í Suður-Múlasýslu, látin í Reykjavík. BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Guðrún Hannesdóttir Stephensen (1826-1851) og Jörgen *Pétur* Jakob Hafstein (1812-1875), sýslumaður og amtmaður. **Alsystkin:** 1. Hannes (1848-1850). **Samfeðra systkin:** 2. Hannes Lárus (1858-1860), 3. Guðrún Jóhanna (1859-1866), 4. Hannes Þórður (1861-1922), 5. Soffía Ágústa (1863-1885), 6. Guðrún Jóhanna Lára (1866-1894), 7. Jóhanna (1867-1894), 8. Marinó Jakob (1867-1936), 9. Elín (1869-1900), 10. Gunnar Magnús (1872-1933). **M:** Jónas Þórðarson Jónassen (1840-1910), landlæknir. **Barn þeirra:** 1. Guðrún *Soffía* (1873-1943). **Nám:** Fór til námsdvalar í Kaupmannahöfn 1864. Gekk þar m.a. í stúlknskóla hjá fröken Nathalie Zahle sem var í miklu álitu í Danmörku. **Störf/stjórnmalastörf/félagsstörf:** Kom frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur 1871. Tók þar þátt í stjórnmalum og margs konar félagsmalum. Var formaður stjórnar Thorvaldsensfélagsins frá stofnun þess 1875 til æviloka 1922 og var mótandi í störfum þessa, en félagið er góðgerðar- og líknarfélag þar sem sjálfboðaliðar leggja öðrum lið með starfi sínu. Var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1908-1914, kosin af lista Thorvaldsensfélagsins. Sinnti störfum gjaldkera í Landspítalaskjóðsnefnd vegna byggingar spítalans. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1921), fyrst kvenna ásamt Elínu Briem. Nafni Skúlatúns í Reykjavík var breytt henna til heiðurs í Þórunnartún árið 2010. **Jarðsett:** Hólavallagarði reit L-209.

PÓRUNN „Hyrna“ KETILSDÓTTIR (848). LANDNÁMSKONA Í EYJAFIRÐI. **Foreldrar:** Ingvaldur Ketilsdóttir (810) og Ketill „flatnefur“ Bjarnason (810). **Systkin:** 1. Auður „djúpúðga“ (830), 2. Björn „austræni“ (842), 3. Jórunn „mannvitsbrekka“ (1845), 4. Helgi „bjóla“ (855). **M:** Helgi „magri“ Eyvindsson (825). **Börn þeirra:** 1. Ingjaldur (865), 2. Helga (870), 3. Ingunn (870), 4. Hlíf (870), 5. Hrólfur (875), 6. Þorbjörg „hólmasól“ (875), 7. Þórhildur (880), 8. Þóra (890). Helgi og Þórunn námu Eyjafjörð allan og var það stærsta landnám á Íslandi. **Viðurkenningar:** Á Akureyri er göturnar Þórunnarstræti og Helgamagrastræti nefndar eftir þeim hjónum. Snækórónan „Þórunn Hyrna“ er harðgerður meðalstór til stórvaxinn runni allt að þriggja metra hár, álitin harðgerðasta snækórónan fyrir íslenskar aðstæður. Blómin eru hvít, stjörnulaga og ilmandi. Zontaklúbburinn Þórunn hyrna starfar á Akureyri. Leikskólinn við Helgamagrastræti ber nafnið Hólmasól í höfuðið á Þorbjörgu hólmasól sem talin er fyrsta barnið sem fæddist í Eyjafirði. **Minnisvarði:** Höggmyndin *Landnemar* stendur á klöpp við Glerárgötu á Akureyri.

ÞÓRUNN ELFA MAGNÚSDÓTTIR (1910-1995) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. RITHÖFUNDUR. **Foreldrar:** Margrét Magnúsdóttir (1874-1954) og Magnús Magnússon (1881-1958), sjómaður og verkamaður. **Systkin:** 1. Magnea Ingileif (1905-1958), 2. Laufey Björg Engilberts (1908-1996), 3. Gunnar Aðalsteinn (1913-1990). **M:** 1941, Jón Þórðarson (1902-1992), kennari og rithöfundur, skildu 1966. **Börn þeirra:** 1. Einar Már (1942), 2. Magnús Þór (1945), 3. Anna Margrét (1952). **Nám:** Stundaði nám við lýðskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík í tvo vetur. Nam bókmenntir og tungumál í Drammen og Ósló. Var við nám í Háskólanum í Uppsölum, Svíþjóð 1946-1947. **Störf:** Fékkst við ritstörf og gaf út fjölda bóka. Þýddi sögur í blöð og tímarit og flutti efni í útvarp. **Bækur:** M.a. *Dætur Reykjavíkur I-III* (1933, 1934 og 1938), *Draumur um Ljósaland I og II* (1941 og 1943), *Snorrabraut 7* (1947), *Í biðsal hjónabandsins* (1949), *Dísa Mjöll* (1953), *Í skugga valdsins* (1964), *Kóngur vill sigla* (1968) og *Elfarniður*, ljóð (1976). **Útgefin leikrit:** M.a. *Ljósaskipti*, leikrit (1950), *Sverðið*, leikgerð eftir sögunni Dísu Mjöll (1954) og *Maríba Brenner*, framhaldsleikrit (1967). Rekur endurminningar sínar m.a. í bókunum *Frostnótt í maí* (1958) og *Frá Skólavörðustíg að Skógum í Axarfirði, endurminningar* (1977). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit K-33-68.

ÞÓRUNN MAGNÚSDÓTTIR (1920-2008) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. SAGNFRÆÐINGUR og BÆJARFULLTRÚI. **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir (1889-1955), saumakona, og Magnús Jónsson (1889-1922), bóndi og formaður. **Systkin:** 1. Guðrún (1915-2003), 2. Magnús (1917-1922). **M1:** 1940, Björn Guðmundsson (1914-1972), bifreiðarstjóri, þau skildu. **Börn þeirra:** 1. Eygló (1941), 2. Ingibjörg (1943-2015), 3. Erla Bil (1947), 4. Magnús (1950). **M2:** 1954, Helgi Jónsson (1923-2002), vélsmiður, þau skildu. **Barn þeirra:** 5. Guðrún (1959). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1971 og cand.mag.-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1982. **Störf:** Var kennari við grunn- og framhaldsskóla víða um land og starfaði víða að uppbyggingu fullorðinsfræðslu. Var skólustjóri um tíma. Fékkst við ritstörf. **Bækur:** *Sjósókn sunnlenskra kvenna frá verstöðvum í Árnassýslu 1697-1980* (1982), *Sjókonur á Íslandi 1891-1981* (1988). **Stjórnmalastörf:** Var bæjarfulltrúi og fulltrúi í framfærslunefnd Reykjavíkur fyrir Sósíalístaflokkinn 1954-1962. **Félagsstörf:** Var frumkvöðull og formaður Samtaka herskálabúa 1952-1954 og forystukona í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna. Var í undirbúningsnefnd Íslands fyrir Kvennaár Sameinuðu þjóðanna árið 1975 og hafði forgöngu um sýningu á verkum íslenskra myndlistarkvenna í Norræna húsinu það ár. **Jarðsett:** Sóllandi, duftgarði reit A-3-14.

ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR (1924-2016) fædd á Sauðanesi á Ásum, Austur-Húnavatnssýslu, látin í Reykjavík. HÚSSTJÓRNARKENNARI. **Foreldrar:** Sesselja Þórðardóttir (1888-1942) og Páll Jónsson (1875-1932), bóndi. **Systkin:** 1. Jón Helgi (1914-1985), 2. Páll Sigbór (1916-1983), 3. Sigrún Stefanía (1917-1998), 4. Þórður (1918-2004), 5. Gísli (1920-2013), 6. Stefán *Hermann* (1921-2002), 7. Helga Guðrún (1922-2017), 8. Ólafur Hólmgeir (1926-2002), 9. Aðalbjörg Anna (1928-1956), 10. Haukur Þorsteinn (1929-2020), 11. Páll *Ríkarður* (1932-2016). **M:** 1952, Hannes Hjartarson (1926-2016), verslunarmaður. **Barn þeirra:** 1. Magnús Kjartan (1955). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1948 og prófi í uppeldis- og kennslufræði frá Kennaraháskóla Íslands 1976. Sótti námskeið við Statens Lærerindeskole i husstell á Stabekk í Bærum, Noregi 1952. Sótti nám í matvælafræði við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands 1981-1982. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann á Hverabökkum í Hveragerði 1948-1952,

stundakennari við Gagnfræðaskóla Austurbæjar 1958-1960, Vogaskóla 1959-1967 og Flensborgarskóla 1960-1961. Var kennari við Vogaskóla í Reykjavík 1967-1992 og einnig við Menntaskólann við Tjörnina 1975-1993. Var prófdómari við Fóstruskóla Íslands til fjölda ára. Vann að námsgagnagerð, *Heimilishaldi II*, ásamt fleirum fyrir menntamálaráðuneytið. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-1-178.

ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR (1812-1901) fædd í Steig í Mýrdal, látin í Árnassýslu. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Þórunn „eldri“ Þorsteinsdóttir (1771-1853), ljósmóðir, og Sigurður Árnason (1770-1843), bóndi í Steig í Mýrdal. **Alsystkin:** 1. Valgerður (1808-1894), 2. Þorsteinn (1811-1890), 3. Þórunn (1812-1902), 4. Sigurður (1815-1869). **Sammæðra systkin:** 5. Þorsteinn (1790-1855), 6. Eyjólfur (1795-1864), 7. Þorsteinn (1797-1875), 8. Þuríður (1805-1869). **M1:** Benedikt Erlingsson (1797-1838), bóndi í Fljótsdal í Fljótshlíð. **Börn þeirra:** 1. Sigurður (1835-1913), 2. Erlingur (1836-1860). **M2:** Gísli Jónsson (1817-1877), bóndi á Býjarskerjum. **Börn þeirra:** 3. Ragnhildur (1839-1898), 4. Þórunn (1844-1937) ljósmóðir, 5. Kristín (1848-1882) ljósmóðir, 6. Benedikt (1852). **Nám:** Sótti ljósmóðurnám hjá Skúla Thoroddsen lækni á Móeiðarhvoli og tók ljósmóðurpróf 1847. **Störf:** Var skipuð ljósmóðir í Skaftafellssýslu 1847 og síðar í Gullbringusýslu. Tók alls á móti 397 börnum. Var húsfreyja í Fljótsdal í Fljótshlíð, á Ytri Ásum í Vestur-Skaftafellssýslu og á Býjarskerjum við Sandgerði. **Jarðsett:** Stokkseyrarkirkjugarði.

[ÞÓRDÍS] **ÞÓRUNN RICHARDSDÓTTIR SÍVERTSEN** (1861-1958) fædd í Árnagerði í Fáskrúðsfirði, látin í Höfn í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu. HÚSFREYJA, BÓNDI og FRÆÐAÐULUR. **Foreldrar:** Guðrún Guðmundsdóttir (1830-1917), ljósmóðir, og Ríkarður Þórólfsson (1829-1910), trésmiður. **Systkin:** 1. Margrét (1864-1895), 2. Ólafur (1867-1869), 3. Ingigerður (1870-1902). **Samfeðra systkin:** 4. Þórólfur (1852-1934). **M:** 1898, Torfi Sívertsen (1865-1908), bóndi í Höfn í Melasveit Borgarfjarðarsýslu. **Barn þeirra:** 1. Pétur Fjeldsted Sívertsen (1900-1988). **Nám:** Lá á sjúkrahúsi í Edinborg í Skotlandi í 14 mánuði frá árinu 1887, lærði þar ensku og dvaldi síðan áfram í Skotlandi í fjögur ár við nám og störf. **Störf:** Var kennari við Kvennaskólann í Reykjavík 1892-1896 og heimiliskennari á Gilsbakka í Hvítársíðu, Mýrasýslu 1896-1898. Var húsfreyja og bóndi í Höfn í Melasveit frá 1898 til æviloka 1958. Fékkst við ritstörf. **Félagsstörf:** Tók virkan þátt í félagsstarfi, var gjarnan fengin til að flytja tækifærisræður. **Viðurkenning:** Sæmd Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu (1932). **Jarðsett:** Leirárkirkjugarði.

[VALGERÐUR] **ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR** (1914-1995) fædd á Ísafirði, látin í Hafnarfirði. VERKALÝÐSLEIÐTOGI. **Foreldrar:** Þórunn Sveinsdóttir (1877-1950) og Valdimar Eggertsson (1866-1939), sjómaður. **Systkin:** 1. Össur Pétur (1900-1980), 2. Oddur Eggert (1903-1929), 3. Valdimar (1905-1988), 4. Kristjana Margrét Emilía (1907-1993), 5. Elísabet Guðbjörg (1909-1910), 6. Kristín Sveina (1912-1932). **M:** 1953, Bjarni Pálsson (1922-2006), sjómaður, þau skildu. **Barn hennar og kjörbarn Bjarna:** 1. Kristín Sveina Jóhanna Bjarnadóttir (1950). **Störf/ félagsstörf:** Gegndi störfum í Verkakvennafélaginu Framsókn frá 1954, var framkvæmdastjóri þess 1954-1962, varaformaður 1962-1974 og formaður 1974-1982. Átti sæti í framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands og miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Sinnti margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Alþýðuflokkinn. Sat í bankaráði Alþýðubankans. **Viðurkenning:** Var gerð að heiðursfélaga Verkakvennafélagsins Framsóknar á 70 ára afmæli sínu árið 1984. **Jarðsett:** Hafnarfjarðarkirkjugarði reit F-2-2.

ÞÓRUNN ÞÓRÐARDÓTTIR (1925-2007) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík.

ÞÖRUNGAFRÆÐINGUR. Foreldrar: Katrín Pálsdóttir (1889-1952), bæjarfulltrúi í Reykjavík, og Þórður Þórðarson (1882-1925), bóndi og gestgjafi í Tryggvaskála. **Systkin:** 1. Guðrún (1908-1914), 2. Sæmundur (1909-1980), 3. Kári (1911-1998), 4. Margrét (1913-1992), 5. Þóra (1914-1996), 6. Gunnar (1915-1915), 7. Guðrún Sigríður (1916-1990), 8. Elín Pálína (1917-1920), 9. Hlíf (1919-1943), 10. Elín Pálína (1922-1988), 11. Haraldur Páll (1923-1994). **M:** Odd Didriksen (1927-1995), framhaldsskólakennari og löggiltur skjalapýðandi. **Börn þeirra:** 1. Katrín Didriksen (1954), 2. Einar Oddsson (1960). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1944. Lauk prófi í þörungafræði frá Óslóarháskóla og var meðal allra fyrstu íslenskra kvenna til að ljúka námi í náttúrufræðum. **Störf:** Starfaði allan sinn starfsferil á Hafrannsóknastofnun við rannsóknir á frumframleiðni hafsins við Ísland. **Viðurkenning:** Hlaut heiðursviðurkenningu Lýðveldissjóðs fyrir störf sín þann 17. júní 1997. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Z-100.

ÞURÍÐUR ÁRNADÓTTIR / Þóra í Garði (1891-1963) fædd í Garði í Mývatnssveit, látin í Mývatnssveit. **SKÁLD og GARÐYRKJUKONA. Foreldrar:** Guðrún Stefánsdóttir (1863-1937) og Árni Jónsson (1856-1926), bóndi í Garði, Skútustaðasókn, Suður-Þingeyjarsýslu. **Systkin:** 1. Ásrún (1884-1966), 2. Stefán (1887-1898), 3. Jón (1889-1944), 4. Björgvin Helgi (1894-1974), 5. Halldór (1898-1979). 6. Arnþór (1904-1983). **Nám:** Var fimm vikur í skóla fermingarárið sitt. Var við nám í Húsmæðraskóla Reykjavíkur í einn vetur og fór á garðyrkjunámskeið bæði í Reykjavík og á Akureyri. **Störf:** Starfaði á Hvanneyri 1911-1912. Vann við gróðursetningu í Höfða við Mývatn, eftir að Héðinn Valdimarsson og Guðrún P. Pálsdóttir keyptu jörðina. Vann í Lystigarðinum á Akureyri fyrst sem aðstoðarkona frú Margrétar Schiöth, en tók seinna að miklu leyti við gæslu garðsins og vann þar meðan heilsan leyfði. Fékkst við skáldskap. **Bækur:** *Vísur Þuru í Garði* (1939, 2. útg. 1956) og *Skútustaðætt – Niðjatal Helga Ásmundssonar á Skútustöðum* (1951). **Félagsstörf:** Var félagi í Ungmennafélaginu Mývetningi og formaður í tvö ár 1924-1926, fyrst kvenna. **Jarðsett:** Skútustaðakirkjugarði reit 213.

ÞURÍÐUR BAXTER (1945-2012) fædd í Reykjavík, látin í Kópavogi. **SKRIFSTOFUSTJÓRI, ÚTGÁFUSTJÓRI og ÞÝÐANDI. Foreldrar:** Sigríður Þ. Ottesen (1926) og Lonnie Ralph Baxter (1920-1999). **Alsystkin:** 1. Þorlákur Baxter (1947). **Sammæðra systkin:** 2. Kristín Amalía Atladóttir (1961). **Barnsfaðir:** Julio Espinosa Rocha. **Barn þeirra:** 1. Stefán Baxter (1968). **Nám:** Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1967. Var við nám í spænsku við Universidad de Barcelona 1967-1968 og ritarnám í Växjö í Svíþjóð 1969-1970. Stundaði nám í íslensku, frönsku og almennri bókmenntasögu við Háskóla Íslands 1971-1976 og lauk þaðan BA-prófi 1976. Var í söngnámi við Tónlistarskóla Garðabæjar. **Störf:** Var skrifstofustjóri hjá Virki hf. í Reykjavík 1970-1978 og bókmenntaráðunautur hjá bókaútgáfunni Iðunni 1978-1979. Kenndi við Húnavallaskóla 1979-1980. Var framleiðslustjóri og síðar útgáfustjóri hjá Máli og menningu 1980-1984. Stofnaði eigin útgáfubjónustu og vann við þýðingar, prófarkalestur og ritvinnslu 1985-1987. Þýddi mikinn fjölda barna- og unglingabóka og nokkrar skáldsögur, m.a. úr þýsku, frönsku, sænsku, spænsku og ensku. M.a. voru bækurnar *Í blíðu og stríðu* (1986), *Enn er skrattanum skemmt* (1987) og *Himinninn yfir Novgorod* (1989) eftir Régine Deforges. Var skrifstofustjóri hjá Víkurvörum í Reykjavík 1987-1990 og síðan hjá STEFi 1990-2006. Vann við að þýða, staðfæra og skrifa vefinn brjóstakrabbamein.is frá árinu 2006, sem hún færði Landspítalanum og læknadeild Háskóla Íslands að gjöf. Samdi sönglög. **Hljómdiskur:** Gaf út

hljómdiskinn *Mitt er þitt* (1995) og *Tólf sönglög* sem hún tileinkaði vinum sínum (um jólin 2004).
Jarðsett: Fossvogskirkjugarði reit F-20-30.

PURÍÐUR BÁRÐARDÓTTIR (1877-1955) fædd á Raufarfelli undir Eyjafjöllum, látin í Reykjavík. LIÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Ólöf Ólafsdóttir (1843-1927) og Bárður Pálsson (1835-1890), bóndi á Raufarfelli, Eyvindarhólasókn, Rangárvallasýslu. **Systkin:** 1. Margrét (1863-1898), 2. Ólafur (1865-1890), 3. Helga (1866-1931), 4. Vigdís (1867-1920), 5. Sigríður (1868-1951), 6. Jón (1872-1953), 7. Kristín (1874-1959), 8. Páll (1876-1943), 9. Elín (1882-1949). **Nám:** Lærði kjólasaum í Kaupmannahöfn 1902. Stundaði nám á árunum 1904-1905 við danska Ljósmaðraskólann í Kaupmannahöfn, *Jordemoderskolen*, starfræktur í *Den kongelige Fødselsstiftelse* í borginni. **Störf:** Skipuð ljósmóðir í Reykjavík 1905 og gegndi því starfi til 1943. Var kennari við Ljósmaðraskólann í Reykjavík 1905-1931 og síðan prófdómari við skólann frá 1931. Var forstöðumaður mæðraheimilis í Reykjavík 1943-1945. Ljósmaðraskólinn var á árunum 1923-1930 rekinn í húsi Puríðar að Tjarnargötu 16, Reykjavík, byggt árið 1923. Mæðraheimili Reykjavíkur var í húsinu 1943-1946. Alls gátu 12 konur verið á heimilinu í senn og stóð þeim til boða að koma þremur vikum fyrir barnsburð og dvelja á heimilinu í allt að tvo mánuði eftir fæðingu barns. **Félagsstörf:** Var formaður Ljósmaðrafélags Íslands frá stofnun 1919 til 1943 og ritstjóri *Ljósmaðrablaðsins* 1922-1943. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1938). Útnefnd heiðursfélagi í Ljósmaðrafélagi Íslands (1946). **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit C-30-16.

PURÍÐUR BILLICH, f. JÓNSDÓTTIR (1913-2004) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. VERSLUNARSTJÓRI. **Foreldrar:** Sigurborg Jónsdóttir (1881-1950) og Jón Sigurðsson (1871-1959), járnsmiður. **Systkin:** 1. Sigurjón (1906-1983), 2. Vilborg Hjaltested (1908-2004), 3. Ólöf Hólmfríður (1910-1931), 4. Ögmundur (1911-2000), 5. Gunnar Njáll (1918-1998), 6. Hjalti (1923-1988). **M:** 1939, Karl Billich (1911-1989), píanóleikari. **Barn þeirra:** 1. Sigurborg Elísabet (1951). **Nám:** Gekk í Kvennaskólann í Reykjavík og Ritman's College í London. **Störf:** Vann við skrifstofustörf á skrifstofu Hótel Borgar í Reykjavík. Var verslunarstjóri í Feldinum í Reykjavík um árabíl og vann síðan við verslunarstörf hjá Miðbæjarmarkaðinum. Starfaði síðast á elliheimilinu Grund. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit W-7-16.

PURÍÐUR EINARSDÓTTIR / Þuríður formaður (1777-1863) fædd á Stéttum í Stokkseyrarsókn, látin í Einarshöfn, Eyrarbakka. BÁTIFORMAÐUR. **Foreldrar:** Helga Bjarnadóttir (1740-1811) og Einar Eiríksson (1749-1791), formaður. **Systkin:** 1. Bjarni (1774-1808). **Sambýlismaður:** Erlendur Þorvarðarson (1778-1843), bóndi á Eystri-Móhúsum í Stokkseyrarhreppi. **Barn þeirra:** 1. Þórdís (dó fimm ára gömul). **M:** 1820, Jón Egilsson (1799-1841), þau skildu. **Störf:** Reri fyrst á vorvertíð hjá föður sínum 1788 þá 11 ára gömul. Var síðan látin róa vor og haust hjá föður sínum og Bjarna bróður sínum þar til hún varð fullgildur háseti á vertíð hjá Jóni í Móhúsum 1802. Var formaður á vor- og haustvertíðum 1802-1816 og formaður á vetrarvertíðum 1816-1830. Var formaður á vetrarvertíðum á áttæringi frá Þorlákshöfn 1830-1840. Vann við verslunarstörf í Arahúsi í Hafnarfirði 1840-1847. Bjó aftur á Eyrarbakka 1848-1863. Þórður Sveinbjörnsson sýslumaður útvegaði henni leyfi til að bera eingöngu karlbúning. Nefndi sig oft Þormóð þegar hún var spurð að nafni, en sagði síðan hið sanna og varð hlátur af. **Viðurkenningar:** Fékk verðlaun úr konungssjóði fyrir jarðrækt og sjósókn (1830). Varð fræg fyrir að koma upp um Kambránið á Kambi í Flóa 1827. Ræningjarnir skildu eftir sig verksummerki, m.a. skó, járnflein

og vettling. Þuríður taldi sig þekkja handbragðið á skónum og að för í járnteininum pössuðu við steðja í geigu Jóns Geirmundssonar á Stéttum í Hraungerðishreppi, sem var einn ránsmanna. Þuríðarbúð var reist á Stokkseyri árið 1949 til minningar um Þuríði og stendur nálægt þeim stað sem búð hennar stóð.

ÞURÍÐUR FRIDRIKSDÓTTIR (1887-1954) fædd að Þorgrímsstöðum á Vatnsnesi, látin í Reykjavík. VERKALÝÐSFORINGI og KVÆÐAKONA. **Foreldrar:** Sigurlaug Gunnlaugsdóttir (1843-1920) og Friðrik Gunnarsson (1840-1899), bóndi á Þorgrímsstöðum. **Alsystkin:** 1. Margrét (1876-1959), 2. Björn (1878-1946), 3. Ingibjörg Steinunn (1882-1962), 4. Sigríður (1886-1982). **Samfeðra systkin:** 5. Jón Frímánn (1866-1930). **M:** Þorlákur G. Ottesen (1894-1986), verkstjóri. **Börn þeirra:** 1. Hulda (1914-1999), 2. Ása (1918-2006), 3. Sigurlaug (1921-1991), 4. Friðrik (1924-1978), 5. Kristín (1926-2020), 6. Sigríður (1926-2022). **Störf:** Vann við þvotta fyrir fjölskyldur í Reykjavík. Kvað stemmur. Kveður á hljómplötu, sem gefin var út af lðunni, 20 stemmur flestar úr Húnavatnssýslu og Eyjafirði. **Félagstörf:** Stofnaði ásamt öðrum Kvæðamannafélagið lðunni 1929 í þeim tilgangi að fara með kveðskap og safna rímnalögum og alþýðuvísum. Var frumkvöðull að stofnun Þvottakvennafélagsins Freyju í Reykjavík 1931 og formaður þess til æviloka 1954. Átti lengi sæti í Mæðrastyrksnefnd og starfaði með Vorboðanum sem rak stórt vistheimili að sumarlagi fyrir fátæk börn. Sat í miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalístaflokksins. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit F-20-30.

ÞURÍÐUR DÝRFINNA GRIMALDI, f. ÞORBJÖRNSDÓTTIR (1891-1925) fædd í Reykjavík, látin á heilsuhæli í bænum Spa í Belgíu. GREIFYNJA AF MONACO. **Foreldrar:** Guðbjörg Bjarnadóttir (1852-1918) og Þorbjörn Jónasson (1857-1895), kaupmaður. **Alsystkin:** 1. Jónbjörn (1884-1899). **Sammæðra systkin:** 2. Björg Björnsdóttir (1875-1915). **Nám:** Stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík 1911-1912. **Störf:** Réði sig sumarið 1921 í vinnu á Hótel Skjaldbreið sem Elín Egilsdóttir starfrækti og kynntist þar Grimaldi greifa. **M:** 1921, Henri Charles Raoul Marquis de Grimaldi, afkomandi einnar elstu konungsættar í Evrópu (1860-1941), þau gengu í borgaralegt hjónaband á heimili Sr. Vilhjálms Briem að Laugavegi 18b í Reykjavík og voru viku síðar gefin saman í Landakotskirkju þar sem greifinn var kaþólskur. **Búseta:** Héldu eftir brúðkaupið til Lissabon í Portúgal þar sem greifinn var fasteignaeigandi. Með þeim fór 19 ára stúlka, Gunnlaug Vilhjálmsdóttir Briem, sem greifinn hafði boðið henni að taka með sér til samfylgdar og samneytis á nýju heimili í Portúgal. Vorið 1922 sneri Gunnlaug heim til Íslands og í hennar stað kom til hjónanna Auður Finnbogadóttir systurdóttir Þuríðar. Haustið 1923 fluttu greifahjónin til Frakklands, síðan til Spa í Belgíu, og þaðan aftur til Lissabon, áður en þau settust að í Brussel vorið 1925. Sama vor sneri Auður heim til Íslands. Þuríður veiktist af berklum og dvaldist eftir það ýmist á heilsuhælum í Spa eða Brussel, uns hún lést aðeins 34 ára. **Jarðsett:** Þuríður Marquise de Grimaldi d'Antibes et de Cagnes er jarðsett í kirkjugarði í Brussel. Vandaður minnisvarði er á leiði hennar.

ÞURÍÐUR GUÐFINNA GUÐNADÓTTIR (1904-1987) fædd á Kambi í Mýrarhreppi, Dýrafirði, látin í Reykjavík. LJÓSMÓÐIR. **Foreldrar:** Kristín Pálsdóttir (1864-1927) og Guðni Jónsson (1852-1937), sjómaður og bóndi á Læk í Dýrafirði. **Systkin:** 1. Jóna Ólöf (1889-1920), 2. Bjarni Guðmundur (1891-1960), 3. Páll Júlíus (1892-1918). **M:** 1937, Bjarni Th. Guðmundsson (1903-1993), bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Akraness. **Barn þeirra:** 1. Páll Júlíus (1939). **Nám:**

Sótti saumanámskeið, matreiðslunámskeið og námskeið Rauða kross Íslands í heimahjúkrun og hjálp í viðlögum 1926. Stundaði nám við Ljósmeðraskóla Íslands 1927-1928 og lauk þaðan prófi. **Störf:** Var ljósmóðir í Reykholtssdal og Hálsasveit í Borgarfirði 1828-1933, á Landspítalanum 1933-1935 og á Akranesi 1936-1965. Til ársins 1952 fóru allar fæðingar á Akranesi fram í heimahúsum. **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit Þ-181.

ÞURÍÐUR [íða] **JÓHANNA KRISTJÁNSDÓTTIR** (1927-2018) fædd að Steinum í Stafholtstungum, Mýrasýslu, látin í Reykjavík. **PRÓFESSOR** Í UPPELDIS- OG KENNSLUFRÆÐUM. **Foreldrar:** Jónína Rannveig Oddsdóttir (1890-1986) og Kristján Franklín Björnsson (1884-1962), bóndi, hreppstjóri og húsasmiður, Steinum í Stafholtstungum, Mýrasýslu. **Systkin:** 1. Málfríður (1912-1993), 2. Oddur (1914-2005), 3. Kristín (1917-2002), 4. Björn (1920-2007). **Uppeldissystkin:** 5. Jóna Sigríður Baldursdóttir (1936-2006). **Nám:** Stundaði nám við Héraðsskólann í Reykholti. Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1948. Sótti nám við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn og Cambridgeháskóla í Englandi og las m.a. aðferðafræði og tölfraði. Fékk Fulbright-styrk til náms í Bandaríkjunum 1967. Lauk BSC-prófi frá ríkisháskóla Illinois í Urbana 1968, meistaraþrófi 1969 og doktorsprófi í menntasálarfræði frá sama skóla 1971. **Störf:** Kenndi við Kennaraháskóla Íslands frá 1971 og varð fyrsti prófessorinn við skólann 1973. Var þar konrektor í nokkur ár. Var jafnframt stundakennari við Háskóla Íslands og Fóstruskóla Íslands og vann fyrir skóla-rannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. lét af störfum við Kennaraháskólann 1989. **Félagsstörf:** Var stofnfélagi í Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum, 1975 og fyrsti forseti Landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi 1977-1979. Var félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur frá 1972. Vann að útgáfu *Borgfirskra æviskráa* og voru sjö síðustu bindin undir hennar ritstjórn. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1990). Heiðursrit *Steinar í vörðu: til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*, ritstjórn Helgi Skúli Kjartansson o.fl., umsjón með útgáfu Heiðrún Kristjánsdóttir og Kristín Indriðadóttir (1999). Heiðruð af DKG (2007). **Jarðsett:** Hjarðarholtskirkjugarði, Stafholtstungum, Vesturlandsprófastsdæmi reit 15.

ÞURÍÐUR Hj. **KVARAN** ÞORVALDSDÓTTIR (1940-1984) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** og **KENNARI**. **Foreldrar:** Hjördís Sigurðardóttir Kvaran (1904-1993), skrifstofustjóri, og Þorvaldur Ólafsson (1896-1974), iðnverkamaður. **Alsystkin:** 1. Ásdís (1938). **Samfeðra systkin:** 2. Lydia (1923-2011), 3. Katrín (1924-2006), 4. Ólafur (1926-1994), 5. Vigdís (1927-1999), 6. Kristín (1936). **Nám:** Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963 og BA-prófi í ensku og mannkynssögu frá Háskóla Íslands 1968. **Störf:** Var kennari á Laugalandi í Holtum, við gagnfræðaskólana í Keflavík og á Selfossi og við Iðnskólann í Reykjavík. Starfað hjá bókaútgáfunni Erni og Örlygi frá árinu 1983. **Félagsstörf:** Starfaði um tíma með Rauðsokkahreyfingunni. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-271.

ÞURÍÐUR PÁLSDÓTTIR (1927-2022) fædd í Reykjavík, látin í Reykjavík. **ÓPERUSÖNGKONA** og **TÓNLISTARKENNARI**. **Foreldrar:** Kristín Norðmann (1898-1944), píanó kennari, og Páll Ísólffson (1893-1974), tónskáld og organisti. **Alsystkin:** 1. Jón Norðmann (1923-1993), 2. Einar (1925-1996). **Samfeðra systkin:** 3. Anna Sigríður (1947). **M:** 1946, Örn Guðmundsson (1921-1987), framkvæmdastjóri. **Börn þeirra:** 1. Kristín (1946), 2. Guðmundur Páll (1954), 3. Laufey (1962). **Nám:** Sótti söng- og tónlistarnám á Ítalíu á sjötta áratugnum hjá Luigi Algeroni og Linu

Pagliughi. Lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði nám í píanóleik og óperuleik. **Störf:** Var yfirkennari Söngskólans í Reykjavík, kenndi þar söng, kennslufræði og nútímatónlistarsögu og stýrði óperudeild skólans 1973-2001. Stjórnaði Árnesháskólanum í Reykjavík. Söng óperu- og óperettuhlutverk í Þjóðleikhúsinu, m.a. Lolu í *Cavalleria Rusticana* (1954), Valencienne í *Kátu ekkjunn* (1955), Rósínu í *Rakaranum í Sevilla* (1958), Arsenu í *Sígaunabaróninum* (1960) og Maríu Tschöll í *Meyjaskemmunni* (1981). Sinnti hljómsveitarstjórn í *Á meðan blómin anga* (1994). **Félagsstörf:** Var formaður Félags íslenskra einsöngvara um árabil. Sat í þjóðleikhúsráði frá 1978 og varð formaður þess 1983. Var varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 1991-1995. **Viðurkenningar:** Sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu (1982), Cavaliere del Ordine al Merito della Repubblica Italiana (1987) og silfurmerki Félags íslenskra leikara. Hlaut viðurkenningu frá Íslensku óperunni (1983) og heiðursverðlaun Grímunnar (2008). **Æviminningar:** *Líf mitt og gleði: minningar Puríðar Pálsdóttur söngkonu*, höfundur Jónína Michaelsdóttir (1986). **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit F-1-180.

PURÍÐUR SÍMONARDÓTTIR (1853-1933) fædd á Kvígsstöðum, Andakílsheppi, Borgarfjarðarsýslu, látin á Eyrarbakka. LJÓSMÓÐIR og SAUMAKONA. **Foreldrar:** Guðrún Þórðardóttir (1820-1885) og Símon Sigurðsson (1808-1895), bóndi. **Systkin:** 1. Sólmundur (1845-1926), 2. Guðný (1849-1919), 3. Ólöf Ingibjörg (1857-1932). **M1:** 1890, Bergsteinn Jónsson (1856-1894), söðlasmiður. **M2:** Jóhannes Sveinsson (1866-1955), úrsmiður. Þau skildu. **Fósturbarn hennar:** 1. Halldóra Ágústa Jóhannesdóttir (1898-1981). **Nám:** Lærði ljósmóðurfæði hjá Þorbjörgu Sveinsdóttur í Reykjavík 1873-1874. **Störf:** Var ljósmóðir í Borgarfjarðarsýslu 1874-1876 og í Biskupstungnaumdæmi í Árnesháskólanum 1876-1883. Skipuð Yfirsetukona í Stokkseyrar- og Kaldaðarnessóknum 1883-1926. Rak einnig saumaverkstæði og kenndi karlmannafatasaum í mörg ár á Eyrarbakka og kenndi síðustu árin einnig börnum að lesa. **Heimildaskáldsaga:** *Ljósmóðirin* (2012) fjallar um líf og störf Puríðar á Eyrarbakka, höfundur Eyrún Ingadóttir, rithöfundur og sagnfræðingur. **Jarðsett:** Eyrarbakka kirkjugarði reit C-334.

PURÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR (1896-1984) fædd á Brjánslæk á Barðaströnd, látin í Reykjavík. SKÓLAHJÚKRUNARKONA. **Foreldrar:** Magðalena Jónasdóttir (1859-1942) og sr. Þorvaldur Jakobsson (1860-1954), prestur. **Systkin:** 1. Finnbogi Rútur (1891-1973), 2. Guðný (1893-1956), 3. Jórunn (1898-1933), 4. Arndís (1899-1988), 5. Búi (1901-1983). **Nám:** Stundaði hjúkrunarnám á Vífilsstöðum 1923 og lærði síðan á ýmsum sjúkrahúsum landsins þar á meðal Farsóttarhúsinu í Reykjavík og Sjúkrahúsinu á Ísafirði. Var við nám í Kaupmannahöfn 1926 og ári síðar lauk hún þar hjúkrunarkvennanámi við Rigshospitalet. Sótti síðan fjögurra mánaða framhaldsnám í farsóttahjúkrun við Blegdamshospitalet í Kaupmannahöfn. **Störf:** Var hjúkrunarkona á Kleppspítalanum 1927-1929. Starfaði sem skólahjúkrunarkona 1929-1963, fyrst við Miðbæjarbarnaskólann og síðar Melaskólann í Reykjavík. Var sumrin 1934-1939 forstöðukona á sumardvalarheimilinu Egilsstöðum í Hveragerði sem Oddfellowreglan byggði og rak fyrir 40 börn. Hafði á stríðsárunum 1940-1945 með höndum eftirlitsstörf með barnaheimilum Rauða kross Íslands fyrir börn í Reykjavík, á Silungapölli, Löngumýri í Skagafirði og Hvanneyri í Borgarfirði. (Var föðursystir Vigdísar forseta.) **Jarðsett:** Fossvogskirkjugarði reit A-10-2.

PYRI KAP ÁRNADÓTTIR (1948-2021) fædd í Vestmannaeyjum, látin í Reykjavík. KENNARI.
Foreldrar: Jóna Bergbóra Hannesdóttir (1925-2010) og Árni Guðmundsson (1926-2000), vélstjóri. **Systkin:** 1. Steinar Vilberg (1946), 2. Jón Atli (1959). **M:** 1968, Trausti Leósson (1946), byggingafræðingur. **Börn þeirra:** 1. Silja (1974), 2. Tumi (1975), 3. Sindri (1981). **Nám:** Lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1968. Stundaði framhaldsnám við Danmarks Lærerhøjskole 1971-1973. Lauk BA-gráðu í dönsku frá Háskóla Íslands 1990. **Störf:** Var kennari í íslensku, ensku og dönsku við Hagaskóla í Reykjavík 1973-1990 og síðan dönskukennari við Menntaskólann í Reykjavík 1990-2018. **Jarðsett:** Gufuneskirkjugarði reit S-3-112.

NAFNALISTI

1. **ADDA BÁRA SIGFÚSDÓTTIR** (1926-2022)
2. **ADDA ÖRNÓLFS / ARNBJÖRG AUÐUR ÖRNÓLSDÓTTIR** (1935-2020)
3. **AÐLABJÖRG [Addý] BJÖRNSDÓTTIR** (1926-2021)
4. **AÐALBJÖRG GUÐMUNSDÓTTIR** (1920-2020)
5. **AÐALBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR** (1918-2005)
6. **AÐALBJÖRG JÓNSDÓTTIR** (1916-2018)
7. **AÐALBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR** (1887-1974)
8. **AÐALHEIÐUR BJARNFREÐSDÓTTIR** (1921-1994)
9. **AÐALHEIÐUR LILJA JÓNSDÓTTIR** (1910-2001)
10. **AÐALHEIÐUR KNUDSEN** (1910-1979)
11. **AÐALHEIÐUR STEINA SCHEVING** (1927-2018)
12. **AÐALHEIÐUR PÁLÍNA SIGURGARÐSDÓTTIR HÓLM SPANS** (1915-2005)
13. **AÐALSTEINA HELGA MAGNÚSDÓTTIR** (1925-2013)
14. **AGATHA HELGADÓTTIR** (1260-1343)
15. **AGNES JÓHANNESDÓTTIR** (1933-2010)
16. **ALDA STEINÞÓRSDÓTTIR BLÖNDAL** (1940-2008)
17. **ALDA ALVILDA MÖLLER** (1912-1948)
18. **ALDÍS BJARNADÓTTIR** (1929-1991)
19. **ALICE RIIS** (1909-1975)
20. **ALMA ELÍSABET HANSEN** (1935-2000)
21. **ALMA ANNA ÞÓRARINSSON, f. THORARENSEN** (1922-2011)
22. **AMALÍA LINDAL WEBB, f. GOURDIN** (1926-1989)
23. **ANNA LOUISE ÁSMUNSDÓTTIR** (1880-1954)
24. **ANNA KRISTÍN ÞÓRUNN TEITSDÓTTIR BENEDIKTSSON** (1874-1963)
25. [STEINUNN] **ANNA BJARNADÓTTIR** (1897-1991)
26. **ANNA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR BJÖRNSDÓTTIR** (1921-2016)
27. **ANNA GUÐMUNSDÓTTIR BJÖRNSSON** (1915-2006)
28. **ANNA GUÐMUNDÍNA GUÐRÚN BORG-REUMERT** (1903-1963)
29. **ANNA GUÐNÝ BRANDSDÓTTIR** (1944-2011)
30. **ANNA BERGLJÓT BÖÐVARSDÓTTIR** (1917-1989)
31. **ANNA ELLEN CHRISTENSEN-HEJNÆS FRIDRIKSSON** (1889-1960)
32. **ANNA GUÐRÍÐUR GUÐMUNSDÓTTIR** (1902-1985)
33. **ANNA GUNNARSDÓTTIR** (1906-1984)
34. **ANNA MARÍA HANSEN** (1913-2001)
35. **ANNA HELGADÓTTIR** (1943-2012)
36. [JÓRUNN] **ANNA HLÖÐVERSDÓTTIR, f. JÓRUNN ANNA LÚÐVÍKSDÓTTIR SCHOU** (1876-1953)

37. **ANNA ÞORBJÖRG JENSDÓTTIR** (1901-1954)
38. **ANNA ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR JOHNSEN** (1898-1988)
39. [SIGRÍÐUR] **ANNA JÓNSDÓTTIR / Anna frá Moldnúpi** (1901-1979)
40. **ANNA LAXDAL** (1896-1962)
41. **ANNA MAGNÚSDÓTTIR** (1913-1982)
42. **ANNA ÓLAFSDÓTTIR** (1865-1962)
43. **ANNA SIGRÍÐUR PÉTURSSON, f. THORARENSEN** (1845-1921)
44. **ANNA SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR PJETURS** (1906-1988)
45. **ANNA SIGURÐARDÓTTIR** (1908-1996)
46. **ANNA PÁLSDÓTTIR STEPHENSEN** (1905-1989)
47. **ANNA HALLFRÍÐUR SVEINBJÖRNSDÓTTIR** (1921-2017)
48. **ANNA KRISTJANA TORFADÓTTIR** (1949-2012)
49. **ANNA VIGFÚSDÓTTIR / Anna á Stóru-Borg** (um 1500-1572)
50. **ANNA ÞORSTEINSDÓTTIR** (1915-2009)
51. **ANNA ÞORSTEINSDÓTTIR** (1919-2010)
52. **ANNA GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR** (1904-1998)
53. [LAUREL] **ANNE CLYDE** (1946-2006)
54. **ANNIE LEIFS, f. RIETHOF** (1897-1970)
55. **ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR** (1895-1969)
56. **ARNDÍS SALVARSDÓTTIR** (1929-2018)
57. **ARNDÍS STEINGRÍMSDÓTTIR** (1933-2021)
58. **ARNDÍS ÞORKELSDÓTTIR** (1903-1993)
59. **ARNDÍS ÞORVALDSDÓTTIR** (1899-1988)
60. **ARNFRÍÐUR KRISTÍN JÓNATANSDÓTTIR** (1923-2006)
61. **ARNGUNNUR SIGRÍÐUR ÁRSÆLSDÓTTIR** (1919-2012)
62. **ARNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR** (1894-1987)
63. **ARNHEIÐUR SIGURÐARÓTTIR** (1921-2001)
64. **ARNÞRÚÐUR HELGA MAGNÚSDÓTTIR ASPELUND** (1906-2000)
65. **AUÐUR AUÐUNS** (1911-1999)
66. **AUÐUR ÁRNADÓTTIR** (1936-2010)
67. **AUÐUR JÓNSDÓTTIR** (1926-2011)
68. **AUÐUR DJÚPÚÐGA KETILSDÓTTIR** (830)
69. **AUÐUR SVEINSDÓTTIR LAXNESS** (1918-2012)
70. **AUÐUR PROPPÉ** (1921-1993)
71. **AUÐUR RÚTSDÓTTIR** (1928-2009)
72. **AURÓRA [Róra] HALLDÓRSDÓTTIR** (1907-1982)
73. **ÁGÚSTA PÉTURSDÓTTIR SNÆLAND** (1915-2008)
74. [ARNÓRÍNA] **ÁGÚSTA SNORRADÓTTIR SVENDSEN** (1835-1924)
75. **ÁLFHEIÐUR KJARTANSDÓTTIR** (1925-1997)

76. **ÁRNÍNA** [Ína] **TORFHILDUR GUÐMUNSDÓTTIR** (1914-2010)
77. **ÁRNÝ** **INGIBJÖRG FILIPPUSDÓTTIR** (1894-1977)
78. **ÁSA** **GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR** (1928-2009)
79. **ÁSA** **SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR** (1945-2015)
80. **ÁSA** **JÓNSDÓTTIR** (1936-2020)
81. **ÁSA** **GUÐMUNSDÓTTIR WRIGHT** (1892-1971)
82. **ÁSDÍS** **SVEINSDÓTTIR** (1922-1991)
83. **ÁSDÍS** **SVEINSDÓTTIR THORODDSEN** (1920-1992)
84. **ÁSGERÐUR** **ESTER BÚADÓTTIR** (1920-2014)
85. **ÁSGERÐUR** **JÓNSDÓTTIR** (1919-2013)
86. **ÁSLAUG** **AXELSDÓTTIR** (1926-2018)
87. **ÁSLAUG** **BRYNJÓLFSDÓTTIR** (1932-2017)
88. **ÁSLAUG** **MARÍA FRÍÐRIKSDÓTTIR** (1921-2004)
89. **ÁSLAUG** **HAFLIÐADÓTTIR** (1929-2011)
90. **ÁSLAUG** **SÓLBJÖRT JENSDÓTTIR** (1918-2015)
91. **ÁSLAUG** **ÓLAFSDÓTTIR** (1941-2012)
92. **ÁSLAUG** **SIGURBJÖRNSDÓTTIR** (1930-2001)
93. **ÁSLAUG** **SIGURGRÍMSDÓTTIR** (1927-2015)
94. **ÁSLAUG** **SKÚLADÓTTIR** (1924-2003)
95. **ÁSLAUG** **ESTER KRISTJÁNSDÓTTIR THORLACIUS** (1911-2014)
96. **ÁSLAUG** **ÞÓRÐARDÓTTIR** (1892-1950)
97. **ÁSTA** [ÁSTRÍÐUR] **PÉTURSDÓTTIR VON JADEN** (1876-1958)
98. **ÁSTA** **MAGNÚSDÓTTIR** (1888-1962)
99. **ÁSTA** **WENDEL BENJAMÍNSSON MURRAY** (1913-2001)
100. **ÁSTA** **KRISTÍN ÁRNADÓTTIR NORMAN / Ásta málari** (1883-1955)
101. **ÁSTA** **JÓNA SIGURÐARDÓTTIR** (1930-1971)
102. [STEFANÍA] **ÁSTA** **BOGADÓTTIR THORARENSEN** (1924-1993)
103. **ÁSTA** **BJÖRT THORODDSEN** (1942-2019)
104. **ÁSTA** **THORSTENSEN** (1939-1985)
105. **ÁSTA** **BRYNDÍS ÞORSTEINSDÓTTIR** (1945-1998)
106. **ÁSTBJÖRG** **STEFANÍA GUNNARSDÓTTIR** (1929-2021)
107. **ÁSTHILDUR** **ERNA ERLINGSDÓTTIR** (1938-1993)
108. **ÁSTHILDUR** **GUÐMUNSDÓTTIR STEINSEN** (1930-2021)
109. **ÁSTRÍÐUR** **JÓSEPSDÓTTIR** (1902-1997)
110. **ÁSTRÍÐUR** **HELGADÓTTIR MELSTED** (1825-1897)
111. **ÁSTRÍÐUR** **TORFADÓTTIR** (1867-1949)
112. **BARBARA** **MORAY WILLIAMS ÁRNASON** (1911-1975)
113. **BÁRA** **SIGURJÓNSDÓTTIR** (1922-2006)
114. **BERGLJÓT** **ÓLAFSDÓTTIR** (1916-2004)

115. **BERGÞÓRA ÁRNADÓTTIR** (1948-2007)
116. **BIRNA SESSELJA FRÍMANNSDÓTTIR** (1931-2021)
117. **BIRNA EGGERTSDÓTTIR NORÐDAHL** (1919-2004)
118. **BIRTA FRÓÐADÓTTIR**, f. BIRTHE BROW SÖRENSEN (1919-1975)
119. **BJARNEY SIGRÍÐUR SAMÚELSDÓTTIR** (1893-1991)
120. **BJARNFRÍÐUR LEÓSDÓTTIR** (1924-2015)
121. **BJARNVEIG BJARNADÓTTIR** (1905-1993)
122. **BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR** (1913-1993)
123. **BJÖRG EINARSDÓTTIR / Látra-Björg** (1716-1784)
124. **BJÖRG JÓRUNN FRIÐRIKSDÓTTIR HANSEN** (1928-2017)
125. **BJÖRG PÉTURSDÓTTIR** (1875-1953)
126. **BJÖRG SIGURJÓNSDÓTTIR** (1912-2005)
127. **BJÖRG CARITAS [BLÖNDAL] ÞORLÁKSSON** (1874-1934)
128. **BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR** (1940-2019)
129. **BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR** (1856-1940)
130. **BRÍET HÉÐINSDÓTTIR** (1935-1996)
131. **BRYNDÍS PÉTURSDÓTTIR** (1928-2020)
132. **BRYNDÍS STEINÞÓRSÓTTIR** (1928-2019)
133. **BRYNDÍS TÓMASDÓTTIR** (1929-2020)
134. **BRYNDÍS GEIRSDÓTTIR ZOËGA** (1917-2000)
135. **BRYNHILDUR JÓNSDÓTTIR** (1930-2011)
136. **BRYNHILDUR SÖRENSEN** (1915-2000)
137. **BRYNJA KRISTJANA BENEDIKTSDÓTTIR** (1938-2008)
138. **BRYNJA HLÍÐAR** (1910-1947)
139. **CAMILLA TORFASON**, f. THORA PETRINE CAMILLA BJARNARSON (1864-1927)
140. **CHARLOTTA MARÍA HJALTADÓTTIR** (1932-2002)
141. **CHRISTOPHINE MIKKELINE BJARNHÉÐINSSON**, f. JÜRGENSEN (1868 1943)
142. **COLETTA MARIA BÜRLING** (1948-2021)
143. **DAGBJÖRT GUÐRÍÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR** (1921-2013)
144. **DAGNÝ GUÐRÚN ALBERTSSON** (1925-2018)
145. **DENNA STEINGERÐUR ELLINGSTON**, f. JAKOBSON (1928-1979)
146. **DÓMHILDUR JÓNSDÓTTIR** (1926-2012)
147. **DÓRA SIGRÍÐUR BJARNASON** (1947-2020)
148. **DÓRA JAKOBSDÓTTIR GUÐJOHNSEN** (1938-2019)
149. **DÓRA HLÍN INGÓLFSÓTTIR** (1949-2016)
150. **DÓRA ÓLAFSDÓTTIR** (1912-2022)
151. **DÓRA PÁLSDÓTTIR** (1947-2019)
152. **DÓRA THORODDSEN** (1914-2001)
153. **DÓRA ÞÓRHALLSDÓTTIR** (1893-1964)

154. **DRÍFA VIÐAR THORODDSEN** (1920-1971)
155. [SIGRÍÐUR] **DRÖFN FRÍÐFINNSDÓTTIR** (1946-2000)
156. **DRÖFN GUÐMUNSDÓTTIR** (1947-2013)
157. **DÝRFINNA** HELGA KLINGENBERG **SIGURJÓNSDÓTTIR** (1931-2019)
158. **DÝRLEIF ÁRMANN** (1915-2001)
159. **DÝRLEIF ÞORBJÖRG ÁRNADÓTTIR** (1897-1988)
160. **EDDA SIGRÚN BJÖRNSDÓTTIR** (1936-1987)
161. **EDDA EIRÍKSDÓTTIR** (1936-2005)
162. [ÞÓRDÍS] **EDDA KVARAN** (1920-1981)
163. **EDDA SVAVA MAGNUSSON, f. STEFÁNSDÓTTIR** (1933-2010)
164. **EDDA SCHEVING** (1936-2002)
165. **EINFRÍÐUR MARÍA GUÐJÓNSDÓTTIR** (1888-1971)
166. **EIRÍKA ANNA FRÍÐRIKSDÓTTIR, f. ERIKA ANITA MARIA KUISE SPITZER** (1911-1995)
167. **ELEONORE HERTHA BRIEM, f. KREIE / Ellen Kid** (1907-1941)
168. **ELFA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR** (1943-2008)
169. **ELÍN ARADÓTTIR** (1918-2000)
170. **ELÍN RANNVEIG BRIEM** (1856-1937)
171. **ELÍN EGILSDÓTTIR** (1886-1961)
172. **ELÍN RÓSA FINNBOGADÓTTIR** (1928-2008)
173. **ELÍN GUÐMUNSDÓTTIR** (1912-2003)
174. **ELÍN JÓNSDÓTTIR** (1902-1996)
175. **ELÍN GUÐRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR** (1933-2015)
176. **ELÍN PÁLMAÐÓTTIR** (1927-2022)
177. **ELÍN EIRÍKSDÓTTIR KÚLD SÖEBECH** (1900-1987)
178. **ELÍN VIGFÚSDÓTTIR á Laxamýri** (1891-1986)
179. **ELÍN RÓS BENEDIKTSÐÓTTIR** (1890-1974)
180. **ELÍSA STEINUNN JÓNSDÓTTIR** (1935-2017)
181. **ELÍSABET JÓNÍNA EIRÍKSDÓTTIR** (1890-1971)
182. **ELÍSABET ERLENDSDÓTTIR** (1898-1979)
183. **ELÍSABET ERLENDSDÓTTIR** (1899-1993)
184. **ELÍSABET ERLINGSDÓTTIR** (1940-2014)
185. **ELÍSABET LÁRA KRISTJÁNSDÓTTIR FOSS** (1890-1960)
186. **ELÍSABET SIGRÍÐUR GEIRMUNSDÓTTIR** (1915-1959)
187. **ELÍSABET SIGRÍÐUR GUTTORMSDÓTTIR** (1943-2017)
188. **ELÍSABET GUÐNÝ HERMANNSDÓTTIR** (1928-2020)
189. [ÞÓRUNN] **ELÍSABET INGÓLFSÐÓTTIR** (1928-2018)
190. [MARÍA] **ELÍSABET JÓNSDÓTTIR** (1869-1945)
191. **ELÍSABET WAAGE, f. EGILSON** (1910-2000)
192. **ELÍSABETH ÁRNADÓTTIR FINSÉN** (1920-2004)

193. **ELKA BJÖRNSDÓTTIR** (1881-1924)
194. **ELLÝ VILHJÁLMS**, f. HENNY ELDEY VILHJÁLMSDÓTTIR (1935-1995)
195. **ELSA E. GUÐJÓNSSON**, f. ELSA ÍDA SCHEPLER EIRÍKSSON (1924-2010)
196. **ELSA GUÐRÚN KRISTÍN SIGFÚSS** (1908-1979)
197. **ELSA JÓNA THEÓDÓRSDÓTTIR** (1929-2019)
198. **ELSA GUÐBJÖRG VILMUNDARDÓTTIR** (1932-2008)
199. **EMILÍA HALLDÓRA BORG** (1901-1984)
200. **EMILÍA KRISTJANA INDRÍÐADÓTTIR** (1884-1939)
201. **EMILÍA JÓNASDÓTTIR** (1901-1984)
202. **EMILÍA INGIBJÖRG SAMÚELSDÓTTIR** (1916-1994)
203. **ERLA ELÍASDÓTTIR** (1925-2010)
204. [ÞURÍÐUR] **ERLA ERLINGSDÓTTIR** (1930-2020)
205. **ERLA GUÐRÚN ÍSLEIFSDÓTTIR** (1922-2011)
206. **ERLA JÓNSDÓTTIR** (1944-2012)
207. **ERLA SIGÞÓRSDÓTTIR** (1931-2015)
208. [GUÐRÚN] **ERLA SKÚLADÓTTIR** (1935-2017)
209. **ERLA TRYGGVADÓTTIR** (1929-2011)
210. **ERLA WIGELUND** (1928-2021)
211. **ERNA SIGRÍÐUR HARALDSDÓTTIR** (1940-1978)
212. **ERNA HJALTALÍN** (1932-2021)
213. **ERNA** [MARIE AGNETE] **RYEL** (1914-1974)
214. **ERNA SIGURLEIFSDÓTTIR** (1922-2002)
215. **EUFEMÍA WAAGE**, f. INDRÍÐADÓTTIR (1881-1960)
216. **EVA MJALLHVÍT SNÆBJARNARDÓTTIR** (1930-2010)
217. **EVA ÖRNÓLFSDÓTTIR** (1948-2018)
218. **EYBORG GUÐMUNDSDÓTTIR** (1924-1977)
219. **EYGLÓ EYJÓLFSDÓTTIR** (1943-2010)
220. **EYGLÓ HELGA HARALDSDÓTTIR** (1942-2015)
221. **FILIPPÍA SIGURLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR / Hugrún skáldkona** (1905-1996)
222. **FREYGERÐUR MAGNÚSDÓTTIR** (1933-2007)
223. **FREYJA ANTONSDÓTTIR** (1894-1979)
224. **FREYJA ANTONSDÓTTIR** (1924-2012)
225. **FREYJA BJARNADÓTTIR** (1911-2006)
226. **FRÍÐMEY EYJÓLFSDÓTTIR** (1930-2015)
227. **FRIEDE INGIBJÖRG PÁLSDÓTTIR BRIEM** (1900-1997)
228. **FRÍÐA STEFÁNSDÓTTIR EYFJÖRÐ** (1915-1998)
229. **FRÍÐA ÁSLAUG SIGURÐARDÓTTIR** (1940-2010)
230. **FRÍÐUR** [Día] **GUÐMUNDSDÓTTIR** (1908-2004)
231. **GAGGA** [ENGEL CATHRINE] **LUND** (1900-1996)

232. **GEIRÞRÚÐUR** HILDUR SÍVERTSEN **BERNHÖFT** (1921-1987)
233. **GEIRÞRÚÐUR** JÓHANNA ÁSGEIRSDÓTTIR **KÚLD** (1904-1991)
234. **GEORGÍA** HOFF-HANSEN **BJÖRNSSON** (1884-1958)
235. **GERÐUR HELGADÓTTIR** (1928-1975)
236. **GERÐUR** HELGA **HJÖRLEIFSDÓTTIR** (1927-2015)
237. **GERÐUR** HULDA **JÓHANNSDÓTTIR** (1926-2012)
238. **GRÉTA BJÖRNSSON**, f. GRETA AGNES MARGARETA ERDMANN (1908-1985)
239. **GRÉTA** [LÁRA MARGRÉT] **SIGFÚSDÓTTIR** (1910-1991)
240. **GRÍMA** [ÓLÖF GRÍMEA ÞORLÁKSDÓTTIR] (1895-1988)
241. **GRÓA** JÓHANNA **SALVARSDÓTTIR** (1922-2007)
242. **GUÐBJÖRG BERGPÓRSDÓTTIR** (1888-1968)
243. **GUÐBJÖRG ÞORBJARNARDÓTTIR** (1913-2003)
244. **GUÐBJÖRG** AÐALHEIÐUR **ÞORLEIFSDÓTTIR** (1870-1958)
245. **GUÐFINNA JÓNSDÓTTIR frá Hömrum** (1899-1946)
246. **GUÐFINNA ÞORSTEINSDÓTTIR / Erla** (1891-1972)
247. **GUÐLAUG ARASON** (1855-1936)
248. **GUÐLAUG** HEIÐVEIG **BERGSDÓTTIR** (1903-1976)
249. **GUÐLAUG** INGIBJÖRG **GUÐJÓNSDÓTTIR** (1891-1977)
250. **GUÐLAUG NARFADÓTTIR** (1897-1984)
251. **GUÐLAUG ZAKARÍASDÓTTIR** (1845-1937)
252. **GUÐMUNDA ANDRÉSDÓTTIR** (1922-2002)
253. **GUÐMUNDA** JAKOBÍNA **ELÍASDÓTTIR** (1920-2015)
254. **GUÐNÝ JÓNÍNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR FANN DAL** (1913-2004)
255. **GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR** (1859-1948)
256. **GUÐNÝ HELGADÓTTIR** (1924-2017)
257. **GUÐNÝ** GUÐFINNA HRÖNN **MARINÓSDÓTTIR** (1944-2020)
258. **GUÐNÝ** ELLA [Stella] **SIGURÐARDÓTTIR** (1931-1983)
259. **GUÐRÍÐUR** ÁRNADÓTTIR **BRAMM** (1870-1937)
260. **GUÐRÍÐUR** OKTAVÍA [Gudda] **EGILSDÓTTIR** (1920-2010)
261. **GUÐRÍÐUR** EIRÍKSDÓTTIR (1943-2006)
262. **GUÐRÍÐUR** ÓSK **ELÍASDÓTTIR** (1922-2016)
263. **GUÐRÍÐUR** **GUÐMUNDSDÓTTIR** (1921-2002)
264. **GUÐRÍÐUR** **JÓNSDÓTTIR** (1903-1997)
265. **GUÐRÍÐUR** **MAGNÚSDÓTTIR** (1918-1990)
266. **GUÐRÍÐUR** STEFANÍA **SIGURÐARDÓTTIR** (1910-1991)
267. **GUÐRÍÐUR** **SÍMONARDÓTTIR** / [Tyrkja-Gudda] (1598-1682)
268. **GUÐRÍÐUR** **ÞORBJARNARDÓTTIR** (980-1050)
269. **GUÐRÚN** FILIPPÍA **ARNGRÍMSDÓTTIR** (1901-1995)
270. **GUÐRÚN** BALDVINA **ÁRNADÓTTIR / Guðrún frá Lundi** (1887-1975)

271. **GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR** (1916-2012)
272. **GUÐRÚN BJÖRNDÓTTIR** (1853-1936)
273. **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR BORGFIJÖRÐ** (1856-1930)
274. **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR BRIEM** (1869-1943)
275. **GUÐRÚN BRIEM** (1932-2012)
276. **GUÐRÚN EINARSDÓTTIR** (1914-2008)
277. **GUÐRÚN EINARSDÓTTIR** (1937-2017)
278. **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR LAXDAL FIGVED** (1914-2006)
279. **GUÐRÚN FINNSDÓTTIR** (1892-1978)
280. **GUÐRÚN FRIDGEIRSDÓTTIR** (1930-2022)
281. **GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR** (1868-1954)
282. **GUÐRÚN AÐALBJÖRG GÍSLADÓTTIR** (1876-1966)
283. **GUÐRÚN UNA SIGURVEIG GÍSLADÓTTIR / Systir María Stanislaus** (1912-1956)
284. **GUÐRÚN HÓLMFRÍÐUR GÍSLADÓTTIR** (1920-2013)
285. **GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR** (1921-2017)
286. **GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR** (1922-2013)
287. **GUÐRÚN HAFSTEINSDÓTTIR** (1928-2021)
288. **GUÐRÚN JÓNÍNA [Dúna] HALLDÓRSDÓTTIR** (1935-2012)
289. **GUÐRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR** (1922-2006)
290. **GUÐRÚN HELGADÓTTIR** (1935-2022)
291. **GUÐRÚN LÁRA BRIEM HILT** (1918-1996)
292. **GUÐRÚN SIGRÍÐUR INDRIDADÓTTIR** (1882-1968)
293. **GUÐRÚN INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR** (1880-1953)
294. **GUÐRÚN SIGURBJÖRG JÓNASDÓTTIR** (1916-1997)
295. **GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR JÓNASSON** (1877-1958)
296. **GUÐRÚN LAUFEY JÓNSDÓTTIR / Blaka** (1910-2004)
297. **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR** (1926-2019)
298. **GUÐRÚN ÓLAFÍA JÓNSDÓTTIR** (1935-2016)
299. **GUÐRÚN ANNA KRISTINSDÓTTIR** (1930-2015)
300. **GUÐRÚN LÁRUSDÓTTIR** (1880-1938)
301. **GUÐRÚN SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** (1934-2005)
302. [ELLA] **GUÐRÚN MÖLLER MAGNÚSSON** (1908-1999)
303. **GUÐRÚN NIELSEN** (1923-2016)
304. **GUÐRÚN MARTEINSSON O'LEARY** (1924-2011)
305. **GUÐRÚN MARGOT ÓLAFSDÓTTIR** (1930-2020)
306. **GUÐRÚN PÁLÍNA PÁLSDÓTTIR** (1909-2000)
307. **GUÐRÚN SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR** (1878-1963)
308. **GUÐRÚN JARÞRÚÐUR BENEDIKTA RICHTER** (1871-1955)
309. **GUÐRÚN ÞRÚÐUR RÖGNVALDSDÓTTIR** (1911-1984)

310. **GUÐRÚN ÁGÚSTA SÍMONAR** (1924-1988)
311. GUÐRÚN **HALLA MARGRÉT SNÆBJÖRNSDÓTTIR** (1911-1994)
312. **GUÐRÚN ÖGMUNSDÓTTIR STEPHENSEN** (1914-2011)
313. **GUÐRÚN GUÐBJÖRG STEPHENSEN** (1919-2003)
314. **GUÐRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR STEPHENSEN** (1931-2018)
315. **GUÐRÚN ODDSDÓTTIR SVEINBJÖRNSSON** (1779-1838)
316. **GUÐRÚN SVEINSDÓTTIR** (1928-2015)
317. **GUÐRÚN THORARENSEN** (1923-2013)
318. **GUÐRÚN TÓMASDÓTTIR** (1925-2022)
319. **GUÐRÚN RAGNHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR URUP** (1925-2012)
320. **GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR** (1897-1990)
321. **GUÐRÚN JÓHANNA VIGFÚSDÓTTIR** (1921-2015)
322. **GUÐRÚN KATRÍN ÞORBERGSDÓTTIR** (1934-1998)
323. **GUÐRÚN SIGRÍÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR** (1911-1990)
324. **GUÐRÚN JÓNA [Junna] ÞORSTEINSDÓTTIR** (1922-2003)
325. **GUÐRÚN ÖGMUNSDÓTTIR** (1950-2019)
326. **GUNNFRÍÐUR JÓNSDÓTTIR** (1889-1968)
327. **GUNNHILDUR SNORRADÓTTIR LORENSEN** (1922-2011)
328. **GUNNHILDUR ÁGÚSTA THORSTEINSSON** (1878-1948)
329. **GUNNLAUG FRIÐRIKA BRIEM** (1902-1970)
330. **GUNNVÖR BRAGA SIGURÐARDÓTTIR** (1927-1992)
331. **GUNNÞÓRUNN INGIBJÖRG RAGNHEIÐUR HALLDÓRSDÓTTIR** (1872-1959)
332. **GÚSTA INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR** (1934-1999)
333. **GYÐA JÓHANNSDÓTTIR** (1944-2022)
334. [GYÐRÍÐUR] **GYÐA SIGVALDADÓTTIR** (1918-2007)
335. **GYÐA STEFÁNSDÓTTIR** (1932-2019)
336. **GYÐRÍÐUR PÁLSDÓTTIR** (1897-1994)
337. **HALLA BERGS** (1922-1994)
338. **HALLA [HALLFRÍÐUR] GUÐRÚN EYJÓLFSDÓTTIR** (1866-1937)
339. **HALLA SIGURJÓNS** (1937-2002)
340. **HALLA ÞORBJÖRNSDÓTTIR** (1929-2016)
341. **HALLBERA ÞORSTEINSDÓTTIR / Systir Katrín** (1244-1329)
342. **HALLBJÖRG BJARNADÓTTIR** (1915-1997)
343. **HALLDÓRA BJARNADÓTTIR** (1873-1981)
344. **HALLDÓRA BEINTEINSDÓTTIR BJÖRNSSON** (1907-1968)
345. **HALLDÓRA EGGERTSDÓTTIR** (1916-2000)
346. **HALLDÓRA VALGERÐUR [Dódó] EK, f. BRIEM** (1913-1993)
347. **HALLDÓRA KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR ELDJÁRN** (1923-2008)
348. **HALLDÓRA GUÐBRANDSDÓTTIR** (1573-1658)

349. **HALLDÓRA ÓLÖF GUÐMUNDSDÓTTIR** (1906-1998)
350. **HALLDÓRA MARTEINSDÓTTIR / Systir María Jóhanna** (1889-1944)
351. **HALLDÓRA [ÓLAFSDÓTTIR] ÓLAFS** (1861-1948)
352. **HALLDÓRA SIGURJÓNSDÓTTIR** (1905-1994)
353. **HALLFRÍÐUR BRANDSDÓTTIR** (1865-1950)
354. **HALLVEIG FRÓÐADÓTTIR** (850)
355. **HANNA BJARNADÓTTIR** (1928-1999)
356. **HEBA HELENA JÚLÍUSDÓTTIR** (1937-2019)
357. **HEIÐRÚN SOFFÍA STEINGRÍMSDÓTTIR** (1924-2008)
358. **HEIÐRÚN SVERRISDÓTTIR** (1949-2010)
359. **HELENA BOJKOW CLAUSEN** (1922-1999)
360. **HELENA MARTHA OTTÓSDÓTTIR, f. HENCKEL** (1923-2007)
361. **HELGA KRISTÍN ÁGÚSTSDÓTTIR** (1926-2020)
362. **HELGA JÓNA [Lilla Hegga] ÁSBJARNARDÓTTIR** (1943-2020)
363. **HELGA ÞRÚÐUR BACHMANN** (1931-2011)
364. **HELGA [Dimmalimm] EGILSON** (1918-2001)
365. **HELGA WEISSHAPPEL FORSTER, f. WAAGE** (1914-1996)
366. **HELGA HELGADÓTTIR** (1926-2018)
367. **HELGA INGÓLFSDÓTTIR** (1942-2009)
368. **HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR** (1893-1984)
369. **HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR LARSEN / Helga á Engi** (1901-1989)
370. **HELGA MAGNÚSDÓTTIR** (1623-1677)
371. **HELGA JÓNÍNA MAGNÚSDÓTTIR** (1906-1999)
372. **HELGA RÓSA MARTEINSDÓTTIR** (1893-1979)
373. **HELGA MARÍN NÍELSDÓTTIR** (1903-1986)
374. **HELGA RAFNSDÓTTIR** (1900-1997)
375. **HELGA SIGURÐARDÓTTIR** (1904-1962)
376. **HELGA SIGURJÓNSDÓTTIR** (1936-2011)
377. **HELGA SVANLAUGSDÓTTIR** (1922-2013)
378. **HELGA SVEINSDÓTTIR** (1916-2005)
379. **HELGA VALTÝSDÓTTIR** (1923-1968)
380. **HELGA GUÐRÍÐUR VETURLIÐADÓTTIR** (1917-1993)
381. **HELGA SOFFÍA ÞORGILSDÓTTIR** (1896-1996)
382. **HELGA ÁSLAUG ÞÓRARINSDÓTTIR** (1927-2018)
383. **[JÓHANNA] HENNÝ OTTÓSSON-GOLDSTEIN, f. LIPPMANN** (1905-1986)
384. **HERBORG ÓLAFSSON, f. ELDEVÍK** (1898-1992)
385. **HERDÍS ANDRÉSDÓTTIR** (1858-1939)
386. **HERDÍS [Hedda] JÓNSDÓTTIR BIERING** (1919-1996)
387. **[UNA] HERDÍS GRÖNDAL** (1926-2010)

388. **HERDÍS HELGADÓTTIR** (1928-2017)
389. **HERDÍS HELGADÓTTIR** (1929-2007)
390. **HERDÍS ÓLAFSDÓTTIR** (1911-2007)
391. **HERDÍS VIGFÚSDÓTTIR** (1925-2011)
392. **HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR** (1923-2013)
393. **HERMÍNA SIGURGEIRSDÓTTIR KRISTJÁNSSON** (1904-1999)
394. **HERSILÍA SVEINSDÓTTIR** (1900-1983)
395. **HILDUR KALMAN** (1916-1974)
396. **HILDUR INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR** (1913-1998)
397. **HJALTÍNA MARGRÉT GUÐJÓNSDÓTTIR** (1890-1981)
398. **HJÖRDÍS GUÐBJARTSDÓTTIR** (1933-2020)
399. **HJÖRDÍS HJÖRLEIFSDÓTTIR** (1926-2012)
400. **HJÖRDÍS SÆVAR** (1932-1985)
401. **HLÍN JÓNSDÓTTIR JOHNSON** (1876-1965)
402. **HÓLMFRÍÐUR ÁRNADÓTTIR** (1930-2022)
403. **HÓLMFRÍÐUR GÍSLADÓTTIR** (1854-1945)
404. **HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** (1931-2011)
405. **HÓLMFRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR** (1926-2004)
406. **HÓLMFRÍÐUR RÓSENKRANZ** (1875-1955)
407. **HÓLMFRÍÐUR [Fía] ÞÓRHALLSDÓTTIR** (1930-1999)
408. **HREFNA / HARRIET FINNBOGADÓTTIR** (1875-1950)
409. [KRISTJANA] **HREFNA INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR** (1920-2015)
410. [ÞURÍÐUR] **HREFNA SAMÚELSDÓTTIR TYNES** (1912-1994)
411. [GUÐLAUG] **HULDA HELGADÓTTIR** (1912-1995)
412. **HULDA DÓRA JAKOBSDÓTTIR** (1911-1998)
413. **HULDA AUÐUR KRISTINSDÓTTIR** (1932-2000)
414. **HULDA ESTER MICHELSEN** (1912-1985)
415. **HULDA RUNÓLFSDÓTTIR** (1915-2013)
416. **HULDA ÁRDÍS STEFÁNSDÓTTIR** (1897-1989)
417. **HULDA SVEINSSON** (1920-2012)
418. **HULDA STEINUNN VALTÝSDÓTTIR** (1925-2018)
419. **HÖGNA SIGURÐARDÓTTIR** (1929-2017)
420. **IDA INGÓLFSDÓTTIR** (1912-2004)
421. **IÐUNN GÍSLADÓTTIR** (1926-2013)
422. **INDÍANA GUÐLAUGSDÓTTIR** (1922-1994)
423. **INGA BJÖRNSDÓTTIR** (1922-2008)
424. **INGA HULD HÁKONARDÓTTIR** (1936-2014)
425. **INGA LÁRA LÁRUSDÓTTIR** (1880-1949)
426. **INGA [INGVELDUR ANNA] ÞÓRÐARDÓTTIR** (1911-1973)

427. **INGIBJÖRG BENEDIKTSDÓTTIR** (1885-1953)
428. **INGIBJÖRG BJARNADÓTTIR** (1895-1999)
429. **INGIBJÖRG H. BJARNASON** (1867-1941)
430. **INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR** (1917-2009)
431. **INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR** (1918-2014)
432. **INGIBJÖRG BRANDS** [GUÐBRANDSDÓTTIR] (1878-1929)
433. **INGIBJÖRG** [Stella] **BÖÐVARSDÓTTIR** (1915-1996)
434. **INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR / Inga Laxness** (1908-1994)
435. [PÁLA] **INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR EYFELLS** (1895-1977)
436. **INGIBJÖRG GUÐMUNSDÓTTIR** (1908-2004)
437. **INGIBJÖRG RANNEIG GUÐMUNSDÓTTIR** (1949-2010)
438. **INGIBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR** (1906-1999)
439. **INGIBJÖRG HARALDSÓTTIR** (1942-2016)
440. **INGIBJÖRG JOHANNESSEN** (1930-2010)
441. **INGIBJÖRG BJARNADÓTTIR JOHNSON** (1850-1920)
442. **INGIBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR** (1905-1995)
443. **INGIBJÖRG SÆUNN JÓHANNSDÓTTIR** (1918-2007)
444. **INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR** (1922-2010)
445. **INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR** (1933-1986)
446. **INGIBJÖRG RAGNHEIÐUR MAGNÚSDÓTTIR** (1923-2022)
447. **INGIBJÖRG ÓSK JÓNSDÓTTIR ÓLAFSSON** (1886-1962)
448. **INGIBJÖRG ÞÓRUNN RAFNAR** (1950-2011)
449. **INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR** (1907-1992)
450. **INGIBJÖRG KRISTÍN** [Minna] **SIGURÐARDÓTTIR** (1909-1998)
451. [ANNA] **INGIBJÖRG SKAFTADÓTTIR** (1867-1945)
452. **INGIBJÖRG STEINSDÓTTIR** (1903-1965)
453. **INGIBJÖRG Þ. STEPHENSEN** (1936-2001)
454. [ÁRNÝ] **INGIBJÖRG TÓMASDÓTTIR** (1891-1952)
455. **INGIBJÖRG KRISTÍN ÞORBERGS** (1927-2019)
456. **INGIBJÖRG FREDERIKKE CLAESSEN ÞORLÁKSSON** (1878-1970)
457. **INGIBJÖRG ÖGMUNSDÓTTIR** (1895-1977)
458. **INGIGERÐUR KARLSDÓTTIR** (1927-2013)
459. **INGILEIF BRYNDÍS HALLGRÍMSDÓTTIR** (1919-2007)
460. **INGUNN ARNÓRSDÓTTIR** (uppi á 12. öld)
461. **INGUNN BJARNADÓTTIR** (1905-1972)
462. **INGUNN JÓNSDÓTTIR** (1855-1947)
463. **INGVELDUR LÁRUSDÓTTIR HJALTESTED** (1934-2022)
464. **IRMA WEILE JÓNSSON** (1892-1969)
465. **ÍDA PÉTURSDÓTTIR BJARNARSON** (1889-1982)

466. **ÍSAFOLD** [Folda] **TEITSDÓTTIR** (1907-1996)
467. **JAKOBÍNA ÁSDÍS ÁSMUNSDÓTTIR** (1904-1990)
468. **JAKOBÍNA SIGURÐARDÓTTIR** (1918-1994)
469. **JARÞRÚÐUR JÓNSDÓTTIR** (1851-1924)
470. **JENNA** [JENSÍNA] **JÓNSDÓTTIR** (1918-2016)
471. **JENSÍNA HALLDÓRSDÓTTIR** (1915-2001)
472. **JÓHANNA GUÐLAUG EGILSDÓTTIR** (1881-1982)
473. **JÓHANNA UNNUR GISSURARDÓTTIR ERLINGSON** (1932-2020)
474. **JÓHANNA LAUFEY FRÍÐRIKSDÓTTIR** (1889-1962)
475. **JÓHANNA ANDREA KNUDSEN** (1897-1950)
476. **JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR** (1940-2017)
477. **JÓHANNA DAGMAR MAGNÚSDÓTTIR** (1896-1981)
478. **JÓHANNA BÓEL SIGURÐARDÓTTIR** (1921-2008)
479. **JÓHANNA KRISTJANA SIGURÐSSON**, f. **SIGURBJÖRNSDÓTTIR** (1893-1956)
480. **JÓHANNA ÁLFHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR** (1920-2002)
481. **JÓHANNA VIGFÚSDÓTTIR** (1911-1994)
482. **JÓHANNA ÞRÁINSDÓTTIR** (1940-2005)
483. **JÓNA GUÐMUNSDÓTTIR** (1891-1975)
484. **JÓNA INGIBJÖRG HANSEN** (1935-2006)
485. **JÓNA BERTA JÓNSDÓTTIR** (1931-2017)
486. **JÓNA KRISTÓFERSDÓTTIR** (1918-2003)
487. **JÓNA GRÓA SIGURÐARDÓTTIR** (1935-2015)
488. **JÓNA ÞORSTEINSDÓTTIR** (1927-2001)
489. **JÓNINNA SIGURÐARDÓTTIR** (1879-1962)
490. **JÓNÍNA STEFANÍA BJARNADÓTTIR** (1919-2010)
491. **JÓNÍNA GUNNHILDUR FRÍÐFINNSDÓTTIR** (1940-2008)
492. **JÓNÍNA HELGA GÍSLADÓTTIR** (1941-2009)
493. **JÓNÍNA GUÐJÓNSDÓTTIR** (1895-1982)
494. **JÓNÍNA GUÐMUNSDÓTTIR** (1902-1978)
495. **JÓNÍNA JÓNATANSDÓTTIR** (1869-1946)
496. **JÓNÍNA STEINVÖR SIGURÐARDÓTTIR LÍNDAL** (1888-1950)
497. **JÓNÍNA KRISTBJÖRG MICHAELSDÓTTIR** (1943-2021)
498. **JÓNÍNA GUÐRÚN SÆBORG**, f. **BJÖRNSDÓTTIR** (1890-1980)
499. **JÓRUNN STEINUNN JÓNSDÓTTIR** (1920-1987)
500. **JÓRUNN VIÐAR** (1918-2017)
501. **JÚLÍANA SIGRÍÐUR EIRÍKSDÓTTIR** (1905-1978)
502. **JÚLÍANA FRÍÐRIKSDÓTTIR** (1891-1983)
503. **JÚLÍANA JÓNSDÓTTIR** (1837-1917)
504. **JÚLÍANA SVEINSDÓTTIR** (1889-1966)

505. **KAMMA** AGNETA DALSGAARD **NÍELSDÓTTIR** (1939-2022)
506. **KAREN** AGNETE **ÞÓRARINSSON**, f. ENEVOLDSEN (1903-1992)
507. **KARLOTTA** BIRGITTA **AÐALSTEINSDÓTTIR** (1949-2021)
508. **KARÓLÍNA** SIGRÍÐUR [Líba] **EINARSDÓTTIR** (1912-1962)
509. **KARÓLÍNA** GUÐMUNSDÓTTIR (1897-1981)
510. **KARÓLÍNA** LÁRUSDÓTTIR (1944-2019)
511. **KATRÍN** THEÓDÓRA DALHOFF **BJARNADÓTTIR** (1916-2000)
512. **KATRÍN** STELLA **BRIEM** (1935-2018)
513. **KATRÍN** **BRIEM** (1945-2016)
514. **KARTÍN** ERENDSÓTTIR (1612-1693)
515. **KATRÍN** FJELDSTED (1885-1968)
516. **KATRÍN** GÍSLADÓTTIR (1903-1997)
517. **KATRÍN** [Dadý] **GUÐJÓNSDÓTTIR** (1935-1996)
518. **KATRÍN** LÁRUSDÓTTIR HJALTESTED **HALL** (1920-2008)
519. [MAGNEA] **KATRÍN** HELGADÓTTIR (1906-2005)
520. **KATRÍN** ÓLAFSDÓTTIR **HJALTESTED** (1916-2009)
521. **KATRÍN** [Kata í Firði] **JÓNSDÓTTIR** (1913-2003)
522. **KATRÍN** JÓSEPSDÓTTIR (1914-1994)
523. **KATRÍN** SIGRÍÐUR SKÚLADÓTTIR **MAGNÚSSON** (1858-1932)
524. **KATRÍN** PÁLSDÓTTIR (1889-1952)
525. **KATRÍN** PÁLSDÓTTIR (1949-2016)
526. **KATRÍN** THORODDSEN (1896-1970)
527. **KATRÍN** JÓNSDÓTTIR **VIÐAR** (1895-1989)
528. **KOLBRÚN** [Kolla] **BJARNADÓTTIR** (1928-2013)
529. **KOLFINNA** **BJARNADÓTTIR** (1937-2016)
530. **KOLFINNA** GERÐUR **PÁLSDÓTTIR** (1924-2020)
531. **KRISTBJÖRG** JÓNATANSDÓTTIR (1888-1967)
532. **KRISTBJÖRG** [Didda] ÞORSTEINSDÓTTIR **LÖVE** (1947-2002)
533. **KRISTBJÖRG** [Bogga] **ÞÓRHALLSDÓTTIR** (1938-2018)
534. **KRISTÍN** SESSELJA **ARASON** (1855-1914)
535. **KRISTÍN** [Stína Ara] ÞORVALDSDÓTTIR **ARASON** (1888-1985)
536. **KRISTÍN** **BJARNADÓTTIR** (1812-1891)
537. **KRISTÍN** **BJÖRNSDÓTTIR** (1909-1994)
538. **KRISTÍN** ODDSDÓTTIR **BONDE** (1948-2021)
539. **KRISTÍN** JÓNSDÓTTIR **DAHLSTEDT** (1876-1968)
540. **KRISTÍN** **EGGERTSDÓTTIR** (1877-1923)
541. **KRISTÍN** HALLDÓRSDÓTTIR **EYFELLS** (1917-2002)
542. **KRISTÍN** FINNSDÓTTIR **FENGER** (1930-1998)
543. **KRISTÍN** **GUÐMUNSDÓTTIR** (1893-1976)

544. **KRISTÍN** [Kiddý] **GUÐMUNDSDÓTTIR** (1923-2016)
545. **KRISTÍN** KRISTJÁNSDÓTTIR **HALLBERG** (1919-1985)
546. **KRISTÍN** HALLDÓRA **HALLDÓRSDÓTTIR** (1921-2017)
547. **KRISTÍN** **HALLDÓRSDÓTTIR** (1939-2016)
548. **KRISTÍN** INGIBJÖRG **HALLGRÍMSDÓTTIR** (1863-1941)
549. **KRISTÍN** [INGIBJÖRG] SNÆHÓLM **HANSEN** (1921-1996)
550. **KRISTÍN** **INGVARSDÓTTIR** (1945-1987)
551. **KRISTÍN** VÍDALÍN **JACOBSON**, f. PÁLSDÓTTIR VÍDALÍN (1864-1943)
552. **KRISTÍN** **JÓNSDÓTTIR** (1888-1959)
553. **KRISTÍN** ELÍSABET **JÓNSDÓTTIR** (1927-2008)
554. **KRISTÍN** SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR **KAABER** (1922-2012)
555. **KRISTÍN** ANNA [Baddý] THORODDSEN **KRESS** (1904-1988)
556. **KRISTÍN** MARÍA **KRISTINSDÓTTIR** (1905-1990)
557. **KRISTÍN** KRISTJÁNSDÓTTIR (1897-1993)
558. **KRISTÍN** STEFÁNSDÓTTIR **KVARAN** (1946-2007)
559. **KRISTÍN** BENEDIKTSDÓTTIR **MEINHOLT** (1883-1957)
560. **KRISTÍN** MAGNÚSDÓTTIR **MÖLLER** (1926-2017)
561. **KRISTÍN** ÓLAFSDÓTTIR (1889-1971)
562. **KRISTÍN** SIGFÚSDÓTTIR (1876-1953)
563. **KRISTÍN** LOVÍSA **SIGURÐARDÓTTIR** (1898-1971)
564. **KRISTÍN** SVEINBJÖRNSDÓTTIR (1933-2019)
565. **KRISTÍN** JÓHANNA SÖLVADÓTTIR (1912-1981)
566. **KRISTÍN** RANNVEIG THORLACIUS (1933-2018)
567. **KRISTÍN** ÓLÍNA THORODDSEN (1894-1961)
568. **KRISTÍN** ÞORVALDSDÓTTIR (1870-1944)
569. **KRISTÍN** ANNA ÞÓRARINSDÓTTIR (1935-1986)
570. **KRISTJANA** VIGDÍS LAUFHEY FINNBOGADÓTTIR **ARNDAL** (1939-2015)
571. **KRISTJANA** RAGNHEIÐUR ÁGÚSTSDÓTTIR (1920-2006)
572. **KRISTJANA** PÁLÍNA **HELGADÓTTIR** (1921-1984)
573. **KRISTJANA** PÉTURSDÓTTIR (1887-1946)
574. **KRISTJANA** [Nanna] **STEINGRÍMSDÓTTIR** (1923-2005)
575. **KRISTJANA** MILLA GEIRSDÓTTIR **THORSTEINSSON** (1926-2012)
576. **KRISTÓLÍNA** GUÐJÓNSDÓTTIR (1887-1947)
577. **KRISTÓLÍNA** KRAGH **GUÐMUNDSDÓTTIR** (1883-1973)
578. **KRISTRÚN** EYMUNDSDÓTTIR (1936-2018)
579. **LAUFHEY** EIRÍKSDÓTTIR (1904-1993)
580. **LAUFHEY** JAKOBSDÓTTIR / amman í Grjótaporpinu (1915-2004)
581. **LAUFHEY** VILHJÁLMSDÓTTIR (1879-1960)
582. **LÁRA** MARGRÉT **RAGNARSDÓTTIR** (1947-2012)

583. **LÁRA KRISTÍN SAMÚELSDÓTTIR** (1935-2014)
584. **LÁRA SIGURBJÖRNSDÓTTIR** (1913-2005)
585. **LENA RÍKHARÐSDÓTTIR BERGMANN** (1935-2008)
586. **LILJA KRISTÍN EYJÓLFSDÓTTIR KOLBEINS** (1928-2020)
587. **LILJA SÓLVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR** (1923-2015)
588. **LILJA MARÍA PETERSEN** (1922-2009)
589. **LILJA SIGURÐARDÓTTIR** (1884-1970)
590. **LINDA ANNA RAGNARSDÓTTIR** (1949-2019)
591. **LIZZIE [ELÍSBET] ÞÓRARINSSON, f. GRANT** (1875-1962)
592. **LÍNEY JÓHANNESDÓTTIR** (1913-2002)
593. **LOUISA MATTHÍASDÓTTIR** (1917-2000)
594. **LOUISA MAGNEA ÓLAFSDÓTTIR** (1891-1989)
595. **LOVÍSA EINARSDÓTTIR** (1943-2013)
596. **LOVÍSA IBSEN** (1921-2009)
597. **LYDÍA PÁLSDÓTTIR** (1911-2000)
598. **MAGDALENA JÓRUNN BÚADÓTTIR** (1934-2007)
599. **MAGDALENA SIGURÞÓRSÓTTIR** (1898-1994)
600. **MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR / Magnea frá Kleifum** (1930-2015)
601. **MALÍN ÁGÚSTA HJARTARDÓTTIR** (1890-1988)
602. **MARGARET ROSS SCHEVING THORSTEINSSON** (1924-2020)
603. **MARGRETHE ANGEL, f. ANDERSDATTER RAVN** (1749-1807)
604. **MARGRETHE KATARINE JENS DATTER BENEDIX MAGNUSSEN** (1718-1805)
605. **MARGRÉT AUÐUNSDÓTTIR** (1906-2008)
606. **MARGRÉT ÁSGEIRSDÓTTIR** (1898-1991)
607. **MARGRÉT KRISTJANA ÁSGEIRSDÓTTIR** (1928-2016)
608. [ANNA] **MARGRÉT THELMA BJÖRGVINSÓTTIR** (1925-2008)
609. **MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR** (1925-2003)
610. **MARGRÉT SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR** (1939-2020)
611. **MARGRÉT EINARSDÓTTIR** (1948-2021)
612. **MARGRÉT EIRÍKSDÓTTIR** (1914-2001)
613. **MARGRÉT GISSURARDÓTTIR** (1904-1985)
614. **MARGRÉT GUÐMUNDA GUÐNADÓTTIR** (1929-2018)
615. **MARGRÉT GUTTORMSDÓTTIR** (1932-2001)
616. **MARGRÉT GÚSTAFSDÓTTIR** (1948-2020)
617. **MARGRÉT LUND HANSEN** (1924-2013)
618. **MARGRÉT ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR HERMANNSSON** (1915-1994)
619. **MARGRÉT LÓA HJÁLMTÝSDÓTTIR** (1913-2005)
620. **MARGRÉT INDRÍÐADÓTTIR** (1923-2016)
621. [VIKTORÍA] **MARGRÉT ÍSÓLFSDÓTTIR** (1902-1998)

622. **MARGRÉT JÓNSDÓTTIR** (1893-1971)
623. **MARGRÉT JÚNÍUSDÓTTIR** (1882-1969)
624. **MARGRÉT SIGRÍÐUR KONRÁÐSDÓTTIR** (1891-1993)
625. **MARGRÉT ODDSDÓTTIR** (um 1590-1656)
626. **MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR** (1931-2011)
627. **MARGRÉT THEODÓRA RASMUS**, f. BJARNADÓTTIR (1877-1958)
628. **MARGRÉT RICHARDSDÓTTIR** (1864-1895)
629. **MARGRÉT KRISTRÚN SIGURÐARDÓTTIR** (1931-2000)
630. **MARGRÉT JÓNSDÓTTIR THORLACIUS / Margrét frá Öxnafeili** (1908-1989)
631. **MARGRÉT VALDIMARSDÓTTIR** (1903-1977)
632. **MARGRÉT JENNY VALGEIRSDÓTTIR** (1946-2002)
633. **MARGRÉT ZOËGA**, f. TÓMASDÓTTIR KLOG (1853-1937)
634. **MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR** (1941-2017)
635. **MARÍA SIGRÍÐUR BRYNJÓLFSDÓTTIR** (1919-2005)
636. **MARÍA EINARSDÓTTIR** (1939-2016)
637. **MARÍA FINNSDÓTTIR** (1922-2017)
638. [SIGRÍÐUR] **MARÍA** [ELÍSABET] **HALLDÓRSDÓTTIR** (1923-2016)
639. **MARÍA HALLGRÍMSDÓTTIR** (1905-1994)
640. **MARÍA HILDEGARD**, f. MATHILDE HILPERT (1910-2000)
641. **MARÍA JÓNSDÓTTIR** (1918-2020)
642. **MARÍA ESTER KJELD** (1932-2010)
643. **MARÍA** [BÓTHILDUR JAKOBÍNA PÉTURSDÓTTIR] **MAACK** (1889-1975)
644. **MARÍA KARÓLÍNA MAGNÚSDÓTTIR** (1909-2005)
645. **MARÍA MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR** (1916-2017)
646. **MARÍA MARKAN ÖSTLUND**, f. EINARSDÓTTIR (1905-1995)
647. **MARÍA HUGRÚN ÓLAFSDÓTTIR** (1921-1979)
648. **MARÍA ANNA PÉTURSDÓTTIR** (1919-2003)
649. **MARÍA SIGURÐARDÓTTIR** (1928-2007)
650. **MARÍA ÞORSTEINSDÓTTIR** (1914-1995)
651. **MARTA VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR** (1889-1969)
652. **MARTA THORS** (1918-1998)
653. **MARTHA MARÍA KALMAN INGIMARSDÓTTIR** (1928-2017)
654. **MARTHA MARÍA KALMAN**, f. INDRIÐADÓTTIR (1889-1940)
655. **MÁLFRÍÐUR EINARSDÓTTIR** (1899-1983)
656. **MÁLFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR** (1927-2015)
657. **MELITTA URBANCIC**, f. GRÜNBAUM (1902-1984)
658. **MESSÍANA MARZELLÍUSDÓTTIR** (1942-2020)
659. **MONIKA SIGURLAUG HELGADÓTTIR** (1901-1988)
660. **NANNA EGILS BJÖRNSSON** (1914-1979)

661. **NANNA IDA KAABER** (1918-2011)
662. **NANNA ÓLAFSDÓTTIR** (1915-1992)
663. **NICOLINE MARIE ELISE WEYWADT** (1848-1921)
664. **NÍNA BJÖRK ÁRNADÓTTIR** (1941-2000)
665. [JÓNÍNA] **NÍNA TRYGGVADÓTTIR COPLEY** (1913-1968)
666. [JÓNÍNA ÞORBJÖRG] **NÍNA SVEINSDÓTTIR** (1899-1979)
667. **NÍNA SÆMUNDSSON**, f. JÓNÍNA SÆMUNDSDÓTTIR (1892-1965)
668. **NÍNA** [Dídí] **ÞÓRÐARDÓTTIR** (1915-2004)
669. **NORMA SERENA MOONEY** (1949-2002)
670. **ODDNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR** (1889-1975)
671. **ODDNÝ GUNNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR** (1908-1985)
672. **ODDNÝ SOFFÍA INGVARSDÓTTIR** (1903-2000)
673. **ODDNÝ AÐALBJÖRG METHÚSALEMSDÓTTIR** (1891-1983)
674. **ODDNÝ LÁRA EMELÍA PÉTURSDÓTTIR** (1912-1989)
675. **ODDNÝ ERLENDSDÓTTIR SEN** (1889-1963)
676. [ÁSTRÍÐUR] **ODDNÝ SIGURÐARDÓTTIR** (1932-2015)
677. **OLUFA FINSEN**, f. BOJESEN (1836-1908)
678. **ÓLAFÍA EINARSDÓTTIR** (1924-2017)
679. **ÓLAFÍA JÓHANNSDÓTTIR** (1863-1924)
680. **ÓLAFÍA JÓNSDÓTTIR** (1885-1969)
681. **ÓLAFÍA JÓNSDÓTTIR** (1908-1973)
682. **ÓLÍNA ANDRÉSDÓTTIR** (1858-1935)
683. **ÓLÍNA MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR** (1904-1996)
684. **ÓLÖF HELGA SIGURÐARDÓTTIR BREKKAN** (1928-2018)
685. **ÓLÖF ELDJÁRN** (1947-2016)
686. **ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR HRAUNFJÖRÐ** (1932-2011)
687. **ÓLÖF ÞÓRANNA JÓHANNSDÓTTIR** (1922-2012)
688. **ÓLÖF „ríka“ LOFTSDÓTTIR** (um 1410-1479)
689. **ÓLÖF ÓLAFSDÓTTIR** (1927-2019)
690. **ÓLÖF PÁLSDÓTTIR** (1920-2018)
691. **ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR** (1948-2008)
692. **ÓLÖF MARGRÉT RÍKARÐSDÓTTIR** (1922-2017)
693. **ÓLÖF SIGURÐARDÓTTIR / Ólöf frá Hlöðum** (1857-1933)
694. **ÓLÖF JÓNA VERNHARÐSDÓTTIR** (1911-2001)
695. **PÁLA PÁLSDÓTTIR** (1912-1993)
696. **PÁLÍNA RAGNHEIÐUR KJARTANSDÓTTIR** (1922-2016)
697. **PÁLÍNA SIGURJÓNSDÓTTIR** (1931-2018)
698. **PETRÍNA KRISTÍN JAKOBSSON** (1910-1991)
699. **RAGNA BERGMANN** (1933-2016)

700. **RAGNHEIÐUR BJARNADÓTTIR** (1873-1961)
701. **RAGNHEIÐUR INGIBJÖRG ODDSDÓTTIR BJÖRNSSON** (1896-1987)
702. **RAGNHEIÐUR BRYNJÓLFSDÓTTIR** (1641-1663)
703. **RAGNHEIÐUR BÖÐVARSDÓTTIR** (1899-2000)
704. **RAGNHEIÐUR EINARSDÓTTIR** (1917-2008)
705. **RAGNHEIÐUR FINNSDÓTTIR** (1913-2004)
706. **RAGNHEIÐUR GUÐMUNSDÓTTIR** (1915-2012)
707. **RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR** (1646-1715)
708. **RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR** (1889-1977)
709. **RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR** (1895-1967)
710. **RAGNHEIÐUR ÁSTA PÉTURSDÓTTIR** (1941-2020)
711. **RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR REAM** (1917-1977)
712. **RAGNHEIÐUR SIGURGRÍMSDÓTTIR** (1933-2017)
713. **RAGNHEIÐUR KRISTRÚN STEPHENSEN** (1939-2018)
714. **RAGNHILDUR HELGADÓTTIR** (1930-2016)
715. **RAGNHILDUR INGIBERGSDÓTTIR** (1923-2013)
716. **RAGNHILDUR ÓSKARSDÓTTIR / Róska** (1940-1996)
717. **RAGNHILDUR PÉTURSDÓTTIR** (1880-1961)
718. **RAGNHILDUR RUNÓLFSDÓTTIR** (1886-1963)
719. **RAKEL ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR ÞORLEIFSSON** (1897-1952)
720. **RANNVEIG GUÐRÍÐUR ÁGÚSTSDÓTTIR** (1925-1996)
721. **RANNVEIG TORP BÖÐVARSSON** (1924-2005)
722. **RANNVEIG „hin mjóa“ JÓNSDÓTTIR** (1584-1654)
723. **RANNVEIG HANSDÓTTIR LÍNDAL** (1883-1955)
724. **RANNVEIG INGVELDUR EIRÍKSDÓTTIR LÖVE** (1920-2015)
725. **RANNVEIG HULDA ÓLAFSDÓTTIR** (1931-2009)
726. **RANNVEIG KRISTÍN ÞORVARÐSDÓTTIR SCHMIDT** (1892-1952)
727. [ÞORBJÖRG] **RANNVEIG TÓMASDÓTTIR** (1911-2005)
728. **RANNVEIG ÞORSTEINSDÓTTIR** (1904-1987)
729. **REGÍNA MAGDALENA FILIPPUSDÓTTIR** (1877-1965)
730. [ELÍSABET] **REGÍNA MAGDALENA ÞÓRÐARDÓTTIR** (1906-1974)
731. **RIGMOR S. HANSON** (1913-2008)
732. [JÓHANNA] **RÓSA BJÖRNSDÓTTIR BLÖNDAL** (1913-2009)
733. **RÓSA GESTSDÓTTIR** (1920-2001)
734. **RÓSA GUÐMUNSDÓTTIR / Vatnsenda-Rósa** (1795-1855)
735. [GUÐMUNDA] **RÓSA INGÓLFSDÓTTIR** (1947-2020)
736. **RUT MAGNÚSSON, f. RUTH LITTLE** (1935-2010)
737. **SALBJÖRG KRISTÍN ARADÓTTIR** (1900-1978)
738. **SALÓME ÞORLEIFSDÓTTIR NAGEL** (1897-1979)

739. [SIGÞRÚÐUR] **SELMA JÓNSDÓTTIR** (1917-1987)
740. **SELMA** CECELIA MARÍA **KALDALÓNS** (1919-1984)
741. **SESSELJA** GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR **ELDJÁRN** (1893-1987)
742. **SESSELJA JÓNSDÓTTIR** (1892-1982)
743. **SESSELJA** MARGRÉT **MAGNÚSDÓTTIR** (1905-1999)
744. **SESSELJA** HREINDÍS **SIGMUNSDÓTTIR** (1902-1974)
745. **SESSELJA** KRISTÍN **TEITSDÓTTIR** (1891-1982)
746. **SIF SIGURÐARDÓTTIR** (1943-2018)
747. **SIGFRÍÐUR** THEÓDÓRSDÓTTIR **BJARNAR** (1920-2010)
748. **SIGNÝ THORODDSEN** (1940-2011)
749. **SIGRID VALTINGOJER**, f. PLASCHKA (1935-2013)
750. **SIGRÍÐUR** HALLDÓRA **AÐALSTEINSDÓTTIR** (1921-2003)
751. **SIGRÍÐUR** THEÓDÓRA **ÁRMANN** (1928-2009)
752. [PETRÍNA] **SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR** (1903-1981)
753. **SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR** (1927-2007)
754. **SIGRÍÐUR BACHMANN** (1901-1990)
755. **SIGRÍÐUR** ARNFRÍÐUR **BALDVINSDÓTTIR** (1904-1951)
756. **SIGRÍÐUR** ELÍSABET ÞORKELSDÓTTIR **BERGMANN / SIRE OTTESEN** (1799-1878)
757. **SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR** (1929-2013)
758. **SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR** (1872-1942)
759. **SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR** (1888-1939)
760. **SIGRÍÐUR** GUÐMUNDA ÓLAFSDÓTTIR **CANDI** (1930-2018)
761. **SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR CLAESSEN** (1913-2010)
762. [MARGRÉT] **SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR / Sigríður Einarsdóttir frá Munaðarnesi** (1893-1973)
763. [ÁSTA] **SIGRÍÐUR EIRÍKSDÓTTIR** (1894-1986)
764. **SIGRÍÐUR ERLENDSDÓTTIR** (1892-1980)
765. **SIGRÍÐUR PÁLÍNA** [Daladí] **ERLINGSDÓTTIR** (1932-2011)
766. **SIGRÍÐUR EYÞÓRSDÓTTIR** (1940-2016)
767. **SIGRÍÐUR GEIRSDÓTTIR** (1938-2020)
768. **SIGRÍÐUR STEFANÍA GÍSLADÓTTIR** (1920-2011)
769. **SIGRÍÐUR** [Sirrí] KRISTÍN **GÍSLADÓTTIR** (1926-2011)
770. **SIGRÍÐUR HAGALÍN** (1926-1992)
771. **SIGRÍÐUR HARALDSDÓTTIR** (1919-2003)
772. **SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR** (1903-1954)
773. **SIGRÍÐUR AÐALHEIÐUR HELGADÓTTIR** (1925-2019)
774. **SIGRÍÐUR INGIMARSDÓTTIR** (1923-2008)
775. **SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR** (1891-1971)
776. **SIGRÍÐUR FANNEY JÓNSDÓTTIR** (1894-1998)
777. [JÓNA] **SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR / Trippa-Sigga** (1899-1997)

778. **SIGRÍÐUR RÓSA KRISTINSDÓTTIR** (1923-2016)
779. **SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR** (1943-2017)
780. **SIGRÍÐUR FRIÐFINNA KRISTJÁNSDÓTTIR** (1925-2022)
781. **SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** (1924-2020)
782. **SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR MAGNÚSSON** (1831-1915)
783. **SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR MAGNÚSSON** (1892-1977)
784. **SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR** (1934-2016)
785. **SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR RAGNAR** (1922-1993)
786. **SIGRÍÐUR GUÐMUNSDÓTTIR SCHIÖTH** (1914-2008)
787. **SIGRÍÐUR SVEINBJÖRNSDÓTTIR** (1915-2015)
788. **SIGRÍÐUR THEODÓRSDÓTTIR** (1921-2007)
789. **SIGRÍÐUR THORLACIUS** (1913-2009)
790. **SIGRÍÐUR BRIEM THORSTEINSSON** (1901-1998)
791. **SIGRÍÐUR TÓMASDÓTTIR** (1870-1957)
792. **SIGRÍÐUR VALFELLS** (1938-1998)
793. **SIGRÍÐUR ÞÓRA VALGEIRSDÓTTIR** (1919-2011)
794. **SIGRÍÐUR KRISTÍN WILHELMOSEN, f. GUÐMUNSDÓTTIR** (1932-2016)
795. **SIGRÍÐUR ZOËGA** (1889-1968)
796. **SIGRÚN AÐALBJARNARDÓTTIR** (1923-2019)
797. **SIGRÚN BJÖRGVINDÓTTIR** (1931-2013)
798. **SIGRÚN PÁLSDÓTTIR BLÖNDAL** (1883-1944)
799. **SIGRÚN GERÐA GÍSLADÓTTIR** (1943-2018)
800. **SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR** (1938-2009)
801. **SIGRÚN GUÐMUNSDÓTTIR** (1930-2008)
802. **SIGRÚN GUÐMUNSDÓTTIR** (1947-2003)
803. **SIGRÚN GUNNLAUGSDÓTTIR** (1905-2001)
804. **SIGRÚN GUNNLAUGSDÓTTIR** (1932-2006)
805. **SIGRÚN JÓNSDÓTTIR** (1921-2001)
806. **SIGRÚN DAGBJÖRT JOHNSEN LANGELYTH** (1936-2003)
807. **SIGRÚN LAXDAL** (1926-2016)
808. **SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR** (1899-1989)
809. **SIGRÚN ANNA MAGNÚSDÓTTIR** (1904-1981)
810. **SIGRÚN FLÓVENZ ÓLAFSDÓTTIR** (1927-2018)
811. **SIGRÚN STURLUDÓTTIR** (1929-2019)
812. **SIGRÚN ÞÓRISDÓTTIR** (1936-2017)
813. **SIGRÚN ÖGMUNSDÓTTIR** (1911-2008)
814. **SIGURBJÖRG [Stella] JÓHANNSDÓTTIR** (1925-2004)
815. **SIGURBJÖRG [Didda] SVEINSDÓTTIR** (1941-1978)
816. **SIGURBJÖRG JÓSEFÍNA ÞORLÁKSDÓTTIR** (1870-1931)

817. **SIGURBORG INGUNN EINARSDÓTTIR** (1932-2022)
818. **SIGURLAUG ÁRNADÓTTIR** (1910-2002)
819. **SIGURLAUG JÓNASDÓTTIR** (1913-2003)
820. **SIGURLAUG** [Didda] **JÓNSDÓTTIR** (1919-2014)
821. **SIGURLAUG HALLA ÓLAFSDÓTTIR** (1922-2017)
822. **SIGURLEIF HALLGRÍMSDÓTTIR** (1900-1995)
823. **SIGURLÍN MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR** (1927-2019)
824. **SIGURVEIG** [Systa] **GEORGSÓTTIR** (1939-2018)
825. **SIGURVEIG KRISTÍN SÓLVEIG GUÐMUNDSÓTTIR** (1909-2010)
826. **SIGURVEIG HJALTESTED** (1923-2009)
827. **SIGURVEIG JÓNSDÓTTIR** (1931-2008)
828. **SIGURVEIG SIGURÐARDÓTTIR** (1920-2008)
829. **SIGÞRÚÐUR** [Dúa] **GUÐJÓNSDÓTTIR** (1908-1984)
830. **SNJÁFRÍÐUR JÓNSDÓTTIR** (1901-1988)
831. **SNJÓLAUG ANNA SIGURÐSSON** (1914-1979)
832. **SNÓT LEIFS** (1923-2011)
833. **SNÆBJÖRG SNÆBJARNARDÓTTIR** (1932-2017)
834. **SOFFÍA JÓNSDÓTTIR CLAESSEN** (1885-1966)
835. **SOFFÍA FRANSISKA GUÐLAUGSDÓTTIR** (1898-1948)
836. **SOFFÍA EMILÍA GUÐMUNDSÓTTIR** (1927-2011)
837. **SOFFÍA SIGRÍÐUR STEFÁNSDÓTTIR HJALTALÍN** (1900-1975)
838. [ODDNÝ] **SOFFÍA INGVARSDÓTTIR** (1903-2000)
839. **SOFFÍA SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR JACOBSEN** (1888-1973)
840. **SOFFÍA EYGLÓ JÓNSDÓTTIR** (1916-1999)
841. **SOFFÍA KRISTÍN JÓNA KARLSDÓTTIR** (1928-2020)
842. **SOFFÍA SKÚLADÓTTIR** (1865-1954)
843. [ÞURÍÐUR] **SOFFÍA TÚBALS** (1902-1997)
844. **SOFFÍA ZOPHONÍASDÓTTIR** (1934-2014)
845. **SOFFÍA ÞÓRARINSDÓTTIR** (1922-2006)
846. **SONJA BJÖRG HELGASON** (1918-2010)
847. **SONJA WENDEL BENJAMÍNSSON DE ZORILLA** (1916-2002)
848. **SÓLVEIG GUÐRÚN HALLDÓRSÓTTIR** (1908-2006)
849. **SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR** (1948-2018)
850. **SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR** (1821-1886)
851. **SÓLVEIG KRISTBJÖRG BENEDIKTSÓTTIR SÖVIK** (1912-2010)
852. **SÓLVEIG THORARENSEN** (1922-2020)
853. **SÓLVEIG ÞORSTEINSDÓTTIR** (1350-1405)
854. **STEFANÍA ANNA GUÐMUNDSÓTTIR** (1876-1926)
855. **STEINGERÐUR GUÐMUNDSÓTTIR** (1912-1999)

856. **STEINUNN** HJARTARDÓTTIR **BJARNASON** (1867-1961)
857. **STEINUNN** **BJÖRNSDÓTTIR** / *Systir María Hilda* (1863-1921)
858. **STEINUNN** LILJA BJARNADÓTTIR **CUMINE** / *Steinka Bjarna* (1923-1994)
859. **STEINUNN** **FINNBOGADÓTTIR** (1924-2016)
860. **STEINUNN** **FINNSDÓTTIR** (um 1640-eftir 1710)
861. **STEINUNN** SIGURÐARDÓTTIR **HALL** (1909-2000)
862. **STEINUNN** KARÓLÍNA **INGIMUNDARDÓTTIR** (1925-2011)
863. **STEINUNN** **JÓHANNESDÓTTIR** / *Alice Johnson Hayes* (1870-1960)
864. **STEINUNN** ÓLAFSDÓTTIR **JÓNSSON** (1881-1963)
865. **STEINUNN** MARÍA **STEINDÓRSDÓTTIR** (1922-2005)
866. **STEINUNN** KATRÍN **THEODÓRSDÓTTIR** (1932-2020)
867. **STEINUNN** **THORSTEINSON** (1886-1978)
868. **STELLA** **STEFÁNSDÓTTIR** (1932-2009)
869. **SVAVA** ÞÓRLEIFSDÓTTIR (1886-1978)
870. **SVALA** SIGRÍÐUR **NIELSEN** (1932-2016)
871. **SVANDÍS** ANNA **JÓNSDÓTTIR** (1942-2016)
872. **SVANFRÍÐUR** HJARTARDÓTTIR (1891-1975)
873. **SVANHILDUR** ÓLAFSDÓTTIR (1905-1954)
874. **SVANHILDUR** SIGURGEIRSDÓTTIR (1925-1998)
875. **SVANHILDUR** JÓNSDÓTTIR **SVANE** (1925-2016)
876. **SVANHILDUR** ÓLÖF THEODÓRSDÓTTIR **SÆTRAN** (1914-2009)
877. **SVANHVÍT** EGILSDÓTTIR (1914-1998)
878. **SVANHVÍT** FRÍÐRIKSDÓTTIR (1916-2009)
879. **SVANLAUG** GUÐMUNDSDÓTTIR / *Systir María Clementína* (1918-1972)
880. **SVANLAUG** ESTER **KLÁUSDÓTTIR** (1922-2010)
881. **SVAVA** ÓLAFSDÓTTIR **FINSEN** (1907-1995)
882. **SVAVA** **JAKOBSDÓTTIR** (1930-2004)
883. **SVAVA** **JÓNSDÓTTIR** (1884-1969)
884. **SVAVA** **VERNHARÐSDÓTTIR** (1914-2001)
885. **SVEINBJÖRG** KRISTÍN **KLEMENSDÓTTIR** (1908-2002)
886. **TERESÍA** **GUÐMUNDSSON** (1901-1983)
887. **THEODÓRA** KRISTÍN **SVEINSDÓTTIR** (1876-1949)
888. **THEODÓRA** FRÍÐRIKA **THORODDSEN** (1863-1954)
889. **THORA** HALLDÓRSDÓTTIR **FRÍÐRIKSSON** (1866-1958)
890. **THORA** BENEDIKTSDÓTTIR **GARDINER** (1884-1953)
891. **THORA** CHARLOTTE AMALIE **MELSTED** (1823-1919)
892. **THYRA** INGIBJÖRG JENSDÓTTIR LANGE **LOFTSSON** (1901-1970)
893. **TONNY** MARGRETE **MULLER** (1916-2009)
894. **TORFILDUR** **HOLM**, f. ÞORSTEINSDÓTTIR (1845-1918)

895. **TOVE ENGILBERTS**, f. FUGMANN (1910-1995)
896. **TOVE KJARVAL**, f. MERRILD (1890-1958)
897. **TOVE ÓLAFSSON**, f. THOMASEN (1909-1992)
898. **UNA GÍSLADÓTTIR** (1854-1924)
899. **UNA ÓLAFSDÓTTIR THORODDSEN** (1914-2013)
900. **UNNUR INGEBORG ARNGRÍMSDÓTTIR** (1930-2014)
901. **UNNUR ARNÓRSDÓTTIR** (1918-2013)
902. **UNNUR BENEDIKTSDÓTTIR BJARKLIND / Hulda** (1881-1946)
903. **UNNUR EIRÍKSDÓTTIR** (1920-2009)
904. **UNNUR JÓNASDÓTTIR** (1923-2010)
905. **UNNUR JÓNSDÓTTIR** (1907-2001)
906. **UNNUR ÓLAFSDÓTTIR** (1897-1983)
907. **UNNUR GUNNARSDÓTTIR SANDE** (1938-2020)
908. **UNNUR ÁGÚSTSDÓTTIR SCHRAM** (1915-2001)
909. **UNNUR STEFÁNSDÓTTIR** (1912-2004)
910. **ÚLFHILDUR JÓNSDÓTTIR** (1610-1694)
911. [WALTRAUD] **VALA HAFSTEINSSON**, f. BIESOLD (1937-2020)
912. [VALGERÐUR] **VALA KRISTJÁNSSON** (1939-2016)
913. **VALBJÖRG KRISTMUNDSDÓTTIR** (1910-1997)
914. **VALBORG ELÍSABET BENTSDÓTTIR** (1911-1991)
915. **VALBORG SIGURÐARDÓTTIR** (1922-2012)
916. **VALDÍS MARÍA VALDIMARSDÓTTIR** (1924-2013)
917. **VALGERÐUR LÁRUSDÓTTIR BRIEM** (1885-1924)
918. **VALGERÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR BRIEM** (1914-2002)
919. **VALGERÐUR BIRNA ÁRNADÓTTIR HAFSTAÐ / VALA ÉNARD HAFSTAÐ** (1930-2011)
920. **VALGERÐUR HELGADÓTTIR** (1901-2001)
921. **VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR** (1771-1856)
922. **VALGERÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR** (1836-1917)
923. **VALGERÐUR GUÐRÚN MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR** (1927-2009)
924. **VALGERÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR** (1871-1957)
925. **VIÐDÍS BJÖRNSDÓTTIR** (1921-2005)
926. **VIÐDÍS JÓNSDÓTTIR** (1917-2008)
927. **VIÐDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR** (1904-1981)
928. **VIÐDÍS MAGNÚSDÓTTIR** (1931-2009)
929. **VIÐDÍS PÁLSDÓTTIR** (1924-2016)
930. **VIÐDÍS VALGERÐUR TORFADÓTTIR** (1884-1969)
931. **VIKTORÍA BJARNADÓTTIR** (1888-1963)
932. **VILBORG HARÐARDÓTTIR** (1935-2002)
933. **VILBORG RUNÓLFSDÓTTIR** (1884-1965)

934. **VILBORG SIGURÐARDÓTTIR** (1929-2009)
935. **VILBORG SIGURÐARDÓTTIR** (1939-2020)
936. **VILHELMÍNA LEVER** (1802-1879)
937. **VILHELMÍNA BERGPÓRA ÞORVALDSDÓTTIR** (1930-2020)
938. **VIVAN SIGNE AURORA HOLM SVAVARSSON** (1910-2011)
939. **ÞORBJÖRG DÝRLEIF** [Dilla] **ÁRNADÓTTIR** (1898-1984)
940. **ÞORBJÖRG BJARNADÓTTIR** (1922-2006)
941. **ÞORBJÖRG MÖLLER LEIFS** (1919-2008)
942. **ÞORBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR** (1921-2006)
943. **ÞORBJÖRG GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR** (1919-2009)
944. **ÞORBJÖRG SVEINSDÓTTIR** (1827-1903)
945. **ÞORGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR** (1945-2003)
946. **ÞORGERÐUR** [Stella] **ÞORGEISDÓTTIR** (1926-2015)
947. [STEFANÍA] **ÞÓRA BORG EINARSSON** (1907-1984)
948. **ÞÓRA DAVÍÐSDÓTTIR** (1932-2021)
949. **ÞÓRA EINARSDÓTTIR** (1913-2000)
950. **ÞÓRA JÓNSDÓTTIR EINARSSON** (1876-1953)
951. **ÞÓRA** [Didda] **FRIÐRIKSDÓTTIR** (1933-2019)
952. **ÞÓRA GUNNARSDÓTTIR** (1812-1882)
953. **ÞÓRA JÓHANNA HÓLM** (1945-2012)
954. **ÞÓRA ANDREA NIKÓLÍNA JÓNSDÓTTIR** (1813-1861)
955. **ÞÓRA MATTHÍASDÓTTIR** (1879-1970)
956. **ÞÓRA CAMILLA ÓSKARSDÓTTIR** (1940-2019)
957. **ÞÓRA STEFÁNSDÓTTIR** (1933-2021)
958. **ÞÓRA PÉTURSDÓTTIR THORODDSEN** (1847-1917)
959. **ÞÓRA SIGURBORG VIGFÚSDÓTTIR** (1894-1980)
960. **ÞÓRANNA TÓMASDÓTTIR GRÖNDAL** (1945-2011)
961. **ÞÓRDÍS BERGSDÓTTIR** (1929-2021)
962. **ÞÓRDÍS ELÍN JÓNSDÓTTIR CARLQUIST** (1879-1956)
963. **ÞÓRDÍS JÓNSDÓTTIR** (1671-1741)
964. **ÞÓRDÍS TRYGGVADÓTTIR** (1927-2012)
965. **ÞÓRDÍS ÞORVALDSDÓTTIR** (1928-2020)
966. **ÞÓREY VIGDÍS ÓLAFSDÓTTIR** (1949-2017)
967. **ÞÓRHALLA GÍSLADÓTTIR** (1920-2006)
968. **ÞÓRHILDUR** [Dúa] **JÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR** (1900-1982)
969. **ÞÓRLEIF** [Þóra] **SIGURÐARDÓTTIR** (1916-2012)
970. **ÞÓRNÝ FRIÐRIKSDÓTTIR** (1908-1968)
971. **ÞÓRUNN EGGÞÓRA ANDRÉSDÓTTIR** (1925-2016)
972. **ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR** (1929-2020)

973. ÞÓRUNN ÁSTRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR (1859-1935)
974. ÞÓRUNN [Tótó] EGILSON (1926-2014)
975. ÞÓRUNN EIRÍKSDÓTTIR (1928-2003)
976. [SIGRÍÐUR] ÞÓRUNN FRANSDÓTTIR (1931-2018)
977. ÞÓRUNN GÍSLADÓTTIR (1846-1937)
978. ÞÓRUNN HAFSTEIN PÉTURSDÓTTIR JÓNASSEN (1850-1922)
979. ÞÓRUNN „Hyrna“ KETILSDÓTTIR (848)
980. ÞÓRUNN ELFA MAGNÚSDÓTTIR (1910-1995)
981. ÞÓRUNN MAGNÚSDÓTTIR (1920-2008)
982. ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR (1924-2016)
983. ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR (1812-1901)
984. [ÞÓRDÍS] ÞÓRUNN RICHARDSDÓTTIR SÍVERTSEN (1861-1958)
985. [VALGERÐUR] ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR (1914-1995)
986. ÞÓRUNN ÞÓRÐARDÓTTIR (1925-2007)
987. ÞURÍÐUR ÁRNADÓTTIR / Þura í Garði (1891-1963)
988. ÞURÍÐUR BAXTER (1945-2012)
989. ÞURÍÐUR BÁRÐARDÓTTIR (1877-1955)
990. ÞURÍÐUR BILLICH, f. JÓNSDÓTTIR (1913-2004)
991. ÞURÍÐUR EINARSDÓTTIR / Þuríður formaður (1777-1863)
992. ÞURÍÐUR FRIÐRIKSDÓTTIR (1887-1954)
993. ÞURÍÐUR DÝRFINNA GRIMALDI, f. ÞORBJÖRNSDÓTTIR (1891-1925)
994. ÞURÍÐUR GUÐFINNA GUÐNADÓTTIR (1904-1987)
995. ÞURÍÐUR [Íða] JÓHANNA KRISTJÁNSDÓTTIR (1927-2018)
996. ÞURÍÐUR Hj. KVARAN ÞORVALDSDÓTTIR (1940-1984)
997. ÞURÍÐUR PÁLSDÓTTIR (1927-2022)
998. ÞURÍÐUR SÍMONARDÓTTIR (1853-1933)
999. ÞURÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR (1896-1984)
1000. ÞYRI KAP ÁRNADÓTTIR (1948-2021)

HEIMILDIR

Helstu vefsíður (Efni safnað frá ársbyrjun 2019 til ársloka 2022):

althingi.is (Alþingi. Þingmenn).

arkiv.is (Verk og saga íslenskra myndlistarmanna. Listamannatal. Gagnagrunnur með alhliða upplýsingum um íslenska myndlist og myndlistarmenn í nútíð sem fortíð).

baejatal / arnastofnun.is (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Bæir á Íslandi og sveitarfélag sem bæirnir tilheyrðu 1970 og sem þeir tilheyra núna).

forseti.is (Forseti Íslands. Fálkaorðan, orðuhafaskrá).

gardur.is (Kirkjugarðasamband Íslands. Upplýsingar um legstaði látinna einstaklinga í kirkjugörðum á Íslandi).

gegnir.is (Sjá leitir.is).

glatkistan.is (Helgi Jónsson. Vefsíða um íslenska tónlist, hugsuð sem safn upplýsinga um flytjendur tónlistar, óháð útbreiðslu og útgáfu. Saga einstakra tónlistarmanna, hljómsveita, kóra og annars sem við kemur íslenskri tónlist).

heimaslod.is (Vefsíða um náttúru, menningu, sögu og sérvefi er varða Vestmannaeyjar).

islendingabok.is (Upplýsingar um nær alla Íslendinga sem heimildir eru til um. Grundvallarheimildir Íslendingabókar eru kirkjubækur, sóknarmanntöl og manntöl).

ismus.is (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Tónlistarsafn Íslands og Landsbókasafn – Háskólabókasafn. Íslenskur músík- og menningararfur. Gagnagrunnur um íslenska menningu fyrr og nú: hljóðrit, þjóðsögur, ljósmyndir, kvikmyndir, handrit og textar).

kvennasogusafn.is (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Kvennasögusafn er innan safnsins. Þar er skráð, varðveitt og safnað heimildum um sögu kvenna ásamt því að miðla þeirri þekkingu og hvetja til rannsókna).

kvikmyndavefurinn.is (Kvikmyndamiðstöð Íslands. Gagnagrunnur með upplýsingum um íslenskar kvikmyndir og íslenska kvikmyndagerðarmenn; grunnupplýsingar um myndirnar og auk þess stillur, stiklur og veggspjöld).

leikminjasafn.is (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Leikminjasafn Íslands er innan safnsins. Sviðslistasaga Íslands, leiksýningar, listamenn, leikminjar o.fl.).

leitir.is (Leitargátt sem heldur utan um efni í íslenskum bóka-, lista-, minja- og ljósmyndasöfnum. Þar er unnt að finna bækur, tímarit, tímaritsgreinar, tónlist, myndefni, muni, listaverk, ljósmyndir og fleira).

manntal.is (Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl).

mbl.is (Árvakur. Dagblað og vefur).

skáld.is (Ritstjórn: Jóna Guðbjörg Torfadóttir, Magnea Þuríður Ingvarsdóttir, Soffía Auður Birgisdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir. Vefur tileinkaður konum og skáldskap þeirra. Viðburðir, fréttir, greinaskrif og fagurfræðilegir textar auk gagnabanka um íslenskar skáldkonur).

tímarit.is (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Blöð og tímarit frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi).

Helstu bækur:

Inga Lára Baldvinsdóttir. (2001). *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*. Þjóðminjasafn Íslands.

Jón Guðnason (tók saman). (1976). *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1965*. 6. bindi.

Páll Eggert Ólafsson (tínt hefur saman). (1948-1952). *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. 1.-5. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag.

Ýmis stéttatöl.